Stjórnartíðindi
1987 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 — 1987

10. júlí 1987 601 Nr. 315

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1987 frá 30. mars 1987 um innheimtu fóðurgjalda.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr töluliður er orðist svo:

3. Sérstakt grunngjald, sem skal vera fjórar krónur á hvert kg hinnar gjaldskyldu vöru.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum, sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar og falla undir 2. gr. reglugerðarinnar, skal innheimta gjöld skv. 3. tl. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. júlí 1987.

Jón Helgason.

Jóhann Guðmundsson.

Stjórnartíðindi B 32, nr. 315. Útgáfudagur 10. júlí 1987.

B 40

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1987

Nr. 316 602 14. júlí 1987

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski, sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi þessu. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Vegna útflutnings frá og með 15. júlí til og með 30. september 1987 skal gjaldið vera sem hér segir:

	Aurar af hverju kílógrammi
Þorskur	90
Ýsa	25
Ufsi	25
Grálúða	25
Steinbítur	25
Karfi	25

Miðað er við slægðan fisk með haus. Hvað karfa varðar er þó miðað við óslægðan fisk.

2. gr.

Upplýsingar útflytjenda um magn einstakra fisktegunda og heildarmagn skulu tilgreindar í útflutningsleyfi.

Jafnframt skal fram koma í útflutningsleyfi í hvaða banka gjaldeyrisskil fari fram vegna útflutnings.

3. gr.

Viðskiptaráðuneytið sendir hlutaðeigandi viðskiptabanka útflytjenda sbr. 2. mgr. 2. gr. afrit af útflutningsleyfi og innheimtir bankinn gjald á grundvelli upplýsinga samkv. 1. mgr. 2. gr. af fyrstu gjaldeyrisskilum sem bankanum berast vegna útflutningsins.

Lokaskil fara fram þegar bankanum berast endanlegar magntölur vegna útflutningsins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 66, 10. júlí 1987, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1987.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1987.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 600 hreindýr í Norður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1987. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

1.	Fjallahreppur	4 hreindýr
2.	Skeggjastaðahreppur	4 —
3.	Vopnafjarðarhreppur	12 —
4.	Fljótsdalshreppur	45 —
5.	Jökuldalshreppur	45 —
6.	Fellahreppur	20 —
7.	Tunguhreppur	20 —
8.	Hlíðarhreppur	8 —
9.	Hjaltastaðahreppur	30 —
10.	Borgarfjarðarhreppur	54 —
11.	Seyðisfjarðarhreppur	4 —
12.	Seyðisfjörður	4 —
13.	Skriðdalshreppur	32 —
14.	Vallahreppur	32 —
15.	Egilsstaðabær	15 —
16.	Eiðahreppur	20 —
17.	Mjóafjarðarhreppur	12 —
18.	Norðfjarðarhreppur	52 —
19.	Helgustaðahreppur	52 —
20.	Eskifjörður	15 —
21.	Reyðarfjarðarhreppur	18 —
22.	Búðahreppur	3 —
23.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	3 —
24.	Stöðvarhreppur	3 —
25.	Breiðdalshreppur	14 —
26.	Beruneshreppur	14 —
27.	Búlandshreppur	8 —
28.	Geithellnahreppur	16 —
29.	Bæjarhreppur	8 —
30.	Nesjahreppur	8 —
31.	Hafnarhreppur	3 —
32.	Mýrahreppur	22 —
	Samtals	600 hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. þ. h. og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Valdi hreindýr spjöllum eða geri átroðning á eyðijörðum, er heimilt að taka nokkurt tillit til þess við skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða, sem nefndir eru í 2. gr., nema samkomulag verði um það að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra hafa ekki heimild til að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, varða sektum eða varðhaldi, sbr. lög nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 304/1986 um hreindýraveiðar árið 1986.

Menntamálaráðuneytið, 13. júlí 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

14. júlí 1987 Nr. 318

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 310/1987, um breyting á reglugerð nr. 486/1982, um söluskatt.

1. gr.

Síðasti málsliður í ákvæði til bráðabirgða I falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. júlí 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1987

Nr. 319 606 2. júlí 1987

ALÞINGISMENN

kosnir í apríl 1987.

Samkvæmt tilkynningu landskjörstjórnar voru eftirtalin kjörin alþingismenn (aðalmenn og varamenn) við alþingiskosningar 25. apríl 1987.

Skammstafanir: A=Alþýðuflokkur, B=Framsóknarflokkur, D=Sjálfstæðisflokkur, G=Alþýðubandalag, J=Samtök um jafnrétti og félagshyggju, S=Borgaraflokkur, V=Samtök um kvennalista, Þ=Þjóðarflokkur.

A. Þingmenn kjördæma.

Reykjavíkurkjördæmi:

1. Friðrik Sophusson (D)
2. Birgir Ísl. Gunnarsson (D)
3. Ragnhildur Helgadóttir (D)
4. Jón Sigurðsson (A)
5. Albert Guðmundsson (S)
6. Guðrún Agnarsdóttir (V)
7. Svavar Gestsson (G)
8. Eyjólfur Konráð Jónsson (D)
9. Jóhanna Sigurðardóttir (A)
10. Guðmundur G. Þórarinsson (B)
11. Guðmundur Ágústsson (S)
12. Kristín Einarsdóttir (V)
13. Guðrún Helgadóttir (G)
14. Guðmundur H. Garðarsson (D)
15. Jón Baldvin Hannibalsson (A)
16. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (S)
17. Geir H. Haarde (D)
18. Þórhildur Þorleifsdóttir (V)

Reykjaneskjördæmi:

1. Matthías Á. Mathiesen (D)
2. Ólafur G. Einarsson (D)
3. Steingrímur Hermannsson (B)
4. Kjartan Jóhannsson (A)
5. Geir Gunnarsson (G)
6. Salome Þorkelsdóttir (D)
7. Júlíus Sólnes (S)
8. Jóhann Einvarðsson (B)
9. Karl Steinar Guðnason (A)
10. Kristín Halldórsdóttir (V)
11. Hreggviður Jónsson (S)

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Vesturlandskjördæmi:
1. Alexander Stefánsson (B)
2. Friðjón Þórðarson (D)
3. Eiður Guðnason (A)
4. Skúli Alexandersson (G)
5. Ingi Björn Albertsson (S)
6. Danfríður K. Skarphéðinsdóttir (V)

Vestfjarðakjördæmi:
1. Matthías Bjarnason (D)
2. Ólafur Þ. Þórðarson (B)
3. Karvel Pálmason (A)
4. Þorvaldur Garðar Kristjánsson (D)
5. Sighvatur Björgvinsson (A)

Norðurlandskjördæmi vestra:
1. Páll Pétursson (B)
2. Pálmi Jónsson (D)
3. Stefán Guðmundsson (B)
4. Ragnar Arnalds (G)
5. Jón Sæmundur Sigurjónsson (A)

Norðurlandskjördæmi eystra:
1. Guðmundur Bjarnason (B)
2. Halldór Blöndal (D)
3. Árni Gunnarsson (A)
4. Steingrímur J. Sigfússon (G)
5. Valgerður Sverrisdóttir (B)
6. Stefán Valgeirsson (J)
7. Málmfríður Sigurðardóttir (V)

Austurlandskjördæmi:
1. Halldór Ásgrímsson (B)
2. Hjörleifur Guttormsson (G)
3. Jón Kristjánsson (B)
4. Sverrir Hermannsson (D)
5. Egill Jónsson (D)

Suðurlandskjördæmi:
1. Þorsteinn Pálsson (D)
2. Jón Helgason (B)
3. Eggert Haukdal (D)
4. Margrét Frímannsdóttir (G)
5. Guðni Ágústsson (B)
6. Óli Þ. Guðbjartsson (S)

B. Varaþingmenn.

Varamenn þingmanna Reykjavíkurkjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag:
Ásmundur Stefánsson
Álfheiður Ingadóttir

Fyrir Alþýðuflokk:
Lára V. Júlíusdóttir
Jón Bragi Bjarnason
Björgvin Guðmundsson

Fyrir Borgaraflokk:	Benedikt Bogason Ásgeir Hannes Eiríksson Guttormur Einarsson
Fyrir Framsóknarflokk:	Finnur Ingólfsson
Fyrir Samtök um kvennalista:	Guðrún Halldórsdóttir Sigríður Lillý Baldursdóttir María Jóhanna Lárusdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Sólveig Pétursdóttir Jón Magnússon María E. Ingvadóttir Sigurbjörn Magnússon Sigurlaug Sveinbjarnardóttir Sigríður Arnbjarnardóttir

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag:	Ólafur R. Grímsson
Fyrir Alþýðuflokk:	Rannveig Guðmundsdóttir Guðmundur Oddsson
Fyrir Borgaraflokk:	Kolbrún Jónsdóttir Ragnheiður Ólafsdóttir
Fyrir Framsóknarflokk:	Níels Árni Lund Elín Jóhannsdóttir
Fyrir Samtök um kvennalista:	Anna Ólafsdóttir Björnsson
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Ellert Eiríksson Gunnar G. Schram Víglundur Þorsteinsson

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag:	Gunnlaugur Haraldsson
Fyrir Alþýðuflokk:	Sveinn Gunnar Hálfdánarson
Fyrir Borgaraflokk:	Óskar Ólafsson
Fyrir Framsóknarflokk:	Davíð Aðalsteinsson
Fyrir Samtök um kvennalista:	Ingibjörg Daníelsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Valdimar Indriðason

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis:

Fyrir Alþýðuflokk:	Björn Gíslason Unnur Hauksdóttir
Fyrir Framsóknarflokk:	Pétur Bjarnason
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Einar Kr. Guðfinnsson Ólafur Kristjánsson

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra:

Fyrir Alþýðubandalag:	Þórður Skúlason
Fyrir Alþýðuflokk:	Birgir Dýrfjörð
Fyrir Framsóknarflokk:	Elín R. Líndal Sverrir Sveinsson
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Vilhjálmur Egilsson

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra:

Fyrir Alþýðubandalag:	Svanfríður Jónasdóttir
Fyrir Alþýðuflokk:	Sigurbjörn Gunnarsson
Fyrir Framsóknarflokk:	Jóhannes Geir Sigurgeirsson Þóra Hjaltadóttir
Fyrir Samtök um jafnrétti og félagshyggju:	Pétur Þórarinsson
Fyrir Samtök um kvennalista:	Jóhanna Þorsteinsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Björn Dagbjartsson

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag:	Unnur Sólrún Bragadóttir
Fyrir Framsóknarflokk:	Jónas Hallgrímsson Guðrún Tryggvadóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Kristinn Pétursson Hrafnkell A. Jónsson

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag:	Ragnar Óskarsson
Fyrir Borgaraflokk:	Ólafur Gränz
Fyrir Framsóknarflokk:	Unnur Stefánsdóttir Guðmundur Búason
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Árni Johnsen Arndís Jónsdóttir

Þetta birtist hér með samkvæmt 116. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 2 5. mars 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júlí 1987.

Nr. 320 3. júlí 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhreppi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a.	Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr.	104,00
b.	Vatnsgjald á mánuði	kr.	866,30

fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Eldri hús:

	Kr.
Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka	25 779,00
Rúmmetragjald 0—300 m^3 án gjalds	
gjald umfram 300 m^3—1000 m^3	44,35 pr/m^3
gjald umfram 1000 m^3	29,60 pr/m^3

Ný hús (nýbyggingar):

Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka	58 752,80
Rúmmetragjald 0—300 m^3 án gjalds	
gjald umfram 300 m^3—1000 m^3	44,35 pr/m^3
gjald umfram 1000 m^3	29,60 pr/m^3

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er ..... kr. 560,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 190, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 3. júlí 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 321 2. júlí 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr. að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

a. Samkvæmt magnhemli ..... kr. 1 313,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli ..... kr. 65,95
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þáttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 44\,572 + 48{,}70 \times V$$

Hér táknar heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 67\,039 + 72{,}60 \times V.$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

8. gr.

Af húsnæði, sem þegar hefur verið tekið í notkun og nýbyggingum sem samþykktar hafa verið fyrir 1. október 1979 gjaldfellur 50% heimæðargjalds, þegar lagning dreifiæðar og götuæðar er hafin. Eftirstöðvar gjaldsins, gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg.

Fyrir íbúðarhús, með þilofnahitun er heimilt að fella niður seinni hluta gjaldsins ef hitunarkerfi hússins er tengt innan 2 ára frá lagningu dreifiæða. Að þeim tíma liðnum gjaldfellur síðari hluti gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir samsvarandi húsnæði.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði sem er samþykkt eftir 1. október 1979, gjaldfellur heimæðargjald þegar byggingaleyfi er veitt.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni, eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 12, 7. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 322 26. júní 1987

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi í byggingarnefnd er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lagt á bundið slitlag og/eða gangstétt skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

4. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1,4%
Fjölbýlishús	1,4%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	0,9%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald. Gjald skal miðað við brúttórúmmál húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti. Rúmmál skal reikna samkvæmt ÍST 50. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m^3

Fyrir önnur hús skal áætla nýtingarhlutfall lóðar 0,3-0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, þ.e. ef samþykkt deiliskipulag kveður ekki á um nýtingarhlutfallið. Meðalhæð skal reikna 3,5 m. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

5. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það, sem segir í 4. gr., til að leggja bundið slitlag og gangstétt, skal miðað við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,25%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	2,20%
Fjölbýlishús	2,00%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,25%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,30%

6. gr.

Gjöld samkvæmt 4. og 5. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

7. gr.

Ef lóðarhafi hefur ekki innt af hendi greiðslu A-gjalds innan 3ja mánaða frá því að bæjarstjórn samþykkir úthlutunina eða hafið framkvæmdir innan 1 árs frá úthlutun getur bæjarráð auglýst lóðina aftur lausa til umsóknar án undangenginnar viðvörunar.

8. gr.

Gatnagerðargjald, samkvæmt 5. gr. miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig:

(i) staðgreiðsla gegn 10% staðgreiðsluafslætti.

(ii) 20% greiðist þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið.
Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Lánskjör skulu vera þau sömu og gilda hjá Landsbanka Íslands hverju sinni. (Vextir og verðbótaþáttur).

Lokagreiðsla skal þó ekki innheimt fyrr en gengið hefur verið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldenda.

10. gr.

Heimilt er bæjarráði í einstökum tilvikum að fresta um tiltekinn tíma álagningu gatnagerðargjalda skv. 4. og 5. grein.

11. gr.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:

50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mánuði.

Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram. Af endurgreiddu gatnagerðargjaldi greiðast sparisjóðsvextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

12. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885. Bæjarráð fer með ágreiningsmál er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gatnagerðargjöld í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 426 frá 30. júní 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Akureyri o.fl.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Akureyri, þ.á.m. söluturna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkast hafa í hverri grein.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t.d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o.s.frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu og bensínafgreiðslur, að því er snertir sölu á bensíni og öðrum vörum til bifreiða. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, úr blaðsöluvögnum eða blaðsöluturnum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 18.00.

Á fimmtudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00 eða næsta virkan dag á undan, sé fimmtudagur helgidagur.

Á föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 19.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 18.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

Bæjarstjórn getur heimilað matvöruverslunum, söluturnum og sambærilegum sölustöðum að selja um söluop utan almenns afgreiðslutíma, sbr. 2. gr. til kl. 23.30 alla daga aðra en þá, er um ræðir í A-lið 5. gr. sbr. C-lið sömu greinar.

4. gr.

Bæjarstjórn getur heimilað rýmri afgreiðslutíma einstakra verslana, en segir í 2. - 3. gr. m.a. þegar um er að ræða minjagripaverslanir, sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum, sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að rýmri afgreiðslutími sé.

5. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

B. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3. - 4. gr.
C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00, nema þeim er ákvæði 3. gr. taka til sem skal heimilt að hafa opið til kl. 16.00.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum, skal heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verslun eða sölustað þegar lokað er. Ennfremur er heimilt að afgreiða vörur til skipa hvenær sem er sólarhrings.

8. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 3. og 4. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins. Gjalddagi þess er fyrirfram 15. janúar ár hvert.

Bæjarstjórn getur veitt aðila undanþágu frá greiðslu gjalds samkvæmt 1. mgr. ef hann í sambandi við verslun sína, veitir jafnframt opinbera þjónustu, t.d. rekur biðskýli fyrir strætisvagna o.þ.h.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarstjórn svipta leyfishafa leyfi enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Gildistími samþykktar þessarar skal vera frá birtingu hennar til 31. desember 1987. Að þeim tíma liðnum fellur hún sjálfkrafa úr gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslsutíma verslana á Akureyri o.fl. nr. 307/1975 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1987.

Alexander Stefánsson. *Þórhildur Líndal.*

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Presthólahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Presthólahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Presthólahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Presthólahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI.

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI.

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skulu rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust.

Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda,

nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 19. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI.

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundir hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsins.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI.

Nefndir hreppsins.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs**. Á fundi í júní ár hvert:
   1. **Skoðunarmenn**. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
   2. **Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.** Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára**. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:
   1. **Áfengisvarnarnefnd**. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
   2. **Barnaverndarnefnd**. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

3. **Byggingarnefnd**. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. (Einn fulltrúi í svæðisbyggingarnefnd og annar til vara.)
4. **Hafnarstjórn**. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. **Heilbrigðisnefnd**. Einn fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. **Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar**. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1966.
7. **Skólanefnd grunnskóla**. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
8. **Skólanefnd tónlistarskóla Norður-Þingeyinga**. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
9. **Stjórn heilsugæslustöðvar**. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
10. **Stjórn verkamannabústaða**. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
11. **Stjórnarnefnd vinnumiðlunar**. Einn aðalmaður og annar til vara, skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
12. **Einn forðagæslumaður** og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
13. **Einn úttektarmaður** og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

IV. KAFLI.

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1987.

Alexander Stefánsson.

Þórhildur Líndal.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hvammstanga.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfestri 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mestu álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld	kr.	385,00
á mánuði fyrir hvern aðalhemil og	kr.	580,00
á mánuði fyrir hvern mæli.		
b. Vatnsgjald	kr.	770,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils og fyrir hvert tonn um mæli	kr.	35,50

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina, sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A. Fyrir 300—2000 m^3:		
Af fyrstu 300 m^3 að utanmáli	kr.	58 620,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr.	45,00
B. Fyrir hús 2000 m^3 og stærri:		
Af fyrstu 2000 m^3 að utanmáli	kr.	151 473,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir	kr.	43,00
C. Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntak	kr.	13 332,00

8. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, í hvert skipti ..... kr. 856,00

9. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 314 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

10. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

11. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 101, 3. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júlí 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu frá 1. janúar til 31. mars 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu frá 1. janúar til 31. mars 1987:

		US $ pr. lest fob.
Fullstaðinn þorskur:		
Stórfiskur	10/30 I	3 188,00
Stórfiskur	II	2 987,00
Stórfiskur	III	2 650,00
Stórfiskur	IV	2 354,00
Millifiskur	30/40 I	2 947,00
Millifiskur	II	2 627,00
Millifiskur	III	2 260,00
Millifiskur	IV	1 924,00
Smáfiskur	40/60 I	2 715,00
Smáfiskur	II	2 498,00
Smáfiskur	III	2 268,00
Smáfiskur	IV	1 899,00
Smáfiskur	60/80 I	2 588,00
Smáfiskur	II	2 428,00
Smáfiskur	III	2 232,00
Smáfiskur	IV	1 773,00
Smáfiskur	80/100 I	2 445,00
Smáfiskur	II	2 288,00
Smáfiskur	III	2 122,00
Smáfiskur	IV	1 452,00
Tandurverkaður þorskur:		
Stórfiskur	10/30 I	3 144,00
Stórfiskur	II	2 842,00
Stórfiskur	III	2 591,00
Millifiskur	30/40 I	2 851,00
Millifiskur	II	2 508,00
Millifiskur	III	2 242,00
Smáfiskur	40/60 I	2 703,00
Smáfiskur	II	2 412,00
Smáfiskur	III	2 182,00
Smáfiskur	60/80 I	2 494,00
Smáfiskur	II	2 250,00
Smáfiskur	III	2 020,00
Smáfiskur	80/100 I	2 033,00
Smáfiskur	II	1 798,00
Smáfiskur	III	1 611,00

Verðbil verður 5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1987:

Þorskur:	SDR cent pr. lb. cif.
4 × 14 m/r 5—8 oz.	105,43
4 × 14 m/r 8—12 oz.	107,36
4 × 14 m/r 12—16 oz.	108,94
4 × 14 m/r 1—3 lbs.	110,73
1 × 35 lausfrystur	92,05
4 × 14 r/l 8—12 oz.	121,38
4 × 14 r/l 12—16 oz.	122,38
4 × 14 r/l 1—3 lbs.	123,84
1 × 45 formflök	135,04
10 × 5 og 4 × 12	142,39
5 × 8 og 6 × 8 hnakkastykki	176,01
5 × 10 og 6 × 10	168,59
4 × 15 og 3 × 20	168,59
Blokk regluleg	128,37
Blokk með þunnildum	93,66
Blokk óregluleg	112,54
Þunnildablokk Evrópa	71,60
Marningsblokk	54,18
10 × 5 (SÍS)	142,39
4 × 13	168,59
1 × 50 lausfryst Evrópa	106,53
1 × 25 lausfryst U.S.A.	157,47
5 × 12 vafningur	137,54
Marningsblokk	38,19
4 × 6 kg 100—800 g	120,54
Ýsa:	
4 × 14 m/r 4—8 oz.	110,80
4 × 14 m/r 8—12 oz.	112,51
4 × 14 m/r 12—16 oz.	114,21
4 × 14 m/r 1—3 lbs.	115,92
1 × 35 m/r lausfryst	106,54
1 × 45 formflök	131,71
4 × 14 r/l	122,74
10 × 5	168,59
3 × 18, 4 × 13, 4 × 12	161,17
Blokk regluleg	125,04
Blokk óregluleg	112,54
Þunnilda blokk Evrópa	44,16
Marningsblokk	54,18
Marningsblokk (Þ)	26,25
1 × 50 lausfryst Evrópa	104,73
Steinbítur:	
8 × 7 r/l	66,74
10 × 5	170,22
Blokk regluleg	98,20
Marningsblokk	20,84
1 × 2 kg og 4 × 6 kg	117,26

	SDR cent pr. lb. cif.
Karfi:	
8 × 7 m/r	66,74
10 × 5 m/r	111,46
10 × 5 r/l	121,85
10 × 5 Sea Star	107,01
5 × 8 m/r & b/l	116,65
1 × 35 m/r <150 gr	102,38
1 × 20 lausfryst	105,28
4 × 6 kg r/l lagpakk	102,38
1 × 45 formflök	95,86
12 × 1 m/r	99,82
Blokk 4 × 16 ½ m/beingarði	86,24
Blokk regluleg	95,86
Marningsblokk	29,18
4 × 10 m/r (SÍS)	111,46
2,3 × 7 kg 200—300 g Japan	50,89
2,3 × 7 kg 300—500 g Japan	53,56
2,3 × 7 kg 500—700 g Japan	62,39
2,3 × 7 kg >700, 800 g Japan	66,96
Ufsi:	
8 × 7 r/l	47,83
10 × 5	92,17
4 ×12 og 4 × 13	90,45
2 × 15 kg	66,90
4 × 14	40,60
Blokk regluleg	78,36
Blokk m/b, þunnildi	52,65
Marningsblokk	29,18
Langa:	
8 × 7 r/l	66,74
10 × 5	120,36
Blokk regluleg	54,18
Marningsblokk	16,67
Keila:	
8 × 7 r/l	66,74
Blokk regluleg	37,51
Grálúða:	
Heilfr. h/l yfir 3 kg	82,35
Heilfr. h/l yfir 2 kg	82,35
Heilfr. h/l 1—2 kg	82,35
4 × 12 lagp.	125,71
4 × 10, 6 × 10 og 4 × 14	129,42
4 × 6	120,67
Blokk U.S.S.R.	66,74
Blokk U.S.A.	95,03
1 × 35	116,99
1 × 26 >3 kg Japan	74,47
1 × 26 2—3 kg Japan	72,90
1 × 26 1—2 kg Japan	82,35
1 × 25 lausfryst	133,13
1 × 20 kg lausfryst	120,13
Lýsa:	
Blokk regluleg	70,86
Heilfrystur fiskur:	
Heilfryst 3 × 8 kg U.S.S.R.	30,06

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

Nr. 328 7. júlí 1987

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir ufsaflök og þorskflök á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir ufsaflök og þorskflök á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1987:

Söltuð ufsaflök:	DEM pr. lest cif.					
	ABFF	ABK	ABKK	CFF	CK	CKK
1650/up	4 900,00	4 530,00	3 860,00	3 680,00	3 390,00	2 900,00
1250/1650	4 580,00	4 230,00	3 540,00	3 430,00	3 170,00	2 650,00
1000/1250	4 200,00	3 880,00	3 240,00	3 150,00	2 910,00	2 430,00
800/1000	3 800,00	3 500,00	2 850,00	2 850,00	2 630,00	2 140,00
600/800	3 060,00	2 820,00	2 290,00	2 290,00	2 120,00	1 720,00

Söltuð þorskflök:	US $ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 976,00
Flokkur A 400/700	3 821,00
Flokkur A 200/400	3 667,00
Flokkur A 100/200	3 098,00
Flokkur B 700/up	3 541,00
Flokkur B 400/700	3 717,00
Flokkur B 200/400	3 366,00
Flokkur B 100/200	2 735,00

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju í skel á framleiðslutímabilinu frá 1. maí 1987 og þar til annað verður ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju í skel á framleiðslutímabilinu frá 1. maí 1987 og þar til annað verður ákveðið:

Fryst rækja í skel	SDR pr. kg fob
Fleiri en 150 stk. í kg ófl. rækja og iðnaðarrækja	1,63

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

7. júlí 1987 Nr. 330

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju í skel á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1987 og þar til annað verður ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju í skel á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1987 og þar til annað verður ákveðið:

Fryst rækja í skel	SDR pr. kg fob
Fleiri en 150 stk. í kg ófl. rækja og iðnaðarrækja	1,60

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí 1987:

		US $ pr. lest fob.
Fullstaðinn þorskur:		
Stórfiskur	10/30 I	3 280,00
Stórfiskur	II	3 077,00
Stórfiskur	III	2 715,00
Stórfiskur	IV	2 407,00
Millifiskur	30/40 I	3 079,00
Millifiskur	II	2 721,00
Millifiskur	III	2 315,00
Millifiskur	IV	1 963,00
Smáfiskur	40/60 I	2 726,00
Smáfiskur	II	2 390,00
Smáfiskur	III	2 105,00
Smáfiskur	IV	1 777,00
Smáfiskur	60/80 I	2 491,00
Smáfiskur	II	2 263,00
Smáfiskur	III	2 030,00
Smáfiskur	IV	1 636,00
Smáfiskur	80/100 I	2 155,00
Smáfiskur	II	1 911,00
Smáfiskur	III	1 716,00
Smáfiskur	IV	1 336,00
Tandurverkaður þorskur:		
Stórfiskur	10/30 I	3 159,00
Millifiskur	30/40 I	2 929,00
Smáfiskur	80/100 I	2 043,00
Smáfiskur	40/60 I	2 699,00
Smáfiskur	60/80 I	2 481,00
Millistaðinn þorskur:		
Stórfiskur	10/30 I	3 888,00
Stórfiskur	II	3 632,00
Millifiskur	30/40 I	3 290,00
Millifiskur	II	3 033,00
Smáfiskur	40/60 I	2 915,00
Smáfiskur	II	2 712,00
Smáfiskur	III	2 468,00
Smáfiskur	60/80 I	2 712,00
Smáfiskur	II	2 509,00
Smáfiskur	III	2 306,00
Smáfiskur	80/100 I	2 509,00
Smáfiskur	II	2 306,00
Smáfiskur	III	2 062,00

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

7. júlí 1987 Nr. 332

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan hörpudisk sem framleiddur er eftir 1. janúar 1987 og þar til annað verður ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk sem framleiddur er eftir 1. janúar 1987 og þar til annað verður ákveðið.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	3,09
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,86
Hálfhreinsaður	1,41
Rauður og brotinn	1,73

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Eyrarbakkahrepps.

I. KAFLI.

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Eyrarbakkahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI.

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI.

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan laugardag hvers mánaðar.

Reglulegir fundir hreppsnefndar skulu að jafnaði haldnir í Blátúni og hefjast kl. 9 árdegis. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar. Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og stjórna svo og ráðningar starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn á hreppsnefndarfund bréflega í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund og skal dagskrá fylgja fundarboði.

17. gr.

Aukafund í hreppsnefnd skal oddviti boða bréflega eða símleiðis með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hafa verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá

varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmaður, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd, koma leiðréttingu á framfæri, bera af sér ámæli eða gera athugasemd við fundarsköp. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um tiltekið mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

Óski hreppsnefndarmaður eftir örstuttu fundarhléi skal oddviti verða við því.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða stjórnar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 2. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað hana með fyrirvara um það atriði.

IV. KAFLI.

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar.

Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsins.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI.

Nefndir og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum hennar. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
   1. **Skoðunarmenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
   2. **Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.** Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.

B. **Til tveggja ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:
   1. **Stjórn Hitaveitu Eyra.** Tveir aðalmenn og einn til vara skv. samþykktum Hitaveitu Eyra nr. 559 1. október 1981.
   2. **Endurskoðandi ársreikninga Hitaveitu Eyra.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum Hitaveitu Eyra nr. 559 1. október 1981.

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. **Áfengisvarnarnefnd.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. **Barnaverndarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. **Byggingarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. **Félagsmálanefnd öryrkja og eldri borgara.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið nefndarinnar er að hafa umsjón með heimilishjálp fyrir öryrkja og eldri borgara skv. samþykkt um heimilishjálp í Eyrarbakkahreppi nr. 431/1975 og félagsstarfi öryrkja og eldri borgara í hreppnum.
5. **Hafnarstjórn.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
6. **Heilbrigðisnefnd Selfosssvæðis.** Einn fulltrúi í nefndina og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. **Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. **Skólanefnd Barnaskólans á Eyrarbakka.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
9. **Stjórn verkamannabústaða (tilnefning).** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
10. **Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
11. **Einn forðagæslumaður** og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
12. **Byggðasafnsnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið nefndarinnar er að hafa umsjón með og stjórna Sjóminjasafninu á Eyrarbakka skv. skipulagsskrá safnsins.
13. **Skipulags- og landnýtingarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið nefndarinnar er að fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um skipulags- og landnýtingarmál.
14. **Stjórn veitustofnana.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verksvið stjórnarinnar er að fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um málefni Vatnsveitu Eyrarbakka og Rafveitu Eyrarbakka.
15. **Stjórn bókasafns UMFE.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 138/1978.
16. **Umhverfisnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Meðal verkefna nefndarinnar er að fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar í umhverfis- og fegrunarmálum í hreppnum.
17. **Æskulýðsnefnd.** Þrír aðalmenn og þrír til vara. Verksvið nefndarinnar er að fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um æskulýðs- og íþróttamál.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI.

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

Oddviti er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1987.

Alexander Stefánsson.

Þórhildur Líndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1987

15. júlí 1987 649 Nr. 334

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

1. gr.

Frá og með 18. júlí eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°46'99 N — 12°43'66 V
2. 64°45'11 N — 12°15'03 V
3. 64°22'75 N — 12°39'25 V
4. 64°21'05 N — 12°49'30 V
5. 64°16'51 N — 13°14'17 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 18. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 191 6. maí 1987 um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni og reglugerð nr. 199 18. maí 1987 um bann við togveiðum út af Hvalbak.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1987.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

B 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um nefnd um kjararannsóknir opinberra starfsmanna.

1. gr.

Nefnd um kjararannsóknir opinberra starfsmanna starfar í þeim tilgangi að safna saman og miðla upplýsingum um kjör starfsmanna hjá opinberum aðilum, kjör annarra launþega og þróun launa og kjaramála almennt til þeirra sem að nefndinni standa, sbr. 4. gr.

2. gr.

Nefndin aflar upplýsinga um kjör, sbr. 1. gr. sem hér segir:

1. Með söfnun, skipulagningu og skráningu upplýsinga um laun og önnur kjaraatriði opinberra starfsmanna, sem aðilar að nefndinni leggja henni til.
2. Með öflun og skipulegri skráningu upplýsinga frá öðrum aðilum, sem stunda reglubundnar kjararannsóknir.
3. Með gerð sérstakra athugana, sem aðilar að nefndinni ákveða hverju sinni.

3. gr.

Nefndin miðlar upplýsingum til þeirra opinberu vinnuveitenda, sem láta nefndinni í té upplýsingar og stéttarfélaga starfsmanna þeirra með reglulegum skýrslum og sérstökum skýrslum eftir því sem við á.

Allar upplýsingar, sem safnað er eða unnar eru á vegum nefndarinnar, aðrar en þær sem nefndin birtir, sbr. fyrri málsgrein, eru trúnaðarmál og er einstökum aðilum að nefndinni óheimilt að notfæra sér þær eða birta án samþykkis allra nefndarmanna.

4. gr.

Nefndin er skipuð 10 fulltrúum. Tveir fulltrúar vinnuveitenda eru tilnefndir af fjármálaráðherra, einn af launanefnd sveitarfélaga, einn af Reykjavíkurborg og einn úr hópi forsvarsmanna sjálfseignarstofnana samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Þrír fulltrúar launþega skulu tilnefndir af BSRB, einn af BHMR og einn af KÍ.

Nefndin skiptir með sér verkum og ákveður sér framkvæmdastjórn.

5. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, m.a. um starfssvið og starfshætti, og ákveður nánar með hvaða hætti hún hagar störfum að verkefnum skv. 1.-3. grein. Nefndin skal kosta kapps um að skapa einhug um lausn þeirra verkefna sem henni eru falin. Ákvarðanir um verkefni og birtingu á niðurstöðum verða ekki teknar með afli atkvæða.

6. gr.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum. Nefndin ræður sér sjálf starfsmenn.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 94 31. desember 1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um Útflutningslánasjóð, RTÁ.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Útflutningslánasjóður, RTÁ (ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnendur sjóðsins eru Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Aðrir viðskiptabankar geta orðið aðilar að sjóðnum og fer þá um framlagsfé þeirra, ábyrgð og aðild að stjórn sjóðsins eftir því sem um semst milli þeirra og sjóðsstjórnar í samræmi við lög sjóðsins og reglugerð þessa.

2. gr.

Hlutverk Útflutningslánasjóðs er:

a) að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarrar fjárfestingarvöru, sem framleidd er innanlands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána í Iðnlánasjóði eða með annarri fullgildri ábyrgð.

b) að veita samkeppnislán, það er að segja lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita útflutningslán eða samkeppnislán fleiri iðngreinum en þeim, sem a- og b-liður ná til, ef hún metur það nauðsynlegt til að tryggja þeim sambærilega aðstöðu við erlenda samkeppnisaðila.

3. gr.

Auk stofnfjár og framlagsfjár er sjóðsstjórninni heimilt að afla fjár til starfsemi sjóðsins með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er heimilt að taka lán erlendis í samræmi við þær reglur, sem um slíkar lántökur gilda á hverjum tíma. Sjóðsstjórnin skal afla sér heimildar til lántöku hjá stofnaðilum.

4. gr.

Stofnendur sjóðsins og þeir, er síðar verða aðilar hans, ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu. Þó bera stofnendur sjóðsins ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins, sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1986, uns þeim er lokið.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara, og skipa Seðlabankinn, Landsbankinn og Iðnlánsjóður einn fulltrúa hver. Önnur skipan stjórnar sjóðsins er þó heimil, samkvæmt ákvörðun sjóðsaðila, sbr. 3. málsgr. 1. gr. Skipa skal varamenn á sama hátt. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn. Aðilar að sjóðnum ákveði laun stjórnarmanna.

6. gr.

Stjórn sjóðsins kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Formaður sjóðsstjórnar kallar saman fundi og stýrir þeim. Engar bindandi ákvarðanir má taka, nema allir stjórnarmenn eða varamenn þeirra séu á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

7. gr.

Verkefni stjórnarinnar eru einkum þessi:

a) Hún tekur ákvarðanir um lánveitingar og setur lágmarksskilyrði fyrir þeim.
b) Hún tekur ákvarðanir um vexti og önnur útlánakjör sjóðsins í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.
c) Í upphafi hvers árs gerir stjórnin lánaáætlun fyrir komandi ár, auk þess sem hún áætlar, hve mikils lánsfjár þurfi að afla til starfsemi sjóðsins.
d) Í lok hvers bókhaldsárs, sem skal vera hið sama og almanaksárið, semur stjórnin skýrslu um starfið á árinu og leggur hana fyrir aðila sjóðsins.

8. gr.

Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift formanns stjórnar og annars meðstjórnanda.

9. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela Landsbanka Íslands eða annarri lánastofnun umsjá sjóðsins, og skal sá aðili sjá um afgreiðslu lána og innheimtu.

10. gr.

Ársfundur, þar sem sitja fulltrúar stofnenda og annarra aðila, úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs og afskriftir krafna að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

11. gr.

Útflutningslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana. Nær undanþága og til stimpilgjalda af eigin skuldbindingum.

12. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Útflutningslánasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Útflutningslánasjóði gert viðvart svo tímanlega að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

13. gr.

Án samþykkis meirihluta stjórnar er einhliða úrsögn stofnaðila eða seinni framlagsaðila úr sjóðnum óheimil.

Verði sjóðurinn lagður niður, skuli eignir sjóðsins, að fullnægðum skuldbindingum, ganga til stofnaðila og framlagsaðila í hlutfalli við greitt stofnfé og framlagsfé.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga nr. 47/1970 um Útflutningslánasjóð og laga nr. 28/1987 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 11/1971.

Viðskiptaráðuneytið, 14. júlí 1987.

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.

Stjórnartíðindi B 35, nr. 334—336. Útgáfudagur 17. júlí 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 — 1987

27. júlí 1987 653 Nr. 337

REGLUGERÐ

um sérstakan söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% — tíu af hundraði — sérstakan söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sá sem selur eða afhendir í atvinnuskyni eða tekur til eigin nota vöru eða verðmæti sem um ræðir í 3. gr. eða innir af hendi vinnu og þjónustu sem um ræðir í 4. gr. skal með þeim takmörkunum sem þar eru gerðar innheimta sérstakan söluskatt samkvæmt 1. gr. af andvirði hins selda og standa skil á honum í ríkissjóð.

3. gr.

Greiða skal sérstakan söluskatt af sölu á allri matvöru annarri en þeirri sem um getur í 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki greiða sérstakan söluskatt af sölu á eftirtalinni matvöru:

a) Nýmjólk, G-mjólk, léttmjólk, rjóma, sýrðum rjóma, kaffi- og þeytirjóma, skyri (hreinu sem blönduðu), sýrðri mjólk, jógúrt (hreinni sem blandaðri), mysu, undanrennu og smjöri.
b) Á öllum osti, þ.m.t. kotasæla.
c) Nýjum fiski, þ.m.t. vatnafiskur, humar, rækja og skelfiskur, hvort sem hann er heill, flakaður, hakkaður eða bútaður. Sama á við um saltaðan, siginn, frosinn, reyktan, grafinn, kryddleginn (einnig í brauðraspi) og kæstan fisk. Fiskur sem hlotið hefur einhverja vinnslu- eða geymslumeðferð umfram það sem að ofan greinir er hins vegar skattskyldur.
d) Nýju, frosnu, reyktu, sýrðu og söltuðu kjöti. Sama á við um niðurskorið, kryddlegið (einnig í brauðraspi), úrbeinað og hakkað kjöt, kjötálegg sem ekki er niðursoðið, kjötfars, pylsur, bjúgu, svið, sviðasultu, hrútspunga og ótilreitt sem og tilreitt slátur. Kjöt sem hlotið hefur vinnslumeðferð umfram það sem að framan greinir er skattskylt.
e) Matjurtum, þ.e. nýjum ávöxtum, nýju grænmeti og garðávöxtum, sem ekki hafa fengið neina vinnslumeðferð aðra en þvott og pökkun í smásöluumbúðir.
f) Eggjum.
g) Smjörlíki.
h) Matvöru sem er söluskattsskyld, sbr. 2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðar um söluskatt nr. 486/1982 með síðari breytingum.
i) Matvöru sem seld er úr landi.

B 44

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Af eftirtalinni þjónustu skal greiða sérstakan söluskatt:

1. Þjónustu lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, verkfræðinga, tæknifræðinga, viðskiptafræðinga, hagfræðinga, arkitekta og annarra hliðstæðra aðila.
2. Bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tölvuþjónustu og tölvuvinnslu, þ.m.t. þjónusta kerfisfræðinga, og hvers konar ráðgjöf, svo sem viðskipta-, rekstrar- eða tækniráðgjöf, og auglýsingaþjónusta, þ.e. gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar.
3. Þjónustu fasteignasala og seljenda notaðra bifreiða.

Þjónusta lækna, tannlækna og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, svo sem ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir svo og framleiðsla gervilima og umbúða fyrir lamað fólk, er undanþegin sérstökum söluskatti. Sama á við um þjónustu presta og útfararþjónustu.

Sé vinna eða þjónusta, sem um ræðir í 1. og 2. tl. 1. mgr., innt af hendi erlendis, fyrir aðila sem þar eru heimilisfastir, skal ekki innheimta sérstakan söluskatt af henni.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar um söluskatt nr. 486/1982 með síðari breytingum, svo sem um tilkynningarskyldu, tilhögun bókhalds, ákvörðun skattstofns, framtöl, álagningu, uppgjörstímabil, innheimtu, lögvernd, viðurlög, eftirlit, kærur, úrskurði og aðra framkvæmd skulu gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í II. kafla laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum, öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1987. Þó skulu ákvæði 4. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en frá og með 1. september 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Allir þeir sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt 3. gr. reglugerðar þessarar skulu tilkynna skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir fyrir 1. ágúst 1987 um rekstur sinn eða starfsemi. Þeir sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt 4. gr. skulu á sama hátt tilkynna starfsemi sína fyrir 20. ágúst 1987. Ákvæði 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum skulu að öðru leyti gilda um tilkynningar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

Aðilar sem um ræðir í 1. mgr. er tilkynnt hafa skattstjóra um söluskattsskylda starfsemi sína samkvæmt 11. gr. laga nr. 10/1960 eru undanþegnir tilkynningarskyldu samkvæmt 1. mgr.

II

Hafi verið gerður samningur áður en ákvæði reglugerðar þessarar koma til framkvæmda um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt reglugerðinni, en afhending hins selda fer fram eftir að ákvæðin koma til framkvæmda, skal skila sérstökum söluskatti af þessum viðskiptum í ríkissjóð. Kaupanda ber í þessum tilvikum að greiða seljanda viðbót við samningsgreiðsluna er svarar sérstökum söluskatti nema sannað sé að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

III

Nú hefur innflytjandi, áður en ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar ganga í gildi, afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða þegar í stað vöru sem gjaldskyld er skv. 3. gr. og skal þá ekki innheimtur sérstakur söluskattur af

henni við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 10. ágúst 1987.

Hafi vörur, sem um ræðir í 1. mgr., verið afhentar innflytjendum fyrir 1. ágúst 1987 með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda skal greiða sérstakan söluskatt af þeim nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

27. júlí 1987 Nr. 338

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um söluskatt nr. 486/1982 með áorðnum breytingum.

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allir þeir sem innheimta söluskatt skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og sérstakan söluskatt skv. II. kafla laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum skulu, auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968 um bókhald með síðari breytingum, haga bókhaldi sínu og söluskattsuppgjöri þannig að skattyfirvöld geti ávallt gengið úr skugga um réttmæti söluskattsskýrslna, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt áðurgreindum lögum um bókhald.

2. gr.

Við 16. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Söluskattsskyldir þættir starfseminnar, sala og innkaup, skulu einnig aðgreindir eftir því hvort um er að ræða söluskattsskyldu samkvæmt lögum nr. 10/1960 eða samkvæmt ákvæðum um sérstakan söluskatt í II. kafla laga nr. 68/1987.

3. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Söluskattsskyldir aðilar skulu annað hvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á söluskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á söluskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt, bæði að því er varðar skiptingu heildarveltu og frádráttar.

Þeim smásöluverslunum sem ekki hafa aðstöðu til að halda söluskattsskyldri og söluskattsfrjálsri sölu aðgreindri á sölustigi er heimilt að miða söluskattsuppgjör sitt við heildarveltu og reiknað útsöluverð keyptra vara á hverju uppgjörstímabili án tillits til birgða í byrjun eða við lok hvers tímabils, eftir því sem nánar er ákveðið í þessari grein, enda sé innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum haldið aðgreindum í bókhaldi, sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar. Heimilt er að velja milli eftirtalinna uppgjörsaðferða:

1. Útsöluverð hinna keyptu vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald og flokkað í þrennt, þ.e. á milli söluskattsfrjálsra vara, söluskattsskyldra vara og vara sem bera sérstakan söluskatt. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð keyptra vara í hverjum flokki fyrir sig reiknað saman. Heildarveltu á hverju uppgjörstímabili skal síðan skipt í þrennt, þ.e. á milli söluskattsfrjálsra vara, söluskattsskyldra vara og vara sem bera sérstakan söluskatt, í sömu hlutföllum og eru á milli reiknaðs útsöluverðs innkaupanna á tímabilinu. Til frádráttar heildarveltu á söluskattsskýrslu færist það hlutfall heildarveltunnar sem svarar til hlutfalls útsöluverðs keyptra söluskattsfrjálsra vara á tímabilinu. Sölusskattsskyld velta skiptist síðan milli sölu sem söluskattsskyld er samkvæmt lögum nr. 10/1960 og gjaldskyldrar sölu sérstaks söluskatts samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 68/1987 í sömu hlutföllum og er á milli reiknaðs útsöluverðs innkaupanna á tímabilinu. Við skil síðasta mánaðar hvers árs skal fara fram afstemming á heildarsöluskattsskilum liðins árs. Útsöluverð keyptra vara í hverjum flokki skal reiknað saman fyrir öll tímabilin og hlutföll heildarveltu ársins reiknuð í samræmi við það. Skil á söluskatti og sérstökum söluskatti fyrir síðasta mánuð ársins skulu miðast við söluskattsskylda veltu ársins og gjaldskylda ársveltu sérstaks söluskatts að frádreginni þeirri veltu sem söluskatti og sérstökum söluskatti hefur þegar verið skilað af á árinu.
2. Útsöluverð keyptra söluskattsfrjálsra vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við skil á söluskatti og sérstökum söluskatti fyrir hvert uppjörstímabil skal útsöluverð keyptra söluskattsfrjálsra vara reiknað saman og fært til frádráttar frá heildarveltu á söluskattsskýrslu tímabilsins að frádreginni lágmarks rýrnun. Reiknuðum mismun skal síðan skipt milli söluskattsskyldrar veltu og gjaldskyldrar veltu sérstaks söluskatts þannig að útsöluverð keyptra vara samkvæmt öðrum hvorum þessara flokka skal reiknað og dregið frá mismun heildarveltu og frádráttar vegna söluskattsfrjálsra vara til að finna gjaldstofn hins.
3. Útsöluverð keyptra vara, annars vegar sem söluskattsskyldar eru samkvæmt lögum nr. 10/1960 og hins vegar vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt ákvæðum um sérstakan söluskatt í II. kafla laga nr. 68/1987, skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við skil á söluskatti og sérstökum söluskatti fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð keyptra söluskattsskyldra vara og vara sem bera sérstakan söluskatt reiknað hvort fyrir sig og fært á söluskattsskýrslu að frádreginni sannanlegri rýrnun. Samtala framangreindra tveggja flokka skal síðan dregin frá heildarveltu viðkomandi tímabils og mismunurinn færður á söluskattsskýrslu sem frádráttur frá heildarveltu.

Smásöluverslanir geta valið á milli þeirra uppgjörsaðferða er lýst er í 2. mgr. þessarar greinar en ávallt skal fylgja þeirri aðferð sem í upphafi er valin. Skattstjóri getur heimilað aðila að breyta um uppgjörsaðferð að fenginni umsókn hans þegar breytingar verða á starfsemi eða aðstöðu hans. Enn fremur getur skattstjóri heimilað aðila, sem rekur margþætta starfsemi, að nota mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir hina ýmsu þætti starfseminnar, enda skili hann söluskattsskýrslu fyrir hvern þátt hennar.

Í stað þess að reikna og færa útsöluverð á hverjum innkaupareikningi er heimilt að sundurliða innkaupin á hverju uppgjörstímabili í álagningarflokka og reikna síðan saman útsöluverð innkaupa skv. 2. mgr. þessarar greinar eftir þeirri sundurliðun. Í stað þess að sundurliða innkaupin og færa útsöluverð þeirra í aðalbókhaldi er enn fremur heimilt að færa þau í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu.

Þeir aðilar sem jöfnum höndum framleiða og selja til neytenda bæði söluskattsskyldar vörur, vörur sem bera sérstakan söluskatt og söluskattsfrjálsar vörur og ekki geta haldið

sölunni aðgreindri á sölustigi skulu reikna og færa útsöluverð hinna keyptu eða framleiddu vara á þann hátt sem segir í 2. eða 4. mgr.

Fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils skal stemma af og skrá niðurstöður þeirra reikninga, bóka eða yfirlita sem færslur á söluskattsskýrslu byggjast á. Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörsgögnum til þeirra færslna sem á er byggt í aðalbókhaldi.

Þegar verulegar breytingar verða á birgðum aðila, sem notað hefur uppgjörsaðferðir þær sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, t.d. vegna þess að innkaupavenjur hans breytast, starfsemin breytist að öðru leyti eða rekstri er hætt, getur skattstjóri ákveðið að skipting heildarsölu milli söluskattsfrjálsra vara, söluskattsskyldra vara og vara sem bera sérstakan söluskatt skuli vera sú sama og næstu þriggja uppgjörstímabila á undan.

Öll gögn varðandi söluskattsskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

4. gr.

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Við sölu til endurseljanda skal halda vörum sem undanþegnar eru söluskatti aðgreindum frá öðrum vörum, þannig að þær séu færðar á sérstaka reikninga. Við sölu á vörum til endurseljenda skal enn fremur halda söluskattsskyldum vörum og vörum, sem bera sérstakan söluskatt, sbr. lög nr. 68/1987, aðgreindum þannig að heildarverð vara sem bera sérstakan söluskatt komi greinilega fram á reikningum, séu þær ekki færðar á sérstaka reikninga eða nótur. Á reikningi vegna sölu vara til endursölu skal tilgreina númer söluskattsskírteinis kaupanda.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og lögum nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum öðlast gildi hinn 1. ágúst og kemur til framkvæmda í fyrsta sinn vegna uppgjörs söluskatts og sérstaks söluskatts vegna ágústmánaðar 1987.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

16. júlí 1987 Nr. 339

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 550,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 67,00
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútul. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m^3	kr. 34 900,00
251— 500 m^3	kr. 34 900,00 + 83,30 kr/m^3 yfir 250m^3
501—1500 m^3	kr. 55 725,00 + 48,80 kr/m^3 yfir 500m^3
1501—6000 m^3	kr. 104 525,00 + 31,30 kr/m^3 yfir 1500m^3
6000 m^3	kr. 245 375,00 + 24,60 kr/m^3 yfir 6000m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 26 300,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.
c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 550,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 505, 19. desember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 16. júlí 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 122/1979 um Hitaveitu Reykjavíkur, sbr. reglugerð nr. 775, 29. nóvember 1983.

1. gr.

24. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá stofngjald gjaldkræft. Notkunargjöld verða krafin mánaðarlega skv. nánari ákvæðum gjaldskrár, en heimilt er að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Við verðbreytingar á orku og fastagjöldum skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um orkunotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun. Reikningar sem byggjast á staðreyndri orkunotkun nefnast „álestrarreikningar", en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun nefnast „áætlunarreikningar".

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar áætlar hitaveitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Notandi getur jafnan gegn greiðslu aukagjalds krafist aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan áskilja sér og innheimta dráttarvexti, sem reiknast frá eindaga reiknings hverju sinni.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. áætlunar- eða álestrarreikningi, eða vanrækir skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist viðskiptamanni með þriggja daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Sá sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný skv. gjaldskrá hverju sinni.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur og 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júlí 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Stjórnartíðindi B 36, nr. 337—340. Útgáfudagur 27. júlí 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 — 1987

15. júlí 1987 661 Nr. 341

SAMÞYKKT

um hundahald í Búlandshreppi.

1. gr.

Hundahald í Búlandshreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

a. Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á hreppsskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hundsins afhenta plötu til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.

b. Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati hreppsnefndar.

c. Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru notaðir við smalamennsku svo og minkahunda, dýrhunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d. Hundeigendum er skylt að sjá svo um, að hundur raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er, að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skriflega afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e. Til að standa straum af kostnaði hreppsins af skráningu og eftirliti með hundum í hreppnum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til hreppssjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hreppsnefnd ákveður fjárhæð gjaldsins í gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og er hreppsnefnd heimilt að ákveða gjaldið lægra fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkvæmt b-lið þessarar greinar, vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki er máli skipta samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.

f. Sé hundeigandi undir 16 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þar um.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Búlandshreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað skuli gert við hundinn.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/eða vitjar hundsins ekki innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Búlandshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Pálsson.

Nr. 342 15. júlí 1987

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 257 23. júní 1977 um gatnagerðargjöld í Eyrarbakkahreppi.

3. mgr. 14. gr.

Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum. Lánskjör skulu vera þau sömu og á lánum Byggðasjóðs til gatnagerðar hverju sinni. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1987.

F.h.r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphreinsunargjald á Hellu árið 1987.

1. gr.

Sorphreinsunargjald á Hellu fyrir hvern notanda sbr. 8. gr. samþykktar um sorphreinsun á Hellu frá 15. júlí 1987 skal fyrir árið 1987 vera kr. 2 745.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrárákvörðun hreppsnefndar Rangárvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálráðuneytið, 15. júlí 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Pálsson.

15. júlí 1987 Nr. 344

SAMÞYKKT

um sorphreinsun á Hellu.

1. gr.

Rangárvallahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun á Hellu, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn hreppsins og eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

I. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver eigandi íbúðar á Hellu er skyldur til þess að sjá svo um að við húseign hans sé sorpgeymsla gerð fyrir sorppoka.

Sorppoka skal koma fyrir í grind eða skáp, enda uppfylli nefndur búnaður ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerðar. Sorpgeymslurnar skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorphirðumenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum, enda séu hlutir þessir auðveldir í meðförum fyrir einn mann.

4. gr.

Í sorppoka má setja algengt húsasorp, svo sem matarleyfar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír og affall af lóðum annað en mold, torf og grjót. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana, skal pakkað inn eða gengið frá

þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni. Hverju húsi skal fylgja a. m. k. einn poki fyrir hverja íbúð. Í fjölbýlishúsum með sérstakar sorpgeymslur sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnda og uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar.

5. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Rangárvallahreppur leggur til einn sorppoka fyrir hverja viku ársins, eða jafn marga og húseigandi kann að nota að öðru jöfnu, enda greiði notandi sorphreinsigjald fyrir sama fjölda sbr. 8. gr. Aukapoka má fá keypta í verslunum.

6. gr.

Rangárvallahreppur rekur sérstaka sorpstöð (sorphauga). Skal sorpstöðin vera opin ákveðinn tíma í viku hverri eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Þeir sem þurfa að losna við sorp umfram það sem segir í 4. gr. og 5. gr. skulu annast flutning á því á eigin kostnað nema um annað sé samið.

II. KAFLI

Hreinsun á sorpi vegna atvinnustarfsemi.

7. gr.

Aðilum, sem hafa með höndum starfsemi, sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur í 2. 3. og 4. gr. þessarar samþykktar, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allur flutningur á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Rangárvallahrepps skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum starfsmanna hreppsins og þrifnaður hafður í hávegum. Þau fyrirtæki sem hafa gáma í stað poka skulu haga gerð og útbúnaði gámanna í samráði við sorphreinsunaraðila sbr. 1. gr. í hverju tilviki fyrir sig. Gámar þeir sem notaðir verða metast sem ákveðin mörg pokagildi og greiðir viðkomandi fyrir þann fjölda sbr. 8. gr.

III. KAFLI

Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

8. gr.

Almenn sorphirða húsasorps sbr. 5. gr. þessarar samþykktar greiðist af sveitarsjóði þó skal hreppsnefnd heimilt að leggja á sorphreinsunargjald eftir nánari ákvörðun hverju sinni er miðist við fjölda þeirra sorpgrinda/skápa, er húseigandi notar. Sorphreinsigjald sem hreppsnefnd ákveður í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir skal lagt á með fasteignagjöldum og innheimt með þeim. Sorphreinsigjald verði aldrei hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

9. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til starfsmanna hreppsins eða heilbrigðisfulltrúa.

10. gr.

Brjóti húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það til skrifstofu Rangárvallahrepps, sem skora skal á húseigandann að bæta ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma eru sorphirðumenn ekki

skyldugir til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um brot á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að ræða skal skrifstofa Rangárvallahrepps tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

11. gr.

Sorphreinsunarmönnum ber að haga störfum sínum á þann hátt að það valdi húseigendum sem minnstum óþægindum. Þeim er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála og í samræmi við lög nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

IV. KAFLI

13. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Rangárvallahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Pálsson.

25. júní 1987 Nr. 345

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

1. gr.

Biðskylda verði á allar aðliggjandi húsagötur að Sæbólsbraut, aðalgötu.

2. gr.

Biðskylda verði á allar aðliggjandi húsagötur að Marbakkabraut, aðalgötu.

3. gr.

Biðskylda verði á Marbakkabraut gagnvart Sæbólsbraut.

4. gr.

Biðskylda verði á Álfaheiði gagnvart Álfhólsvegi.

5. gr.

Biðskylda verði á Vesturvör gagnvart Kársnesbraut.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 25. júní 1987.

Ásgeir Pétursson.

Nr. 346 19. júní 1987

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

Að stöðvunarskylda verði á tengivegi af Hamraborg gagnvart umferð á Borgarholtsbraut/Digranesvegi.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 19. júní 1987.

Ásgeir Pétursson.

Nr. 347 20. júlí 1987

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að umferð um Þórunnarstræti skuli njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð úr Hrafnagilsstræti samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 20. júlí 1987.

Elías I. Elíasson.

Nr. 348 22. júlí 1987

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Njarðvíkur og skv. 65. gr. umfl. nr. 40/1968 eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Njarðvík:

Borgarvegur verður framvegis lokaður við Sjávargötu.

Keflavík, 22. júlí 1987.

Símon Ólason.
e. u.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilsnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	kr.	4,13 kWh
Fastagjald	kr.	1 620,00 kr/a

C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW/kWh-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald	6 713,00 kr/kWa

Orkugjald:

0—2500 kWh/kW	2,13 kr/kWh
2500—4000 kWh/kW	1,35 kr/kWh
Yfir 4000 kWh/kW	0,69 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgi kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölugjalds).

Orkugjald	1,45 kr/kWh
Fastagjald	1 620,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,36 kr/kWh af orkuverðinu fyrir allt að 40 000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án sölugjalds).

Orkugjald	1,45 kr/kWh
Fastagjald	1 620,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2 Orkugjald ..... 5,97 kr/kWh

Fastagjald ..... 1 620,00 kr/a

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5 Aflgjald ..... 13 500,00 kr/kWa
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar 13 500,00 kr/kWa fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1.	Einfasa kWh-mælir	320,00 kr/a
2.	Þrífasa kWh-mælir	1 213,00 kr/a
3.	Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli	2 048,00 kr/a
4.	Þrífasa kW-kWh-mælir	2 048,00 kr/a
5.	Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennumæli	3 260,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1]) kr/m
63 A einfasa	29 700,00	927,00
63 A þrífasa	33 200,00	927,00
100 A þrífasa	52 600,00	1 133,00
200 A þrífasa	108 700,00	1 361,00
315 A þrífasa	163 600,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	205 900,00	—
710 A þrífasa	375 200,00	—
1200 A þrífasa	636 000,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald[1])[2]) Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	5 892,00	927,00
63 A þrífasa	8 202,00	927,00
100 A þrífasa	8 706,00	1 133,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kólovoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 732,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 732,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 732,00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I. II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrám um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 17, 7. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júlí 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða.

Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:
Orkugjald fyrir hvern rúmmetra ..... kr. 56,00

B. Fastagjald:
B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.
Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár ..... kr. 3 200,00
B.2 Án húshitunar.
Mælagjald á mánuði ..... kr. 304,35

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.
C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m^2 ..... 1,1%
C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m^2 ..... 0,4%
Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.
C.3 Mælagrindargjald ..... kr. 11 079,00
C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum ..... kr. 1 388,00

5. gr.

D. Önnur gjöld.
D.1 Lokunargjald ..... kr. 700,00
D.2 Skammtabreytingargjald ..... kr. 414,00
D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) ..... kr. 414,00

6. gr.

Af húsrými með þilofnahitun eða rafgeislahitun (bein hitun) skal greiða 50% stofngjalds samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. júní 1987, 314 stig.

Gjaldskrár þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 298, 26. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 23. júlí 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. júlí 1987 Nr. 351

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ..... kr. 418,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald		
400—2 000 m³ =	45 984,00 kr. fyrir	400 m³	35,00 kr/m³ þar yfir
2 000—6 000 m³ =	104 179,00 kr. fyrir	2 000 m³	33,00 kr/m³ þar yfir
6 000—10 000 m³ =	231 220,00 kr. fyrir	6 000 m³	29,00 kr/m³ þar yfir
Meira en 10 000 m³ =	348 127,00 kr. fyrir	10 000 m³	22,00 kr/m³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera	kr. 19,00
Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:	
Fyrir mæla 3/4"	kr. 174,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	kr. 390,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 791,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Gjaldskrár þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 193, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli ..... kr. 1 060,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn ..... kr. 37,00

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að ¾″ ..... kr. 190,00
b) Fyrir mæla eða hemla 1″—2″ ..... kr. 380,00
c) Fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri ..... kr. 760,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m^3)		Heimæðargjald		
Allt að	400	55 000,00		
400—	2000	55 000,00	fyrir	400m^3 + 45,00 kr/m^3 þar yfir
2000—	6000	127 000,00	fyrir	2 000m^3 + 37,00 kr/m^3 þar yfir
6000—	10000	275 000,00	fyrir	6 000m^3 + 33,00 kr/m^3 þar yfir
Meira en	10000	406 000,00	fyrir	10 000m^3 + 28,50 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 600,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1 100,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 526, 30. desember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 353 28. júlí 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 31,50.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	Kr.
a) fyrir mæla til og með ¾″	238,00
b) fyrir mæla 1″ og stærri	526,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 337,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m^3	Heimæðargjald
Allt að 600	kr. 108 774,00
600—2 000	kr. 108 774,00 fyrir 600 m^3 + 74,36 kr/m^3 þar yfir
Meira en 2 000	kr. 213 230,00 fyrir 2 000 m^3 + 64,23 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 8 570,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, nú 281 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 497,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 467, 6. nóvember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 354 28. júlí 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

A. 1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
	Orkugjald	4,35	kr/kWh
	Fast gjald	1 500,00	kr/ár
A. 2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:		
	Orkugjald	5,75	kr/kWh
	Fast gjald	3 500,00	kr/ár

B. Afltaxtar.

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Orkugjald	1,58	kr/kWh
Aflgjald	5 900,00	kr/kW ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	7 000,00	kr/kW ár
Viðhaldsgjald	11 800,00	kr/kW ár
Gjald samtals	18 800,00	kr/kW ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C. 1	Órofin húshitun	3,50	kr/kWh
C. 2	Daghitun, húshitun rofin	1,45	kr/kWh
C. 3	Næturhitun, húshitun	0,78	kr/kWh
	Fast gjald á C. 1	4 800,00	kr/pr. ár
	Fast gjald á C. 2 og C. 3	4 500,00	kr/pr. ár

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D. 1	Af einfasa mælum	320,00	kr/pr. ár
D. 2	Af þrífasa mælum upp að 50A	1 280,00	kr/pr. ár
D. 3	Af þrífasa mælum 50A og ofar	1 920,00	kr/pr. ár
D. 4	Af álagsstýringarliðum	1 920,00	kr/pr. ár
D. 5	Af aflmælum	3 200,00	kr/pr. ár

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		Heimtaugargjöld
63A 1-fasa	kr.	27 500,00
63A 3-fasa	kr.	30 000,00
100A 3-fasa	kr.	48 000,00
200A 3-fasa	kr.	94 000,00
300A 3-fasa	kr.	140 000,00
400A 3-fasa	kr.	186 000,00
600A 3-fasa	kr.	282 000,00
900A 3-fasa	kr.	425 000,00
1200A 3-fasa	kr.	565 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		
63A 1-fasa	kr.	6 700,00
63A 3-fasa	kr.	7 500,00
100A 3-fasa	kr.	10 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 1 600,00.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 1 100,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

4. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 527, 30. desember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júlí 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

29. júlí 1987 Nr. 355

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, frá og með 1. ágúst 1987:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 18, 16. janúar 1987 með síðari breytingum:

Allir liðir heildsölugjaldskrár hækki um	9,5%
Allir liðir smásölugjaldskrár hækki um	9,5%
nema hitataxtar (C/D) sem hækki um	11,4%
og orkugjald marktaxta (A5) sem hækki um	10,8%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 103, 2. mars 1987 og fyrir hitaveitu, nr. 100, 2. mars 1987:

Raforka til hitunar hækki um	11,4%
Gjaldsskrá fyrir hitaveitu hækki um	11,4%
Marktaxti hækki um	10,8%
Aðrir gjaldskrárliðir hækki um	9,5%

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám eftirtalinna rafveitna frá og með 1. ágúst 1987:

Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 104, 3. mars 1987:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 7,13%

Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 62, 6. febrúar 1987:
Allir liðir gjaldskrárinnar, nema liðir 4.1 og 4.2, hækki um ..... 10,0 %

Gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar, nr. 63, 6. febrúar 1987:
Allir liðir gjaldskrárinnar, nema liðir 4.1 og 4.2, hækki um ..... 10,0 %

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 13, 13. janúar 1987:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ..... 8,1 %

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 14, 13. janúar 1987:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ..... 7,8 %

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 357 26. júlí 1987

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum út af Austfjörðum.

1. gr.

Þann 26. júlí 1987 kl. 12:00 á hádegi er felld úr gildi reglugerð nr. 334 15. júlí 1987 um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1987.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Kjartan Júlíusson.

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1986.

		Kr.
Eignir:		
Spariskírteini 2. fl. 1984		32 451 200,00
Innstæða á hlr. 40091		0,00
		32 451 200,00
Skuldir:		
Yfirdráttur á hlr. 40091		568 210,80
Ósóttir styrkir, úthl. 1986		265 000,00
Ósóttir styrkir fyrri úthl.		328 100,00
Höfuðstóll 31. desember 1985	kr. 29 204 333,14	
Tekjur umfram gjöld	kr. 2 085 556,06	
		31 289 889,20
		32 451 200,00
Tekjur:		
Vextir		423 981,06
Verðhækkun spariskírteina		6 206 400,00
		6 630 381,06
Gjöld:		
Styrkveitingar 1986		4 500 000,00
Ýmiss kostnaður		44 825,00
Tekjur umfram gjöld		2 085 556,06
		6 630 381,06

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 11. júní 1987.

Guðmundur Magnússon.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Jóhannes Nordal. **Magnús T. Ólafsson.**
Eysteinn Jónsson. **Gils Guðmundsson.**

REGLUGERÐ

fyrir Íþróttahúsið á Selfossi.

1. gr.

Íþróttahúsið er í Selfosskaupstað og ber heitið Íþróttahúsið á Selfossi.

2. gr.

Íþróttasal hússins skal nota til leikfimikennslu, íþróttaæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni svo og til annarra nota eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Starfræksla íþróttahússins er á ábyrgð bæjarstjórnar Selfoss eftir að reglulegu skólahaldi lýkur, en er falin húsnefnd sem starfar samkvæmt reglugerð.

4. gr.

Starfssvið húsnefndar varðandi íþróttahúsið skal vera:

a) Að gera tillögur um ráðningu starfsfólks og setja því starfsreglur.
b) Að samræma afnot af húsinu eftir að reglulegu skólahaldi lýkur.
c) Að setja reglur um umgengni í húsinu.
d) Að gera tillögur til bæjarstjórnar um afnotagjöld.
e) Að gera árlega fjárhagsáætlun um rekstur hússins, viðhald þess og endurbætur, kaup áhalda og tækja og viðhald þeirra. Fjárhagsáætlun skal skilað það snemma að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.
f) Að fylgjast vandlega með kostnaði við rekstur íþróttahússins og gæta þess að rekstri sé hagað í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun. Húsnefnd og umsjónarmaður skulu gæta þess við skipulagningu að nýting hússins verði sem best og samfelldust.

5. gr.

Fjárreiður og reikningshald íþróttahússins hvort sem er vegna framkvæmda eða rekstrar fer fram á skrifstofu Selfosskaupstaðar.

Reikningar verða því aðeins greiddir að umsjónarmaður íþróttamannvirkja Selfosskaupstaðar hafi samþykkt þá og vistað.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er þann 28. janúar 1987 af bæjarstjórn Selfoss er sett samkvæmt 29. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974, og reglugerð um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla nr. 433/1977.

Menntamálaráðuneytið, 16. júlí 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

fyrir Félagsmiðstöð Selfoss.

1. gr.

Félagsmiðstöðin er staðsett í húsnæði GSS og heitir Félagsmiðstöð Selfoss.

2. gr.

Starfræksla félagsmiðstöðvarinnar er á ábyrgð bæjarstjórnar Selfoss en er falin húsnefnd og íþrótta- og tómstundaráði eftir því sem segir nánar í reglugerð þessari.

3. gr.

Hlutverk húsnefndar skal vera:

I. a) að hafa eftirlit með húsnæði Félagsmiðstöðvar Selfoss
b) að hafa samvinnu við íþrótta- og tómstundaráð um gerð fjárhagsáætlunar.

Hlutverk íþrótta- og tómstundaráðs skal vera:

II. a) að setja reglur um umgengni í félagsmiðstöðinni, í samráði við húsnefnd
b) að raða niður afnotum af félagsmiðstöðinni, í samráði við húsnefnd
c) að gera tillögur um ráðningu starfsfólks og setja því starfsreglur
d) að gera árlega fjárhagsáætlun um rekstur félagsmiðstöðvar, viðhald hennar og endurbætur, kaup áhalda og tækja og viðhald þeirra.
Fjárhagsáætlun skal skila það snemma að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs
e) að fylgjast vandlega með kostnaði við rekstur félagsmiðstöðvar og gæta þess að rekstri sé hagað í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun. Íþrótta- og tómstundaráð, húsnefnd og umsjónarmaður skulu gæta þess við skipulagningu að nýting hússins verði sem best og samfelldust.

4. gr.

Fjárreiður og reikningshald Félagsmiðstöðvar Selfoss hvort sem er vegna framkvæmda eða rekstrar fer fram á skrifstofu Selfosskaupstaðar. Reikningar verða því aðeins greiddir að umsjónarmaður hafi samþykkt þá og vistað.

5. gr.

Reglugerð þessi sem samþykkt er þann 28. janúar 1987 af bæjarstjórn Selfoss er sett samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974 og reglugerð um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla nr. 433/1977.

Menntamálaráðuneytið, 16. júlí 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Akureyri:

1. Umferð um Akurgerði skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Kotárgerði, Stekkjargerði og Hamragerði.
2. Umferð um Langholt skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Þverholt og Miðholt.
3. Umferð um Einholt skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Langholt.
4. Umferð um Þverholt skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Einholt.
   Í öllum framangreindum tilvikum er um biðskyldu að ræða.
5. Fellt er niður bann við bifreiðastöðum við suðurbrún Tryggvabrautar frá norðausturhorni húss nr. 24 og 90 metra í vestur.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 27. júlí 1987.

Elías I. Elíasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1987

29. júlí 1987 685 Nr. 362

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan humar á sumarvertíð 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan humar á sumarvertíð 1987:

6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel, garndregninn:	SDR pr. lb.	CIF.
7— 9 stk./lb.	9,68	0
9—12 stk./lb.	9,48	0,15
12—15 stk./lb.	9,27	0,26
15—18 stk./lb.	8,86	0,32
18—24 stk./lb.	7,83	0,14
6×5 lbs. og 5×6 lbs. í skel, með görn:		
7— 9 stk./lb.	9,07	0,09
9—12 stk./lb.	8,87	0,35
12—15 stk./lb.	8,66	0,62
15—18 stk./lb.	8,24	0,67
18—24 stk./lb.	7,38	0,43
5×5 lbs. í skel með görn:		
7—15 stk./lb.	10,69	0,32
15—18 stk./lb.	9,90	0,34
18—24 stk./lb.	9,00	0,39
5×6 lbs. í skel með görn:		
7—15 stk./lb.	6,60	0,09
15—30 stk./lb.	6,09	1,67
30—45 stk./lb.	5,12	0,78
45—60 stk./lb.	3,22	0,02
3×11 lbs.:		
Til skelfl.	3,22	0,30

Verðbil verður 10%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

B 46

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu 1. júní til 30. september 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir á tímabilinu 1. júní til 30. september 1987:

		US $ pr. lest fob.
Fullstaðinn þorskur:		
Stórfiskur	10/30 I	3 701,00
Stórfiskur	II	3 478,00
Stórfiskur	III	3 082,00
Stórfiskur	IV	2 739,00
Millifiskur	30/40 I	3 478,00
Millifiskur	II	3 082,00
Millifiskur	III	2 633,00
Millifiskur	IV	2 245,00
Smáfiskur	40/60 I	3 082,00
Smáfiskur	II	2 708,00
Smáfiskur	III	2 394,00
Smáfiskur	IV	2 037,00
Smáfiskur	60/80 I	2 825,00
Smáfiskur	II	2 568,00
Smáfiskur	III	2 310,00
Smáfiskur	IV	1 880,00
Smáfiskur	80/100 I	2 443,00
Smáfiskur	II	2 171,00
Smáfiskur	III	1 953,00
Smáfiskur	IV	1 588,00
Tandurverkaður þorskur:		
Stórfiskur	10/30 I	3 366,00
Stórfiskur	II	3 168,00
Stórfiskur	III	2 764,00
Millifiskur	30/40 I	3 194,00
Millifiskur	II	2 830,00
Millifiskur	III	2 493,00
Smáfiskur	40/60 I	2 865,00
Smáfiskur	II	2 522,00
Smáfiskur	III	2 254,00
Smáfiskur	60/80 I	2 781,00
Smáfiskur	II	2 468,00
Smáfiskur	III	2 261,00
Smáfiskur	80/100 I	2 794,00
Smáfiskur	II	2 454,00
Smáfiskur	III	2 182,00

Verðbil verður 10% og miðast við verðhækkun eingöngu, nema vegna saltaðra þorskflaka, en þar miðast við verðbil við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils eins og að ofan segir.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan hörpudisk sem framleiddur verður frá 15. júlí til 30. september 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk, sem framleiddur verður frá 15. júlí til 30. september 1987.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	3,09
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,86
Hálfhreinsaður	1,41
Rauður og brotinn	1,73

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

4. ágúst 1987 Nr. 365

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest breytingar á gjaldskrám eftirtalinna rafveitna, er öðlist þegar gildi:

Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 20, 21. janúar 1987:	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	8,5%
nema liðir A2, D1 og D3 sem hækki um	9,5%
Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 149, 26. mars 1987:	
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	10,8%
nema hitataxtar sem hækki um	11,4%

Iðnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellssveit og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennslismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:
   - A. Fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 25,00

   Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir:
   - A. Mælir allt að ¾ tommu ..... kr. 225,00
   - B. Mælir 1 tomma til 2 tommur ..... kr. 484,00
   - C. Mælir 3 tommur eða stærri ..... kr. 971,00

2. Heitt vatn um hemil:
   - A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil ..... kr. 215,00
   - B. Vatnsgjald ..... kr. 545,00

   á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

   Flutningsgjald ..... kr. 182,00

   Vatnsgjald ..... kr. 363,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem sveitarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellshrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss. (utanmál m^3)	Heimæðargjald	
Allt að 600 m^3	kr. 94 585,00	
600— 2 000 m^3	kr. 94 585,00 fyrir	600 m^3 + 58,71 pr. m^3 þar yfir
2 000— 6 000 m^3	kr. 176 790,00 fyrir	2 000 m^3 + 50,87 pr. m^3 þar yfir
6 000—10 000 m^3	kr. 370 495,00 fyrir	6 000 m^3 + 44,52 pr. m^3 þar yfir
Meira en 10 000 m^3	kr. 557 125,00 fyrir	10 000 m^3 + 38,72 pr. m^3 þar yfir

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða aukalega kr. 7 886,00 fyrir hvern mæli/hemil.

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 320 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 700,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellshrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 20. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Að fenginni tillögu sveitarstjórnar Reyðarfjarðarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Reyðarfjarðarhreppi:

I.

1. Aðalbrautir eru:
1.1. Fagradalsbraut.
1.2. Búðareyri.
1.3. Austurvegur.
1.4. Norðfjarðarvegur.
1.5. Heiðarvegur, þó þannig að umferð um Heiðarveg víki fyrir umferð um Austurveg.
1.6. Mánagata, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Austurveg og Heiðarveg.
2. Umferð um Stekkjarbrekku víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
3. Umferð um Réttarholt víki fyrir umferð um Búðareyri.
4. Umferð um Búðargötu víki fyrir umferð um Búðareyri.
5. Umferð um Árgötu og Hafnargötu víki fyrir umferð um Búðareyri.
6. Umferð um Öldugötu víki fyrir umferð um Austurveg.
7. Umferð um Ásgerði víki fyrir umferð um Austurveg.
8. Umferð um Lundargötu víki fyrir umferð um Heiðarveg og Mánagötu.
9. Umferð um Holtagötu víki fyrir umferð um Mánagötu og verði umferð um efri hluta Holtagötu bönnuð, á móts við hús nr. 5 að Heiðarvegi.
10. Umferð um Hjallaveg víki fyrir umferð um Heiðarveg.
11. Umferð um Túngötu víki fyrir umferð um Heiðarveg.
12. Umferð um Nesbraut víki fyrir umferð um Búðargötu.
13. Umferð um Hlunnavog víki fyrir umferð um Búðareyri.
14. Umferð um Strandgötu víki fyrir umferð um Hafnargötu og Búðargötu.

II.

1. Bannað að leggja ökutækjum á Búðareyri og Austurvegi frá gatnamótum Stekkjarbrekku að vegrist austan við Holt.
2. Bannað verði að leggja ökutækjum á austurbrún Heiðarvegs.

III.

1. Einstefna er til norðurs/austurs Brekkugötu, frá Búðareyri að Árgötu.
Um bifreiðastöður í Reyðarfjarðarkauptúni.

Í íbúðahverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendibifreiðum og fólksflutningabifreiðum sem eru 2,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum afmörkuðu stæðum.

Auglýsingin tekur gildi við birtingu.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 24. júlí 1987.
Sigurður Eiríksson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið um skipulag umferðar í Reykjavík.

1. Einstefna verði frá vestri til austurs á þeim hluta Kringlunnar sem liggur samhliða Miklubraut.
2. Bannað verði að beygja til vinstri frá Húsi verslunarinnar norður Kringluna.
3. Bannað verði að leggja ökutækjum á Kringlunni, beggja vegna götunnar.
4. Bannað verði að stöðva ökutæki á Kringlunni vestan og norðan við verslunarmiðstöðina.
5. Bannað verði að stöðva og leggja ökutækjum á Listabraut, beggja vegna götunnar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 12. ágúst 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. ágúst 1987.

Böðvar Bragason.

4. ágúst 1987 Nr. 369

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna frá vestri til austurs á Fossvogsvegi milli Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 19. ágúst 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. ágúst 1987.

Böðvar Bragason.

28. júlí 1987 Nr. 370

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu **um manntalsþing í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.**

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 10. júlí sl., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um að leggja niður manntalsþing í Snæfellsness og Hnappadalssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breytingu á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu verði lögð niður.

SAMÞYKKT

um stjórn Mosfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Mosfellsbæjar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Mosfellsbæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hverning afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan hvern miðvikudag. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16:30. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meiri hluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllinn til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa bera að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræðu í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verið takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt a að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp óski einhver bæjarfulltrúi þess og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa bera að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur þessar.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund hálfsmánaðarlega á miðvikudegi kl. 17:00, þá miðvikudaga sem bæjarstjórn fundar ekki. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeiganda stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:
1. **Bæjarráð.** Þrír aðalfulltrúar úr bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. **Skoðunarmenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. **Fjallskilanefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast um fjallskil í samræmi við ákvæði fjallskilareglugerðar Kjósarsýslu.
4. **Skipulagsnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer í umboði bæjarstjórnar með skipulagsmál sveitarfélagsins í samræmi við gildandi lög og reglur.
5. **Tómstundaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Tómstundaráð fer í umboði bæjarstjórnar með umsjón íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi í samræmi við sérstaka samþykkt bæjarstjórnar um starfsemi ráðsins.

6. **Umferðar- og samgöngumálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum sbr. 116. grein laga nr. 50/1987. Jafnframt er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í samgöngumálum.
7. **Veitunefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer í umboði bæjarstjórnar með málefni vatnsveitu og hitaveitu samkvæmt ákvæðum reglugerða fyrir veiturnar. Ennfremur er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í holræsamálum.
8. **Menningarmálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og er verksvið hennar nánar skilgreint í sérstakri samþykkt er bæjarstjórn setur nefndinni.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. **Almannavarnarnefnd Kjósarsýslu.** Einn fulltrúi sem bæjarstjórn tilnefnir. Auk þess eiga sæti í nefndinni tæknifræðingur, heilsugæslulæknir, lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri eða fulltrúar þeirra, svo og einn fulltrúi skipaður af hreppsnefnd Kjalarneshrepps og einn skipaður af hreppsnefnd Kjósarhrepps, skv. 8. grein laga nr. 94/1962 sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. **Atvinnumálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að vera bæjarstjórn til ráðuneytis um atvinnumál í byggðarlaginu og fara með stjórn vinnumiðlunar sveitarfélagsins skv. 9. grein laga nr. 18/1985.
3. **Byggingarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Nefndin fer með framkvæmd byggingarlaga og -reglugerðar, auk annarra skyldra verkefna ef bæjarstjórn felur nefndinni þau sérstaklega.
4. **Félagsmálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð hefur umsjón með rekstri dagvistarstofnana sveitarfélagsins, öldrunarmálum, aðstoð við aldraða og öryrkja, aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur, skv. nánari reglum er bæjarstjórn setur um starfsemi félagsmálaráðs. Auk þess fer félagsmálaráð með framfærslumál skv. 26. grein laga nr. 80/1947.
   Þá skal félagsmálaráð ennfremur fara með verkefni áfengisvarnarnefndar skv. 30. grein laga nr. 82/1969 og verkefni barnaverndarnefndar skv. 4. grein laga nr. 53/1966, sjá þó ákvæði til bráðabirgða hér að aftan.
5. **Forðagæslumenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sem hafa skulu umsjón með heyforða, ásetningi og ásigkomulagi búfjár sbr. 2. mgr. 54. greinar laga nr. 31/1973.
6. **Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. grein laga nr. 9/1955.
7. **Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess eiga sæti í nefndinni tveir fulltrúar Seltjarnarnesskaupstaðar, einn fulltrúi frá Kjalarneshreppi og einn fulltrúi frá Kjósarhreppi. Nefndin sér um framkvæmd ákvæða laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit í framangreindum sveitarfélögum.
8. **Húsaleigunefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal fylgjast með framkvæmd húsaleigumála o.fl. skv. 76. grein laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
9. **Kjörstjórnir.**
   a. **Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. laga nr. 8/1986.
   b. (Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn).
      Kjörstjórnir þannig kjörnar gegna jafnframt störfum við forseta- og alþingiskosningar sbr. 10. grein laga nr. 52/1959.

10. **Stjórn Héraðsbókasafns.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess eiga sæti í nefndinni einn fulltrúi frá Kjalarneshreppi og einn fulltrúi frá Kjósarhreppi. Nefndin fer með málefni bókasafnsins í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
11. **Samstarfsnefnd heilsugæslustöðvar.** Einn aðalmaður og annar til vara. Í nefndinni eiga einnig sæti fulltrúar frá Kjalarneshreppi, Kjósarhreppi og Þingvallahreppi. Nefndin fjallar um málefni er varða samstarf sveitarfélaganna um rekstur heilsugæslustöðvar í samræmi við ákvæði í samstarfssamningi þar um, sbr. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
12. **Skólanefnd grunnskóla.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla bæjarins skv. 17. gr. laga nr. 63/1974.
13. **Stjórn Reykjalundar.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 30. grein laga nr. 59/1983. Fulltrúi í stjórn Reykjalundar á jafnframt setu í heilbrigðismálaráði Reykjaneshéraðs skv. 7. grein laga nr. 59/1983.
14. **Skólanefnd tónlistarskóla.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni tónlistarskólans í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1985 og reglugerð um starfsemi skólans.
15. **Stjórn verkamannabústaða,** (tilnefning). Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess sitja í nefndinni þrír fulltrúar launþegasamtaka samkvæmt sérstakri tilnefningu. Nefndin fer með málefni verkamannabústaða í samræmi við ákvæði laga nr. 60/1984.
16. **Umhverfismálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálaráð er bæjarstjórn til ráðuneytis í umhverfis- og náttúruverndarmálum. Jafnframt fer ráðið með þau verkefni sem náttúruverndarnefndir skulu annast samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, og verkefni gróðurverndarnefnda samkvæmt 19. gr. laga nr. 17/1985. Nánar er kveðið á um verksvið ráðsins í sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur ráðinu.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna tímabundið að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra í samræmi við ákvæði 70. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í 62. grein varðandi félagsmálaráð og verksvið þess starfar sérstök áfengisvarnarnefnd, skipuð sex aðalfulltrúum og sex til vara, auk formanns sem skipaður er af ráðherra, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Sömuleiðis starfar sérstök barnaverndarnefnd, skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Verkefni þau sem nefndum þessum eru falin lögum samkvæmt munu því ekki heyra undir félagsmálaráð fyrr en að afloknum næstu sveitarstjórnarkosningum.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast gildi 9. ágúst 1987, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1987

12. ágúst 1987 705 Nr. 372

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um slátrun, mat og meðferð sláturafurða nr. 442/1977, sbr. breytingu með reglugerðum nr. 340/1981 og nr. 342/1986.

1. gr.

19. gr., 1. tl., rg. nr. 442/1977, sbr. 1. gr. rg. nr. 342/1986, orðist svo:

1. Dilkakjöt.

Dilkakjöt sem selja á innanlands nýtt, fryst, saltað og reykt eða flytja skal á erlendan markað skal metið í eftirfarandi gæðaflokka: I. fl.*, I. fl., II. fl., II. fl.0, III fl.

Kjötið skal metið og merkt í gæðaflokka og þyngdarflokka um leið og það er vigtað inn frá framleiðanda.

Gæðaflokkar dilkakjöts eru þessir:

I. flokkur * (stjörnudilkur): Sérlega vel vaxnir skrokkar með greinilegum ræktunareinkennum, vel holdfylltir, einkum í lærum og á baki, hæfilega feitir og með jafnri dreifingu hvítrar fitu um allan skrokkinn. Fituþykkt á síðu, þ.e. á 12. rifbeini, 11 cm frá miðjum hrygg, sé að hámarki 8 mm. Fituþykkt á bakvöðva (við 12. rifbein) sé að hámarki 3 mm. Skrokkar gallalausir í útliti. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir *.

I. flokkur: Vel holdfylltir skrokkar með fituþykkt á síðu, þ.e. á 12. rifbeini, 11 cm frá miðjum hrygg, minni er 12 mm, gallalausir í útliti.

II. flokkur: Vöðvarýrir, útlitsljótir skrokkar og með minni háttar mar eða aðra verkunargalla.

II. fokkur 0: Skrokkar sem hafa fituþykkt á síðu 12—14 mm. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir 0, sbr. meðfylgjandi töflu. Merkingu þessara skrokka skal hagað þannig að þeim verði ekki blandað saman við annað kjöt í heildsölu.

II. flokkur 00: Skrokkar sem hafa fituþykkt á síðu 15 mm eða meiri, einnig skrokkar með blóðlitaðri fitu eða fitu sem ekki stirðnar. Þessir skrokkar skulu sérstaklega merktir 00, skv. meðfylgjandi töflu og skal haga merkingu þannig, að þeim verði ekki blandað saman við annað kjöt í heildsölu.

III. flokkur: Mjög vöðvarýrir og magrir skrokkar, verulega marðir, limhöggnir eða með verulegum verkunargöllum.

B 47

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Merkja skal dilkakjöt samkvæmt gæða- og þyngdarflokkum svo sem hér segir:

	Að 12,5 kg.	13–16 kg.	16,5–19 kg	19,5–22,5 kg	23 kg og þyngri
I. flokkur*. Vel holdfyllt læri og bak Hvít fituhula	DI *6	DI *2	DI *8	DI *4	
I. flokkur. Vel holdfylltir, miðlungsfita, gallalausir í útliti	DI 6	DI 2	DI 8	DI 4	DI T
II. flokkur. Sæmilega holdfylltir, lítil fita, gallalitlir	DII 6x	DII 2x	DII 8x	DII 4x	DII Tx
II. flokkur 0. Holdgóðir skrokkar, mikil fita	DII 0 6	DII 0 2	DII 0 8	DII 0 4	DII 0 T
II. flokkur 00. Holdgóðir skrokkar, mikil fita og/eða fita sem ekki stirðnar	DII 006	DII 002	DII 008	DII 004	DII 00T
III. flokkur. Allir holdrýrir, fitulitlir, marðir, gallaðir eða með mjög gula fitu	DIII 6xx	DIII 2xx	DIII 8xx	DIII 4xx	DIII Txx

Þar sem skylt er að miða við 100 gr þungamun, skulu kjötmatsmenn gæta þess að hækka eða lækka í flokkum þannig t.d., að 12,7 kg skrokkur merkist í þyndarflokkinn 6 en 12,8 kg í þyngdarflokkinn 2. Sé kjötið vigtað blautt skulu mörkin vera 300 gr hærri (2% af þyngd).

2. gr.

21. gr. 1. tl. rg. nr. 442/1977, sbr. 3. gr. rg. nr. 340/1981, orðist svo:

1. Folaldakjöt.

FO I Skrokka af folöldum allt að ársgömlum, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt allt að 15 mm.

FO II Skrokka af folöldum allt að ársgömlum, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt 15 til 25 mm.

FO II0 Skrokka af folöldum allt að ársgömlum, vel holdfylltum. Fituþykkt 25 mm eða meiri.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. ágúst 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	kr.	4,44 kWh
Fastagjald	kr.	1 743,00 a

C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW/kWh-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald	7 223,00 kr/kWa
Orkugjald:	
0—2500 kWh/kW	2,29 kr/kWh
2500—4000 kWh/kW	1,45 kr/kWh
Yfir 4000 kWh/kW	0,74 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgi kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölugjalds).

Orkugjald	1,56 kr/kWh
Fastagjald	1 743,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,36 kr/kWh af orkuverðinu fyrir allt að 40 000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án sölugjalds).

Orkugjald	1,56 kr/kWh
Fastagjald	1 743,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2

Orkugjald	6,42 kr/kWh
Fastagjald	1 743,00 kr/a

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5 Aflgjald ..... 14 500,00 kr/kWa
af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar 14 500,00 kr/kWa fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1.	Einfasa kWh-mælir	344,00 kr/a
2.	Þrífasa kWh-mælir	1 305,00 kr/a
3.	Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli	2 204,00 kr/a
4.	Þrífasa kW-kWh-mælir	2 204,00 kr/a
5.	Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum	3 508,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1]) kr/m
63 A einfasa	32 000,00	997,00
63 A þrífasa	35 700,00	997,00
100 A þrífasa	56 600,00	1 219,00
200 A þrífasa	117 000,00	1 464,00
315 A þrífasa	176 000,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	221 500,00	—
710 A þrífasa	403 700,00	—
1200 A þrífasa	684 300,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald[1])[2]) Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	6 340,00	997,00
63 A þrífasa	8 825,00	997,00
100 A þrífasa	9 368,00	1 219,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílovoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.
2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 788,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 788,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 788,00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrám um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 349, 24. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. ágúst 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 1986.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1986

	kr.
VELTUFJÁRMUNIR	
Sjóður og bankainnstæður:	
Bankainnstæður	32 784 903,80
Skammtímakröfur:	
Ríkissjóður Íslands	37 168 617,00
Ríkissjóður, bráðabirgðareikningur v/mótfrl.	9 948 800,00
Stofnlánadeild landbúnaðarins	1 211 565,00
Iðgjaldakröfur, áætlun	42 776 120,94
Næsta árs afborganir verðtr. skuldabréfa	154 749 265,00
Næsta árs afborganir óverðtr. skuldabréfa	804 854,00
Skammtímakröfur	246 659 221,94
Veltufjármunir	279 444 125,74
SKAMMTÍMASKULDIR	
Umsjónarnefnd eftirlauna	6 115 308,80
Aðrar skuldir	
Skammtímaskuldir	6 115 308,80
Hreint veltufé	273 328 816,94
FASTAFJÁRMUNIR	
Langtímakröfur:	
Skuldabréf, verðtryggð	1 373 255 860,20
Skuldabréf, óverðtryggð	5 201 499,50
Spariskírteini ríkissjóðs, verðtryggð	29 675 210,00
Langtímakröfur	1 408 132 569,70
Næsta árs afborganir	155 554 119,00
Fastafjármunir	1 252 578 450,70
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**1 525 907 267,64**

YFIRLIT
UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	kr.
Vaxtatekjur og verðbætur	212 860 284,78
Dráttarvextir vegna iðgjalda	1 958 858,11
Dagsektir v/skilagreina	1 174 943,00
Bakf. vaxtaskuld Stofnl.deildar landbúnaðarins	
Vaxtagjöld og innheimtulaun	(39 119,02)
Dráttarvextir v/endurgreiddra iðgjalda 1984	
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(183 973 478,62)
Fjármunatekjur, nettó	31 981 488,25
IÐGJÖLD	
Iðgjöld framl., 1,25% af búvöruverði, áætl.	68 731 618,74
Iðgjöld framleiðenda, viðbótaráætlun	5 440 750,00
Leiðréttingar v/fyrri ára	5 567 512,88
Biðreikningur v/óbókfærðra iðgjalda	165 888,10
Endurgreiðslur iðgjalda umfram hámarksiðgjald	(5 168 729,26)
Mótframlag, 1,60% af heildarverðmæti búvöru	125 144 400,00
Mótframlag, viðbótaráætlun	9 948 800,00
Framleiðendaiðgjöld	209 830 240,46
Iðgjöld launþega	565 122,73
Mótframlög vinnuveitenda	851 742,06
Launþegagjöld	1 416 864,79
Réttindaflutningur til sjóðsins	810 565,92
Réttindaflutningur frá sjóðnum	(196 625,84)
Réttindaflutningur	613 940,08
Iðgjöld	211 861 045,33
FRAMLÖG VEGNA LÍFEYRIS SKV. 2. KAFLA	
Ríkissjóður Íslands 62,5%	35 145 206,00
Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5%	21 085 568,00
Framlög vegna 2. kafla	56 230 774,00
AÐRAR TEKJUR/ÖNNUR GJÖLD	
Aðrar tekjur	62,00

	kr.
LÍFEYRIR	
Lífeyrir skv. 1. kafla	42 113 690,00
Lífeyrir skv. 2. kafla	80 516 690,33
Lífeyrir skv. 2. kafla greiddur af umsjónarnefnd	4 908 560,00
Greiddur lífeyrir	127 538 940,33
Greitt af umsjónarnefnd eftirlauna	(29 209 624,00)
Greiddur lífeyrir af Lífeyrissjóði bænda	98 329 316,33
Framlag sjóðsins til uppbótar á lífeyri UE	5 375 856,00
Lífeyrir	103 705 172,33
REKSTRARGJÖLD	
Laun og launatengd gjöld	3 683 542,00
Annar rekstrarkostnaður	4 273 431,55
Rekstrargjöld	7 956 973,55
Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga	188 411 223,70
MATSBREYTINGAR	
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	183 973 478,62
Matsbreytingar	183 973 478,62
Hækkun á hreinni eign á árinu	372 384 702,32
Hrein eign frá fyrra ári	1 153 522 565,32
Hrein eign í árslok 1986 til greiðslu lífeyris	**1 525 907 267,64**

Reykjavík, 10. apríl 1987.

Benedikt Jónsson,
framkvæmdastjóri.

Stjórn sjóðsins:
Björn Helgason, formaður.
Ásgeir Bjarnason.
Guðjón Hansen.
Gunnar Guðbjartsson.
Sigurður Jónsson.

Löggiltur endurskoðandi:
Vigfús Gunnarsson.

Skipaðir endurskoðendur:
Einar Sverrisson.
Sigurður Líndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1987

14. ágúst 1987 713 Nr. 375

REGLUGERÐ

um skatt af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

1. gr.

Innlendir aðilar skulu greiða skatt til ríkissjóðs af erlendum lántökum, fjármagnsleigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum að því marki sem umsamdar lántökuheimildir eru notaðar og með þeim takmörkunum sem gerðar eru í reglugerð þessari. Skattskyldan hvílir á lántaka eða leigutaka.

Til innlendra aðila skv. 1. mgr. teljast einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, stofnanir og fyrirtæki sem eru skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis, að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

2. gr.

Skattur skv. 1. gr. reiknast af höfuðstól skattskyldra samninga og skal vera sem hér segir:

a. Samningur til 6 mánaða eða skemmri tíma 1%
b. Samningar til lengri tíma en 6 mánaða en þó ekki lengri tíma en eins árs 2%
c. Samningar til lengri tíma en árs 3%

Samanlagður gildistími samninga segir til um í hvaða gjaldflokk þeir falla.

3. gr.

Auk samninga um peningalán nær skattskylda skv. 1. gr. til samninga um kaup eða leigu á vöru, vinnu eða þjónustu, gegn útgáfu hvers konar skuldaviðurkenninga eða formlegra lánssamninga. Sama gildir um hvers konar reikningsviðskipti til lengri tíma en 60 daga, sbr. 5. gr.

4. gr.

Auk samninga sem um ræðir í 3. gr. er neikvæð nettóstaða banka og sparisjóða á reikningum þeirra hjá erlendum viðskiptabönkum vegna daglegra gjaldeyrisviðskipta eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi skattskyld. Nettóstaðan skal reiknast eftir vikulegum skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð og skal skatturinn reiknast af neikvæðri stöðu eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Reikningsviðskipti innlendra aðila við erlenda viðsemjendur þar sem uppgjör fer fram innan 60 daga frá því að til viðskiptanna var stofnað eru undanþegin skatti skv. 1. gr. Með reikningsviðskiptum er átt við vöruviðskipti, eða kaup á vinnu eða þjónustu, þar sem hvorki er gefin út formleg skuldarviðurkenning né formlegur lánssamningur gerður vegna viðskiptanna.

6. gr.

Undanþegin skatti skv. 1. gr. eru afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán tekin erlendis eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða. Sama á við um önnur erlend lán vegna útflutningsafurða sem falla undir ákvæði auglýsingar nr. 309/1986.

Fjármögnun sem er að öllu leyti innlend, hvort sem hún er í formi láns eða leigu, er undanþegin skatti skv. 1. gr. þó að endurgreiðsla eða leigugjald fari fram í erlendum gjaldeyri eða sé gengistryggð, svo sem endurlán andvirðis innlendra gjaldeyrisreikninga.

7. gr.

Ríkissjóður og ríkisstofnanir sem um ræðir í A-hluta fjárlaga eru undanþegin skatti skv. reglugerð þessari.

Taki stofnun sem um ræðir í 1. mgr. erlent lán og endurlánar það öðrum aðilum en þar getur, ber henni að innheimta skatt samkvæmt reglugerð þessari og skila honum í ríkissjóð skv. ákvæðum 9. gr.

8. gr.

Skattskyldir aðilar skulu leggja fram hjá innheimtuaðilum frumrit skattskyldra láns- og leigusamninga, þ. m. t. tilboð og samþykki, lántökuleyfi, sé það fyrir hendi, skeyti og aðrar þær upplýsingar er málið varðar og nauðsynleg teljast að mati Seðlabanka Íslands.

9. gr.

Bankar eða sparisjóðir sem hafa milligöngu um gerð eða framkvæmd skattskyldra samninga skv. reglugerð þessari skulu innheimta skattinn eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis.

Heimflutningur lánsandvirðis, sem er í reiðufé, skal fara um hérlendan banka eða sparisjóð. Yfirfærsla gjaldeyris í banka eða sparisjóði vegna skattskyldra samninga samkvæmt reglugerð þessari eða önnur afgreiðsla skattskylds samningsandvirðis í þessum stofnunum, svo sem vöruskjala eftir gerð samnings og gjaldeyriskaup vegna greiðslna skv. ákvæðum skattskyldra samninga er óheimil nema skattur hafi verið greiddur. Komi í ljós við könnun innheimtuaðila á gögnum sem um hendur hans fara að skattur hafi ekki verið greiddur af skattskyldum samningi skal viðkomandi innheimtuaðili þegar innheimta hann ásamt viðurlögum.

Heimilt er að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands að skipta skattgreiðslum í fleiri en eina greiðslu til samræmis við afhendingartíma samningsandvirðis sé það reitt af höndum í áföngum.

10. gr.

Sé skattskyldur samningur skv. reglugerð þessari gerður án milligöngu banka eða sparisjóðs skal skuldari leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands innan fimm virkra daga frá því að samningur var gerður og greiða skattinn um leið. Að öðru leyti skulu ákvæði 9. gr. eiga við um skattskil skv. þessari grein eftir því sem við getur átt.

11. gr.

Skatti, sem innheimtist skv. 9. gr. skulu innheimtuaðilar skila inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að innheimtan á sér stað. Skattur sem ákvarðast eftir ákvæðum 4. greinar skal greiddur innan 10 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Greiðslum skal fylgja skilagrein í því formi sem Seðlabanki Íslands ákveður.

12. gr.

Skili bankar eða sparisjóðir ekki innheimtum skatti hvers mánaðar í síðasta lagi á gjalddaga skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af hinni vangoldnu fjárhæð frá og með þeim degi.

Greiði þeir sem um ræðir í 10. gr. ekki skattinn innan tilskilins frests skal þeim gert að greiða álag er nemi 5% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddagann, þó ekki hærra en 25%. Eftir það skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, er reiknast skulu frá og með 15. degi næsta mánaðar eftir gjalddagann.

13. gr.

Skattskylda skv. reglugerð þessari tekur ekki til samninga, sem gerðir voru og formlega var gengið frá fyrir 10. júlí 1987, þó svo að afhending samningsandvirðis til skuldara fari ekki fram fyrr en eftir framangreint tímamark.

14. gr.

Skuldbreytingar milli sömu aðila á samsvarandi samningsfjárhæð útistandandi viðskipta, er stofnað var til fyrir gildistöku laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, skulu undanþegnar skatti skv. reglugerð þessari enda fari þær fram fyrir 1. júlí 1988.

Á sama hátt getur Seðlabanki Íslands veitt undanþágu frá greiðslu skatts skv. reglugerð þessari sé nýtt lán tekið til greiðslu á ógjaldföllnum hluta eldra erlends láns enda sé sýnt fram á að hin nýja lántaka hafi ekki í för með sér aukningu erlendra skulda viðkomandi aðila eða lengingu á lánstíma og að með hinni nýju lántöku sé aðeins stefnt að því að fá hagstæðari lánskjör.

15. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar.

16. gr.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 75/1987 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum skulu gilda eftir því sem við á vegna brota á reglugerð þessari.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í IV. kafla laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.

AUGLÝSING

um umferð á Blönduósi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Blönduóshrepps og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Blönduósi:

1. Hnjúkabyggð verði aðalbraut frá Norðurlandsvegi (þjóðvegi 1) að Aðalgötu.
2. Stöðvunarskylda verði á Hnjúkabyggð gagnvart umferð á Norðurlandsvegi (þjóðvegi 1).
3. Bannað er að leggja ökutækjum á eftirtöldum stöðum:
   a) Á vesturhluta Húnabrautar.
   b) Á austurhluta Mýrarbrautar.
   c) Á austurhluta Hólabrautar.
   d) Á vesturhluta Holtabrautar.
   e) Á vesturhluta Árbrautar.

Ákvæði auglýsingarinnar tekur gildi þegar í stað.

Sýslumaður Húnavatnssýslu, 7. ágúst 1987.

Jón Ísberg.

Nr. 377 10. ágúst 1987

AUGLÝSING

um umferð í Árnessýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur ráðuneytið ákveðið að Þingvallavegur (36) skuli teljast aðalbraut gagnvart Uxahryggjavegi (52) og Þjóðgarðsvegi.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. ágúst 1987.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 — 1987

24. júlí 1987 717 Nr. 378

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971, um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Í § 151 breytist eftirfarandi skilgreiningar sem hér segir:

hlífðartaug (einnig varnarleiðari. PE-leiðari). Skilgr. óbreytt.

núlltaug (einnig varnarnúllleiðari, PEN-leiðari). Skilgr. óbreytt.

Á eftir skilgreiningu á heitinu **núllun** komi:

PE-leiðari, sjá **hlífðartaug**

PEN-leiðari, sjá **núlltaug**

Á eftir skilgreiningu á heitinu **spennistöð** koma tvö ný heiti:

spennujöfnun, rafleiðandi tenging til þess að halda sem næst sömu spennu á ýmsum berum leiðandi hlutum og leiðandi hlutum utan raflagna.

spennujöfnunarleiðari, varnarleiðari notaður til spennujöfnunartengingar.

Á eftir skilgreiningu á heitinu **var** komi:

varnarleiðari, sjá **hlífðartaug**

varnarnúllleiðari, sjá **núlltaug**

Eftirtalin heiti og tilheyrandi skilgreiningar falli niður:

Yfirspunnin lausataug ...

léttur gúmstrengur ...

venjulegur gúmstrengur ...

þolinn gúmstrengur ...

2. gr.

§ 203 h) breytist og verður svohljóðandi:

Í neyzluveitum skulu hlífðartaugar, núlltaugar og spennujöfnunartaugar vera tvílitar, gul/grænar. Sjá einnig § 301 b). Aðrar taugar má alls ekki auðkenna með gul/grænum lit.

1. Á teinum í rofa- og greinitöflum og straumteinum (t.d. fyrir krana) má sleppa gul/grænu merkingunni, ef hlífðartaugin eða tengibúnaður hennar er auðkenndur, t.d. með gerð sinni eða merkingu.
2. Litamerkingunni má sleppa, þegar umgerð eða hluti tækis eða virkis er notaður sem hlífðarleiðir.

3. gr.

Aftan við § 203 1) komi tveir nýir liðir:

m) **aðalspennujöfnun.**

1. Í sérhverri byggingu skal lagður aðalspennujöfnunarleiðari sem tengi saman eftirtalda hluta:
   — Aðalvarnarleiðara (PE) eða aðal varnarnúllleiðara (PEN) í inntakskassa eða aðaltöflu.

— Aðaljarðskautsleiðara.
— Jarðtengingu eldingarvarnar.
— Stofnlagnir neysluvatns.
— Stofnlagnir hitunar- og loftræstikerfa.
— Grindur eða burðarhluta bygginga og aðrar pípulagnir úr málmi, svo sem kostur eru.

Skýring:

1. Aðalvarnarleiðari merkir hér varnarleiðarann sem kemur frá straumgjafa (rafala eða spenni) eða liggur frá stofnkassa.
2. Aðaljarðskautsleiðari merkir hér leiðara þann, sem tengist einu eða fleiri jarðskautum.
3. Með stofnlögnum neysluvatns er hér átt við neysluvatnslagnir fyrir heitt og kalt vatn innan við stofnloka. Þegar vatnspípur eru notaðar sem jarðskaut er hinsvegar tengt við þær utan stofnloka.

2. Gildleiki spennujöfnunarleiðara skal ekki vera minni en helmingur af gildleika gildasta varnarleiðarans sem er í lögninni. Gildleiki spennujöfnunarleiðara úr kopar (Cu) skal þó ekki vera minni en 6 mm^2 og hann þarf ekki að vera meiri en 25 mm^2. Sé jöfnunarleiðarinn úr öðrum málmi, skal hann hafa tilsvarandi straumflutningshæfni.

n) **aukaleg spennujöfnun.**

1. Nota ber svonefnda aukalega spennujöfnun til viðbótar aðalspennujöfnun skv. m) í eftirtöldum tilvikum:
   — Þegar skilyrðum um sjálfvirka útleysingu til varnar gegn óbeinni snertingu er ekki fullnægt í lögn eða hluta lagnar.
   — Þegar ákvæði annarsstaðar í þessari reglugerð m.a. §§. 331—344, mæla fyrir um spennujöfnun vegna sérstakra aðstæðna á þeim stöðum.

   Skýring: Aukaleg spennujöfnun getur náð til raflagnarinnar allrar, hluta af lögn, tækjahluta eða staðar.
2. Aukaleg spennujöfnun skal ná til allra berra leiðinna hluta fastra tækja og leiðinna hluta utan raflagna, sem hægt er að snert samtímis, að meðtalinni meginsteypustyrktargrind, þegar því verður við komið. Spennujöfnunarkerfið skal vera tengt við varnarleiðara tækja og tengla veitunnar.
3. Leiki vafi á, hvort aukaleg spennujöfnun sé fullnægjandi, skal sýna fram á, að samviðnámið Z, milli berra leiðandi hluta og leiðandi hluta utan raflagna, sem unnt er að snerta samtímis, sé í samræmi við eftirfarandi:

$$Z \leq \frac{U}{I_a}$$

þar sem

U = mesta fyrirsjáanlega snertispenna,

1_a = útleysistraumur varnarbúnaðar miðaður við útleysitíma samkvæmt neðanskráðri töflu 1.

Þegar notuð eru bræðivör, nægir að sýna fram á, að samviðnámið Z sé fullnægjandi miðað við leyfileg snertispennumörk U_L og straum, sem tryggir, að varið rjúfi á skemmri tíma en 5 s.

Tafla 1.

Hámarks-útleysitími (s)	Fyrirsjáanleg snertispenna	
	V~ (raungildi)	V=
00	<50	<120
5	50	120
1	75	140
0.5	90	160
0.2	110	175
0.1	150	200
0.05	220	250
0.03	280	310

4. Spennujöfnunartengingar skulu gerðar með leiðurum sem fullnægja skilyrðum um varnarleiðara. Auk þess skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum um gildleika spennujöfnunarleiðara.
   - — Spennujöfnunarleiðari, sem tengir saman tvo bera leiðandi hluta rafbúnaðar, skal að minnsta kosti vera jafngildur varnarleiðara þess rafbúnaðar, sem hefur grennri varnarleiðara.
   - — Spennujöfnunarleiðari, sem tengir saman bera leiðandi hluta rafbúnaðar og leiðandi hluta utan raflagnar, skal ekki vera grennri en helmingur af gildleika varnarleiðara rafbúnaðarins.
   - — Spennujöfnunarleiðari skal í ofangreindum tilvikum þó ekki vera grennri en 2.5 mm^2 sé hann búinn hlífum gegn áverkum eða 6 mm^2 sé hann óvarinn, sbr. einnig ákv. § 242 b).

4. gr.

§ 207 g) verður svohljóðandi:

Gera skal ráðstafanir til þess að takmarka spennulyftingu ef jarðhlaup á sér stað frá fasaleiðara.

Varnarnúllleiðarar (PEN) og varnarleiðarar (PE) skulu jarðtengdir nálægt hverjum rafala eða spenni. Séu aðrir góðir jarðtengimöguleikar fyrir hendi, t.d. málmlagnir í jörðu, skal leitast við að jarðtengja varnarleiðara við þær lagnir allsstaðar þar, sem þess er kostur.

Jarðtenging getur verið nauðsynleg á öðrum stöðum dreifðum sem jafnast um kerfið, til þess að tryggja að spenna á varnarleiðurum haldist í bilunartilviki eins nærri spennu jarðar og mögulegt er. Af sömu ástæðu skal jarðtengja varnarnúllleiðara og varnarleiðara (PEN og PE) þar sem þeir liggja inn í hús eða byggingar.

Heildarjarðtengiviðnám allra rekstrarjarðskauta þarf að vera svo lágt sem mögulegt er til þess að jarðhlaup frá fasaleiðara valdi sem minnstri spennulyftingu á öðrum leiðurum, einkum varnarnúllleiðara (PEN) og varnarleiðara (PE).

Talið er fullnægjandi að heildarjarðtengiviðnám sé 2 Ω.

Ef ekki er unnt að ná 2 Ω viðnámi, vegna lágrar eðlisleiðni jarðvegs á svæðinu, verður að fullnægja eftirfarandi skilyrði:

$$\frac{R_B}{R_E} \leqq \frac{U_L}{U_O - U_L} \text{ eða}$$

$$\frac{R_B}{R_E + R_B} \cdot U_O \leqq U_L$$

R_B Heildarjarðtengiviðnám rekstrarjarðskauta kerfisins

R_E Minnsta jarðtengiviðnám leiðinna hluta utan straumrása sem ekki eru tengdir varnarleiðisrás (PEN- eða PE taug) þegar gera má ráð fyrir að jarðhlaup frá fasaleiðara eigi sér stað um þessa hluti.

U_O Málmspenna kerfisins til jarðar.

U_L Leyfileg mörk langvarandi snertispennu.

Í loftlínukerfum skal auk þess jarðtengja núlltaug með eigi lengra bili en 500 m. Ennfremur skal jarðtengja núlltaug í línuenda og í endum hliðargreina, sem eru lengri en 200 m.

5. gr.

§ 207 h) verður svohljóðandi:

Jarðskautstaug sú, er bindur saman núlltaug og vatnspípur, má ekki vera grennri en viðkomandi núlltaug. Hún þarf þó ekki að vera gildari en 50 mm^2 Cu eða 100 mm^2 zinkhúðaður stálborði, minnst 3 mm þykkur.

6. gr.

§ 305 breytist þannig að fyrirsögn og a)- liður verður svohljóðandi:

§ 305 Plaststrengir

a) Plaststreng má nota í fastalagnir við þær aðstæður, sem um getur í reglunum í §§ 331-357 um raflagnir á mismunandi stöðum.

Lagning plaststrengja án málmhlífar (skermleiðara) í jörð er einnig leyfð.

Við lagningu strengjanna ber að fylgja ákvæðum § 307 í reglugerð um raforkuvirki og auk þess eftirgreindum skilyrðum.

1. Strengir skulu gerðir samkvæmt stöðluðum jarðstrengi, sem RER samþykkir til lagningar í jörð. Málspenna skal vera 1000 V og ytri kápa skal vera úr PVC eða PE.
   Staðlar sem RER samþykkir eru m.a. IEC 502, VDE 0271 (t.d. gerð NYY), VDE 0272 (t.d. gerð N2XY), SEN 424.14.11, SEN-424.14.13 (t.d. SE-N1XV).
2. Gildleiki núllleiðara skal vera jafn gildleika fasaleiðara.

7. gr.

§ 307 breytist þannig að aftan við núgildandi a)- lið bætist svohljóðandi ákvæði:

Um merkingu og hlífar strengs í jörð skal fara að, skv. c). Gerð hlífar ræðst af hugsanlegri áraun.

Að því er varðar gerð og styrkleik hlífa og viðvörunarborða til að verja strengi má fylgja dönskum reglum (Stærkströmsreglementet 1952, afdelning C, afsnitt 35) eða samsvarandi reglum.

8. gr.

§ **320 Leiðslurennur**

Leiðslurennukerfi er sameiginlegt heiti fyrir leiðslurennur úr málmi eða einangrunarefni og fylgihluti slíkra rennukerfa, sem mynda verksmiðjuframleidda heild. Slík kerfi geta verið gerð til innfellingar eða til uppsetningar utan á fleti.

Með rennukerfi er m.a. átt við:

— **Listakerfi** til lagningar utan á fleti, einkum á vegg við gólf, loft eða dyr,

— **gólfstokkakerfi** til ífellingar í gólf, (alveg eða að hluta) einkum fyrir strengi, gólftengla o.þ.h.,

— **sólbekkjarennur** til festingar á vegg eða innfellingar, oftast undir sólbekk eða í stað hans. Þær eru venjulega með tengidósum og dósum fyrir rofa eða tengla bæði fyrir raforku- og veikstraumslagnir,
— **sjúkrastofurennur** til festingar á vegg eða innfellingar við sjúkrarúm o.þ.h. á sjúkrahúsum og víðar.

Straumteinastokkar, venjulega ætlaðir til notkunar í iðnaði, tengirennur fyrir lýsingu, strengjabakkar og strengjastigar, strengjastokkar í töflurými o.þ.h. teljast ekki vera leiðslurennukerfi.

Leiðslurenna tekur til hluta sem innihalda taugar eða strengi sem gengið er frá við framleiðslu í verksmiðju eða hafa eitt eða fleiri hólf fyrir taugar og strengi til varnar gegn áverkum og samsvara einni eða fleiri raflagnapípum.

Leiðslurenna getur einnig haft hólf bæði fyrir raforku- og fjarskiptalagnir.

Fylgihlutir er heildarheiti þeirra hluta, sem tilheyra kerfinu t.d. samsetningarhlutar (T-stykki, horn o.fl.), hlífahlutar, gegntök og festingar. Rofar, tenglar og dósir geta verið sérstakir fylgihlutir.

1. **Almennt**

Reglur þessar eiga við rennukerfi fyrir leiðslur með allt að 400 V spennu, að jafnaði gerð til uppsetningar á þurrum stöðum án brunahættu. Kerfið skal hæfa aðstæðum á notkunarstað.

Skýring: Með leiðslurennukerfi er hér ekki átt við straumteinarennur, tengirennur, strengrennur og strengstiga, strengrásir í rofa- og tengivirkjum o.þ.h.

2. **Leiðslurennur, gerð**

Nota má lista og stokka til þess að útbúa leiðslurennur, ásamt fylgihlutum úr einangrunarefni eða málmi. Rennuefni úr málmi skal þó klætt að innan með einangrunarefni ef lagðar eru í þær taugar með rekstrareinangrun eingöngu.

Kerfin skulu þannig gerð að taugar geti ekki skaddast af ójöfnum eða skörpum brúnum. Þau skulu vera af þannig gerð og þannig komið fyrir, að ekki valdi hættu eða hafi í för með sér hættu á íkveikju eða öðru tjóni við eðlilegan rekstur.

Skýring: Kerfi, sem fullnægir gildandi EMKO[1] reglum telst fullnægja þessari reglugerð.

Lagning síma og annarra veikstraumslagna getur verið bundin sérstökum skilyrðum um nægilegt rými, svo og um truflanir t.d. frá tyristorstýritækjum. Leiðslurennur eru ekki ætlaðar til lagningar óviðkomandi rörlagna fyrir loft, glaðloft, súrefni, vatn o.s.frv.

Rör fyrir glaðloft og súrefni mega þó liggja í sjúkrastofurennum, séu þau aðskilin með skilrúmi frá hólfum með raflögnum, rafbúnaði o.þ.h.

Varðandi álag og yfirstraumsvarnir lagna sjá § 302.

3. **Vörn gegn snertingu**

Rennukerfi skal vera þannig gert og svo fyrir komið að óeinangraðir eða rekstrareinangraðir spennuhafa hlutir séu tryggilega varðir gegn snertingu þegar kerfið hefur verið sett upp á eðlilegan hátt. Umgerð, sem myndar vörn gegn snertingu slíkra hluta, skal ekki vera opnanleg nema með verkfæri. Óeinangraðir hlutar raforkulagna (sterkstraumslagna) skulu vera varðir gegn snertingu þó að hólf veikstraumslagnar hafi verið opnað vegna lagningarvinnu eða eftirlits.

Skýring: Sjá lið 4 varðandi umgerð rennukerfa fyrir strengi (taugar með kápu).

[1]EMKO eru samtök raffangaprófunarstofnana á Norðurlöndum.

4. **Vörn gegn áverkum**

Rennukerfi skulu vera þannig gerð og þannig komið fyrir að þau tryggi nægilega vörn fyrir leiðslur þær sem í þeim liggja. Við hæstu leyfilega spennu og mesta álag skulu þau hafa nægilegt þol gegn rafmagns-, kraft- og hitaáraun. Einnig skulu rennukerfin þola þær áraunir sem þau kunna að verða fyrir við flutning, lagningu og við venjulega notkun.

Ekki skal vera unnt að opna rennur sem í eru strengir með kápu, nema með hjálp verkfæra, ef strengirnir eru ekki varðir gegn áverkum á fullnægjandi hátt vegna legu sinnar eða með öðrum hætti.

Skýring: Varðandi rennur með óeinangruðum eða rekstrareinangruðum spennuhafa hlutum, sjá lið 3. Sem dæmi um strengi sem eru varðir gegn áverkum vegna legu sinnar má nefna strengi í loftlistarennu (listakerfi).

5. **Lagning**

Leiðslurennur skulu vera vandlega festar á undirlag sitt. Festingin má ekki geta skemmt rennuna eða taugar og strengi í henni.

Leiðslur skulu vera huldar af rennunni við tengi- og greinistaði, gegntök o.þ.h., svo og einnig við inntök í tengla, rofa og annan slíkan búnað.

Þar sem strengir eða taugar með rekstrareinangrun liggja inn í rennu skal ganga þannig frá að hvorki sé hætta á skemmdum á taugunum né rennunni.

Ganga skal þannig frá taugum í rennu að við innfærslustaði í tæki, dósir o.þ.h. sé ekki hætta á skaðlegum snúningi eða togi á taugarnar.

Skýring: Ákvæði þriðju málsgreinar koma ekki í veg fyrir að lagnir sem liggja frá rennu til tækja, taflna o.þ.h. utan rennunar, séu strengir eða ídráttartaugar í röri.

Ákvæði síðustu mgr. miðar að því að koma í veg fyrir skemmdir við ídrátt viðbótarstrengja í hólf þar sem strengir eru fyrir. Við slíkar viðbætur getur orðið togáraun á strengina sem fyrir eru í hólfinu. Einnig getur þurft að létta togáraun af taugum sem hanga lóðrétt í rennu, t.d. með sérstökum taugarfestingum.

6. **Samsetningar og greiningar**

Samsetningar og greiningar tauga í rennukerfi skulu gerðar í skrúfklemmum eða toppklemmum eða á annan jafntryggan hátt. Einangrun samsetninga, greininga og viðtenginga skal vera jafngóð og einangrun annarra hluta lagnarinnar. Tengirými í rennukerfinu og dósir fyrir tæki eða samsetningar og greiningar skulu vera rúmgóðar og hentugar.

Skýring: Um snertivörn fyrir óeinangraða og rekstareinangraða spennuhafa hluta sjá lið 3. Síðasta málsgreinin kemur ekki í veg fyrir að samsetning með toppklemmu sé undir sérstöku loki í rennu, sem er nægilega rúm til þess, t.d. við hornstykki.

7. **Taugar í sameiginlegu rými**

Taugar sem eingöngu hafa rekstareinangrun (t.d. ídráttarvír), og tilheyra mismunandi greinum eða kvíslum mega ekki liggja í sama rennuhólfi, sama tengihólfi eða þ.h.

Önnur hugsanleg hólf (rými), þar með talin tengihólf fyrir veikstraumsleiðslur, skulu vera aðskilin frá óeinangruðum eða rekstrareinangruðum hlutum raforkulagna.

Skýring: Ákvæðin koma ekki í veg fyrir að leiðslur mismunandi greina eða kvísla eða veikstraumsleiðslur liggi í aðskildum tengihólfum sem verða til við að sett eru skilrúm eða þ.h. í sameiginlega tengidós. Einangrun með límbandi eingöngu eða þ.h. er ekki talin fullnægja ákvæðinu hér að ofan um aðskilnað í tengihólfi.

8. **Varnarleiðarar**

Varnarleiðarar (PE) og miðleiðarar (N) í listakerfi fyrir óeinangraða leiðara skulu vera auðþekktir með hjálp greinilegrar merkingar.

Skýringar: Átt er við merkið ⏚ fyrir varnarleiðara og bókstafinn N fyrir miðleiðara.

9. **Merkispjald**

Þar sem lagt er listakerfi skal koma fyrir viðvörun um hættu af að negla í gegnum listakerfið ásamt banni við því að hengja hluti á það.

Skýring: Hentugur staður fyrir slíka viðvörun getur t.d. verið við hlutaðeigandi greinitöflu.

9. gr.

§ 339 h) verður svohljóðandi:

h) Snertispennuvarnir.

Skylt er að beita snertispennuvörnum skv. §§ 203—211 eins og við á hverju sinni. Snertispenna má ekki fara yfir 24 V þar sem vernda á húsdýr. Lekstraumsrofar skulu hafðir fyrir hverja veitu eða hvern veituhluta. Marklekastraumur lekastraumsrofa má ekki vera meiri en 0.5 A. Marklekastraumur lekastraumsrofa fyrir tenglagreinar með 32 A tenglum eða minni, skal þó ekki vera meiri en 30 mA. Hjálparskaut bilunarspennurofa má ekki hafa meira viðnám en 100 Ω.

Í húsum fyrir kvikfénað skal lagt sökkuljarðskaut.

Mælt er með að málmgrind (málm) sé lögð í gólf á svæði þar sem gripir eru og tengd varnarleiðara veitunnar.

Mælt er með því að bönd og klafar gripa séu einangraðir frá járnhlutum eða gerðir úr einangrandi efni.

10. gr.

Í § 339 bætast við tveir nýir stafliðir svohljóðandi:

i) Aukaleg spennujöfnun.

Beita skal aukaspennujöfnun samkvæmt § 203 n) í gripahúsum. Tengja skal saman alla bera leiðandi hluta rafbúnaðar og leiðandi hluta utan raflagna, sem húsdýr geta komist í snertingu við. Þeir hlutir skulu jafnframt tengdir varnarleiðara veitunnar.

Á svæði því sem gripir standa á (bás, flór, kró) skal vera spennujöfnun, sem jafnframt skal vera tengd öðrum leiðandi hlutum umhverfisins.

Spennujöfnunartaugar skulu

— vera úr heitzinkuðum stálborða minnst 30 mm x 3,5 mm eða,

— úr sívölu heitzinkuðu stáli minnst 8 mm í þvermál.

Lagning jarðtengi- og spennujöfnunartauga skal vera í samræmi við ákv. § 241) og § 242).

Tengingar leiðandi hluta sem ekki er hægt að tengja beint við spennujöfnunarleiðara úr ofangreindu efni eru leyfðar við tengistað úr öðru hentugu efni, enda sé gætt nægilegrar áverka- og tæringarvarnar.

j) Raforkuvirki skulu vera þannig gerð og fyrir komið að þeim sé sem minnst hætta búin af áverkum og tæringu.

11. gr.

§ 342 d) liður verður svohljóðandi:

d) Sérákvæði um bílageymslur íbúðarhúsa fyrir 1—2 bíla.

Að öðru leyti en segir í þessum lið gilda ákvæði stafliða a) til c). Ekki eru gerðar meiri kröfur um vatnsvörn en fram kemur hér á eftir nema sérstakar ástæður, svo sem óvenjuleg gerð eða notkun bílageymslunnar, komi til. Ef upphitun er engin gilda ákvæði § 334 varðandi vatnsvörn.

1. Nota má venjulegan búnað raflagnar í lofti og veggjum ofan 1,1 m hæðar frá gólfi bílageymslunnar.
2. Tenglar og rofar mega vera af venjulegri gerð séu þeir ofan 1,1 m hæðar frá gólfi bílageymslunnar, annars a.m.k. dropavarðir (IPX1).
3. Lampabúnaður á lofti og veggjum má vera af venjulegri gerð ofan 1,5 m hæðar frá gólfi bílageymslunnar, annars a.m.k. dropavarinn (IPX1).
4. Önnur neyslutæki, svo sem rafmagnsofnar og -hreyflar mega vera af venjulegri gerð séu þeir ofan 1,1 m hæðar frá gólfi, annars a.m.k. dropavarðir (IPX1).
5. Töfluskápar skulu vera a.m.k. af hlífðarflokki IP21. Varðandi hæð töflu frá gólfi sjá § 268.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júlí 1987.

Friðrik Sophusson.

Páll Flygenring.

Nr. 379

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1986.

Rekstrartekjur:

	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu	966 625,00
Innheimtuþóknun önnur	574 586,00
Endurkrafinn innheimtukostnaður	1 109 849,00
Vextir	15 299 335,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	0
	17 950 395,00

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	6 949 813,00
Annar rekstrarkostnaður	2 538 407,00
Gjaldfærð fjárfesting	3 145 745,00
	12 633 965,00
Hagnaður	5 316 430,00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1986.

Eignir:

Sjóður	2 570 206,00
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	4 053 547,00
Skuldabréfaeign	50 000,00
Ógreidd innheimtuþóknun	542 182,00
Óinnheimtar kröfur	626 598 788,00
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	0
	633 814 723,00

Skuldir:

Ógreiddur kostnaður	1 508,00
Tryggingastofnun ríkisins	20 905 639,00
Erlendar innheimtur	491 772,00
Félagsmálaráðuneytið	220 625,00
	21 619 544,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	556 515 493,00
Dráttarvextir óinnheimtir	50 363 256,00
Óráðstafað eigið fé	5 316 430,00
	633 814 723,00

Reykjavík, 29. júní 1987.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Guðmundur Vignir Jósefsson, formaður. **Hallgrímur Dalberg.**

Steinþór Júlíusson. **Árni Guðjónsson.**

12. ágúst 1987 Nr. 380

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hveragerði.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Hveragerði, þar með talið bílskúrum og geymslum, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skal greiða gatnagerðargjald í A-flokki til bæjarsjóðs eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

2. gr.

Af öllum fasteignum í Hveragerði, sem veitt hefur verið byggingarleyfi fyrir, fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skal greiða gatnagerðargjald í B-flokki til bæjarsjóðs, enda sé lokið við að leggja bundið slitlag á viðkomandi götu ásamt gangstéttum og ekki lengri tími liðinn en fimm ár frá því að framkvæmdum var lokið. Ekki skal greiða gatnagerðargjald í B-flokki af þeim fasteignum, sem veitt hefur verið byggingarleyfi fyrir, eftir að reglugerð þessi tekur gildi.

3. gr.

Gjald í A-flokki reiknast af stærð byggingar eða bæði af stærð byggingar og lóðar en gjald í B-flokki reiknast af stærð lóðar eða bæði af stærð lóðar og byggingar. Gjöldin reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af byggingarkostnaði pr. rúmmetra eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands hverju sinni. Miðað skal við vísitölu byggingarkostnaðar 320 stig og rúmmetra vísitöluhúss kr. 9 431,56 með þeim breytingum er síðar kunna að verða.

4. gr.

Gatnagerðargjald í A-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús		7.0% pr. rúmmetra húss
2. Parhús		6.0% pr. rúmmetra húss
3. Raðhús		5.5% pr. rúmmetra húss
4. Fjölbýlishús		4.0% pr. rúmmetra húss
5. Versl. skrifst. stofn	af húsi	3.0% pr. rúmmetra húss
	af lóð	3.0% pr. fermetra lóðar
6. Iðnaðarhús	af húsi	2.0% pr. rúmmetra húss
	af lóð	1.5% pr. fermetra lóðar
7. Gróðurhús	af húsi	1.0% pr. rúmmetra húss
	af lóð	1.5% pr. fermetra lóðar

5. gr.

Gatnagerðargjald í A-flokki skal lagt á lóðarhafa þegar byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd og miðast það við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag og greiðist þannig:

1. 25% áætlaðs gatnagerðargjalds greiðist þegar lóð hefur verið úthlutað enda tekur úthlutunin ekki gildi fyrr en gjaldið hefur verið greitt.
2. Helmingur gjaldsins skal vera greiddur áður en byggingarframkvæmdir hefjast en þó ekki síðar en 20 dögum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd.
3. 25% gjaldsins greiðist 6 mánuðum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd.
4. Að lokum skal greiða 25% gjaldsins 12 mánuðum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd enda sé viðkomandi gata þá fullfrágengin samkv. teikningum.

Vextir skulu reiknast á lið 3 og lið 4 og vera hæstu skuldabréfavextir samkvæmt vaxtaákvörðun Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma.

6. gr.

Gjald í B-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús		1.2% pr. fermetra lóðar
2. Raðhús, 1h.		1.2% pr. fermetra lóðar
3. Raðhús, 2h. og fjölbýlishús		1.2% pr. fermetra lóðar
4. Versl. skrifst. stofn.	af lóð	1.2% pr. fermetra lóðar
	af húsi	0.5% pr. rúmmetra húss
5. Iðnaðarhús	af lóð	0.6% pr. fermetra lóðar
	af húsi	0.5% pr. rúmmetra húss
6. Gróðurhús	af lóð	0.6% pr. fermetra lóðar

7. gr.

Gjald skv. 6. gr. greiðist þannig:

1. 20% gjaldsins greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.
2. 80% gjaldsins greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum.

Vextir skulu vera hæstu skuldabréfavextir samkvæmt vaxtaákvörðun Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma.

Lokagreiðsla gatnagerðargjaldsins skal þó ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á gatnagerðargjaldi í B-flokki þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

9. gr.

Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af húsnæðinu fyrir og eftir breytingu.

10. gr.

Ef um er að ræða lóð þar sem á að standa bæði íbúðar- og gróðurhús er bæjarstjórn heimilt að áætla stærð lóða fyrir íbúðarhúsið til álagningar gatnagerðargjalda.

11. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í viðkomandi eign. Heimilt er að taka gjöld skv. reglugerð þessari lögtaki.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 202 frá 29. apríl 1977 um gatnagerðargjöld í Hveragerðishreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1987.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

29. júlí 1987 Nr. 381

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjöld fyrir Ísafjarðarkaupstað.

B-gatnagerðargjöld.

1. gr.

Af öllum húsum á Ísafirði, hvort sem þau eru á eignar- eða leigulóðum skal greiða gatnagerðargjöld (B-gjöld) til bæjarsjóðs Ísafjarðar samkvæmt gjaldskrá þessari. Skal gatnagerðargjaldinu varið til að standa undir kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og lagningu gangstétta.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er ákveðinn hverju sinni á vísitöluhúsi, skv. reikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,0%
Raðhús	1,5%
Fjölbýlishús	0,75%
Atvinnuhúsnæði	0,75%
Verslanir og skrifstofur	2,0%
Opinberar byggingar	2,0%

Gjöldin miðast við brúttórúmmál húss og reiknast á sama hátt og við útreikning á A-gatnagerðargjöldum, sbr. gr. 2.2. í „Reglugerð um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað".

Gatnagerðargjald B skal miðast við byggingarkostnað vísitöluhúss á þeim tíma þegar framkvæmdum lýkur.

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 2. gr. fellur í eindaga einum mánuði eftir að framkvæmdum lýkur.

4. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af tekjulágum eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði eigendaskipti á húseign, þar sem frestað hefur verið innheimtu á gatnagerðargjaldi, skal bæjarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum á byggingarvísitölu, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

5. gr.

Þegar svo hagar til að gatnagerðargjaldið er ætlað til lagningar gangstétta eingöngu, skal gjaldstuðull vegna gangstétta vera ⅓ af gjaldstuðli fyrir viðkomandi fasteign skv. gr. 2.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi þessu fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það, ásamt vöxtum og verðbótum, fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1987

25. ágúst 1987 729 Nr. 382

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

1. gr.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennur taxti

Orkugjald	4,62	kr/kWh
Fastagjald	1 361,00	kr/ár

B. Afltaxti

Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.

Orkugjald	1,16	kr/kWh
Aflgjald	5 879,00	kr/kW/ár
Fastagjald	10 356,00	kr/ár

Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls. Lágmarksafl 30 kw.

C. Húshitunartaxtar

C.1	Orkugjald	3,22	kr/kWh
	Án rofs		
C.2	Orkugjald	1,55	kr/kWh
	Rof allt að 4 h/d		
C.3	Orkugjald	0,83	kr/kWh
	Rof allt að 12 h/d		
	Fastagjald	4 212,00	kr/ár

Fyrir taxta C1, C2 og C3.

2. gr.

TENGIGJÖLD.

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara		Tengigjald kr.
T 1	63A	1-fasa	22 939,00
T 2	63A	3-fasa	30 962,00
T 3	100A	—	49 042,00
T 4	200A	—	97 858,00
T 5	315A	—	154 584,00
T 6	400A	—	195 829,00
T 7	630A	—	308 038,00
T 8	710A	—	348 153,00
T 9	1200A	—	587 713,00

B 49

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Önnur ákvæði:

a) **Um heimtaugar:**
Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.
Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umframmetra greiðist sem svarar 1/40 hluta tengigjalds.
Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) **Um spennistöðvar:**
Þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) **Um bráðabirgðaheimtaugar:**
Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) **Um spennubreytingu:**
Ef 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug og rafbúnaði innan húss, sem af þessu kann að leiða.

e) **Almennt um heimtaugar:**
Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar.
Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.

ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. **Sérákvæði um rafmagnssölu.**

1.1. **Rafmagn til mannvirkjagerðar.**

Fastagjald	2 302,00	kr/a
Orkugjald	7,00	kr/kWh

1.2. **Gjöld vegna götulýsingar og annarrar útilýsingar.**

Aflgjald miðað við uppsett afl	8 264,00	kr/kW/a
Viðhaldsgjald miðað við uppsett afl	10 147,00	kr/kW/a
Gjald samtals	18 411,00	kr/kW/a

1.3. **Önnur sérákvæði.**
Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.

2. **Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin.**

2.1. **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:**
að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar,
að vélaafl, spennar og línur þoli álagið,
að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,
að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.

2.2. **Um fasvikstuðul hjá notanda.**
Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

2.3. **Opnunargjald.**
Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald kr. 919,00 fyrir enduropnun.

2.4. **Um dráttarvexti.**
Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5. **Um sölugjöld.**
Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innfalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

2.6. **Breytingar á gjaldskrá.**
Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 21, 15. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 25. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

21. ágúst 1987 Nr. 383

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Raforkuverð:

		Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
	Almennir taxtar.			
A1	Almenn heimilisnotkun	1 538,00		3,76
A2	Almenn notkun. Öll alm. notkun ótalin annars staðar	1 538,00		4,27
A3	Mannvirkjagerð	1 538,00		6,04
	Afltaxtar.			
B1	Afl- og orkumæling	2 871,00	5 327,00	1,16
B2	Sértaxti Gefjunar	2 871,00	5 403,00	0,63/0,57
B3	Götu- og hafnarlýsing			

Hitataxtar.

C1	Rofin daghitun.		
	Roftími 2×1,30 klst.	3 075,00	1,41
C2	Rofin næturhitun.		
	Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	2 871,00	1,18
C3	Órofin hitun	2 871,00	2,96/1,86

Heimtaugagjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr.	Málstr.	Heimtaugargjöld	
		220 V kerfi	380 V kerfi
mm²	A.	kr.	kr.
1× 6	25	7 315,00	7 315,00
3; 10	63	27 049,00	27 049,00
3× 50	125	42 412,00	44 532,00
3× 95	200	63 617,00	88 534,00
3×150	260	80 582,00	113 451,00
3×240	315	106 029,00	148 441,00
3×300	400	137 838,00	190 852,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
	kr.	kr/m.	kr/stólpi
63 A 1-fasa	4 920,00	726,00	9 225,00
63 A 3-fasa	6 888,00	726,00	10 700,00
100 A 3-fasa	7 257,00	960,00	12 300,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 550,00.
   Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 550,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanteknum C-liðum.

Skýringar.

A1 Taxti fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
A2 Taxti fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
A3 Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
B1 Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári.
   Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfflatargjald, 61,00 kr/m^2.
   Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfflatargjaldið samkv. ákvörðun rafveitunnar.
B2 Taxti fyrir sölu á 11 kV.
B3 Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu er ákveðið af bæjarstjórn.
C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu 08 til 23.
C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 299, 26. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	kr. 9,00 á kWh
1.2	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	kr. 5,30 á kWh

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	kr. 4,70 á kWh

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	kr. 5,30 á kWh
	Lágmarksgjald	18 × F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	kr. 23 980,00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	kr. 7 577,00 á kW
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	kr. 1,88 á kWh
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	kr. 6 866,00 kW á ári
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	kr. 1,58 á kWh
3.4	Til súgþurrkunar	
	Fast gjald	F1
	Orkugjald	kr. 2,23 á kWh

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	kr. 3,16 á kWh
	Roftími allt að 1 klst. á dag.	

		Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.	Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði.
4.2	Fast gjald	590,00 kr/kW/ári	7 330,00 kr/ári
	Orkugjald	1,84 kr/kWh	1,21 kr/kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Orkugjald	1,25 kr/kWh	1,25 kr/kWh
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	kr. 4,70 á kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1 ..... kr. 85,00 á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o.þ.h. ..... kr. 3,40 á m^2 mán.
b) Gangar, geymslur o.þ.h. ..... kr. 2,05 á m^2 mán.
F3 ..... kr. 2 403,00 /ári

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, 25 m^2 eða stærra reiknast tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o.þ.h. 20 m^2 mælt innan útveggja.
c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o.þ.h. 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.
d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m^2 eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m^2 ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW ..... kr. 590,00 kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun ..... kr. 1 000,00

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt ..... kr. 600,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 204,00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... kr. 14 740,00
5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 16, 7. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. ágúst 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 385 21. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1.1	Til almennrar lýsingar.	
	Orkugjald	6,38 kr/kWh
1.2	Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
	Orkugjald	7,90 kr
1.3	Til úti- og götulýsingar samkvæmt uppsettu afli.	
	Aflgjald	8 520,00 kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	9 245,00 kr/kW/ár
	Samtals	17 765,00 kr/kW/ár
1.4	Til sumarnotkunar eingöngu.	
	Orkugjald	4,88 kr/kW/ár

2. Heimili o. fl.

2.1	Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
	Orkugjald	5,79 kr/kWh

3. Vélar o. fl.

3.1	Til vélanotkunar.	
	Orkugjald	6,37 kr/kWh
3.2	Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
	Orkugjald	1,88 kr/kWh
	Aflgjald	6 575,00 kr/kWh/ár

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 2,89 kr/kWh

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 2½ klst. á dag.
Orkugjald ..... 1,13 kr/kWh

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 4,17 kr/kWh

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 1,30 kr/kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir einfasa	kr. 466,00
Orkumælir þrífasa	kr. 1 097,00
Orkumælir þrífasa með straumspennum	kr. 1 875,00
Aflmælir	kr. 1 785,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 2 835,00
Klukkurofi	kr. 460,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal árleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGAGJALD.

Heimtaugagjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengir kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	35 580,00	1 158,00	9 494,00
3 × 63	38 560,00	1 158,00	16 450,00
3 × 100	61 110,00	1 771,00	20 710,00
3 × 200	120 940,00	2 936,00	
3 × 315	191 400,00	3 417,00	
3 × 400	245 280,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	435 270,00		
3 × 1200	731 600,00		

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A ..... kr. 7 855,00

3 × 63A ..... kr. 10 634,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun ..... kr. 1 000,00

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 61, 6. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 386 21. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:
   1. Gróðurhús 100 m^2 og stærri ..... kr. 694,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
   2. Önnur hús ..... kr. 277,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjöld:
   1. Gróðurhús ..... kr. 164,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
   2. Önnur hús ..... kr. 459,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin til greiðslu í hverjum mánuði og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m^3 að utanmáli	kr.	51 550,00
Hús 300—2000 m^3 að utanmáli	kr.	51 550,00
fyrir 300 m^3 og	kr.	48,00
á hvern rúmmetra þar yfir.		
Hús stærra en 2000 m^3 að utanmáli	kr.	117 200,00
fyrir 2000 m^3 og	kr.	32,00
á hvern rúmmetra þar yfir.		
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki	kr.	4 020,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 320 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 453 22. október 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 387 24. ágúst 1987

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að breyta aðalbrautarrétti á gatnamótum Álfabakka og Stekkjarbakka með því að afnema stöðvunarskyldu á Stekkjarbakka gagnvart Álfabakka og setja í þess stað biðskyldu á Álfabakka gagnvart Stekkjarbakka.

Ákvörðun þessi tekur gildi um leið og umferðarljós á gatnamótunum verða tekin í notkun.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. ágúst 1987.
Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Verð hverrar getraunaraðar er 10 krónur.

Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Af heildarupphæð vinninga skulu 4% lagðir í sérstakan sjóð. Sjóður þessi leggst við heildarupphæð vinninga 3 eða 4 sinnum á reikningsári eftir ákvörðun stjórnar Íslenskra Getrauna, þar af ávallt í síðustu leikviku hvers reikningsárs. Skal þessa jafnan minnst á seðlum viðkomandi leikviku. Heildarupphæð vinninga skiptist síðan í 2 hluta og skiptast 70% hennar milli þeirra seðla sem 12 réttar ágiskanir hafa, en 30% skiptast milli þeirra sem næstflestar réttar ágiskanir hafa.

Sé einn seðill með 12 réttar ágiskanir rennur öll upphæðin í 1. vinningsflokki til hans en séu fleiri seðlar með 12 réttar ágiskanir skiptist vinningsupphæð í 1. vinningsflokki jafnt milli þeirra. Allir vinningshlutar í 1. flokki lækka þannig að þeir standi á 5 kr. eða 10 kr. Mismunurinn rennur í varasjóð.

Í 2. vinningsflokki skiptist vinningsupphæðin jafnt á milli þeirra sem næstflestar réttar ágiskanir hafa. Verði vinningshluti í 2. vinningsflokki hærri en vinningshluti í 1. flokki skulu vinningsflokkarnir sameinaðir og vinningshlutar vera jafnháir. Allir vinningshlutar í 2. vinningsflokki skulu lækka þannig að þeir standi á heilli krónu. Mismunurinn rennur í varasjóð.

Komi enginn seðill fram með 12 réttar ágiskanir leggst vinningsupphæð 1. vinningsflokks við 1. vinningsflokk næstu getraunaviku á eftir. Ávallt skal samt úthluta úr 2. vinningsflokki þótt enginn seðill komi fram með tólf réttum ágiskunum og skal skipta honum jafnt milli þeirra seðla sem flestar réttar ágiskanir hafa.

Vinningar sem ekki ná 500 kr. skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki 500 kr. bætist vinningsupphæð 2. flokks við vinningsupphæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki 500 kr. og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. ágúst 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra, 11. ágúst 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur. Hann er stofnaður samkvæmt ákvörðun Haraldínu Helgu Sigurðardóttur og Sigurðar Jónssonar, Fjölnisvegi 18, Reykjavík, í sameiginlegri erfðaskrá þeirra dags. 25. maí 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur eftir þau hjón, samtals kr. 2 268 833, tvær milljónir tvö hundruð sextíu og átta þúsund átta hundruð þrjátíu og þrjár krónur, en höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, er kr. 50 000.

3. gr.

Varðveisla sjóðsins og ávöxtun er í höndum stjórnar Vísindasjóðs. Stjórn Vísindasjóðs ákveður fjárhæð þá, sem veitt er úr sjóðnum hverju sinni.

4. gr.

Tekjur sjóðsins og/eða stofnfé, sbr. þó 2. gr. um höfuðstól, skal varið til eflingar rannsóknum í meinafræði (paþólógíu) manna og dýra. Stjórn raunvísindadeildar Vísindasjóðs úthlutar styrkjum úr sjóðnum og annast eftirlit með að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, þegar þeir voru veittir.

5. gr.

Verði veruleg breyting gerð á raunvísindadeild Vísindasjóðs eða hún lögð niður án þess að annar aðili komi í hennar stað, skal fé sjóðsins renna til Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum eða annarrar slíkrar stofnunar á vegum Háskóla Íslands samkvæmt ákvörðun háskólaráðs.

6. gr.

Um endurskoðun og birtingu reikninga fer að lögum um eftirlit með opinberum sjóðum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði skv. 6. gr. 2. og 12. tl. l. nr. 109 14. nóvember 1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

1.1 **Reykjavíkursvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn. Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

1.2 **Kópavogssvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn. Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

1.3 **Kjósarsvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellsbær tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

2. gr.

2.1 Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

2.2 Heilbrigðisnefnd Kópavogssvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

2.3 Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

3. gr.

3.1 Um skipan og framkvæmd heilbrigðiseftirlits á Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

4.1 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 25. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Tálknafjarðarhreppi, V-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

2. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum í Tálknafjarðarkauptúni skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2.0%
Raðhús og tvíbýlishús	1.7%
Fjölbýlishús	1.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.0%
Opinberar byggingar	2.0%
Aðrar byggingar	1.0%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Í atvinnuhúsnæði skal ætíð við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds, miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað að því er til stækkunar tekur.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald þeirrar húsagerðar, sem á lóðinni er.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast, þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi enda sé aðeins gengið í húsrýmið innan frá.

Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluta þess skal lóðarhafi greiða kr. 7,30 af hverjum fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á lóð eða ekki.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð, skal lækka gjald skv. 3. gr. vegna nýja hússins um þá upphæð, sem svarar til rúmmáls hússins, sem rifið var. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 3. gr. vegna nýja hússins.

5. gr.

Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum teikningum. Nú er ekki fyrirliggjandi teikning og skal þá miðað við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum	400 m^3
Íbúðir í fjölbýlishúsum	300 m^3

Aðrar byggingar skv. 3. gr. skal ákvarða til lágmarksstærðar af byggingafulltrúa í hverju tilviki fyrir sig.

Lágmarksgjald samkvæmt lágmarksstærðum, skal greiða innan eins mánaðar frá lóðarúthlutun. Með lágmarksgjaldi er átt við gjald miðað við m^3 stærð húsnæðis, m^3 stærð bílgeymslu og annars húsnæðis er ekki hefur áður verið greitt fyrir í lágmarksgjaldinu, einnig stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsis og byggingarleyfisgjald skv. gjaldskrám.

Þegar byggt er á eignarlóð eða eldra hús stækkað, skal greiða gjaldið áður en byggingarframkvæmdir hefjast.

Byggingarframkvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör hafi farið fram.

Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila.

6. gr.

Gjald skv. 3. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhúss eins og hann kann að vera þann dag er lóðarúthlutun fer fram og lágmarksgjald er reiknað út, og eins og hann kann að vera, þegar teikning er endanlega samþykkt í byggingarnefnd og lokagjald reiknað út. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytingu.

7. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 5. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur hreppsnefnd þá úthlutað lóðinni á ný.

8. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi þ. e. þeim m^3 fjölda er áður hefur verið greiddur, á því rúmmetragjaldi, er gildir sbr. 3. gr. þegar lóð er skilað. Heimilt er að fresta endurgreiðslu, uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því lóðinni er skilað.

Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð, skal sveitarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innistæðu hans er ógreidd kann að vera í 3 mánuði eða lengur. Sé lóðin tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum, skal sama gilda, utan innistæða hans ber ekki vexti verði heimild til frestunar á greiðslu notuð.

9. gr.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar, skal reikna gjaldið að nýju en áður greitt gjald kemur til frádráttar. Þ. e sama m^3 tala og greidd hafði verið.

Sé gjald ekki greitt innan eins mánaðar sbr. 5. gr. skal endurreikna það eftir þann tíma til samræmis við hugsanlega breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhúss sbr. 2. gr.

Komi til að lágmarksgjald, sem greitt er samkvæmt lágmarksstærðum, reynist hærri í krónutölu en lokagjaldið skal endurgreiða mismuninn á raunvirði vaxtalaust.

10. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarsjóði miðað við ástand hennar.

11. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og frágang gangstétta.

12. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Tálknafjarðarkauptúni skal greiða gatnagerðaragjald til sveitarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

13. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3,5%
Raðhús og tvíbýlishús	2,7%
Fjölbýlishús	2,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
Opinberar byggingar	3,5%
Aðrar byggingar	1,5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Í atvinnuhúsnæði skal ætíð, við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli nema uppdráttur sýni lægri lofthæð. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað að því er til stækkunar tekur.

Af bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald þeirrar húsgerðar sem á lóðinni er.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi enda sé aðeins gengt í húsrými innan frá.

14. gr.

Gjald skal miðað við stærð húss samkvæmt samþykktum teikningum. Nú er ekki fyrirliggjandi teikning og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum	400 m^3
Íbúðir í fjölbýlishúsum	300 m^3

Aðrar byggingar samkvæmt 11. gr. skal ákvarða til lágmarksstærðar af byggingarfulltrúa í hverju tilviki fyrir sig.

Lágmarksgjald samkvæmt lágmarksstærðum skal greiða samkvæmt ákvæðum 15. gr. Með lágmarksgjaldi er átt við gjald miðað við m^3 stærð húsnæðis samkvæmt ofanskráðum lágmarksstærðum.

Þegar teikning liggur fyrir og hlýtur samþykki í byggingarnefnd skal lokagjald reiknað út og gjaldfellt og skal greiða það samkvæmt ákvæðum 13. gr. Með lokagjaldi er átt við útreikning á endanlegri m^3 stærð hússins m^3 stærð bifreiðageymslu og annars húsnæðis, er ekki hefur verið greitt fyrir í lágmarksgjaldinu.

15. gr.

Gjald skv. 13. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhúss á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fara fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Af álögðu gjaldi falla 20% í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla öðrum en við lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða. Greiða má 80% gjaldsins

með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Skuldabréfin skulu vera með sömu kjörum og lán þau er Byggðasjóður veitir til varanlegrar gatnagerðar, og greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Staðgreiði lóðarhafi álagt gatnagerðargjald skv. 13. gr. er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

Hreppsnefnd er heimilt að fresta álagningu B-gjalds ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- og örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið er af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan hátt, að forsendur frestunarinnar bresti.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 5. ágúst 1987.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. ágúst 1987 Nr. 392

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Frá 1. september 1987 skal greiða tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar án skerðingar vegna hjúskapar eða sambúðar.

2. gr.

Frá sama tíma skulu þeir einstaklingar, sem njóta heimilisuppbótar og hafa bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og aðrar tekjur undir lágmarkslaunum, fá greidda sérstaka heimilisuppbót, þannig að bætur þeirra og aðrar tekjur nemi lágmarkslaunum kr. 28 300,00 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina Fjallalax hf. í landi Hallkelshóla í Grímsnesi.

1. Almenn ákvæði.

1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu allt að 1.700.000 sjógönguseiða (40-60 gramma seiða), eða 80-100 tonna ársframleiðslu.

1.2 Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

1.3 Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

1.4 Um umgengnisreglur, sótthreinsun og meðferð sýktra og sjálfdauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

1.5 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.6 Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigðis eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.

1.7 Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðalvatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja, sem notað var á árinu.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

2.1 Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdauður fiskur berist ekki með frárennslinu.

2.2 Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og þaðan um siturleiðslu.

2.3 Setja skal upp hreinsibúnað í stöðinni í samræmi við tillögur Fjallalax hf., sem Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa fallist á. Frárennsli frá klak- og seiðahúsi skal dreifast um tvær til þrjár svifskiljur (miðflóttaaflsskiljur) þannig að hraði frárennslisvatnsins um skiljurnar tryggi ávallt hámarksútfellingu svifagna. Sama á við um útiker.

Útfelldum svifögnum skal reglulega dælt í settank, eða fargað jafnóðum. Grófhreinsað vatnið skal fara frá skiljunum í setþró, sem þarf að taka a.m.k. 20-30 mínútna rennsli. Vegna fjölda svifskilja sem tryggir hámarkshreinsivirkni er fallist á að 600 metra langur framræsluskurður á umráðasvæði stöðvarinnar sé nýttur til þessarar eftirhreinsunar. Hreinsivirkni skal ekki vera lakari en að 80-90% af föstum lífrænum efnum verði fjarlægð úr frárennsli. Eftir hreinsun skulu lífræn svifefni í Höskuldslæk ekki vera meiri en 4 mg/l að jafnaði.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að krefjast aukinnar eftirhreinsunar ef hreinsun reynist ekki fullnægjandi.

3. Eftirlitsgjöld og gildistaka.

3.1 Skv. reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá á hverjum tíma. Eftirlitsgjöld Fjallalax hf. miðast við 2. flokk gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Eftirlit skal vera með tvennum hætti: Beint eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

3.2 Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

24. ágúst 1987 Nr. 394

REGLUGERÐ

um skipan Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins.

I. Vísindaráð.

1. gr.

Stjórn Vísindaráðs skal skipuð fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar stjórn Vísindaráðs til fjögurra ára sem hér segir: a) Formenn deildarstjórna Vísindaráðs, b) einn tilnefndan af Háskóla Íslands og c) einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórnir deilda Vísindaráðs til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

1. Stjórn náttúruvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Tveir skulu tilnefndir af raunvísindadeild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af verkfræðideild Háskóla Íslands. Tveir skulu tilnefndir af rannsóknastofnunum í náttúruvísindum utan Háskóla Íslands. Tilnefning þeirra skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum stofnunum:

   Náttúrufræðistofnun Íslands,
   Hafrannsóknastofnun,
   Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
   Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
   Iðntæknistofnun Íslands,
   Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins,
   Veðurstofu Íslands,
   Orkustofnun,
   Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri,
   Veiðimálastofnun,
   Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá og
   Norrænu eldfjallastöðinni.

   Tveir skulu tilnefndir af fundi fulltrúa atvinnuveganna og fulltrúa félaga sem fást við rannsóknir á sviði náttúruvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum aðilum:

Vinnuveitendasambandi Íslands,
tvo fulltrúa, annan fyrir sjávarútveg en hinn fyrir iðnað,
Stéttarsambandi bænda,
Alþýðusambandi Íslands,
Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir í náttúruvísindum,
Hinu íslenska náttúrufræðifélagi,
Eðlisfræðifélagi Íslands,
Íslenska stærðfræðifélaginu,
Jöklarannsóknafélagi Íslands,
Jarðfræðafélagi Íslands og
Verkfræðingafélagi Íslands.

2. Stjórn líf- og læknisfræðideildar er skipuð sjö mönnum. Þrír skulu tilnefndir af læknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af tannlæknadeild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands. Tveir skulu tilnefndir af fundi fulltrúa stofnana og félaga sem fást við læknis- og líffræðilegar rannsóknir. Menntamálaráðherra boðar til fundarins og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum aðilum:
Hollustuvernd ríkisins,
Vinnueftirliti ríkisins,
Manneldisráði,
Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum,
Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands,
Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir í læknis- eða líffræði,
Krabbameinsfélagi Íslands,
Blóðbankanum, erfðarannsóknadeild,
Rannsóknastöð Hjartaverndar,
Læknafélagi Íslands,
Lífefnafræðifélagi Íslands og
Líffræðifélagi Íslands.

3. Stjórn hug- og félagsvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Tveir skulu tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands. Einn skal tilnefndur af fundi fulltrúa stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum aðilum:
Kennaraháskóla Íslands,
Þjóðminjasafni Íslands,
Landsbókasafni Íslands,
Þjóðskjalasafni Íslands,
Listasafni Íslands,
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi,
Orðabók Háskólans,
Stofnun Sigurðar Nordals,
Rannsóknastofnun uppeldismála,
Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir á sviði hug- eða félagsvísinda,
Hinu íslenska bókmenntafélagi,
Sögufélaginu,
Hinu íslenska fornritafélagi,
Fornleifafélaginu,

Félagi íslenskra fræða,
Þjóðfræðafélagi Íslands,
Lögfræðingafélagi Íslands,
Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga og
Sálfræðingafélagi Íslands.

4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
5. Aðalmenn og varamenn í deildarstjórnum skulu hafa háskólapróf eða sambærilega menntun í viðkomandi fræðigrein.
6. Framangreindir fundir þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í deildarstjórnir eru lögmætir ef ⅔ boðaðra fulltrúa sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti ef atkvæði verða jöfn.

II. Rannsóknaráð ríkisins.

3. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu eiga sæti sjö menn, skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn eins og hér segir:

1. Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Iðntæknistofnunar og Orkustofnunar.
2. Einn samkvæmt tilnefningu verkfræðideildar og raunvísindadeildar Háskóla Íslands í sameiningu.
3. Einn samkvæmt tilnefningu starfandi vísindamanna í raunvísindum. Tilnefning hans skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað fulltrúa þeirra sem ráðnir eru til sérfræðingsstarfa til eins árs eða lengri tíma við eftirtaldar stofnanir: Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, Líffræðistofnun Háskólans og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Forstöðumönnum stofnanna skal falið að hlutast til um kosningu fulltrúa á fundinn, eins fulltrúa úr hverri stofnun.
4. Einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.
5. Einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.
6. Einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra.
7. Einn án tilnefningar og er hann formaður ráðsins. Hann skal hafa víðtæka reynslu á sviði raunvísinda.

Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna aðalmenn. Menntamálaráðherra skipar varaformann úr hópi ráðsmanna.

Fundur sá sem um getur í 3. tölulið er lögmætur ef ⅔ boðaðra fulltrúa sækja hann. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti ef atkvæði verða jöfn.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. ágúst 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um tollverð og tollverðsákvörðun.

1. gr.

Í aðflutningsskýrslu skal innflytjandi tilgreina tollverð vöru og færa inn eftir því sem eyðublað fyrir aðflutningsskýrslur gefur tilefni til.

Tollverð innfluttrar vöru er viðskiptaverðið, þ. e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 2. gr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun vörunnar, aðrar en takmarkanir sem
   1. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,
   2. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vöruna eða
   3. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti vörunnar.
b. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.
c. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun vörunnar af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar á í samræmi við ákvæði 2. gr.
d. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru:

a. Eftirtöldu að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna:
   1. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
   2. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunni.
   3. Pökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.
b. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinna vara og þjónustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
   1. Efnivara, hluta, parta o. þ. h. sem notað hefur verið í vöruna.
   2. Verkfæra, forma, móta o. þ. h. sem notað hefur verið við framleiðslu vörunnar.
   3. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu vörunnar.
   4. Verkfræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlana og uppdrátta sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu vörunnar.
c. Einkaréttar- og leyfisgjöld, sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslu á vörunni hér á landi.
d. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinnar innfluttu vöru sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

a. Flutningskostnaður hinnar innfluttu vöru til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinnar innfluttu vöru vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
c. Vátryggingarkostnaður.

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Þegar ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé nothæft skv. 1. gr. á það ekki í sjálfu sér að valda því að viðskiptaverð sé talið ónothæft að kaupandi og seljandi eru hvor öðrum háðir í skilningi 13. gr. Í því tilviki skal kanna kringumstæður við söluna og samþykkja viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Hafi tollstjóri ástæðu til að ætla, vegna upplýsinga frá innflytjanda eða af öðrum ástæðum, að tengslin hafi haft áhrif á verðið skal hann koma athugasemdum sínum á framfæri við innflytjanda og skal honum gefið nægilegt færi til andsvara. Óski innflytjandi eftir skal honum gerð skrifleg grein fyrir athugasemdum.

4. gr.

Við sölu milli háðra aðila skal samþykkja viðskiptaverðið og virða vöruna í samræmi við ákvæði 1. gr., enda sýni innflytjandi fram á að verðið sé sambærilegt við eitthvert neðangreint verð sem fyrir kemur á sama eða svipuðum tíma:

1. Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda á sams konar eða svipuðum vörum til landsins.
2. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 8. gr.
3. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 9. gr.
4. Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda til landsins á vörum sem telja má sams konar og hinar innfluttu vörur að því undanskildu að vera framleiddar í öðru landi, enda séu seljendur í hverjum tvennum viðskiptum, sem borin eru saman, óháðir hvor öðrum.

Þegar framangreindum könnunum er beitt skal taka tillit til mismunar sem sýnt er fram á varðandi viðskiptastig, magn, atriði talin upp í 2. gr. og kostnað sem seljandi verður fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi er óháðir hvor öðrum, en seljandi verður ekki fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru háðir hvor öðrum.

Kannanir sem um ræðir í þessari grein skal nota að frumkvæði innflytjanda og eingöngu til viðmiðunar. Annað verð í staðinn má ekki ákvarða samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 1. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma.

Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki skal nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á öðru viðskiptastigi og/eða í öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu og/eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli framkominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

Þegar kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. gr. eru innifalin í viðskiptaverði skal við leiðréttingu taka tillit til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli

hinnar innfluttu vöru og sams konar viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.

Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.

6. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 1. og 5. gr. skal það vera viðskiptaverð svipaðra vara sem seldar eru og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.

Ákvæði 2.-4. málsgr. 5. gr. skulu gilda eftir því sem við á þegar tollverð er ákveðið samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1., 5. eða 6. gr. skal ákvarða það samkvæmt 8. gr. eða — þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt þeirri grein — samkv. 9. gr., en þó skal fyrr beitt ákvæðum 9. gr. en 8. gr. ef innflytjandi óskar þess.

8. gr.

Sé innflutt vara eða sams konar eða svipaðar vörur seldar hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn skal miða tollverð hinnar innfluttu vöru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar við það einingarverð sem hún eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni, á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða var flutt inn, til aðila sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af, en þó að frádregnum eftirtöldum liðum:

1. Annað hvort þeim umboðslaunum sem venjulega eru greidd eða samþykkt er að greiða eða því sem venjulega er bætt við sem ágóðahlut og almenn útgjöld í tengslum við sölu hérlendis á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar.
2. Venjulegum flutningskostnaði og vátryggingu og skyldum kostnaði sem leggst á vöru hérlendis.
3. Kostnaðarliðum og gjöldum sem getið er í 2. málsgr. 2. gr., eftir því sem við á.
4. Tollum og öðrum gjöldum sem greiða ber hér á landi vegna innflutnings eða sölu vörunnar.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur til sölu á sama eða svipuðum tíma og varan sem virða á er flutt inn skal miða tollverðið, að uppfylltum öðrum skilyrðum 1. málsgr., við það einingarverð sem hin innflutta vara eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, hið fyrsta eftir innflutning þeirrar vöru sem verið er að virða, en þó innan 90 daga frá innflutningi.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur seldar hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn skal miða tollverðið, ef innflytjandi óskar þess, við það einingarverð sem hin innflutta vara eftir frekari aðvinnslu er seld á í mesta heildarmagni til aðila hérlendis sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af, enda sé tekið tillit til virðisauka vegna aðvinnslunnar og frádráttarliða sem gert er ráð fyrir í 1. málsgr.

9. gr.

Tollverð innfluttrar vöru skal byggja á reiknuðu verði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Reiknað verð skal mynda með samtölu eftirtalinna þátta:

a. Kostnaðarverðs eða verðmætis efnivara og tilbúnings eða annarrar aðvinnslu sem notuð er við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.

b. Upphæðar vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda er jafngildir því sem venjulega leggst á vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar og sú sem verið er að virða og fellur í hlut framleiðenda í útflutningslandinu við útflutning hingað.
c. Kostnaðar eða verðmætis allra annarra útgjaldaliða sem nauðsynlegir eru til að verðið verði sambærilegt við tollverð skv. 1. og 2. gr., svo sem kostnaður samkvæmt 2. málsgr. 2. gr.

10. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 1.—9. gr. skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og á grundvelli fáanlegra upplýsinga hér á landi.

Eigi skal ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á grundvelli eftirtalins:
a. Söluverðs hérlendis á vörum sem framleiddar eru hérlendis.
b. Fyrirkomulags sem gerir ráð fyrir að samþykkt sé í tollalegu tilliti hið hærra verð þegar tvenns konar verð kemur til greina.
c. Vöruverðs á heimamarkaði í útflutningslandinu.
d. Framleiðslukostnaðar, annars en reiknaðs verðs sem hefur verið ákvarðað fyrir sams konar eða svipaðar vörur í samræmi við ákvæði 9. gr.
e. Útflutningsverðs vörunnar til annars lands en Íslands.
f. Lágmarkstollverðs.
g. Verðs sem ákveðið er að geðþótta eða er tilbúið.

11. gr.

Reynist nauðsynlegt við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru að fresta lokaákvörðun um það skal eigi að síður heimila innflytjanda að leysa til sín vöruna úr tolli, enda setji hann, telji tollstjóri ástæðu til, fullnægjandi tryggingu vegna lögboðinna gjalda er greiða ber af vörunni.

12. gr.

Við ákvörðun tollverðs skv. 1.—9. gr. skulu eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

1. „Sams konar vörur“: Vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ. m. t. að einkennum, gæðum og orðspori. Minni háttar útlitsmunur útilokar ekki vörur, sem að öllu leyti falla undir skilgreininguna, frá því að teljast vera sams konar.
2. „Svipaðar vörur“: Vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipuð einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orðspor og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem athuga verður við ákvörðun á því hvort vörur séu svipaðar.
3. Orðasamböndin í 1. og 2. tl. taka ekki til vara sem fela í sér eða gefa til kynna verkfræðivinnu, þróun, listverk, hönnun, áætlanir og skissur sem ekkert tillit hefur verið tekið til við verðleiðréttingu skv. 4.tl. b-liðar 1. málsgr. 2. gr. þar eð þeir þættir voru unnir hérlendis.
4. Vörur skal ekki telja „sams konar vörur“ eða „svipaðar vörur“ nema þær hafi verið framleiddar í sama landi og vara sú sem verið er að virða.
5. „Vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar“: Vörur sem teljast til vöruflokka eða vörusviðs sem framleitt er í tilteknum iðnaði eða iðngrein, og tekur til sams konar eða svipaðra vara.

Því aðeins skal taka til greina vörur framleiddar af öðrum aðila að ekki séu fyrir hendi neinar sams konar eða svipaðar vörur framleiddar af sama aðila og vara sú sem verið er að virða.

13. gr.

Vegna ákvörðunar tollverðs 1. gr. skal því aðeins telja aðila háða hvor öðrum að

a. þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvors annars,
b. þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis,
c. þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans,
d. einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórni eða hafi umráð yfir 5 hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum,
e. annar þeirra beint eða óbeint stjórni hinum,
f. þriðji aðili beint eða óbeint stjórni báðum,
g. báðir saman beint eða óbeint stjórni þriðja aðila, eða
h. þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan, þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum í skilningi þessarar greinar.

14. gr.

Þegar tollverð er ákvarðað skv. 3.—9. gr. og í þeim tilvikum öðrum sem tollstjóri krefst skal innflytjandi fylla út tollverðsskýrslu sem sérstaklega er til þess gerð.

15. gr.

Innflytjandi á rétt á að fá skriflega skýringu á því frá tollstjóra hvernig tollverð vöru er hann flutti inn var ákvarðað, enda sendi hann tollstjóra skriflega beiðni þar að lútandi.

16. gr.

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 2. gr., sem til verður þegar sendar eru til landsins í einu sendingarnúmeri (farmskrárnúmeri) vörur sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað nema innflytjandi leggi fram sundurliðaðan reikning um slíkan kostnað, gjöld og önnur útgjöld vegna einstakra vörutegunda.

Ef vara er send lengra hérlendis en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá er einnig heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

17. gr.

Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer samkvæmt tollskránni og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll, nema innflytjandi láti tollstjóra í té upplýsingar sem hann metur fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingunni.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 til að öðlast gildi hinn 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, Raufarhöfn.

1. Almenn ákvæði.

1.1 Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.

1.2 Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar viðkomandi svæðis. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

1.3 Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.

1.4 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5 Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.

1.6 Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

2.1 Allt löndunarvatn, sem til fellur, skal tekið til vinnslu í verksmiðju.

2.2 Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki, t.d. með notkun á háþrýstidælum.
Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.

2.3 Flutningstæki, sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju, skulu vera vökvaheld og viðurkennd af heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis.

2.4 Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t.d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.

2.5 Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki skal þrífa þau vel að verki loknu.

2.6 Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd viðkomandi svæðis getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.

2.7 Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.

2.8 Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lykteyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með.

2.9 Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lykteyðingar.

2.10 Lykteyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a.m.k. 20°C og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lykteyðing við brennslu skal vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í ⅓ úr sekúndu. Við hönnun lykteyðingarbúnaðarins skal tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.

2.11 Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblástursloftsins frá verksmiðjunni.

2.12 Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.

2.13 Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar skal sýrustig (pH) frárennslisstraumsins vera á bilinu 5—10.

2.14 Frárennsli úr hráefnisþróm og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennsli leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati viðkomandi heilbrigðisnefndar. Fiskmjölsverksmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.

2.15 Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennsli. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennsli.

2.16 Frárennsli frá snyrtingum skal leiða í rotþró, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati viðkomandi heilbrigðisnefndar.

2.17 Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni.
Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins.
Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.

2.18 Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

2.19 Verksmiðjan skal sjá um að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefnd heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

3. Eftirlitsgjöld og gildistaka.

3.1 Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við annan flokk gjaldskrár nr. 355/1986 með síðari breytingum.
Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talin vinna við starfsleyfi.

3.2 Eftirlit skal vera með tvennum hætti: Beint eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

4. Gildistaka.

4.1 Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

5.1 Ákvörðun og áætlanir um lofthreinsibúnað samkv. 2. gr. 10. tl. og fjárhagsáætlun vegna þeirra framkvæmda skulu liggja fyrir 1. janúar 1988.

5.2 Lofthreinsibúnað samkvæmt 2. gr. 10. tl. skal setja innan þriggja ára frá útgáfu þessa starfsleyfis.

5.3 Byggingu fitugildru á frárennsli samkvæmt 2. gr. 14. tl. skal lokið 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

26. ágúst 1987 Nr. 397

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 287 29. apríl 1983, um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Reglugerð nr. 287 29. apríl 1983, um tollverð notaðra bifreiða er hér með úr gildi felld.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 150. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 til að öðlast gildi 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

26. ágúst 1987 Nr. 398

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar nr. 3 13. janúar 1971, um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun flutningsgjalda með flugvélum í tollverði vöru.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 3, 13. janúar 1971, um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun flutningsgjalda með flugvélum í tollverði vara.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 168 17. ágúst 1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, með síðari breytingum.

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Afurðir sem skilyrðislaust eru hæfar til manneldis, skulu merktar með ílöngum, hringlaga stimpli með orðinu „kjötskoðun“ inn í hringnum og auk þess skráningarnúmeri viðkomandi sláturhúss. Þvermál hringsins eru 4½ og 6½ cm, stafir sem næst 1 cm á hæð. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að breyta til um merkingu á afurðum þess flokks, ef um útflutning er að ræða eða önnur ástæða þykir til.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 400 24. ágúst 1987

AUGLÝSING

um umferð í Borgarnesi

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Einstefna er á Egilsgötu í vestur frá Bröttugötu að Skúlagötu.
2. Bannað er að leggja ökutæki, nema á sérstaklega merktum stæðum, við Borgarbraut beggja vegna, frá Skallagrímsgötu að Sandvík. Jafnframt er fellt niður bann við að stöðva ökutæki á þessu svæði.
3. Bannað er að leggja ökutæki við Þorsteinsgötu að sunnan, frá Skallagrímsgötu og 100 metra í austur.
4. Bannað er að leggja ökutæki við Skúlagötu að austan, frá Egilsgötu og 30 metra í norður.
5. Merkt gangbraut er á Borgarbraut á móts við hús Vegagerðar ríkisins.
6. Merkt gangbraut er á Kveldúlfsgötu á móts við hús nr. 15.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Mýra-og Borgarfjarðarsýslu, 24. ágúst 1987.

Rúnar Guðjónsson.

Stjórnartíðindi B 42, nr. 382—400. Útgáfudagur 31. ágúst 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1987

31. ágúst 1987 761 Nr. 401

AUGLÝSING

um tollamál

1. gr.

Eftirtalin atriði skal tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn innflytjanda eða firma hans, heimilisfang og fyrirtæja- eða nafnnúmer.
2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar þar sem tollafgreiðsla á að fara fram og hvenær þær komu þangað (heiti fars, komudagur, vörugeymsla, farmskrárnúmer eða sendingarnúmer o.þ.h.).
3. Stykkjatölu og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o.s.frv.).
5. Tollskrárnúmer hverrar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar. Ennfremur stykkjatölu, lítratölu eða rúmmál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins um frágang tollskjala.
9. Verð eða verðmæti hverrar einstakrar vöru kominnar um borð í far sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt, ásamt gengi viðkomandi myntar.
10. Flutningsgjald hverrar einstakrar vöru.
11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru.
12. Tollverð, tollverðsgengi, þar sem það á við, og toll og önnur lögboðin gjöld sem greiða skal við innflutning á vöru.
13. Önnur atriði, sem varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o.þ.h. og eyðublöð, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að tilgreind verði.

2. gr.

Eftirtalin atriði skal tilgreina í vörureikningi:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o.þ.h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar á og tollskrárnúmer hverrar vörutegundar samkvæmt tollskrá (sex tölustafa númer).
6. Framleiðsluland vörunnar.

B 51

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. Söluverð hverrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif, o.þ.h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um, að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari og að vörurnar séu tilgreindar með því verði sem greitt er eða greiða ber fyrir.

3. gr.

Í stað frumrits eða samrits vörureiknings getur tollstjóri tekið við vörureikningi sem sendur er innflytjanda með fjarskiptum (telefax) enda séu í honum veittar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 2. gr.

4. gr.

Reglugerðir, auglýsingar og reglur hvers konar, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 120, 31. desember 1976 um tollskrá o.fl., lögum nr. 59, 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit og lögum nr. 60, 11. júní 1947 um tollvörugeymslur, með síðari breytingum, svo og reglugerð nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit, reglugerð nr. 38/1969 um afhendingu aðflutningsskjala til tollmeðferðar, reglugerð nr. 257/1970 um gerð og afhendingu aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar, reglugerð nr. 258/1970 um ritun auðkennisnúmera innflytjanda á aðflutningsskýrslu, auglýsing nr. 92/1972 um ritun tollskrárnúmera á vörureikning, reglugerð nr. 124/1938 um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga og auglýsing nr. 188/1969 um tollfrjálsan innflutning á vistum og búnaði vísindaleiðangra, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði tollalaga nr. 55, 30. mars 1987, uns nýjar reglur og fyrirmæli hafa verið gefin út.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. 148. gr., sbr. 2. mgr. 150. gr., tollalaga nr. 55, 30. mars 1987 og skal gilda frá og með 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 402 26. ágúst 1987

REGLUR

um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EBE.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis við innflutning á upprunavörum frá EFTA- og EBE-löndum gegn framvísun á vörureikningi með yfirlýsingu útflytjenda um uppruna vöru, sbr.

9. gr. auglýsingar nr. 404/1987, eða innflutning til á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. 1 skilríki eða vörureikningi með yfirlýsingu útflytjanda um uppruna vöru verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í gjaldmiðli hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

Land	Mynt	Smábögglar til einkaaðila 310 ECU	Persónulegur farangur ferðamanna 880 ECU	Mörk vegna yfirlýsingar á vörureikn. 4 400 ECU
Austurríki	ATS	5 000	13 000	65 000
Belgía	BEF	14 000	39 000	194 000
Bretland	GBP	220	630	3 140
Danmörk	DKK	2 450	6 950	34 700
Finnland	FIM	1 600	4 500	22 500
Frakkland	FRF	2 300	6 000	30 000
Grikkland	GRD	47 515	122 980	614 900
Holland	NLG	750	2 100	10 400
Írland	IEP	240	670	3 360
Ísland	ISK	13 000	37 000	184 000
Ítalía	ITL	450 000	1 270 000	6 360 000
Lúxemborg	LUF	14 000	39 000	194 000
Noregur	NOK	2 360	6 700	33 500
Portúgal	PTE	50 000	140 000	700 000
Spánn	ESP	43 000	121 000	605 000
Sviss	CHF	500	1 500	7 500
Svíþjóð	SEK	2 300	6 300	32 000
Þýskaland	DEM	650	1 850	9 200

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar einhvern annan gjaldmiðil en að ofan greinir geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutingslandið.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 404/1987 og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 303/1986 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.

1. gr.

Við 3. gr. kemur nýr stafliður, er hljóðar svo:

„b. Meðfæddur lungnasjúkdómur (bronchopulmonary dysplasia)."

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 404 26. ágúst 1987

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).

I. KAFLI

Skilyrði fyrir sérstakri tollmeðferð.
Almenn skilyrði.

1. gr.

Ákvæði EFTA-samnings og samnings Íslands og EBE með síðari breytingum ná, eftir því sem við á, til eftirtalinna ríkja í Evrópu, svo og til annarra nefndra landssvæða sem tengd eru hlutaðeigandi ríkjum:

EFTA-lönd: Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur (ásamt Svalbarða), Sviss auk Liechtensteins og Svíþjóð.

EBE-lönd: Belgía, Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermasundseyjum og eynni Mön), Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemburg, Portúgal (ásamt Azoreyjum og Madeira), Sambandslýðveldið Þýskaland og Spánn (ásamt Ceuta, Kanaríeyjum og Melilla).

2. gr.

Vörur sem fluttar eru frá löndum þeim sem um ræðir í 1. gr., aðrar en upprunavörur frá Spáni og Portúgal sem ákvæði 20. og 21. gr. þessarar auglýsingar taka til, og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E geta notið tollfrelsis samkvæmt dálki merktum E að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

1. Vörurnar séu frá aðildarríkjum EFTA eða EBE og fullnægi, eftir því sem við á, skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum bókunar nr. 3 við samning milli Íslands og EBE með áorðnum breytingum (hér eftir nefnd bókun nr. 3) eða skilyrðum sem uppruna samkvæmt ákvæðum Viðauka B við EFTA-samninginn með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur Viðauki B), sbr. 4. gr. auglýsingar þessarar.
2. Gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um tollendurgreiðslur í 23. gr. bókunar nr. 3 eða í 23. gr. Viðauka B.
3. Gætt sé, eftir því sem við á, ákvæða um flutning vara í 7. gr. bókunar nr. 3 og í 7. gr. Viðauka B.
4. Gætt sé ákvæða um framlagningu skjala vegna vara sem óskað er sérstakrar tollmeðferðar fyrir, sbr. 9.—17. gr. auglýsingar þessarar.

Upprunavörur í skilningi auglýsingar þessarar sem falla undir önnur tollskrárnúmer en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar sem tollar hafa verið lækkaðir á eða til samræmis við tollmeðferð á hliðstæðum vörum sem falla undir tollskrárnúmer þau sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar geta notið tollfrelsis samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar.

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Spáni skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tollvöxtum þeim sem tilgreindir eru í 20. gr. auglýsingar þessarar af vörum sem þar eru taldar upp.

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Portúgal skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tolltöxtum þeim sem tilgreindir eru í 21. gr. auglýsingar þessarar af vörum sem þar eru taldar upp.

3. gr.

Í samræmi við ákvæði 2. gr. geta allar vörur sem fullnægja skilyrðum um uppruna samkvæmt bókun nr. 3 eða Viðauka B og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. tollskrárlaga þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E, sbr. einnig 2. mgr. 2. gr., notið þeirrar tollmeðferðar sem sá dálkur kveður á um, nema annað sé tekið fram í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum.

Upprunareglur.

4. gr.

Skilyrðum þeim sem um getur í 2. gr. um uppruna vara skal talið fullnægt að því tilskildu að uppruni varanna sé í samræmi við eftirfarandi:

Vörur sem falla bæði undir vörusvið EFTA-samningsins og almennt undir vörusvið fríverslunarsamninga EFTA- ríkjanna við EBE svo og íslenskar sjávarafurðir í bókun nr. 6 í samningi Íslands við EBE skulu fullnægja skilyrðum einhverrar eftirtalinna upprunareglna:

1. Varan sé að öllu leyti fengin í EFTA-landi eða EBE- landi, sbr. 1. gr. bókunar nr. 3 og 1. gr. Viðauka B.

   Varan telst „að öðru leyti fengin“ á Íslandi, í Austurríki, Finnlandi o.s.frv. ef um er að ræða eftirfarandi:

   a. jarðefni, unnin þar úr jörðu eða hafsbotni,
   b. vörur úr gróðurríkinu, ræktaðar þar,
   c. lifandi dýr, borin og alin þar,
   d. afurðir lifandi dýra, alin þar,
   e. veiðibráð og fiskafurðir, aflað þar með veiðum,
   f. sjávarafurðir, aflað frá skipum þess,

g. vörur, framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess og eingöngu úr vörum sem um ræðir í f-lið,
h. notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er hægt að nota aftur sem hráefni,
i. úrgangur og rusl frá iðnaði sem þar er stundaður,
j. vörur, framleiddar þar eingöngu úr vörum sem lýst er í a- til i-lið.

2. Varan hafi hlotið „nægilega vinnslu eða meðferð" samkvæmt ákvæðum 1.—7. gr. bókunar nr. 3 og 1.—7. gr. Viðauka B. Meginreglan í þessu tilviki er sú að vinnslan eða meðferðin verður að hafa haft í för með sér tollskrárnúmeraskipti, þ.e. hin fullunna vara verður að falla undir annað tollskrárnúmer en innfluttu efnivörurnar falla undir hver fyrir sig. Í því sambandi teljast „innfluttar" allar efnivörur sem ekki hafa öðlast upprunaréttindi, annað hvort í útflutningslandinu eða í því landi sem varan er seld til. Land í þessum skilningi telst vera landssvæði hvers aðildarríkis EFTA um sig svo og landsvæði aðildarríkja EBE í heild.

Þrátt fyrir skilyrði fyrrgreindrar meginreglu um tollskrárnúmeraskipti sé fullnægt kunna að vera sett frekari skilyrði um framleiðslu viðkomandi vöru í lista A við bókun nr. 3 eða Viðauka B til þess að hún öðlist upprunaréttindi. Ef svo er verður að uppfylla skilyrði þess lista. Ef svo er ekki er meginreglan um tollskrárnúmeraskipti ákvarðandi um hvort varan öðlist upprunaréttindi. Sé hins vegar meginreglunni um tollskrárnúmeraskipti ekki fullnægt vegna vinnslu eða meðferðar vöru kunna ákvæði í lista B við bókun eða Viðauka B þrátt fyrir það að veita hinni fullunnu vöru upprunaréttindi.[1)]

Eftirfarandi vinnsla eða meðferð telst aldrei nægileg til að veita upprunaréttindi hvort sem skipti verða á tollskárnúmerum eða ekki:

a. Aðvinnsla sem miðar að því að tryggja að vörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og lík meðferð,
b. einföld meðferð sem felur í sér að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa muni í samstæður), þvo mála eða hluta í sundur,
c. i. umbúðaskipti og uppskipting og sameining vörusendinga.
ii. umbúnaður á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, spjöld eða töflur o.s.frv. og öll önnur einföld pökkun.
d. festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á vörur eða umbúðir þeirra,
e. einföld blöndun vara, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, þar sem einn eða fleiri hlutar blöndunarinnar fullnægja ekki settum skilyrðum í bókun nr. 3 eða Viðauka B til þess að þær verði taldar upprunavörur,
f. einföld samsetning vöruhluta til að gera heilan hlut,
g. sameining tveggja eða fleiri aðferða sem lýst er í a- til f-lið,
h. slátrun dýra.

3. Vörusamstæður í skilningi b-liðar 3. athugasemdar í almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir efnisþættir eru upprunavörur. Þó skal vörusamstæða sem í eru bæði upprunavörur og aðrar vörur teljast í heild upprunavara ef verðmæti þeirra vara sem ekki eru upprunavörur fer ekki yfir 15% af heildarverðmæti vörusamstæðunnar.

5. gr.

Þegar vörur í lista A eða B sem vísað er til í 4. gr. geta því aðeins fengið upprunaréttindi að verðmæti efnivara sem ekki fullnægja upprunaskilyrðum fari ekki fram úr ákveðnum hundraðshluta af verðmæti fullunnu vörunnar gilda eftirfarandi reglur um ákvörðun verðmætisins:

[1)] Listar A og B verða einn listi frá 1. janúar 1988 samhliða gildistöku samræmdu tollnafnaskrárinnar.

a. Verðmæti efnivara sem hægt er að sannreyna að fluttar hafa verið inn er tollverð þeirra við innflutning. Þegar um er að ræða efnivörur af óvissum uppruna er verðmætið fyrsta verð sem hægt er að sannreyna að hafi verið greitt fyrir þær í því landi þar sem framleiðslan á sér stað.

b. Verðmæti framleiddu varanna er verð þeirra frá verksmiðju að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning varanna.

Með verði vöru frá verksmiðju í b-lið 1. mgr. er átt við það verð sem greitt er framleiðanda í því fyrirtækinu þar sem lokastig vinnslu eða meðferðar fer fram. Hafi verið unnið að framleiðslunni í tveimur eða fleiri fyrirtækjum er verðið sem miða skal við það verð sem greitt er þeim framleiðanda er síðast hafði vöruna til vinnslu.

Með tollverði í b-lið 1. mgr. er átt við það verðmæti sem skýrgreint er í 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. til og með 31. ágúst 1987 en eftir þann tíma skal miða við tollverðsskilgreiningu í IV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

6. gr.

Vörur geta varðveitt áunninn upprunaréttindi sín í EFTA-landi eða EBE hafi þær eftir útflutning frá viðkomandi EFTA-landi eða EBE hvorki hlotið þar vinnslu eða meðferð eða ekki hlotið þar nægilega vinnslu eða meðferð til að þær verði taldar upprunnar í samræmi við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 3 eða Viðauka B, enda hafi við vinnsluna eða meðferðina verið gætt skilyrða þeirra sem um ræðir í 2. gr. bókunar nr. 3 eða Viðauka B.

Upprunavörur sem eru í einni óskiptri sendingu má flytja með viðkomu á landssvæði annarra ríkja en EFTA- landanna eða EBE með umskipun eða bráðabirgðageymslu á slíku landsvæði, ef því er að skipta, ef flutningur yfir hið síðarnefnda landsvæði réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafa verið undir eftirlit tollyfirvalda í landinu þar sem þær eru fluttar um eða geymdar í vörugeymslum, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhendingar til neyslu og hafa ekki fengið þar aðra meðferð en affermingu og fermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

7. gr.

Að því er varðar vörur sem koma undir EFTA- samninginn en ekki undir fríverslunarsamninga milli EFTA- landanna og EBE gilda almennar reglur Viðauka B um uppruna en auk þess, eftir því sem við á, ákvæði í viðbæti II í listum A og B við Viðauka B.

8. gr.

Bókun nr. 3 og Viðauka B fylgja sérstakar skýringar við einstakar greinar og eru þær óaðskiljanlegur hluti upprunareglnanna.

EUR. 1 flutningsskírteini og yfirlýsing útflytjanda á vörureikningi.

9. gr.

Upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 og Viðauka B geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala:

a. EUR. 1 flutningsskírteinis, hér eftir kallað EUR. 1. skírteini.

b. Vörureiknings með yfirlýsingu útflytjanda um að vörurnar, nema annars sé getið, uppfylli skilyrði til að hljóta upprunaréttindi í fríðindaviðskiptum viðkomandi innflutningslands svo og yfirlýsingu útflytjanda um hvert sé upprunaland viðkomandi vöru. Í

sendingunni skal vera eitt eða fleiri stykki með upprunavörum að heildarverðmæti sem ekki fer fram úr 4.400 reikningseiningum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi bókunar 3 og Viðauka B notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands við EBE án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

a. Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 310 reikningseiningar.

b. Vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 880 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn vafi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur búi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings sem keyptur er samkvæmt pöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir evrópskri mynteiningu (ECU). Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

10. gr.

EUR. 1 skírteini er gefið út af tollyfirvöldum í útflutningslandi við útflutning þeirra vara sem það á við og getur útflytjandinn fengið það til ráðstöfunar þegar raunverulegur útflutningur hefur átt sér stað eða verið tryggður. EUR. 1 skírteini er aðeins gefið út í því skyni að nota það sem skriflegt sönnunargang til þess að fá notið fríðindameðferðar samkvæmt samningi EFTA- landanna og samningi Íslands og EBE.

Í undantekningartilvikum er hægt að fá EUR. 1 skírteini gefið út eftir útflutning varanna sem það á við þegar ekki hefur getað orðið af útgáfu þess við útflutning vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða sérstakra aðstæðna.

Hafi EUR. 1 skírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandi sótt um til tollyfirvalda þeirra er gáfu það út að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjalanna sem í þeirra vörslu eru. Eftirritið skal bera sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR. 1 skírteinið og öðlast gildi frá og með þeirri dagsetningu.

11. gr.

EUR. 1 skírteini er eingöngu gefið út samkvæmt skriflegri umsókn útflytjandans eða umboðsmanns útflytjanda á hans ábyrgð, á þar til gerðu eyðublaði. Útflytjandinn eða fulltúi hans skal leggja fram með umsókn sinni þau viðbótarskjöl sem nauðsynleg kunna að vera til að sanna að vörur þær sem flytja á út uppfylli skilyrði fyrir útgáfu EUR. 1 skírteinis.

Þegar EUR. 1 skírteini er gefið út eftir að vörurnar sem það á við hafa þegar verið fluttar út verður útflytjandi að geta eftirfarandi í umsókn þeirri sem getið er um í 1. mgr.:

a. að tilgreina útflutningsstað og útflutningsdag varanna sem EUR. 1 skírteinið á við.

b. að staðfesta að ekkert EUR. 1 skírteini hafi verið gefið út á útflutningstíma þeirra vara sem um er að ræða og tilgreina ástæður fyrir því.

EUR. 1 skírteini skal ritað á einu hinna opinberu tungumála EFTA-landanna eða aðildarríkja EBE. Ef það er handskrifað skal það vera útfyllt með bleki og ritað með upphafsstöfum. Sérstaklega skal gæta þess að reitur sá sem gerður er fyrir vörulýsingu hafi verið útfylltur þannig að ekki verði um auðar línur að ræða. Sé reiturinn ekki að öllu leyti útfylltur skal draga lárétta línu undir neðstu línu vörulýsingarinnar og strika yfir eyðuna fyrir neðan.

12. gr.

EUR. 1 skírteini ber að afhenda tollyfirvöldum, þar sem vörunum er framvísað og eftir þeim reglum sem þar um gilda, innan tólf mánaða frá þeim degi er tollyfirvöld í útflutningslandi gáfu skírteinið út.

Tollyfirvöldum er heimilt að veita EUR. 1 skírteini viðtöku eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. mgr. þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar orsakir („force majeure") eða óvenjulegar aðstæður.

13. gr.

Tollyfirvöld geta heimilað að útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi", er uppfyllir þau skilyrði sem tilgreind eru í 2. tl. 13. gr. bókunar nr. 3 og 2. tl. 13. gr. Viðauka B, og hefur í hyggju viðskipti sem gefa má út EUR. 1 skírteini fyrir, þurfi hvorki að framvísa vörunum hjá tollyfirvöldum þegar útflutningur fer fram né heldur umsókn um EUR. 1 skírteini fyrir þessar vörur til þess að EUR. 1 skírteini verði útgefið í samræmi við ákvæði 10. og 11. gr. Heimild þessi verður einungis veitt útflytjendum sem flytja oft út vörur og geta að mati tollyfirvalda látið í té allar nauðsynlegar tryggingar til sönnunar því að vörurnar uppfylli skilyrði um uppruna.

Tollyfirvöld geta enn fremur heimilað viðurkenndum útflytjanda að búa út EUR. 1 skírteini með gildistíma að hámarki eitt ár, hér eftir nefnt LT-skírteini eða langtímaskírteini.

Eitt LT-skírteini getur gilt um fleiri en eina vörusendingu meðan á gildistíma þeim sem getið er í 2. mgr. stendur.

LT-skírteini skal framvísa á innflutningstollstöð um leið eða áður en vörur samkvæmt því eru fyrst innfluttar. Þegar innflytjandi fær tollafgreiðslu við margar tollstöðvar í innflutningsríki geta yfirvöld krafist þess að hann leggi fram samrit af LT-skírteininu á hverri þeirra.

Hafi LT-skírteini eða samriti þess verið framvísað hjá viðkomandi tollyfirvaldi telst vörureikningur sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði nægjanleg sönnun fyrir upprunaréttindum:

a. Þegar á einum og sama vörurreikning eru bæði upprunavörur í skilningi bókunar nr. 3 eða Viðauka B og vörur sem ekki eru upprunavörur skal á vörureikningi greint skilmerkilega á milli þessara tveggja hópa.

b. Á vörureikningi skal koma fram númer þess LT- skírteinis svo og heiti landsins eða landanna þar sem vörurnar eru upprunnar. Þegar útflytjandi hefur gefið upplýsingar þessar á vörureikningi telst það vera yfirlýsing af hans hálfu um að vörurnar séu upprunavörur er notið geti fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og samningi Íslands og EBE.

c. Lýsing á vörunum og hvernig þeirra er getið á vörureikningi skal vera það nákvæm að ljóst sé að um sé að ræða vöru þá sem getið er á tilvitnuðu LT- skírteini.

d. Upprunayfirlýsing á vörureikningi er því aðeins gild að varan sé flutt frá útflutningslandinu meðan viðkomandi LT-skírteini er í gildi. Vörureikningnum má þó framvísa innan fjögurra mánaða frá því að útflytjandi ritaði þá enda hafi innflutningur átt sér stað innan framangreindra tímamarka.

Innflytjanda er heimilt á grundvelli reglna um LT-skírteini að framvísa vörureikningi sem sendur hefur verið með símafjarskiptum eða um tölvunet enda uppfylli vörureikningurinn skilyrði þau sem sett eru í a- til d-lið 5. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðuneytið veitir útflytjendum heimild til útgáfu EUR. 1 skírteins samkvæmt þessari grein í samræmi við ákvæði 1.—15. tl. 13. gr. bókunar nr. 3 og Viðauka B.

14. gr.

Yfirlýsingu skv. b-lið 1. mgr. 9. gr. skal útflytjandi gefa á einu hinna opinberu tungumála EFTA eða aðildarríkja EBE. Hún skal vélrituð eða stimpluð og undirskrift skal vera handrituð.

15. gr.

Tollyfirvöldum er heimilt að krefjast þýðingar á EUR. 1 skírteini og yfirlýsingu þeirri er um getur í b- lið 1. mgr. 9. gr.

16. gr.

Vörur sem sendar eru á vörusýningu í öðru landi en EFTA-landi eða EBE og seldar eftir sýninguna til Íslands geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, enda séu þær upprunnar í EFTA-landi eða EBE og fullnægjandi sönnur færðar fyrir eftirfarandi að mati tollyfirvalda:

a. Að útflytjandi hafi sent þessar vörur frá EFTA- landi eða EBE til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær.
b. Að útflytjandi hafi selt vörurnar eða afsalað þeim til viðtakanda hér á landi.
c. Að vörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana hingað til lands í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar á sýninguna.
d. Að frá þeirri stundu er vörurnar voru sendar á sýninguna hafi þær ekki verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á vörusýningunni.

Framvísa ber EUR. 1 skírteini hjá tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Í því skal tilgreina nafn sýningar og sýningarstaðar. Ef þörf krefur er heimilt að krefjast sérstakra skjalfestra gagna um eðli varanna og aðstæður við sýningu þeirra.

Ákvæðum 1. mgr. má beita um allar vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýningar, kaupstefnur eða samsvarandi opinberar sýningar sem ekki eru skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í huga í sölubúðum eða verslunarhúsum þar sem markmiðið er að selja erlendar vörur, enda séu vörurnar undir eftirliti tollyfirvalda meðan á sýningu stendur.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda eftir því sem við á um útflutning upprunavara til EFTA-landa og aðildarríkja EBE.

II. kafli

Útflutningur til EFTA-landa og EBE.

18. gr.

Um sérstaka tollmeðferð upprunavara sem útfluttar eru til EFTA-landa og EBE gilda ákvæði I. kafla auglýsingar þessarar, eftir því sem við getur átt, sbr. 17. gr. auglýsingar þessarar. Viðskiptaráðuneytið, Útflutningsráð Íslands og Verslunarráð Íslands veita upplýsingar og leiðbeiningar um sérstaka tollmeðferð á vörum upprunnum á Íslandi sem ákvæði samnings EFTA- landanna og samning Íslands og EBE taka til.

19. gr.

Tollyfirvöld veita útflytjendum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir um útgáfu EUR. 1 skírteina sbr. 11. gr. Upplýsingar veittar af tollyfirvöldum eru því aðeins bindandi að þeirra sé óskað skriflega og þær veittar á sama hátt.

III. kafli

Sérstakir tolltaxtar fyrir Spán og Portúgal.

20. gr.

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Spáni sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tolltöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

	%		%		%		%
17.04.01	17	30.03.33	2	39.01.43	2	39.07.77	3
17.04.03	17	30.03.43	2	39.01.46	0	39.07.79	5
17.04.04	17	32.09.10	9	39.01.53	2	39.07.81	10
17.04.05	17	32.09.21	9	39.01.55	0	40.07.00	4
17.04.06	17	32.09.22	9	39.01.64	5	40.08.01	7
17.04.09	17	32.09.23	9	39.01.95	2	40.13.02	9
18.06.03	17	32.09.24	9	39.01.97	3	40.13.09	9
18.06.04	17	32.09.25	9	39.02.13	3	40.14.01	0
18.06.05	17	32.09.29	9	39.02.14	3	40.14.03	5
18.06.06	17	32.09.31	5	39.02.15	2	40.14.11	5
18.06.09	17	32.09.39	9	39.02.23	2	41.01.11	0
19.02.01	17	32.09.41	5	39.02.25	3	41.01.19	2
19.02.02	11	32.09.43	4	39.02.34	3	41.01.20	2
19.07.01	13	32.09.49	9	39.02.35	2	41.01.30	2
19.07.02	13	32.11.00	5	39.02.36	5	41.01.40	2
19.07.09	13	32.12.00	9	39.02.44	3	41.01.50	2
19.08.01	13	33.04.03	4	39.02.47	2	41.01.60	2
19.08.03	13	33.06.01	14	39.02.61	3	41.02.10	3
19.08.04	13	33.06.03	14	39.02.64	2	41.03.00	2
19.08.09	13	33.06.05	14	39.02.75	3	41.04.00	2
21.02.11	13	33.06.07	7	39.02.93	2	41.05.01	2
21.04.01	17	33.06.11	14	39.02.99	2	41.05.09	2
21.04.02	17	34.01.01	10	39.03.12	3	41.09.00	2
21.04.09	17	34.01.02	10	39.03.13	2	42.01.00	10
21.05.19	17	34.01.03	10	39.03.33	3	42.02.10	15
21.06.02	17	34.01.04	10	39.03.34	3	42.02.20	15
21.07.02	17	34.01.05	10	39.03.53	3	42.02.30	15
22.02.01	17	34.01.09	10	39.03.54	2	42.02.41	15
22.02.09	17	34.02.05	10	39.03.81	3	42.02.49	15
22.03.01	17	34.02.06	10	39.03.82	2	42.03.01	9
22.03.09	17	34.02.07	10	39.07.11	5	42.03.02	9
25.05.00	1	34.02.08	10	39.07.13	0	42.03.09	9
25.12.01	3	34.02.09	10	39.07.14	0	42.04.00	3
25.13.01	3	34.05.01	10	39.07.15	7	43.01.10	4
25.16.00	3	34.05.02	10	39.07.16	5	43.01.20	4
25.17.01	2	34.06.00	10	39.07.17	14	43.02.01	5
25.17.09	1	35.01.00	4	39.07.18	5	43.02.09	5
25.22.01	3	35.03.01	4	39.07.19	5	43.03.01	9
25.23.00	3	35.06.01	5	39.07.35	7	43.03.09	9
26.03.00	2	35.06.09	4	39.07.40	9	43.04.09	9
28.04.11	5	36.05.00	7	39.07.46	10	44.13.21	7
28.04.12	3	38.18.00	9	39.07.47	12	44.13.29	4
28.04.13	1	38.19.33	5	39.07.61	0	44.19.00	9
28.09.00	3	39.01.23	2	39.07.62	14	44.20.00	10
28.13.01	3	39.01.24	4	39.07.63	5	44.21.00	7
28.16.00	3	39.01.26	3	39.07.66	5	44.23.01	5
29.01.41	5	39.01.33	2	39.07.67	5	44.23.02	5
30.03.13	2	39.01.34	4	39.07.69	7	44.23.03	5
30.03.23	2	39.01.36	3	39.07.71	5	44.23.04	9

	%		%		%		%
44.23.09	7	49.07.09	2	54.05.09	5	58.07.09	2
44.24.00	14	49.08.00	7	55.07.10	3	58.08.01	0
44.25.01	5	49.09.00	14	55.07.20	3	58.08.09	3
44.25.03	5	49.10.00	2	55.08.10	3	58.09.00	3
44.27.01	12	49.11.19	7	55.08.20	3	58.10.00	3
44.27.02	5	49.11.29	7	56.05.19	0	59.01.02	5
44.27.09	14	50.04.00	3	56.05.20	0	59.02.10	7
44.28.83	5	50.05.00	3	56.05.30	0	59.02.22	5
44.28.84	7	50.07.00	3	56.05.40	0	59.02.29	4
44.28.87	5	50.09.00	3	56.05.59	0	59.03.01	2
44.28.88	14	51.01.10	0	56.05.60	0	59.03.09	9
44.28.94	10	51.01.20	0	56.05.70	0	59.04.01	0
46.02.01	12	51.01.30	0	56.05.89	0	59.04.02	0
46.02.02	12	51.01.40	0	56.06.10	3	59.04.04	2
46.03.01	2	51.01.50	0	56.06.20	3	59.04.09	3
48.05.20	7	51.01.60	0	56.06.30	3	59.05.01	0
48.05.41	3	51.01.70	0	56.07.10	3	59.05.02	0
48.07.39	5	51.01.80	0	56.07.20	3	59.05.09	9
48.07.42	3	51.01.85	0	56.07.30	3	59.06.01	2
48.07.44	7	51.01.90	0	56.07.40	3	59.06.03	0
48.07.47	2	51.02.10	0	56.07.50	3	59.07.09	3
48.14.04	7	51.02.20	0	56.07.60	3	59.08.09	2
48.15.10	7	51.03.10	3	56.07.70	3	59.12.09	3
48.15.34	2	51.03.20	3	56.07.80	3	60.01.10	5
48.15.35	7	51.04.10	3	56.07.85	3	60.01.21	0
48.16.01	0	51.04.21	0	56.07.90	3	60.01.29	3
48.16.02	0	51.04.29	3	57.06.00	2	60.01.30	3
48.16.03	0	51.04.30	3	57.07.09	3	60.01.40	3
48.16.04	5	51.04.40	3	58.01.10	12	60.01.51	3
48.16.05	5	51.04.50	3	58.01.20	12	60.01.59	3
48.16.06	5	51.04.60	3	58.02.10	12	60.02.01	9
48.16.07	2	52.01.00	3	58.02.20	12	60.02.02	9
48.16.08	0	52.02.00	3	58.02.30	12	60.02.09	9
48.16.11	5	53.06.10	1	58.02.40	12	60.03.01	14
48.16.12	3	53.06.20	1	58.02.50	12	60.03.02	12
48.16.19	5	53.07.10	1	58.02.60	12	60.03.03	12
48.18.00	7	53.07.20	1	58.02.70	12	60.03.04	12
48.19.01	4	53.09.00	3	58.02.80	12	60.03.05	3
48.19.02	0	53.10.10	4	58.02.90	12	60.03.09	12
48.19.09	7	53.10.20	4	58.03.00	9	60.04.10	12
48.21.21	10	53.11.10	3	58.04.10	2	60.04.15	12
48.21.31	9	53.11.20	3	58.04.30	2	60.04.20	12
48.21.32	14	53.11.30	3	58.04.40	2	60.04.25	12
48.21.40	5	53.11.40	3	58.04.50	2	60.04.30	12
48.21.53	12	53.11.50	3	58.05.00	2	60.04.35	12
48.21.55	5	53.12.00	3	58.06.00	2	60.04.40	12
48.21.56	9	54.03.00	0	58.07.01	3	60.04.45	12
48.21.57	7	54.04.00	3	58.07.02	0	60.04.50	12
49.01.01	3	54.05.01	5	58.07.03	3	60.04.61	12

	%		%		%		%
60.04.69	12	61.02.45	12	62.02.30	14	71.16.00	9
60.05.05	12	61.02.50	12	62.02.40	14	73.14.02	3
60.05.10	12	61.02.55	12	62.02.50	14	73.21.01	9
60.05.15	12	61.02.60	12	62.02.60	14	73.21.02	5
60.05.20	12	61.02.65	12	62.02.71	5	73.21.03	5
60.05.25	12	61.02.70	12	62.02.79	14	73.21.04	5
60.05.30	12	61.02.75	12	62.02.81	5	73.21.05	5
60.05.35	12	61.02.80	12	62.02.89	14	73.21.06	3
60.05.40	12	61.02.85	12	62.03.01	0	73.21.09	5
60.05.45	12	61.02.91	12	62.03.02	0	73.22.01	2
60.05.50	12	61.02.92	12	62.03.09	0	73.22.09	7
60.05.55	12	61.02.93	12	62.04.11	5	73.23.01	4
60.05.60	12	61.02.95	12	62.04.12	10	73.23.03	7
60.05.65	12	61.02.96	12	62.04.19	10	73.23.04	0
60.05.70	12	61.02.97	12	62.04.21	5	73.23.09	9
60.05.75	12	61.02.98	12	62.04.22	10	73.31.01	7
60.05.82	12	61.03.10	12	62.04.29	10	73.31.09	7
60.05.89	12	61.03.20	12	62.05.11	0	73.37.01	5
60.06.10	3	61.03.30	12	62.05.12	0	73.37.02	5
60.06.21	2	61.03.41	12	62.05.19	10	73.37.03	2
60.06.22	9	61.03.49	12	63.01.00	5	73.37.09	5
60.06.29	5	61.03.51	12	63.02.00	5	73.38.21	7
61.01.05	12	61.03.59	12	64.01.09	9	73.38.22	10
61.01.10	12	61.03.61	12	64.02.01	12	73.40.41	0
61.01.15	12	61.03.69	12	64.02.02	12	73.40.42	0
61.01.20	12	61.04.11	12	64.02.05	12	73.40.43	0
61.01.25	12	61.04.12	12	64.02.09	12	73.40.44	0
61.01.30	12	61.04.19	12	64.03.00	9	73.40.45	0
61.01.35	12	61.04.21	12	64.04.00	9	73.40.46	0
61.01.40	12	61.04.22	12	65.03.00	9	73.40.48	0
61.01.45	12	61.04.29	12	65.05.00	9	73.40.49	3
61.01.50	12	61.04.31	12	65.06.02	9	73.40.51	10
61.01.55	12	61.04.32	12	68.01.00	5	73.40.55	7
61.01.60	12	61.04.39	12	68.02.01	12	74.19.03	3
61.01.65	12	61.05.00	12	68.02.03	12	74.19.05	7
61.01.70	12	61.06.00	12	68.02.09	7	75.06.01	7
61.01.75	12	61.07.00	12	68.08.01	5	76.01.10	0
61.01.80	12	61.09.10	12	68.11.01	5	76.01.20	0
61.01.85	12	61.09.21	12	68.11.09	10	76.08.00	5
61.01.90	12	61.09.29	12	68.15.00	5	76.09.00	7
61.01.95	12	61.10.00	12	68.16.02	5	76.10.02	4
61.02.05	12	61.11.00	3	69.06.00	5	76.10.04	7
61.02.10	12	62.01.10	14	69.13.01	12	76.10.09	9
61.02.15	12	62.01.20	14	69.13.09	14	76.16.02	0
61.02.20	12	62.01.30	14	70.07.01	7	76.16.03	0
61.02.25	12	62.01.40	14	70.08.00	7	76.16.07	3
61.02.30	12	62.01.50	14	70.09.00	14	76.16.09	5
61.02.35	12	62.02.10	14	70.14.01	12	76.16.11	7
61.02.40	12	62.02.20	14	71.12.00	9	76.16.12	3

	%		%		%		%
78.06.01	0	84.22.61	3	89.01.59	5	94.03.31	9
82.01.02	3	84.22.62	5	89.01.69	5	94.03.32	12
83.03.01	5	84.30.15	0	94.01.13	12	94.03.39	12
83.06.01	10	85.01.21	5	94.01.14	12	94.04.00	12
83.07.04	5	85.01.71	5	94.01.19	12	96.01.01	10
83.07.05	10	85.01.79	5	94.01.20	12	96.01.03	14
83.07.09	12	85.04.10	5	94.03.11	9	96.01.05	14
83.13.02	10	85.12.51	10	94.03.12	12	96.01.07	10
83.13.03	0	85.12.52	10	94.03.13	12	96.01.09	14
83.14.00	10	85.12.53	10	94.03.14	12	97.02.00	14
84.11.41	2	85.19.17	5	94.03.15	12	97.03.00	12
84.11.42	2	85.19.19	5	94.03.19	12	97.04.03	12
84.12.00	3	85.24.00	3	94.03.21	9	97.07.02	7
84.15.33	2	87.05.01	2	94.03.22	12	97.07.09	7
84.15.39	2	87.05.02	5	94.03.23	12	98.02.09	5
84.17.23	3	87.06.01	5	94.03.24	12	98.07.00	10
84.22.12	1	89.01.20	5	94.03.29	12	98.12.00	14
84.22.31	2						

Hafi tollar á vörum sem falla undir önnur tollskrárnúmer en upp eru talin í þessari málsgrein verið lækkaðir, samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga, til samræmis við tolla á hliðstæðum vörum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í þessari málsgrein skulu tollar á slíkum spönskum upprunavörum vera hinir sömu og gilda fyrir ofangreind tollskrárnúmer sem tollar hafa verið samræmdir við.

21. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum frá Portúgal sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer skal á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tollvöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

	%		%		%		%
05.04.00	2	15.12.09	4	16.04.09	22	21.03.00	4
05.15.00	2	16.03.00	4	16.04.11	22	21.04.01	4
14.02.00	2	16.04.01	22	16.04.12	22	21.04.02	4
14.03.00	2	16.04.02	22	16.04.19	22	21.04.09	4
14.05.00	2	16.04.03	22	16.05.01	22	21.05.29	4
15.04.10	2	16.04.04	22	16.05.02	22	22.01.01	4
15.04.20	2	16.04.05	22	16.05.03	22	22.08.00	2
15.04.30	2	16.04.06	22	16.05.04	22	23.01.10	2
15.05.00	2	16.04.07	22	16.05.09	22	23.01.20	2
15.06.00	2	16.04.08	22	20.02.01	3	24.02.32	2

Um aðrar portúgalskar upprunavörur gilda tollfrelsisákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. auglýsingar þessarar.

IV. kafli.

Ýmis ákvæði

22. gr.

Samkvæmt ákvæðum 63. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á þeim lögum, varðar það sektum svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamnings. Þó má falla frá málsókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja.

Hafi einstaklingi, félagi eða stofnun verið veitt heimild til að gefa út skjöl þau og vottorð er um ræðir í 1. mgr., sbr. m.a. 13. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, ber viðkomandi leyfishafi, eftir atvikum einstaklingur eða framkvæmdastjóri, refsiábyrgðina.

23. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 680/1980 sama efnis svo og auglýsingar nr. 318/1983, 75/1985 og 101/ 1986 um breyting á henni. Þrátt fyrir framangreind ákvæði skulu EUR. 2 skilríki sem gefin hafa verið út fyrir 1. júlí 1987 í samræmi við ákvæði auglýsingar nr. 680/1980 með síðari breytingum, halda gildi sínu enda verði þeim framvísað í samræmi við ákvæði nefndrar auglýsingar.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

17. ágúst 1987 Nr. 405

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 43 1. mars 1967 um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Takist ríkissjóður á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld skal sá, er ábyrgð er tekin fyrir, greiða í áhættugjald 2,0% af ábyrgðarfjárhæð um leið og ábyrgð er veitt. Sé um einfalda ábyrgð að ræða skal gjald þetta nema 1,5% af ábyrgðarfjárhæð.

Áhættugjald rennur í Ríkisábyrgðasjóð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í Hvömmum í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. ágúst 1987 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð á B-reit í Hvömmum Hafnarfirði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hann hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins hefur mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1987.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 407 7. september 1987

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 261/1983, um fæðingarorlof, með síðari breytingum.

1. gr.

Beita skal ákvæðum 16. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 407/1986, við greiðslu orlofs vegna fæðinga, sem átt hafa sér stað frá 1. janúar 1984.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97/1980, um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 408 3. september 1987

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Að fengnum tillögum bæjarráðs Siglufjarðarkaupstaðar og samkvæmt heimild í 61. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði.

1. Vetrarbraut skal vera tvístefnuakstursgata.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vetrarbraut.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 3. september 1987.

Erlingur Óskarsson.

Stjórnartíðindi B 43, nr. 401—408. Útgáfudagur 10. september 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 — 1987

9. september 1987 777 Nr. 409

REGLUGERÐ

um sérstakt togveiðisvæði í Héraðsflóa.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á svæði í Héraðsflóa frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V) utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987 til þess að öðlast gildi 11. september 1987 og gildir til 31. desember 1987 og birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. september 1987.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

2. september 1987 Nr. 410

AUGLÝSING

um friðlýsingu Hraunfossa og Barnafoss í Hvítá í Borgarfirði.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Hraunfossa og Barnafoss í landi Gilsbakka, Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu, og Hraunsáss, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu, ásamt nánasta umhverfi þeirra.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Norðan Hvítár liggja þau um mitt Litlafljót, fylgja síðan línu, sem dregin er 200 m frá árbakka Hvítár austur að háspennulínu er liggur yfir ána. Mörk fylgja línunni yfir ána að gömlum þjóðvegi. Fylgja síðan gamla veginum að núverandi þjóðvegi. Liggja eftir þjóðveginum að Ásgili. Liggja niður mitt gilið, þvert yfir Hvítá, í mynni Litlafljóts.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð um friðlýsta svæðið er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

B 52

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.



GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	4,95 kr/kWh
Fastagjald	2 400,00 kr/a

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	7,43 kr/kWh
Fastagjald	2 400,00 kr/a

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	8 530,00 kr/kW/a
Viðhaldsgjald	10 200,00 kr/kW/a

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,00 kr/kWh
Fastagjald	9 600,00 kr/a

á hús (¼ hluti söluskattskyldur).

A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	24 180,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	4 030,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun	1,36 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	4,95 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 15 kW	106 650,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW	7 110,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,56 kr/kWh

B. 11 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum (sjá D.3).

Orkugjald	1,25 kr/kWh
Aflgjald	5 690,00 kr/kW/a

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	1 950,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,15 kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	2,00 kr/kWh
Fastagjald	2 400,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Roftími er allt að 3 klst./sólarhr.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	1,24 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Roftími er allt að 15 klst./sólarhr.

D.3 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	2,87 kr/kWh
Fastagjald	2 400,00 kr/a

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 535,00.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er 1 070,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur orkubúið sér rétt til þess að gefa kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til hitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvarandi fastagjöldum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

Gjaldskrárverð breytist í samræmi við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

Orka til varmadælna skal seld skv. gjaldskrárlið B11 eða D3 að vali notanda og vera undanþegin söluskatti og verðjöfnunargjaldi skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
   1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
   2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	49 500,00	1 000,00
40 — 65	73 400,00	1 200,00
65 — 130	154 000,00	1 500,00
130 — 200	242 000,00	1 800,00
Aukamæligrind fyrir hitaveitur ...	20 000,00	

   2.2 Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri er 25 m í lóð.

   Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130—200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

   2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

   Þegar lóð er lögð til, er það gert orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

   2.4 Telji orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
   3.1 Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 4 800,00.
   3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun orkubúsins hverju sinni.

III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1.1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug, nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

1.2. Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o. þ. h. skal grunngjald vera kr. 64 900,00 á hvern notanda.

Framangreint grunngjald, kr. 64 900,00, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 293 stig og, að Orkusjóður greiði það sem vantar á heildarkostnað við lagningu heimtaugar og spennistöðvar. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem tekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur sem inntar verða af hendi frá 1. janúar 1987 gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40 000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 56 000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,63 á kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,45 á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,38 á kWh.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 með vísun til auglýsingar ráðuneytisins nr. 355, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 103, 2. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,65 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 14,70 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,56 á kW og greiðist vegna allt að 40 000 kWh á ári.

Orka og vatnsmagn H499.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,65 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 14,70.

Orka H498.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400 000 kWh/ári.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,31 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 11,70 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Vatnsmagn 1480.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 76,42.

Hemill 1489.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 1 482,00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugagjald í þéttbýli, í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 535,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 070,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 með vísun til auglýsingar ráðuneytisins nr. 355, 29. júlí 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 100, 2. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	4,95 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 400,00 kr/a

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	7,43 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 400,00 kr/a

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	4,30 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 400,00 kr/a

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,35 kr/kWh
Fastagjald F1+F3	9 600,00 kr/a

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Orkugjald af allri notkun	1,36 kr/kWh
Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	24 180,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	4 030,00 kr/kW/a
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	4,95 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald	7 110,00 kr//kW/a
Orkujald kW	1,56 kr/kWh

B. 2. Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	1 950,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,15 kr/kWh

B. 3. Aflmæling – hitun.

Varmadælur og notkun til hitunar í iðnaði o.fl.

Lágmarksaflgjald 15 kW

Aflgjald	5 688,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,25 kr/kWh

C. 1 / D. 1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	1,84 kr/kWh
Fastagjald F3	7 200,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

C. 2 / D. 2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald	1,24 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

D. 3. Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o. fl.

Hámark uppsetts afls er 200 kW

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	1,84 kr/kWh
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl	2,57 kr/kWh
Fastagjald F3	7 200,00 kr/ári

S. 1. Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.

Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	0,83 kr/kWh
Aflgjald	374,00 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

INNHEIMTA OG LOKUN.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er 500,00 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er 1 000,00 kr.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15. mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3 og aflgjöldum B.3.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	4 720,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	150,3 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	87,6 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	41,2 aurar á kWh

3. Málspenna.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 kV málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

5. Ársnýting.

Ársnýting, árstími í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW sem greiða skal fyrir.

6. Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun vera minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma. Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58, 1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A einfasa	38 100,00 kr.
63 A þrífasa	42 100,00 kr.
100 A þrífasa	64 900,00 kr.
200 A þrífasa	156 000,00 kr.
315 A þrífasa	247 000,00 kr.
400 A þrífasa	340 000,00 kr.
710 A þrífasa	607 000,00 kr.
1200 A þrífasa	1 020 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

		Yfirlengdargjald	
Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
63 A einfasa	7 180,00 kr.	800,00 kr/m	11 400,00 kr/stólpa
63 A þrífasa	10 100,00 kr.	800,00 kr/m	13 000,00 kr/stólpa
100 A þrífasa	11 000,00 kr.	1 000,00 kr/m	15 000,00 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínustaur greiðist kr. 9 150,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

1.6 Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt — er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1.1 Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

1.2 Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt verðskrá kostnaðar- og verksamþykkt hverju sinni. Fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði o.þ.h. skal grunngjald vera kr. 64 900,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

Framangreint grunngjald kr. 64 900,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 293 stig og, að Orkusjóður greiði það sem á vantar heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

1.3 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Ef lögð er veita, þar sem línulögn þarf til og/eða, heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.2, skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1 Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.

1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spenni, strengjum o. s. frv.

1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald á ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

VI. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40000 kWh á ári samkvæmt lið C 1 og 56000 kWh samkvæmt lið A 5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C 1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr. á kWh.

Liður A 5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr. á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 355, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 18, 16. janúar 1987, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 414 24. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Fast gjald	1 460,00	kr/ár
Orkugjald	3,76	kr/kWh

A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

Fast gjald	2 920,00	kr/ár
Orkugjald	4,89	kr/kWh

B. Afltaxtar

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Fast gjald	25 000,00	kr/ár
Aflgjald	4 750,00	kr/kW/ár
Orkugjald	0,95	kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.
Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta.

B.2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	8 300,00	kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	10 100,00	kr/kW/ár
Gjald samtals	18 400,00	kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.
Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði rafmagnsveitunnar.

C. Hitunartaxti

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald	5 010,00	kr/ár
Orkugjald	2,72	kr/kWh

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar með rofi tvisvar á sólarhring allt að tveim klukkustundum í hvort skipti:

Fast gjald	3 340,00	kr/ár
Orkugjald með rofi í 6 mánuði, október — mars	1,17	kr/kWh
Orkugjald með rofi í 4 mánuði, nóvember — febrúar	1,28	kr/kWh
Orkugjald með rofi í 2 mánuði, desember — janúar	1,95	kr/kWh

C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Fast gjald	3 340,00	kr/ár
Orkugjald	0,61	kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09:00 til 21:00.

S. Sumartaxti

S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.
Lágmarksaflgjald á mánuði miðast við 75 kW.

Aflgjald	364,00	kr/kW/mán
Orkugjald	0,80	kr/kWh

Ekki er heimilt að selja raforku skv. þessum taxta frá 1. nóvember til 31. mars.

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Fyrir mælitæki til annarra nota, en að framan greinir, skal ársleiga vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 440,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 1 740,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 2 940,00
Aflmælir	kr. 2 940,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 4 400,00
Tvígjaldsorkumælir	kr. 2 830,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	kr. 4 310,00
Móttökuliði, einpóla	kr. 1 960,00
Móttökuliði, þrípóla	kr. 2 940,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjöld.

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjöld
63 A	1-fasa	24 000 kr.
63 A	3-fasa	26 600 kr.
100 A	3-fasa	42 400 kr.
111 A	3-fasa	84 400 kr.
315 A	3-fasa	133 000 kr.
400 A	3-fasa	170 000 kr.
630 A	3-fasa	266 000 kr.
710 A	3-fasa	301 000 kr.
1200 A	3-fasa	508 000 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

			Lengdargjald	
Málstraumur		Stofngjald	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63 A	1-fasa	kr. 4 770,00	709,00	9 000,00
63 A	3-fasa	kr. 6 720,00	709,00	10 400,00
100 A	3-fasa	kr. 7 090,00	927,00	12 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eigandi veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

5.1 Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

5.2 Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5.3 Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

5.4 Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 490,00

5.5 Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald ..... kr. 980,00

5.6 Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald ..... kr. 980,00
fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

5.7 Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafmagnsveitunnar.

5.8 Söluskattur 25% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun, og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

5.9 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

5.10 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 13, 13. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 415 24. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

A. Lýsing.

A1. Götu- og útilýsing samkvæmt uppsettu afli.

Aflgjald	9 090,00 kr/kWa
Viðhaldsgjald	10 920,00 kr/kWa
Gjald samtals	20 010,00 kr/kWa

Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.
Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

A2. 4,47 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.
Heimilt er að sammæla notkun eftir taxta A2 og C1.

B. Heimilisnotkun.

B1. 4,47 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

C1. 4,47 kr/kWh til véla.

C2. 1,06 kr/kWh og 5 330,00 kr/kWa og fast gjald 27 960,00 kr/a, til véla og fyrir iðnaðarhita. Aflgjald greiðist eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína eftir þessum taxta.

C3. 5,50 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.
Fast gjald ..... 3 220,00 kr/a

D. Hitun.

D1. Órofin hitun:
Orkugjald ..... 3,03 kr/kWh
Fast gjald ..... 5 490,00 kr/a

D3. Hitun m/rofi:
Orkugjald ..... 1,10 kr/kWh
Fast gjald ..... 3 680,00 kr/a

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D5. Næturhiti m/rofi:
Orkugjald ..... 0,68 kr/kWh
Fast gjald ..... 3 680,00 kr/a

Rjúfa má straum í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00—24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxta D3.
Orkugjald ..... 1,42 kr/a
Fast gjald ..... 3 680,00 kr/a

D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxta D3.
Orkugjald ..... 2,18 kr/kWh
Fast gjald ..... 3 680,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
g) Að raforka sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breytir henni í hitaorku.
h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 1.1.1.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B,C eða E, eftir því sem við á.

E. Stórnotkun.

E1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflsnotkun minnst 200 kW 0,75 kr/kWh og 6 730,00 kr/kWa eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunendar.

F. Önnur notkun.

F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

		kr/mánuði
G1.	Af einfasa mælum	38,90
G2.	Af þrífasa mælum til og með 80A	109,80
G3.	Af þrífasa mælum yfir 80A	161,40
G4.	Af mestu mælum	403,40
G5.	Móttökuliði	87,40

G6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum C2, C3, D1, D3, D5, D7, og D9.

2. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Heimtaugargjald skal greiða fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.

2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.3 Aðalheimtaug.

Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargj. kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstr. heimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3×63A kr.
220 V kerfi:			
63 A 1-fasa	26 700,00	8 050,00	
63 A 3-fasa	28 700,00	10 040,00	5 250,00
100 A 3-fasa	39 300,00	12 590,00	
200 A 3-fasa	68 200,00		
300 A 3-fasa	97 200,00		
380 V kerfi:			
63 A 1-fasa	26 700,00	8 050,00	
63 A 3-fasa	28 900,00	10 040,00	10 150
100 A 3-fasa	45 100,00	22 000,00	
200 A 3-fasa	91 500,00		
300 A 3-fasa	137 800,00		
400 A 3-fasa	182 400,00		
600 A 3-fasa	274 100,00		
900 A 3-fasa	411 800,00		
1200 A 3-fasa	549 300,00		

2.4 Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A heimtaug í 380 V kerfi.

2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.
Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.
Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 Bráðabirgðaheimtaugar.
Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald Kr.	Lengdargjald Jarðstrengur Kr/m	Lengdargjald Loftlína Kr/stólpa
63 A 1-fasa	5 690,00	828,00	10 580,00
63 A 3-fasa	7 730,00	828,00	12 300,00
100 A 3-fasa	8 300,00	1 090,00	14 000,00

2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.
2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.
2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 **Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.**
2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
2.22 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörð, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.
2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 898,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 1 940,00.

3. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.0 Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.
3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 840,00. Ennfremur skal sama gjald tekið, ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 840,00 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 500,00.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldaliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

3.7 Sölugjald 25% er innifalið í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi á taxta A1. Sölugjald innheimtist ekki af sölu á rafmagni til varmadælna, enda verði notkunin sérmæld.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 14, 13. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 416 9. september 1987

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Hafnarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli	kr.	1,31
fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli	kr.	17,30
fyrir hvern rúmmetra vatns.		

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með ¾" ..... kr. 517,00
b) fyrir mæla 1"—2" ..... kr. 1 034,00
c) fyrir mæla stærri en 2" ..... kr. 1 925,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 312,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m^3	55 700,00 kr
300—2 000 m^3	55 700,00 kr + 61,00 kr/m^3
2 000—6 000 m^3	159 900,00 kr + 50,00 kr/m^3
6 000—10 000 m^3	360 000,00 kr + 45,00 kr/m^3
Yfir 10 000 m^3	538 000,00 kr + 38,00 kr/m^3

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða ..... kr. 6 110,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miða við fasteignaskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 042,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C.1. eða samsvarandi taxta, en hann er nú óniðurgreiddur ..... kr. 1,84 auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miða skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

III. KAFLI

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 22, 21. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 9. september 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Árni P. Árnason.

Nr. 417 9. september 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

Númer gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orku-verð kr./kWh.	Árs-greiðslur kr.
	A — Almenn notkun.		
A	Með fastagjaldi	5,10	1 460,00
	B — Heimilisnotkun o. fl.		
B1.	Heimilisnotkun	3,76	1 460,00
B2.	Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	6,52	2 300,00

	C — Vélanotkun.			
C1.	Með fastagjaldi	5,10	1 460,00	
C3.	Stórnotkun (Afltaxti)	1,30	4 493,00	kr/kW
	Fastagjald		15 685,00	/ár
	D — Húshitun.			
D1.	Án rofs	2,78	1 860,00	
D2.	Rof 1,5 klst. á dag	1,50	1 860,00	
D3.	Rof 2,5 klst. á dag	1,36	1 860,00	
D5.	Rof 14,5 klst. á dag	0,78	1 860,00	
D6.	Sumarh. rof 3 klst. á dag	1,02	1 860,00	
D7.	Rof breytilegt	1,25	1 860,00	
	E — Annað.			
E1.	Sérsamningar			
E2.	Gatna- og hafnarlýsing		16 230,00	kVa/ár.
E3.	Lokun og enduropnun veitu		826,00	
	Mæla og rofaleiga.			
10	Einfasa		260,00	
11	Einfasa með liða		1 350,00	
20	Þrífasa		990,00	
21	Þrífasa með liða		2 000,00	
24	Þrífasa með straumsp.		2 550,00	
30	Þrífasa með aflmæli		1 600,00	
31	Þrífasa með aflmæli og straumsp.		3 100,00	
32	Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.			

Ákvæði og skýringar með töflu 1.

A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.

B2. Til véla- og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×32 A. og 3×50 A. 220 V.

C3. Til atvinnutækja með meira en 40kW. ársafl. Gjaldstofn aflgjalds úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl á 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxta, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.

e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E. – Annað.

E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingakerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxta B2.
Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.

E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðul hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 28 aura fyrir hvert tímabil mánaðarins sem hann fer niður fyrir slíkt lágmark.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjald-skrár-liður Nr.	Mál-straumur 220 V Amp.	Aðalvara 380 V kerfi Amp.	Flutnings-geta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengs-heimtaug. allt að 15 m kr.
2,01	2 × 35	1 × 35	7	13 200,00
2,02	2 × 60	1 × 60	13	15 800,00
2,03	3 × 60		22	19 100,00
2,04	3 × 100	3 × 60	38	26 800,00
2,05		3 × 100	66	38 900,00
2,06	2 × 200		76	43 200,00
2,07	3 × 350	3 × 200	132	68 000,00
2,08		3 × 350	231	111 200,00
2,09	Bráðabirgðarheimtaug		1 × 35 Amp.	4 900,00
2,10	Bráðabirgðarheimtaug		3 × 35 Amp.	9 700,00
2,11	Bráðabirgðarheimtaug		3 × 60 Amp.	16 400,00
2,12	Tenging v/Akraneshöfn			625,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið.

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVa	Nr.
3,01	150	86 000,00
3,02	300	162 000,00
3,03	500	260 000,00
3,04	600	300 000,00
3,05	800	400 000,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj=(600,00 + 0,56 × kVa) kr/m.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.

e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (rafhitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 15, 7. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 9. september 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Árni Þ. Árnason.

Nr. 418 24. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

I. RAFORKA.

Taxti A—1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr.	5,03 kWh
A—2	Orka til lýsingar þar sem mælingu verður ekki við komið (lágmark 2 kW)	—	15 354,00 árskW
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana ..... Leiga af mælum ekki tekin.	—	5,03 kWh
Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	7,55 kWh
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalaflsmælingu	—	1,68 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW) ..... Mælaleiga samkv. kafla II. Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	—	6 510,00 árskW
Taxti D—1	Hitun: Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag, án söluskatts ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	1,43 kWh

D—2 Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst á dag — 1,68 kWh
Mælaleiga samkv. kafla II.
D—3 Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota,
roftími allt að 13 klst. á sólarhring ..... — 1,52 kWh
Mælaleiga samkv. kafla II.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6000 kWh.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 A og minna ..... kr. 26,00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 A og minna ..... — 43,00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 A ..... — 60,00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	26 300,00	835,00
63 A 3-fasa	30 800,00	835,00
100 A 3-fasa	40 400,00	1 146,00
125 A 3-fasa	50 000,00	1 291,00
200 A 3-fasa	79 000,00	1 731,00
300 A 3-fasa	115 600,00	3 136,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá aðaltöflu að götugreiniskáp.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og hlýta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til t.d.

innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði — uppsteypt hús — er lagt rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 358,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 358,00 á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 25% er talinn með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema í taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, öðlast gildi 4. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 365, 4. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 20, 21. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 419 24. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1	Orka til almennrar lýsingar	kr.	5,00 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1	Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	kr.	5,00 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	kr.	5,00 á kWst.
3.2	Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kW	kr.	1,60 á kWst.
	Aflgjald með lýsingu	kr.	7 314,00 kW/á ári
3.3	Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:		
	Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun	kr.	5,00 á kWst.
	Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun	kr.	3,78 á kWst.
	Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun	kr.	3,46 á kWst.

4. Hitun.

4.1	Orka til íbúðarhúshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	kr.	1,28 á kWst.
4.2	Orka til atvinnuhúshitunar, roftími 2 × 2,5 klst. á dag	kr.	1,72 á kWst.
4.3	Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	kr.	2,15 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 23 275,00	1 323,00
63 A 3-fasa	kr. 23 275,00	1 323,00
100 A 3-fasa	kr. 31 695,00	1 495,00
125 A 3-fasa	kr. 38 753,00	1 707,00
200 A 3-fasa	kr. 51 133,00	2 314,00
300 A 3-fasa	kr. 88 403,00	2 685,00

Yfirlengdargjald greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 223,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 223,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 4. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 365, 4. ágúst 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 149, 26. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 420 24. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð — Yfirlit

A — Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	5,42 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 328,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	4,44 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 328,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	7,20 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	2 260,00 kr/ár

B — Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.	
	Fastagjald	25 454,00 kr/ár
	Orkugjald	1,62 kr/kWh
	Aflgjald	6 363,00 kr/ár/kWh
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	

C — Hitun.

C.1	Verð á raforku til órofinnar hitunar.	
	Orkugjald	2,94 kr/kWh
	Fast gjald	3 985,00 kr/ár

C.2 Verð á raforku til rofinnar hitunar

Orkugjald	1,53	kr/kWh
Fast gjald	2 581,00	kr/ár

Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

Önnur fastagjöld.

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

Fast gjald fyrir B lið skal jafngilda einu árskílówatti og bætast við mældan afltopp.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstr.		Heimt.gjöld:
25A	1 fasa	6 577,00
63A	1 fasa	32 460,00
63A	3 fasa	35 460,00
100A	3 fasa	54 636,00
200A	3 fasa	111 415,00
315A	3 fasa	175 693,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 964,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 964,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 104, 3. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 421 24. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1	Til almennrar lýsingar.	
	Orkugjald	6,13 kr/kWh
1.2	Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
	Orkugjald	7,63 kr/kWh
1.3	Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald	8 235,00 kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	8 921,00 kr/kW/ár
	Gjald alls	17 156,00 kr/kW/ár

2. Heimili o. fl.

2.1	Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
	Orkugjald	4,97 kr/kWh
2.2	Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum.	
	Orkugjald	4,97 kr/kWh
	Lágmarksgjald miðað við 1000 kWh notkun á ári	4 972,00 kr/ár

3. Vélar o. fl.

3.1	Til véla o.fl.	
	Orkugjald	6,13 kr/kWh
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar í fyrirtækjum eftir þessum gjaldskrárlið.	
3.2	Til véla og annarrar notkunar í fyrirtækjum eða stofnunum, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
	Orkugjald	1,74 kr/kWh
	Aflgjald	6 189,00 kr/kW/ár

4. Hitun.

4.1	Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.	
	Orkugjald	3,66 kr/kWh
4.2	Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.	
	Orkugjald	1,35 kr/kWh
4.3	Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.	
	Orkugjald	4,30 kr/kWh
4.4	Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.	
	Orkugjald	1,00 kr/kWh
4.5.	Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.	
	Orkugjald næturtaxti 9 stundir	1,30 kr/kWh
	Orkugjald dagtaxti 15 stundir	7,20 kr/kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrám.
d. Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	1 270,00 kr/ár
Orkumælir, þrífasa	1 906,00 kr/ár
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	2 541,00 kr/ár
Aflmælir	3 179,00 kr/ár
Aflmælir með straumspennum	3 672,00 kr/ár
Tvígjaldsmælir	3 176,00 kr/ár
Klukka	444,00 kr/ár

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína/stólpi (kr)
1 × 63	31 080,00	1 012,00	8 283,00
3 × 63	33 591,00	1 012,00	14 307,00
3 × 100	52 140,00	1 554,00	18 172,00
3 × 200	105 556,00	2 558,00	
3 × 315	167 359,00	2 988,00	
3 × 400	213 980,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	380 145,00	—	
3 × 1200	639 552,00	—	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir nýju heimtaugina að frádregnu hálfu gjaldi fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveimur árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 100,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, enda hafi tilkynning um breytingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 418,00.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3 viðhaldsgjald og liðum 4.1, 4.2 og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 62, 6. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1	Til almennrar lýsingar:		
	Orkugjald	kr.	5,75 kWh
1.2	Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð:		
	Orkugjald	kr.	7,15 kWh
1.3	Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:		
	Aflgjald	kr.	8 235,00 kW/ár
	Viðhaldsgjald	kr.	8 921,00 kW/ár
	Gjald alls	kr.	17 156,00 kW/ár
	Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.		

2. Heimili o. fl.

2.1	Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum:		
	Orkugjald	kr.	4,62 kWh
2.2	Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum:		
	Orkugjald	kr.	4,62 kWh

3. Vélar o. fl.

3.1 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili:

Orkugjald	kr.	1,74 kWh
Aflgjald	kr.	6 231,00 kW á ári

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald	kr.	3,66 kWh

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.

Orkugjald	kr.	1,35 kWh

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.

Orkugjald	kr.	4,30 kWh

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.

Orkugjald	kr.	1,00 kWh

4.5 Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.

Orkugjald næturtaxti 9 stundir	kr.	1,30 kWh
Orkugjald dagtaxti 15 stundir	kr.	7,20 kWh

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. FASTAGJALD

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	1 843,00
Orkumælir, þrífasa	kr.	4 056,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr.	4 538,00
Orkumælir fyrir sumarhús	kr.	6 557,00
Aflmælir	kr.	4 334,00
Aflmælir með straumspennum	kr.	4 814,00
Tvígjaldsmælir	kr.	4 910,00
Klukka	kr.	444,00

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	31 080,00	1 012,00	8 283,00
3 × 63	33 591,00	1 012,00	14 307,00
3 × 100	52 140,00	1 554,00	18 172,00
3 × 200	105 556,00	2 558,00	
3 × 315	167 359,00	2 988,00	
3 × 400	213 980,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	380 145,00	—	
3 × 1200	639 552,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 100,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra, við tiltekna tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 418,00.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3., viðhaldsgjald, og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 356, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 63, 6. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 423 10. september 1987

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að afnema einstefnu á Geirsgötu vestan Grófarinnar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 25. september 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. september 1987.

Böðvar Bragason.

Nr. 424 8. september 1987

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um dráttarvélar og hlífabúnað við aflflutning frá þeim nr. 153 10. mars 1986.

1. gr.

2. töluliður 45. gr. orðist svo:

45.2 Viðgerðir á burðarhlutum í öryggishúsum og öryggisgrindum mega þeir einir framkvæma sem til slíkra starfa hafa viðurkennd réttindi.

2. gr.

Við 1. töluluð 49. gr. (49.1) bætist:

Sé um að ræða dráttarvél sem notuð er í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði má með sama hætti áfrýja úrskurðum til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, tekur þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. september 1987.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ráðherra er heimilt fram til 31. desember 1987 að víkja frá ákvæðum 2. gr. að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

2. september 1987 Nr. 426

AUGLÝSING

um friðlýsingu Kirkjugólfs á Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti Kirkjugólf á Kirkjubæjarklaustri, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Mörk náttúruvættisins miðast við 10 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf.

Jaðarsvæði miðast við 50 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið eftir merktri gönguleið að náttúruvættinu.
2. Öll umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er bönnuð nema á túnum.
3. Hefðbundin nýting túna er heimil.
4. Öll mannvirkjagerð, efnistaka og röskun á jarðmyndunum er bönnuð.
5. Óheimilt er að tjalda innan marka náttúruvættisins.

Á jaðarsvæði er öll mannvirkjagerð og breyting á landnotkun óheimil, nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.


KIRKJUGÓLF
NÁTTÚRUVÆTTI
..... göngustigur
jaðarsvæði
mörk
náttúruvættis
0 100 200m
sumar-
hús
KIRKJU-
GÓLF
KIRKJUBÆR
II
íbúðarbyggð
bensínstöð
póstur
og
sími
verslun
SKAFTÁ

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Norður-Ísafjarðarsýsla er eitt fjallskilaumdæmi og skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum.

Ísafjarðarkaupstaður og Bolungarvíkurkaupstaður eru sérstakar fjallskiladeildir í fjallskilaumdæminu.

2. gr.

Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í umdæminu. Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli fjallskiladeilda út af fjallskilamálum. Allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál heyra undir sýslunefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

3. gr.

Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum hver í sínu sveitarfélagi eða í samlögum, ef svo hagar til.

Sveitarstjórnir geta tekið nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum hver á sínu fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir sveitarstjórnar eigi í bága við reglugerð þessa.

4. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd undir umsjón sveitarstjórnar tekur til, eru beitilönd þau, sem nytjuð eru sem sumarhagar fyrir sauðfé og eyðibyggðir, sem búpeningur getur gengið í.

II. KAFLI

Um afrétti, notkun beitilanda og ágang búpenings.

5. gr.

Sveitarstjórn getur samið við landeigendur um afréttarafnot og með samþykki sýslunefndar ákveðið mörk afrétta, afréttargjöld og hagatoll. Þó getur sá aðili, sem ekki vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur er ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en sex ár í senn.

Enginn má smala afrétti né gera afréttarbúpeningi ónæði nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

6. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist vera að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings. Búfjáreigendur skulu taka uslafénað í sína vörslu, en að öðrum kosti skal sveitarstjórn gera ráðstafanir um flutning búfjárins í hagagöngu á kostnað eigenda þess.

7. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi búfjárins gjalda viðkomandi aðila bætur. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur sá, er fyrir verður, sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda búfjárins tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri eða bæjarfógeti nefnir til, má hreppstjóri/bæjarfógeti selja féð á opinberu uppboði, eða leiða til slátrunar. Andvirðið að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði greiðist til búfjáreiganda. Um ágang búfjár vísast að öðru leiti til IV. kafla laga nr. 6/1986.

8. gr.

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelti. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur.

III. KAFLI

Um göngur og réttir.

9. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og leggur til fjallskila á þann hátt, sem sveitarstjórn ákveður. Skyldur er húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, sem eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað. Ábúendur sauðlausra jarða skulu gera fjallskil eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sama gildir um eigendur eyðijarða.

Sveitarstjórn ákveður fjölda gangamanna og deilir þeim niður á fjallskilaaðila í hlutfalli við tölu vetrafóðraðs fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum og jarðeignum.

Niðurjöfnun fjallskila skal birta hlutaðeigendum minnst með viku fyrirvara. Skal þar taka fram, hvað hver og einn á að leggja til, tilnefndir leitarstjórar og skýrt frá tilhögun leita.

10. gr.

Sveitarstjórn skipar svo marga leitarstjóra, sem henni þykir hæfa og ákveður svæði hvers þeirra. Leitarstjórar ákveða, í umboði sveitarstjórnar, fyrirkomulag og verkstjórn í göngum.

Leitarstjórar sjá til þess, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi. Þeir líta eftir því, að gangnamenn séu fullgildir og vel útbúnir. Skulu gangamenn allir skyldir að hlíta forsögn leitarstjóra.

11. gr.

Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í tuttugustu og annarri viku sumars, síðari leitardagur tveimur vikum seinna. Þó skal heimilt, ef samkomulag næst á milli sveitarstjórna á nærliggjandi leitarsvæðum, að ákveða aðra leitardaga. Sveitarstjórn er einnig heimilt að skipta fjallskiladeild í fleiri en eitt leitarsvæði, ef þurfa þykir vegna fólksfæðar eða staðhátta.

Sveitarstjórnir geta, ef þurfa þykir, fyrirskipað eftirleitir á afrétti og eyðibyggðir. Um eftirleitir gilda sömu reglur og göngur á hausti, eftir því sem við á.

12. gr.

Hver bóndi er skyldur að hirða óheimt fé, er finnst í heimalöndum, eftir að almennum fjallskilum er lokið, og greiða fyrir því, að það komist til réttra eigenda.

13. gr.

Hver fjallskiladeild ritar gerðabók og færir sérstakt bókhald, og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem við verður komið, en ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

Ef maður vanrækir án lögmætra ástæðna, að inna fjallskil af hendi, skal hann eftir ákvörðun sveitarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð allt að helmingi af matsverði fjallskilanna. Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

14. gr.

Nú er jörð eða jarðarhluti í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar með samningi, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar, sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri.

Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd í eyðilöndum. Kostnaður við þau greiðist þannig, að eigendur bera ½, sveitarfélög þau, er eiga fjárvon í löndum ¼ og ríkissjóður ¼.

Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

15. gr.

Ef fjallskilaskyldur aðili hefur engum færum manni á að skipa og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það sveitarstjórn eigi síðar en viku fyrir fjallskil, enda greiði hinn fjallskilaskyldi aðili áfallinn kostnað vítalaust.

16. gr.

Réttarstaðir skulu ákveðnir af sýslunefnd að fengnum tillögum sveitarstjórna.

Í hverjum hreppi skal vera minnst ein aðalrétt og aukaréttir eftir þörfum. Aðalréttir í fjallskilaumdæminu skulu vera á þeim stöðum er hér segir:

Í Bolungarvíkurkaupstað:	Á Sandi.
Í Ísafjarðarkaupstað:	Kirkjubólsrétt í Engidal og Hnífsdalsrétt í Hnífsdal. Aukaréttir skulu vera Arnardalsrétt í Arnardal og Ísafjarðarrétt á Ísafirði.
Í Súðavíkurhreppi:	Í Eyrardal. Aukaréttir skulu vera í Hattardal og á Eyri í Seyðisfirði.
Í Ögurhreppi:	Á Skarði í Skötufirði.
Í Reykjarfjarðarhreppi:	Í Svansvík og Hörgshlíð.
Í Nauteyrarhreppi:	Á Kirkjubóli og Melgraseyri.
Í Snæfjallahreppi:	Á Tyrðilmýri. Aukaréttir skulu vera að Bæjum og í Unaðsdal.

Sveitarstjórn skipar réttarstjóra. Réttarstjóri stjórnar fjárdrætti og leggur áherslu á, að vel gangi og skipulega. Réttarstjóri, í umboði sveitarstjórnar, sér um meðferð óskilafjár, eftir því sem samræmist VIII. kafla laga nr. 6/1986 og reglum sauðfjárveikivarna.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar, sem ær helga sér ekki og mýétið fé.

17. gr.

Meðan varnarhólfum er við haldið, skal réttarstjóri annast eftir föngum, að fé úr öðrum varnarhólfum sé fjarlægt úr réttinni, svo fljótt sem kostur er. Skal ætla sérstakan dilk fyrir slíkt fé. Hafi smitandi sjúkdómur, svo sem garnaveiki eða riða, komið fram innan svæðisins, skal réttarstjóri hafa umsjón með, að fé af þeim bæjum sé dregið hið fyrsta í dilka.

Enginn má hleypa úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir, og fjáreigendur mega ekki fara úr rétt, fyrr en fjárdrætti er lokið.

18. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar/bæjarfógetar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár hver í sínum hreppi/kaupstað.

Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn. Hver sá, er sannar eignarrétt sinn að hinu slátraða fé, skal fá andviði þess að frádregnum öllum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir lok septembermánaðar næst á eftir.

19. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það leitarstjóra viðkomandi leitarsvæðis. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálft andvirði hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluti kostnaðar. Náist kindur hins vegar ekki lifandi skal sýslusjóður bera kostnað vegna tilraunarinnar.

IV. KAFLI

Um mörk og markaskrá.

20. gr.

Hver búfjáreigandi er skyldur að hafa glöggt eyrnamark á búfé sínu. Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda grip nema sannist, að annar eigi. Séu notaðar eyrnaplötur, ber að skrá á þær númerstölu bæjar og hrepps, í samræmi við ákvæði um litamerkingu sauðfjár, sbr. rg. nr. 224 26. apríl 1987.

21. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir fjallskilaumdæmið, svo sem lög mæla fyrir, og skal útsendingu hennar lokið fyrir 31. ágúst það ár sem skráin kemur út.

Sveitarstjórnir annast söfnun marka, hver í sínum hreppi, og skal henni lokið fyrir 1. janúar þess árs. Hverjum fjáreiganda er skylt að koma mörkum sínum í markaskrá gegn ákveðnu gjaldi, sem sýslunefnd ákveður.

22. gr.

Sýslunefnd ræður markavörð, er sér um mörk og útgáfu markaskrár í fjallskilaumdæminu. Skal hann gæta þess við upptöku nýrra marka, að ekki sé sammerkt. Hafa skal samráð við aðra markaverði á Vestfjörðum og víðar, eftir því sem þurfa þykir.

23. gr.

Heimilt er að nota eftirtalin eyrnamörk: Biti, tvíbitað, blaðstýft, fjöður, tvífjaðrað, gagnbitað, gagnfjaðrað, geirstíft, geirsýlt, hamrað, hangfjöður, hálftaf, heilhamrað, heilritað, hvatrifað, hvatt, miðhlutað, miðhlutað í stúf, sneiðrifað, sneitt, stúfrifað, stýft hálftaf, stýft sýlt, tvístýft, bragð, ganghangfjaðrað, gagnhófbitað, gagnstigað, hófbiti, lögg, stig, tvístigað, stúfrifað í hálftaf, tvírifað í sneitt, sneiðhamrað, sneitt í hálftaf.

24. gr.

Nú flytur markeigandi inn í fjallskilaumdæmið, og skal hann þar tilkynna markaverði mark sitt og fá samþykki hans.

Vanræki einhver markeigandi að láta prenta mark sitt í markaskrá, má hann búast við því, að með fé hans verði farið sem óskilafé.

25. gr.

Brennimörk og plötumerki í fjallskilaumdæminu eru þessi: Bolungarvíkurkaupstaður NÍ 1, Ísafjarðarkaupstaður NÍ 2, Súðavíkurhreppur NÍ 3, Ögurhreppur NÍ 4, Reykjarfjarðarhreppur NÍ 5, Nauteyrarhreppur NÍ 6, Snæfjallahreppur NÍ 7.

26. gr.

Enginn má sleppa hrossum eða geldneytum lausum án eyrnamarks, plötumerkis eða frostmerkingar. Skulu hrossaeigendur tilkynna markaverði mörk hrossa sinna til birtingar í markaskrá sýslunnar. Um frostmerkingar stórgripa gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 224 28. apríl 1987.

V. KAFLI

Önnur atriði.

27. gr.

Um smalanir að vori skulu fjáreigendur vera frjálsir. Sveitarstjórn er þó skylt að samræma vorsmölun, ef meirihluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óskar eftir því.

28. gr.

Rétt er hverjum sláturleyfishafa að hafa markglöggan mann í sláturrétt, meðan á slátrun stendur. Skal hann gæta þess, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað á sláturfé. Telji hann eignarheimild á fénaði vafasama, skal hann leita nánari upplýsinga þar um.

29. gr.

Að öðru leyti en greint er í reglugerð þessari fer um fjallskilamálefni eftir því sem segir í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, nú lög nr. 23/1956 og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum og renna sektir í fjallskilasjóð viðkomandi fjallskiladeildar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6 21. mars 1986, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu nr. 2 6. janúar 1938 og auglýsing um breytingu á þeirri reglugerð nr. 84 20. maí 1957.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað innan ofangreindra sveitarfélaga á Suðurnesjum að undanskildum þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að veita undanþágu til hundahalds með eftirtöldum skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (H.E.S.) og er leyfi bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings, sem fær merkta plötu sem við á og jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Húðflúr í eyra gert af dýralækni er einnig fullgild merking. Einnig skal við ólina festa merki er sýni að viðkomandi hundur hafi verið hreinsaður.

b. Árlega skal greiða leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþágu er veitt fyrir og er þá um að ræða leyfis-, hreinsunar- og tryggingargjald en H.E.S. sér um að ábyrgðartryggja alla skráða hunda á svæðinu. Samband sveitarstjórna á Suðurnesjum (S.S.S.) ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og rennur það til að standa straum af kostnaði við umsjón og eftirlit með hundum á svæðinu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið greiðist við skráningu fyrir 1 ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars.
Af þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki samkvæmt læknisráði greiðist aðeins tryggingargjald og hreinsunargjald. Dráttarvextir falla á ógreidd gjöld eftir 1. maí.
Hafi gjöldin ekki verið greidd 1. sept. falla hlutaðeigandi leyfi úr gildi. Ef eigendaskipti á hundi eru fyrirhuguð ber hinum nýja eiganda að sækja þegar um undanþágu til H.E.S. Hverjum hundaeiganda öðrum en ábúendum á lögbýlum með fjárhunda, er leyfilegt að eiga að hámarki tvo hunda samtímis.

c. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skóla, íþróttahús, sundstaði, barnaleikvelli, almenningsfarartæki, matvöruverslanir, fiskverkunarhús eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð, ennfremur sjúkrahús, kirkjur, bókasöfn og aðrar opinberar stofnanir.
Þarfahundar á lögbýlum (smalahundar) mega ekki ganga lausir utan girðinga nema þegar þeir eru notaðir við smölun.

d. Hundahald í sambýlishúsum er háð því að eigendur/umráðamenn íbúða eða stjórn húsfélags samþykki slíkt og ber umsækjanda að leggja fram skriflegt samþykki þeirra með umsókn sinni til hundahalds.

e. Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda (bandormahreinsun) svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd kann að setja.

f. Hundar mega ekki valda ónæði með spangóli eða gelti.

g. Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Tíkur ber að sprauta með getnaðarvarnalyfi með 5 mánaða millibili, þó má gefa undanþágu frá því ef fyrir liggur skrifleg beiðni þegar sérstaklega stendur á.

Vönun hunda skal gerð að boði H.E.S., teljist ástæður til þess að fenginni reynslu og skal slíkt tilkynnt hundaeigendum á lögformlegan hátt.

h. Hundaeigendum ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunda sinna og m.a. fjarlægja hundaskít.

3. gr.

Ef brotið er gegn skilyrðum fyrir hundahaldi má taka viðkomandi hund úr umferð og skal honum komið fyrir í hundageymslu sé um minniháttar brot að ræða. Skal þá hundeigandi látinn vita og honum gefinn kostur á að leysa hundinn út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins innan viku. Sé um að ræða ítrekað brot og alvarleg brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Veitist hundur að fólki með gelti eða urri að tilefnislausu, glefsar eða bítur telst það alvarlegt brot.

Vanræksla á að færa hund til bandormahreinsunar telst alvarlegt brot. Sé hundur staðinn að því að elta og bíta sauðfé telst það alvarlegt brot. Heimilt er að aflífa leyfislausa hunda.

4. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt hvenær sem þörf krefur að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi teljist þess þörf. Þegar um afturköllun leyfis er að ræða ber hundeiganda að færa viðkomandi hund í hundageymslu eða til dýralæknis í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Í þeim tilvikum þar sem rekja má leyfissviptingu til vanrækslu eiganda skal veittur viku frestur til að ráðstafa hundinum annað. Sé slíkt ekki gert er heimilt að aflífa hundinn.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984.

6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórna Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur út gildi samþykkt með sama heiti frá 29. janúar 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. september 1987.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

1. gr.

Í stað „1. september“ í 1. mgr. 2. gr. komi 1. október.

2. gr.

5. mgr. 3. gr. orðist svo:

Nefndinni er heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar við afgreiðslu mála. Deildarstjóri greiðsludeildar Tryggingastofnunar ríkisins skal vera ritari nefndarinnar.

3. gr.

7. mgr. 3. gr. orðist svo:

Tillögur nefndarinnar skulu sendar tryggingaráði til afgreiðslu fyrir 1. desember ár hvert vegna úthlutunar komandi árs. Ákvörðun tryggingaráðs um úthlutun skal fara fram fyrir 15. janúar ár hvert vegna yfirstandandi árs og skulu styrkir greiddir út á tímabilinu 1. mars til og með 30. júní. Styrkir sem ekki eru nýttir á þessum tíma falla niður sjálfkrafa.

4. gr.

1. setning 2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Heimilt er að víkja frá 1. tl. mæli sérstakar ástæður með því, en þá skal umsækjandi tilnefna ökumenn, einn eða fleiri, sem aka mega bifreiðinni með tilliti til ábyrgðartryggingar hennar.

5. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Þó er heimilt að greiða styrk allt að 40% af kaupverði bifreiðar sé um að ræða einstakling, sem ekki kemst af án sérbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna fötlunar.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Nefnd samkvæmt 3. gr. tekur til starfa frá og með 1. október 1987 vegna úthlutunar 1988.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 19. og 39. gr. stl. b. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Stykkishólmi.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum í bænum, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í bænum með eftirfarandi skilyrðum:

a) Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og óheimilt er að framselja það.
b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda í húsinu fylgja umsókninni.
c) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður fyrir 1 ár í senn og staðfest skal af heilbrigðisráðherra í sérstakri gjaldskrá skal standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.
d) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan. Bæjarstjórn getur ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag. Skal tryggingin ná til alls tjóns, sem hundurinn kann að valda. Við greiðslu leyfisgjalds, skal liggja fyrir vottorð um ábyrgðartryggingu.
e) Hundurin skal bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt nafn og skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda hans.
f) Hundurinn skal árlega hreinsaður skv. reglugerð nr. 201/1957 um varnir gegn sullaveiki. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu leyfisgjalds.
g) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylds aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
h) Eigi að leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli eða aðra þá staði, sem um ræðir í IX.-XV. kafla og XVIII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, en þeir eru:
   1. Gistihús (gistiskálar, söluskálar), tjaldbúðir, matsölur og aðrir veitingastaðir.
   2. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili.
   3. Snyrtistofur, hvers konar.
   4. Heilbrigðisstofnanir, hæli og íþróttamannvirki.
   5. Fangelsi og vistarveru handtekinna manna.
   6. Samkomuhús.
   7. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
   8. Húsakynni, þar sem seld eru eða framleidd matvæli og aðrar neysluvörur.

3. gr.

Umsókn fyrir leyfi til hundahalds skal senda bæjarstjórn Stykkishólms, sem gefur út leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá bæjarstjórn. Þar skal m.a. skrá heiti, aldur, kyn, tegund, lit og önnur einkenni hundsins. Ennfremur nafn og heimilisfang leyfishafa svo og skráningarnúmer hundsins. Leyfishafi fær merkta plötu sbr. 3. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Stykkishólmi.

Lögregluvarðstofunni í Stykkishólmi og heilbrigðisnefnd skulu send afrit af leyfisbréfi.

4. gr.

Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstaka hunda eða öll veitt leyfi, telji hún brýna nauðsyn þar á að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar og lögreglu. Að öðru leyti fer um framkvæmdina samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og ööllast gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Nr. 431 25. ágúst 1987

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. c-staflið 2. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmi frá 25. ágúst 1987 skal vera kr. 400 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalddaga árgjalds sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 1.500 í fyrsta skipti, kr. 3 000 í annað og kr. 5 000 í þriðja skipti.

3. gr.

Gjöld skv. 1. og 2. gr. eru miðuð við byggingavísitölu sem í gildi var 1. mars 1987 293 stig, og sæti þau síðan hlutfallslegum breytingum fyrir hvert gjaldár miðað við breytingar á byggingavísitölu.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

1. september 1987 Nr. 432

REGLUGERÐ

um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig matvælafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Starfsleyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa B.S. prófi í matvælafræðum frá Háskóla Íslands. Ráðherra getur að fenginni umsögn Matvæla- og næringafræðingafélags Íslands og þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem matvælafræði eru kennd, veitt þeim starfsleyfi, ótakmarkað eða tímabundið, sem lokið hafa sambærilegu háskólaprófi erlendis. Í þeim tilvikum skal umsækjandi sanna þekkingu sína í íslenskri matvælalöggjöf og mæltu og rituðu íslensku máli, séu um erlenda ríkisborgara að ræða.

3. gr.

Matvælafræðingur skal starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um matvæli og aðrar neysluvörur. Starfssvið matvælafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, kennslustofnunum heilbrigðisstétta og matvælastofnunum. Matvælafræðingar starfa á eigin ábyrgð.

4. gr.

Óheimilt er að ráða sem matvælafræðinga aðra en þá, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Matvælafræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur gilda um starfólk það sem matvælafræðingar kunna að hafa í starfi.

6. gr.

Matvælafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

7. gr.

Um matvælafræðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969, svo sem um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis.

8. gr.

Ráðherra getur í auglýsingu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar reglugerðar.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 433 17. september 1987

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987-1988 nr. 445 29. október 1986.

1. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, 12. gr. A, svohljóðandi:

Skerða skal fullvirðisrétt, sem reiknast skv. ákvæðum þessa kafla, taki framleiðandi út ófryst kjöt og slátur úr afurðastöð umfram eftirfarandi mörk:

1. Framleiðandi á lögbýli getur tekið allt að 60 kg af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu fyrir hvern heimilismann sem hafði þar lögheimili 1. desember 1986 skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbýlis getur tekið allt að 60 kg af ófyrstu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu.

Taki framleiðandi út meira magn úr afurðastöð en um getur í 1. og 2. tl. 1. mgr., skerðist fullvirðisréttur hans um það magn og jafnframt skerðist heildarfullvirðisréttur til framleiðslu á kindakjöti sbr. 2. gr. um sama magn. Óheimilt er að taka kjöt út úr afurðastöð eftir að það hefur verið fryst. Heimild til að taka út kjöt eftir ákvæðum þessarar greinar án þess að það skerði fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda, fellur niður hjá þeim aðilum sem slátra utan afurðastöðvar.

Afurðastöðvum er skylt að halda sérstaka skrá yfir allt heimtekið kjöt, þar sem fram koma allar sömu upplýsingar og um innlagt kindakjöt. Skrár þessar skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins með sláturskýrslum og skal það annast útreikninga er sýna breytingu fullvirðisréttar skv. reglum þessum og tilkynna það viðkomandi afurðastöð áður en fullnaðaruppgjör fer fram skv. 12. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að merkja allt kjöt sem tekið er út úr afurðastöð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með stimpli sem á stendur „HEIMTEKIÐ KJÖT — EKKI SÖLUVARA“. Stimpla skal skrokka á sex stöðum alls. Hvorn helming skal stimpla á þremur stöðum, á bóg, hrygg og læri.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. september 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1987

24. september 1987 833 Nr. 434

AUGLÝSING

um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Á grundvelli 12. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og 19. gr. reglugerðar nr. 519/1979 um sama efni hefur viðskiptaráðuneytið, í samráði við Seðlabanka Íslands, sett eftirfarandi reglur um erlendar lántökur og leigur (fjármögnunar- og kaupleigur) á tækjum, vélum og búnaði eingöngu til nota í atvinnurekstri.

1.0 **Erlendar lántökur vegna kaupa á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri svo og vegna viðgerða á skipum.**

1.1 Heimilt er að gera lánssamning við erlenda aðila um kaup frá útlöndum á vélum, tækjum og búnaði, sem upp eru talin í lið 6.0 hér á eftir, til nota í atvinnurekstri.

Innlendum framleiðendum þeirra véla, tækja og búnaðar, sem upp eru talin í 6.0 hér að neðan, er heimilt að taka erlend lán til að fjármagna slíka framleiðslu sína með sömu takmörkunum og greinir í reglum þessum.

Erlend lán skv. 1. og 2. mgr. skulu ekki vera hærri en sem nemur 70% af innlendu verði vörunnar en 60% ef slíkum lánum fylgir ábyrgð eða endurlán innlends banka, sparisjóðs, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

1.2 Heimilt er að gera lánssamninga við erlenda aðila vegna viðgerða á skipum erlendis. Hérlendum skipasmíðastöðvum, sem annast samskonar viðgerðir, er og heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna þær. Lánshlutfall af viðgerðarkostnaði fiskiskipa skal eigi vera hærra en Fiskveiðasjóður Íslands hefur til viðmiðunar í sínum útlánareglum í sambærilegum tilvikum, en um önnur skip gilda lánshlutföll skv. 1.1 hér að ofan.

2.0 **Samningar um leigur á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri skv. 6.0 og lántökur í því sambandi.**

2.1. Innlendum fyrirtækjum, sem annast fjármögnunar- og kaupleigu er heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna kaup á vélum, tækjum og búnaði erlendis frá, í þeim tilgangi að gera leigusamninga um notkun þeirra við innlenda aðila. Erlenda lánið má eigi vera hærra en sem nemur 70% af samningsverði.

2.2 Innlendir aðilar, sem gera leigusamning beint við erlenda aðila skulu leggja fram við samningsgerð fjárhæð er nemur 30% af samningsverði. Erlend lántaka vegna þessa hluta samningsverðs er óheimil. Hlutfall þetta skal við samningsgerð leggja inn á bundinn reikning við hérlenda innlánsstofnun í krónum eða með keyptum gjaldeyri (á innlendan gjaldeyrisreikning) og gangi hlutfallslega úr reikningi þessum til að mæta leigugreiðslum á samningstímanum. Sjá þó einnig 9. lið auglýsingar nr. 171/1980 um leigusamninga, sem heimilt er að gera til 3 eða 12 mánaða. Að öðru leyti gilda almenn skilyrði í 3.0 hér að neðan.

B 56

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3.0 **Almenn skilyrði um láns- og leigusamninga skv. 1.0—2.0.**

3.1 Allar erlendar lántökur skv. 2.0 hér að ofan skulu bundnar leigusamningum og kjörin mótist af því, sbr. endurlánsskilyrði 38. og 39. gr. laga um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13/1979.

Erlendu lánsfé skv. 2.0 sé eingöngu varið til kaupa á vélum, tækjum og búnaði skv. 6.0, sem beinlínis eru fluttar inn vegna ráðgerðra leigusamninga eða í sama tilgangi til að fjármagna samskonar tæki er smíðuð yrðu hérlendis í stað innflutnings.

3.2 Láns- og leigusaminga þessa, skv. 2.0 hér að framan, er ekki heimilt að gera með ábyrgð eða endurláni innlends banka, sparisjóðs, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

3.3 Hver samningur um einstaka vél, tæki eða búnað skal ekki vera fyrir lægri fjárhæð en USD 5000 eða að jafnvirði hennar í annarri mynt. Hámarks láns- eða leigutími er sjö ár, en varðandi leigu eða lán til lengri tíma skal sækja um heimild til viðskiptaráðuneytisins.

3.4 Afrit lánssamninga við erlenda aðila og afrit leigusamninga við innlenda og erlenda aðila, ásamt reikningum frá innflytjanda véla, tækja og búnaðar, skulu jafnóðum lögð fyrir gjaldeyriseftirlitið til staðfestingar. Við lok hvers mánaðar skulu þeir aðilar, er annast eða gera hér umrædda samninga, bæði með erlendu og innlendu fjármagni, leggja fyrir gjaldeyriseftirlitið heildaryfirlit um þá, þar með um jöfnuð samninga gerðra í erlendri og innlendri mynt skv. nánari reglum sem Seðlabankinn setur. Kröfur um framlagningu skjala og skýrslugerð hér að ofan eru byggðar á lögum um gjaldeyris- og viðskiptamál nr. 63/1979 og lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986.

3.5 Óskir um láns- og leigusamninga vegna annarra véla, tækja og búnaðar í atvinnurekstri en um er getið í lið 6.0 skulu sendar með viðeigandi gögnum til gjaldeyriseftirlitsins, sem leggur þær fyrir viðskiptaráðuneytið. Sjá ennfremur 4.0 hér að neðan og auglýsingu ráðuneytisins nr. 171/1980.

4.0 Aðrar erlendar lántökur.

Aðrar lántökur en þær, er tilgreindar hafa verið í auglýsingu þessari, svo og auglýsingu nr. 171/1980 skal sækja um til viðskiptaráðuneytisins. Í lántökubeiðni skal ítarleg grein gerð fyrir tilgangi lántökunnar.

5.0 Ákvæði 17. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála skulu gilda eftir því sem við á vegna brota á auglýsingu þessari.

6.0 Reglur þessar í 1.0—3.0 gilda um vélar, tæki og búnað til nota í atvinnurekstri, sem falla undir eftirtalda kafla tollskrárinnar og tilheyrandi tollskrárnúmer, þó ekki varahluti:

Úr 59. KAFLA:

59.05.01 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr gerviefnum, - loðnu- og síldarnætur o.þ.h.

Úr 73. KAFLA:

73.21.06 Steypumót (mótakerfi)
73.22 Tankar úr ryðfríu stáli
73.27.05 Færibönd

Úr 84. KAFLA:

84.01 Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar), þó ekki vatnsmiðstöðvarkatlar sem einnig geta framleitt gufu með lágum þrýstingi, háhitavatnskatlar (super heated water boilers)
84.02 Hjálpartæki við katla sem teljast til nr. 84.01

84.03 Tæki til framleiðslu á loftgasi, vatnsgasi og acetylengasi
84.05 Gufuvélar
84.06.10 Flugvélahreyflar
84.06.69 Vararafstöðvar
84.07 Vökvaþrýstivélar og hreyflar (þar með talin vatnshjól og vatnshverflar)
84.08.10 Þotuhreyflar
84.08.20 Skrúfuþotuhreyflar
84.08.50 Hlutar til þotuhreyfla eða skrúfuþotuhreyfla
84.09.00 Sjálfknúnar vegþjöppur
84.10 Vökvadælur
84.11.11 —
84.11.19 Dælur og þjöppur
84.15 Tæki og vélar til kælingar og frystingar
84.16 Sléttipressur
84.17 Vélar, tæki og vélasamstæður, svo og hliðstæður búnaður til rannsóknastofa
84.18 Miðflóttaaflsvindur; vélar og tæki til síunar og hreinsunar á vökvum og lofttegundum
84.19.21 Aðrar uppþvottavélar
84.19.29 Annað
84.20 Vogir
84.21 Mekanísk tæki til dreifingar, sprautunar og úðunar á vökvum og dufti
84.22.11 Kraftblakkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta
84.22.12 Vindur, þar með taldar akkeris- og skipavindur
84.22.21 Lyftikranar
84.22.50 Rennistigar og rennigangbrautir
84.22.61 Færibönd og sniglar
84.23.10 —
84.23.40 Vélar og tæki til graftar, uppfyllingar, námuvinnslu, grjótnáms og annars þess háttar
84.25.20 Sambyggðar uppskeru- og þreskivélar
84.25.32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
84.25.41 Flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu
84.26.21 Mjólkurvinnsluvélar
84.26.29 Annað
84.28 Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar
84.29 Vélar og tæki til brauðkornsmölunar
84.30 Vélar og tæki, sem ekki teljast til einhvers annars númers þessa kafla, til notkunar við framleiðslu mat- og drykkjarvara
84.31 Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa
84.32 Bókbandsvélar
84.33 Vélar og tæki til pappírs- og pappaskurðar
84.34.10 Vélar, tæki og áhöld til að steypa og setja prentletur og vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötur og prentvölsun
84.35 Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi
84.36 Vélar til útpressingar á tilbúnum spunatrefjum; vélar til vinnslu á spunaefnum, náttúrulegum og tilbúnum; spuna- og tvinningarvélar og spólunar- og hespunarvélar
84.37 Vefstólar, prjónavélar og vélar til framleiðslu á yfirspunnum þræði
84.40.29 Þvottavélar, sem taka meira en 6 kíló, aðrar en til heimilisnotkunar

84.40.30 Þurrhreinsivélar
84.40.40 Þurrkarar til iðnaðarnota
84.40.62 Strokvélar, aðrar en til heimilisnotkunar
84.40.63 Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavörum
84.40.64 Prentunarvélar
84.41.12 Saumavélar til notkunar í iðnaði
84.42 Vélar og tæki til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni
84.43 Málmbræðsluofnar- og vélar
84.44 Málmvölsunarvélar
84.45 Vélar til smíða úr málmi og málmkarbídum; þó ekki vélar er teljast til nr. 84.49 og 84.50
84.46 Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir, steinsteypu, asbestsementi og gleri, þó ekki handverkfæri
84.47 Vélar til smíða úr trjáviði, korki, beini, harðgúmmíi, sviðaprar hörku (þó ekki tæki er teljast til nr. 84.49)
84.52 Reiknivélar, bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og aðrar svipaðar vélar sem eru með reikniútbúnaði
84.53 Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeim tilheyrandi, lesarar fyrir segulletur og ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum ót.a.
84.55.21 Tölvuhlutir
84.56 Vélar og tæki til sundurgreiningar, sáldunar, þvotta, mölunar og blöndunar á mold, steinum, málmgrýti og öðrum föstum steinefnum, einnig þótt þau séu sem duft eða deig, vélar og tæki til að pressa eða móta fast eldsneyti, efni í leirvörur, óharðnað sement, gips og önnur steinefni í duft- eða deigformi; vélar til framleiðslu á steypumótum úr sandi
84.57 Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á gleri og glervörum o.fl.þ.h.
84.59 Vélar og tæki og mekanísk áhöld til sérstakra nota og teljast ekki til annars númers í þessum kafla
84.60 Mótakassar til málmsteypu; steypumót fyrir málma
84.65.01 Skipsskrúfur

Úr 85. KAFLA:
85.01 Rafalar, rafhreyflar, straumbreytar, spennar og afriðlar, afriðilstæki og spankerfi
85.11 Rafbræðslu- og hitunarofnar til notkunar í iðnaði eða á tilraunastofum
85.15.71 —
85.15.79 Ratsjár- og loftskeytamiðunartæki

Úr 86. KAFLA:
86.06 Verkstæðisvagnar, kranavagnar og aðrir vinnuvagnar fyrir járnbrautir og sporbrautir
86.08 Gámar

Úr 87. KAFLA:
87.01.10 Beltadráttarvélar
87.01.20 Dráttarbifreiðar fyrir festivagna
87.02.12 Snjóbifreiðar

87.02.13 Loftpúðaökutæki
87.01.17 Ökutæki með burðarþol 3 tonn og þar yfir til flutnings bæði á mönnum og vörum
87.02.21 Almenningsbifreiðar fyrir 10-17 manns
87.02.29 Aðrar almenningsbifreiðar
87.02.31 —
87.02.34 Grindur með hreyfli og ökumannshúsi með burðarþoli 3 tonn og þar yfir
87.02.35 —
87.02.49 Ökutæki til vöru- og efnisflutninga og sjúkrabifreiðar
87.03.01 Slökkvibifreiðar
87.03.02 Snjóplógar
87.03.03 Kranabifreiðar
87.04.01 —
87.04.09 Grindur með hreyfli fyrir ökutæki er teljast til 87.01 - 87.03
87.05.02 Yfirbyggingar fyrir almennings- og vörubifreiðar
87.07.11 —
87.07.19 Gaffallyftarar o.fl.
87.14.21 —
87.14.29 Tengi- og festivagnar til vöruflutninga

Úr 88. KAFLA:
88.02.20 Þyrlur
88.02.40 Önnur loftfarartæki 2 000 - 15 000 kíló
88.02.50 Önnur loftfarartæki sem vega meira en 15 000 kíló

Úr 89. KAFLA:
89.01.30 Tankskip af öllum gerðum
89.01.40 Vöruflutningaskip
89.02 Dráttarbátar
89.03 Vitaskip, slökkviskip, hvers konar dýpkunar- og dæluskip o.fl.

Úr 90. KAFLA:
90.08.21 Kvikmyndavélar-, myndatökuvélar
90.08.29 Aðrar kvikmyndavélar
90.10 Tæki og áhöld þeirrar tegundar sem notuð eru í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum og falla ekki undir neitt annað númer í þessum kafla; vélar til að taka ljósmyndað afrit af skjölum og þess háttar og varmaafritunarvélar
90.11 Rafeinda- og prótansmásjár, rafeinda- og prótondifraktógrafar
90.12 Optískar smásjár, einnig með útbúnaði til að taka eða varpa á sýningartjald mynd af því sem í þeim sést
90.15 Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg. eða minna, einnig með lóðum er þeim heyra til
90.17 Tæki og áhöld til lyflækninga, tannlækninga, skurðlækninga og dýralækninga
90.18 Tæki til mekanóterapí, nuddlækninga, psykótekníska rannsókna, oxygenterapí, ózonterapí, aerosólterapí og gerviandardráttar; öndunartæki
90.20 Röntgentæki
90.28 Rafmagns- og rafeindatæki og áhöld til mælinga, prófana, skoðana, greininga og sjálfvirkra stillinga

Úr 94. KAFLA:

94.02 Húsgögn fyrir læknisaðgerðir, þar með taldar tannlæknis- og dýralæknisaðgerðir; tannlæknastólar og önnur slík sæti með mekanískum lyfti- og öðrum hreyfiútbúnaði; hlutar til þessara húsgagna.

Auglýsing þessi öðlast gildi mánudaginn 28. september 1987 og kemur í stað auglýsingar ráðuneytisins um erlendar lántökur og leigusamninga o. fl. nr. 227 25. maí 1987 og gildir til ársloka 1988.

Viðskiptaráðuneytið, 24. september 1987.

Jón Sigurðsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 435 21. september 1987

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 13. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. málsliður 2. mgr. 2. töluliðar orðist svo:
Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- og víngerðar, poppkorns, hvers konar íss eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald.

b. 3. töluliður orðist svo:
Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasölustaða, mötuneyta og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, er samsvarar 75% af innkaupsverði hráefnis til matargerðar sem undanþegið er söluskatti samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort hráefnið er gjaldskylt til sérstaks söluskatts eða ekki.

c. 21. töluliður orðist svo:
Sala eða leiga á kvikmyndum til kvikmyndahúsa eða sjónvarpsstöðva sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.

d. 22. töluliður falli niður.

2. gr.

16. töluliður 14. gr. reglugerðarinnar falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. október 1987 og kemur til framkvæmda í fyrsta sinn vegna uppgjörs söluskatts vegna októbermánaðar 1987.

Fjármálaráðuneytið, 21. september 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir skolphreinsistöð í Hveragerði.

1. Almenn ákvæði

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir skolphreinsiþró fyrir Hveragerði. Stöðinni er ætlað að taka við allt að 100 lítra rennsli á sekúndu.

1.2. Eigi má breyta eða auka við þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

1.3. Forráðamönnum stöðvarinnar er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis. Halda skal útliti og umhverfi snyrtilegu, m.a. skal fegra umhverfið með trjágróðri. Athafnasvæði stöðvarinnar skal afgirða.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins, geta að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á umhverfi, heilsufar almennings eða óþægindi fyrir nærliggjandi íbúa.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

2.1. Hreinsun skólpsins skal samanstanda af eftirfarandi þrepum:
1. Gólfsigtun þar sem sorp og aðrir aðskotahlutir eru fjarlægðir.
2. Botnfelling í minnst þrem hólfum með yfirfallsloftun milli hólfa.

2.2. Fyrsta árið sem stöðin starfar framkvæmir Hollustuvernd ríkisins mánaðarlega mengunarmælingar í aðrennsli stöðvarinnar og afrennsli hvers hólfs fyrir sig. Ef niðurstöður gefa tilefni til að mati Hollustuverndar ríkisins skal á öðru ári gerð tilraun með loftun frá botni 2. hólfs í eitt ár og mánaðarlegum sýnatökum Hollustuverndar ríkisins haldið áfram.

2.3. Sýni niðurstöður athugana skv. 2.2. að loftun gefi betri hreinsivirkni skal þeirri hreinsiaðferð beitt.

2.4. Forráðamönnum stöðvarinnar er skylt að ganga þannig frá útrás að ekki sjáist eftir blöndun við árvatnið.
1. Útfellingar.
2. Þekjur af rotverum.

Ennfremur að ekki berist með frárennslinu efni sem valdi óþægilegri lykt, lit og gruggi.

2.5. 6 mánuðum eftir að stöðin hefur tekið til starfa skal í samráði við heilbrigðisnefnd fara fram könnun meðal nálægra íbúa á sjómengun og lyktarmengun tengdri rekstri stöðvarinnar.

2.6. Sýni könnun skv. 2.5. að um vandamál sé að ræða ber stöðinni í samráði við Hollustuvernd ríkisins að gera ráðstafanir til úrbóta.

2.7. Stöðin hefur heimild til að urða eða brenna botnset og ristarúrgang. Allur frágangur svo og staðarval til urðunar skal vera í samráði við heilbrigðisnefnd og við það miðast að ekki verði óþægindi, smithætta eða hætta á mengun umhverfisins.

2.8. Nýting botnsets sem áburðarefnis er einungis heimil, sýni mælingar á efnainnihaldi að slíkt sé óhætt og að niðurbrot hafi átt sér stað a.m.k. 1 ár fyrir notkun.

2.9. Forráðamenn stöðvarinnar skulu fylgjast reglulega með rennsli í viðtaka og í frárennsli. Skrá skal hæsta og lægsta gildi, sem vart verður í hverri viku. Árlega skal auk þess gera úttekt á sveiflum í rennsli frárennslis miðað við meðal rennsli á sólarhring.

2.10. Þegar mánaðarlegum mengunarmælingum Hollustuverndar ríkisins lýkur, skulu forráðamenn stöðvarinnar árlega mæla í frárennsli fyrir og eftir hreinsun:
— hitastig (°C)
— uppleyst súrefni (O_2)
— sýrustig (pH)
— lífræna og efnafræðilega súrefnisþörf (BOD eða COD)
— lífrænar og ólífrænar svifagnir
— gerlamengun
Mælingar skulu gerðar skv. leiðbeiningum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

3. Eftirlitsgjöld

Greiða skal gjald vegna eftirlits Hollustuverndar ríkisins í samræmi við 3. flokk gjaldskrár nr. 355/1986. Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins fer fram í samræmi við 3. gr. gjaldskrárinnar.

Niðurstöður athugana skv. 2.9. og 2.10. hér að framan skulu skv. 4. gr. gjaldskrárinnar árlega sendar mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

4. Gildistaka

4.1. Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbirgðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. ágúst 1987.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Pálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1987

14. september 1987 841 Nr. 437

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 570,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 67,90
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútul. til að hitaveitunni sé

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m^3	kr. 35 400,00
251— 500 m^3	kr. 35 400,00 + 84,40 kr/m^3 yfir 250m^3
501—1500 m^3	kr. 56 500,00 + 49,40 kr/m^3 yfir 500m^3
1501—6000 m^3	kr. 105 900,00 + 31,70 kr/m^3 yfir 1500m^3
6000 m^3	kr. 248 550,00 + 24,90 kr/m^3 yfir 6000m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 26 640,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 570,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 101,3 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 339, 16. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 14. september 1987.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason. *Páll Líndal.*

21. september 1987 Nr. 438

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 97 20. desember 1985.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum veiðisvæðum og tímum:

A. Utan Breiðafjarðar, frá 1. október 1987 til 31. desember 1987 norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65° 30'2 N, 24° 32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

B. Fyrir Vestfjörðum, frá 1. október 1987 til 31. desember 1987, utan línu sem dregin er 8 sjómílur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavita norður um að 22° 44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985 um stjórn fiskveiða 1986-1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. september 1987.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson. *Þórður Eyþórsson.*

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blönduóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	Kr.
a) Fastagjald á mánuði	500,00
fyrir hverja byrjaða 5 mín.lítra.	
b) Vatnsgjald	1 000,00
á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarks stillingu hemils.	
c. Vatnsgjald um rennslismæli	53,30
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1,00/1,0
B	0,95/1,3
C	0,90/1,7
D	0,85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1,0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m³	45 021,00 kr.
300— 2 000 m³	45 021,00 kr. fyrir 300 m³ og 41,30 kr/m³ þar yfir
2 000— 6 000 m³	115 350,00 kr. fyrir 2 000 m³ og 32,90 kr/m³ þar yfir
6 000—10 000 m³	246 763,00 kr. fyrir 6 000 m³ og 26,80 kr/m³ þar yfir
Meira en 10 000 m³	353 839,00 kr. fyrir 10 000 m³ og 23,10 kr/m³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli umfram einn á sama inntaki er ..... kr. 4 867,00.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 3699. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulítra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú ..... kr. 1 000,00

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 430, 20. okt. 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 28. september 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 440 28. september 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seyðisfjarðar

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,99 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 12,87 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 98,00.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda eru við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 63 000,00.

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 m^3 kr. 85,90.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við Fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðaða við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m^3.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 100,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Allar taxta- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 25, 15. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 28. september 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 18. september 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat

Í samræmi við ákvörðun stjórnar Lindar hf. hinn 30. janúar 1987 setur stjórn Lindar hf. Minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lindar hf. um J. P. Jacquillat.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja tónlistarfólk til að afla sér meiri menntunar og reynslu á sínu sviði.

3. gr.

Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500.000 krónur. Stofnfé skal aukið með árlegu framlagi frá Lind hf., næstu 4 ár um upphæð sem er ekki lægri en upphaflegt framlag. Stofnfé sjóðsins má eigi skerða að raungildi. Sjóðurinn getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggum hætti.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðrum eignum sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé og ávaxtast með sama hætti. Stjórnunarkostnaðar greiðist af tekjum sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 4 menn: 3 skipaðir af stjórn Lindar hf. og Cecile Jacquillat skal vera 4. meðlimur svo lengi sem hún óskar. Að henni frágenginni má bjóða einhverjum meðlimi í fjölskyldu Jacquillat sæti í stjórn sjóðsins. Heimilt er að bæta við einum stjórnarmanni ef slíkt er talið æskilegt. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn tekur ekki laun.

7. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum árlega. Séu forsendur úthlutunar af einhverjum ástæðum ekki fyrir hendi leggst ráðgerð úthlutunarupphæð við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Styrki úr sjóðnum skal auglýsa lausa til umsóknar minnst tveimur mánuðum fyrir úthlutun.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningskilum skal lokið innan þriggja mánaða frá lokum almanaksársins. Reikningar skulu undirritaðir af endurskoðanda Lindar hf.

10. gr.

Hætti Lind hf. starfsemi skulu eigendur Lindar hf. tilnefna stjórn sjóðsins sameiginlega (þ.e. Samvinnubanki Íslands, Samvinnusjóður Íslands og Banque Indosuez, París).

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef hún er einhuga um breytinguna. Nafni sjóðsins má þó aldrei breyta.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

29. september 1987 Nr. 442

AUGLÝSING

um bann við upprekstri sauðfjár á afrétti í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur, samkvæmt heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur sauðfjár á afrétti í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Bann þetta gildir frá 1. október n.k. og til ársloka 1987.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. gr. l. nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. september 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

25. september 1987 Nr. 443

REGLUGERÐ

um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988–1989.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð nr. 291/1987.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti og tilsvarandi magn af slátri og gærum.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64, 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur tveggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytisins, sbr. jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn sauðfjárafurða, sem búmarkssvæði og/eða framleiðendum er ábyrgst fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 46/1985.

II. KAFLI

Um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða.

2. gr.

Búmarkssvæði vegna framleiðslu sauðfjárafurða skulu vera hin sömu og ákveðin voru með reglugerð nr. 291/1987. Landbúnaðarráðherra er heimilt að sameina búmarkssvæði innan búnaðarsambandssvæðis, ef hlutaðeigndi búnaðarsamband óskar þess fyrir 30. oktbóber 1987.

3. gr.

Fullvirðisréttur einstakra framleiðenda til framleiðslu sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1988/1989 skal vera hinn sami og þeim var ákveðinn með reglugerð nr. 445/1986 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987/1988, og reglugerð nr. 157/1987 um breytingu á henni, með eftirfarandi frávikum:

a) Heimilt er Framleiðsluráði landbúnaðarins að halda eftir fullvirðisrétti til ráðstöfunar skv. 8. og 12. gr. Skal þetta magn tekið hlutfallslega af fullvirðisrétti einstakra framleiðenda á búmarkssvæðum skv. 7. gr. rg. nr. 291/1987 þannig:
   1. Allt að 0,3 af fullvirðisrétti framleiðenda á búmarkssvæðum nr. 6 — 12 og nr. 17 — 21.
   2. Allt að 0,6% af fullvirðisrétti framleiðenda á búmarkssvæðum nr. 5, 13, 14, 22 og 23.
   3. Allt að 0,9% af fullvirðisrétti framleiðenda á búmarkssvæðum nr. 1 — 4, 15, 16, 24 og 25.
b) Niður fellur fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða, sem seldur hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 406/1986.
c) Hafi framleiðandi gert samning við Framleiðnisjóð landbúnaðarins um leigu fullvirðisréttar, er ekki heimilt að nýta réttinn með innleggi sauðfjárafurða á verðlagsárinu.
d) Heimilt er búnaðarsambandi að láta kalla inn fullvirðisrétt, sem ákveðinn var með 9. gr. rg. nr. 445/1986, hluta hans eða allan, ef sérstakar ástæður eru til. Fullvirðisrétti þessum ráðstafar búnaðarsambandið samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessarar reglugerðar. Tilkynning um að búnaðarsamband hyggist nota þessa heimild skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 20. október 1987.

4. gr.

Fullvirðisrétti samkvæmt d-lið 3. gr. er viðkomandi búnaðarsambandi heimilt að ráðstafa til framleiðenda sem um það sækja og uppfylla einhver eftirtalinna skilyrða:

1. Framleiðendur sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í sauðfjárrækt, svo sem vegna sauðfjársjúkdóma og annarra orsaka, þannig að innlegg þeirra á verðlagsárunum 1984/85 og 1985/86 eftir ásettan fjárstofn telst vera óeðlilega lítið miðað við afurðir næstu tvö verðlagsár á undan.
2. Framleiðendur sem framleiddu minna en 400 ærgildisafurðir mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986 og höfðu meirihluta tekna sinna af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt skv. síðasta skattframtali.

3. Framleiðendur sem tekið hafa í notkun ný fjárhús og/eða hlöður, stækkuð fjárhús eða endurnýjuð að meirihluta eftir 1. september 1983 eða hafa stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983.
4. Framleiðendur sem teljast frumbýlingar, þ.e. hafa hafið búskap eftir 1. janúar 1983.

Umsókn, studd staðfestum upplýsingum um búskaparaðstöðu, skal senda viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 1. nóvember 1987. Búnaðarsamband tilkynnir umsækjendum og Framleiðsluráði landbúnaðarins afgreiðslu umsókna fyrir 30. nóvember 1987. Óheimit er að rýmka fullvirðisrétt skv. þessari grein umfram búmark hlutaðeigandi býlis til framleiðslu sauðfjárafurða.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda ráðstöfun á grundvelli tillagna, sem sambandið gerir til ráðsins.

5. gr.

Nú eru líflömb seld af búmarkssvæði vegna fjárskipta að opinberum fyrirmælum. Er þá hlutaðeigandi búnaðarsambandi heimilt að meta hin seldu líflömb til jafngildis fullvirðisréttar og fara með samkvæmt eftirfarandi reglum:

Jafngildi fullvirðisréttar er fundið sem þungi seldra líflamba x 0,4. Fullvirðisrétti þessum skal ráðstafa skv. 4. gr. Frá fullvirðisrétti framleiðanda, sbr. 3. gr., sem selt hefur líflömb, skal draga fullvirðisrétt, er jafngildir þunga hinna seldu líflamba.

Búnaðarsamband tilkynnir Framleiðsluráði fyrir 1. sept. 1988 hvort það hyggst nota heimild þessa. Sauðfjársjúkdómanefnd skal tilkynna Framleiðsluráði og hlutaðeigandi búnaðarsambandi um sölu líflamba á búmarkssvæðinu vegna fjárskipta fyrir 1. nóv. 1988. Framleiðsluráð reiknar út og tilkynnir búnaðarsambandi og framleiðendum jafngildi hinna seldu líflamba í fullvirðisrétti fyrir 10. nóv. 1988.

6. gr.

Framleiðanda er heimilt með samkomulagi við hlutaðeigandi afurðastöð að nýta allt að 5% af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1989/1990 með innleggi á verðlagsárinu 1988/1989. Í samkomulagi þessu skal m.a. taka fram um greiðslu þessara afurða, sbr. 2. mgr. 29. gr.l. nr. 46/1985.

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr., greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt allt að 10% fullvirðisréttar hans. Greiðslan skal svara til hlutfalls launa og fjármagnskostnaðar í grundvallarverði sauðfjárafurða 1. sept. 1988. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslu þessa skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Með sama hætti getur framleiðandi óskað eftir slíkri greiðslu fyrir hærra hlutfall ónýtts fullvirðisréttar, enda berist Framleiðsluráði landbúnaðarins umsókn hans um það fyrir 1. júní 1988.

Nýti framleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn með reglum 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal hinum ónýtta fullvirðisrétti ráðstafað þannig á meðan endist:

a) til þeirra framleiðenda á búmarkssvæðinu er fengu fullvirðisrétt, sem er hlutfallslega minni en fullvirðismark svæðisins, skipt hlutfallslega á milli þeirra upp að fullvirðismarki.
b) síðan skv. ákvæðum 1. — 4. töluliðar 4. gr.
c) til framleiðenda á búmarkssvæðinu, er lögðu inn sauðfjárafurðir umfram fullvirðisrétt sinn, þó aldrei meira en að búmarki þeirra.
d) afgangi sem verða kann, skal varið til þess að óráðstafaður fullvirðisréttur skv. d-lið 3.gr. nemi 3% af samanlögðum fullvirðisrétti búmarkssvæðisins, svo og til að mæta fullvirðisrétti skv. 4.mgr. 2. gr. rg. nr. 157/1987.

7. gr.

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti jarðar sinnar og tilsvarandi búmarki til annars lögbýlis með samþykki viðkomandi búnaðarsambands, sbr. 6. gr. rg. nr. 291/1987. Tilkynning um ráðstöfun þessa studd samþykki búnaðarsambands skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. júní 1988.

Þeim aðilum, sem veittur var aukinn fullvirðisréttur skv. 4. mgr. 2. gr. rg. nr. 157/1987, er óheimilt að ráðstafa honum á annan hátt en með eigin innleggi kindakjöts í afurðastöð. Nú nýtir framleiðandi ekki þennan fullvirðisrétt, allan eða hluta hans, og skal hinn ónýtti hluti fullvirðisréttarins þá falla niður á því ári. Fullvirðisréttur hans á næsta verðlagsári er þá ákveðinn eins og viðkomandi hefði nýtt sér réttinn með framleiðslu.

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal framleiðsla fráfarandi bónda og þess er við tekur teljast framleiðsla býlisins á viðkomandi verðlagsári. Reiknast hún skv. því búmarki og þeim fullvirðisrétti, sem viðkomandi lögbýli hefur og skiptist á milli þeirra í því hlutfalli sem notað hefur verið, þegar ábúendaskipti fara fram.

8. gr.

Nú óskar framleiðandi, sem á árinu 1982 gerði samning við Framleiðsluráð landbúnaðarins um fækkun sauðfjár, eftir því að auka/hefja innlegg sauðfjárafurða í afurðastöð á verðlagsárinu 1988/1989. Skal hann þá senda Framleiðsluráði tilkynningu þar um fyrir 1. nóvember 1987. Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir tillögu til landbúnaðarráðherra um fullvirðisrétt framleiðanda. Skal sú tillaga taka mið af búmarki hans, fullvirðismarki hlutaðeigandi búmarkssvæðis, sauðfjárfjölda sem á jörðinni hefur verið skv. forðagæsluskýrslu og búrekstraraðstöðu þar, þ.m.t. landkostum.

Með sama hætti skal ákveða fullvirðisrétt þeirra sem tekið hafa sauðfé 1983 og síðar, eftir samningsbundinn niðurskurð vegna sauðfjársjúkdóma.

9. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur skrá um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða og breytir skrá um fullvirðisrétt og búmark í samræmi við samninga um skipti, sölu og/eða leigu á fullvirðisrétti sem staðfestir eru á grundvelli samnings, sbr. 7. gr.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og annast eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

11. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir hlutaðeigandi sláturleyfishöfum fullvirðisrétt framleiðenda eigi síðar en 10. desember 1988.

Frumgreiðsla fyrir sauðfjárafurðir skv. 1. tl. 29. gr. l. nr. 46/1985 skal miðuð við fullvirðisrétt hlutaðeigandi framleiðanda skv. 3. gr., sbr. þó 1. mgr. 6. gr. Fullnaðargreiðsla og viðbótargreiðsla skv. 2. og 3. tl. 29. gr. áðurnefndra laga skulu miðast við endanlegan fullvirðisrétt framleiðanda til framleiðslu sauðfjárafurða skv. þessari reglugerð.

12. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar um endanlegan fullvirðisrétt, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. l. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindi berst henni.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. september 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

22. september 1987 Nr. 444

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

6. gr., b. stafliður, XIII. töluliður hljóði svo:

„Flunitrazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 30. mg. (Dæmi: Rohypnol 1 mg 30 töflur).“

2. gr.

6. gr., b stafliður, XIV. töluliður hljóði svo:

„Triazolamum. Hámarksmagn á lyfseðli 7,5 mg. (Dæmi: Halcion 0,125 mg 60 töflur; 0,25 mg 30 töflur).“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu (4.) á reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi breyting skal gerð á lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóðasamningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/útfl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um áv. og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Flunitrazepamum	P IV			5)9(30 mg))
Triazolamum	P IV			5)9(7,5 mg))

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi 1. október 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 446 18. september 1987

AUGLÝSING

um friðlýsingu Dverghamra á Síðu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dverghamra á Síðu, Hörgslandshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Mörk svæðisins fylgja núverandi girðingu umhverfis Dverghamra, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og er það vinsamlegast beðið að ganga vel um og fylgja merktri gönguleið.
3. Hvers konar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á svæðinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 18. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.


DVERGHAMRAR Á SÍÐU
NÁTTÚRUVÆTTI
framhlaup
frá
26. feb. '61
fjárhús
Eiríks-
lundur
DVERGHAMRAR
0
100
200m
..... göngustígur
--- mörk
náttúruvættis

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

1. gr.

Í stað „1. september“ í 1. mgr. 2. gr. komi 1. október.

2. gr.

5. mgr. 3. gr. orðist svo:

Nefndinni er heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar við afgreiðslu mála. Deildarstjóri greiðsludeildar Tryggingastofnunar ríkisins skal vera ritari nefndarinnar.

3. gr.

7. mgr. 3. gr. orðist svo:

Tillögur nefndarinnar skulu sendar tryggingaráði til afgreiðslu fyrir 1. desember ár hvert vegna úthlutunar komandi árs. Ákvörðun tryggingaráðs um úthlutun skal fara fram fyrir 15. janúar ár hvert vegna yfirstandandi árs og skulu styrkir greiddir út á tímabilinu 1. mars til og með 30. júní. Styrkir sem ekki eru nýttir á þessum tíma falla niður sjálfkrafa.

4. gr.

1. setning 2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Heimilt er að víkja frá 1. tl. mæli sérstakar ástæður með því, en þá skal umsækjandi tilnefna ökumenn, einn eða fleiri, sem aka mega bifreiðinni með tilliti til ábyrgðartryggingar hennar.

5. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Þó er heimilt að greiða styrk allt að 40% af kaupverði bifreiðar sé um að ræða einstakling, sem ekki kemst af án sérbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna fötlunar.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Nefnd samkvæmt 3. gr. tekur til starfa frá og með 1. október 1987 vegna úthlutunar 1988.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 19. og 39. gr. stl.b. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 47, nr. 437—447. Útgáfudagur 30. september 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1987

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski, sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi þessu. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Vegna útflutnings frá og með 1. október til og með 31. desember 1987 skal gjaldið vera sem hér segir:

	Aurar af hverju kílógrammi
Þorskur	130
Ýsa	60
Ufsi	60
Grálúða	60
Steinbítur	60
Karfi	60

Miðað er við slægðan fisk með haus. Hvað karfa varðar er þó miðað við óslægðan fisk.

2. gr.

Upplýsingar útflytjenda um magn einstakra fisktegunda og heildarmagn skulu tilgreindar í útflutningsleyfi.

Jafnframt skal fram koma í útflutningsleyfi í hvaða banka gjaldeyrisskil fari fram vegna útflutnings.

3. gr.

Viðskiptaráðuneytið sendir hlutaðeigandi viðskiptabanka útflytjanda sbr. 2. mgr. 2. gr. afrit af útflutningsleyfi og innheimtir bankinn gjald á grundvelli upplýsinga samkv. 1. mgr. 2. gr. af fyrstu gjaldeyrisskilum sem bankanum berast vegna útflutningsins.

Lokaskil fara fram þegar bankanum berast endanlegar magntölur vegna útflutningsins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 66, 10. júlí 1987, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 316, 14. júlí 1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. september 1987.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

B 58

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. október n.k. að telja um 7,23% frá því, sem þær eru 30. september 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 448—449. Útgáfudagur 30. september 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1987

2. október 1987 859 Nr. 450

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald skv. VI. kafla laga nr. 68/1987, bráðabirgðalaga um ráðstafanir í fjármálum.

1. gr.

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu ársfjórðungslega, sbr. 3. gr., greiða 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. ábyrgðum, eins og höfuðstóll þeirra er að meðaltali á hverju gjaldtímabili.

Með skuldbindingum í erlendum gjaldeyri samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. er átt við skuldbindingar, þ.m.t. ábyrgðir, gangvart aðilum búsettum eða skrásettum erlendis, þar sem endurgreiðsla er háð gengi erlends gjaldmiðils. Frá fjárhæð ábyrgða við ákvörðun gjaldstofns skal draga samanlagða fjárhæð þeirra staðgreiðsluábyrgða vegna innfluttrar vöru, sem í gildi eru á uppgjörsdögum skv. 2. mgr. 4. gr. og gilda lengst 60 daga. Staðgreiðsluábyrgð er skuldbinding banka um innlausn heimildarskjala við framvísun erlendis. Ekki ber að greiða ábyrgðargjald af skuldbindingum vegna inneigna á innlendum gjaldeyrisreikningum í bönkum.

2. gr.

Þegar ákveða skal ábyrgðargjald aðila, sem ekki eru að öllu leyti í eigu ríkissjóðs, skal reikna ábyrgðargjald af sama hlutfalli skuldbindinga og nemur eignaraðild ríkissjóðs. Eignaraðild ríkissjóðs í félögum og fyrirtækjum þar sem ábyrgð eigenda takmarkast við framlag þeirra, t.d. í hlutafélögum, veldur ekki gjaldskyldu.

3. gr.

Ábyrgðargjald skv. 1. gr. skal greiða ársfjórðungslega eftir á, í fyrsta sinn vegna 3. ársfjórðungs 1987. Gjalddagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er.

4. gr.

Seðlabanki Íslands lætur gjaldskyldum aðilum í té sérstök eyðublöð, sem þeir skulu útfylla skv. þeim leiðbeiningum sem þar koma fram og skila til Ríkisábyrgðarsjóðs ásamt ábyrgðargjaldinu á viðkomandi gjalddaga.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Gjaldskyldir aðilar skulu færa á fyrrgreind eyðublöð brúttófjárhæð allra skuldbindinga sinna í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. ábyrgða, eins og höfuðstóll þeirra er þann 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á viðkomandi gjaldtímabili. Skal gjaldstofn ábyrgðargjaldsins vera einfalt meðaltal fyrrgreindra fjárhæða.

5. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa eftirlit með öllu því sem við kemur réttum útreikningi og álagningu ábyrgðargjaldsins og skulu hinir gjaldskyldu aðilar veita honum allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar í því sambandi.

6. gr.

Undanþegin ábyrgðargjaldinu eru afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán tekin erlendis eða endurlánuð til að fjármagna sölu til útlanda, og þannig flýta skilum söluandvirðis til framleiðenda og ennfremur önnur erlend lán vegna útflutningsafurða er falla undir skilgreiningu auglýsingar viðskiptaráðuneytisins frá 18. júní 1986. Undanþága þessi gildir einnig um aðrar skuldbindingar, þ.m.t. ábyrgðir, tilkomnar í sama skyni.

7. gr.

Seðlabanki Íslands er undanþeginn ábyrgðargjaldi.

8. gr.

Ekki skal greiða ábyrgðargjald af lántökum sem áhættugjald samkvæmt 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. V. kafla laga nr. 68/1987 hefur verið greitt af. Gildir það einnig um skuldbreytingar þessara lána.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldstofn ábyrgðargjalds fyrir 3. ársfjórðung 1987 skal vera einfalt meðaltal brúttóskuldbindinga, sbr. 2. mgr. 4. gr., þann 31. júlí, 31. ágúst, 10., 20. og 30. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 2. október 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1987

24. september 1987 861 Nr. 451

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Jóns Axels Péturssonar og Ástríðar Einarsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. september 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Jóns Axels Pétursson ar og Ástríðar Einarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Axels Péturssonar og Ástríðar Einarsdóttur, og er stofnaður samkvæmt ákvörðun Ástríðar Einarsdóttur ekkju Jóns Axels Péturssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 500 000,00 — Fimmtánhundruðþúsundkrónur. Óheimilt er með öllu að skerða höfuðstól sjóðsins, og skal einungis úthluta þeim raunvöxtum sem sjóðurinn ber á ári hverju. Engar úthlutanir verða þó úr sjóðnum fyrr en eftir dánardag Ástríðar Einarsdóttur. Til þess dags skal sjóðurinn þ. e. höfuðstóll, verðbætur og vextir fá að ávaxtast óskert.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að styrkja hverskyns mannúðar- og líknarmál með peningaframlögum í samræmi við 2. gr laga sjóðsins. Sjóðstjórnin úthlutar styrkjum hið minnsta einu sinni á ári, en þó oftar ef henni þykir ástæða til.

4. gr.

Ástríður Einarsdóttir hefur skipað í stjórn sjóðsins eftirtalda aðila: Jón Axel Pétursson nnr: 5177-3195 til heimilis að Kaplaskjólsvegi 39 í Reykjavík, Björgvin Vilmundarsson nnr: 1305-7591 til heimilis að Hávallagötu 20 Reykjavík, Júlíus Valsson nnr. 5418-2384 nú búsettur í Svíþjóð.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að ávaxta fé sjóðsins á hvern þann hátt sem hverju sinni gefur best samband lágmarksáhættu og hárra raunvaxta.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal kjósa með sér formann, sem skal hafa umsjón með að boða til stjórnarfunda svo oft sem nauðsynlegt þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Fundargerðir skulu bókaðar í sérstaka gerðarbók.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. gr.

Til þess að fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sjóðnum séu gildar þarf formaður auk annars stjórnarmanns hið minnsta að undirrita þær. Sjóðstjórn er heimilt að veita starfsmanni prókúruumboð.

8. gr.

Stjórnin ákveður þóknun fyrir stjórnarstörf, ef ástæða þykir til, svo og þóknun fyrir önnur störf, sem unnin eru á vegum sjóðsins.

9. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu ávallt sitja hið minnsta þrír aðilar, og ef einhver stjórnarmanna fellur frá, eða kýs að láta af stjórnarstörfum, skulu þeir er eftir sitja hið fyrsta leita eftir nýjum aðila í stjórn, þannig að ákvæðið um þrjá menn hið minnsta verði ekki brotið.

10. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga úr sjóðnum, reikningshald hans og umsjón.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 452 23. september 1987

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Til 1. janúar 1990 skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa ekki enn fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar, stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar skv. nýtingarhlutfalli samþykkts aðal- eða deiliskipulags. Gatnagerðargjald greiðist þennan tíma hvorki af eignarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Á tímabilinu 1. janúar 1989 til 31. desember 1989 skal greiða ½ gatnagerðargjald af eignarlóðum og lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959, en eftir 1. janúar 1990 skal greiða af þeim fullt gjald.

Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað skal greiða gatnagerðargjald skv. því rúmmetragjaldi, er gilti þegar úthlutun fór fram eða þeim skilmálum er úthlutun fylgdu.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3.4.6., 1. mgr. eftir 1. janúar 1989 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1987.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. júní til 30. september 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. júní til 30. september 1987.

Viðmiðunarverð á freðfiski 1. júní — 30. september 1987.
(SDR cent pr. lb. cif)

		SH	SÍS
Þorskur			
1001	4 × 12/14 M/R 5—8 oz	92.68	92.76
1002	4 × 12/14 M/R 8—12 oz	94.97	94.80
1003	4 × 12/14 M/R 12—16 oz	97.26	98.07
1004	4 × 12/14 M/R 1—3 Lbs	108.70	108.70
1005	1 × 35 Lausfr.	99.55	—
1006	4 × 14 R/L 8—12 oz	115.56	116.04
1007	4 × 14 R/L 12—16 oz	116.71	116.84
1008	4 × 14 R/L 1—3 Lbs	120.14	118.49
1009	1 × 35/45 Formflök	132.74	131.41
1010	10 × 5 og 4 × 12	147.84	152.27
1011	5 × 8 og 6 × 8 Hnakkast.	161.71	—
1012	5 × 10 og 6 × 10	158.57	161.70
1015	4 × 15 og 3 × 20	158.57	158.57
1016	Blokk reg.	130.63	130.63
1018	Blokk OR	117.56	—
1020	Þ.blokk Evrópa	84.67	67.45
1021	Marningsblokk	43.48	43.48
1022	10 × 5 (SIS)	—	152.27
1023	4 × 13	—	152.27
1024	1 × 50 Lausfr. Evrópa	—	106.24
1025	1 × 25 Lausfr. USA	—	145.99
1027	Marningsblokk (Þ)	43.48	38.83
Ýsa			
2001	4 × 12/14 M/R 4—8 oz	102.98	106.24
2002	4 × 12/14 M/R 8—12 oz	105.27	107.86
2003	4 × 12/14 M/R 12—16 oz	107.56	109.51
2004	4 × 12/14 M/R 1—3 Lbs	108.70	111.14
2005	1 × 35 M/R Lausfr.	105.27	—
2006	1 × 45 Formflök	—	122.15
2007	4 × 14 RL.	—	120.95
2008	10 × 5	155.43	155.43
2009	3 × 18, 4 × 13 og 4 × 12	—	149.13
2011	Blokk reg.	116.50	116.50
2012	Blokk OR	104.85	—
2014	Þ. blokk Evrópa	45.77	—
2015	Marningsblokk	38.83	38.83
2016	Marningsblokk (þ)	25.17	—
2017	1 × 50 Lausfr. Evrópa	—	109.51
Steinbítur			
3001	8 × 7 R/L	74.30	74.30
3002	10 × 5	166.18	166.18
3004	Blokk reg.	91.79	88.26
3005	Marningsblokk	25.17	17.65

Athugasemdir: Viðmiðunarverð er reiknað skv. samþykkt fundar í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins hinn 10. júní sl., sem segir m.a. að gildandi markaðsverð skal færa niður um stuðulinn 0,903. — Miðað er við gengi 1. júní 1987.

		SH	SÍS
Karfi			
4001	8 × 7 M/R	74.30	74.30
4002	10 × 5 M/R	100.76	100.76
4003	10 × 5 R/L	109.56	109.54
4004	10 × 5 Sea star	96.99	—
4007	5 × 8 M/R & B/L	105.16	—
4008	1 × 35 M/R <150 Gr.	93.20	—
4009	1 × 20 kg. lausfryst	—	94.15
4010	4 × 6 kg R/L lagpakk.	97.00	97.28
4015	Blokk 4 × 16 1/2 MB	88.95	84.73
4016	Blokk reg.	88.26	—
4017	Marningsblokk	24.71	24.71
4018	4 × 10 MR(SIS)	—	100.76
4019	2 × 7 kg 200—300g Jap.	41.64	55.08
4020	2 × 7 kg 300—500 g Jap.	49.64	63.09
4021	2 × 7 kg 500—700 g Jap.	57.65	66.93
4022	2 × 7 kg > 700—800 g Jap.	60.85	70.45
Ufsi			
5001	8 × 7 R/L	65.66	65.66
5002	10 × 5	84.42	84.40
5003	4 × 12 og 4 × 13	78.14	84.33
5005	4 × 14	—	57.21
5007	Blokk reg.	70.61	74.14
5008	Blokk mb., þunnildi	52.43	—
5009	Marningsblokk	24.71	28.82
5015	Blokk, Evrópa	76.55	75.87
Langa			
6001	8 × 7 R/L	74.30	74.30
6002	10 × 5	122.19	122.18
6003	Blokk reg.	70.61	45.89
6004	Marningsblokk	25.17	17.65
Keila			
7001	8 × 7 R/L	74.30	74.30
7002	Blokk reg.	31.77	50.82
Grálúða			
8001	Heilfr. h/l yfir 3 kg	68.03	71.51
8002	Heilfr. h/l yfir 2 kg	66.28	71.51
8003	Heilfr. h/l 1—2 kg	64.53	71.51
8005	4 × 12 Lagp.	141.04	—
8006	4 × 10, 6 × 10 og 4 × 14	—	141.04
8008	Blokk Sovét	74.30	74.30
8009	Blokk USA	88.26	95.32
8010	1 × 35	71.51	—
8011	1 × 26 >3kg Japan	73.66	69.41
8012	1 × 26 2—3 kg Japan	64.05	69.41
8013	1 × 26 1—2 kg Japan	60.85	69.41
8014	1 × 25 Lausfr.	—	144.18
8020	Blokk, Evrópa	90,69	—
Lýsa			
9001	Blokk reg	70.61	—
Heilfrystur fiskur, Sovét			
A001	Heilfr. 3 × 8 kg Sovét	37,47	37,47

Verðbil verður 10% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. september 1987.

F.h.r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

29. september 1987 Nr. 454

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. október til og með 31. október eru allar fiskveiðar, aðrar en síldveiðar bannaðar á bátum smærri en 10. brl. sem ekki hafa sérstök botnveiðileyfi skv. 4. gr. laga nr. 97, 20. desember 1985.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkv. ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. september 1987.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.

29. september 1987 Nr. 455

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi við Víðilund á Akureyri.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 24. september 1987 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi við Víðilund á Akureyri.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1987.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa í náttúruverndarefnum.

2. gr.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2. Einn fulltrúi fyrir hvert af erftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarsamtök, er hlotið hafa viðurkenningu Náttúruverndarráðs: Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarfélag Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Vestfirsk náttúruverndarsamtök, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Landssamtökin Líf og land, Skotveiðifélag Íslands, Æðarræktarfélag Íslands, Ferðaþjónusta bænda, Landssamband veiðifélaga, Landssamband stangaveiðifélaga, Félag leiðsögumanna, Landfræðifélagið, Landvarðafélag Íslands, Landssamband hestamanna, Líffræðifélag Íslands, Jarðfræðafélag Íslands og Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd.
3. Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði. Tveir fulltrúar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (einn frá líffræðiskor og annar frá jarðfræðiskor). Einn fulltrúi frá Félagi náttúrufræðinema við Háskóla íslands.
4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5. Náttúruverndarráð, aðalmenn og varamenn.
6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður, fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, vita- og hafnamálastjóri, forstöðumaður Vinnueftirlits ríkisins, Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, og rafmagnsveitustjóri.

3. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 156/1984 um Náttúruverndarþing.

Menntamálaráðuneytið, 28. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson. *Þórunn Hafstein.*

23. september 1987 Nr. 457

REGLUGERÐ

um nám kennara sem fullnægja ekki skilyrðum laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

1. gr.

Þeir sem að loknu skólaárinu 1986-1987 höfðu starfað sem settir kennarar sex ár eða lengur en fullnægja ekki skilyrðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986 skulu eiga kost á námi við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Þessi réttur er óháður því hvert stöðuhlutfall viðkomandi kennara hefur verið.

2. gr.

Þeir sem fullnægja skilyrðum 1. gr. hafa rétt til að stunda reglulegt nám við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands og ljúka þaðan B.Ed. prófi (KHÍ) eða fullgildu prófi frá Háskóla Íslands.

3. gr.

Þeir sem eiga rétt á námi við Háskóla Íslands skv. 1. gr. skulu í uppeldisgreinum stunda nám í félagsvísindadeild með öðrum nemendum í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda, enda sé það skipulagt sem sumarnám og/eða með fjarkennslusniði. Í kennslugrein skulu þeir stunda nám í samráði við viðkomandi háskóladeild.

4. gr.

Námið í Kennaraháskóla Íslands skv. 1. gr. skal að jafnaði skipulagt sem sumarnám eða með fjarkennslusniði. Heimilt er að kalla kennara á námskeið að vetrinum ef nauðsynlegt er talið. Skal viðkomandi þá fá leyfi frá kennslustörfum þann tíma sem námskeiðið stendur án þess að dregið sé frá launum hans.

5. gr.

Námið í Kennaraháskólanum skal vera sem hér segir:

1. Þeir sem hafa lokið háskólaprófi í kennslugrein grunnskóla skulu ljúka 30 eininga námi í uppeldisgreinum. Fá þeir þá réttindi skv. 4. gr., c-lið, í lögum nr. 48/1986. Einnig fá þeir réttindi í kennslugrein sinni í framhaldsskólum.

2. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eða námi sem metið er jafngilt skulu ljúka 30 eininga námi í uppeldisgreinum, einni valgrein, 10 einingar, og 8 einingum í kjarnagreinum skólans, þar með taldar íslenska og stærðfræði.
3. Þeir sem hafa minna nám en að ofan greinir skulu ljúka 30 eininga námi í uppeldisgreinum, tveimur valgreinum, 10 einingar hvor, og 10 einingum í kjarnagreinum skólans, þar með taldar íslenska og stærðfræði.

6. gr.

Kennaraháskólinn ákveður upp á hvaða valgreinar verður boðið. Til að valgrein verði kennd þurfa minnst 8 nemendur að innritast í greinina.

7. gr.

Kennaraháskólinn ákveður, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið, hvenær og með hvaða hætti nám þetta fer fram.

8. gr.

Þeir sem hafa stundað nám, sambærilegt því sem þeim er gert að taka skv. reglugerð þessari, og lokið því formlega, eiga rétt á að fá það metið af viðkomandi skóla, þ.e. Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands. Einnig eiga þátttekendur í náminu rétt á að taka stöðupróf í námsgrein sem þeim er gert að taka.

9. gr.

Þeir sem ljúka ofangreindu réttindanámi við Kennaraháskólann og fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru skulu fá skírteini sem votti að þeir hafi lokið námi skv. nefndu bráðabirgðaákvæði og öðlast þar með starfsheitið grunnskólakennari og rétt til að hljóta skipun í kennarastöðu við grunnskóla. Þeir sem stunda nám í uppeldisgreinum til kennsluréttinda við Háskóla Íslands skv. þessari reglugerð fá vottorð um námslok í þeim greinum. Um vottorð í öðrum greinum sjá viðkomandi háskóladeildir.

10. gr.

Meðan settur kennari stundar þetta nám verður staða hans ekki auglýst. Það gildir þó aðeins í fimm ár frá og með 1. janúar 1988.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar nefnd til þess að vera Kennaraháskólanum og Háskólanum til ráðuneytis um vafaatriði sem upp kunna að koma. Í nefndinni skal vera einn frá Kennaraháskóla Íslands, einn frá Háskóla Íslands, tveir frá Bandalagi kennarafélaga og einn frá menntamálaráðuneytinu.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. grein til bráðabirgða í lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breyting á relglugerð nr. 104 1. mars 1986, um sérstakt gjald af bifreiðum, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 144/1986, orðist svo:

Gjald af bifreiðum skal lagt á í eftirfarandi sjö flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum, sbr. þó 2. mgr. 4. gr:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm^3	Gjald í %
I	0— 700	0—1 000	5
II	701— 800	1 001—1 300	13
III	801— 900	1 301—1 600	20
IV	901—1 100	1 601—2 000	27
V	1 101—1 300	2 001—2 300	37
VI	1 301—1 500	2 301—3 000	47
VII	>1 500	>3 000	55

2. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. má gjald samkvæmt reglugerð þessari aldrei vera hærra en sem nemur 134,99% af fob-verði hverrar bifreiðar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi frá og með 12. október 1987.

Ákvæði til bráðabirgða

Nú hefur innflytjandi, áður en reglugerð þessi gengur í gildi, afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða þegar í stað bifreið sem gjaldskyld er og skal þá ekki innheimta hið hækkaða bifreiðagjald skv. reglugerð þessari heldur bifreiðagjald skv. 2. gr. reglugerðar nr. 104/1986, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 144/1986, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 19. október 1987.

Hafi bifreið verið afhent innflytjanda fyrir 12. október 1987 með leyfi tollyfirvalda, með eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, skal greiða af henni hið hækkaða bifreiðagjald skv. reglugerð þessari nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 12. nóvember 1987 en þá skal greiða gjald skv. 2. gr. reglugerðar nr. 104/1986, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 144/1986.

Fjármálaráðuneytið, 9. október 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á þjóðvegum.

Ákvæði auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250 4. júní 1987, breytist þannig:

Í 3. gr. komi nýr stafliður á eftir a-lið undir Vesturlandsvegur (1), svo hljóðandi:

b) frá vegamótum við Skarhólsbraut í Mosfellsbæ að þeim meðtöldum að vegamótum við Langatanga í Mosfellsbæ 70 km/klst.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. október 1987.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 460 25. september 1987

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akureyri.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sbr. stl. c í 2. grein samþykktar um hundahald á Akureyri nr. 295/1987, skal vera kr. 2 600,00 fyrir árið 1987.

Gjaldið greiðist er lögboðin hundahreinsun fer fram.

2. gr.

Kostnaður við handsömun og geymslu hunds sbr. 5. gr. samþykktar um hundahald á Akureyri, skal vera kr. 2 000,00 í fyrstar skiptið, kr. 3 500,00 í annað skiptið og kr. 5 000,00 í þriðja skiptið.

3. gr.

Upphæðir samkv. 1. og 2. gr. miðast við vísitölu framfærslukostnaðar 1. júlí 1987 og taka breytingum 1. júlí ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. september 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á þvergötum gagnvart Selásbraut og jafnframt að biðskylda verði á Selásbraut gagnvart Arnarnesvegi (Ofanbyggðarvegi).

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. október 1987.

Böðvar Bragason.

8. október 1987 Nr. 462

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að aðalbrautarréttur verði á Fjallkonuvegi að því undanskildu að umferð um Fjallkonuveg víki fyrir umferð um Gullinbrú.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. október 1987.

Böðvar Bragason.

30. september 1987 Nr. 463

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grenivíkur í Grýtubakkahreppi, S.-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 25. september 1987 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Grenivíkur 1987—2007.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur samþykkt uppdráttinn og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1987.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á áður staðfestu aðalskipulagi Dalvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 24. september 1987 staðfest þær breytingar á aðalskipulagi Dalvíkur að skíðasvæðið í Böggvisstaðafjalli tengist byggðinni með götu sem kemur í framhaldi af Mímisvegi á milli íbúðasvæðanna þar sem átti að vera opið svæði og í stað græns opins svæðis austan Skíðabrautar við gatnamót við Mýrargötu verði lóð fyrir verslun og þjónustu.

Þessar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktar af bæjarstjórn Dalvíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Fjármálaráðuneytið, 29. september 1987.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 50, nr. 451 — 464. Útgáfudagur 12. október 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 — 1987

7. október 1987 873 Nr. 465

REGLUR

um söluskatt og sérstakan söluskatt af tölvum og tölvubúnaði.

Skv. heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt og lögum nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum hafa verið settar eftirfarandi reglur um söluskatt og sérstakan söluskatt af tölvum og tölvubúnaði.

1. Sala á tölvum og hlutum í þær (þ.e. vélbúnaðurinn) er söluskattsskyld og ber því að greiða 25% söluskatt af henni. Sama á við um viðgerðir á tölvum svo og þjónustusamninga um viðhald og eftirlit með þeim (þ.e. vélbúnaðinum). Þá er sala á óáteknum miðlum (t.d. diskettum og böndum) söluskattsskyld með sama hætti.
2. Af vinnu forritara og kerfisfræðinga við hönnun, viðhald og aðvinnslu á hugbúnaði ber að greiða 10% sérstakan söluskatt. Sama á við um sölu forrita ásamt uppsetningu þeirra og aðlögun að þörfum viðkomandi notanda auk leiðbeiningaþjónustu og ráðgjöf fyrir notendur hugbúnaðarins svo og útleigu á tölvum og útselda tölvuvinnslu ásamt tölvuþjónustu um símalínu.
3. Tölvunám og kennsla í gerð hugbúnaðar, sem fram fer á formlegum námskeiðum, án þess að tengjast sölu tölva eða tölvuþjónustu til viðkomandi nemanda er skattfrjáls.
4. Innflutningur á tölvubúnaði og hugbúnaði til eigin nota er skattskyldur með sama hætti og rakið er í lið 1 og 2 hér að framan.
5. Reglur þessar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í fyrsta sinn við uppgjör söluskatts og sérstaks söluskatts vegna septembermánaðar 1987. Jafnframt er dreifibréf ráðuneytisins um sama efni frá 9. september s.l. hér með afturkallað.

Fjármálaráðuneytið, 7. október 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson. *Lárus Ögmundsson.*

9. október 1987 Nr. 466

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 306 500,00.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 22 100,00.
Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1987 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1987.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

B 59

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald ..... 5,80 kr/kWh.
1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald ..... 7,22 kr/kWh.
1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
Aflgjald ..... 7 755,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald ..... 9 650,00 kr/kW/ár
Gjald alls ..... 17 405,00 kr/kW/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald ..... 4,65 kr/kWh.
2.2. Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum.
Orkugjald ..... 2,63 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.1. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald ..... 1,70 kr/kWh.
Aflgjald ..... 6 289,00 kr/kW á ári.

4. Hitun

4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 3,02 kr/kWh.
4.2. Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.
Orkugjald ..... 1,16 kr/kWh.
4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 3,83 kr/kWh.
4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 1,11 kr/kWh.
4.5. Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.
Orkugjald næturtaxti 9 stundir ..... 1,26 kr/kWh.
Orkugjald dagtaxti 15 stundir ..... 6,94 kr/kWh.

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b) Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
c) Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim samkvæmt gjaldskrám.
d) Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Fastagjald

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	kr./ári
Orkumælir, einfasa	2 047,00
Orkumælir, þrífasa	4 505,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	5 038,00
Orkumælir fyrir sumarhús	6 551,00
Aflmælir	4 810,00
Aflmælar með straumspennum	5 344,00
Tvígjaldsmælir	4 834,00
Klukka	421,00

III Heimtaugargjald

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur (kr./m)	Loftlína (kr./stólpa)
1 × 63	29 770,00	968,00	7 938,00
3 × 63	32 251,00	973,00	13 711,00
3 × 100	51 184,00	1 489,00	17 366,00
3 × 200	101 159,00	2 455,00	
3 × 315	160 615,00	2 860,00	
3 × 400	204 996,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	364 293,00	Samkv. kostnaði	
3 × 1200	612 378,00	Samkv. kostnaði	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A bráðabirgðaheimtaug	kr. 8 045,00
3 × 63 A bráðabirgðaheimtaug	kr. 10 851,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. Ýmis ákvæði

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 614,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 475,00.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3..

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 284, 19. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 13. október 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1987

14. október 1987 877 Nr. 468

SAMÞYKKT

um stjórn Borgarnesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarnesbæjar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Borgarnesbæjar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Borgarnesbæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra helstu starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa bæjarbúa um störf bæjarstjórnar og málefni bæjarins með útgáfu fréttabréfs og með því að halda almenna borgarafundi. Þá skulu bæjarbúar eiga þess kost að gerast áskrifendur að fundargerðum bæjarstjórnar gegn hæfilegu endurgjaldi.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan miðvikudag mánaðarins, utan þá mánuði þegar fyrsta virkan dag mánaðar ber upp á þriðjudag en þá heldur bæjarstjórn reglulegan fund þriðja mikvikudag mánaðarins.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjónarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Meðan ákvæðum 1. mgr. er ekki fullnægt, skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljós samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvernær fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 19. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skiflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Heimilt er flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi tvisvar í mánuði hverjum, fyrsta og þriðja þriðjudag mánaðarins, utan þá mánuði er fyrsta virkan dag ber upp á þriðjudag en þá skal bæjarráð halda fundi annan og fjórða þriðjudag mánaðarins. Bæjarráðsfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 9.00.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. hálfum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gild um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
   1. **Bæjarráð.** Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
   2. **Skoðunarmenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
   3. **Kjörstjórn við alþingiskosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.
   4. **Kjarasamninganefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast undirbúning kjarasamninga.
   5. **Starfskjaranefnd.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess tilnefnir Starfsmannafélag Borgarnesbæjar tvo fulltrúa í nefndina. Nefndin gerir tillögur um framkvæmd kjarasamnings á gildistíma.
   6. **Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.** Fjórir aðalfulltrúar og jafnmargir til vara skv. samþykktum samtakanna.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
   1. **Almannavarnanefnd.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
   2. **Byggingarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
   3. **Félagsmálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd, áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 82/1969 og nr. 53/1966. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla og dagvista, öldrunarmál og jafnréttismál. Sjá þó ákvæði til bráðabirgða hér að aftan.
   4. **Hafnarstjórn.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
   5. **Heilbrigðismálaráð.** Einn fulltrúi og einn til vara skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
   6. **Heilbrigðisnefnd.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
   7. **Húsaleigunefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

8. **Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
9. **Skólanefnd grunnskóla.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. — 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
10. **Skólanefnd tónlistarskóla.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
11. **Stjórn sparisjóðs.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði.
12. **Stjórn sjúkrasamlags.** Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.
13. **Stjórn bókasafns.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
14. **Stjórn heilsugæslustöðvar.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
15. **Stjórn veitustofnana.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með stjórn vatnsveitu og rafveitu skv. reglugerðum þar um. Sjá þó ákvæði til bráðabirgða hér að aftan.
16. **Stjórn verkamannabústaða.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
17. **Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
18. **Umferðarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
19. Einn **forðagæslumaður** og annar til vara sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
20. **Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
21. **Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.** Tveir aðalfulltrúar og jafnmargir til vara skv. lögum sambandsins.
22. **Stjórn Dvalarheimilis aldraðra.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. tilnefningu frá oddvitafundi aðildarsveitarfélaga.
23. **Stjórn Hitaveitu Borgarfjarðar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. sameignarsamningi frá 30. ágúst 1978.
24. **Stjórn Fjölbrautaskóla Vesturlands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. samkomulagi aðildarsveitarfélaga um rekstur skólans frá 21. nóvember 1986.
25. **Stjórn Menningarsjóðs Borgarness.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulagsskrá útg. 4. desember 1979.
26. **Stjórn Listasafns Borgarness.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum safnsins.
27. **Stjórn Náttúrugripasafns Borgarfjarðar.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum safnsins.
28. **Tómstundaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið hefur eftirlit með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum bæjarins. Sjá þó ákvæði til bráðabirgða hér að aftan.
29. **Stjórn Brunavarna Borgarness og nágrennis.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samstarfssamningi.
30. **Skipulagsnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Skipulagsnefnd hefur forgöngu um gerð skipulagstillagna, fjallar um skipulagstillögur sem til hennar berast og hefur eftirlit með því að skipulagsákvæði séu haldin.

31. **Umhverfismálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fer með verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. laga nr. 47/1971.
32. **Atvinnumálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.
33. **Ferðamálanefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að eflingu ferðaþjónustu í bænum ásamt útbreiðslu- og kynningarstarfsemi og öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn kann að fela henni.
34. **Landbúnaðarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni sem lúta að búfjárhaldi.
35. **Aðalfundur ferðamálasamtaka Vesturlands.** Einn aðalfulltrúi og annar til vara skv. samþykktum samtakanna.
36. **Aðalfundur félags eigenda sumardvalarsvæða.** Einn aðalfulltrúi og annar til vara skv. samþykktum félagsins.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m. a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s. s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m. a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í 62. grein um félagsmálaráð og verksvið þess starfar sérstök áfengisvarnarnefnd, skipuð sex aðalfulltrúum og sex til vara, auk formanns sem skipaður er af ráðherra, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Eins starfar sérstök barnaverndarnefnd, skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Þá starfar sérstök leikskóla- og leikvallanefnd, skipuð þremur aðalfulltrúum og þremur til vara, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Og loks starfar sérstök jafnréttisnefnd, skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Verkefni þau sem nefndum þessum eru falin lögum samkvæmt eða samkvæmt starfsreglum settum af hreppsnefnd Borgarneshrepps munu því ekki heyra undir félagsmálaráð fyrr en að afloknum næstu sveitarstjórnarkosningum.

Þrátt fyrir ákvæði í 62. grein um tómstundaráð og verksvið þess starfar sérstök stjórn Íþróttamiðstöðvar, skipuð þremur aðalfulltrúum og þremur til vara, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Verkefni þau sem stjórn þessari eru falin samkvæmt starfsreglum settum af hreppsnefnd Borgarneshrepps munu því ekki heyra undir tómstundaráð fyrr en að afloknum næstu sveitarstjórnarkosningum.

Þrátt fyrir ákvæði í 62. grein um stjórn veitustofnana og verksvið hennar starfar sérstök rafveitunefnd, skipuð þremur aðalfulltrúum og þremur til vara, fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Verkefni þau sem nefnd þessari eru falin samkvæmt reglugerð munu því ekki heyra undir stjórn veitustofnana fyrr en að afloknum næstu sveitarstjórnarkosningum.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Borgarneshrepps hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi 24. október 1987, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um innheimtu framleiðslugjalds af mjólk umfram verðábyrgð ríkissjóðs á verðlagsárinu 1986—1987.

1. gr.

Til þess að framleiðendur mjólkurafurða fái sama verð fyrir þann hluta framleiðslu sinnar, sem er umfram það magn sem þeim er tryggt fullt verð fyrir með samningi ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda, sbr. a—lið 30. gr. l. nr. 46/1985 og það magn sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur tekið verðábyrgð á, skal á verðlagsárinu 1986—87 innheimta framleiðslugjald af þeim hluta innveginnar mjólkur sem er umfram verðábyrgð ríkissjóðs.

Framleiðslugjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkur til neytenda.

2. gr.

Það framleiðslugjald sem mjólkurbúin standa skil á til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fram kemur í 1. gr., skal nema fullu grundvallarverði skv. verðlagsgrundvelli frá 1. júní 1987.

3. gr.

Gjald það sem hverju búmarkssvæði og hverjum framleiðanda er gert að greiða, skal reikna þannig:

1. Reikna skal hvort og þá hve mikið framleiðsla mjólkur á hverju svæði er umfram fullvirðisrétt og það mjólkurmagn sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur ábyrgst fullt verð á. Það umframmagn mjólkur er gjaldskylt skv. 1. gr.
2. Framleiðslugjaldi sem fellur til á hverju svæði skv. 1. tl., skal deila á mjólk umfram fullvirðisrétt þeirra framleiðenda sem fara yfir fullvirðisrétt sinn (skv. reglugerð nr. 339/1986) og innheimta það þannig hjá framleiðendum. Við þennan útreiknig skal ekki skipta upp ónýttum fullvirðisrétti frá einu búmarkssvæði til annars. Þann hluta framleiðslugjaldsins sem ekki verður endurgreiddur mjólkurbúum vegna þessa, skal m.a. nota til þeirra leiðréttinga sem nauðsynlegar kunna að verða skv. nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast útreikning gjaldsins, innheimtu þess, vörslu og reikningshald. Framleiðsluráð reiknar það gjald sem hverjum framleiðanda ber að greiða og tilkynnir viðkomandi mjólkurbúi um álögð gjöld á búmarkssvæði(um) þess, skipt niður á framleiðendur.

Mjólkurbúin skulu standa Framleiðsluráði landbúnaðains skil á álögðu framleiðslugjaldi hvers búmarkssvæðis skv. útreikningum Framleiðsluráðs eigi síðar en 20. október 1987, með eindaga 31. sama mánaðar og skulu útreikningar staðfestir af löggiltum endurskoðanda. Reikna skal hæstu leyfilegu dráttarvexti frá gjalddaga á það framleiðslugjald sem fer í vanskil.

5. gr.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði í samráði við Framleiðsluráð skulu gera yfirlit um ráðstöfun mjólkur hjá hverju mjólkurbúi fyrir sig á verðlagsárinu 1986—87. Yfirlit þetta skal sýna skiptingu mjólkur til vinnslu og sölu innanlands og í útfluttar afurðir ásamt birgðabreytingum á árinu. Jafnframt skal koma fram hver er hlutdeild einstakra mólkurbúa í útflutningsbótum úr ríkissjóði á verðlagsárinu 1986—87. Ennfremur skal koma fram hlutur einstakra mjólkurbúa í útflutningi án verðábyrgðar.

6. gr.

Framleiðslugjaldið endurgreiðir Framleiðsluráð landbúnaðarins Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði í samræmi við útreikninga skv. 5. gr. þannig að hvert samlag fái greitt sama hlutfall af heildsöluverði útfluttra mjólkurafurða á verðlagsárinu 1986-87. Greiðslur þessar fari fram þegar fyrir liggur uppgjör á verðábyrgð ríksins skv. samningi Stéttarsambands bænda og ríkisins frá 28. ágúst 1985.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði skv. reglugerð þessari, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. október 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 470 12. október 1987

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Umferð vélknúinna ökutækja um Ráðhústorg, sunnan Landsbanka Íslands, er bönnuð frá kl. 22.00 til kl. 06.00. Bann þetta tekur þó eigi til íbúa húsa nr. 1—15 við Brekkugötu.
2. Umferð um Krossanesbraut nýtur forgangs fyrir umferð um allar götur, sem tengjast henni (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 12. október 1987.

Elías I. Elíasson.

Stjórnartíðindi B 52, nr. 468—470. Útgáfudagur 22. október 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 — 1987

13. október 1987 893 Nr. 471

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Gildistöku reglugerðar nr. 444/1987 um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979 er frestað til 1. janúar 1988.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

13. október 1987 Nr. 472

REGLUGERÐ

um breytingu (5.) á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

1. gr.

Gildistöku reglugerðar nr. 445/1987 um breytingu (4.) á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986 er frestað til 1. janúar 1988.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

B 60

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

2. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis.

3. gr.

Gjöld fyrir afnot hitaveituvatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði ..... kr. 310,00
b) Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns ..... kr. 21,00

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksvatnsþörf.

Þegar um afnot á hitaveituvatni til annars en húshitunar er að ræða, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Ennfremur getur Hitaveita Dalvíkur veitt afslátt í þeim tilvikum að hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

4. gr.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Óski notandi þessi að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik sé innan 5% frá réttri stillingu skal hann greiða kr. 431,00.

5. gr.

Hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 20 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 að utanmáli
og heimæð allt að 50 m ..... kr. 43 178,00
og á m^3 þar yfir ..... kr. 54,30

Ef skipulagsskilmálar eru þess efnis að bifreiðageymslur við raðhús skuli byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skuli gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hverrar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 108,00.

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af frystiklefum, búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitarfélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds umfram 50 m lögn sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

8. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1. október 1986, 281 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 3. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni kr. 863,00.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 229, 25. maí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 13. október 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 590,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 68,60
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútul. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m³	kr. 35 780,00
251— 500 m³	kr. 35 780,00 + 85,30 kr/m³ yfir 250m³
501—1500 m³	kr. 57 100,00 + 49,90 kr/m³ yfir 500m³
1501—6000 m³	kr. 107 000,00 + 32,00 kr/m³ yfir 1500m³
6000 m³	kr. 251 000,00 + 25,20 kr/m³ yfir 6000m³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 26 930,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 590,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 102,4 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 437, 14. september 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. október 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 475 14. október 1987

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Björns Jónssonar frá Kóngsbakka, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. október 1987.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Björns Jónssonar frá Kóngsbakka.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður Björns Jónssonar frá Kóngsbakka."

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000 — ein milljón krónur — sem stofnandi sjóðsins leggur fram.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk heimili og/eða einstaklinga í Helgafellssveit og Stykkishólmi.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru A: vaxtatekjur af höfuðstól, B: aðrar tekjur.

5. gr.

Sjóðurinn skal geymdur í Búnaðarbanka Íslands, útibúi, Stykkishólmi. Sjóðstjórn skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fáanlegum kjörum. Heimilt skal að verja árlega vaxtatekjum sjóðsins í samræmi við tilgang hans. Berist ekki umsóknir um framlög úr sjóðnum, skal leggja vextina við höfuðstólinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum sveitarsjóðs Stykkishólms.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, útibússtjóra Búnaðarbanka Íslands, Stykkishólmi, sem skal vera formaður sjóðsstjórnar, oddvita Helgafellssveitar og stofnanda sjóðsins, meðan hans nýtur við, en síðan komi í hans stað í stjórnina sóknarprestur Stykkishólmsprestakalls.

7. gr.

Stjórnin skal bera ábyrgð á eignum sjóðsins, taka á móti umsóknum eða ábendingum um styrki úr honum, og taka ákvörðun um styrkveitingu.

Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana ákvarðanir stjórnarinnar. Stjórnin skal halda a.m.k. tvo fundi árlega, vor og haust, og skal úthlutun úr sjóðnum fara fram á haustfundinum, sem haldinn skal eigi síðar en 1. október.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. júlí til jafnlengdar að ári.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema allir stjórnarmenn séu breytingunni samþykkir.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

29. október 1987

REGLUGERÐ

Nr. 476

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. nóvember 1987 skal gjald þetta nema kr. 12,60 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. nóvember 1987. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 515/1986 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. nóvember 1987 skal greiða kr. 2,11 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. nóvember 1987 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. nóvember 1987.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldsins til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 515/1986 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. október 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Skógafoss undir Eyjafjöllum.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Skógafoss ásamt nokkrum fleiri fossum í Skógaá og næsta nágrenni í Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Mörk svæðisins eru:

Að sunnan ræður þjóðvegur.

Að austan fylgja mörkin línu, sem dregin er 100 m austan brúar yfir Skógaá og í suðvesturhorn lóðar umhverfis barnaskólann. Mörk fylgja síðan vesturhlið lóðarinnar og úr norðvesturhorni hennar er dregin bein lína upp í brún Fosstorfu, 100 m austan gilbrúnar við Skógafoss. Úr brún Fosstorfu liggja mörkin 100 m austan við farveg Skógaár, inn eftir Skógaheiði, að vaði í 600 m hæð yfir sjávarmáli.

Að vestan liggja mörkin frá vaðinu, 100 m vestan við farveg Skógaár, niður eftir Drangshlíðarheiði, í heiðarbrúnina 100 m vestan við Skógafoss. Síðan fylgja þau Brúnalækjum, er falla í Skógaá, stuttu neðan við Skógafoss. Frá Brúnalækjum fylgja mörkin línu, sem dregin er 10 m vestan Skógaár niður að þjóðvegi.

Vestan Skógaár er jaðarsvæði og liggja mörk þess frá þjóðvegi um lónið vestan við brúna á Skógaá og um austanverðan Skóganúp, þar sem hann gengur lengst til austurs. Þaðan bein lína til norðnorðausturs, um tún í Drangshlíðardal að Brúnalækjum, 100 m vestan við Skógaá.

Austan Skógaár er einnig jaðarsvæði og mörk þess eru þjóðvegur að sunnan, vegur heim að Skógaskóla að austan og vegur að barnaskóla að norðan.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs. Skylt er að hlíta ábendingum ráðsins um staðarval, útlit og frágang mannvirkja.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Aðeins er heimilt að tjalda á merktum tjaldsvæðum.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Á jaðarsvæðinu gilda ekki reglurnar um náttúruvættið, en öll mannvirkjagerð þar er háð leyfi Náttúruverndarráðs.

Umsjón náttúruvættisins skal vera í höndum náttúruverndarnefndar Rangárvallasýslu, sem samþykkir fyrirkomulag útivistar, s.s. legu vega og göngustíga, sem og staðsetningu útbúnaðar og mannvirkja í þágu útivistar í samráði við Náttúruverndarráð.

Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefndar Rangárvallasýslu.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 22. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.


SKÓGAFOSS
NÁTTÚRUVÆTTI
SKÓGAÁ
Hornfell
SKÓGAHEIÐI
Króksá
Skálabrekknalækur
Stigagil
DRANGSHLÍÐARHEIÐI
Þvergil
KVERNA
Drangs-
hlíðar-
dalur
SKÓGA-
FOSS
Ytri-Skógar
mörk náttúruvættis
jaðarsvæði
0
1
2km

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Raforkuverð:

		Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
	Almennir taxtar.			
A1	Almenn heimilisnotkun	1 538,00		3,76
A2	Almenn notkun.			
	Öll almenn notkun ótalin annars staðar ..	1 538,00		4,27
A3	Mannvirkjagerð	1 538,00		6,04
	Afltaxtar.			
B1	Afl- og orkumæling	2 871,00	5.327,00	1,16
B2	Sértaxti Gefjunar	2 871,00	5 403,00	0,63/0,57
B3	Götu- og hafnarlýsing			
	Hitataxtar.			
C1	Rofin daghitun.			
	Roftími 2×1,30 klst.	3 075,00		1,47
C2	Rofin næturhitun.			
	Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	2 871,00		1,23
C3	Órofin hitun	2 871,00		2,96/1,86

Heimtaugagjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr. mm²	Málstr. A.	Heimtaugargjöld 220 V kerfi kr.	380 V kerfi kr.
1× 6	25	7 315,00	7 315,00
3; 10	63	27 049,00	27 049,00
3× 50	125	42 412,00	44 532,00
3× 95	200	63 617,00	88 534,00
3×150	260	80 582,00	113 451,00
3×240	315	106 029,00	148 441,00
3×300	400	137 838,00	190 852,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m.	Loftlína kr/stólpi
63 A 1-fasa	4 920,00	726,00	9 225,00
63 A 3-fasa	6 888,00	726,00	10 700,00
100 A 3-fasa	7 257,00	960,00	12 300,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 550,00.
Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 550,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanteknum C-liðum.

Skýringar.

A1 Taxti fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
A2 Taxti fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
A3 Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
B1 Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári.
Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfflatargjald, 61,00 kr/m^2.
Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfflatargjaldið samkvæmt ákvörðun rafveitunnar.
B2 Taxti fyrir sölu á 11 kV.
B3 Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu er ákveðið af bæjarstjórn.
C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu 08 til 23.
C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 383, 21. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 479 23. október 1987

REGLUGERÐ

um Starfsmenntunarsjóð félaga í Kennarasambandi Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður félaga í Kennarasambandi Íslands og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglugerð þessari. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurmenntunar fyrir kennara þannig að þeir beri ekki kostnað eða verði fyrir tekjutapi vegna slíks náms.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til tveggja ára í senn. Tveir skulu skipaðir af fjármálaráðherra og tveir af stjórn KÍ. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Framlag úr ríkissjóði er nema skal 0,2% af föstum mánaðarlaunum félagsmanna. Hlutfall þetta skal endurskoðað árlega miðað við þarfir sjóðsins. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.
b) Vaxtatekjur.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2. grein.

5. gr.

Til þess að annast hlutverk sitt er sjóðnum heimilt að beita sér fyrir námskeiðum og annarri fræðslustarfsemi er lýtur að aukinni starfsmenntun sjóðfélaga. Starfsemi þessa er honum heimilt að rækja í samvinnu við aðra aðila.

Þá er sjóðsstjórn m.a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinna viðfangsefna:

1. Einstakra sjóðfélaga til
   a) að sækja námskeið eða nám innanlands eða utan.
   b) rannsókna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.
2. Svæðasambanda eða einstakra félagssamtaka innan KÍ vegna námskeiðahalds á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra.

6. gr.

Þeir sem æskja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefni sem styrkur er veittur út á og aðrar þær upplýsingar er sjóðsstjórn kann að telja nauðsynlegar. Á grundvelli þeirra tekur sjóðsstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá. Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem lýtur að væntanlegum kostnaði umsækjanda. Þó getur sjóðsstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fara fram a.m.k. ársfjórðungslega.

7. gr.

Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn, hvor frá sínum aðila hafa samþykkt þær með áritun sinni, t.d. á umsóknir eða reikninga.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

9. gr.

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn KÍ hins vegar.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi ríkisins og Kennarasambands Íslands öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 351 24. júlí 1986 um starfsmenntunarsjóð félaga í Kennarasambandi Íslands innan Bandalags kennarafélaga felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. október 1987.

F.h.r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Reykjavík. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar borgarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Reykjavík skal vera frjáls, að uppfylltum skilyrðum 3. og 4. greinar.

3. gr.

Daglegur afgreiðslutími verslana er frá kl. 07.00—22.00, þó til kl. 23.00 á Þorláksmessu.

Borgarráð getur, að fenginni umsögn lögreglustjóra, heimilað að verslanir verði opnar á tímabilinu frá kl. 22.00—07.00, þegar um er að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi. Með sama hætti getur borgarráð heimilað að slíkar verslanir verði opnar á tímabilinu frá kl. 07.00—22.00 þá daga sem um getur í b. og c. lið, 4. gr. og til kl. 16.00 aðfangadag jóla og gamlársdag. Borgarráð skal gera, að fengnum tillögum Kaupmannasamtaka Íslands sérstakan vörulista þar sem tilgreint sé, hvaða vörur selja megi á þeim tíma sem um getur skv. þessari málsgrein.

Sækja skal um sérstakt leyfi til borgarráðs til að hafa opið á þeim tíma sem um getur skv. 2. málsgrein.

Heimilt er að hafa brauðbúðir og blómaverslanir opnar þá daga sem um ræði í b. lið, 4. gr. með sama hætti og virka daga.

4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

a) Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
b) Alla sunnudaga, skírdag, annan í páskum, annan hvítasunnudag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó ákvæði 3. gr. og 7. gr.
c) Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn sem komnir eru í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

7. gr.

Borgarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðastarfsemi. Sama gildir um verslanir sem selja minjagripi sem ætlaðir eru ferðamönnun.

8. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð skv. ákvörðun borgarráðs. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð og heilbrigðisráð setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur borgarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl. nr. 137/1971 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 22. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

28. október 1987 Nr. 481

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða.

Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:
Orkugjald fyrir hvern rúmmetra ..... kr. 58,40

B. Fastagjald:
B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.
Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár ..... kr. 3 338,00
B.2 Án húshitunar.
Mælagjald á mánuði ..... kr. 317,00

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.
C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m^2 ..... 1,1%
C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m^2 ..... 0,4%
Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.
C.3 Mælagrindargjald ..... kr. 11 079,00
C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum ..... kr. 1 388,00

5. gr.

D. Önnur gjöld.
D.1 Lokunargjald ..... kr. 700,00
D.2 Skammtabreytingargjald ..... kr. 414,00
D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) ..... kr. 414,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. október 1987, 102,4 stig.

Gjaldskrár þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 350, 23. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 — 1987

19. október 1987 909 Nr. 482

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 375/1987 um skatt af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþegin skatti skv. 1. gr. eru afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán tekin erlendis eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða. Sama á við um önnur erlend lán vegna útflutningsafurða sem falla undir ákvæði auglýsingar nr. 309/1986. Þá eru undanþegin skatti þessum erlend lán vegna hráefniskaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði.

Fjármögnun sem er að öllu leyti innlend, hvort sem hún er í formi láns eða leigu, er undanþegin skatti skv. 1. gr. þó að endurgreiðsla eða leigugjald fari fram í erlendum gjaldeyri eða sé gengistryggð, svo sem endurlán andvirðis innlendra gjaldeyrisreikninga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í IV. kafla laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 19. október 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Snorri Olsen.

16. október 1987 Nr. 483

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. október 1987 staðfest uppdrátt um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að því er varðar lokun Norðurgötu að hluta.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1987.

F.h.r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

B 61

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 353/1984, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

Á eftir 5. gr. kemur ný grein, sem verður 6. gr., en númer þriggja síðustu greinanna breytast til samræmis. Hin nýja 6. gr. er svohljóðandi:

Orðabók Háskólans starfar í fjórum deildum: 1) Orðtökudeild; 2) Talmálsdeild; 3) Ritstjórnardeild og 4) Tölvudeild. Umsjón með hverri deild er í höndum deildarstjóra sem jafnframt skal vera skipaður sérfræðingur við OH. Að höfðu samráði við forstöðumann og sérfræðinga tilnefnir stjórn OH við menntamálaráðuneytið deildarstjóra hverrar deildar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, 36. gr., sbr. 64. gr. háskólareglugerðar, nr. 78/1979, og öðlast gildi 1. janúar 1988.

Menntamálaráðuneytið, 16. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 485 28. september 1987

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, Seyðisfirði, frá 30. september 1985.

1. gr.

3. og 4. tl. orðist svo:

3.3. Ákvörðun um áætlanir um lofthreinsibúnað á fjárhagsáætlun vegna þeirra skulu liggja fyrir 1. mars 1988.

3.4. Hreinsibúnað sbr. gr. 2.9. skal taka í notkun eigi síðar en 30. september 1988.

2. gr.

2.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 54, nr. 482—485. Útgáfudagur 2. nóvember 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 — 1987

26. október 1987 911 Nr. 486

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á skjaldarmerki Akureyrar.

Með skírskotun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnist hér með að félagsmálaráðuneytið hefur í dag staðfest samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar frá 29. ágúst 1987 um skjaldarmerki Akureyrar.

Samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar er svohljóðandi:

1. gr.



Skjaldarmerki Akureyrar skal vera blár (Panton process blue) skjöldur með hvítum fugli. Á bringu fuglsins er skjöldur markaður með kornknippi. Blái liturinn er litur himinsins og fjarlægra fjalla, kornknippið tákn nafnsins Akureyri en fuglinn tengdur frásögn Heimskringlu um landvættir. Haraldur Gormsson konungur bauð kunnugum manni að fara í hamförum til Íslands. Sá fór í hvalslíki. Er hann fór inn eftir Eyjafirði kom á móti honum fugl svo mikill, að vængirnir tóku út fjöllin tveggja vegna, og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir.

2. gr.

Notkun á skjaldarmerki Akureyrar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Akureyrar, sbr. 37. gr. laga nr. 56/1978. Ekki er heimilt að breyta út af samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu.

3. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins eru tunga, klær og skjöldur á bringu fuglsins í rauðum lit (Panton warm red), en goggur, fætur og kornknippi í gulum lit (Panton 123). Hátíðarútgáfu skjaldarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu skjaldarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknaður með láréttum línum, en rauður litur með lóðréttum línum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með breytingu nr. 430/1987.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og orðast svo:

Tryggingaráð getur greitt hlutfallslegan mismun á fjárhæðum samkv. 5. gr. og á þeim hækkunum sem verða kunna á bifreiðum til og með 31. desember 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 19. og 39. gr. stl. b. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 488 16. október 1987

REGLUGERÐ

um breytingu (6.) á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

EFNI INN – nafn (latneskt)	Alþjóðasamningar N–1961 P–1971 Fsk. I–IV	Inn-/útfl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Allobarbital	P IV			
Butalbital	P III			
Butobarbital	P IV			
Secbutabarbital	P IV			
Vinylbital	P IV			

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við viðauka 1 við reglugerðina (undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Efni	Hámarksmagn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu
Natrii fluoridum	Lausn til munnskolunar mest 0,5 mg/ml (=0,23 mg flúor/ml)	FLÚOR, lausn til munnskolunar 0,5 mg/ml	Til varnar tannskemmdum. **Notkun:** Tvær teskeiðar (10 ml) til munnskolunar aðeins einu sinni daglega, helst að kvöldi eftir rækilega tannburstun. Velkja skal lausninni um tennur í 1–2 mínútur og spýta síðan. Hvorki má borða né drekka í ½ klst. eftir skolunina. Lausnina má nota jafnframt flúortannkremi. **Varúð:** Má ekki kyngja. Aðeins handa börnum eldri en 6 ára. **Við ofskömmtun:** Drekkið mjólk og kallið í lækni.
	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 0,55 mg (=0,25 mg flúor)	FLÚOR, töflur 0,55 mg	Til varnar tannskemmdum. Hámarksdagsskammtur: Börn 0–3 ára: 1 tafla. Börn 3–6 ára: 2 töflur. Börn 6–12 ára: 3 töflur. Mælt er með því að tyggja eða sjúga töflurnar. Töflurnar má nota jafnfamt flúortannkremi. Lyfið er ekki ætlað fullorðnum. **Við ofskömmtun:** Drekkið mjólk og kallið í lækni.
		FLÚORTABS, munnsogs-/tuggutöflur 0,55 mg	Til varnar tannskemmdum. Hámarksdagskammtur: Börn 0–3 ára: 1 tafla. Börn 3–6 ára: 2 töflur. Börn 6–12 ára: 3 töflur. Töflurnar á að tyggja eða sjúga. Töflurnar má nota jafnframt flúortannkremi. Lyfið er ekki ætlað fullorðnum. **Við ofskömmtun:** Drekkið mjólk og kallið í lækni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. október 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

5. nóvember 1987 Nr. 490

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Neskaupstaðar, er hér með sett eftirgreind regla um umferð í Neskaupstað:

Gangbraut er á Nesgötu við húsið nr. 13.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað, 5. nóbember 1987.

Þorsteinn Skúlason.

REGLUR

um varnir gegn loftmengun við málmsuðu.

1. gr.

Gildissvið.

1.1. Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem unnið er við málmsuðu.

1.2. Með málmsuðu er átt við hverskyns rafsuðu, rafskurð, logsuðu, logskurð, plasmasuðu, plasmaskurð eða lóðningu.

2. gr.

Vinna við málmsuðu.

2.1. Atvinnurekandi skal sjá um að starfsmenn fái upplýsingar um þær hættur á heilsutjóni sem eru samfara vinnu við málmsuðu og nauðsynlegar leiðbeiningar um rétta notkun á tilheyrandi búnaði, sem hann leggur til.

2.2. Starfsmenn eru skyldir til þess að fara eftir leiðbeiningum um rétta notkun á tilheyrandi suðubúnaði og nota nauðsynlegan öryggisbúnað.

2.3. Ekki skal hefja suðuvinnu fyrr en gripið hefur verið til þeirra ráðstafana sem að mati öryggistrúnaðarmanns og verkstjóra tryggja að starfsmaðurinn verði ekki fyrir skaðlegri loftmengun.

2.4. Forðast skal að sjóða í þröngu rými eða við aðstæður þar sem erfitt er að loftræsta nægilega vel.

2.5. Velja skal suðuaðferð, hreinsiefni o.s.frv. sem valda sem minnstri loftmengun við suðuvinnuna, enda rýri það val ekki gæði verksins.

2.6. Ekki skal sjóða í rými þar sem gufur frá leysiefnum sem innihalda klórsambönd eru til staðar. Affitun með leysiefnum sem innihalda klórsambönd skal ekki framkvæma þar sem suðuvinna fer fram.

2.7. Þegar unnið er við rafsuðu skal atvinnurekandi afla nauðsynlegra upplýsinga um þann rafsuðuvír sem notaður er til að geta dæmt um hugsanlega heilsufarshættu svo gera megi nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Rafsuðuvír skal vera merktur eins og kveðið er á um í 3. gr.

2.8. Þegar velja má á milli rafsuðuvírs skal ávallt velja vír sem gefur frá sér sem minnstan reyk sbr. 3. gr.

3. gr.

Flokkun og merkingar á rafsuðuvír.

3.1. Framleiðendur og/eða innflytjendur skulu flokka í reykflokka og merkja rafsuðuvír samkvæmt greinum 3.2. — 3.5. hér á eftir.

3.2. Rafsuðuvír skal flokka í reykflokka á eftirfarandi hátt eftir loftræstiþörf (LÞ, m^3/klst.), en ákvörðun á loftræstiþörf skal framkvæmd af viðurkenndum rannsóknarstofum samkvæmt nánari fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Reykflokkur	Loftræstiþörf	(LÞ, m^3/klst.)
1	LÞ $<$	3000
2	3000 $\leq$ LÞ $<$	7500
3	7500 $\leq$ LÞ $<$	15000
4	15000 $\leq$ LÞ $<$	35000
5	35000 $\leq$ LÞ $<$	60000
6	60000 $\leq$ LÞ $<$	100000
7	100000 $\leq$ LÞ $<$	

Loftræstiþörfin (LÞ) er einungis til að flokka rafsuðuvír í reykflokka, en er ekki ætluð til útreikninga á loftræstiþörf í vinnurými. Rafsuðuvír í reykflokki 1 gefur frá sér minnstan reyk við suðu, en vír í flokki 7 mestan reyk.

3.3. Vinnueftirlit ríkisins metur hverju sinni hvort flokkun samkvæmt erlendum stöðlum megi nota á Íslandi.

3.4. Á minnstu umbúðum um rafsuðuvír skulu vera varúðarmerkingar á íslensku með eftirfarandi texta:



Á sömu umbúðum skal einnig merkja í hvaða reykflokki rafsuðuvírinn er. Textinn skal vera minnst 5 mm á hæð.
Dæmi:



Merkingar skulu vera prentaðar í svörtum lit á gulan bakgrunn með breiðum svörtum ramma utan um.

3.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda og/eða innflytjanda skal koma fram á umbúðunum.

4. gr.

Loftræsting.

4.1. Loftmengun frá málmsuðu skal fjarlægja áður en hún nær vitum starfsmanna.

4.2. Fastir suðustaðir skulu útbúnir með kröftugu staðbundnu afsogi sem hæfir viðkomandi suðuvinnu.

4.3. Við tilfallandi suðuvinnu skal nota færanlegan afsogsbúnað sem tengja skal föstu afsogskerfi.

4.4. Staðbundið afsog skal ávallt nota við suðu í þröngu rými, tönkum og rörum og innandyra.

4.5. Við suðu utandyra á ytri flötum er ekki krafist vélrænnar loftræstingar ef vindur fjarlægir suðureyk frá vitum starfsmanna.

4.6. Byggja skal utan um sjálfvirkan suðubúnað eins og unnt er og tengja við hann afsog til að forðast mengun í vinnurými.

4.7. Útblástur frá afsogsbúnaði skal leiða út undir bert loft og til þess séð að hann berist ekki inn í annað vinnurými.

4.8. Nota má færanlegan afsogsbúnað með síum sem blæs loftinu út í vinnurýmið, ef sýnt er fram á að slíkt leiði ekki til heilsuspillandi loftmengunar í vinnurýminu. Ekki má þó leiða útblástur frá afsogskerfi inn í þröngt rými.

4.9. Í vinnurými þar sem suðuvinna fer fram skal vera almenn loftræsting auk staðbundinnar loftræstingar. Séð skal fyrir aðfærslu á hreinu lofti með hæfilegu hitastigi.

Loftræstingu skal þannig háttað að loftið endurnýist nægilega án þess að trekkur myndist. Almenn loftræsting og staðbundin loftræsting skal vera nægileg til að halda mengun undir mengunarmörkum.

5. gr.

Loftræstibúnaður.

5.1. Allur útbúnaður þar á meðal viftur, síur og leiðslur skal hannaður og þannig komið fyrir að hreinsun og viðhald sé sem einfaldast.

5.2. Stillanlegir og færanlegir hlutir skulu vera handhægir og sem minnst til byrði við suðuvinnuna. Þegar það er mögulegt skal nota sveifluarma, segulfestingar og annan álíka útbúnað.

5.3. Síubúnaður skal vera með útbúnað til að hægt sé fyrirhafnarlítið að fylgjast með sogkraftinum og ástandi sía.

5.4. Viftur og lofttæmidælur og þar á meðal færanlegur búnaður skal búinn hávaðavörnum eða komið þannig fyrir að hávaða sé haldið í lágmarki.

5.5. Slöngur, tengi og munnstykki skulu vera úr eldtraustu eða sjálfslökkvandi efni. Síur skulu vera úr eldtraustu efni eða örugglega varðar gegn íkveikju frá neistum.

5.6. Færanlegur búnaður skal vera greinilega merktur með upplýsingum um að ekki megi staðsetja hann í þröngu rými án þess að leiða afsogið út undir bert loft.

5.7. Með sérhverju loftræstikerfi skal fylgja verklýsing á íslensku um notkun, eftirlit og viðhald.

6. gr.

Eftirlit með loftmengun.

6.1. Atvinnurekandi skal framkvæma eða láta framkvæma yfirlitsmælingar á loftmengun í því vinnurými sem að jafnaði er soðið í og í andrúmslofti suðumanna.

6.2. Atvinnurekandi skal framkvæma eða láta framkvæma reglulega eftirlitsmælingar til að tryggja megi að starfsmenn verði ekki fyrir heilsuspillandi loftmengun.

6.3. Mæliniðurstöður úr yfirlits- og eftirlitsmælingum skulu geymdar í fyrirtækinu og vera aðgengilegar viðkomandi starfsmönnum, öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins.

7. gr.

Öndunargrímur.

7.1. Ef ekki er unnt að verja starfsmenn á tryggan hátt gegn loftmengun skulu þeir nota öndunargrímur af viðurkenndri gerð. Við suðu í þröngu rými svo sem tönkum skulu öndunargrímurnar vera tengdar fersku lofti.

7.2. Vinnu skal skipuleggja þannig að stöðug notkun öndunargrímu yfir langt tímabil sé ekki nauðsynleg.

7.3. Nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun öndunargríma skulu vera til staðar og fræða skal starfsmenn um rétta notkun þeirra og viðhald.

8. gr.

Viðhald.

8.1. Atvinnurekandi skal sjá til þess að reglulegt eftirlit og viðhald sé á síu-, loftræsti- og hlífðarbúnaði. Búnaður sem ekki er í lagi vegna skemmda, slits eða af öðrum orsökum skal skipta út eða hann lagfærður strax.

9. gr.

Frestur til úrbóta.

9.1. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt starfandi fyrirtækjum hæfilegan frest til að framkvæma nauðsynlegar úrbætur.

10. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34. og 38. gr. laga nr. 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

28. október 1987 Nr. 492

REGLUR

um öryggisbúnað véla.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreining.

1. gr.

Gildissvið.

1.1. Reglur þessar gilda um vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um trésmíðavélar og vélknúin handverkfæri sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.

2. gr.

Skilgreining.

2.1. Í reglum þessum er orðið vél notað sem sameiginlegt heiti fyrir vélar, vélarhluta, verkfæri og tæki sem ætluð eru til notkunar innan gildissviðs reglna þessara.

II. KAFLI

Gerð véla.

3. gr.

Almenn ákvæði.

3.1. Vél skal vera þannig byggð og úr garði gerð að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta með tilliti til flutnings, uppsetningar, notkunar og viðhalds hennar. Ef nauðsyn krefur skal hún búin sérstökum öryggisbúnaði.

4. gr.

Öryggisráðstafanir.

4.1. Vél skal vera traustbyggð, úr hentugu efni og þannig gerð að hún þoli það álag sem henni er ætlað og valdi hvorki óhollustu né orsaki slysahættu.

4.2. Ef vél getur valdið óhollustu eða skapað slysahættu þó reynt hafi verið eins og framast er kostur að koma í veg fyrir það þá skal hún búin öryggisbúnaði eða sérstakar öryggisráðstafanir skulu við hana gerðar. Ef nauðsyn krefur getur Vinnueftirlit ríkisins krafist þess að vélin sé búin sérstökum öryggis- eða viðvörunarbúnaði.

4.3. Sérstaka áherslu skal leggja á að vél sé þannig gerð:
a) Að hlutir eða vinnsluefni kastist ekki frá henni.
b) Að hún valdi ekki mengun eða hættu vegna ryks, vökva, gufu, lofttegunda, kulda, hita né hávaða.
c) Að starfsmenn komist ekki óviljandi í snertingu við hættulega hluti á hreyfingu, óæskilega heita eða kalda fleti eða hættuleg efni sem geta valdið slysum eða heilsutjóni.

5. gr.

Ytri lögun.

5.1. Vél skal vera þannig að ytri lögun að hvorki orsaki hún slys né hafi í för með sér hættu á heilsutjóni. Aðgengilegir hlutar vélar skulu eins og framast er kostur vera þannig að lögun að þeir séu án hvassra kanta, horna eða þröngra bila sem geta haft í för með sér slysahættu.

6. gr.

Stöðugleiki.

6.1. Vél skal vera þannig gerð eða fest að hún geti ekki oltið eða hreyfst og þannig skapað slysahættu.

7. gr.

Vinnuaðstaða.

7.1. Vél skal vera þannig gerð og komið fyrir að vinnuaðstaða og vinnuhreyfingar starfsmanna hafi ekki í för með sér slysahættu eða valdi heilsutjóni.

8. gr.

Stjórnbúnaður.

8.1. Stjórnbúnað skal vera hægt að nota án slysahættu eða hættu á heilsutjóni.
8.2. Stjórnbúnaður skal vera þannig gerður og staðsettur að hann geti ekki virkað vegna óviljandi snertingar sem gæti haft í för með sér slysahættu.
8.3. Stjórnbúnaður skal vera þannig staðsettur að auðvelt sé að ná til hans. Stjórnbúnað, sem þarf stöðugt að sinna, skal staðsetja þannig að stjórnandi verði ekki fyrir staðbundnu álagi eða álagi sem getur valdið heilsutjóni.
8.4. Við venjulegar aðstæður skal stjórnbúnaður vera þannig staðsettur að stjórnandi sjái vel til þeirra staða sem hættulegir geta talist.
8.5. Stjórnbúnaður vélar skal vera þannig, að stjórnandinn geti haft fullt vald yfir gangi hennar.
8.6. Ef vél sést ekki öll frá stjórnstað þá skal, ef nauðsyn krefur, sjálfvirkt viðvörunarkerfi gefa til kynna í tæka tíð að vélin verði gangsett. Ef nauðsyn krefur þurfa stjórnrofar að vera læstir svo ótímabær hættuleg gangsetning eigi sé ekki stað.

9. gr.

Sjálfvirkar vélar.

9.1. Vél, sem er sjálfvirk eða hefur sjálfvirkan búnað, skal m.a. hafa eftir því sem nauðsyn krefur:
a) Stöðvunarbúnað sem stöðvar hana á öruggan hátt.
b) Neyðarstöðvunarbúnað.
c) Búnað sem aftengir sjálfstýringu.
d) Sérstakan handstýrðan búnað.
9.2. Ef bilun á sjálfvirkum búnaði getur orsakað slysahættu eða óhollustu þá skulu leiðbeiningar fylgja með um hvernig bregðast eigi við.

10. gr.

Mæla- og viðvörunarbúnaður.

10.1. Mæla- og viðvörunarbúnaður, sem nauðsynlegur er til eftirlits og stjórnunar, skal vera áreiðanlegur og auðskiljanlegur og sérstaklega skal gætt að eftirfarandi þáttum:

a) Upplýsingar, sem lúta að öryggi, skulu aðgreindar skilmerkilega frá öðrum upplýsingum.

b) Hljóð- og ljósmerki skal vera hægt að greina auðveldlega.

c) Tæki, sem veita upplýsingar um vinnslu og framleiðslu, skulu vera hentuglega staðsett, greinileg og gefa áreiðanlegar upplýsingar sem ekki verða misskildar.

11. gr.

Neyðarstöðvun.

11.1. Þegar nauðsyn krefur, sbr. 3. gr. um kröfur varðandi öryggi og hollustuhætti, skal vél vera útbúin neyðarstöðvunarbúnaði. Neyðarstöðvunarrofi skal vara rauður að lit og staðsettur þannig að hann sjáist vel og auðvelt sé að ná til hans.

Notkun á neyðarstöðvunarbúnaði á ekki að hafa í för með sér slysahættu. Endurtekna gangsetningu skal aðeins vera hægt að framkvæma með hinum venjulega gangsetningarbúnaði.

12. gr.

Hemlabúnaður.

12.1. Vél, sem getur haldið áfram að ganga og skapað hættuástand þrátt fyrir að aflyfirfærsla til hennar sé rofin, skal útbúin með hentugum hemlabúnaði.

13. gr.

Vinna við hættulegar aðstæður.

13.1. Þegar nauðsyn krefur að unnið sé tímabundið við vél við hættulegar aðstæður skal gera sérstakar öryggisráðstafanir. Verði fullnægjandi öryggisbúnaði ekki komið fyrir af tæknilegum ástæðum þá skal vélinni aðeins sinnt af starfsmönnum sem hafa fengið nægjanlegar leiðbeiningar og fyrirmæli um hvernig vinnuna megi framkvæma án slysahættu eða óhollustu.

13.2. Þegar nauðsyn krefur að unnið sé á hættulegum stöðum við vél, t.d. vegna uppsetningar, viðhalds og viðgerða, skal gera öryggisráðstafanir sem tryggja að ótímabær gangsetning eða hreyfing vélahluta geti ekki átt sér stað.

14. gr.

Orkugjafar.

14.1. Allur búnaður véla fyrir geymslu og flutning orku og orkugjafa skal vera þannig gerður og uppsettur að hann eins og framast er kostur skapi hvorki slysahættu né óhollustu. Ennfremur skal búnaður fyrir hættuleg efni og lofttegundir, sem geta myndast við bruna orkugjafa eða eldsneytis, vera þannig gerður og uppsettur eins og framast er kostur að af honum stafi hvorki slysahætta né óhollusta.

15. gr.

Rafbúnaður.

15.1. Allur rafbúnaður véla skal vera samkvæmt gildandi reglum um raforkuvirki eins og þær eru á hverjum tíma.

16. gr.

Loft- og vökvaþrýstibúnaður.

16.1. Taka skal sérstaklega tillit til eftirfarandi atriða varðandi loft- og vökvaþrýstibúnað:
a) Að þrýstingur fari ekki yfir leyfileg mörk.
b) Að þrýstingsfall skapi ekki hættuástand.
c) Að útsteymi eða aftöppun lofttegunda eða vökva undir þrýstingi skapi ekki hættuástand.
d) Að búnaðurinn sé tryggilega varinn gegn utanaðkomandi skaðlegu álagi.

17. gr.

Aðbúnaður vegna reglubundinnar þjónustu og viðhalds.

17.1. Til þess að tryggja að reglubundin þjónusta og viðhald verði sem hættuminnst skal koma fyrir við vélar nauðsynlegum vinnupöllum, gönguleiðum, tröppum, handriðum og öðrum búnaði, sem við á hverju sinni.

18. gr.

Flutningur.

18.1. Vél skal vera hægt að flytja með öruggum hætti. Ef nauðsyn krefur skal hún hafa sérstakan festibúnað fyrir flutning. Festibúnaður skal vera nægilega sterkur og þannig staðsettur að vélin valdi ekki slysahættu þegar hún er hreyfð.

III. KAFLI

Staðsetning, uppsetning og viðhald.

19. gr.

Staðsetning.

19.1. Staðsetning vélar skal vera þannig að þjónusta, gæsla og viðhald á henni geti farið fram án slysahættu og óhollustu.

20. gr.

Undirstöður og festingar.

20.1. Undirstöður og festingar vélar skulu vera þannig að vélin sé stöðug, tryggilega fest og valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða titringi.

21. gr.

Uppsetning og viðhald.

21.1. Vél skal vera þannig gerð að uppsetning, viðhald og viðgerð á henni geti farið fram án slysahættu eða óhollustu. Viðhald og viðgerð á vél skal fara fram eins og nauðsyn krefur og farið skal eftir leiðbeiningum framleiðanda eins og kostur er. Meginreglan skal vera sú að vél sé stöðvuð meðan vinnan fer fram.

21.2. Leggja skal sérstaka áherslu á eftirfarandi:
a) Hlutir, sem óvænt geta hreyfst, skulu tryggilega festir.
b) Komið skal í veg fyrir eld- og sprengihættu eins og framast er kostur.
c) Þrýsting skal taka af þrýstikerfum og þau tæmd.
d) Geyma og leiðslur, sem innihalda hættuleg efni, skal aftengja og hreinsa ef nauðsyn krefur.
e) Starfsmenn skulu nota nauðsynlegar persónuhlífar.

21.3. Ef nauðsyn krefur að viðhald eða viðgerð fari fram meðan vél eða hluti hennar er í gangi eða t.d. þrýstikerfi er undir þrýstingi þá skal gera sérstakar ráðstafanir til að sú vinna geti farið fram án slysahættu.

21.4. Uppsetningar-, viðhalds- og viðgerðarstörf skulu aðeins unnin af starfsmönnum sem hafa viðurkennd réttindi til þeirra starfa eða hafa fengið nauðsynlega kennslu, leiðbeiningar og þjálfun í að vinna slík störf.

IV. KAFLI

Umhverfisþættir.

22. gr.

Lýsing.

22.1. Lýsing eða birta á vinnusvæði umhverfis vél skal vera nægjanleg og um leið hæfileg með tilliti til ofbirtu og endurkasts.

22.2. Ljósgjafar og fletir umhverfis þá eiga að vera þannig að endurkast ljóssins og skuggamyndun hafi ekki truflandi eða óæskileg áhrif á starfsmenn við vinnu eða álestur mælitækja.

22.3. Ljósgjafar og lýsingarbúnaður skal vera traustbyggður og auðveldur í viðhaldi.

23. gr.

Hávaði og titringur.

23.1. Sá sem hannar, framleiðir, selur eða setur upp vél skal kappkosta að hávaði frá henni sé eins lítill og mögulegt er.

23.2. Sá sem selur vél skal láta í té upplýsingar um hávaða þann sem hún gefur frá sér.

23.3. Að öðru leyti skal farið eftir gildandi reglum um hávaðavarnir á vinnustöðum eins og þær eru á hverjum tíma.

23.4. Vél skal vera þannig gerð og uppsett að hún valdi ekki hættulegum titringi.

24. gr.

Hiti og raki.

24.1. Vél skal vera þannig gerð og uppsett að hiti, raki, blástur eða sog frá henni skapi ekki óhollustu eða slysahættu.

25. gr.

Hættuleg efni og lofttegundir.

25.1. Hættuleg efni, sem notuð eru eða myndast við framleiðslu í vél, mega ekki dreifast í hættulegu magni eða skapa óhollustu eða slysahættu fyrir starfsmenn.

25.2. Vél, sem gefur frá sér spón, ryk, reyk, gufu eða gastegundir, á að vera þannig gerð að hún valdi ekki mengun í vinnuumhverfinu.

25.3. Ef ekki er fullnægjandi áfastur hreinsibúnaður á vél þá skal setja á hana afsogsbúnað, sem fjarlægir loftmengunina strax við upptök hennar.

26. gr.

Geislun.

26.1. Vél, sem notar eða gefur frá sér geislavirk efni eða geislun, skal vera þannig gerð og einangruð að hún valdi hvorki óhollustu né lífshættu. Geislavirkni má ekki vera meiri en viðurkennd hættumörk segja til um. Vél skal í þessu tilliti vera með fullnægjandi viðvörunarmerkingu.

26.2. Að öðru leyti skal farið eftir gildandi reglum um geislavarnir eins og þær eru á hverjum tíma.

27. gr.

Eld- og sprengihætta.

27.1. Vél skal, eins og framast er kostur, vera þannig gerð og notuð að hún valdi ekki eld- eða sprengihættu.

27.2. Ef vél getur skapað eld- og sprengihættu eru gerðar eftirfarandi kröfur varðandi gerð hennar og frágang:

a) Vélin skal vera úr óbrennanlegu efni.

b) Vélin skal vera þannig gerð og frá henni gengið (t.d. jarðtengd) að hún myndi ekki stöðurafmagn.

c) Umhverfis vélina og í henni skulu eldfimar gufur, gastegundir og ryk vera innan hættumarka.

d) Hindra skal, eins og framast er kostur, íkveikju á eld- og sprengifimum gastegundum og ryki í og við vélina með fyrirbyggjandi ráðstöfunum.

e) Öryggistækjum, sem opnast við yfirálag, skal þannig fyrir komið að ekki skapist hættuástand þegar þau opnast.

f) Vélin skal vera þannig staðsett og þannig frá henni gengið að útgönguleiðir séu tálmunarlausar frá hættusvæði.

V. KAFLI

Merking og leiðbeiningar um notkun.

28. gr.

Merking.

28.1. Vél skal vera greinilega og varanlega merkt framleiðanda og sé um innflutta vél að ræða skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess sem flytur hana inn eða merkt á annan þann hátt að auðvelt sé að komast að raun um hver framleiðandi eða innflytjandi hennar er.

28.2. Eftir því sem nauðsyn krefur skal vél ennfremur vera merkt greinilega og varanlega á íslensku með eftirfarandi upplýsingum:

a) Gerðarheiti/framleiðslunúmeri/framleiðsluári.

b) Þunga, þegar hann er yfir 100 kg.

c) Notkunar- og viðvörunarmerkjum.

d) Mesta leyfilega álagi.

e) Mesta leyfilega þrýstingi fyrir vökva og loftþrýstibúnað.

f) Afli, snúningshraða o.þ.h.

g) Nauðsynlegum upplýsingum um festistaði með tilliti til flutnings.

h) Aðvörunum, t.d. um sprengihættu, eitruð og hættuleg efni og lofttegundir.

29. gr.

Leiðbeiningar um notkun.

29.1. Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun, meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með vél þegar hún er afhent.

VI. KAFLI
Viðurkenning, eftirlit og umsögn.

30. gr.
Viðurkenning og eftirlit.

30.1. Vinnueftirlit ríkisins setur, eftir því sem nauðsyn krefur, nánari reglur um gerð, útfærslu, tilkynningaskyldu og prófanir á einstökum gerðum véla eða vélaflokka og getur gert kröfur um eftirfarandi:
1. Viðurkenningarskyldu á einstökum gerðum véla og vélaflokkum samkvæmt nánari reglum (gerðarviðurkenning).
2. Endurskoðun á viðurkenndum vélum til að ganga úr skugga um að þær samsvari áður viðurkenndri gerð og útfærslu.
3. Viðurkenningu á vélum hjá Vinnueftirliti ríkisins, sérfræðilegri stofnun eða aðila sem Vinnueftirlitið viðurkennir.
4. Skjalfestingu sem færir sönnur á að vél hafi verið viðurkennd af innlendri eða erlendri stofnun eða prófuð í prófunarstöð sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir.
5. Sérstakt eigið eftirlit framleiðanda eða innflytjanda og að það sé staðfest með skýrslugerð eða annarri sambærilegri skjalfestingu.
6. Að framleiðandi eða innflytjandi vélar hafi í sinni þjónustu eða geti vísað til starfsmanna með faglega þekkingu til þess að tryggja að uppsetning og frágangur vélarinnar sé fullnægjandi.
7. Eftirlit með seldri framleiðsluvöru og að það eftirlit sé framkvæmt af starfsmönnum sem hafa til þess faglega þekkingu og hæfni.

31. gr.
Umsögn.

31.1. Eftir beiðni framleiðenda, seljenda eða að eigin frumkvæði getur Vinnueftirlit ríkisins gefið út umsagnir um einstakar gerðir véla þó þær séu ekki háðar viðurkenningarskyldu eftir sérstökum reglum.

VII. KAFLI
Viðurlög.

32. gr.

32.1. Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

32.2. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

33. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1988. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR

um húsnæði vinnustaða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

1.1. Reglur þessar gilda um húsnæði sem tekið er í notkun eftir gildistöku þeirra.

1.2. Húsnæði, sem er í notkun við gildistöku þessara reglna, skal uppfylla ákvæði reglugerða nr. 225/1975 um húsnæði vinnustaða.

2. gr.

Eftirlit o.fl.

2.1. Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara.

2.2. Áður en nýtt húsnæði er byggt, nýtt húsnæði er tekið í notkun eða eldra húsnæði breytt fyrir starfsemi, sem reglur þessar taka til, ber að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um hvort það uppfylli ákvæði reglna þessara, sbr. 93. gr. laga nr. 46/1980.

2.3. Vinnueftirlit ríkisins er umsagnaraðili gagnvart byggingayfirvöldum í meiriháttar málum er varða húsnæði vinnustaða, sbr. gr. 2.5.9. í byggingarreglugerð nr. 292/1979.

II. KAFLI

Vinnurými

3. gr.

Almenn ákvæði.

3.1. Atvinnuhúsnæði skal innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi.

3.2. Vinnurými skal skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar á að framkvæma. Allar umferðaleiðir manna og flutningstækja skulu vera greiðar og afmarkaðar. Sömuleiðis skal skipa efni, vörum og flutningstækjum eða öðrum færanlegum vélum á afmarkað eða aðgreint svæði eða rými eftir því sem aðstæður leyfa. Starfsmenn skulu hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín án þess að vera á umferðarsvæðum nema eðli starfsins krefjist þess.

3.3. Vinnurými skal innrétta þannig að gott sé að þrífa það, nýta og halda því við á öruggan hátt. Vélum og tækjum skal komið þannig fyrir að af þeim stafi ekki hætta.

3.4. Gengið skal þannig frá pöllum, gryfjum og opum að ekki sé hætta á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast.

4. gr.

Lofthæð.

4.1. Lofthæð vinnurýmis skal ekki vera minni en 2.5 m eftir að rýmið er fullfrágengið, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Lofthæð vinnurýmis skal ávallt vera það mikil að hún hindri ekki starfsemi sem þar fer fram eða skapi hættu.

4.2. Þar sem búast má við myndun sprengi- eða eldfimra lofttegunda í vinnurýminu skal lofthæð ákvörðuð samkvæmt niðurstöðum brunatæknilegrar hönnunar rýmis, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.

4.3. Þar sem búast má við að óþægilegur hiti, ryk, eitraðar lofttegundir eða reykur myndist skal gera viðeigandi ráðstafanir, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.
Vinnueftirlit ríkisins getur krafist aukinnar lofthæðar í slíkum tilvikum.
4.4. Þegar um sérstaka loftgerð er að ræða, svo sem netloft, rimlaloft eða annað þess háttar, getur Vinnueftirlit ríkisins veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.
Loftrými.

5.1. Sérhver starfsmaður skal að jafnaði geta notið 12 m^3 loftrýmis við störf sín. Lofthæð ofan við 4 m er ekki reiknuð með í rúmtakinu. Þar sem mikill umgangur er skal taka tillit til þess við ákvörðun loftrýmis.
5.2. Þegar loftrými er mælt skal einungis miða við gólfflöt þar sem lofthæð er nægileg samkv. 4. gr.
5.3. Sömuleiðis skal tekið tillit til þess rýmis sem vélar, húsgögn og efni taka. Séu skilyrði sérlega góð getur Vinnueftirlitið veitt leyfi til að nota starfsrými sem er minna en 12 m^3 á hvern starfsmann. Loftrýmið má þó aldrei vera minna en 8 m^3.
5.4. Minnsta stærð vinnuherbergis, sem unnið er í að staðaldri meginhluta vinnudags, skal vera 7 m^2.

6. gr.
Gólf.

6.1. Almenn gerð og frágangur gólfa skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
6.2. Gólf í vinnurými skal vera þannig að það hæfi því starfi, sem þar er unnið með tilliti til slits, burðarþols og hreinsunar.
6.3. Þar sem ætandi efni eru notuð eða meðhöndluð skal þess gætt að þau rýri ekki burðarþol eða eyðileggi yfirborð gólfa.
6.4. Þar sem íkveikju- eða sprengihætta stafar af eldfimum efnum skal rafleiðni gólfa vera næg til að forðast megi neistamyndun vegna staðbundinnar rafhleðslu.
6.5. Gólf skulu rykbundin. Gera skal ráðstafanir til að draga úr hálku á gólfum þar sem þess gerist þörf.

7. gr.
Veggir og loft.

7.1. Einangrun lofts og veggja, þar með hljóðeinangrun, skal vera nægjanleg með hliðsjón af vinnunni sem þar fer fram.
7.2. Yfirborð lofts og veggja skal vera rykbundið og auðvelt að halda hreinu eftir því sem við á.

8. gr.
Lýsing.

8.1. Þar sem unnið er við dagsbirtu skal vinnurými þannig gert að hún dreifist sem best um það og sé sem jöfnust. Ljósop glugga á veggjum skal að jafnaði vera minnst 10% af gólffleti en á þaki 7%. Hlutfall þetta skal auka ef birtu nýtur illa vegna slæmra skilyrða, svo sem vegna mannvirkja sem standa nærri gluggum vinnurýmis. Þar sem sérstaklega stendur á, svo sem í verslunum, vöruhúsum og frystihúsum, er heimilt að víkja frá þessu ákvæði enda uppfylli húsnæðið önnur skilyrði í reglum þessum.
8.2. Ef sólarljós veldur af miklum hita, birtu, glampa eða öðrum slæmum vinnuskilyrðum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.
8.3. Við hönnun lýsingar skal höfð hliðsjón af viðurkenndum stöðlum um lýsingarmagn, varnir gegn ofbirtu og aðra þætti er varða öryggi og gott starfsumhverfi.

9. gr.

Hitun.

9.1. Vinnurými skal vera hæfilega hlýtt eftir eðli þeirra starfa sem þar eru unnin.

9.2. Þar sem kyrrsetustörf eru unnin má telja hæfilegt hitastig 18° til 22°C, en við kyrrstöðu 16° til 18°C nema annars sé krafist vegna framleiðslunnar. Hiti skal vera sem jafnastur um allt vinnurýmið. Sé geislahitun notuð skal tekið tillit til eðlismunar hennar og áhrifa á tilfinningu manna fyrir hitastigi miðað við aðrar hitunaraðferðir.

9.3. Í rými þar sem mikil hitageislun er frá litlum afmörkuðum svæðum eða hlutum skal koma í veg fyrir að hún valdi óþægindum eftir því sem unnt er, t.d. með hlíf, loftkælingu og/eða loftskiptum. Loftkæling eða loftskipti mega þó ekki valda óþægilegum súg eða loftblæstri.

9.4. Notkun hitunartækja sem gefa frá sér eitraðar lofttegundir er ekki leyfð í vinnurými nema komið sé fyrir frástreymi gastegunda út úr húsi.

9.5. Á vinnustöðum, þar sem loft er þurrt eða hiti mikill, er æskilegt að starfsfólk hafi aðgang að drykkjarfontum.

9.6. Leitast skal við að halda hæfilegu rakastigi í vinnurými.

10. gr.

Loftræsting.

10.1. Þegar húsrými fyrirtækis er hannað, skal gera ráð fyrir loftræstingu, sem þar kann að þurfa, svo að stokkum, lögnum og vélum, sem til þess þarf, verði komið fyrir á þeim stöðum sem best hentar. Þar sem margt fólk starfar og mikill hiti eða annað veldur breytingu á andrúmslofti eða umhverfi skal auka endurnýjun andrúmsloftsins með vélsogstækjum ef opnanlegir gluggar geta ekki annað nægilegum loftskiptum. Loftræstingu skal hanna þannig að súgur verið svo lítill sem kostur er.

10.2. Innanhússtörf, sem valda óhollustu, loftmengun, eldfimri eða sprengifimri loftblöndu, skulu aðeins framkvæmd þar sem unnt er að hreinsa loftið eða loftræsta þannig að mengaða loftið sé sogað burt frá þeim stað sem það myndast og til þess séð að það berist ekki inn í vinnurými aftur.

10.3. Hávaði vegna vélrænnar loftræstingar skal vera svo lítill sem verða má.

10.4. Áður en Vinnueftirlitið samþykkir loftræstibúnað getur það krafist þess að sýnt sé fram á nægileg afköst hans.

11. gr.

Hávaði.

11.1 Byggingar skulu þannig hannaðar að hávaði, sem í þeim kann að myndast vegna starfsemi, berist sem minnst um þær eða umhverfi þeirra.

11.2. Þess skal gætt að hávaðamyndun verði ekki meiri en óhjákvæmilegt er vegna þeirra starfa sem unnin eru í húsnæðinu. Vélar eða störf, sem valda skaðlegum hávaða, skal einangra frá umhverfi sínu.

11.3. Að öðru leyti vísast til reglna um hávaðavarnir.

12. gr.

Kjallararými.

12.1. Vinnustaðir mega vera í kjöllurum ef fullnægt er kröfum þessara reglna, sbr. 3. tl. þessarar greinar. Sérstök áhersla skal lögð á rakavörn í slíku húsnæði.

12.2. Sé kjallararými ekki með opnanlegum gluggum skal séð fyrir svo góðri loftræstingu að hvorki skapist raki, óloft né súgur sem veldur óþægindum.

12.3. Vinnurými, sem er dýpra en 1 m undir jarðlínu, skal ekki leyft til neinnar starfsemi nema könnun hafi sýnt að það sé fullnægjandi.

12.4. Meðferð hættulegra efna, svo sem lífrænna leysiefna eða efna sem eldhætta stafar af, er bönnuð í kjallararými. Sama gildir um vinnustaði, þar sem vatnsgufa eða eimur myndast. Eimkatla með margfeldi heildarrúmtaks í m^3 og yfirþrýstings í kp/cm^2, sem er meira en 8 og heitavatnskatla eða geyma með 120°C heitum legi, má ekki nota í kjöllurum, sem unnið er í og dýpri eru en 1 m undir jarðlínu.

12.5. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

III. KAFLI

Starfsmannarými.

13. gr.

Skilgreiningar.

13.1. Starfsmannarými er notað í reglum þessum sem samheiti fyrir:

A. Búningsherbergi og fatahengi.

B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.

C. Þvotta- og baðklefa.

D. Kaffi- eða matstofur.

13.2. Sérstök ákvæði gilda um flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli sbr. V. kafla reglna þessara.

A. Búningsherbergi og fatahengi.

14. gr.

Almenn ákvæði.

14.1. Búningsherbergi skal valinn hentugur staður með hliðsjón af vinnustað og þvotta- og baðklefa.

14.2. Búningsherbergi mega vera í kjallara ef hann er þurr, rakalaus og vel einangraður enda fullnægi búningsherbergin að öðru leyti ákvæðum þessa kafla.

14.3. Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði, eða sé í tveimur eða fleiri húsum, skal búningsherbergjum, snyrtiherbergjum eða matsölum komið fyrir sem næst miðsvæðis nema hvert hús eða álma hafi sérstakt starfsmannarými.

14.4. Þar sem karlar og konur starfa skulu búningsherbergi aðskilin á fullnægjandi hátt.

14.5. Þar sem vinnufatnaður óhreinkast verulega vegna vinnunnar skal vera hægt að hengja göngufatnað í eitt hengi og vinnufatnað í annað aðgreint hengi. Vot vinnuföt skal vera hægt að þurrka þar eða skammt þar frá. Allt starfsmannarými skal vel og reglulega þrifið.

15. gr.

Gólfflatarmál og lofthæð.

15.1. Í búningsherbergi skal fyrir hvern mann vera minnst 0.6 m^2 gólfflötur að meðtöldum fleti fyrir skáp. Lofthæð skal vera minnst 2.5 m.

16. gr.

Gerð gólfa.

16.1. Gólf, sem liggja á jörð eða eru yfir óupphituð rými, skulu einangruð nægjanlega gegn kulda og raka.

16.2. Gólfum skal vera auðvelt að halda hreinum og skal séð fyrir því eftir föngum að þau verði ekki of hál, einkum ef þar er komið fyrir handlaugum eða öðrum búnaði sem vatn getur runnið frá, enda skal þá vera niðurfall og hæfilegur vatnshalli á gólfinu til niðurfallsins.

17. gr.

Veggir og loft.

17.1. Veggir og loft skulu vera nægjanlega einangruð gegn kulda, raka og hávaða eftir því sem við getur átt og unnt er. Veggir og loft skulu vera þannig að auðvelt sé að halda þeim hreinum og í góðu ástandi.

18. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

18.1. Æskilegt er að dagsbirtu njóti sem mest í búningsherbergjum og þar skal vera fullnægjandi raflýsing.

18.2. Búningsherbergi skal vera hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.

19. gr.

Innrétting.

19.1. Við alla skipan innanstokks skal þess gætt að þrif og viðhald búningsherbergis séu auðveld.

19.2. Í búningsherbergi skal vera einn klæðaskápur fyrir hvern starfsmann. Fjarlægðin milli andstæðra skápa og andstæðra handlauga skal vera minnst 1.2 m, en fjarlægð milli skápa og andstæðs veggjar skal vera minnst 1 m. Fjarlægðir þessar skulu hvor um sig lengjast í 1.5 og 1.2 m ef skápar eða handlaugar eru fleiri en 20 í röð. Gera má meiri kröfur um fjarðlægðir þessar ef vinna er óþrifaleg.

19.3. Þar sem aðeins þarf að hengja yfirhafnir skal ætla hverjum starfsmanni að minnsta kosti 0.2 m stangarlengd í fatahengi eða skáp.

19.4. Við starfsemi þar sem halda þarf göngufatnaði og vinnufötum aðskyldum skal þeirri kröfu t.d. fullnægt með því að hafa tvo skápa í búningsherbergjum fyrir hvern starfsmann (einn fyrir göngufatnað og annan fyrir vinnuföt) eða hafa einn skáp í búningsherbergi fyrir hvern starfsmann (til geymslu göngufata) ásamt sameiginlegu fatahengi fyrir vinnufatnað eða með því að tvískipta búningsherbergi þannig að annars vegar séu gönguföt og hins vegar vinnuföt.

19.5. Í sérstökum tilvikum er heimilt að viðurkenna fatahengi í stað skápa.

19.6. Þar sem starfsmenn hafa einungis aðgang að fatahengi getur Vinnueftirlit ríkisins krafist þess að jafnframt séu læstar hirslur þar sem starfsmenn geta geymt verðmæti.

20. gr.

Gerð og búnaður.

20.1. Skápar skulu gerðir úr hentugu efni sem gott er að þrífa. Þeir skulu vera með loftræstiopum að ofan og neðan og með hillu. Stærð skápanna skal vera minnst 0.5 × 0.3 m, að þverflatarmáli. Fjarlægð milli hillu og botns skal vera minnst 1.5 m, en milli hillu og lofts minnst 0.2 m að framan og loftið helst með 20° til 30° halla upp að bakhlið frá framhlið skáps, ef hann nær ekki til lofts í herbergi. Skáparnir skulu vera læsanlegir.

20.2. Í fatahengjum með stöng fyrir herðatré skal ætla minnst 0.3 m fyrir hvern starfsmann.

20.3. Í búningsherbergjum skal að jafnaði vera bekkur eða bekkir, speglar, öskubakkar og ruslatrog eða fata.

B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.

21. gr.

Almenn ákvæði.

21.1. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu, þó ekki þannig að beint samband sé við matsal eða vinnurými.

21.2. Á föstum vinnustað skulu einungis notuð vatnssalerni.

22. gr.

Salernafjöldi.

22.1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.

22.2. Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 manns en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um fjölda salerna, þvagstæða og handlauga:

Fjöldi starfsfólks.	Fjöldi salerna.	Fjöldi handlauga.
Konur		
1– 15	1	1
16– 30	2	1
31– 50	3	2
51– 75	4	2
76–100	5	3

Síðan er eitt salerni og handlaug fyrir hverja 25 starfsmennt til viðbótar.

Fjöldi starfsfólks.	Fjöldi salerna.	Fjöldi þvagst.	Fjöldi handl.
Karlar			
1– 20	1	1	1
21– 30	2	1	2
31– 45	2	2	2
46– 60	3	2	2
61– 75	3	3	3
67– 90	4	3	3
91–100	4	4	4

Síðan eitt salerni, eitt þvagstæði og ein handlaug fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

22.3. Á þjónustustöðum, þar sem gert er ráð fyrir aðgangi annarra en starfsmanna að snyrtiaðstöðu skal sú aðstaða að jafnaði vera aðskilin frá snyrtiaðstöðu starfsmanna.

23. gr.

Veggir, loft og gólf.

23.1. Veggir milli snyrtiherbergja og aðliggjandi vinnustaða eða matstofu skulu vera nægjanlega einangraðir gegn kulda, lykt og hávaða.

23.2. Hæð veggja og hurða salerna frá gólfi má ekki vera minni en 0.15 m og ekki meira en 0.3 m þar sem veggir eða hurðir ná ekki niður á gólf. Vegghæð frá gólfi skal ekki vera minni en 2.0 m. Veggir milli salerna karla og kvenna skulu vera heilir frá gólfi til lofts.

23.3. Veggi og loft skal vera auðvelt að þrífa og halda við.

23.4. Gólffflötur salernisklefa skal minnst vera 1.2 m^2 og lofthæð 2.5 m. Sé um hallandi loft að ræða getur Vinnueftirlit ríkisins leyft að meðallofthæð sé 2.2 m, en þó má minnsta lofthæð yfir salerni ekki vera minni en 1.6 m.

23.5. Gólf má ekki vera hált. Það skal vera vatnshelt og auðvelt að þrífa. Sama máli gegnir um veggi við þvagskálar og handlaugar.

24. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

24.1. Raflýsing skal vera fullnægjandi. Æskilegt er að dagsbirtu njóti þar sem því verður við komið.

24.2. Hitun skal vera fullnægjandi.

24.3. Salerni skal loftræst á vélrænan hátt ef loftræsting verður á annan hátt ónóg. Þar sem því verður við komið skal gera ráð fyrir opnanlegum gluggum í útvegg.

25. gr.

Búnaður.

25.1. Salernispappír skal vera á þar til gerðum haldara.

25.2. Handlaug og sápa skulu vera annað hvort í salernisklefa eða í forrými. Þar skulu vera einnota handþurrkur úr pappír eða handklæðarúllur.

C. Þvotta- og baðklefar.

26. gr.

Fjöldi handlauga og steypibaða.

26.1. Að jafnaði skal vera ein handlaug fyrir hverja 5 starfsmenn.

26.2. Sé vinna óþrifaleg eða valdi verulegri óhreinkun eða óhollustu skal tekið tillit til þess við ákvörðun fjölda handlauga.

26.3. Við störf, sem ekki valda óhreinindum, skal hafa minnst eina handlaug fyrir hverja 10 starfsmenn.

26.4. Handlaug, sem komið er fyrir á salerni eða í lokuðu forrými að því, reiknast ekki með tölu handlauga fyrir þvotta- og baðklefa. Sé handlaugum hins vegar þannig fyrir komið að greiður aðgangur sé að þeim bæði úr snyrti- og þvottaaðstöðu geta þær samnýst.

26.5. Þar sem menn þurfa steypiböð vegna þess að þeir óhreinkast eða svitna við störf sín skal vera minnst eitt steypibað fyrir hverja 5 menn.

27. gr.

Gólf, veggir og loft.

27.1. Stærð gólfflatar skal vera í samræmi við ákvæði 29. gr. um innréttingu og búnað.

27.2. Lofthæð skal minnst vera 2.5 m.

27.3. Gólf, veggir og loft skulu að öðru leyti vera samkvæmt ákvæðum 16. og 17. gr.

28. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

28.1. Raflýsing skal vera fullnægjandi. Æskilegt er að dagsbirtu njóti þar sem því verður við komið.

28.2. Hitun skal vera fullnægjandi.

28.3. Loftræsting skal vera um glugga eða með vélbúnaði sem ekki veldur teljandi hávaða eða óþægilegum súg.

28.4. Allur rafbúnaður skal vera í samræmi við gildandi reglur um rafbúnað í húsnæði þar sem gufa og vatnsagi er.

29. gr.

Innrétting og búnaður.

29.1. Sérhvert þvottastæði við handlaug skal vera minnst 60 cm á breidd. Fjarlægð milli andstæðra handlauga og fjarlægð handlauga og andstæðs veggjar skal vera í samræmi við ákvæði 19. gr.

29.2. Við handlaugar skal tengt heitt og kalt vatn í blöndunartæki. Frárennsli frá handlaug til niðurfalls skal vera lokað.
29.3. Í baðherbergi skal vera niðurfall, en gólfhalli eða gerð gólfs þó ekki þannig að hætta sé á að menn renni eða detti af þeim sökum.
29.4. Framan við steypiböð skal vera aðstaða til að þurrka sér. Hita baðvatns skal vera hægt að stilla hverjum til hæfis.
29.5. Í þvotta- og baðklefum skal vera spegill, snagi, sápa og sápuskál.
29.6. Innangengt skal vera milli baðherbergis og búningsherbergis.

30. gr.

Kjallararými.

30.1 Kjallararými ná nota undir þvotta- og baðklefa, enda fullnægi það að öðru leyti skilyrðum reglna þessara.

D. Kaffi- eða matstofur.

31. gr.

Almenn ákvæði.

31.1. Í matstofu skal starfsmaður bæði geta matast og hvílst frá vinnu sinni. Matstofa skal því vera björt, þægilega skipulögð og snyrtileg í alla staði. Handlaugar skulu vera á aðgengilegum stað framan við matstofu. Sé langt á milli vinnurýmis og matstofu skal fatahengi komið fyrir við hana svo og salerni, sbr. ákvæði um snyrtiherbergi.

32. gr.

Gólfflatarmál, lofthæð.

32.2. Lágmark gólfflatarmáls skal vera 1.2 m^2 fyrir hvern mann. Hæð undir loft skal vera minnst 2.5 m. Sé loftið hallandi má þó reikna með þeim gólffleti þar sem hærra er til lofts en 2.2 m.

33. gr.

Gerð gólfa, veggja og lofta.

33.1. Gólf, loft og veggir skulu gerð úr efni sem auðvelt er að þrífa. Þau skulu vera einangruð þar sem þess gerist þörf.

34. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

34.1. Lýsing skal vera fullnægjandi.
34.2. Hitun skal vera sú sama og við kyrrsetustörf og jafnframt þannig, að meirihluta starfsfólksins finnist hún sem þægilegust.
34.3. Loftræsting skal vera fullnægjandi um opnanlegan glugga eða á annan hátt.

35. gr.

Búnaður.

35.1. Borð skulu vera hæfilega há og nægjanlega mörg svo allir, sem eiga matarhlé saman, geti matast samtímis án sérstakra óþæginda vegna þrengsla. Sæti ber að hafa af réttri hæð og með góðum bakstuðningi.
35.2. Alla hluti innanstokks skal vera auðvelt að þrífa. Þeir skulu vera áferðarsléttir og ekki með raufum sem safnað geta óhreinindum.
35.3. Eldhús og búnaður þess skal vera aðgengilegt, en þó aðgreint frá matsal þar sem því verður við komið. Um búnað og aðstöðu til geymslu matvæla, matargerðar og hreinsunar mataríláta og borðbúnaðar fer samkvæmt lögum og reglum um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti.

36. gr.

Kjallararými.

36.1. Sé kjallararými notað fyrir matstofur skulu gerðar sömu kröfur til þess og gerðar eru til starfsmannarýmis ofanjarðar.

IV. KAFLI

Útgönguleiðir.

37. gr.

37.1. Sérhver innanhússvinnustaður skal vera þannig gerður að frá honum verði komist á greiðan hátt ef eld, jarðskjálfta, útstreymi eiturgufa, gufusprengingu eða annan voða ber að höndum.

37.2. Með innanhússvinnustað er hér átt við allar vistaverur starfsfólks, ganga, svalir og stiga, sem eru í tengslum við vinnustaðinn, auk vinnurýmisins sjálfs.

37.3. Allir gangar, stigar, forrými og önnur rými, sem nota má til útgöngu skulu ávallt vera greiðfær og hindrunarlaus og jafnframt vel merkt. Farið skal eftir löglegri lágmarksbreidd og hæð skv. byggingar- og brunamálareglugerðum. Þar sem margt fólk starfar skal það jafnframt haft í huga að allir geti komist út á sem skemmstum tíma ef þörf krefur.

37.4. Þeir sem starfa tímabundið við þrönga og erfiða vinnuaðstöðu, t.d. í geymi eða kjallararými með ógreiðfærri uppgönguleið, skulu ávallt njóta gæslu annarra starfsmanna og hjálpargagna eða tækja eftir því sem við getur átt til að greiða fyrir upp- eða útgöngu þaðan.

V. KAFLI

Flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli.

38. gr.

Gildissvið.

38.1. Ákvæði þessa kafla gilda um flytjanlegt starfsmannahúsnæði, fyrir vinnustaði innan þéttbýlis, þar sem 2 menn eða fleiri sinna störfum um afmarkaðan tíma, sem er lengri en ein vinnuvika, utan fastrar starfsstöðvar fyrirtækisins sem þeir eru ráðnir hjá, enda sé ekki séð fyrir starfsmannaaðstöðu með öðrum fullnægjandi hætti.

39. gr.

Skilgreining.

39.1. Flytjanlegt starfsmannarými er í reglum þessum samheiti fyrir húsnæði, sem ekki er sett niður á varanlegar undirstöður og ætlað til flutninga á vöruflutningabílum eða til að draga á milli vinnustaða.

39.2. Starfsmannarýmið skiptist í:

A. Búningsherbergi, fatahengi, fataskápa og þurrkaðstöðu.

B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.

C. Matstofur og kaffistofur.

Geymslustaður verkfæra og byggingarefnis skal vera utan starfsmannarýmis.

40. gr.

Byggingarlýsing.

40.1. Yfirborð innanstokksmuna, innréttinga, veggja, gólfs og lofts skal vera í ljósum litum og úr efnum, sem auðvelt er að þrífa.

40.2. Gólf, loft og veggi skal einangra í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, nema hvað varðar þykkt einangrunarefna.

40.3 Lýsing og loftræsting skal vera nægileg að mati Vinnueftirlits ríkisins.
40.4. Stærð glugga skal vera samsvarandi 10% af gólffleti herbergisins. Í þeim skal vera tvöfalt gler og opnanlegt fag sem er a.m.k. ¼ af heildarstærð gluggans.
40.5 Hitastig skal að jafnaði miða við 18°C. Upphitun er veldur mengun eða annarri óhollustu er óheimil.
40.6. Starfsmannarýmið skal vera á hagkvæmum stað með hliðsjón af vinnustað. Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði skal starfsmannarýminu komið fyrir sem næst miðsvæðis ef ekki er kostur á að skipta því í einingar sem koma má fyrir í grennd við vinnustaðina.
40.7. Þurrkaðstaða fyrir votan vinnufatnað og geymsla fyrir óhreinan skófatnað má ekki vera í matstofu.
40.8. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu sem þó skal aldrei vera í beinu sambandi við matstofu.

41. gr.

Stærðir starfsmannarýmis.

41.1. Lágmarksstærð flytjanlegs starfsmannarýmis er 7 m^2 að innanmáli.
41.2. Meðalhæð frá gólfi má ekki vera minni en 2.2 m og minnsta breidd skal vera 2.2 m.
41.3. Viðmiðunarstærðir:

Matstofa	0.8 m^2 á mann.
Búningsherbergi	0.6 m^2 á mann.
Þvottaaðstaða	0.2 m^2 á mann.
Þurrkaðstaða	0.2 m^2 á mann.
Salerni	1.2 m^2

42. gr.

Búnaður.

42.1. Í matstofu skulu vera sæti með baki. Matborð skal vera minnst 0.6 m á breidd og 0.6 m skal ætla á mann við langhlið borðsins.
42.2. Skápar skulu gerðir úr hentugu efni sem gott er að þrífa. Þeir skulu vera með loftræstiopum að ofan og neðan og með hillu. Hæfileg stærð skápa telst 0.5 × 0.3 m að þverflatarmáli. Fjarlægð milli hillu og botns skal vera minnst 1.5 m en milli hillu og lofts minnst 0.2 m að framan en loftið sé helst með 20° til 30° halla upp að bakhlið frá framhlið skáps ef hann nær ekki til lofts í herbergi. Skáparnir skulu vera læsanlegir. Sé um fatahengi að ræða skulu starfsmenn eiga aðgang að læstri hirslu undir persónuleg verðmæti sín.

43. gr.

Undanþágur.

43.1. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessa kafla þegar sérstakar ástæður mæla með því.

VI. KAFLI

Viðurlög.

44. gr.

44.1. Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
44.2. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Endurprentað blað.

VII. KAFLI

Gildistaka.

45. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 38., 43. og 44. gr., og staðfestast hér með til þess að öðlast gildi hinn 1. maí 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 494 6. nóvember 1987

AUGLÝSING

um norræna tungumálasamninginn.

Samningur Norðurlandanna um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem gerður var 17. júní 1981 tók gildi að því er Ísland varðar 25. júlí 1987. Var samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu samkvæmt ályktun Alþingis 18. mars 1987.

Tilgangur samningsins er að auðvelda norrænum ríkisborgurum svo sem kostur er að nota eigin tungu í samskiptum við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir í öðru norrænu landi. Yfirvaldi eða stofnun ber að leitast við að gera norrænum ríkisborgara kleift að nota sitt eigið tungumál í samskiptum sínum við hinn opinbera aðila, sé þess nokkur kostur.

Þau mál sem samningurinn tekur til eru danska, finnska, norska og sænska, auk íslensku.

Meginmál samningsins (1.—8. gr.) er prentað sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Dómsmálaráðuneytið skal fylgjast með framkvæmd samningsins hér á landi, sbr. 8. gr. samningsins.

Samningur þessi birtist hér með öllum þeim til eftirbreytni sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. nóvember 1987.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

1. gr.

Þær tungur sem samningur þessi tekur til eru íslenska, danska, finnska, norska og sænska.

Samningurinn gildir bæði um munnleg og skrifleg samskipti við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir, þó ekki samskipti símleiðis.

2. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til að stuðla að því að ríkisborgari samningsríkis geti eftir þörfum notað eigin tungu í samskiptum við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir í öðru samningsríki. Auk samskipta við dómstóla á þetta sérstaklega við um samskipti við opinbera aðila, svo sem heilbrigðis-, félagsmála- og barnaverndaryfirvöld svo og vinnumarkaðs-, skatta-, lögreglu- og skólayfirvöld.

Í málum sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða öðrum opinberum stofnunum skulu þessar stofnanir eftir því sem frekast er kostur hlutast til um að útvega ríkisborgara samningsríkis nægilega þjónustu túlks eða þýðanda. Í sakamálum skulu ríkisborgarar ávallt fá nauðsynlega aðstoð túlks.

3. gr.

Kostnaður við túlkun eða þýðingu í málum sem greind eru í 2. gr. greiðist af hinu opinbera. Þóknun til túlks vegna máls sem sætir opinberri ákæru skal ávallt greiðast af hinu opinbera.

Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að samningsríki geti krafist greiðslu að nokkru eða öllu leyti fyrir þýðingu á skjali frá þeim sem lagði skjalið fram ef það inniheldur óþarfar málalengingar eða er þýðingarlítið eða ef sérstakar ástæður eru að öðru leyti fyrir hendi. Þetta kemur heldur ekki í veg fyrir að samningsríki setji reglur um rétt hins opinbera til að endurkrefja kostnað við túlkun eða þýðingu frá þeim sem verður að standa straum af málskostnaði vegna þess að hann tapar máli eða af öðrum ástæðum.

4. gr.

Þeim sem dvelur á hæli eða stofnun skal, eftir því sem aðstæður leyfa, gefinn kostur á því að umgangast aðra sem hafa vald á sömu tungu.

5. gr.

Samningsríkin skulu leitast við að koma upp opinberri málaþjónustu eða annars konar túlkunar- eða þýðingaraðstoð á stöðum þar sem nokkur hópur ríkisborgara annars samningsríkis dvelur og sem skilur ekki tungu dvalarlandsins. Þegar fjöldi slíkra ríkisborgara í dvalarlandinu eða á tilteknu svæði þar gefur tilefni til skal það ríki annast þýðingu og dreifingu leiðbeininga, bæklinga, eyðublaða, o. þ. h. sem auðveldað geta samskipti einstaklingsins og hins opinbera.

6. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til að leitast við að gera átak varðandi málaþjónustu þegar aðstæður gefa tilefni til og efla milliliðalausa samvinnu yfirvalda samningsríkjanna með það í huga að markmið samningsins komist til framkvæmda.

7. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að tvö eða fleiri samningsríki geri með sér sérstakt samkomulag þegar ástæða þykir til um frekari skyldur en hér er samið um.

8. gr.

Sérhvert samningsríki skal tilgreina þann aðila sem hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samnings þessa í ríkinu og að efla samvinnu ríkjanna um þau atriði sem samningurinn nær yfir.

Þá skal norræna ráðherranefndin einnig fylgjast með framkvæmd þessa samnings.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar (FES), Vestmannaeyjum, nr. 545/1986.

1. gr.

Í stað 1. janúar 1987 í 4. gr. l. og 4. tl. komi 1. janúar 1988.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 496 9. nóvember 1987

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukaþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skoðun farandvinnuvéla, lyftna og annarra tækja sem tilgreind eru í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 456,00.

Þó frumskoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

3. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðast kr. 1 440,00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 490,00.

4. gr.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðast kr. 790,00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 480,00 fyrir hvern geymi þar á eftir. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald nema eingöngu sé mælt í því.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en $2m^3$ að rúmmáli eða með minni þrýstingi en 2 kg/cm^2 greiðast kr. 780,00, en fyrir stærri katla kr. 995,00.

Fyrir átaksprófanir á talíum, krönum og öðrum lyftibúnaði greiðist eftir lyftigetu búnaðarins sem hér segir:

0 —	2 999 kg	kr.	1 225,00
3 000 —	10 000 kg	kr.	1 630,00
yfir	10 000 kg	kr.	2 410,00

Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma, samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips, skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

5. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst samkvæmt samkomulagi við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

6. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið), um meðferð og stjórnun byggingakrana og um meðferð sprengiefna skulu þátttakendur greiða gjöld sem forstjóri Vinnueftirlitsins ákveður með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera kr. 2 815,00.

Gjald fyrir verklega prófun tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara kr. 750,00. Fyrir próf á aðrar vélar kr. 1 200,00.

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél eftir fyrstu vél vera kr. 750,00.

7. gr.

Fyrir skírteini til stjórnunar farandvinnuvéla greiðast kr. 1 100,00.

Fyrir endurútgáfu slíkra skírteina og færslu nýrra réttinda greiðast kr. 550,00.

8. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 84/1987.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

VIÐAUKI 1.

Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og gjaldeiningar hvers flokks.

Flokkur	Tækjaheiti	Gjaldeiningar
AB	Byggingakranar	13.2
AH	Hafnarkranar	13.2
AI	Iðnaðarkranar	13.2
BB	Grindarbómukranar á beltum	15.2
BD	Dragskóflur	13.2
BG	Grindarbómukranar á hjólum	15.2
BS	Vökvakranar með skotbómu	15.2
CB	Brúkranar	6.6
CH	Brúkranar með stjórnhúsi	7.6
DK	Körfukranar	7.6
DS	Steypudælukranar	7.6
EB	Gröfur á beltum	7
EH	Gröfur á hjólum	7
EK	Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð	7
FB	Beltaskóflur	7
FH	Hjólaskóflur	7
GB	Jarðýtur á beltum	7
GH	Jarðýtur á hjólum	6
HV	Vegheflar	7
IA	Dráttartæki	4
ID	Dráttarvél með tækjabúnaði	6
IF	Flutningatæki	5
JL	Lyftarar < 10 tonna lyftigeta	3.5
KG	Lyftarar > 10 tonna lyftigeta	6
MM	Malbikunarvélar	4
LD	Valtarar dregnir af dráttarv.	5
LS	Valtarar, sjálfkeyrandi	5
RB	Borvagnar	5
RM	Jarðborar — minni gerð	5
RS	Jarðborar — stærri gerð	15.2
SM	Mölunar- og hörpunarsamstæður	6
VH	Körfur til hífingar á fólki	2.5
VK	Körfur til að lyfta fólki með lyftara	2.5
VL	Lyftiverkpallar	8.6
VP	Hengiverkpallar	8.6
NF	Fólkslyftur	7.6
NG	Fólks- og vörulyftur	7.6
NV	Vörulyftur	6.6
NM	Matarlyftur	4.6
OB	Togbrautir fyrir skíðafólk	9.7
OS	Stólalyftur fyrir skíðafólk	33.4
OT	Toglyftur fyrir skíðafólk	14.7

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, ljósrit umsóknar ásamt umsóknargögnum sendast lyfjanefnd. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintök og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 25 000.00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum lyfjaformum eða öðrum styrkleikum sérlyfja skal rita nýja umsókn. Er skráningargjaldið þá kr. 12 500,00.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingum á skráðum sérlyfjum með umsókn. Skráningargjald slíkra umsókna er kr. 6 000,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 5 500,00 er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar aðstæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 476/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

2. nóvember 1987 Nr. 498

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu **um manntalsþing í Barðastrandarsýslu.**

Ráðuneytið vísar til bréfa yðar, herra sýslumaður, frá 24. september og 26. október 1987, varðandi tillögu yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu um manntalsþing í Austur-Barðastrandarsýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing Austur-Barðastrandarsýslu verði lögð niður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um söluskatt nr. 486/1982 með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 435/1987, bætist nýr töluliður er verði 16. töluliður og hljóði svo: Fæðissala mötuneyta skólafólks.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 17. gr. reglugerðarinnar:

a) Við 2. tölulið 2. mgr. bætist eftirfarandi:

Þessari reikningsaðferð má ekki breyta meðan uppgjörsaðferð samkvæmt þessum tölulið er notuð.

b) Í stað síðustu málsgr. 17. gr. komi tvær málsgr. svohljóðandi:

Þeim mötuneytum, er selja fæði á kostnaðarverði þess hráefnis, sem þau nota til matargerðar eða á lægra verði, er heimilt við söluskattsuppgjör að ákvarða söluskattsskylda veltu sína þannig að hún teljist jöfn 50% af innkaupsverði á söluskattsfrjálsum hráefnum til matargerðar á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 337/1987 um sérstakan söluskatt. Uppgjörsaðferð þessa geta þau mötuneyti ein notað, sem ekki eru handhafar söluskattsskírteina, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Öll gögn varðandi söluskattsskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1987.

F.h.r.
Sigurgeir Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Nr. 500 28. október 1987

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu **um manntalsþing í Austur-Skaftafellssýslu.**

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, frá 21. október 1987 varðandi tillögu yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu um manntalsþing í Austur-Skaftafellssýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að haldið verði eitt manntalsþing í Austur-Skaftafellssýslu.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn, nr. 375 29. september 1985.

1. gr.

Liður 2.3 í 2. gr. orðist svo:

Hafnarnefnd kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

12. nóvember 1987 Nr. 502

REGLUGERÐ

um sérstakan söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% — tíu af hundraði — sérstakan söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sá sem selur eða afhendir í atvinnuskyni eða tekur til eigin nota vöru eða verðmæti sem um ræðir í 3. gr. eða innir af hendi vinnu og þjónustu sem um ræðir í 4. gr. skal með þeim takmörkunum sem gerðar eru í reglugerð þessari innheimta sérstakan söluskatt samkvæmt 1. gr. af andvirði hins selda og standa skil á honum í ríkissjóð.

3. gr.

Greiða skal sérstakan söluskatt af sölu á allri matvöru annarri en þeirri sem um getur í 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki greiða sérstakan söluskatt af sölu á eftirtalinni matvöru:

a) Nýmjólk, G-mjólk, léttmjólk, rjóma, sýrðum rjóma, kaffi- og þeytirjóma, skyri (hreinu sem blönduðu), sýrðri mjólk, jógúrt (hreinni sem blandaðri), mysu, undanrennu og smjöri.
b) Hvers konar osti, þ.m.t. kotasælu.
c) Nýjum fiski, þ.m.t. vatnafiski, humar, rækju og skelfiski, hvort sem hann er heill, flakaður, hakkaður eða bútaður. Sama á við um saltaðan, siginn, frosinn, reyktan, grafinn, kryddleginn (einnig í brauðraspi) og kæstan fisk. Fiskur sem hlotið hefur einhverja vinnslu- eða geymslumeðferð umfram það sem að ofan greinir er hins vegar skattskyldur.

d) Nýju, frosnu, reyktu, sýrðu og söltuðu kjöti. Sama á við um niðurskorið, kryddlegið (einnig í brauðraspi), úrbeinað og hakkað kjöt, kjötálegg sem ekki er niðursoðið, kjötfars, pylsur, bjúgu, svið, sviðasultu, hrútspunga og ótilreitt sem og tilreitt slátur. Kjöt sem hlotið hefur vinnslumeðferð umfram það sem að framan greinir er skattskylt.
e) Matjurtum, þ.e. nýjum ávöxtum, nýju grænmeti og garðávöxtum, sem ekki hafa fengið neina vinnslumeðferð aðra en þvott og pökkun í smásöluumbúðir.
f) Eggjum.
g) Smjörlíki.
h) Matvöru, sem er söluskattsskyld skv. lögum nr. 10/1960, sbr. 2. mgr. 2. töluliðar 13. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.
i) Matvöru, sem seld er úr landi.

4. gr.

Af eftirtalinni þjónustu skal greiða sérstakan söluskatt:

1. Þjónustu lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, verkfræðinga, tæknifræðinga, hagfræðinga, viðskiptafræðinga, arkitekta, náttúrufræðinga, landafræðinga, skjalaþýðenda, dómtúlka og hliðstæðra aðila, sem ekki eru söluskattsskyldir skv. reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.
2. Bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tollskýrslugerð, álits- og matsgerðum, tölvuþjónustu og tölvuvinnslu, þ.m.t. þjónustu kerfisfræðinga, og hvers konar ráðgjöf, svo sem viðskipta-, rekstrar- eða tækniráðgjöf og hliðstæðri sérfræðiþjónustu, sem ekki er söluskattsskyld skv. reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum. Sama á við um ráðningarþjónustu, vaktþjónustu, sbr. þó 5. gr., þjónustu rannsóknastofnana, útgáfu- og auglýsingaþjónustu, svo sem gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar svo og hönnun umbúða, ársreikninga, eyðublaða, dreifirita, bæklinga og aðra hliðstæða þjónustu.
3. Þjónustu fasteignasala og seljenda notaðra bifreiða.

5. gr.

Til skattskyldrar þjónustu samkvæmt reglugerð þessari telst ekki þjónusta lækna, tannlækna og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, svo sem ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir svo og framleiðsla gervilima og þess háttar umbúnaður fyrir lamaða. Sama á við um vaktþjónustu veitta öldruðum og sjúkum svo og þjónustu presta og útfararþjónustu.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal ekki innheimta sérstakan söluskatt af eftirtalinni vinnu eða þjónustu:

1. Vinnu eða þjónustu sem innt er af hendi fyrir aðila sem eru heimilisfastir erlendis, enda sé hún ekki í neinum tengslum við starfsemi þeirra, eignir, réttindi eða hagsmunagæslu hér á landi.
2. Innheimtustörfum, enda sé ekki gerð sérstök krafa á hendur skuldara um greiðslu innheimtuþóknunar. Dráttarvextir teljast ekki innheimtuþóknun í þessu sambandi.
3. Eftirliti með og mælingum fyrir hvers konar mannvirkjum eða mannvirkjagerð enda séu verk þessi unnin á byggingarstað. Sama á við um störf byggingarfulltrúa sveitarfélaga.
4. Þjónustu verkfræðinga eða tæknifræðinga við skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðila vegna skipahönnunar, skipasmíða eða skipaviðgerða. Sama á við um skipaeftirlit og skipaskoðanir. Ákvæði þetta á þó ekki við um smíði og viðgerðir á sportförum.

7. gr.

Eftirfarandi greiðslur skulu ekki mynda stofn til álagningar sérstaks söluskatts.

1. Dagpeningar, sem beinlínis er ætlað að standa undir ferða- og gistikostnaði, enda fari þeir ekki fram úr þeirri fjárhæð fyrir hvern dag sem ferðakostnaðarnefnd ríkisins ákvarðar hverju sinni.
2. Kostnaður, sem þjónustusali hefur lagt út fyrir þjónustukaupa, enda sé kostnaður þessi endurkrafinn án nokkurs álags eða þóknunar.
3. Aksturskostnaður.
4. Þóknun fyrir greinarskrif í blöð og tímarit svo og þóknun fyrir erindi og fyrirlestra.
5. Föst stjórnarlaun vegna stjórnarsetu í félögum eða stofnunum enda falli greiðslur þessar undir 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum. Sama á við um nefndarlaun eftir því sem við getur átt.

8. gr.

Af sölu á vörum, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr., ber ekki að innheimta sérstakan söluskatt ef kaupandi stundar endursölu þeirra í atvinnuskyni eða notar þær sem efni í vöru er hann hefur atvinnu af að framleiða og selja enda sé ekki um að ræða óvaranlegar rekstrarvörur eða hjálparefni, sbr. 9. og 11. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

Skilyrði fyrir því að heimilt sé samkvæmt framansögðu að selja vörur, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr., án sérstaks söluskatts er að kaupandi hafi tilkynnt starfsemi sína samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 68/1987, og sýni heimildarskírteini frá skattstjóra um að honum sé heimilt að kaupa vöru án söluskatts eða sérstaks söluskatts.

Með sama hætti og með sömu skilyrðum ber ekki að innheimta sérstakan söluskatt af vinnu eða þjónustu sem aðilar, er um ræðir í 4. gr., inna af hendi fyrir aðila, sem skattskyldur er samkvæmt sömu grein, enda endurselji sá síðarnefndi verðmæti vinnunnar eða þjónustunnar.

9. gr.

Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 10. gr. þessarar reglugerðar og 27. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum, telst heildarandvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem afhent hefur verið eða innt hefur verið af hendi á uppgjörstímabilinu.

Sé þjónusta, sem um ræðir í 4. gr., innt af hendi á fleiri en einu uppgjörstímabili er heimilt að telja þóknun vegna hennar fram á því tímabili, sem henni lýkur, enda hafi ekki fyrr verið gefinn út reikningur vegna hennar, sbr. 3. mgr.

Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar, hvort sem um er að ræða hluta- eða heildarreikning, telst hún hafa farið fram á þeim degi sem tilgreindur er á reikningi, enda sé hann gefinn út fyrir eða samtímis fullnaðarafhendingu.

10. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er ákveðið í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 486/1982 með síðari breytingum, svo sem um tilkynningarskyldu, tilhögun bókhalds, ákvörðun skattstofns, framtöl álagningu, uppgjörstímabil, innheimtu, lögvernd, viðurlög, eftirlit, kærur, úrskurði og aðra framkvæmd gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í II. kafla laga nr. 68/1987 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 337/1987 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. nóvember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

Nr. 503 30. september 1987

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Fiskimjölsverksmiðju Vestmannaeyja (FIVE), Vestmannaeyjum, nr. 544/1986.

1. gr.

Í stað 1. janúar 1987 í 4. gr. 1. og 4. tl. komi 1. janúar 1988.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 55, nr. 486—503. Útgáfudagur 20. nóvember 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 — 1987

19. nóvember 1987 945 Nr. 504

REGLUGERÐ

um innheimtuhlutfall útsvars 1988.

1. gr.

Innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslukerfi opinberra gjalda skal á árinu 1988 vera 6,7%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 38/1987. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

20. nóvember 1987 Nr. 505

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

1. Ásbraut nýtur aðalbrautarréttar fyrir umferð af eftirtöldum götum:
   a) Fornubúðum (biðskylda)
   b) Hringbraut (biðskylda) og
   c) Hvammabraut (biðskylda).
2. Fornubúðir njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Hvaleyrarbraut (biðskylda).
3. Reykjanesbraut nýtur aðalbrautarréttar fyrir umferð af Ásbraut (stöðvunarskylda).

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 20. nóvember 1987.

Már Pétursson.

B 64

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um friðland við Varmárósa.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa fitjar í óshólmum Varmár í Mosfellsbæ, og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að norðan eru mörkin dregin frá hugsuðum punkti 100 m norður af odda Hestþinghóls og eftir aðalál Varmár austur að punkti merktum 1 (x = 10876.30, y = 21520.86) á korti við skurð, er liggur að Varmá 45 m austan við Skiphól. Að austan eru mörkin dregin frá fyrrnefndum punkti og í punkt 2 (x = 11040.49, y = 21273.76), suðvestur af hesthúsunum. Frá þessum stað liggja mörkin í beina línu til norðvesturs um hugsaðan punkt 3 (x = 11220.32, y = 21343.70), þaðan í punkt 4 (x = 11232.48, y = 21387.40), í punkt 5 (x = 11268.82, y = 21440.44), í punkt 6 (x = 11310.64, y = 21457.60), í punkt 7 (x = 11345.92, y =21466.31) og áfram 50 m í sömu stefnu til sjávar og hugsuðum punkti vestan Hestþinghóls. Að vestan eru mörkin dregin frá þessum stað til norðurs að upphafspunkti. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis).

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask allt, svo og aðrar breytingar á landslagi, eru bannaðar.
2. Gangandi og ríðandi mönnum er heimil för um friðlandið, þannig að ekki brjóti í bága við friðlýsinguna. Ekki má nota vélknúin farartæki í friðlandinu.
3. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og fara um friðlandið með skotvopn. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu.
4. Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Mosfellsbæjar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 453/1980 um friðland við Varmárósa.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.


LEIRVOGSÁ
FRIÐLAND VIÐ VARMÁRÓSA
KALDAKVÍSL
LEIRVOGUR
HESTA-
ÞINGSHÓLL
1
2
3
4
5
6
7
hesthús
VARMÁ
sundlaug
100
0
100
200
300m

AUGLÝSING

um friðland í Þórsárverum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Þjórsárver við Hofsjökul og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Lína, sem hugsast dregin frá Eiríksnípu sunnan í Hofsjökli norðaustur í ónefnt jökulsker 1 250 m y. s. norður af Arnarfelli hinu litla. Frá jökulskerinu hugsast dregin lína í öldu 644 m y. s. norðaustur af Þúfuveri. Þaðan suður í öldu 642 m y. s. austur af Þúfuveri, þaðan suðsuðvestur í öldu 634 m y. s. sunnan Þúfuvers, þaðan vestur í öldu 606 m y. s., vestnorðvestur yfir Þjórsá í öldu á Fjórðungssandi 622 m y. s. og þaðan aftur í Eiríksnípu. Línur milli punktanna hugsast beinar og hæðartölur eru samkvæmt uppdrætti Íslands, blöðum 65 og 66, gefnum út af Geodætisk Institut 1954.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Sérstök nefnd er Náttúruverndarráði til ráðuneytis um málefni friðlandsins. Hún skal þannig skipuð, að Náttúruverndarráð, Landsvirkjun, hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, stjórn Afréttarmálafélags Flóa- og Skeiðamanna tilnefna einn mann hver. Þá tilnefnir Ásahreppur einn fyrir sína hönd og Djúpárhrepps. Starfstímabil fulltrúa Náttúruverndarráðs og Landsvirkjunar er hið sama og kjörtímabil ráðsins, en fulltrúa hreppanna hið sama og kjörtímabil þeirra. Náttúruverndarráð skipar formann ráðgjafarnefndar.
2. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Óheimilt er að skaða gróður og trufla dýralíf, svo og að hrófla við jarðmyndunum, gæsaréttum og öðrum minjum.
4. Umferð ökutækja er óheimil utan merktra ökuslóða og skal merking háð samþykki ráðgjafarnefndar samkvæmt 1. tölulið. Þó skal heimilt að nota snjóbíla og vélsleða á jökli og einnig á snjó og hjarni þegar gróðri stafar ekki hætta af.
5. Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.
6. Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum.
7. Flug neðan 3 000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.
8. Reglur þessar hagga ekki hefðbundnum rétti bænda til umferðar vegna nytja og leita á svæðinu. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum, sem viðkomandi hreppsnefnd eða stjórnir afréttarmála og Náttúruverndarráðs setja að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.
9. Notkun skotvopna er óheimil á friðlandinu.

Náttúruverndarráð getur veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum og kveðið nánar á um vernd svæðisins. Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur þess lands sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. að ofan er Landsvirkjun heimilt að veita til Þórisvatns úr upptakakvíslum Þjórsár á Sprengisandi og austurþverám hennar, enda verði kappkostað að halda umhverfisáhrifum mannvirkja í lágmarki.

Ennfremur mun Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y. s., enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndarráðs. Rannsóknir þessar skulu gerðar á vegum ráðgjafarnefndar samkvæmt 1. tl. Skal nefndin ennfremur fjalla um endanleg mörk

umræddra mannvirkja, ráðstafanir til að draga úr óæskilegum áhrifum þeirra á vistkerfi Þjórsárvera og hugsanlega endurskoðun á vatnsborðshæð miðlunarlónsins. Nefndin skal og gera tillögur til stjórnar Landsvirkjunar og Náttúruverndarráðs um nauðsynlegar rannsóknir í þessu sambandi og skal Landsvirkjun kosta þær að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi rannóknaráætlun hlýtur samþykki stjórnar Landsvirkjunar og Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 753/1981 um friðland í Þjórsárverum.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.



AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. október 1987 til næstkomandi áramóta nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. október 1987 til næstkomandi áramóta nema annað verði ákveðið:

SDR cent pr. lb. cif

		SH	SÍS
Þorskur			
1001	4 × 12/14 m/r 5—8 oz.	94.91	94.91
1002	4 × 12/14 m/r 8—12 oz.	95.76	95.76
1003	4 × 12/14 m/r 12—16 oz.	98.31	98.31
1004	4 × 12/14 m/r 1—3 lbs.	111.01	111.01
1005	1 × 35 lausfr.	103.22	—
1006	4 × 14 r/l 8—12 oz.	116.95	116.95
1007	4 × 14 r/l 12—16 oz.	118.64	118.64
1008	4 × 14 r/l 1—3 lbs.	122.04	122.04
1009	1 × 35/45 formflök	148.44	148.44
1010	10 × 5 og 4 × 12	161.92	180.49
1011	5 × 8 og 6 × 8 hnakkast.	180.49	180.49
1012	5 × 10 og 6 × 10	173.98	173.98
1015	4 × 15 og 3 × 20	173.98	173.98
1016	Blokk reg.	142.59	146.25
1018	Blokk or.	128.33	—
1020	Þ. blokk Evrópa	87.80	87.80
1021	Marningsblokk	45.08	45.08
1022	10 × 5 (SIS)	—	159.69
1023	4 × 13	167.47	167.47
1024	1 × 50 Lausfr. Evrópa	—	100.85
1025	1 × 25 Lausfr. USA	—	160.96
1027	Marningsblokk (Þ)	45.08	45.08
Ýsa			
2001	4 × 12/14 m/r 4—8 oz.	106.78	121.19
2002	4 × 12/14 m/r 8—12 oz.	109.15	122.88
2003	4 × 12/14 m/r 12—16 oz.	111.52	124.58
2004	4 × 12/14 m/r 1—3 lbs.	112.71	127.12
2005	1 × 35 m/r lausfr.	109.15	—
2006	4 × 14 rl.	—	136.44
2008	10 × 5	170.73	170.73
2009	3 × 18, 4 × 13 og 4 × 12	—	164.21
2011	Blokk reg.	135.28	127.97
2012	Blokk or	121.75	—
2014	Þ. blokk Evrópa	47.46	—
2015	Marningsblokk	40.22	40.22
2016	Marningsblokk (þ)	26.10	26.10
2017	1 × 50 lausfr. Evrópa	—	124.58
2025	4 × 12 mr. mb.	—	154.45
Steinbítur			
3001	8 × 7 r/l	76.95	76.95
3002	10 × 5	181.86	181.86
3004	Blokk reg.	95.06	95.06
3005	Marningsblokk	26.10	14.62
3010	4 × 6 kg	—	116.10

		SH	SÍS
Karfi			
4001	8 × 7 m/r	76.95	76.95
4002	10 × 5 m/r	108.90	108.90
4003	10 × 5 r/l	113.46	113.46
4004	10 × 5 Sea star	105.00	—
4007	5 × 8 m/r & b/l	108.90	—
4008	1 × 35 m/r <150 gr	97.20	—
4009	1 × 20 kg lausfryst	—	102.60
4010	4 × 6 kg r/l lagpakk.	99.90	105.30
4015	Blokk 4 × 16 1/2 mb	91.71	91.71
4016	Blokk reg.	91.41	91.41
4017	Marningsblokk	25.59	25.59
4018	4 × 10 mr (SIS)	—	104.34
4019	2 × 7 kg 200—300 g Japan	43.12	57.05
4020	2 × 7 kg 300—500 g Japan	51.41	65.34
4021	2 × 7 kg 500—700 g Japan	59.70	69.32
4022	2 × 7 kg > 700—800 g Japan	63.02	72.97
4025	1 × 25 lb. lausfryst	—	110.20
4030	Blokk 16,5 heil flök	—	116.27
Ufsi			
5001	8 × 7 r/l	68.00	68.00
5002	10 × 5	93.94	93.93
5003	4 × 12 og 4 × 13	90.68	87.34
5005	4 × 14	—	61.86
5007	Blokk reg.	73.12	76.78
5008	Blokk mb., þunnildi	54.00	—
5009	Marningsblokk	25.59	14.62
5015	Blokk, Evrópa	78.84	81.55
Langa			
6001	8 × 7 r/l	76.95	76.95
6002	10 × 5	142.81	136.30
6003	Blokk reg.	73.12	47.53
6004	Marningsblokk	26.10	18.28
Keila			
7001	8 × 7 r/l	76.95	76.95
7002	Blokk reg.	32.91	32.19
Grálúða			
8001	Heilfr. h/l yfir 3 kg	70.13	73.74
8002	Heilfr. h/l yfir 2 kg	68.33	73.74
8003	Heilfr. h/l 1—2 kg	66.53	73.74
8005	4 × 12 lagp.	152.57	155.83
8008	Blokk Sovét	76.95	76.95
8009	Blokk USA	91.41	98.72
8010	1 × 35	113.40	—
8011	1 × 26 >3 kg Japan	76.29	79.56
8012	1 × 26 2—3 kg Japan	66.34	79.56
8013	1 × 26 1—2 kg Japan	63.02	79.56
8014	1 × 25 lausfr.	—	159.08
8020	Blokk, Evrópa	93,51	—
Lýsa			
9001	Blokk reg.	73.12	—
Heilfrystur fiskur, Sovét			
A001	Heilfr. 3 × 8 kg	38,81	38,81

Verðbil verður 5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. nóvember 1987.

F.h.r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

Nr. 509

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1986.

REKSTRARREIKNINGUR

Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur af innstæðum	kr.	1 241 414
Vaxtatekjur af útlánum	—	19 828 043
Dráttarvextir	—	31 000 480
Verðbætur	—	190 069 392
Lántökugjöld	—	1 181 700
Fjármunatekjur alls:	kr.	243 321 029
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld af langtímalánum	kr.	17 721 451
Verðbætur af langtímalánum	—	52 221 080
Önnur vaxtagjöld	—	617 146
Lántökugjöld	—	190 000
Gengismunur	—	2 593 905
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	—	108 767 670
Fjármagnsgjöld alls:	kr.	182 111 252
Hreinar fjármunatekjur:	kr.	61 209 777
Aðrar tekjur:		
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarf.	kr.	56 000 000
Aðrar tekjur	—	57 000
Aðrar tekjur alls:	kr.	56 057 000

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginl. kostnaði	kr.	3 436 519
Sérkostnaður sjóðsins	—	743 654
Styrkur Sambands ísl. sveitarfélaga	—	2 500 000
Afskriftir	—	1 310 268
Rekstrargjöld alls:	kr.	7 990 441
Tekjuafgangur:	kr.	109 276 336

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. desember 1986

Eignir:

Veltufjármunir:

Sjóður	kr.	32 000
Bankainnstæða	—	21 633 319
Samband ísl. sveitarfélaga	—	778 095
Gjaldf. útist. vextir og verðbætur	—	25 408 432
Gjaldfallnar afborganir	—	9 194 890
Áfallnir útistandandi vextir	—	32 565 700
Afborg. sem gjaldf. á næsta ári	—	142 760 118
Veltufjármunir alls:	kr.	232 372 554

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:

Skuldabréf	kr.	1 357 253 164
Afborganir til greiðslu á næsta ári	—	151 955 008
Langtímakröfur alls:	kr.	1 205 298 156

Áhættufé:

Hlutabréf	kr.	100 000
Áhættufé alls:	kr.	100 000

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld og búnaður	kr.	6 051 316
Fasteign	—	19 218 264
	kr.	25 269 580
Afskrifað alls	kr.	5 423 420
Varanl. rekstrarf.m. alls:	kr.	19 846 160
Fastafjármunir alls:	kr.	1 225 244 316
Eignir samtals:	kr.	1 457 616 870

Skuldir og eigið fé.

Skammtímaskuldir:		
Skuldheimtumenn	kr.	112 644
Bjargráðasjóður	—	160 241
Ríkissjóður v/ábyrgðargjalda	—	100 000
Áfallnir ógr. vextir	—	5 801 905
Afb. næsta árs af langtímask.	—	74 035 826
Skammtímaskuldir alls:	kr.	80 210 616
Langtímaskuldir:		
Framkvæmdasjóður Íslands	kr.	471 829 361
Seðlabanki Íslands	—	3 594 971
	Kr.	475 424 332
Afborganir næsta árs	—	74 035 826
Langtímaskuldir alls:	kr.	401 388 506
Skuldir alls:	kr.	481 599 122
Eigið fé:		
Endurmatsreikningur	kr.	564 401 738
Óráðstafað eigið fé	—	411 616 010
Eigið fé:	kr.	976 017 748
Skuldir og eigið fé samtals:	kr.	1 457 616 870

Reykjavík, 28. janúar 1987.

Magnús E. Guðjónsson.

Birgir L. Blöndal.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1986.

Sameinaður rekstrarreikningur fyrir árið 1986.

Fjármunatekjur:	
Vaxtatekjur og lántökugjöld	15 904 008
Verðbætur	4 508 387
Fjármunatekjur alls	20 412 395
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld og lántökukostnaður	1 903 417
Verðbætur	3 704 746
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	25 791 860
	31 400 023
Hrein fjármagnsgjöld	(10 987 628)
Aðrar tekjur:	
Framlag ríkissjóðs v/vaxtamismunar	18 240 000
Framlög sveitarfélaga	7 088 366
Gjald af söluv. landbúnaðarins	37 613 218
Húsaleiga	359 721
Aðrar tekjur alls	63 301 305
Styrkveitingar:	
Styrkir	24 994 000
Eftirgefnir vextir	506 700
Eftirgefin lán	273 413
Styrkveitingar alls	25 774 113
Hreinar tekjur fyrir rekstrarg.	26 539 564
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	3 436 520
Stjórnarkostnaður	486 581
Rekstur fasteignar (Laugav. 105)	91 888
Innheimtulaun	752 264
Afskriftir	360 724
Rekstrargjöld alls	5 127 977
Tekjuafgangur:	21 411 587

Sameinaður efnahagsreikningur 30. desember 1986.

Eignir:

Veltufjármunir:	
Bankainnstæður	63 891 572
Lánasjóður sveitarfélaga	160 241
Samband ísl. sveitarfélaga	356 122
Aðrir skuldunautar	1 415 161
Gjaldf. afb., vextir og verðbætur	46 119 443
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	592 564
Næsta árs afborganir útlána	13 116 608
Veltufjármunir alls	125 651 711
Fastafjármunir:	
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	61 917 113
÷ Afborganir næsta árs	(31 294 682)
Langtímakröfur alls	30 622 431
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	821 213
Fasteignir	12 711 840
	13 533 053
Afskrifað alls	(1 114 905)
Varanl. rekstrarfjárm. alls	12 418 148
Fastafjármunir alls	43 040 579
Eignir samtals	168 692 290

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	
Ógreidd ýmis rekstrargjöld	55 066
Séreignadeild	5 509 894
Aðrir lánadrottar	1 660
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	267 038
Næsta árs afb. af langtímaskuldum	10 297 592
Skammtímaskuldir alls	16 131 250

Langtímaskuldir:	
Seðlabanki Íslands	3 503 732
Viðlagatrygging	14 030 853
	17 534 585
÷ Afborganir næsta árs	(10 297 592)
Langtímaskuldir alls	7 236 993
Skuldir alls	23 368 243
Eigið fé:	
Endurmatsreikningar	50 558 285
Eigið fé	94 765 762
Eigið fé alls	145 324 047
Skuldir og eigið fé samtals	168 692 290

Reykjavík, 4. febrúar 1987.

Magnús E. Guðjónsson.

Birgir L. Blöndal.

17. nóvember 1987 Nr. 511

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 650,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 71,30
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútul. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m^3	kr. 37 210,00
251— 500 m^3	kr. 35 780,00 + 88,70 kr/m^3 yfir 250m^3
501—1500 m^3	kr. 57 100,00 + 51,90 kr/m^3 yfir 500m^3
1501—6000 m^3	kr. 107 000,00 + 33,30 kr/m^3 yfir 1500m^3
6000 m^3	kr. 251 000,00 + 26,20 kr/m^3 yfir 6000m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 28 010,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 650,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 106,5 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 474, 12. október 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 17. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

1. gr.
RAFORKUGJÖLD.

A. Almennur taxti

Orkugjald	4,87	kr/kWh
Fastagjald	1 436,00	kr/ár

B. Afltaxti

Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.

Orkugjald	1,22	kr/kWh
Aflgjald	6 202,00	kr/kW/ár
Fastagjald	10 926,00	kr/ár

Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls. Lágmarksafl 30 kw.

C. Húshitunartaxtar

C.1 Orkugjald	3,40	kr/kWh
Án rofs		
C.2 Orkugjald	1,64	kr/kWh
Rof allt að 4 h/d		
C.3 Orkugjald	0,88	kr/kWh
Rof allt að 12 h/d		
Fastagjald	4 444,00	kr/ár

Fyrir taxta C1, C2 og C3.

2. gr.
TENGIGJÖLD.

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara		Tengigjald kr.
T 1	63A	1-fasa	24 200,00
T 2	63A	3-fasa	32 700,00
T 3	100A	—	51 700,00
T 4	200A	—	103 200,00
T 5	315A	—	163 100,00
T 6	400A	—	206 600,00
T 7	630A	—	325 000,00
T 8	710A	—	367 300,00
T 9	1200A	—	620 000,00

Önnur ákvæði:

a) **Um heimtaugar:**

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umframmetra greiðist sem svarar 1/40 hluta tengigjalds.

Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) **Um spennistöðvar:**
Þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) **Um bráðabirgðaheimtaugar:**
Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) **Um spennubreytingu:**
Ef 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug og rafbúnaði innan húss, sem af þessu kann að leiða.

e) **Almennt um heimtaugar:**
Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar.
Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.
ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. **Sérákvæði um rafmagnssölu.**
   1.1. **Rafmagn til mannvirkjagerðar.**

Fastagjald	2 429,00	kr/a
Orkugjald	7,39	kr/kWh

   1.2. **Gjöld vegna götulýsingar og annarrar útilýsingar.**

Aflgjald miðað við uppsett afl	8 719,00	kr/kW/a
Viðhaldsgjald miðað við uppsett afl	10 705,00	kr/kW/a
Gjald samtals	19 424,00	kr/kW/a

   1.3. **Önnur sérákvæði.**
   Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.
2. **Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin.**
   2.1. **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:**
   að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar,
   að vélaafl, spennar og línur þoli álagið,
   að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,
   að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.
   2.2. **Um fasvikstuðul hjá notanda.**
   Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

2.3. **Opnunargjald.**
Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 970,00.

2.4. **Um dráttarvexti.**
Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5. **Um sölugjöld.**
Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innfalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

2.6. **Breytingar á gjaldskrá.**
Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 382, 25. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 513 19. nóvember 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	kr.	4,72 kWh
Fastagjald	kr.	1 854,00 a

C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW/kWh-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald	7 682,00 kr/kWa
Orkugjald:	
0—2500 kWh/kW	2,44 kr/kWh
2500—4000 kWh/kW	1,54 kr/kWh
Yfir 4000 kWh/kW	0,79 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.
Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

Á tímabilinu 16. maí—15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki sölugjald af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgi kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning rafveitunnar sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án sölugjalds).

Orkugjald	1,66 kr/kWh
Fastagjald	1 854,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,36 kr/kWh af orkuverðinu fyrir allt að 40 000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án sölugjalds).

Orkugjald	1,66 kr/kWh
Fastagjald	1 854,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2

Orkugjald	6,83 kr/kWh
Fastagjald	1 854,00 kr/a

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5 Aflgjald ..... 15 400,00 kr/kWa

af uppsettu afli til gatna- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi rafveita til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar 15 400,00 kr/kWa fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan leigir mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir	366,00 kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir	1 388,00 kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli	2 344,00 kr/a
4. Þrífasa kW-kWh-mælir	2 344,00 kr/a
5. Þrífasa kW-kWh-mælir með straumspennum	3 731,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1]) kr/m
63 A einfasa	34 000,00	1 060,00
63 A þrífasa	38 000,00	1 060,00
100 A þrífasa	60 000,00	1 296,00
200 A þrífasa	124 000,00	1 557,00
315 A þrífasa	187 000,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	236 000,00	—
710 A þrífasa	429 000,00	—
1200 A þrífasa	728 000,00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald[1])[2]) Jarðstrengur kr/m
63 A einfasa	6 743,00	1 060,00
63 A þrífasa	9 385,00	1 060,00
100 A þrífasa	9 963,00	1 296,00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 838,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 838,00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu, sem rafveitan veitir, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 838,00.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrám um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 373, 12. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

24. nóvember 1987 Nr. 514

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.
GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,74 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 780,00 kr/a

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	8,61 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 780,00 kr/a

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	4,99 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 780,00 kr/a

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,74 kr/kWh
Fastagjald F1+F3	9 600,00 kr/a

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Orkugjald af allri notkun	1,60 kr/kWh
Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	28 020,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	4 670,00 kr/kW/a
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,74 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald	8 250,00 kr//kW/a
Orkujald kW	1,81 kr/kWh

B. 2. Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	2 260,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,34 kr/kWh

B. 3. Aflmæling – hitun.

Varmadælur og notkun til hitunar í iðnaði o.fl.

Lágmarksaflgjald 15 kW

Aflgjald	6 600,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,45 kr/kWh

C. 1 / D. 1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	2,17 kr/kWh
Fastagjald F3	8 340,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

C. 2 / D. 2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald	1,46 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

D. 3. Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o. fl.

Hámark uppsetts afls er 200 kW

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	2,17 kr/kWh
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl	3,03 kr/kWh
Fastagjald F3	8 340,00 kr/ári

S. 1. Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.

Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	0,96 kr/kWh
Aflgjald	434,00 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

INNHEIMTA OG LOKUN.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er 600,00 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er 1 200,00 kr.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15. mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3 og aflgjöldum B.3.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	5 147 ,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	164,0 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	95,4 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	45,1 aurar á kWh

3. Málspenna.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 kV málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

5. Ársnýting.

Ársnýting — árstími í klukkustundum — er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW sem greiða skal fyrir.

6. Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun vera minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma. Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58, 1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A einfasa	38 100,00 kr.
63 A þrífasa	42 100,00 kr.
100 A þrífasa	64 900,00 kr.
200 A þrífasa	156 000,00 kr.
315 A þrífasa	247 000,00 kr.
400 A þrífasa	340 000,00 kr.
710 A þrífasa	607 000,00 kr.
1200 A þrífasa	1 020 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

		Yfirlengdargjald	
Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
63 A einfasa	7 180,00 kr.	800,00 kr/m	11 400,00 kr/stólpa
63 A þrífasa	10 100,00 kr.	800,00 kr/m	13 000,00 kr/stólpa
100 A þrífasa	11 000,00 kr.	1 000,00 kr/m	15 000,00 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínustaur greiðist kr. 9 150,00.
Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

1.6 Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt — er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.
Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.
Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.
Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1.1 Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

1.2 Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt verðskrá kostnaðar- og verksamþykkt hverju sinni. Fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði o.þ.h. skal grunngjald vera kr. 64 900,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.
Framangreint grunngjald kr. 64 900,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 293 stig og, að Orkusjóður greiði það sem á vantar heildarkostnað við lagningu 80 m

heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

1.3 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Ef lögð er veita, þar sem línulögn þarf til og/eða, heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.2, skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1 Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.

1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spenni, strengjum o. s. frv.

1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald á ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

VI. NIÐURGREIÐSLUR

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40000 kWh á ári samkvæmt lið C 1 og 56000 kWh samkvæmt lið A 5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C 1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr. á kWh.

Liður A 5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr. á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 413, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð — Yfirlit

A — Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	5,79 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 418,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	4,74 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 418,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	7,69 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	2 413,00 kr/ár

B — Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiriháttar vélanotkunar.	
	Fastagjald	27 172,00 kr/ár
	Orkugjald	1,73 kr/kWh
	Aflgjald	6 793,00 kr/ár/kWh
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.	

C — Hitun.

C.1	Verð á raforku til órofinnar hitunar.	
	Orkugjald	3,07 kr/kWh
	Fast gjald	4 161,00 kr/ár
C.2	Verð á raforku til rofinnar hitunar	
	Orkugjald	1,60 kr/kWh
	Fast gjald	2 695,00 kr/ár
	Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.	

Önnur fastagjöld.

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.
Fast gjald fyrir B lið skal jafngilda einu árskílówatti og bætast við mældan afltopp.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstr.		Heimt.gjöld:
25A	1 fasa	7 020,00
63A	1 fasa	34 700,00
63A	3 fasa	37 900,00
100A	3 fasa	58 300,00
200A	3 fasa	119 000,00
315A	3 fasa	188 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 1 030,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1 030,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 420 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

A. 1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
	Orkugjald	4,65	kr/kWh
	Fast gjald	1 600,00	kr/ár
A. 2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:		
	Orkugjald	6,05	kr/kWh
	Fast gjald	3 750,00	kr/ár

B. Afltaxtar.

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Orkugjald	1,68	kr/kWh
Aflgjald	6 300,00	kr/kW ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	7 400,00 kr/kW ár
Viðhaldsgjald	12 600,00 kr/kW ár
Gjald samtals	20 000,00 kr/kW ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C. 1	Órofin húshitun	3,72	kr/kWh
C. 2	Daghitun, húshitun rofin	1,58	kr/kWh
C. 3	Næturhitun, húshitun	0,85	kr/kWh
	Fast gjald á C. 1	5 100,00	kr/pr. ár
	Fast gjald á C. 2 og C. 3	4 800,00	kr/pr. ár

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D. 1	Af einfasa mælum	340,00	kr/pr. ár
D. 2	Af þrífasa mælum upp að 50A	1 360,00	kr/pr. ár
D. 3	Af þrífasa mælum 50A og ofar	2 040,00	kr/pr. ár
D. 4	Af álagsstýringarliðum	2 040,00	kr/pr. ár
D. 5	Af aflmælum	3 400,00	kr/pr. ár

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		Heimtaugargjöld
63A 1-fasa	kr.	27 500,00
63A 3-fasa	kr.	30 000,00
100A 3-fasa	kr.	48 000,00
200A 3-fasa	kr.	94 000,00
300A 3-fasa	kr.	140 000,00
400A 3-fasa	kr.	186 000,00
600A 3-fasa	kr.	282 000,00
900A 3-fasa	kr.	425 000,00
1200A 3-fasa	kr.	565 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:		
63A 1-fasa	kr.	6 700,00
63A 3-fasa	kr.	7 500,00
100A 3-fasa	kr.	10 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 1 600,00.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 1 500,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

4. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 354, 28. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Elsabet Sigurðardóttir.

Nr. 517 25. nóvember 1987

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Hafnarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli ..... kr. 1,55
fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli ..... kr. 20,45
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með ¾“ ..... kr. 617,00
b) fyrir mæla 1“—2“ ..... kr. 1 234,00
c) fyrir mæla stærri en 2“ ..... kr. 2 468,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 368,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m^3	65 700,00 kr
300—2 000 m^3	65 700,00 kr + 72,00 kr/m^3
2 000—6 000 m^3	188 600,00 kr + 60,00 kr/m^3
6 000—10 000 m^3	424 800,00 kr. + 53,00 kr/m^3
Yfir 10 000 m^3	538 000,00 kr + 45,00 kr/m^3

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða ..... kr. 7 210,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miða við fasteignaskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 230,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C.1. eða samsvarandi taxta, en hann er nú óniðurgreiddur ..... kr. 2,17 auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miða skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

III. KAFLI

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 416, 9. september 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Elsabet Sigurðardóttir.

Nr. 518 26. nóvember 1987

GJALÐSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

A. Lýsing.

A1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli.

Aflgjald	9 720,00 kr/kWa
Viðhaldsgjald	11 679,00 kr/kWa
Gjald samtals	21 390,00 kr/kWa

Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.

Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins. Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

A2. 4,78 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.
Heimilt er að sammæla notkun eftir taxta A2 og C1.

B. Heimilisnotkun.

4,78 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

C1. 4,78 kr/kWh til véla.

C2. 1,13 kr/kWh og 5 700,00 kr/kWa og fast gjald til véla og fyrir iðnaðarhita 29 890,00 kr/a. Aflgjald greiðist eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflsnotkun 30 kW.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína eftir þessum taxta.

C3. 5,88 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.
Fast gjald ..... 3 440,00 kr/a

D. Hitun.

D1. Órofin hitun:	Orkugjald	3,24 kr/kWh
	Fast gjald	5 870,00 kr/a
D3. Hitun m/rofi:	Orkugjald	1,18 kr/kWh
	Fast gjald	3 930,00 kr/a

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D5. Næturhiti m/rofi:	Orkugjald	0,73 kr/kWh
	Fast gjald	3 930,00 kr/a

Rjúfa má straum í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00—24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxta D3.

Orkugjald	1,52 kr/a
Fast gjald	3 930,00 kr/a

D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxta D3.

Orkugjald	2,33 kr/kWh
Fast gjald	3 930,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

g) Að raforka sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breytir henni í hitaorku.
h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 1.1.1.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B,C eða E, eftir því sem við á.

E. Stórnotkun.

E1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflsnotkun minnst 200 kW 0,80 kr/kWh og 7 190,00 kr/kWa, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunendar.

F. Önnur notkun.

F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

		kr/mánuði
G1.	Af einfasa mælum	41,60
G2.	Af þrífasa mælum til og með 80A	117,40
G3.	Af þrífasa mælum yfir 80A	172,50
G4.	Af mestu mælum	431,20
G5.	Móttökuliði	93,40
G6.	Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.	

Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum C2, C3, D1, D3, D5, D7, og D9.

2. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Heimtaugargjald skal greiða fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.

2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.3 Aðalheimtaug.

Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargj. kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstr. heimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3×63A kr.
	220 V kerfi.		
63 A 1-fasa	28 500,00	8 610,00	
63 A 3-fasa	30 700,00	10 730,00	5 610,00
100 A 3-fasa	42 000,00	13 460,00	
200 A 3-fasa	72 900,00		
300 A 3-fasa	103 900,00		

	380 V kerfi.		
63 A 1-fasa	28 500,00	8 610,00	
63 A 3-fasa	30 900,00	10 730,00	10 850,00
100 A 3-fasa	48 200,00	23 520,00	
200 A 3-fasa	97 800,00		
300 A 3-fasa	147 300,00		
400 A 3-fasa	195 000,00		
600 A 3-fasa	293 000,00		
900 A 3-fasa	440 200,00		
1200 A 3-fasa	587 200,00		

2.4 Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A heimtaug í 380 V kerfi.

2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.
Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.
Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 **Bráðabirgðaheimtaugar.**
Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald Kr.	Jarðstrengur Kr/m	Lengdargjald Loftlína Kr/stólpa
63 A 1-fasa	6 080,00	885,00	11 310,00
63 A 3-fasa	8 260,00	885,00	13 150,00
100 A 3-fasa	8 870,00	1 170,00	14 970,00

2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.

2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 **Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.**

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 960,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 2 074,00.

3. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.0 Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 900,00. Ennfremur skal sama gjald tekið, ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 900,00 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 600,00.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldaliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að $^4/_5$ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

3.7 Sölugjald 25% er innifalið í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi á taxta A1. Sölugjald innheimtist ekki af sölu á rafmagni til varmadælna, enda verði notkunin sérmæld.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. desember 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 415, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Elsabet Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu.

I. KAFLI

Prófnefnd.

1. gr.

Prófnefnd löggiltra fasteignasala, sem dómsmálaráðherra skipar, í reglugerð þessari eftirleiðis nefnd prófnefnd, skal standa fyrir prófi samkvæmt ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 5. maí 1987 og nefnist próf þetta fasteignasöluprófi.

Í prófnefnd skulu eiga sæti þrír aðalmenn, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. gr.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

II. KAFLI

Námskeið.

3. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða til undirbúnings fyrir þá sem þreyta vilja fasteignasöluprófi. Prófnefnd skal gera tillögu til ráðherra um það hvenær námskeið skulu haldin og stendur fyrir þeim nema ráðherra ákveði að fela öðrum aðilum svo sem Háskóla Íslands að annast námskeið.

Eigi er skylt þrátt fyrir auglýsingu um námskeið að efna til námskeiðahalds nema næg þátttaka fáist að mati dómsmálaráðherra. Að jafnaði skal ekki halda námskeið nema þátttakendur á því verði fimm hið fæsta.

Prófnefnd getur heimilað öðrum en þeim, sem áforma að ganga undir fasteignasöluprófi, að sitja námskeið og skulu þeir sitja fyrir sem hafa starfsreynslu á sviði fasteigna og skipasölu.

Þeim, er þreyta vill fasteignasöluprófi, er eigi skylt að sækja námskeið.

4. gr.

Námskeið vegna fasteignasöluprófs skipist í þrjá hluta og skal miðað við að kennsla á hverjum hluta standi yfir í 4 til 5 mánuði. Prófnefnd ákveður nánar kennslutíma, tímafjölda í einstökum kennslugreinum og námsefni.

Kennslugreinar eru þessar og skipast þannig milli námskeiðshluta:

I. hluti

1. Inngangur.
2. Eignaréttur I.
3. Samningaréttur.
4. Skipasala.
5. Tölulegar upplýsingar um fasteignir og fastaeignamarkað.
6. Ágrip af persónu-, erfða- og sifjarétti.
7. Ágrip af félagarétti.
8. Viðskiptabréfareglur.

II. hluti

1. Fasteignakauparéttur.
2. Eignaréttur II.
3. Sérreglur um ákveðna flokka íbúðarhúsnæðis.
4. Afnotasamningar um fasteignir.
5. Veðréttur.
6. Um nauðungaruppboð og aðrar fullnustugerðir.
7. Skjalagerð I.
8. Raunhæf verkefni I.

III. hluti

1. Réttindi og skyldur fasteigna- og skipasala.
2. Matsmenn og matsgerðir.
3. Skattaréttur.
4. Verðlagning og mat fasteigna, skipa og fyrirtækja.
5. Fjármögnun fasteigna- og skipakaupa.
6. Greiðsluáætlanir, verðbætur, vísitölur og vextir.
7. Ágrip af byggingarfræði.
8. Skyldutryggingar vegna fasteigna og skipa.
9. Bókhald og reikningsskil.
10. Rekstur fasteigna- og skipasölu.
11. Skjalagerð II.
12. Raunhæf verkefni II.

Prófnefnd er heimilt að fengnu samþykki dómsmálaráðherra, að ákveða að fella niður kennslu í einstökum kennslugreinum og að fá aðra aðila svo sem einstakar deildir Háskóla Íslands til að annast kennslu í einstökum kennslugreinum. Sömuleiðis er prófnefnd heimilt að fjölga kennslugreinum ef hún telur þess þörf.

5. gr.

Prófnefnd ræður kennara til þess að annast kennslu á námskeiðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla en dómsmálaráðherra ákveður ráðningarkjör. Prófnefnd skal semja áætlun um heildarkennslustundafjölda fyrir hvert námskeið, sem dómsmálaráðherra staðfestir.

Prófnefnd er heimilt að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið að standa fyrir gerð og útgáfu sérstaks námsefnis fyrir þá, sem eru að búa sig undir fasteignasölupróf.

6. gr.

Til að standa straum af kostnaði við námskeið skv. þessum kafla skulu þátttakendur greiða sérstakt kennslugjald. Hluti af kennslugjaldinu, innritunargjald, skal greiddur þegar þátttaka í námskeiðinu er tilkynnt en aðrir hlutar skulu greiddir við upphaf kennslu í hverjum námskeiðshluta.

Upphæð innritunar- og kennslugjalds ákveður dómsmálaráðherra hverju sinni með auglýsingu, sem birt skal í Lögbirtingablaði.

Innritunargjald skv. 1. mgr. er endurkræft ef af námskeiði verður ekki eða ef sá, er innritast hefur, fellur frá þátttöku áður en fyrsti hluti námskeiðs hefst.

III. KAFLI

Próf.

7. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni það sem prófað er úr á fasteignasöluprófi. Við ákvörðun um prófsefni skal prófnefnd leggja til grundvallar að prófsefnið veiti prófmanni:

a) næga innsýn í þær réttarreglur, sem gilda um kaup og sölu fasteigna og skipa;
b) nokkra kunnáttu í fræðikerfi íslenskrar lögfræði og dómstólaskipan landsins;
c) fræðslu um ýmis tæknileg og fjármálaleg atriði vegna fasteigna og skipa er reynt getur á við kaup og sölu þessara eigna;
d) næga innsýn í lög og reglur um störf fasteignasala;
e) kunnáttu í nauðsynlegri skjalagerð, er tengist störfum fasteignasala;
f) nauðsynlega starfsþjálfun.

8. gr.

Fasteignasölupróf samanstendur af þremur prófhlutum og prófgreinar í hverjum hluta skulu vera:

I. hluti
Lögfræði I.
(Prófsefni skal miðast við kennslugreinar í töluliðum 1–8 í I. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.)

II. hluti
1. Lögfræði II.
(Prófsefni skal miðast við kennslugreinar í töluliðum 1–6 í II. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.)
2. Skjalagerð I.
3. Raunhæft verkefni I.

III. hluti
1. Lögfræði III.
(prófsefni skal miðast við kennslugreinar 1–3 í III. hluta námskeiðs sbr. 4. gr.)
2. Fjármál og byggingarfræði.
(Prófsefni skal miðast við kennslugreinar í töluliðum 4–10 í III. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.)
3. Skjalagerð II.
4. Raunhæft verkefni II.
5. Lokapróf.
(Prófsefni skal miðast við allar kennslugreinar í I.–III. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.)

9. gr.

Próf vegna einstakra prófhluta skulu að jafnaði haldin í framhaldi af námskeiði sbr. 4. gr. en prófnefnd getur ákveðið aðra skipan m.a. vegna prófmanna, sem ekki hafa sótt námskeið. Prófnefnd ákveður hvar og hvenær próf skulu haldin og auglýsir opinberlega innan hvaða frests þurfi að skrá sig í próf.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Við skrifleg próf og raunhæf verkefni skal prófmaður hafa a.m.k. 4. klst. til þess að vinna að úrlausn sinni. Prófnefnd ákveður nánar próftíma fyrir hvert próf.

10. gr.

Prófnefnd semur og leggur prófverkefni fyrir prófmenn, og gefur einkunnir fyrir úrlausnir. Prófnefnd er þó heimilt að fela kennara, sem hefur annast kennslu á undirbún-

ingsnámskeiði sbr. 4. gr. að semja, fara yfir og gefa einkunn vegna prófverkefnis í viðkomandi grein. Einkunn kennara skal þó staðfest af prófnefnd. Mati prófnefndar á úrlausn eða staðfestingu á einkunn kennara verður ekki skotið til sérstaks prófdómara.

11. gr.

Einkunnir á fasteignasöluprófi skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf prófmaður að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr öllum prófgreinum. Prófmaður telst ekki hafa staðist próf í einstökum prófgreinum nema hann hljóti einkunnina 5,0. Standist prófmaður ekki próf í einstökum prófgreinum getur hann sótt um að endurtaka prófið einu sinni enda hafi umsókn borist prófnefnd innan 45 daga frá því einkunnir voru birtar.

Prófnefnd skal afhenda þeim prófmönnum er standast fasteignasölupróf skírteini um að þeir hafi staðist prófið.

12. gr.

Áður en prófmaður gengur undir III. hluta fasteignasöluprófs skal hann skila til prófnefndar vottorðum um að hann hafi aflað sér eftirfarandi starfsþjálfunar:

a) hafi unnið að lágmarki einn mánuð við fasteignasölu undir handleiðslu löggilts fasteigna- og skipasala.
b) hafi lokið 5 daga starfskynningu hjá þinglýsingardómara.

Prófnefnd skal hafa milligöngu um að útvega prófmanni vist á fasteignasölu og hjá þinglýsingardómara og getur lagt fyrir hlutaðeigandi áætlun um fyrirkomulag starfsþjálfunar. Prófmaður ber sjálfur kostnað af starfsþjálfun skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Prófnefnd getur veitt prófmanni undanþágu frá starfsþjálfun skv. 1. mgr. ef hún telur að viðkomandi hafi áður öðlast þá reynslu, sem starfsþjálfuninni er ætlað að veita.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur að fengnu samþykki prófnefndar veitt prófmanni, sem um það sækir sérstaklega undanþágu frá því að þreyta próf í einstökum prófgreinum. Skilyrði þess, að slíka undanþágu megi veita, er að prófmaður sýni fram á það með fullnægjandi hætti að mati dómsmálaráðherra og prófnefndar að hann hafi staðist sambærileg próf í viðkomandi prófgrein við innlenda menntastofnun.

Prófmaður, sem sækir um undanþágu samkvæmt 1. mgr. skal sýna fram á það með vottorði frá viðkomandi menntastofnun hvaða próf hann hefur staðist og prófsefni.

14. gr.

Þegar prófmaður skráir sig í einstaka prófhluta skal hann greiða prófgjald, sem dómsmálaráðuneytið ákveður. Miðað skal við að tekjur af prófgjaldi standi undir kostnaði við prófið. Upphæð prófgjalds skal auglýst í Lögbirtingablaði samtímis innritunar- og kennslugjöldum samkvæmt 6. gr. reglugerðar þessarar.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fasteigna- og skipasölu nr. 34 5. maí 1986 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1987.

Jón Sigurðsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala.

1. gr.

Þeim einum er heimilt að annast fyrir aðra kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum, sem fengið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins skv. I. kafla laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 eða hlotið leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 og hafa lagt fram tryggingu skv. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1986, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1987. Nefnast þeir í reglugerð þessarri einu nafni fasteignasalar.

Hæstaréttar- og hérðasdómslögmenn þurfa eigi leyfi eða löggildingu til þeirra viðskipta sem lýst er í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 34/1986.

Fasteignasalar bera jafnframt ábyrgð gagnvart viðskiptavinum sínum á gerðum starfsmanna sinna í tengslum við viðskiptin.

2. gr.

Nú leitar eigandi fasteignar eða skips til fasteignasala um sölu á eign sinni og skal þá eigandi gefa fasteignasala sérstakt söluumboð, er gert skal í stöðluðu formi. Þar skal koma fram m.a. hvort eignin sé seld í einkasölu eða í almennri sölu og hvaða söluþóknun aðilar hafi orðið ásáttir um. Söluþóknun má þó eigi vera hærri en greinir í 14. gr. laga nr. 34/1986.

Í söluumboði skal koma fram, hver sé gildistími þess og eigandi skal tilgreina hver sé greiðslustaður kaupverðs. Þá skal koma fram í söluumboði, hvernig staðið verði að öflun upplýsinga um eignina og gerð yfirlits um áhvílandi skuldir o.fl. sbr. 10. gr. laga nr. 34/1986. Loks skal koma fram í söluumboði staðfesting fasteignasala um að hann hafi tekið eignina til sölu.

Fasteignasalar skulu senda dómsmálaráðuneytinu til staðfestingar eyðublöð sín fyrir söluumboð og upplýsingar varðandi eign, en einnig getur Félag fasteignasala sbr. 18. gr. laga nr. 34/1986 látið gera slík eyðublöð til afnota fyrir félagsmenn sína og aflað staðfestingar ráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Fasteignasali skal leggja fram tryggingu til greiðslu kostnaðar og tjóns, er viðskiptamenn hans kynnu að verða fyrir.

Tryggingin skal vera sem hér segir:

1. Ábyrgðartrygging, sem greiðir allt að 2 500 000 krónur vegna hvers einstaks tjónsatviks er fasteignasali eða starfsmaður hans veldur með gáleysi í starfi svo og kostnað, er af því leiðir. Heildarfjárhæð vátryggingarbóta vegna allra tjónsatvika innan hvers vátryggingarárs getur þó eigi orðið hærri en 7 500 000 krónur. Vátryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika, sem verða á vátryggingartímabili sbr. 91. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954,
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging, sem greiðir allt að 3 000 000 króna vegna bótaábyrgðar er fellur á fasteignasala vegna brots er hann eða starfsmaður hans fremur af ásetningi eða stórfelldu gáleysi í starfi sínu svo og kostnað, er af því leiðir. Tryggingin tekur til skaðabóta vegna tjónsatvika er verða á vátryggingartímabili sbr. 91. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Vátryggingarfjárhæðir skv. tölulið 1 og 2 eru miðaðar við lánskjaravísitölu 1886 stig og skulu þær breytast 1. desember ár hvert í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu til þess tíma.

Til þess að fullnægja vátryggingarskyldu skv. framanskráðu skal fasteignasali kaupa vátryggingar hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Fasteignasala skal þó heimilt að leggja fram samsvarandi bankatryggingu í stað sjálfsskuldarábyrgðartryggingar. Falli trygging úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingarfélag eða banki tilkynna það dómsmálaráðuneytinu innan viku, en vátryggingartíma telst eigi lokið fyrr en fjórar vikur eru liðnar frá því að vátryggingarfélagið sannanlega tilkynnti um tryggingarslit, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett.

4. gr.

Heimilt er að fullnægja tryggingaskyldu skv. 3. gr. með aðild að sameiginlegri ábyrgðartryggingu og sjálfsskuldarábyrgðartryggingu, sem Félag fasteignasala sbr. 18. gr. laga nr. 34/1986 setur fyrir hönd félagsmanna sinna enda veiti tryggingin að mati dómsmálaráðuneytisins viðskiptavinum fasteignasala eigi lakari vernd gegn fjárhagstjóni en um getur í 3. gr. Félag fasteignasala skal tilkynna ráðuneytinu til hverra félagsmanna tryggingin tekur og um allar breytingar á tryggingaraðild og tekur það á sig skyldur fasteignasala sbr. 3. gr. gagnvart viðkomandi tryggingarfélagi.

Sameiginleg trygging skv. þessari grein skal því aðeins heimil, að heildarfjárhæð skv. henni vegna allra tjónsatvika innan hvers vátryggingarárs sé a.m.k. 50 000 000 króna í ábyrgðartryggingu miðað við lánskjaravísitölu 1886 stig og a.m.k. 20 000 000 króna í sjálfskuldarábyrgðartryggingu.

Félagi fasteignasala er einnig heimilt að stofna sérstakan ábyrgðarsjóð til þess að koma í stað sameiginlegra trygginga skv. þessari grein, enda veiti sjóðurinn viðskiptamönnum fasteignasala sömu tryggingarvernd og tryggingar skv. 3. gr.

Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar reka fasteignasölu undir sama firmanafni, teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu skv. 3. gr., sbr. og 1.–3. mgr. þessarar greinar, með kaupum á einni sameiginlegri ábyrgðartryggingu og einni sameiginlegri sjálfsskuldarábyrgðartryggingu, enda komi nöfn þeirra beggja (eða allra) fram á skjölum og auglýsingum fasteignasölunnar.

5. gr.

Lögmenn sem reka fasteigna- og skipasölu og hafa ekki hlotið leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 skulu sækja um löggildingu skv. 2. gr. laga nr. 34/1986 fyrir 31. desember 1987 hyggist þeir stunda slíka starfsemi eftir þann tíma.

Þeir sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 og stunda fasteignasölu skulu fyrir 31. desember 1987 framvísa í dómsmálaráðuneytinu gögnum um að þeir fullnægi tryggingarskyldu skv. reglugerð þessari.

Jafnframt skulu fasteignasalar tilkynna dómsmálaráðuneytinu um það, hvar starfsstöð þeirra er. Þeir sem fá löggildingu til fasteigna- og skipasölu skv. reglugerð þessari eða fá staðfestingu á því að skilyrði til þess að starfa sem fasteignasali skv. eldra leyfi séu fyrir hendi, skulu fá útgefið löggildingarskjal eða endurnýjað leyfisbréf. Löggildingarskjal skal hafa til sýnis á starfsstöð fasteignasala.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. lög nr. 10/1987 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 220, 26. maí 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1987.

Jón Sigurðsson.

Jón Thors.

Nr. 521

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, ljósmóður frá Kóngsbakka, fyrir árið 1986.

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1986.

Eignir:

Bankainnstæður í Landsbanka Íslands, bók nr. 268726		Kr. 3 363,83
— í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Stykkishólmi í bók nr. 5202		— 4 138,95
		Kr. 7 502,78

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1986	Kr. 6 388,61	
Hreinar tekjur árið 1986	— 1 114,17	— 7 502,78
		Kr. 7 502,78

Rekstrarreikningur fyrir árið 1986.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	Kr. 1,114,17
	Kr. 1 114,17

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	Kr. 1 114,17
	Kr. 1 114,17

Arnarstöðum, 15. nóvember 1987.

Reikningsskil þessi höfum við endurskoðað með tilliti til skipulagsskrár sjóðsins. Eignir sjóðsins eru fyrir hendi.

Hólmfríður J. Hauksdóttir. Ragnheiður Þorgeirsdóttir. Aðalheiður Bjarnadóttir.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,74 kr/kWh
Fastagjald	2 780,00 kr/a

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	8,61 kr/kWh
Fastagjald	2 780,00 kr/a

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	9 900,00 kr/kW/a
Viðhaldsgjald	11 800,00 kr/kW/a

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,36 kr/kWh
Fastagjald á hús (¼ hluti söluskattsskyldur)	11 120,00 kr/a

A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	28 020,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	4 670,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun	1,60 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,74 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 15 kW	123 750,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW	8 250,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,81 kr/kWh

B. 11 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum (sjá D.3).

Orkugjald	1,45 kr/kWh
Aflgjald	6 600,00 kr/kW/a

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	2 260,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,34 kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	2,36 kr/kWh
Fastagjald	2 780,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Roftími er allt að 3 klst./sólarhr.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	1,46 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Roftími er allt að 15 klst./sólarhr.

D.3 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	3,39 kr/kWh
Fastagjald	2 780,00 kr/a

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 620,00.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er 1 240,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur orkubúið sér rétt til þess að gefa kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til hitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvarandi fastagjöldum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

Gjaldskrárverð breytist í samræmi við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

Orka til varmadælna skal seld skv. gjaldskrárlið B11 eða D3 að vali notanda og vera undanþegin söluskatti og verðjöfnunargjaldi skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
   1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
   2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	57 400,00	1 160,00
40 — 65	85 100,00	1 390,00
65 — 130	179 000,00	1 740,00
130 — 200	281 000,00	2 090,00
Aukamæligrind fyrir hitaveitur	23 200,00	

   2.2 Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri er 25 m í lóð.

   Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130—200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

   2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

   Þegar lóð er lögð til, er það gert orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

   2.4 Telji orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
   3.1 Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 5 570,00.
   3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun orkubúsins hverju sinni.

III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug, nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o. þ. h. skal grunngjald vera kr. 64 900,00 á hvern notanda.

   Framangreint grunngjald, kr. 64 900,00, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 293 stig og, að Orkusjóður greiði það sem vantar á heildarkostnað við lagningu heimtaugar og spennistöðvar. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem tekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur sem inntar verða af hendi frá 1. janúar 1987 gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40 000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 56 000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,63 á kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,45 á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,38 á kWh.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 411, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Raforkuverð:

		Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
	Almennir taxtar.			
A1	Almenn heimilisnotkun	1 707,00		4,17
A2	Almenn notkun. Öll alm. notkun ótalin annars staðar	1 707,00		4,74
A3	Mannvirkjagerð	1 707,00		6,70
	Afltaxtar.			
B1	Afl- og orkumæling	3 413,00	5.913,00	1,29
B2	Sértaxti Gefjunar	3 413,00	5 997,00	0,70/0,63
B3	Götu- og hafnarlýsing			
	Hitataxtar.			
C1	Rofin daghitun. Roftími 2×1,30 klst.	3 413,00		1,47
C2	Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímab. kl. 06 til 24	3 413,00		1,23
C3	Órofin hitun	3 413,00		3,29/2,06

Heimtaugagjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr. mm²	Málstr. A.	Heimtaugagjöld 220 V kerfi kr.	380 V kerfi kr.
1× 6	25	8 120,00	8 120,00
3; 10	63	30 024,00	30 024,00
3× 50	125	47 077,00	49 431,00
3× 95	200	70 615,00	98 273,00
3×150	260	89 446,00	125 931,00
3×240	315	117 692,00	164 770,00
3×300	400	153 000,00	211 846,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m.	Loftlína kr/stólpi
63 A 1-fasa	5 461,00	806,00	10 240,00
63 A 3-fasa	7 646,00	806,00	11 877,00
100 A 3-fasa	8 055,00	1 066,00	13 653,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 611,00.
Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 611,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanteknum C-liðum.

Skýringar.

A1 Taxti fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
A2 Taxti fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
A3 Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
B1 Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári.
Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfflatargjald, 68,00 kr/m^2.
Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfflatargjaldið samkv. ákvörðun rafveitunnar.
B2 Taxti fyrir sölu á 11 kV.
B3 Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu er ákveðið af bæjarstjórn.
C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu 08 til 23.
C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 478, 28. október 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

27. nóvember 1987 Nr. 524

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

I. RAFORKA.

Taxti A—1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr.	5,48 kWh
A—2	Orka til lýsingar þar sem mælingu verður ekki við komið (lágmark 2 kW)	—	16 736,00 árskW
Taxti B—1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana ..... Leiga af mælum ekki tekin.	—	5,48 kWh
Taxti C—1	Orka til mannvirkjagerðar ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	8,23 kWh
C—2	Orka samkv. 15 mín. meðalaflsmælingu	—	1,83 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW) ..... Mælaleiga samkv. kafla II. Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	—	7 096,00 árskW
Taxti D—1	Hitun: Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag, án söluskatts ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	1,56 kWh

D—2 Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst á dag — 1,83 kWh
Mælaleiga samkv. kafla II.
D—3 Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota,
roftími allt að 13 klst. á sólarhring ..... — 1,66 kWh
Mælaleiga samkv. kafla II.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6000 kWh.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 A og minna ..... kr. 28,00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 A og minna ..... — 47,00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 A ..... — 65,00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa	28 600,00	910,00
63 A 3-fasa	33 500,00	910,00
100 A 3-fasa	44 000,00	1 249,00
125 A 3-fasa	55 000,00	1 407,00
200 A 3-fasa	86 000,00	1 887,00
300 A 3-fasa	126 000,00	3 418,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá aðaltöflu að götugreiniskáp.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði — uppsteypt hús — er lagt rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 390,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt skrifstofu rafveitunnar kr. 390,00.

Söluskattur 25% er talinn með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema í taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 418, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

27. nóvember 1987 Nr. 525

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,95 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 17,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,56 á kW og greiðist vegna allt að 40 000 kWh á ári.

Orka og vatnsmagn H499.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,95 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 17,30.

Orka H498.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400 000 kWh/ári.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,56 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 13,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Vatnsmagn I480.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 90,20.

Hemill I489.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 1 750,00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugagjald í þéttbýli, í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 620,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 240,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 412, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skipun stjórnarnefndar og svæðisstjórna málefna fatlaðra.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verði 6. mgr., svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra er heimilt að leyfa samtökunum að tilnefna sameiginlega þrjá menn sem aðalmenn og þrjá til vara í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, ef þau óska eftir því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 23. mars 1983 um málefni fatlaðra og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 527 20. nóvember 1987

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. október 1987 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af hafnarsvæðinu á Akranesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð einbýlishúsa og annars sérbýlis í Reykjavík, Kópavogi, á Seltjarnarnesi, í Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Mosfellsbæ hækki um 24% og verði framreikningsstuðull skv. því 1,24.
2. Í Keflavík og Njarðvík hækki íbúðarhúsnæði um 28% og aðrar fasteignir, þar með taldar lóðir um 20%.
   Framreikningsstuðlar verði skv. því 1,28 og 1,20.
3. Á Akureyri hækki íbúðarhúsnæði um 44% og lóðir um 29%.
   Framreikningsstuðlar verði því 1,44 og 1,29.
4. Annað íbúðarhúsnæði í þéttbýli hækki um 34% og síðan allar aðrar fasteignir, þar á meðal lóðir, um 24%.
   Framreikningsstuðlar verði skv. því 1,34 og 1,24.
5. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, er gildi tók 1. desember 1986, ásamt sérstökum breytingum og leiðréttingum ákveðnum af fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1987.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 474 18. nóvember 1986.

Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1987.

F. h. r.
Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1988 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 2,00 kr. fyrir hvert eintak.

Menntamálaráðuneytið, 18. nóvember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1987

30. nóvember 1987 1005 Nr. 530

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 4. desember 1987 til 31. janúar 1988 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1987.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

4. desember 1987 Nr. 531

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum út af Norðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 6. desember 1987 til og með 31. janúar 1988 eru allar rækjuveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands milli 13°V og 15°V. Að sunnan markast svæðið af 67°N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1987.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 532 30. nóvember 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1	Orka til almennrar lýsingar	kr.	5,65 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1	Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	kr.	5,65 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	kr.	5,65 á kWst.
3.2	Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kW	kr.	1,85 á kWst.
	Aflgjald með lýsingu	kr.	8 483,00 kW/á ári
3.3	Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:		
	Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun	kr.	5,65 á kWst.
	Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun	kr.	4,26 á kWst.
	Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun	kr.	3,91 á kWst.

4. Hitun.

4.1	Orka til íbúðarhúshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	kr.	1,45 á kWst.
4.2	Orka til atvinnuhúshitunar, roftími 2 × 2,5 klst. á dag	kr.	1,94 á kWst.
4.3	Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	kr.	2,43 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 27 000,00	1 535,00
63 A 3-fasa	kr. 27 000,00	1 535,00
100 A 3-fasa	kr. 36 765,00	1 735,00
125 A 3-fasa	kr. 44 955,00	1 980,00
200 A 3-fasa	kr. 59 315,00	2 685,00
300 A 3-fasa	kr. 102 550,00	3 115,00

Yfirlengdargjald greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 260,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 260,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 419, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 — 1987

Nr. 533 1008 9. desember 1987

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Fast gjald	1 680,00	kr/ár
Orkugjald	4,32	kr/kWh

A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

Fast gjald	3 360,00	kr/ár
Orkugjald	5,62	kr/kWh

B. Afltaxtar

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Fast gjald	28 800,00	kr/ár
Aflgjald	5 460,00	kr/kW/ár
Orkugjald	1,09	kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta.

B.2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Aflgjald	9 600,00	kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	11 600,00	kr/kW/ár
Gjald samtals	21 200,00	kr/kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði rafmagnsveitunnar.

C. Hitunartaxti

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald	5 760,00	kr/ár
Orkugjald	3,13	kr/kWh

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar með rofi tvisvar á sólarhring allt að tveim klukkustundum í hvort skipti:

Fast gjald	3 840,00	kr/ár
Orkugjald með rofi í 6 mánuði, október — mars	1,35	kr/kWh
Orkugjald með rofi í 4 mánuði, nóvember — febrúar	1,47	kr/kWh
Orkugjald með rofi í 2 mánuði, desember — janúar	2,24	kr/kWh

C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Fast gjald	3 840,00	kr/ár
Orkugjald	0,70	kr/kWh

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09:00 til 21:00.

S. Sumartaxti

S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.
Lágmarksaflgjald á mánuði miðast við 75 kW.

Aflgjald	419,00	kr/kW/mán
Orkugjald	0,92	kr/kWh

Ekki er heimilt að selja raforku skv. þessum taxta frá 1. nóvember til 31. mars.

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Fyrir mælitæki til annarra nota, en að framan greinir, skal ársleiga vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 506,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 2 000,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 3 380,00
Aflmælir	kr. 3 380,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 5 060,00
Tvígjaldsorkumælir	kr. 3 250,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	kr. 4 960,00
Móttökuliði, einpóla	kr. 2 250,00
Móttökuliði, þrípóla	kr. 3 380,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjöld.

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjöld
63 A	1-fasa	27 600 kr.
63 A	3-fasa	30 600 kr.
100 A	3-fasa	48 800 kr.
111 A	3-fasa	97 100 kr.
315 A	3-fasa	153 000 kr.
400 A	3-fasa	196 000 kr.
630 A	3-fasa	306 000 kr.
710 A	3-fasa	346 000 kr.
1200 A	3-fasa	584 000 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

			Lengdargjald	
			Jarð-strengur	Loftlína
Málstraumur		Stofngjald	kr/m	kr/stólpi
63 A	1-fasa	kr. 5 490,00	815,00	10 400,00
63 A	3-fasa	kr. 7 730,00	815,00	12 000,00
100 A	3-fasa	kr. 8 150,00	1 070,00	13 800,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eigandi veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

5. gr.
Ýmis ákvæði.

5.1 Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

5.2 Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5.3 Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

5.4 Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 565,00

5.5 Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald ..... kr. 1 130,00

5.6 Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald ..... kr. 1 130,00 fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

5.7 Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafmagnsveitunnar.

5.8 Söluskattur 25% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun, og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

5.9 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

5.10 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. desember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 414, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 9. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

10. desember 1987 Nr. 534

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	kr. 9,00 á kWh
1.2	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	kr. 5,50 á kWh

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	kr. 5,50 á kWh

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	F1 + F2
	Orkugjald	kr. 5,50 á kWh
	Lágmarksgjald	18 × F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	kr. 27 816,00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	kr. 7 577,00 á kW
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	kr. 1,88 á kWh
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	kr. 7 966,00 kW á ári
	Fast gjald	F1 + F3
	Orkugjald	kr. 1,81 á kWh
3.4	Til súgþurrkunar	
	Fast gjald	F1
	Orkugjald	kr. 2,70 á kWh

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	F1 + F4
	Orkugjald	kr. 3,67 á kWh
	Roftími allt að 1 klst. á dag.	

		Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.	Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði.
4.2	Fast gjald	708,00 kr/kW/ári	8 340,00 kr/ári
	Orkugjald	2,17 kr/kWh	1,54 kr/kWh
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Orkugjald	1,46 kr/kWh	1,08 kr/kWh
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	F1
	Orkugjald	kr. 5,50 á kWh

Skilgreiningar og ýmis ákvæði. Föst gjöld.

F1		kr.	99,00 á mán.
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o.þ.h.	kr.	3,95 á m^2 mán.
	b) Gangar, geymslur o.þ.h.	kr.	2,38 á m^2 mán.
F3		kr.	2 780,00 /ári

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, 25 m^2 eða stærra reiknast tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o.þ.h. 20 m^2 mælt innan útveggja.
c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o.þ.h. 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.
d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m^2 eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m^2 ein gjaldeining.

F4 Hvert uppsett kW ..... kr. 708,00 kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun ..... kr. 1 116,00

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt ..... kr. 700,00
á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 236,00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... kr. 17 098,00
5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 384, 12. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 10. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennslismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:
   - A. Fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 25,60

   Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir:
   - A. Mælir allt að ¾ tommu ..... kr. 230,00
   - B. Mælir 1 tomma til 2 tommur ..... kr. 495,00
   - C. Mælir 3 tommur eða stærri ..... kr. 995,00

2. Heitt vatn um hemil:
   - A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil ..... kr. 220,00
   - B. Vatnsgjald ..... kr. 560,00

   á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

   Flutningsgjald ..... kr. 185,00
   Vatnsgjald ..... kr. 370,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem sveitarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss. (utanmál m^3)	Heimæðargjald
Allt að 600 m^3	kr. 100 700,00
600— 2 000 m^3	kr. 100 700,00 fyrir 600 m^3 + 62,52 pr. m^3 þar yfir
2 000— 6 000 m^3	kr. 188 300,00 fyrir 2 000 m^3 + 54,17 pr. m^3 þar yfir
6 000—10 000 m^3	kr. 394 600,00 fyrir 6 000 m^3 + 47,41 pr. m^3 þar yfir
Meira en 10 000 m^3	kr. 593 300,00 fyrir 10 000 m^3 + 41,22 pr. m^3 þar yfir

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða aukalega kr. 8 000,00 fyrir hvern mæli/hemil.

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 106,5 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 726,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 366, 4. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 8. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seyðisfjarðar

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,17 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 15,19 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 116,00.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda eru við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 63 000,00.

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 m^3 kr. 85,90.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við Fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðaða við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m^3.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 300,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Allar taxta- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 440, 28. september 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 4. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

30. nóvember 1987 Nr. 537

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Siglufjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244 8. júní 1977.

2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemilsins og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils samkvæmt ósk húseiganda, fyrstu þrjá mánuðina eftir að húsið

hefur verið tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemilis gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera einn mínútulítri.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils .... kr. 1 426,00

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Vatnsgjald skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 70,11

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast á bæjarskrifstofunni, Siglufirði eða á þeim greiðslustöðum sem tilgreindir eru á reikningi. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

a. Fyrir hverja hemlagrind skal greiða ..... kr. 12 037,00

b. Fyrir hvern rúmmetra húss miðað við utanmál skal greiða ..... kr. 54,86

Gjöld samkvæmt a. lið skulu greiðast eftir eignahlutfalli, sé um sameiginlegan hemil að ræða.

Gjöld samkvæmt b. lið skulu greiðast eftir eignahlutfalli.

Gjöld samkvæmt liðum a. og b. skulu þó aldrei vera lægri en ..... kr. 24 074,00

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa. Þegar um er að ræða hús, sem nýtt er til íbúðar- og atvinnurekstrar, skal telja húsnæði, sem nýtt er til sérstaks atvinnurekstrar, sem eina íbúð.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m^3.

Gjaldendum skal gefinn kostur á að greiða heimæðargjaldið í þrennu lagi.

⅓ hl. greiðist strax við tengingu.

⅓ hl. eftir eitt ár og

⅓ hl. eftir tvö ár.

Af lánsupphæðinni greiðast útlánsvextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og breytast í samræmi við þá vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd. Tengigjöldin skulu vera að fullu greidd áður en vatni er hleypt á hitunarkerfi.

IV. KAFLI.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annarra nota en til húshitunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur rétt til þess að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal eiga greiðan aðgang að öllum hitakerfum, sem tengd eru hitaveitunni. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 194, 20. mars 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

9. nóvember 1987 Nr. 538

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.

1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem áætlunarflug er stundað. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

2. Lendingargjald.

2.1. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sbr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi 4,80 Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.

2.2. Loftfar knúið hverfilhreyflum skal fyrir hverja skráða lendingu í innanlandsflugi á flugvöllum, sbr. gr. 1.3., greiða kr. 55,00 fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.

2.3. Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýstra þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til útkalls samkvæmt kjarasamningi flugvallastarfsmanna í 235. lfl., þó ekki, ef um er að ræða tímabil dagvinnu kl. 09,00—17,00 virka daga.

3. Stæðisgjald.

3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 24 klst.

3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi 1,20 Bandaríkjadal fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.

4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.

4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.

4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

4.5. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

4.6. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

5. Þjónustugjald.

5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.

5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Flugskýlisgjald.

6.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga loftfars:

a) Innanlandsflug: Kr. 130,00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 2 000,00 á mánuði.

b) Millilandaflug: Samsvarandi 3,10 Bandaríkjadölum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

6.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 6.1. miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.

6.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

7. Almenn ákvæði.

7.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess.

7.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti.

8. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 81 10. febrúar 1986 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

Stjórnartíðindi B 58, 533–538. Útgáfudagur 14. desember 1987.

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 — 1987

1. desember 1987 1021 Nr. 539

REGLUGERÐ

um launabókhald í staðgreiðslu.

1. gr.

Launagreiðendum er skylt að halda skipulegt bókhald um laun, afdrátt staðgreiðslu og greiðsluskil samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

Launabókhaldið skal annað hvort fært í sérstaka staðgreiðslulaunabók í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður eða á sérstaka reikninga í reglulegu bókhaldi launagreiðanda, sbr. lög nr. 51/1968, um bókhald, samkvæmt reglum í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Notkun staðgreiðslulaunabókar leysir launagreiðanda á engan hátt undan þeim skyldum sem á honum kunna að hvíla samkvæmt ákvæðum laga nr. 51/1968, um bókhald, eða bókhaldsákvæðum annarra laga. Fullt samræmi skal vera milli heildarfjárhæða launa og afdráttar í staðgreiðslulaunabók og fjárhagsbókhaldi.

3. gr.

Þeir launagreiðendur sem skyldugir eru til að halda tvíhliða bókhald, sbr. 3. gr. laga nr. 51/1968, um bókhald, geta fært bókhald sitt samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar, sbr. 2. mgr. 1. gr., á sérstaka reikninga í reglulegu bókhaldi sínu samkvæmt eftirfarandi reglum:

Meðferð staðgreiðsluliða í fjárhagsbókhaldi skal haga þannig að öllum launum, starfstengdum greiðslum og hlunnindum sé safnað upp á sérstakan uppsöfnunarreikning launa. Þennan reikning má einungis nota fyrir greidd eða áunnin laun, starfstengdar greiðslur og hlunnindi ásamt leiðréttingum er varða þessa liði. Við færslu launa samkvæmt framansögðu á viðkomandi liði í fjárhagsbókhaldi ber að nota sérstakan mótfærslureikning launa. Við lok staðgreiðsluárs eru jöfnuðir uppsöfnunarreiknings launa og mótfærslureikningslauna færðir hvor á móti öðrum.

Á sérstakan reikning, staðgreiðslureikning, skal færa í kredit þá fjárhæð sem launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum, starfstengdum greiðslum og hlunnindum samkvæmt staðgreiðslulögum. Í debet-hlið þessa reiknings færast greiðslur á þeim fjárhæðum sem launagreiðandi hefur haldið eftir af launum launamanns.

Launagreiðendur, sem færa launabókhald samkvæmt þessari grein, skulu í tengslum við það færa sérstakan reikning eða yfirlit fyrir hvern launamann þar sem fram koma sérhverjar greiðslur launa samkvæmt grein þessari og afdráttur skatts. Þar skal enn fremur skrá fjárhæð persónuafsláttar og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða staðgreiðslu viðkomandi launamanns. Upplýsingar um greidd eða áunnin laun skulu færðar á reikninginn

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

eða yfirlitið þótt engri staðgreiðslu sé haldið eftir vegna viðkomandi greiðslu. Laun og afdrátt skal færa á nefnda reikninga eða yfirlit með þeim hætti að unnt sé að reikna samtölu launa og afdregins skatts hverju sinni og bera saman við færslur í fjárhagsbókhaldi. Í lok staðgreiðsluárs skulu niðurstöðutölur launa og afdregins skatts færðar á reikning eða yfirlit viðkomandi launamanns.

4. gr.

Launabókhaldi skal að öðru leyti hagað þannig að skattyfirvöldum sé á hverjum tíma kleift að staðreyna færslur samkvæmt því og afstemmingar samkvæmt 4. mgr. 3. gr. við fjárhagsbókhald. Sama gildir um færslu staðgreiðslubókar samkvæmt 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Staðgreiðslulaunabækur, sbr. 2. mgr. 1. gr., og reikningar og yfirlit samkvæmt 3. gr. ásamt fylgiskjölum skulu varðveitt í sjö ár frá því að bækurnar, reikningarnir og yfirlitin voru síðast færð.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum samkvæmt 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 51/1968, um bókhald, og 27. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 1. desember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.

Stjórnartíðindi B 59, nr. 539. Útgáfudagur 14. desember 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 — 1987

16. nóvember 1987 1023 Nr. 540

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Hæng um Laxá í Refasveit.

	Einingar
Sölvabakki	8,0
Neðri Lækjardalur	281,0
Efri Mýrar og Sturluhóll	3,5
Neðri Mýrar	35,0
Höskuldsstaðir	229,0
Syðri Hóll	49,0
Njálsstaðir	40,0
Skrapatunga	44,0
Neðribær	9,0
Kirkjubær	42,0
Skúfur	8,0
Þverá	13,0
Hvammshlíð	15,0
Engihlíðarhreppur	3,5
Balaskarð	7,0
Mánaskál	20,0
Núpur	15,0
Núpsöxl/Kirkjuskarð/Sneis/Vesturá	43,0
Refsstaðir	16,0
Litla-Vatnsskarð	5,0
Mýrakot	15,0
Úlfagil	20,0
Illugastaðir	15,0
Tungubakki	14,0
Eyrarland	9,0
Kárahlíð/Grundarkot	28,0
Samtals	987,0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

ARÐSKRÁ

fyrir Vesturhópsvatn, Faxalæk, Reyðarlæk, Grundará, Hörghólsá og Miðfjarðarvatn.

Jarðir:	Miðfjarðar-vatn	Reyðarlækur Hörghólsá Grundará	Vestur-hópsvatn	Faxa-lækur	Samtals:
Torfustaðir	23				23
Gauksmýri	15				15
Sumarbúst. E-Vatnsh.	6				6
Efra-Vatnshorn	16				16
Neðra-Vatnshorn	7,5	4			11,5
Stórhóll	12,5	9			21,5
Vatnshóll		3,5			3,5
Núpshlíð		3,5			3,5
Þóreyjarnúpur		10,5			10,5
Hörgshóll		15			15
Böðvarshólar		14			14
Grund		16,5			16,5
Sporður		11			11
Urðarbak		18,5			18,5
Bjarghús		12,5	79		91,5
Breiðabólstaður		22	35		57
Hvoll			81		81
Klamrar			23		23
Harastaðir og Y-Klambrar			47		47
Kolþernumýri			95		95
Vatnsendi			102		102
Stóra-Borg			98		98
Litla-Borg			150	35	185
Síða				35	35
	80	140	710	70	
				Samtals	10000 ein.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. nóvember 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

STARFSLEYFI

fyrir sorpeyðingu á Húsabakka í Aðaldal.

1. Almenn ákvæði.

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í sorpeyðingarstöðinni að Húsabakka í Aðaldal.

1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnarsvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.

2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.

2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.

2.4. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.

2.5. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálm innan girðingar, ekki er leyfilegt að brotamálmar verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsgeymslu eftir því sem tök eru á. Svæðið umhverfis brotamálmsgeymslu og vinnslu skal vera afmarkað með jarðvegshólum þannig að það falli vel við landslagið og ekki verði sjónlýti af bílflökum og öðru stórskrani.

2.6. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.

2.7. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.

2.8. Öll losun á úrgangi í Skjálfandafljót eða á bakka þess er óheimil.

2.9. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er og leita leiða til endurnýtingar.

2.10. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.

2.11. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.

3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, samanber 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Nr. 543 2. desember 1987

STARFSLEYFI

fyrir sorpeyðingu á Raufarhöfn.

1. Almenn ákvæði.

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í Raufarhafnarhreppi.

1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnarsvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.

2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.

2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.

2.4. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.

2.5. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálm innan girðingar, ekki er leyfilegt að brotamálmar verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsgeymslu eftir því sem tök eru á. Svæðið umhverfis brotamálmsgeymslu og vinnslu skal vera afmarkað með jarðvegshólum þannig að það falli vel við landslagið og ekki verði sjónlýti af bílflökum og öðru stórskrani.

2.6. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.

2.7. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.

2.8. Öll losun á úrgangi í Skjálfandafljót eða á bakka þess er óheimil.
2.9. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er og leita leiða til endurnýtingar.
2.10. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
2.11. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.
3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, samanber 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

2. desember 1987 Nr. 544

STARFSLEYFI

fyrir sorpeyðingu á Húsavík.

1. Almenn ákvæði.
1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi á Húsavík.
1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnarsvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.
2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.
2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.
2.3. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
2.4. Sérstakur staður skal vera fyrir brotajárn innan girðingar sorpeyðingarstöðvarinnar, ekki er leyfilegt að brotamálmar verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tök eru á.

2.5. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
2.6. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
2.7. Koma skal upp jarðvegshólum til að byrgja sýn inn á urðunarsvæðið.
2.8. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
2.9. Rykmengun frá sorpbrennsluofni skal eigi vera meiri en 200 mg/n m^3.
2.10. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er á og leita leiða til endurnýtingar.
2.11. Losun málmhluta í öskurennu sorpbrennslustöðvar er óheimil.
2.12. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.
3.1. Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 545 2. desember 1987

STARFSLEYFI

fyrir sorpeyðingu í Presthólahreppi (Kópaskeri).

1. Almenn ákvæði.
1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í hreppnum.
1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnarsvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.
2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.

2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.
2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.
2.4. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
2.5. Sérstakur staður skal vera fyrir brotajárn innan girðingar sorpeyðingarstöðvarinnar, ekki er leyfilegt að brotamálmar verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tök eru á.
2.6. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
2.7. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
2.8. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
2.9. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er og leita leiða til endurnýtingar.
2.10. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.

3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, samanber 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

16. desember 1987 Nr. 546

REGLUGERÐ

um fæðingarorlof samkvæmt lögum nr. 59 frá 31. mars 1987 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

1.0 Gildissvið.

1. gr.

Bætur Tryggingastofnunar ríkisins í fæðingarorlofi eru annars vegar fæðingarstyrkur og hins vegar fæðingardagpeningar.

Fæðingarorlof skal taka í einu lagi.

Þegar sérstaklega stendur á, vegna heilsufars barns, er þó heimilt, að fengnu vottorði læknis, sem annast hefur barnið, að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka leyfinu í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en einn mánuður. Töku fæðingarorlofs skal þó ætíð ljúka innan árs frá fæðingu barnsins.

2. gr.

Sá, sem á rétt til bótagreiðslna í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari á rétt á ólaunuðu leyfi frá störfum þann tíma, sem bætur í fæðingarorlofi eru greiddar.

3. gr.

Félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum eiga ekki rétt á bótagreiðslum í fæðingarorlofi frá Tryggingastofnun ríkisins þann tíma sem óskert laun eru greidd.

Þegar sleppir þriggja mánaða samningsbundnu fæðingarorlofi á óskertum launum hjá aðilum, sem taldir eru upp í 1. málsgr., geta þeir sótt um bætur í fæðingarorlofi fyrir fjórða mánuð (fjórða og fimmta mánuð eftir 1. janúar 1989 og fjórða, fimmta og sjötta mánuð eftir 1. janúar 1990) fæðingarorlofs til Tryggingarstofnunar ríkisins, enda hafi launað fæðingarorlof þessara aðila ekki verið lengt með reglugerð eða kjarasamningi.

Á meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um sambærilega lengingu fæðingarorlofs og reglugerð þessi kveður á um, til þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. málsgr., skulu bætur þeirra í fæðingarorlofi fyrir fjórða mánuðinn (fjórða og fimmta mánuðinn eftir 1. janúar 1989 og fjórða, fimmta og sjötta mánuðinn eftir 1. janúar 1990) greiðast eftir þeim reglum sem settar eru í reglugerð þessari.

4. gr.

Frá 1. janúar 1988 skulu bætur í fæðingarorlofi greiddar í fjóra mánuði.

Frá 1. janúar 1989 skulu bætur í fæðingarorlofi greiddar í fimm mánuði.

Frá 1. janúar 1990 skulu bætur í fæðingarorlofi greiddar í sex mánuði.

Ef fæðingarorlof hefur ekki hafist fyrir 1. október 1987 skal vegna fæðinga á tímabilinu 1. október — 31. október 1987 greiða bætur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í einn mánuð á árinu 1988. Vegna fæðinga 1. nóvember — 30 nóvember 1987 skal greiða bætur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í 2 mánuði á árinu 1988 og vegna fæðinga 1. desember — 31. desember 1987 skal greiða bætur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í þrjá mánuði á árinu 1988.

Ef fæðingarorlof hefur ekki hafist fyrir 1. september 1988 skal vegna fæðinga á tímabilinu 1. september — 31. desember 1988 greiða bætur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í fimm mánuði á árunum 1988 — 1989.

Ef fæðingarorlof hefur ekki hafist fyrir 1. ágúst 1989 skal vegna fæðinga á tímabilinu 1. ágúst — 31. desember 1989 greiða bætur í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari í sex mánuði á árunum 1989 — 1990.

Félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í þrjá mánuði í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum og sem fæða barn á tímabilinu 1. október — 31. desember 1987 (1. september — 31. desember 1988 og 1. ágúst — 31. desember 1989) skulu eiga rétt á bótum í fæðingarorlofi fyrir fjórða mánuðinn (fjórða og fimmta mánuðinn eftir 1. janúar 1989 og fjórða, fimmta og sjötta mánuðinn eftir 1. janúar 1990) frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt þeim reglum sem settar eru í reglugerð þessari, enda hafi launað fæðingarorlof þessara aðila ekki verið lengt með reglugerð eða kjarasamningi.

5. gr.

Fæðingarstyrk skal greiða við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi, samkvæmt lögum um lögheimili nr. 35/1960, sbr. þó 3. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi skal greiða til móður, sem lögheimili á á Íslandi samkvæmt lögum um lögheimili nr. 35/1960, sbr. þó 3. gr. reglugerðar þessarar.

Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Þó skulu greiðslur til þeirra sameiginlega aldrei nema meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm mánaða eftir 1. janúar 1989 og sex mánaða eftir 1. janúar 1990).

2.0 Fæðingarstyrkur.

2.1 Fjárhæðir fæðingarstyrks.

7. gr.

Frá 1. janúar 1988 skal fjárhæð fæðingarstyrks nema kr. 16.543 á mánuði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins.

2.2 Upphaf greiðslna fæðingarstyrks.

8. gr.

Að jafnaði skal hefja greiðslu fæðingarstyrks miðað við fæðingarmánuð barnsins.

Þó má hefja greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði eða vottorði heilsugæslustöðvar, enda hafi móðir lagt niður launuð störf sín, er greiðslur fæðingarstyrks hefjast.

Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingarstyrksins við fæðingarmánuð barnsins.

2.3 Greiðsla fæðingarstyrks vegna andvanafæðingar eða fósturláts.

9. gr.

Ekki skal greiða fæðingarstyrk lengur en í 3 mánuði vegna andvanafæðingar eftir 28 vikna meðgöngutíma. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar lengd meðgöngu.

10. gr.

Ekki skal greiða fæðingarstyrk lengur en í 2 mánuði vegna fósturláts eftir 20 vikna meðgöngu. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar lengd meðgöngu.

2.4 Greiðsla fæðingarstyrks vegna fjölburafæðinga.

11. gr.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu.

2.5 Greiðsla fæðingarstyrks vegna ættleiðingar, fósturs eða varanlegrar dvalar á stofnun.

12. gr.

Vegna töku barns yngra en fimm ára skal greiða kjörforeldri, uppeldis- eða fósturforeldri fæðingarstyrk í þrjá mánuði (fjóra mánuði frá 1. janúar 1989 og fimm mánuði frá 1. janúar 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé um leyfi til ættleiðingar að ræða skal ættleiðingarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis fylgja umsókn um fæðingarstyrk. Upphaf greiðslu fæðingarstyrks skal miðast við útgáfumánuð ættleiðingarleyfis.

Sé um uppeldis- eða fósturráðstöfun að ræða skulu viðkomandi barnaverndaryfirvöld tilkynna Tryggingastofnun ríkisins án tafar um ráðstöfunina. Skal greiðsla fæðingarstyrks hefjast í þeim mánuði sem tilkynning berst.

13. gr.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. nóvember — 30. nóvember 1987 skal greiða fæðingarstyrk skv. reglugerð þessari í einn mánuð á árinu 1988. Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. desember — 31. desember 1987 skal greiða fæðingarstyrk samkv. reglugerð þessari í tvo mánuði á árinu 1988.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. október — 31. desember 1988 skal greiða fæðingarstyrk samkv. reglugerð þessari í fjóra mánuði á árunum 1988 — 1989.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. september — 31. desember 1989 skal greiða fæðingarstyrk samkv. reglugerð þessari í fimm mánuði á árunum 1989 — 1990.

14. gr.

Séu fleirburar innan fimm ára aldurs settir í fóstur á sama stað eða ættleiddir af sömu kjörforeldrum greiðist fæðingarstyrkur einum mánuði lengur fyrir hvert barn umfram eitt.

Sama skal gilda ef fleiri börn en eitt, skyld eða óskyld, sem öll eru undir fimm ára aldri eru sett í fóstur um leið á sama stað eða ættleidd af sömu kjörforeldrum.

15. gr.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun.

Þó skal aldrei greiða fæðingarstyrk til móður í skemmri tíma en tvo mánuði eftir fæðingu í tilvikum þeim sem hér um ræðir.

2.6 Lenging fæðingarstyrksgreiðslna vegna heilsufars móður eða heilsufars barns.

16. gr.

Ef um alvarlegan sjúkleika barns er að ræða, sem krefst nánari umönnunar foreldris, framlengist greiðsla fæðingarstyrks til móður um einn mánuð.

Þörf fyrir aukna umönnun barns skal rökstudd með læknisvottorði sem staðfest er af tryggingaráði.

17. gr.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks

þann tíma, þó aldrei lengur en í tvo mánuði, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi.

Umsókn um lengingu fæðingarstyrks samkvæmt þessari grein skal fylgja læknisvottorð og/eða vottorð vinnuveitanda um að ekki verði við komið breytingum á starfsháttum konunnar eða tilfærslum í starfi.

Tryggingayfirlæknir skal staðfesta að þörf sé fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

2.7 Ýmis ákvæði um fæðingarstyrk.

18. gr.

Unnt er að njóta samtímis greiðslu fæðingarstyrks og greiðslu sjúkradagpeninga.

19. gr.

Rísi ágreiningur um greiðslur fæðingarstyrks samkvæmt kafla þessum getur lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins eða bótaþegi óskað úrskurðar tryggingaráðs.

Tryggingaráð skal úrskurða um slíkan ágreining innan mánaðar frá því að kæran barst.

3.0 Fæðingardagpeningar.

3.1 Fjárhæðir fæðingardagpeninga.

20. gr.

Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Þann 1. janúar 1988 eru tvöfaldir sjúkradagpeningar samtals kr. 20 820 á mánuði.

3.2 Ákvörðun fæðingardagpeninga.

21. gr.

Launuð vinna merkir öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagvinnustundir í merkingu reglugerðar þessarar eru allar vinnustundir allt að 40 stundum á viku án tillits til þess á hvaða tíma sólarhrings þær eru unnar.

Fjárhæð fæðingardagpeninga ákvarðast af þeim dagvinnustundafjölda, sem foreldri hefur unnið á vinnumarkaði síðustu 12 mánuði fyrir töku fæðingarorlofs.

12 mánaða tímabilið er ákveðið þannig:

1. Umsókn móður um fæðingarorlof.
   a) Hafi kona tekið sér orlof frá launuðum störfum mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barnsins eða fyrr, skal miða 12 mánaða tímabilið frá því mánuði fyrir fæðingu og síðan 12 mánuði aftur í tímann.
   b) Taki konan sér orlof frá launuðum störfum með styttri fyrirvara en mánuði fyrir fæðingu, skal miða 12 mánaða tímabilið við þá dagsetningu er orlof frá störfum hófst.
2. Umsókn föður um fæðingarorlof.
   12 mánaða tímabilið miðast við þann tíma, er faðir tekur fæðingarorlof og síðan 12 mánuði aftur í tímann.

22. gr.

Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 1032 — 2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs.

Hálfra fæðingardagpeninga njóta þeir sem unnið hafa 516 — 1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs.

23. gr.

Um atvinnuþátttöku eftirtalinna starfshópa gilda svofelldar sérreglur:

1. Atvinnuþátttaka maka bænda við landbúnaðarstörf skal teljast 1.600 stundir á ári á sauðfjárbúum og 1.704 stundir á kúabúum. Atvinnuþátttöku maka bænda á blönduðum búum eða í öðrum búgreinum skal meta hverju sinni.
2. Foreldri, sem rekur sjálfstæða atvinnustarfsemi eða vinnur við sjálfstæða atvinnustarfsemi án þess að þiggja laun sem launþegi, skal sanna vinnustundafjölda og launagreiðslu með skattframtali, staðfestingu löggilts endurskoðanda, skattkorti, staðfestingu lífeyrissjóðs um greiðslu iðgjalda eða á annan hátt.
3. Foreldri, sem vinnur launuð störf í heimahúsi, án þess að vinna sé unnin á vegum fyrirtækis, skal, auk vinnuveitandavottorðs, sanna vinnuframlag sitt með skattframtali, skattkorti eða staðfestingu verkalýðsfélags eða lífeyrissjóðs, eftir því sem við á.
   Sé um launuð störf við gæslu barna í heimahúsi að ræða, telst heilsdagsgæsla eins barns í 12 mánuði nema fjórðungi úr fullu starfi, eða 516 dagvinnustundum.
4. Foreldri, sem hefur stundað nám að aðalstarfi í a.m.k. 6 mánuði á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á fullum fæðingardagpeningum, enda jafngildi slíkt nám a.m.k. 1032 vinnustundum.
   Foreldri, sem hefur stundað nám að aðalstarfi í 3 — 6 mánuði á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á hálfum fæðingardagpeningum, enda jafngildi slíkt nám a.m.k. 516 dagvinnustundum.
   Til sönnunar um skólavist skal leggja fram vottorð frá viðkomandi skóla.
   Verklegt nám, stundað á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs skal meta til jafns við atvinnuþátttöku.

24. gr.

Til atvinnuþátttöku telst sá tími, sem foreldri hefur sannanlega notið atvinnuleysisbóta.

25. gr.

Hafi foreldri af heilsufarsástæðum látið af launuðum störfum á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs skal veikindatíminn teljast jafngildur vinnuframlagi samkvæmt reglugerð þessari, enda hafi foreldrið átt rétt til greiðslu launa eða sjúkra- (slysa-) dagpeninga á veikindatímabilinu.

Áætlað vinnuframlag samkvæmt 1. málsgr. skal miðað við þau laun eða dagpeninga, sem foreldri hefur átt rétt til á veikindatímabilinu.

3.3 Upphaf greiðslna fæðingardagpeninga og réttur föður til þeirra.

26. gr.

Verðandi móðir má hefja töku fæðingardagpeninga allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, enda leggi hún niður launuð störf frá sama tíma. Staðfesta skal áætlaðan fæðingardag með læknisvottorði.

Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga til móður við fæðingarmánuð barns.

27. gr.

Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan.

Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi eða verið í fæðingarorlofi saman þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm mánaða eftir 1. janúar 1989 og sex mánaða eftir 1. janúar 1990).

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

3.4 Greiðsla fæðingardagpeninga vegna andvanafæðingar eða fósturláts.

28. gr.

Ekki skal greiða fæðingardagpeninga lengur en í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Staðfesta skal lengd meðgöngu með læknisvottorði.

29. gr.

Ekki skal greiða fæðingardagpeninga lengur en í tvo mánuði vegna fósturláts eftir 20 vikna meðgöngu. Staðfesta skal lengd meðgöngu með læknisvottorði.

3.5 Greiðsla fæðingardagpeninga vegna fjölburafæðinga.

30. gr.

Greiðsla fæðingardagpeninga framlengist um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.

3.6 Greiðsla fæðingardagpeninga vegna ættleiðingar, fósturs eða varanlegrar dvalar á stofnun.

31. gr.

Vegna töku barns yngra en fimm ára skal greiða kjörforeldri, uppeldisforeldri eða fósturforeldri fæðingardagpeninga í þrjá mánuði (fjóra mánuði frá 1. janúar 1989 og fimm mánuði frá 1. janúar 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé um leyfi til ættleiðingar að ræða skal ættleiðingarleyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis fylgja umsókn um fæðingardagpeninga. Upphaf greiðslu fæðingardagpeninga skal miðast við útgáfumánuð ættleiðingarleyfis.

Sé um uppeldis- eða fósturráðstöfun að ræða skulu viðkomandi barnaverndaryfirvöld tilkynna Tryggingastofnun ríkisins án tafar um ráðstöfunina. Skal greiðsla fæðingardagpeninga hefjast í þeim mánuði sem tilkynning berst.

32. gr.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. nóvember — 30. nóvember 1987 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í einn mánuð á árinu 1988. Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. desember — 31. desember 1987 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í tvo mánuði á árinu 1988.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöfun á tímabilinu 1. október — 31. desember 1988 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í fjóra mánuði á árunum 1988 — 1989.

Vegna ættleiðingarleyfa og tilkynninga um uppeldis- eða fósturráðstöðun á tímabilinu 1. september — 31. desember 1989 skal greiða fæðingardagpeninga samkv. reglugerð þessari í fimm mánuði á árunum 1989 — 1990.

33. gr.

Séu fleirburar innan fimm ára aldurs settir í fóstur eða ættleiddir greiðast fæðingardagpeningar einum mánuði lengur fyrir hvert barn umfram eitt.

Sama skal gilda ef fleiri börn en eitt, skyld eða óskyld, sem öll eru undir fimm ára aldri eru sett í fóstur um leið á sama stað eða ættleidd um leið af sömu kjörforeldrum.

34. gr.

Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun.

Þó skal aldrei greiða fæðingardagpeninga til móður í skemmri tíma en tvo mánuði eftir fæðingu í tilvikum þeim sem hér um ræðir.

3.7 Lenging fæðingardagpeningagreiðslna vegna heilsufars móður eða heilsufars barns.

35. gr.

Framlengja skal greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni þann mánuð.

Þörf fyrir aukna umönnun barns skal rökstudd með læknisvottorði sem staðfest er af tryggingaráði.

36. gr.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í tvo mánuði, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi.

Umsókn um lengingu fæðingardagpeninga samkvæmt þessari grein skal fylgja læknisvottorð og/eða vottorð vinnuveitenda um að ekki verði við komið breytingum á starfsháttum konunnar eða tilfærslum í starfi.

Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

3.8 Ýmis ákvæði um fæðingardagpeninga.

37. gr.

Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga. Sama gildir um fæðingardagpeninga og atvinnuleysisbætur.

38. gr.

Rísi ágreiningur um greiðslur fæðingardagpeninga samkvæmt kafla þessum getur lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins eða bótaþegi óskað úrskurðar tryggingaráðs.

Tryggingaráð skal úrskurða um slíkan ágreining innan mánaðar frá því að kæran barst.

4.0 Ýmis ákvæði.

39. gr.

Fæðingarorlof greiðist af lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins hjá umboðsmönnum hennar gegn framvísun vottorðs læknis, fæðingarstofnunar eða heilsugæslustöðvar.

Hafi umsækjandi unnið launuð störf, skal hann leggja fram vottorð launagreiðanda, sem staðfestir vinnustundafjölda og launagreiðslur síðastliðna 12 mánuði fyrir töku

fæðingarorlofs. Sé um fleiri en einn launagreiðanda að ræða, skal lagt fram vottorð frá sérhverjum þeirra.

Með umsókn föður um greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi skal fylgja yfirlýsing vinnuveitanda þess efnis, að faðir muni leggja niður launuð störf þann tíma, sem fæðingardagpeningar verða greiddir.

Um sérákvæði varðandi framlögð gögn til sönnunar á vinnuframlagi vísast til 21. gr. reglugerðar þessarar.

40. gr.

Barnshafandi kona skal tilkynna vinnuveitanda með a.m.k. 21 dags fyrirvara hvenær hún hyggst hefja fæðingarorlof sitt.

Faðir, sem hyggst taka fæðingarorlof á móti móður eða um leið og hún, skal tilkynna það vinnuveitanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Sé fyrir hendi réttur til lengingar fæðingarorlofs vegna fjölburafæðingar, veikinda barns eða veikinda móður skulu foreldrar og tilkynna vinnuveitanda sínum um lengingu orlofsins eins fljótt og auðið er.

41. gr.

Vilji kona hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi hennar, skal hún tilkynna það vinnuveitanda með 21 dags fyrirvara. Jafnframt skal hún tilkynna það til Tryggingastofnunar ríkisins. Fæðingardagpeningar falla niður fyrir þann tíma sem hún nýtir ekki.

42. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 59 31. mars 1987 um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971 með síðari breytingum sbr. og lög nr. 57 31. mars 1987 um fæðingarorlof og öðlast gildi 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

11. desember 1987 Nr. 547

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53, 12. febrúar 1987, um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið 31. desember 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. desember 1987.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Stöðvarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Stöðvarhrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varða íbúa hreppsins sérstaklega, enda séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Stöðvarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi eins oft og þurfa þykir að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skylt er að halda fund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar eða sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar eða sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti eða sveitarstjóri ákveða að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti eða sveitarstjóri telja nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skulu með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skulu boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til allt að fjögurra ára. Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Þeir skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef ⅔ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra sem boða þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefnda, ráða eða stjórna, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta honum, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en eina klukkustund, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar, oddvita eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Hreppsnefnd kýs formenn nefnda eftir því sem lög kveða á um.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirfarandi nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:**

1. **Skoðunarmenn hreppsreikninga.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. **Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.** Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. **Áfengisvarnarnefnd.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. **Barnaverndarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. **Byggingarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verði stofnuð svæðisbyggingarnefnd kýs hreppsnefnd einn aðalmann og einn varamann í hana eða á annan hátt eftir samkomulagi aðildarhreppa.
4. **Hafnarstjórn.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. **Heilbrigðismálaráð.** Einn aðalmaður og annar til vara úr hópi stjórnar heilsugæslustöðva skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 í samráði við aðildarhreppa Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs.
6. **Heilbrigðisnefnd.** Einn fulltrúi og annar til vara í nefndina í Fáskrúðsfjarðarlæknishéraði skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. **Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. **Skólanefnd grunnskóla.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
9. **Skólanefnd tónlistarskóla.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
10. **Stjórn heilsugæslustöðvar Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs.** Einn aðalmaður og einn til vara í samráði við aðildarhreppa skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
11. **Stjórn verkamannabústaða.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
12. Tveir **forðagæslumenn** og jafnmargir til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
13. Einn **úttektarmaður** og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum, eða samkvæmt ákvæðum um verksvið, sem út skulu gefin í skipunarbréfi til þeirra. Umboð til starfa fellur niður í lok hvers kjörtímabils sveitarstjórna og fyrr ef verkefni er lokið.

Við ákvörðun um skipan starfsnefnda skal skýrt afmarkað nafn þeirra, verksvið og fjöldi nefndarmanna. Þær nefndir, sem hefð er fyrir að kjósa í Stöðvarhreppi, eða gert er ráð fyrir að kjósa, eru:

1. **Dagvistunarnefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er tengiliður við starfsfólk og foreldrafélag Dagvistar á Stöðvarfirði. Auk þess ráðgefandi við uppbyggingu dagvistunarþjónustu í byggðarlaginu.
2. **Bókasafnsnefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar í samráði við bókavörð og annast m.a. bókakaup í samvinnu við hann.
3. **Atvinnumálanefnd:** Fimm fulltrúar. Nefndin skal fylgjast með atvinnulífi byggðarlagsins og gera úttekt á stöðu þess ár hvert. Hún leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku.
4. **Sögunefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal annast söfnun gagna og frumvinnslu á öllu, sem á einn eða annan hátt getur tengst sögu byggðarlagsins og stuðla að ritun og útgáfu hennar.
5. **Riðunefnd:** Þrír fulltrúar. Nefndin skal hafa forgöngu um fræðslu um riðuveiki í sauðfé og viðbrögð gegn henni. Er ráðgefandi varðandi niðurskurð v/riðu og skal fylgjast með því að reglur, sem stuðla að því að hefta útbreiðslu sjúkdómsins, séu haldnar.
6. **Fjárhags- og allsherjarnefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana í samvinnu við sveitarstjóra og fjallar um þau mál önnur, sem sveitarstjórn kann að vísa til hennar.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Reykhólahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Reykhólahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Sveitarstjóri boðar hreppsnefnd til funda í samráði við oddvita, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar og sveitarstjóri semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti eða sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti eða sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef ⅔ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá

varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð annarrar nefndar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar, oddvita eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði gerð við það.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d' Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 19. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun eða

ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsins.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. **Skoðunarmenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. **Undirkjörstjórnir við alþingiskosningar.** Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. **Áfengisvarnarnefnd.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. **Barnaverndarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. **Byggingarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. **Hafnarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. **Heilbrigðisnefnd.** Þrír fulltrúar skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. **Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
   Undirkjörstjórnir. Þrír aðalmenn og jafnmagir til vara.
   Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar kjördeildum.
7. **Skólanefnd grunnskóla.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
8. **Stjórnarnefnd vinnumiðlunar og atvinnumálanefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
9. Þrír **forðagæslumenn** og jafnmargir til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
10. Einn **úttektarmaður** og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
11. **Bókasafnsnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmagir til vara. Nefndin skal annast stjórn og rekstur bókasafna í sveitarfélaginu.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI A.
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

um stjórn Selfoss og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Selfoss skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Selfoss eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, annan miðvikudag hvers mánaðar.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 næsta mánudag fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg og bæjarfulltrúar hafa ekki áður fengið.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Þeir skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 19. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega í síðasta lagi fyrir hádegi næsta mánudag fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann eða nefndarmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði og nefndum með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeiganda stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað, en á fyrsta fundi skipta nefndir með sér verkum að öðru leyti.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins í samráði við bæjarstjóra. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og síðan bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. **Bæjarráð.** Þrír aðalfulltrúar úr bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. **Skoðunarmenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. **Kjörstjórn við alþingiskosningar,** skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
   Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. **Almannavarnanefnd Selfoss og nágrennis.** Tveir menn skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. **Áfengisvarnarnefnd.** Sex aðalmenn og jafnmagir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. **Bygginga- og skipulagsnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og viðauka A í skipulagsreglugerð nr. 318/1983.
4. **Félagsmálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 18/1985 um vinnumiðlun 9. gr. og nr. 53/1966. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmála.
5. **Heilbrigðisnefnd.** Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara, skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. **Húsaleigunefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
7. **Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.** Skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Yfirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í bænum.
8. **Umhverfis- og gróðurverndarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971 og 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.

9. **Skólanefnd grunnskóla.** Fimm aðalmemm og jafnmargir til vara skv. 17. — 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
10. **Fulltrúar í skólanefnd fjölbrautarskóla.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. gr. 1.3 í samningi eignaraðila Fjölbrautarskóla Suðurlands frá 17. jan. 1983, staðfestum í bæjarstjórn þ. 9. febr. 1983.
11. **Stjórn bæjar- og héraðsbókasafns.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
12. **Rekstrartjórn Sjúkrahúss Suðurlands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21.gr. og 30. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
13. **Stjórn veitustofnana.** Fimm aðalmenn og jafnmagir til vara skv. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Selfoss nr. 336 frá 12.8. 1985.
14. **Stjórn verkamannabústaða.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
15. **Umferðarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
16. **Einn forðagæslumaður** og annar til vara, sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
17. **Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
18. **Atvinnumálanefnd og stjórn atvinnuþróunarsjóðs Selfoss.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð samþykktri af bæjarstjórn þ. 10. des. 1986.
19. **Ferðamálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmagir til vara skv. reglugerð samþykktri af bæjarstjórn þ. 2. apríl 1986.
20. **Framtalsnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 73/1980.
21. **Fulltrúanefnd Afréttamálafélags Flóa og Skeiða.** Einn fulltrúi og annar til vara skv. samþykkt Afréttafélags Flóa og Skeiða og fjallskilareglugerð nr. 380/1975.
22. **Íþrótta- og tómstundaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmagir til vara skv. reglugerð samþykktri af bæjarstjórn þ. 28. jan. 1987.
23. **Stjórn Brunavarna Árnessýslu.** Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 18. jan. 1984.
24. **Stjórn Byggða- og listasafns.** Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. 9. gr. samnings Selfosskaupstaðar og Árnessýslu, samþykktum í bæjarstjórn þ. 14. des. 1983.
25. **Stjórn byggingarsjóðs aldraðra.** Fjórir aðalmenn og jafnmagir til vara skv. reglugerð frá 13. nóv. 1980 staðfestri af bæjarstjórn þ. 10. des. 1980.
26. **Fulltrúi í stjórn Iðnþróunarsjóðs Suðurlands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykkt stofnfundar Iðnþróunarsjóðs Suðurlands frá 30. sept. 1980 og staðfestingu bæjarstjórnar frá 12. nóv. 1980.
27. **Stjórn íbúðalánasjóðs.** Þrír aðalmenn og jafnmagir til vara skv. regugerð staðfestri af bæjarstjórn 18. jan. 1984.
28. **Húsnefnd.** Einn fulltrúi skv. reglugerð samþykktri af bæjarstjórn þ. 28. jan. 1987.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn bæjarmálefna Selfoss nr. 557/1982.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

um stjórn Dalvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Dalvíkurkaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Dalvíkurkaupstaðar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar og ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins, sbr. VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja úr sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli sem hann vítir. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjubundnum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeiganda stjórna og leggur þau fyrir

bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs og stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. **Bæjarráð:** Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. **Skoðunarmenn:** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. **Kjörstjórn við alþingiskosningar:** Skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. **Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla:** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði.
5. **Kjaranefnd:** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjaranefnd skal m.a. jafna eftir föngum ágreining sem kann að rísa milli samningsaðila á samningstíma og gera tillögur um laun og starfskjör aðila á samningstíma.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. **Almannavarnanefnd:** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985 og skv. samkomulagi frá júlí 1986 og staðfestingu ráðuneytis frá 18. júlí 1987.
2. **Atvinnumálanefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum. Nefndin fer einnig með málefni nefndar um vinnumiðlun skv. lögum nr. 18/1985.
3. **Búfjárnefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Búfjárnefnd fer með málefni fjallskilanefndar og riðunefndar skv. fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu frá 11. okt. 1973 og reglugerð um búfjárhald í Dalvíkurkaupstað frá 5. ágúst 1981 og reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki.
4. **Byggðasafnsnefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin sér um stjórnun og uppbyggingu byggða- og náttúrugripasafns.
5. **Bygginganefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og reglugerð nr. 292/1979 og fer einnig með málefni ferlinefndar fatlaðra.
6. **Félagsheimilisnefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 9. sept. 1986.
7. **Félagsmálaráð:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd, áfengisvarnarnefnd, barnaverndarnefnd og húsaleigunefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 82/1969, nr. 53/1966 og nr. 44/1979. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmála.
8. **Fjórðungsþing Norðlendinga:** Þrír bæjafulltrúar og jafnmargir til vara skv. samþykktum Fjórðungssambands Norðlendinga.
9. **Forðagæslumann:** Einn fulltrúi til að annast forðagæslu og annar til vara sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
10. **Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.

11. **Hafnarstjórn:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
12. **Heilbrigðismálaráð:** Einn fulltrúi og annar til vara skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
13. **Heilbrigðisnefnd:** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
14. **Íþrótta- og æskulýðsráð:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 14. júlí 1987.
15. **Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
16. **Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:** Einn aðalmaður og annar til vara.
17. **Náttúruverndarnefnd:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast störf þau sem náttúruverndarnefnd og gróðurverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 47/1971 og 17/1965.
18. **Skipulagsnefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. skipulagslögum nr. 19/1964 og reglugerð nr. 318/1985. Skipulagsnefnd er ráðgefandi um skipulagsmál bæjarins og fer einnig með málefni gatnanafnanefndar og umferðarnefndar sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
19. **Skólanefnd grunnskóla:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. — 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og samningi milli sveitarfélaga.
20. **Skólanefnd tónlistarskóla:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samningi milli sveitarfélaga.
21. **Stjórn bókasafns og stjórn HSD:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
22. **Stjórn Dalbæjar:** Kosið samkvæmt samþykkt Svarfaðardalshrepps og Dalvíkurkaupstaðar um stjórn Dalbæjar. Stjórnin starfar skv. reglugerð samþykktri af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps 25/10 1982 og bæjarstjórnar Dalvíkur 30/9 1982.
23. **Stjórn heilsugæslustöðvar:** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu og skv. samningi sveitarfélaga læknishéraðsins frá 5/12 1978.
24. **Stjórn sjúkrasamlags:** Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.
25. **Stjórn verkamannabústaða:** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
26. **Veitunefnd:** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni vatns- og hitaveitu.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.
Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu en þá samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur um þau málefni.

Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarsjóðs og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

Forstöðumaður tæknideildar hefur hins vegar með höndum umsjón með öllum verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins og bæjarfyrirtækja undir yfirstjórn bæjarstjóra.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkur hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld Samþykkt um stjórn Dalvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1974.

Félagsmálaráðuneytið, 9. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

SAMÞYKKT

um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Húsavíkurkaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan hvern þriðjudag, ef mál eru fyrir hendi.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum því skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Úrskurði forseta má skjóta til ákvörðunar bæjarstjórnar.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt þegar hann flytur mál sitt nema forseti leyfi annað.

27. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, meginefni þeirra og dagsetningu, aðila máls og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. — Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum fimmtudegi. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

50. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af þessum fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

52. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeiganda stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

54. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Skrá skal í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. **Forseta** bæjarstjórnar.
2. **1. varaforseta** bæjarstjórnar.
3. **2. varaforseta** bæjarstjórnar.
4. **Tvo skrifarar** bæjarstjórnar og tveir til vara, úr hópi bæjarfulltrúa.

5. **Bæjarráð.** Þrír aðalfulltrúar úr bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. **Skoðunarmenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. **Þjóðhátíðarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Heimilt er að fela félagasamtökum framkvæmd hátíðahaldanna.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. **Almannavarnanefnd.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. **Atvinnumálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.
3. **Áfengisvarnarnefnd.** Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
4. **Byggingar- og skipulagsnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
5. **Félagsmálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947 og nr. 53/1966. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista, heimilishjálpar og öldrunarmála.
6. **Hafnarstjórn.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
7. **Heilbrigðismálaráð.** Einn fulltrúi og annar til vara skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
8. **Heilbrigðisnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
9. **Jafnréttisnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að jafnréttismálum, sbr. lög nr. 78/1985.
10. **Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Kjörstjórnin sjái einnig um Alþingiskosningar, skv. 10. gr. laga nr. 52/1959. Undirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í kaupstaðnum. Heimilt er að kjósa þær síðar.
11. **Skólanefnd grunnskóla.** Fimm aðalmemm og jafnmargir til vara skv. 17. — 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Nefndin annast einnig málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
12. **Skólanefnd framhaldsskóla.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annist málefni framhaldsskólans á Húsavík, sbr. lög nr. 40/1980.
13. **Sögunefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Sögunefnd skal hafa umsjón og eftirlit með ritun Sögu Húsavíkur.
14. **Umhverfismálaráð.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálaráð fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971 og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur gerir ráðið tillögur til bæjarstjórnar um fegrun bæjarins.
15. **Umferðarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði við byggingar- og skipulagsnefnd og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.
16. **Veitunefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu.

17. **Æskulýðs- og íþróttanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum bæjarins. Nefndin starfar sem rekstraraðili íþróttamannvirkja. Nefndin annast um vinabæjaskipti á vegum bæjarins.
18. **Fjórðungssamband Norðlendinga.** Þrír aðalmenn á þing Fjórðungssambandsins og jafnmargir til vara.
19. **Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
20. **Trúnaðarráð Dvalarheimilis aldraðra á Húsavík.** Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum fyrir Dvalarheimilið. Önnur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum kjósa þrjá fulltrúa í trúnaðarráðið.
21. **Fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum fyrir Félagsheimilið.
22. **Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, kjörnir skv. samþykktum Sambandsins.
23. **Launanefnd sveitarfélaga.** Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin fer með gerð kjarasamninga fyrir sveitarfélögin.
24. **Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1983. Bæjarstjóri er annar fulltrúi bæjarins í stjórn Lífeyrissjóðsins og er forseti bæjarstjórnar varamaður hans.
25. **Safnahússnefnd.** Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni þeirra safna sem heyra undir Safnahúsið á Húsavík að undanskildu bókasafni.
26. **Stjórn bókasafns.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
27. **Stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.** Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
28. **Stjórn sjúkrasamlags Húsavíkur.** Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.
29. **Stjórn verkamannabústaða.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Bæjarráð fer með verkefni þeirra nefnda, sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni, skv. heimild í 56. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hér má t.d. nefna stjórnarnefnd Vinnumiðlunar, sbr. lög nr. 18/1985 og húsaleigunefnd sbr. lög nr. 44/1979.

62. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni hennar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

63. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

66. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

69. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef meirihluti mættra bæjarstjórnarmanna samþykkir það.

70. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hér eiga hlut að máli. Jafnframt er úr gildi felld Samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar nr. 231/1978.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um öruggan flutning hættulegra efna með loftförum.

Efnisyfirlit:

1. Orðaskýringar
2. Gildissvið
3. Flokkun
4. Takmarkanir á loftflutningum með hættuleg efni
5. Pökkun
6. Merkingar
7. Ábyrgð sendinga
8. Ábyrgð flugrekenda
9. Ákvæði um upplýsingar
10. Fræðsla
11. Önnur ákvæði
12. Tilkynningar um slys og óhöpp við flutning hættulegra efna í flugi

1.0 Orðskýringar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari, hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Alsprenging (Mass explosion): Sprenging sem tekur til alls sprengiefnafarmsins í einni svipan.

Alvarleg meiðsl (Serious injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og

a) hafa í för með sér meira en 48 klst. sjúkrahússvist er hefst innan 7 daga frá þeim degi er meiðslin áttu sér stað, eða
b) eru fólgin í beinbroti (þó eru undanþegin lokuð brot á fingrum, tám eða nefi), eða
c) eru fólgin í skurðsári sem hefur í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum, eða
d) eru fólgin í áverka á innra líffæri, eða
e) eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna eða einhvers bruna er nær til meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
f) eru fólgin í því að maður hafi orðið fyrir smiti eða skaðlegri geislun.

Eldnæmur vökvi (Pyrophoric liquid): Vökvi sem fyrirvaralaust getur kviknað í ef hann kemst í snertingu við loft sem er 55 °C heitt eða kaldara.

Eldvirkt efnasamband (Pyrotechnic substance): Efnablanda eða efnasamband sem ætlað er að hafi áhrif með hita, ljósi, hljóði, gasi eða reyk eða samblandi alls þessa fyrir tilverknað útverminna efnahvarfa án sprenginga eða utan að komandi áhrifa.

Farþegaloftfar (Passenger aircraft): Loftfar sem flytur fólk annað en flugverja, starfsmenn flugrekanda, fulltrúa ríkisstofnunar eða umsjónarmenn flutnings.

Flugliði (Flight crew member): Áhafnarliði, sem er handhafi skírteinis sem út hefur verið gefið eða fullgilt af flugmálastjórn og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfsemi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda flugrekstur.

Flugstjóri (Pilot in command): Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Flugverji (Crew member): Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur.

Hlífðarumbúðir (Overpack): Umbúðir sem einstakur sendandi notar utan um einn eða fleiri pakka, til þess að mynda einingu til hagræðingar í flutningi og geymslu.

Óhapp í tengslum við hættuleg efni (Dangerous goods incident): Atvik, annað en slys í tengslum við hættuleg efni, tengt loftflutningi hættulegra efna, sem gerist ekki endilega um borð í loftfari og hefur í för með sér meiðsl á manni, eignatjón, eldsvoða, brot, leka á menguðum vökva eða geislavirkni eða önnur ummerki er benda til þess að umbúðir hafi bilað. Sérhvert atvik tengt flutningi hættulegra efna sem stofnar loftfari eða áhöfn þess í hættu.

Ósamþýðanlegt efni (Incompatible): Notað um hættuleg efni sem hætt er við að valdi útstreymi hita eða gass, eða myndi tærandi efni ef þeim er blandað saman.

Pakki (Package): Frágengin sending, umbúðir og innihald, tilbúinn til flutnings.

Pökkun (Packing): Sú athöfn að koma hlutum eða efnum fyrir í tryggum og hæfum umbúðum.

Rétt sendingarheiti (Proper shipping name): Heiti sem notað er um tiltekinn hlut eða efni þar sem við á í öllum fylgiskjölum og merkingum á sendingunni.

Ríki flugrekanda (State of operator): Ríki þar sem flugrekandinn hefur aðalaðsetur flugrekstrar síns, eða ef slíkur staður er ekki til, þá fast heimilisfang.

Ríki sendanda (State of origin): Ríki þar sem vörusendingu var fyrst komið í loftfar.

Slys í tengslum við hættuleg efni (Dangerous goods accident): Atvik tengt loftflutningi hættulegra efna, sem hefur í för með sér banvæn eða alvarleg meiðsl á manni eða meiri háttar eignatjón.

Sprengiefnasamband (Explosive substance): Fljótandi eða fast efni eða efnablanda, sem getur með efnahvarfi, án utanaðkomandi áhrifa, myndað gas við þann hita og þrýsting og á þeim hraða sem valdið getur skaða á umhverfinu. Hér með eru talin eldvirk efni, jafnvel þó þau gefi ekki frá sér gastegundir. Efni sem í sjálfu sér er ekki sprengiefni en getur myndað sprengifimt loft úr gasi, gufu eða ryki, er ekki með talið.

Sprengihlutur (Explosive article): Hlutur, sem í er eitt eða fleiri sprengiefni.

Umbúðir (Packaging): Ílát, annað efni og hlutir, sem nauðsynleg eru til þess að unnt sé að búa um hættulegt efni eða efnasamband, í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

UN-númer (UN-number): Fjögurra stafa einkennistala sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum efnum hefur gefið hættulegu efni eða efnasambandi.

Undantekning (Exception): Ákvæði í reglugerð þessari, sem undanþiggur tiltekið hættulegt efni frá kröfum sem annars eiga við.

Undanþága (Exemption): Heimild gefin út af viðeigandi stjórnvaldi til þess að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar.

Vöruloftfar (Cargo aircraft): Sérhvert loftfar, annað en farþegaloftfar, sem notað er til að flytja vörur og verðmæti.

Vörusending (Consignment): Einn eða fleiri pakkar sem í eru hættuleg efni og sem flugrekandi tekur við af einum flytjanda og sett eru á eitt farmbréf, stílað til eins viðtakanda á einum ákvörðunarstað.

2.0 Gildissvið.

2.1. Reglugerð þessi skal gilda við flutning með loftförum skrásettum á Íslandi og erlendum loftförum sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir. Þær gilda einnig um erlend loftför sem hafa viðkomu á Íslandi eða fljúga yfir íslenskt yfirráðasvæði. Hluti reglugerðarinnar er Handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO–TI), „Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air", ICAO Doc. 9284–AN/905.

Hlutaðeigandi ríki geta veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar brýna nauðsyn ber til, þegar annars konar flutningar eiga ekki við, eða þegar ekki er af öðrum sökum unnt að fara eftir reglugerðinni vegna almannaheilla, ef þess er gætt að í slíkum tilvikum sé allt gert til þess að gætt sé sama öryggis og reglugerðin gerir ráð fyrir.

Ath. 1: Með hlutaðeigandi ríkjum er átt við:

a) ríki þar sem flutningurinn hefst,
b) ríki sem flogið er um og lent í,
c) ríki sem flogið er yfir,
d) ríki sem er áfangastaður vörunnar,
e) ríki þar sem flugrekandinn hefur aðsetur.

Ath. 2: Til þess að unnt sé að fara eftir reglunum verður „ICAO–TI" að vera tiltæk. Handbók þessi er endurútgefin reglulega og fæst hún hjá flugmálastjórn.

2.2. Reglurnar gilda ekki um þær vörur sem flokkaðar eru sem hættuleg efni, ef þær eru nauðsynlegar fyrir lofthæfi loftfars eða fyrir áhöfn og öryggi farþega. Slíka hluti má hafa meðferðis til vara, en rafgeyma, loftflöskur og neyðarblys ber að hafa í sterkum umbúðum. Ekki er leyfilegt að hafa meira en einn neyðarbúnað (aircraft survival kit), gúmbát eða neyðarfleka í hverju einstöku lestarrými sem ekki er hægt að komast í á meðan á flugi stendur.

3.0 Flokkun.

3.1. **Flokkaskipting hættulegra efna.**

3.1.1. Hættulegum efnum skal skipta í eftirfarandi 9 flokka og undirflokka eftir því sem við á:

Flokkur 1: Sprengiefni
1.1. Hlutir og efnasambönd sem geta valdið alsprengingu.
1.2. Hlutir og efnasambönd sem fela í sér hættu á þeytikrafti en ekki alsprengihættu.
1.3. Hlutir og efnasambönd sem eldhætta, minniháttar sprengi- og/eða þeytikraftur stafar af en ekki alsprengihætta.
1.4. Hlutir og efnasambönd sem engin meiriháttar hætta stafar af.
1.5. Mjög ónæm efnasambönd sem geta valdið alsprengihættu.

Flokkur 2: Gastegundir:
Samanþjappaðar, vökvakenndar, uppleystar undir þrýstingi eða djúpfrystar.

Flokkur 3: Eldfimir vökvar.

Flokkur 4: Eldfim föst efni:
Efnasambönd sem hætt er við sjálfsíkveikju, efnasambönd sem gefa frá sér eldfimar gastegundir ef þau komast í snertingu við vatn:
4.1. Eldfim föst efni.
4.2. Efnasambönd sem hætt er við sjálfsíkveikju.
4.3. Efnasambönd sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir þegar þær komast í snertingu við vatn.

Flokkur 5: Lífræn efnasambönd sem tengjast súrefni.
5.1. Efnasambönd sem tengjast súrefni önnur en lífræn peroxíð.
5.2. Lífræn peroxíð.

Flokkur 6: Eitruð efni og smitandi efni.
6.1. Eitruð efni.
6.2. Efni sem geta valdið smitun.

Flokkur 7: Geislavirk efni.

Flokkur 8: Tærandi efni.

Flokkur 9: Ýmis konar hættulegur varningur.

Ath. 1: Nákvæmar skilgreiningar sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna mælir með á hinum margvíslegu flokkum hættulegra efna sem taldir eru hér á undan, er að finna í „ICAO Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air" (ICAO-TI).
Ath. 2: Hættustig efnanna verður ekki ráðið af röð þeirra í flokka.

3.2. **Flokkun.**
3.2.1. Vörur og efnasambönd ber að flokka samkvæmt reglum í „ICAO-TI"eins og skýrt er frá hér að framan.
3.2.2. Vörur og efnasambönd, sem ekki er kveðið á um í „ICAO-TI" og setja má í fleiri en einn flokk, ber að flokka með hliðsjón af þeirri hættu sem talin er mest við flutninginn. Við annarri hættu skal bregðast með því að fara eftir þeim reglum sem er að finna í „ICAO-TI"
3.3. **Hættuleg efni sem ekki eru skilgreind á annan hátt.**
3.3.1. Í „ICAO-TI" er að finna lýsingu á vörum og efni sem flytja má flugleiðis, þó að þau séu ekki sérstaklega nefnd réttu heiti. Þessi efni og þessar vörur eru nefnd óskilgreind „n.o.s. — not otherwise specified —" í „ICAO-TI"

4.0 Takmarkanir á loftflutningum með hættuleg efni.
4.1. **Hættuleg efni sem leyfilegt er að flytja flugleiðis.**
4.1.1. Því aðeins er leyfilegt að flytja hættuleg efni flugleiðis, að farið sé eftir því sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrirmælum og leiðbeiningum er finnast í „ICAO-TI".

4.2. **Hættuleg efni sem ekki má flytja flugleiðis, nema veitt sé undanþága.**
Eftirfarandi hættuleg efni má ekki flytja flugleiðis nema veitt sé undanþága af hlutaðeigandi ríkjum, sbr. gr. 2.1.:
a) Vörur og efnasambönd, þar með talin þau sem eru á skrá yfir hættuleg efni í „ICAO-TI“ sem bönnuð efni, nema þess sé getið að þau megi flytja samkvæmt heimild ríkis sendanda.
b) Geislavirk efni sem jafnframt eru sprengiefni.
c) Sýkt lifandi dýr.

4.3. **Hættuleg efni sem skilyrðislaust er bannað að flytja flugleiðis.**
Þau hættuleg efni sem talin eru hér á eftir skulu alls ekki flutt flugleiðis:
a) vörur og efnasambönd sem samkvæmt „ICAO-TI“ er algjörlega bannað að flytja flugleiðis,
b) sprengiefni sem eru eldfim og hætt er við að sundrist ef þau eru í 75 gráðu hita í 48 klst,
c) sprengiefni sem í eru bæði klóröt og ammoníumsölt,
d) sprengiefni sem í er blanda af klórati og fosfór,
e) föst sprengiefni sem samkvæmt flokkun eru talin sérstaklega viðkvæm fyrir hnjaski,
f) fljótandi sprengiefni sem samkvæmt flokkun eru talin í meðallagi viðkvæm fyrir hnjaski,
g) öll efnasambönd sem geta gefið frá sér hættulegan hita eða hættulegar gastegundir við það ástand sem er talið eðlilegt við loftflutninga,
h) geislavirk efni sem verða eldnæm í lofti, og
i) eldfim föst efni og lífræn peroxíð sem rannsóknir hafa sýnt að hafa þann eiginleika að springa og þannig er um búið að samkvæmt kröfum í reglugerð þyrfti að merkja nánar með aukamiða um sprengihættu.

5.0 Pökkun.

Almennt.

5.1.1. Við loftflutninga allra hættulegra efna skal fara eftir þeim almennu reglum um pökkun sem tilgreindar eru í þessum kafla. Þetta á þó ekki við um vörur og efni í flokki 7. Til viðbótar þessum almennu reglum eru kröfurnar sem tilgreindar eru í „ICAO-TI“.

5.1.2. Ákvæði um flokk 7 skulu gilda eins og þau eru í „ICAO-TI .

5.1.3. Hættulegum efnum ber að pakka í umbúðir í háum gæðaflokki og skulu þær vera þannig gerðar að þær leki ekki við venjulegar flugaðstæður vegna breytinga á hita, raka eða þrýstingi eða við titring. Hvers kyns töppum og öðrum þrýstilokum skal haldið föstum með öruggum aðferðum.

5.2. **Umbúðir.**

5.2.1. Umbúðir skulu vera prófaðar samkvæmt reglum „ICAO-TI .

5.2.2. Ílát sem eru í beinni snertingu við hættuleg efni, eiga að standast efnafræðilegar verkanir og aðrar verkanir frá vörunni. Í efni ílátanna má ekki vera neitt sem getur myndað hættulegt efnahvarf við innihaldið, myndað hættuleg efni eða veikt ílátin. Ekki má nota plastefni sem getur við eðlilega loftflutninga eða vegna efnafræðilegra breytinga á innihaldinu eða vegna notkunar kæliefnis mýkst, orðið stökkt eða lekt.

5.2.3. Engin ílát má endurnota fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að þau hafi ekki orðið fyrir neinni tæringu eða öðrum skaða. Þegar ílát er notað aftur, ber að sjá um að efnið sem í það er sett, eiturmengist ekki.

5.2.4. Ef hætta getur stafað af óhreinsuðum tómum ílátum vegna eiginleika þeirra efna sem áður hafa verið í þeim, skal loka þeim og meðhöndla þau í samræmi við þá hættu sem af þeim stafar.

5.2.5. Ekki má setja hættulegt efni í sömu ytri umbúðir og annað hættulegt efni, eða annað efni sem hætta stafar af þegar þau eru saman.

5.2.6. Aðalumbúðir, þar með taldar samsettar umbúðir, sem sérstaklega er ætlað að halda vökva, skulu þola þann þrýsting sem tilgreindur er í „ICAO-TI“ án leka.

5.2.7. Búa skal um innri umbúðir á tryggilegan hátt, setja við þær höggdeyfa eða púða til að hindra leka og hnjask ef þær hreyfast í ytri umbúðum við eðlilegar aðstæður í loftflutningum. Efni sem deyfa högg eða eru gleypin, mega ekki valda hættu ef þau snerta innihaldið.

5.3. **Stærð umbúða.**
Umbúðirnar þurfa að vera a. m. k. svo stórar að unnt sé að merkja þær í samræmi við ákvæði „ICAO-TI“.

6.0 Merkimiðar og merkingar.

6.1. **Merking hættuflokka.**
Allar umbúðir utan um hættuleg efni skulu vera merktar með viðeigandi merkimiðum í samræmi við ákvæði í „ICAO-TI“, nema þar sé öðruvísi kveðið á um.

6.2. **Merkingar um meðferð.**
Merkja skal hvern pakka af hættulegum efnum með merkimiða sem tilgreinir hvernig hann skuli meðhöndlaður eins og sýnt er í „ICAO-TI“, nema þar sé öðruvísi ákveðið.

6.3. **Merking sérhæfðra umbúða.**
Umbúðir um hættuleg efni í loftflutningum sem fullnægja kröfum „ICAO-TI“ um sérhæfingu slíkra umbúða, skulu ef ekki er öðruvísi kveðið á um í „ICAO-TI“ bera merkingar framleiðanda er veita upplýsingar í samræmi við ákvæði „ICAO-TI“ nema þær fullnægi þeim.

6.4. **Merkingar umbúða með réttu sendingarheiti.**
Skylt er að merkja allar umbúðir um hættulegar vörur, þannig að fram komi rétt sendingarheiti vörunnar, viðeigandi UN-númer, ef um það er að ræða, ásamt öllum öðrum merkjum sem ákvæði eru um í „ICAO-TI“ ef ekki er þar kveðið á um annað.

6.5. **Óleyfilegar merkingar.**
Óleyfilegt er að merkja pakka sem í eru fljótandi hættuleg efni með örvum, nema til þess að sýna hvernig hann á að snúa. Nota má merkimiða fyrir pakka sem fullnægja kröfum ISO-staðals R 780-1978 ásamt „ICAO-TI“ merkjum, að því tilskildu að bæði merkin gefi sömu lýsingu á því sem í pakkanum er.

6.6. **Tungumál á merkingum.**
Við merkingu hættulegrar vöru skal auk íslensku nota ensku við slíkar merkingar.

7.0 Ábyrgð semdanda.

7.1. **Almennt.**
Áður en nokkur afhendir pakka sem í eru hættuleg efni til loftflutnings, ber honum að ganga úr skugga um að ekki sé bannað að flytja vöruna flugleiðis, að hún sé rétt

flokkuð, pökkuð og merkt og að henni fylgi fullnægjandi flutningsskjöl eins og kveðið er á um í þessari reglugerð og að það sé gert í samræmi við ákvæði „ICAO-TI".

7.2. **Flutningsskjöl fyrir hættuleg efni.**

7.2.1. Þeim sem afhendir pakka til loftflutninga sem inniheldur hættuleg efni, ber að fylla út og undirrita flutningsskjöl í tvíriti þar sem fram koma þær upplýsingar sem kveðið er á um í „ICAO-TI".

7.2.2. Í flutningsskjölum skal vera yfirlýsing frá þeim sem afhendir hættulega vöru til flutnings, þar sem vörunni er fullkomlega og réttilega lýst með réttu tækniheiti, hún flokkuð, pökkuð og merkt fyrir flutning flugleiðis í samræmi við gildandi reglugerðir.

7.3. **Farmbréf.**

7.3.1. Í farmbréfi skal koma fram að í vörusendingunni sé hættuleg vara eins og henni er lýst í meðfylgjandi flutningsskjölum og að sendinguna megi aðeins flytja með loftfari ef ákvæði eru á þá leið.

7.4. **Tungumál.**

Nota skal ensku auk íslensku í flutningsskjölum er fylgja hættulegum efnum.

8.0 Ábyrgð flugrekanda.

Ekki má túlka þessar reglur þannig að flugrekanda beri að flytja tilteknar vörur og efni. Ekki má heldur túlka þessa reglur þannig að flugrekandi geti ekki sett sérstakar eigin reglur um flutning á tilteknum vörum.

8.1. **Móttaka til flutnings.**

Flugrekandi má ekki taka við pakka eða hlífðarumbúðum, sem í eru margir pakkar með hættulegum efnum til flugflutnings, nema

a) fylgiskjöl séu rétt, merking og pökkun sé í samræmi við ákvæði í „ICAO-TI",
b) hann hafi gengið úr skugga um að varan sé merkt á réttan hátt og hvorki sé um leka né skemmdir á umbúðunum að ræða.

Ath. 1: Sjá kafla 12 hér á eftir um tilkynningarskyldu um skemmdir.
Ath. 2: Sérstakar reglur um móttöku hlífðarumbúða er að finna í „ICAO-TI".

8.2. **Gátlisti fyrir móttöku hættulegra efna.**

8.2.1. Flugrekanda er að útbúa og nota gátlista við móttöku hættulegrar vöru í samræmi við gr. 8.1. hér að framan.

8.3. **Sködduð sending með hættuleg efni.**

8.3.1. Ekki má hlaða pakka eða hlífðarumbúðum með vörusendingu hættulegra efna í loftfar eða gám, fyrr en rétt fyrir slíka hleðslu hafi verið gengið úr skugga um að ekki sé um neinn leka né skemmdir að ræða.

8.3.2. Ekki má setja gám í loftfar fyrr en hann hefur verið skoðaður og tryggt er að hvorki sé um leka né skemmdir á hinu hættulega efni að ræða.

8.3.3. Ef umbúðir um hættulegt efni sem hlaðið er í loftfar virðast skemmdar eða þær leka, ber flugrekandanum að fjarlægja slíkan varning úr loftfarinu eða sjá til þess að viðeigandi yfirvöld eða stofnun geri það. Flugrekandanum ber síðan að ganga úr skugga um að það sem eftir er af vörusendingunni sé í hæfu ástandi fyrir loftflutning og að engar aðrar umbúðir hafi mengast eða eiturmengast.

8.4. **Takmarkanir á flutningi í farþegarými eða stjórnklefa.**
Hættuleg efni má hvorki flytja í rými sem ætlað er farþegum né í stjórnklefa. Það á þó ekki við um vörur sem skilgreindar eru í gr. 2.4.1. og 2.4.3. hér að framan og ekki heldur um þær geislavirku vörur sem eru flokkaðar sem „undanþegnar geislavirkar vörur „(Excepted radioactive materials)" í ákvæðum „ICAO-TI".

8.5. **Hleðsla ósamþýðanlegra hættulegra efna.**
Pökkum sem í eru hættuleg efni sem hafa í för með sér möguleika á hættulegum efnahvörfum ef þau komast í snertingu hvort við annað, skal ekki hlaða nærri hvor öðrum í loftfari, þannig að loku sé skotið fyrir slíka hættu ef leki kemur að einhverjum umbúðum.

Ath.: Lágmarkskröfur um hleðslu slíkrar vöru er að finna í „ICAO-TI".

8.6. **Eftirlit með skemmdum eða leka.**
Athuga ber umbúðir sem í eru hættuleg efni, nema þau sem eru flutt í gámi, með hliðsjón af skemmdum eða leka þegar loftfarið er affermt. Ef skemmd eða leki kemur í ljós, er skylt að rannsaka vandlega þann stað í loftfarinu þar sem hinu hættulega efni var komið fyrir og hreinsa burt þaðan alla eiturmengun og öll óhreinindi sem kynnu að hafa hættu í för með sér.

8.7. **Eitur, smitefni og geislavirkar vörur.**

8.7.1. Flugrekanda ber skylda til að fullnægja þeim sérstöku kröfum um móttöku og loftflutning á eitri, smitefnum og geislavirkum vörum sem gerðar eru í „ICAO-TI".

8.7.2. Hvorki er leyfilegt að flytja eftirfarandi í sama vörurými né efni sem eru merkt sem eitur eða vitað er að eru eitruð eða geta valdið smitun (Flokkur 6):
a) dýr,
b) vörur merktar sem matvæli eða vitað er að eru hráefni í matvæli, fóður eða annað ætilegt sem ætlað er sem fæða handa mönnum eða dýrum, ef eitrinu og matvælunum er ekki komið fyrir í sérstökum gámum sem standa fjarri hvor öðrum.

8.7.3. Ef geislavirkt efni hefur lekið út eða eiturmengað loftfar, er skylt að taka loftfarið þegar úr umferð, þar til geislavirkni og hreinsanleg mengun á öllum aðkvæmum stöðum er innan þess lágmarks sem kveðið er á um í „ICAO-TI".

8.7.4. Í loftflutningum skal gæta þess að pökkum sem í eru geislavirk efni sé komið fyrir í fjarlægð frá fólki, lifandi dýrum og óframkölluðum filmum, í samræmi við ákvæði um slíka flutninga, sem er að finna í „ICAO-TI".

8.8. **Hættuleg efni bundin niður.**
Flugrekandinn skal varna því að sendingar hættulegra efna skaddist í loftflutningum, með því að tryggja að varan sé þannig bundin og fest að hún hreyfist ekki úr stað. Þegar um er að ræða geislavirkt efni ber að fara eftir ákvæðum um bil milli vörusendinga í gr. 8.7.4. hér að framan þegar varan er bundin föst.

8.9. **Hleðsla í vöruloftfar.**
Ef ekki er öðruvísi kveðið á um í „ICAO-TI" ber að hlaða pökkum sem í eru hættuleg efni og merktir eru „Cargo Aircraft only" þannig að áhöfn og aðrir aðilar sem til þessa hafa umboð, geti þekkt og fært sundur slíka pakka meðan á flugi stendur.

9.0 Ákvæði um upplýsingar.

9.1. **Upplýsingar fyrir flugstjórann.**
Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóra loftfars, sem á að flytja hættuleg efni séu afhentar eins fljótt og unnt er fyrir flugtak, þær skriflegu upplýsingar sem kveðið er á um í „ICAO-TI að fylgja skuli.

9.2. **Upplýsingar og fyrirmæli fyrir flugliða.**
Flugrekanda ber skylda að hafa þess konar upplýsingar í flugrekstrarbók sinni, að flugliðar geti rækt skyldur sínar við flutning hættulegra efna. Í flugrekstrarbók er ennfremur skylt að hafa fyrirmæli um aðgerðir áhafnar ef neyðarástand skapast.

9.3. **Upplýsingar fyrir farþega.**
Flugrekandi skal sjá svo um að upplýsingum sé komið á framfæri við farþega, þannig að þeir séu varaðir við þeim hættulegu efnum sem þeim er bannað að hafa meðferðis í flugvélum, bæði í handfarangri og í öðrum farangri í farangursgeymslu.

9.4. **Upplýsingar fyrir aðra hlutaðeigandi aðilja.**
Flugrekandi, sendandi eða aðrir, sem á einhvern hátt tengjast loftflutningi hættulegra efna, skulu veita starfsfólki sínu þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt skyldur sínar við flutninginn. Ennfremur skal veita starfsfólkinu nægilegar leiðbeiningar um þær aðgerðir sem því er skylt að framkvæma ef neyðarástand skapast í sambandi við flutning hættulegrar vöru.

9.5. **Upplýsingar flugstjóra til flugvallaryfirvalda.**
Ef neyðarástand verður í flugi ber flugstjóranum skylda til að tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarstjórn til þess að hún láti rétt flugvallaryfirvöld vita að hættuleg efni séu um borð. Ef unnt er, skal hann tilkynna um heiti, flokk, magn og hvar efnin eru í loftfarinu.

9.6. **Upplýsingar við slys eða óhapp.**

9.6.1. Ef flugslys verður og hættuleg efni eru meðferðis, skal hlutaðeigandi flugrekandi tilkynna flugmálastjórn þess ríkis þar sem slysið varð eins fljótt og unnt er, um heiti, flokk, aukamerkingar vegna flokkunar sprengiefnis eða annarra efna, skv. „ICAO-TI“, samþýðanleika við Flokk 1, magn og hvar í loftfarinu hið hættulega efni er.

9.6.2. Ef loftfar sem flytur hættuleg efni, verður fyrir óhappi, ber flugrekandanum, ef hann er um það krafinn, að láta flugmálayfirvöldum hlutaðeigandi ríkis þar sem óhappið eða slysið varð, í té allar upplýsingar um farminn til þess að minnka hættu vegna skemmda í hinum hættulega farmi.

10.0 Fræðsla og þjálfun.

10.1. Sérhver flugrakandi skal, í samræmi við ákvæði „ICAO-TI“, halda þjálfunar- og endurþjálfunarnámskeið fyrir viðkomandi starfsfólk sitt um flutning hættulegra efna.

11.0 Önnur ákvæði.

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að flugrekendur fylgi ákvæðum reglugerðar þessarar. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með móttöku og umbúnaði hættulegra efna til póstsendinga með loftförum.

12.0. Tilkynningar um slys og óhöpp við flutning hættulegra efna í flugi.
Flugrekendur skulu án tafar tilkynna flugmálastjórn um öll slys eða óhöpp sem stafa af meðferð hættulegra efna, eftir að þau hafa verið afhent til flutnings með loftförum.

13.0 Gildistaka o.fl.

13.1. Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga nr. 34/1964 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. sömu laga.

13.2. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 472 15. nóvember 1979 um flutning á hættulegum efnum og segulmögnuðum hlutum með loftförum.

Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 554 9. desember 1987

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 150 fyrir hvert viðtal á læknisstofu og kr. 280 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Í vitjunargjaldi eru innifaldar kr. 65 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar samlagslæknis og dragast þær frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjenda hans þegar reikningur er greiddur til samlagsmanna, er njóta læknisþjónustu, sem byggist á samningi við heimilislækna.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og II greiðir samlagsmaður fyrstu 400 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 130 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn er svarar til 100 daga notkunar, miðað við notkunarfyrirsögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 100 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald sbr. 1. málsgr. fyrir hvert 100 daga tímabil eða brot úr því.

Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar, D, R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt og/eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðihjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 500 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 500 hverrar rannsóknar hjá rannsóknarstofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 500 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 170 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.

Þessar greiðslur skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

Aldrei má krefja sjúkling um nema eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

4. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.

1. gr. reglugerðar nr. 94/1983 orðist svo:

Hámarksfjárhæð sem samlagssjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. 1. mgr. i stafl. 43. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1982 er kr. 1500.

5. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði innanlands.

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferð er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 1400 kr. en síðari ferðir að frádregnum 700 kr. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 514/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um fis.

1. **Gildissvið.**

Reglur þessar taka til flugs með fisum á Íslandi. Í þessari reglugerð merkir fis loftfar sem

a) er notað eða ætlað til einflugs,
b) er notað eða ætlað einungis til skemmtunar eða íþrótta,
c) hefur ekki íslenskt eða erlent lofthæfisskírteini, og
d) ef það er ekki hreyfilknúið, er léttara en 70 kg, eða
e) ef það er hreyfilknúið:
   i) hefur tómaþyngd minni en 120 kg, þar sem þó er ekki meðtalin þyngd flota og öryggisbúnaðar (fallhlífa), sem ætlað er að draga úr flug- eða fallhraða í neyðartilvikum,
   ii) hefur ekki meira eldsneytisrými en 20 lítra,
   iii) getur ekki náð meira en 100 km/klst kvörðuðum flughraða með fullu afli í láréttu flugi, og
   iv) hefur án hreyfilafls ofrishraða minni en 45 km/klst (kvarðaður flughraði).

2. **Skráning og lofthæfi.**

a) Gildandi reglur um lofthæfi loftfara, hluta þeirra og búnað taka ekki til fisa, hluta þeirra og búnaðar. Ekki er krafist lofthæfisskírteinis fyrir fis.
b) Gildandi reglur um skírteini flugliða taka ekki til stjórnenda fisa og ekki er krafist heilbrigðisvottorðs eða flugskírteinis.
c) Gildandi reglur um skráningu og merkingu loftfara taka ekki til fisa og þarf því ekki að merkja þau.

3. **Starfræksla.**

3.1. *Hættulegt flug.*

a) Fisi má ekki fljúga þannig að mönnum eða verðmætum stafi hætta af.
b) Eigi má varpa eða dreifa hlutum úr fisi ef það getur valdið hættu fyrir menn eða verðmæti utan þess.

3.2. *Dagflug.*

a) Fisi má einungis fljúga á tímabilinu frá sólaruppkomu til sólarlags.
b) Þó má fljúga fisi á tímabilinu frá því að miðja sólar er 6 gráður fyrir neðan sjóndeildarhring til sólaruppkomu og frá sólarlagi þar til miðja sólar er 6 gráður fyrir neðan sjóndeildarhring, ef
   i) fisið er búið blikkandi varúðarljósi sem sést a. m. k. úr 5 km fjarlægð, og
   ii) flogið er utan flugstjórnarrýmis.

3.3. *Umferðarréttur.*

a) Stjórnandi fiss skal gefa stöðugan gaum að annarri flugumferð og skal veita öllum öðrum loftförum forgang.
b) Fisi má ekki fljúga þannig að af því geti stafað árekstrarhætta við önnur loftför.
c) Hreyfilknúin fis skulu veita forgang fisum án hreyfils.

3.4. *Flug yfir þéttbýli.*

Fisum má eigi fljúga yfir þéttbýl svæði borga og bæja eða yfir svæði þar sem mikill mannfjöldi er saman kominn.

3.5. *Flug í flugstjórnarrými.*

a) Eigi má fljúga fisum í flugstjórnarrými nema að fengnu leyfi hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar.

b) Eigi má heldur fljúga fisum á bannsvæði eða öðrum svæðum eða yfir stöðum sem lúta sérstökum takmörkunum, tímabundnum eða varanlegum, án leyfis hlutaðeigandi yfirvalda.

3.6. *Sýn til jarðar.*

Fisi má einungis fljúga þannig að sjáist til jarðar.

3.7. *Flugskyggni og fjarlægð frá skýjum.*

Allt flug skal háð þeim skilyrðum um skyggni og fjarlægð frá skýjum sem jöfn eru eða strangari en um getur í eftirfarandi töflu. Hlutaðeigandi flugstjórnardeild getur þó veitt sérstaka undanþágu fyrir flug innan flugstjórnarsviðs.

	Innan flugstjórnarrýmis		Utan flugstjórnarrýmis	
	ofar en	í eða neðar en	ofar en	í eða neðar en
	eftirfarandi hæðir: 3000 fet (900 m) fyrir ofan meðalsjávarmál eða 1000 fet (300 m) fyrir ofan jörð, hvort sem er hærra			
Flugskyggni	8 km	8 km	8 km	1.5 km
Fjarlægð frá skýjum:				
a) lárétt	1.5 km	1.5 km	1.5 km	Laus við ský og sér til jarðar
b) lóðrétt	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	

4. **Skoðanir og eftirlit.**

Sá, sem á eða notar fis, skal, þegar þess er krafist, heimila flugmálastjórn eða þeim, sem hún tilnefnir, aðgang að og eftirlit með loftfarinu til þess að athuga hvort reglur þessar eru haldnar. Hann skal einnig, ef þess er krafist, sanna að loftfarið þurfi einungis að fullnægja kröfum þessarar reglugerðar.

5. **Undanþágur.**

Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur veitt undanþágur frá eftirfarandi ákvæðum reglugerðar þessarar, þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa:

1 a) um einflug, að því er varðar kennslu og þjálfun, þannig að kennara sé heimilt að fljúga með nema,

1 d) að því er varðar þyngdarmörk, og

1 e) að því er varðar þyngdarmörk, eldsneytismagn og flughraða.

6. **Refsiákvæði og gildistaka.**

6.1. Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34 21. apríl 1964 um loftferðir.

6.2. Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Afgreiðslugjöld.

	kr.
1.1. Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ. m. t. endurútgáfa glataðra skírteina	1 000,00
1.2. Breyting á skírteinum einstaklinga, þ. m. t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	300,00
1.3. Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	4 000,00
1.4. Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ. m. t. breytingar á skrásetningarmerkjum	2 000,00

2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.

2.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksþunga þeirra.
2.2. Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.
2.3. Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.
2.4. Gjald fyrir tímabundið lofthæfnisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.
2.5. Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfnisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.
2.6. Fari skoðun og/eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.
2.7. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför knúin hverfilhreyflum eru:

a) fyrir loftför allt að 5700 kg	5,20 kr/kg
b) fyrir loftför 5701–50000 kg	17 100,00 kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg	2,35 kr/kg
c) fyrir loftför yfir 50000 kg	133 745,00 kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg	1,20 kr/kg

3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.

3.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtaksþunga þeirra.
3.2. Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.
3.3. Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.
3.4. Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:

	kr.
a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg	4 500,00
b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg	9 000,00
c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg	30 000,00
d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg	45 000,00

4. Prófgjöld.

4.1. Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld:

	kr.
a) einkaflugmannspróf	2 000,00
b) atvinnuflugmannspróf	3 000,00
c) blindflugspróf	2 500,00
d) flugkennarapróf	2 500,00
e) flugumsjónarmannspróf	3 000,00
f) flugvéltæknispróf	3 000,00
g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórapróf	1 500,00
h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	500,00

4.2. Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

5.1. Afgreiðslugjöld samkvæmt 1. gr. greiðast hjá loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 88 7. febrúar 1986 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 4. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

10. desember 1987 Nr. 557

GJALDSKRÁ

yfir efna- og örverurannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr/klst
1. Sérfræðingur	1 275,00
2. Aðstoðarmaður	1 015,00
3. Sérfræðingur, rannsóknaaðstaða notuð	1 655,00
4. Aðstoðarmaður, rannsóknaaðstaða notuð	1 405,00

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

Efnarannsóknir.

Fiskmjöl:	kr.
Vatn	230,00
Salt	355,00
Prótein (Kjeldahl)	1 270,00
Fita	685,00
Aska	415,00
Ammoníak	330,00
Sandur	485,00
Kalcíum	620,00
Fosfór	995,00
DMNA gasgreining	1 800,00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	725,00
Nítrít í fóðri og fóðurvörum	780,00
Lýsi og harðfeiti:	
Vítamín A	1 385,00
Óbundnar fitusýrur	250,00
Sýrutala	250,00
Joðtala	1 150,00
Sáputala	750,00
Eðlisþyngd (pyknometer)	460,00
Slip-point	985,00
Mæling á vítamíni D_3 í lýsi	7 680,00
Mæling á A- og D-vítamíni í lýsi	8 200,00
Ósápanlegt	1 180,00
Peroxydtala	445,00
Litarmæling (Lovibond)	285,00
Ljósbrot við 20°C	250,00
Natríumsápa	350,00
Fitusýrugreining	3 850,00
Vatnsmæling með toluol	415,00
Salt:	
Klóríð (titer)	415,00
Kalcíum	610,00
Magníum	610,00
Súlfat	1 435,00
Óleysanlegt í vatni	560,00
Raki og bundið vatn	560,00
Járn	920,00
Kopar	920,00

Aðrar efnarannsóknir:	kr.
Undirbúningur	295,00
Vatn, salt, fita, prótein, o. fl. samkvæmt gjaldskrá fyrir mjöl.	
Trimethylamin (TMA)	630,00
TVN	630,00
Kvikasilfur í matvælum	1 120,00
Mæling á D-vítamíni í öðru en lýsi	9 960,00
Ákvörðun á málmum með atom absorption	1 180,00
Frítt klór í vatni	160,00
Rotvarnarefni m. gasgreiningu	5 710,00
C-vítamín í matvælum	3 075,00
Drip (vatnstap við þiðnun)	560,00
Nítrít fóðri og fóðurvörum	780,00
Hexametylentetramín í lagmeti	1 795,00
Vigtun og talning á rækju o. fl.	705,00
Mæling á sykrum í síld	3 015,00
Sýrustig pH	230,00
Arsen	1 400,00
Histamín	3 375,00
Joð	1 430,00
Súlfít	3 685,00

Síld:	
Stærðarflokkun	1 055,00
Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð.	
Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldarsýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast ¾ gjalds.	
Efnagreiningar séu samkvæmt gjaldskrá.	

Örverurannsóknir:	
Undirbúningur sýnis	385,00
Talning við ræktun, eins konar	365,00
Talning við ræktun, tvenns konar	675,00
Kólígerlar, MPN	540,00
Staphylococcus aureus	425,00
Ger- og myglusveppir	365,00
RODAC-skálar með æti	50 kr/stk
Súlfít-afoxandi Clostridia/hitað	415,00
Bacillus/hitað	415,00
Clostridium perfringens	560,00
Salmonella	870,00
Roðagerlar	365,00
Slímgerlar	365,00
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	500,00
Loftfirrð ræktun	490,00
Sterilitetsprófanir á lyfjum	1 780,00*
Greining með API20E	1 155,00*

* Undirbúningur innifalinn.

Lagmetisrannsóknir:

Framleiðslusýni (allt innifalið):	kr.
Niðursoðið lagmeti	1 450,00
Niðurlagt lagmeti	2 075,00
Endursýni tekið skv. sýnatökuáætlun II	1 555,00
Endursýni tekið skv. 99% reglu	3 105,00

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir, sem getið er í 2. grein er útgáfa vottorðs eða annarrar skjalfestrar yfirlýsingar, sem varðar niðurstöður sýnisins.

4. gr.

Séu gefin út fleiri en eitt vottorð fyrir hvert sýni skal greiða kr. 300,00 fyrir hvert vottorð.

5. gr.

Heimilt er að veita allt að 20% afslátt frá gildandi gjaldskrá yfir þjónustumælingar, sé um að ræða óvenjulega mörg sams konar sýni frá sama aðila og sýnt þykir, að verulegt hagræði sé af því.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. grein skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. grein.

7. gr.

Stofnunin tekur ekki gjald fyrir samningagerð, ýmsa upplýsingamiðlun, aðstoð við minni háttar upplýsingaleit o.s.frv.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxta sbr. 1. gr. gjaldskrárinnar.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og örverurannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 176/1986.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. desember 1987.

F. h. r.
Gylfi Gautur Pétursson.

Kristján Skarphéðinsson.

Stjórnartíðindi B 60, nr. 540—557. Útgáfudagur 22. desember 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 — 1987

4. desember 1987 1117 Nr. 558

REGLUGERÐ

um holræsi í Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Þegar Búlandshreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem byggingarfulltrúi ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Búlandshreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum húsa. Heimlagnir og viðhald þeirra eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn hreppsnefndar fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi sveitarfélagsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns um allt það, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

B 75

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma þó aldrei lægra en kr. 900,00. Lámarksgjald þetta skal endurskoða 1. janúar ár hvert og breytist í sama hlutfalli og fasteignamat í Búlandshreppi. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts leiðir ekki til undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur hreppsnefnd lækkað eða hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagar holræsagjalda eru hinir sömu og annarra fasteignagjalda ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búlandshrepps í S.-Múlasýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1987.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 559 14. desember 1987

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík nr. 480/1987.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. samþykktarinnar bætist þetta: „Borgarráð getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt tímabundna undanþágu frá þessari málsgrein, á þeim tíma sem um ræðir í b) og c) lið 4. gr.“

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1987.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um holræsi í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Þegar Húsavíkurkaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem bærinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, sem þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt regnvatnsræsi, ef gert er.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjóri ákveður, getur bærinn látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Húsavíkurkaupstaður lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur byggja. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa.

Við raðhús og fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðarúthlutun. Séu gerðir sérstakir holræsastofnar fyrir regnvatn er húseigendum skylt að hafa sérstakt frárennsliskerfi fyrir regnvatn og tengja það við lóðarmörk sín skv. nánari fyrirmælum bæjatæknifræðings eða bæjarstjóra. Verði ágreiningur um túlkun þessarar greinar sker bæjarráð úr honum.

3. gr.

Bæjarstjóri og bæjartæknifræðingur, undir yfirstjórn bæjarráðs, fara með stjórn framkvæmda, er varða holræsakerfi bæjarins svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla. Bæjarráði er heimilt að fela sérstökum umsjónarmanni, yfirumsjón með holræsakerfinu.

Húseigandi skal leggja fram teikningu af frárennsliskerfi sínu. Húseiganda er skylt að hlýða fyrirmælum bæjartæknifræðings eða umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn bæjarins ávallt eftirlit með því að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra bæjartæknifræðingi eða umsjónarmanni frá því og fá samþykki fyrir því.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingasamþykkt, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um holræsaefni, t.d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða.

Bæjartæknifræðingur getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt, að greiða stofngjald skv. reglugerð um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað. Auk stofngjalds af hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi bæjarins eða holræsi, sem bærinn hefur yfirtekið og eins um húseignir, sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa ekki að tengjast aðalholræsakerfinu, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0,15% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Lámark holræsaárgjalds skal vera kr. 100,00. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts veitir ekki rétt til undanþágu frá greiðslu holræsaárgjalds.

Bæjarstjórn er heimilt, fyrir eitt ár í senn, vegna sérstakra mikilvægra verkefna í holræsamálum, að hækka hið árlega holræsagjald, án staðfestingar viðkomandi ráðuneytis.

Að öðru leyti er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldið um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins. Slík ákvörðun gildir fyrir eitt ár í senn.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur sem bæjarsjóður kann að öðlast skv. reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og er gjaldið tryggt með lögveði í húseigninni.

Gjalddagi holræsaárgjalds er 1. janúar ár hvert, en bæjarstjórn getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

8. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra, annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennslislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi, skv. ákvæði 3. gr. um fyrirmæli bæjartæknifræðings eða umsjónarmanns.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með skv. lögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1988, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 49 frá 2. mars 1978 um holræsi í Húsavíkurkaupstað með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 153/1986 um dráttarvélar og hlífabúnað við aflflutning frá þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

2. Dráttarvélar sem seldar eða afhentar voru fyrir 1. janúar 1966, skulu frá og með 15. apríl 1988 búnar öryggisgrind eða veltiboga sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir, sjá þó gr. 48.1.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. 29. gr., 47. gr., 49. gr. og 6. mgr. 73. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Óskar Hallgrímsson.

9. nóvember 1987 Nr. 562

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruflutninga með loftförum, nr. 51 27. febrúar 1976.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningur varnings sérstaks eðlis.

4.1. Um flutning hergagna gilda sérstakar reglur.
4.2. Um flutning hættulegra efna gilda sérstakar reglur.
4.3. Við flutning lifandi dýra skal höfð hliðsjón af reglum Alþjóðasambands flugfélaga – International Air Transport Association – eins og þær eru á hverjum tíma, IATA Live Animals Manual (IATA LAM). Flugmálastjórn tilkynnir í Handbók flugmanna um gildandi útgáfu IATA LAM og útvegar eintök þeirra eftir þörfum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 468 15. nóvember 1979.

Samgönguráðuneytið, 9. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um gengisbundin inn- og útlán í bönkum og sparisjóðum.

1. gr.

Bönkum skv. lögum nr. 86/1985 og sparisjóðum skv. lögum nr. 87/1985 er heimilt að stofna til innlána með ákvæðum þess efnis, að innstæður og vextir af þeim skuli vera gengisbundnar, eins og nánar er lýst í 2. gr.

2. gr.

Gengisbinding skal miðuð við reikningsgengi, sem breytist hinn 1. hvers mánaðar og verður hið sama og skráð kaupgengi Seðlabankans 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða Evrópureikningseiningu (ECU). Falli gengisskráning niður á hinum ofangreinda viðmiðunardegi, skal síðasta skráða kaupgengi SDR eða ECU lagt til grundvallar.

Gengisbinding verði þannig, að innborganir miðist við hlutaðeigandi reikningsgengi eins og það er ákveðið skv. 1. mgr. 1. dag næsta mánaðar, en beri sérstakar verðbætur hlutaðeigandi banka eða sparisjóðs innan mánaðar. Útborganir af reikningum þessum innan mánaðar bera einnig sérstakar verðbætur frá 1. degi útborgunarmánaðar til útborgunardags.

3. gr.

Nú eru aðstæður sérstakar að mati banka eða sparisjóðs, og getur hann þá hafnað móttöku fjár á slíkan innlánsreikning. Innstæður skulu aðeins vera lausar til útborgunar tiltekna tvo mánuði á tólf mánaða tímabili.

4. gr.

Bönkum og sparisjóðum er jafnframt heimilt að lána út fé, sem samsvarar innstæðum á gengisbundnum innlánsreikningum með ákvæðum þess efnis, að fjárhæðir og vextir af þeim skuli breytast hlutfallslega frá gildandi reikningsgengi SDR eða ECU í þeim mánuði, sem útborgun láns á sér stað, til og með gildandi riekningsgengi SDR eða ECU í þeim mánuði, sem gjalddagi er, sbr. 2. gr. um gengistengingu.

5. gr.

Seðlabankinn skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu nánari reglur um gengisbundin inn- og útlán, sbr. 36. gr. laga nr. 13/1979 svo og reikningsgengi það sem gildir í hverjum mánuði.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 65. gr., sbr. b-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., og tekur gildi frá og með 1. janúar 1988.

Viðskiptaráðuneytið, 18. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Tryggvi Axelsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o.fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist: kr.

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn 4 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn 1 000

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn 4 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn 1 000

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn 7 500
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn 1 000

4. gr.

Önnur gjöld eru:

a) Innritun í vörumerkjaskrá 800
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá 500
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til 500
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969 800

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 ..... 17 000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. grein skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld, skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 520, 17. desember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld: kr.

a) Umsjónargjald 4 000
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923 ..... 8 000
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4) 500
d) Forgangsréttarskjal 1 000

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann 800
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá 600
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4) 1 000

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 ..... 17 000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans 6 000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans 22 000
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans 44 000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 522, 17. desember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

AUGLÝSING

um skráningu farmflytjenda á innfluttum vörum og skil á farmskrám.

Í tengslum við tölvuvinnslu tollskjala sem hafin verður við embætti tollstjóra í Reykjavík frá og með 1. janúar 1988 og síðar við önnur tollembætti verður sérstök skráning tekin upp á öllum innfluttum vörum samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. gr.

Farmflytjendur skulu frá og með 1. janúar 1988 gefa öllum vörusendingum sem þeir flytja til landsins sérstakt sendingarnúmer sem innflytjendur eiga að tilgreina í aðflutningsskýrslu.

Sendingarnúmerið skulu farmflytjendur tilgreina í farmskrá við hverja vörusendingu sem flutt er til landsins, undir sérhverju farmskrárnúmeri sem sjálfstæð vörusending, til aðgreiningar frá öllum öðrum sendingum sem flutningsfar flytur til landsins í sömu ferð.

2. gr.

Sendingarnúmer er 19 stafa tala sem greinist í átta þætti sem hér segir:

Til skýringar er sendingarnúmerið sýnt hér samsett úr 19 bókstöfum, sem skipt er upp í átta bókstafaþætti sem hafa hver sína merkingu, þ.e. A-BBB-CCCC-D-EE-FFF-GGGG-H.

1. **A = Farmflytjandi.** Hvert skipafélag eða flugfélag skal hafa ákveðið tákn. Smærri farmflytjendur (t.d. fiskiskip) skulu þó vera nokkrir saman um tákn. Táknum úthlutar ríkistollstjóri samkvæmt beiðni viðkomandi farmflytjanda.
2. **BBB = Flutningsfar.** Skammstöfun fyrir flutningsfar er þrír stafir, bókstafir eða tölustafir. Farmflytjendur skulu ákveða sínar skammstafanir sjálfir og nota alltaf eina og sömu skammstöfunina fyrir sama flutningsfar óháð skammstöfunum hjá öðrum farmflytjendum. Innlendir farmflytjendur og umboðsmenn erlendra farmflytjenda skulu tilkynna ríkistollstjóra um þær skammstafanir sem orðið hafa fyrir valinu. Ríkistollstjóri mun hins vegar úthluta smærri farmflytjendum skammstöfun fyrir flutningsför þeirra.
3. **CCCC = Komudagur.** Fyrstu tveir bókstafirnir tákna mánaðardag en tveir þeir síðustu tákna mánuðinn. Liggi komudagur ekki fyrir skal áætla hann.
4. **D = Ár.** Tilgreina skal síðasta tölustaf viðkomandi árs.
5. **EE = Hleðsluland.** Tilgreina skal með skammstöfun samkvæmt LOCODE (staðall Sameinuðu þjóðanna) viðkomandi hleðsluland. Tollstjórar skulu veita farmflytjendum upplýsingar um staðal þennan samkvæmt nánari fyrirmælum ríkistollstjóra.
6. **FFF = Hleðslustaður.** Tilgreina skal með skammstöfun samkvæmt LOCODE-staðli síðasta hleðslustað vegna flutnings vöru til landsins.
7. **GGGG = Númer sendingar** (farmskrárnúmer vegna skipsfarms en innfærslunúmer í innfærslubók flugfélaga vegna flugfarms). Tilgreina skal töluröð sendingar innan hleðslustaðar fyrir hverja ferð.
8. **H = Til prófunar.** Aðeins þeir farmflytjendur sem vinna farmskrár í tölvum þurfa að rita þessa tölu eða bókstaf.

3. gr.

Farmflytjendur sem vinna farmskrár sínar í tölvum skulu, auk skriflegrar farmskrár, skila þeim í tölvutæku formi til embættis ríkistollstjóra samkvæmt nánari fyrirmælum sem ríkistollstjóri setur. Aðrir farmflytjendur skulu afhenda viðkomandi tollstjóra skriflega farmskrá í tvíriti yfir vörur sem eru á skrá til tollumdæmis hans. Í þeim skulu vörusendingar auðkenndar með sendingarnúmeri skv. 2. gr.

4. gr.

Farmflytjendur skulu tilgreina sendingarnúmer í flutningsgjaldsreikningum sem þeir gefa út vegna viðkomandi vörusendingar.

5. gr.

Tollstjórar skulu frá og með 1. janúar 1988 skila farmskrám til embættis ríkistollstjóra, endurskoðunardeildar. Farmskrám skal skilað innan viku frá því að flutningsfar tók höfn. Tollstjórar skulu skila aðflutningsskjölum vegna tollafgreiðslu á vörum innan viku frá tollafgreiðsludegi.

6. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55, 30. mars 1987 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. desember 1987.

F.h.r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 567 16. desember 1987

AUGLÝSING

um tryggingarfé ferðaskrifstofa.

Með heimild í 18. gr. laga nr. 79, 2. júlí 1985, um skipulag ferðamála, hefur ráðuneytið ákveðið að bankatrygging sú sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofa skuli eigi vera lægri en 4,0 millj. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 31. janúar 1988 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 16. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur Valdimarsson.

Nr. 568 14. desember 1987

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1987, eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hafa látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. desember 1987.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Fylgiskjal.

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 1.
Staðfest af dómsmálaráðuneytinu.

S Ö L U U M B O Ð

(Skv. ákvæðum 9.gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2.gr. reglugerðar nr. 520/1987)

undirrit
veit hér með

umboð til að annast sölu eignarinnar

Eigandi eignarinnar er: nnr./kennit.
Maki eiganda er: nnr./kennit.
Heimilisfang eiganda er:
Heimasími Vinnusími:
Þinglýstur eigandi er:

Umboð þetta nær til þess að leita eftir tilboðum í eignina, semja kaupsamning, skuldabréf, afsal og aðra þá löggerninga sem tengjast sölu eignarinnar.

Um samskipti aðila, framkvæmd og tilhögun starfa fasteignasalans, sem og um greiðslu kostnaðar, skal fara sem hér að neðan greinir.

TILHÖGUN SÖLU, SÖLUÞÓKNUN:
Eignin er sett í
( ) einkasölu
( ) almenna sölu
Söluþóknun skal vera % af söluverði eignarinnar er greiðist við undirritun kaupsamnings.

AUGLÝSINGAR:
( ) Fasteignasali auglýsir á sinn kostnað ..... sinnum á venjulegan hátt í eindálki.
( ) Auglýsingar að beiðni og á kostnað eiganda: ..... sinnun á venjulegan hátt í eindálki kostnaður áætlast kr. .....
( ) Eignin skal auglýst með sérauglýsingum samkvæmt sérstöku samkomulagi.
( ) Eignin skal ekki auglýst.

Venjuleg auglýsing í eindálki er 1,5 - 2,0 dálksentimetrar. Útlagður auglýsingakostnaður skal greiddur skv. framlögðum reikningum dagblaðs.

GILDISTÍMI:
Umboðið gildir ..... daga, eða uns eignin hefur verið seld.

GREIÐSLUSTAÐUR KAUPVERÐS: Ef eignin verður seld samkvæmt umboði þessu, skal greiðslustaður kaupverðs vera á bankareikning nr. _____ hjá _____
Eigandi reikningsins er _____

ÖFLUN UPPLÝSINGA VEGNA GERÐAR SÖLUYFIRLITS UM EIGNINA SBR. 10. GR.L.NR. 34/1986: Vegna gerðar söluyfirlits skal eigandi innan þriggja daga leggja fram eftirtalin gögn: (1) Veðbókarvottorð, (2) afrit af öllum skuldabréfum áhvílandi á eigninni og kvittanir fyrir síðustu greiðslum af öllum áhvílandi lánum, (3) fasteignagjaldaseðil og greiðslukvittanir fyrir gjöldunum, (4) brunabótamatsvottorð og greiðslukvittun vegna brunatryggingar, (5) yfirlit um stöðu hússjóðs auk upplýsinga um yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir, (6) afrit af eftirtöldum skjölum: eldra afsal eða kaupsamningur, eignaskiptasamningur, sérstakar kvaðir, (7) samþykktar teikningar.

Fasteignasala er heimilt að afla upplýsinga um stöðu áhvílandi veðskulda hjá skuldareigendum eða innheimtuaðilum skulda, reynist það nauðsynlegt.

Fasteignasali lýsir því yfir að hann tekur að sér sölu eignarinnar samkvæmt söluumboði þessu og lýsir því yfir að hann mun rækja störf sín af alúð og samviskusemi og í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1986.

Framangreind eign var skoðuð hinn _____ og skoðunargjald kr. _____ greitt, sem skal dregið frá söluþóknun ef af sölu verður.

Til staðfestu framanrituðu hafa aðilar ritað nöfn sín hér undir.

.....
staður og dagsetning

_____
seljandi/umboðsmaður seljanda

_____
fasteignasali/umboðsmaður fasteignasala

Nr. 569 14. desember 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 670,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 72,00
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútul. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m^3	kr. 37 520,00
251— 500 m^3	kr. 37 520,00 + 89,50 kr/m^3 yfir 250m^3
501—1500 m^3	kr. 59 900,00 + 52,50 kr/m^3 yfir 500m^3
1501—6000 m^3	kr. 112 400,00 + 33,60 kr/m^3 yfir 1500m^3
6000 m^3	kr. 263 600,00 + 26,40 kr/m^3 yfir 6000m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 28 010,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 670,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 107,5 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 511, 17. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 14. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ..... kr. 460,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald		
400—2 000 m^3 =	50 582,00 kr. fyrir	400 m^3	39,00 kr/m^3 þar yfir
2 000—6 000 m^3 =	114 597,00 kr. fyrir	2 000 m^3	36,00 kr/m^3 þar yfir
6 000—10 000 m^3 =	254 342,00 kr. fyrir	6 000 m^3	32,00 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000 m^3 =	382 939,00 kr. fyrir	10 000 m^3	24,00 kr/m^3 þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera	kr. 21,00
Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:	
Fyrir mæla 3/4"	kr. 191,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	kr. 429,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 870,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín./lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 351, 28. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 571 18. desember 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 367, 5. ágúst 1975.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnhemli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.
a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	240,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.	390,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til skrifstofu Ólafsfjarðarkaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

	kr.
Fyrir hús allt að 400 m^3 að utanmáli	24 600,00
og síðan fyrir hvern m^3 þar yfir.	48,00

7. gr.

Hitaveitu Ólafsfjarðar er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld skv. 4. og 6. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Gjöld skv. 4. og 6. gr. miðast við byggingarvísitölu. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 1 ári á hluta gjaldsins ef um er samið á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld hafa ekki verið greidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, í hvert skipti kr. 900,00.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem hitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 282, 10. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 18. desember 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 572 18. desember 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári. Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða. Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A.	Orkugjald:	
	Orkugjald fyrir hvern rúmmetra	kr. 61,30
B.	Fastagjald:	
	B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.	
	Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár	kr. 3 504,00
	B.2 Án húshitunar.	
	Mælagjald á mánuði	kr. 333,00

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.

C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m² 1,1%

C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m² 0,4%

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3 Mælagrindargjald ..... kr. 11 630,00

C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum ..... kr. 1 457,00

5. gr.

D. Önnur gjöld.

D.1 Lokunargjald ..... kr. 735,00

D.2 Skammtabreytingargjald ..... kr. 435,00

D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) ..... kr. 435,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. desember 1987, 107,5 stig.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 481, 28. október 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 18. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

21. desember 1987 Nr. 573

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennslismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennslismæli fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 68,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,7 l/mín. fyrir hverja 100 m^3, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín. fyrir hverja 100 m^3.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast ..... kr. 1 715,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) Fyrir mæla til og með ¾″ ..... kr. 450,00
b) Fyrir mæla 1″ til 2″ ..... kr. 900,00
c) Fyrir mæla 3″ eða stærri ..... kr. 1 800,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafin mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 350,00

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 ..... kr. 86 820,00
Fyrir hús stærri en 400 m^3 ..... kr. 86 820,00
að viðbættum ..... kr. 66,00
fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimæðagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimæðagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða ..... kr. 6 900,00
í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða ..... kr. 1 700,00
fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 510,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 23, 19. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmri tíma en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar ..... kr. 85,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar ..... kr. 486,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús ..... kr. 220,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir, ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar — febrúar	25. febrúar, eindagi 5. mars.
Fyrir mars — apríl	25. apríl, eindagi 5. maí.
Fyrir maí — júní	25. júní, eindagi 5. júlí.
Fyrir júlí — ágúst	25. ágúst, eindagi 5. september.
Fyrir september — október	25. október, eindagi 5. nóvember.
Fyrir nóvember — desember	25. desember, eindagi 5. janúar.

Gjöld skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

	Kr.
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum	70 000,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	51,00
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	70 000,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	15,00

allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.

Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:

Fyrir hvern mínútulítra	1 645,00

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðarmörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr. Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntök íbúðarhúsa. Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúsahverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi, en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja, en undir eftirliti hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnssins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur ..... kr. 1 450,00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 228, 1. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 26,62
2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils ... kr./ári 7 328,00

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m^3, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m^3.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" ..... kr. 3 414,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" ..... kr. 4 799,00

III. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m^3 ..... kr. 41 005,00
hver m^3 yfir 400 að 2000 m3 ..... kr./m^3 35,09
Fyrir 2000 m^3 ..... kr 96 374,00
hvern m^3 þar yfir ..... kr./m^3 29,04

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 7 963,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 666,00.

V. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 1 305,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 527,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 283, 19. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

16. desember 1987 Nr. 576

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

Númer gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orku-verð kr./kWh.	Árs-greiðslur kr.	
	A — Almenn notkun.			
A	Með fastagjaldi	5,61	1 606,00	
	B — Heimilisnotkun o. fl.			
B1.	Heimilisnotkun	4,14	1 696,00	
B2.	Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	7,17	2 530,00	
	C — Vélanotkun.			
C1.	Með fastagjaldi	5,61	1 606,00	
C3.	Stórnotkun (Afltaxti)	1,43	4 942,00	kr/kW
	Fastagjald		17 254,00	/ár
	D — Húshitun.			
D1.	Án rofs	3,06	2 046,00	
D2.	Rof 1,5 klst. á dag	1,65	2 046,00	
D3.	Rof 2,5 klst. á dag	1,50	2 046,00	
D5.	Rof 14,5 klst. á dag	0,86	2 046,00	
D6.	Sumarh. rof 3 klst. á dag	1,12	2 046,00	
D7.	Rof breytilegt	1,38	2 046,00	
	E — Annað.			
E1.	Sérsamningar			
E2.	Gatna- og hafnarlýsing		17 853,00	kVa/ár.
E3.	Lokun og enduropnun veitu		909,00	
	Mæla og rofaleiga.			
10	Einfasa		286,00	
11	Einfasa með liða		1 485,00	
20	Þrífasa		1 089,00	

21	Þrífasa með liða	2 200,00
24	Þrífasa með straumsp.	2 805,00
30	Þrífasa með aflmæli	1 760,00
31	Þrífasa með aflmæli og straumsp.	3 410,00
32	Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.	

Ákvæði og skýringar með töflu 1.

A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.

B2. Til véla- og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×32 A. og 3×50 A. 220 V.

C3. Til atvinnutækja með meira en 40kW. ársafl. Gjaldstofn aflgjalds úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl á 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxta, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:
   a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
   b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
   c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
   d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
   e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
   f. að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
   g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E — Annað.

E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingakerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxta B2.
Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.

E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðul hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umræddsmánaðar hækka um 28 aura fyrir hvert tímabil mánaðarins sem hann fer niður fyrir slíkt lágmark.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur 220 V Amp.	Aðalvara 380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsheimtaug. allt að 15 m kr.
2,01	2 × 35	1 × 35	7	14 520,00
2,02	2 × 60	1 × 60	13	17 380,00
2,03	3 × 60		22	21 010,00
2,04	3 × 100	3 × 60	38	29 480,00
2,05		3 × 100	66	42 790,00
2,06	2 × 200		76	47 520,00
2,07	3 × 350	3 × 200	132	74 800,00
2,08		3 × 350	231	122 320,00
2,09	Bráðabirgðarheimtaug		1 × 35 Amp.	5 390,00
2,10	Bráðabirgðarheimtaug		3 × 35 Amp.	10 670,00
2,11	Bráðabirgðarheimtaug		3 × 60 Amp.	18 040,00
2,12	Tenging v/Akraneshöfn			688,00

Tafla 3. Tenging við veitukerfið.

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVa	Nr.
3,01	150	94 600,00
3,02	300	178 200,00
3,03	500	286 000,00
3,04	600	330 000,00
3,05	800	440 000,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (660,00 + 6,20 × kVa) kr./m.
c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (húshitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 417, 9. september 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1.	Til almennrar lýsingar. Orkugjald	6,73 kr/kWh.
1.2.	Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð. Orkugjald	8,38 kr/kWh.
1.3.	Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald	8 996,00 kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	11 194,00 kr/kW/ár
	Gjald alls	20 190,00 kr/kW/ár
	Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.	

2. Heimili o. fl.

2.1.	Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald	5,39 kr/kWh.
2.2.	Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Orkugjald	3,05 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.2.	Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
	Orkugjald	1,97 kr/kWh.
	Aflgjald	7 295,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

4.1.	Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	3,50 kr/kWh.
4.2.	Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag. Orkugjald	1,35 kr/kWh.
4.3.	Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag. Orkugjald	4,44 kr/kWh.
4.4.	Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til. Orkugjald	1,29 kr/kWh.
4.5.	Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.	
	Orkugjald næturtaxti 9 stundir	1,46 kr/kWh.
	Orkugjald dagtaxti 15 stundir	8,05 kr/kWh.

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b) Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
c) Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim samkvæmt gjaldskrám.
d) Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Fastagjald.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	kr./ári
Orkumælir, einfasa	2 375,00
Orkumælir, þrífasa	5 226,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	5 844,00
Orkumælir fyrir sumarhús	7 599,00
Aflmælir	5 580,00
Aflmælar með straumspennum	6 199,00
Tvígjaldsmælir	5 607,00
Klukka	488,00

III Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur (kr./m)	Loftlína (kr./stólpa)
1 × 63	34 533,00	1 123,00	9 208,00
3 × 63	37 411,00	1 129,00	15 905,00
3 × 100	59 373,00	1 727,00	20 145,00
3 × 200	117 344,00	2 848,00	
3 × 315	186 313,00	3 318,00	
3 × 400	237 795,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	422 580,00	Samkv. kostnaði	
3 × 1200	710 358,00	Samkv. kostnaði	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A bráðabirgðaheimtaug ..... kr. 9 332,00
3 × 63 A bráðabirgðaheimtaug ..... kr. 12 587,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 712,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 551,00.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3..

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 467, 13. október 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

14. desember 1987 Nr. 578

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,74 kr/kWh
Fastagjald 1×F1	2 780,00 kr/ár

A 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	8,61 kr/kWh
Fastagjald 1×F1	2 780,00 kr/ár

A 3. Utanhússlýsing.

Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli.

Aflgjald	9 480,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	10 259,00 kr/kW/ár

A 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum.

Orkugjald	2,74 kr/kWh
Fastagjald F1+F3	9 600,00 kr/ár

Heimilt er að velja lið A 1. ef hagkvæmara þykir.

B 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald	8 250,00 kr/kWh/ár
Orkugjald	1,81 kr/kWh

D 1. Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klst. á dag.

Orkugjald	1,54 kr/kWh
Fastagjald F3	8 340,00 kr/ár

D 2. Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klst. á dag á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald	1,46 kr/kWh

D 3. Órofin hitun.

Orkugjald	3,66 kr/kWh
Fastagjald	8 340,00 kr/kW/ár

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskil, innheimtu og undirbúning að lokun	600,00 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu	1 200,00 kr.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Götulýsing:

Rafveita Eyrarbakka leggur til rafstreng og tengingar, en annað efni, svo sem ljósastaurar og ljósker, er lagt til af Eyrarbakkahreppi ásamt uppsetningu.

Aflgjaldsmæling:

Liður B 1. er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A 1. veittir samhliða. Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram mánaðarlega.

Véla- og tækjanotkun:
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

Takmörkun á vali gjaldskrárliða:
Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur rafveitan takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir notkun.

Sölugjald:
25% sölugjald er innifalið í öllum liðum nema viðhaldsgjaldi, orkugjaldi til húshitunar í liðum A 4., D 1., D 2., D 3. og fastagjaldi af F3.

Heimtaugargjald:
Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

	kr.
63 A einfasa	38 100,00
63 A þrífasa	42 100,00
100 A þrífasa	64 900,00
200 A þrífasa	156 000,00
315 A þrífasa	247 000,00
400 A þrífasa	340 000,00
710 A þrífasa	607 000,00
1200 A þrífasa	1 020 000,00

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.

Framangreind heimtaugagjöld eiga við í skipulögðum hverfum öðrum en búfjárhverfum. Heimtaug á óskipulagt svæði reiknast samkvæmt tilkostnaði hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 421, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 14. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

18. desember 1987 Nr. 579

GJALDSKRÁ

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar:
Orkugjald ..... kr. 6,16 kWh

1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð:
Orkugjald ..... kr. 7,66 kWh
1.3 Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
Aflgjald ..... kr. 8 811,00 kW/ár
Viðhaldsgjald ..... kr. 9 545,00 kW/ár
Gjald alls ..... kr. 18 356,00 kW/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum:
Orkugjald ..... kr. 4,95 kWh
2.2 Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum:
Orkugjald ..... kr. 2,74 kWh
2.3 Fastagjald ..... kr. 8 340,00 kr/ár

3. Vélar o. fl.

3.1 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili:
Orkugjald ..... kr. 1,87 kWh
Aflgjald ..... kr. 6 667,00 kW á ári

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... kr. 3,92 kWh
4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.
Orkugjald ..... kr. 1,45 kWh
4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... kr. 4,61 kWh
4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... kr. 1,07 kWh
4.5 Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.
Orkugjald næturtaxti 9 stundir ..... kr. 1,40 kWh
Orkugjald dagtaxti 15 stundir ..... kr. 7,71 kWh
Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. FASTAGJALD.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 1 972,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 4 339,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 4 855,00
Aflmælir	kr. 4 637,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 5 923,00
Tvígjaldsmælir	kr. 5 253,00
Klukka	kr. 475,00

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Gjald af yfirlengd	
Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	33 255,00	1 163,00	8 863,00
3 × 63	35 942,00	1 163,00	15 308,00
3 × 100	55 789,00	1 787,00	19 444,00
3 × 200	112 944,00	2 941,00	
3 × 315	179 074,00	3 436,00	
3 × 400	228 958,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	406 755,00	—	
3 × 1200	684 320,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 177,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra, við tiltekna tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 447,00.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3., 2.3, viðhaldsgjald, og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 422, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 18. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 580 22. desember 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m^2 og stærri ..... kr. 800,00
á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

2. Önnur hús ..... kr. 320,00
á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús ..... kr. 190,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús ..... kr. 530,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin til greiðslu í hverjum mánuði og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m^3 að utanmáli	kr.	55 420,00
Hús 300—2000 m^3 að utanmáli	kr.	55 420,00
fyrir 300 m^3 og á hvern rúmmetra þar yfir	kr.	51,00
Hús stærra en 2000 m^3 að utanmáli	kr.	126 000,00
fyrir 2000 m^3 og á hvern rúmmetra þar yfir	kr.	34,00
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki	kr.	4 300,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 344 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 050,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 386 21. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 581 22. desember 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1.1	Til almennrar lýsingar.	
	Orkugjald	6,70 kr/kWh
1.2	Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.	
	Orkugjald	8,30 kr
1.3	Til úti- og götulýsingar samkvæmt uppsettu afli.	
	Aflgjald	8 950,00 kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	9 710,00 kr/kW/ár
	Samtals	18 660,00 kr/kW/ár
1.4	Til sumarnotkunar eingöngu.	
	Orkugjald	5,12 kr/kW/ár

2. Heimili o. fl.

2.1	Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
	Orkugjald	6,08 kr/kWh

3. Vélar o. fl.

3.1	Til vélanotkunar.	
	Orkugjald	6,70 kr/kWh
3.2	Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
	Orkugjald	1,98 kr/kWh
	Aflgjald	6 905,00 kr/kWh/ár

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 3,03 kr/kWh

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 2½ klst. á dag.
Orkugjald ..... 1,19 kr/kWh

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 4,38 kr/kWh

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 1,37 kr/kWh

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta ársgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir einfasa	kr. 490,00
Orkumælir þrífasa	kr. 1 152,00
Orkumælir þrífasa með straumspennum	kr. 1 970,00
Aflmælir	kr. 1 875,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 2 975,00
Klukkurofi	kr. 483,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal árleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGAGJALD.

Heimtaugagjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengir kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	37 360,00	1 216,00	9 970,00
3 × 63	40 490,00	1 216,00	17 270,00
3 × 100	64 160,00	1 960,00	21 750,00
3 × 200	126 990,00	3 083,00	
3 × 315	200 970,00	3 588,00	
3 × 400	257 540,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	457 030,00		
3 × 1200	768 180,00		

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A ..... kr. 8 248,00

3 × 63A ..... kr. 11 166,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun ..... kr. 1 050,00

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 385, 21. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 582 22. desember 1987

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

A. Lýsing.

A1.	Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli.	
	Aflgjald	10 470,00 kr/kWa
	Viðhaldsgjald	12 570,00 kr/kWa
	Gjald samtals	23 040,00 kr/kWa

Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.
Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

A2. 5,15 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.
Heimilt er að sammæla notkun eftir taxta A2 og C1.

B. Heimilisnotkun.

5,15 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

C1. Til véla ..... 5,15 kr/kWh
C2. ..... 1,22 kr/kWh
fast gjald ..... 32 190,00 kr/a,
og ..... 6 140,00 kr/kWa
til véla og fyrir iðnaðarhita. Aflgjald greiðist eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflsnotkun 30 kW.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína eftir þessum taxta.

C3. 6,33 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.
Fast gjald ..... 3 700,00 kr/a

D. Hitun.

D1. Órofin hitun: Orkugjald ..... 3,49 kr/kWh
Fast gjald ..... 6 320,00 kr/a

D3. Hitun m/rofi: Orkugjald ..... 1,27 kr/kWh
Fast gjald ..... 4 230,00 kr/a
Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D5. Næturhiti m/rofi: Orkugjald ..... 0,79 kr/kWh
Fast gjald ..... 4 230,00 kr/a
Rjúfa má straum í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00—24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxta D3.
Orkugjald ..... 1,64 kr/kWh
Fast gjald ..... 4 230,00 kr/a

D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxta D3.
Orkugjald ..... 2,51 kr/kWh
Fast gjald ..... 4 230,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:
a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.

c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
g) Að raforka sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breytir henni í hitaorku.
h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 1.1.1.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða loft-hitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B,C eða E, eftir því sem við á.

E. Stórnotkun.

E1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflsnotkun minnst 200 kW 0,86 kr/kWh og 7 740,00 kr/kWa, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
F2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

		kr/mánuði
G1.	Af einfasa mælum	44,80
G2.	Af þrífasa mælum til og með 80A	126,40
G3.	Af þrífasa mælum yfir 80A	185,80
G4.	Af mestu mælum	464,40
G5.	Móttökuliði	100,60
G6.	Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.	

Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum C2, C3, D1, D3, D5, D7, og D9.

2. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Heimtaugargjald skal greiða fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.
2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.3 Aðalheimtaug.
Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargj. kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstr. heimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3×63A kr.
	220 V kerfi.		
63 A 1-fasa	30 700,00	9 270,00	
63 A 3-fasa	33 100,00	11 560,00	6 040,00
100 A 3-fasa	45 200,00	14 500,00	
200 A 3-fasa	78 500,00		
300 A 3-fasa	111 900,00		
	380 V kerfi.		
63 A 1-fasa	30 700,00	9 270,00	
63 A 3-fasa	33 300,00	11 560,00	11 690,00
100 A 3-fasa	51 900,00	25 330,00	
200 A 3-fasa	105 300,00		
300 A 3-fasa	158 600,00		
400 A 3-fasa	210 000,00		
600 A 3-fasa	315 600,00		
900 A 3-fasa	474 100,00		
1200 A 3-fasa	632 400,00		

2.4 Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A heimtaug í 380 V kerfi.

2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.
Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.
Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 **Bráðabirgðaheimtaugar.**
Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald Kr.	Jarðstrengur Kr/m	Lengdargjald Loftlína Kr/stólpa
63 A 1-fasa	6 550,00	953,00	12 180,00
63 A 3-fasa	8 900,00	953,00	14 160,00
100 A 3-fasa	9 550,00	1 260,00	16 120,00

2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.

2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 **Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.**

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 1 160,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 2 520,00.

3. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.0 Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 970,00. Ennfremur skal sama gjald tekið, ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 1 720,00 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 600,00.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldaliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

3.7 Sölugjald 25% er innifalið í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi á taxta A1. Sölugjald innheimtist ekki af sölu á rafmagni til varmadælna, enda verði notkunin sérmæld.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. janúar 1988, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 518, 26. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.
GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,74 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 780,00 kr/a

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	8,61 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 780,00 kr/a

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	4,99 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 780,00 kr/a

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,74 kr/kWh
Fastagjald F1+F3	11 120,00 kr/a

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Orkugjald af allri notkun	1,60 kr/kWh
Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	28 020,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	4 670,00 kr/kW/a
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,74 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald	8 250,00 kr//kW/a
Orkujald kW	1,81 kr/kWh

B. 2. Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	2 260,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,34 kr/kWh

B. 3. Aflmæling – hitun.

Varmadælur og notkun til hitunar í iðnaði o.fl.

Lágmarksaflgjald 15 kW

Aflgjald	6 600,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,45 kr/kWh

C. 1 / D. 1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	2,17 kr/kWh
Fastagjald F3	8 340,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

C. 2 / D. 2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald	1,46 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

D. 3. Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o. fl.

Hámark uppsetts afls er 200 kW

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	2,17 kr/kWh
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl	3,03 kr/kWh
Fastagjald F3	8 340,00 kr/ári

S. 1. Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.

Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	0,96 kr/kWh
Aflgjald	434,00 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

INNHEIMTA OG LOKUN.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er 600,00 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er 1 200,00 kr.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15. mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka

samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3 og aflgjöldum B.3.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	5 147 ,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	164,0 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	95,4 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	45,1 aurar á kWh

3. Málspenna.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 kV málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

5. Ársnýting.

Ársnýting — árstími í klukkustundum — er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW sem greiða skal fyrir.

6. Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun vera minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma. Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58, 1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A einfasa	45 000,00 kr.
63 A þrífasa	50 000,00 kr.
100 A þrífasa	76 500,00 kr.
200 A þrífasa	184 000,00 kr.
315 A þrífasa	291 000,00 kr.
400 A þrífasa	400 000,00 kr.
710 A þrífasa	715 000,00 kr.
1200 A þrífasa	1 200 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

		Yfirlengdargjald	
Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
63 A einfasa	8 500,00 kr.	940,00 kr/m	13 400,00 kr/stólpa
63 A þrífasa	11 900,00 kr.	940,00 kr/m	15 300,00 kr/stólpa
100 A þrífasa	13 000,00 kr.	1 180,00 kr/m	17 700,00 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínustaur greiðist kr. 10 800,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

1.6 Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt — er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.
Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.
Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.
Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1.1 Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

1.2 Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt verðskrá kostnaðar- og verksamþykkt hverju sinni. Fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði o.þ.h. skal grunngjald vera kr. 76 500,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.
Framangreint grunngjald kr. 76 500,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 345 stig og, að Orkusjóður greiði það sem á vantar heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

1.3 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Ef lögð er veita, þar sem línulögn þarf til og/eða, heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.2, skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1 Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.

1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spenni, strengjum o. s. frv.

1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald á ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

VI. NIÐURGREIÐSLUR

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40000 kWh á ári samkvæmt lið C 1 og 56000 kWh samkvæmt lið A 5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C 1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr. á kWh.

Liður A 5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr. á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 514, 24. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum og nafnbreytingum á árinu 1987:

Borgarfjarðarsýsla:
Oddsmýri á loðdýrabúi í landi Ferstiklu, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Snæfellsnessýsla:
Háigarður á iðnaðarbýli í landi Hellna, Breiðuvíkurhreppi.

Dalasýsla:
Kvennahóll í stað Sveinsstaðir, Fellsstrandarhreppi. Jafnframt var nafnið Sveinsstaðir fellt niður.

Vestur-Húnavatnssýsla:
Þorfinnsstaðir II á loðdýrabúi í landi Þorfinnsstaða, Þverárhreppi.

Skagafjarðarsýsla:
Bakkaflöt á iðnaðarbýli í landi Laugarhvamms og Lambeyrar, Lýtingsstaðahreppi.
Flugumýri II á loðdýraræktarbúi í landi Flugumýrar, Akrahreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:
Stekkjarholt á nýbýli í landi Heiðarbótar, Reykjahreppi.

Norður-Múlasýsla:
Eyrarland II á loðdýraræktarbúi í landi Eyrarlands, Fljótsdalshreppi.
Hrólfsstaðir á loðdýraræktarbúi í landi Hauksstaða I, Jökuldalshreppi.

Rangárvallasýsla:
Helluvað VI á hænsnaræktarbýli í landi Helluvaðs I, Rangárvallahreppi.
Laugar á fiskræktarbýli í landi Flagbjarnarholts I og II og Vindáss, Landmannahreppi.

Árnessýsla:
Borgarás á loðdýrabúi í landi Efra-Sels, Hrunamannahreppi.
Gerði á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Hverabakki II á garðyrkjubýli í landi Hverabakka I, Hrunamannahreppi.
Kirkjuholt á iðnaðarbýli (þjónustubýli) í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Hraunheiði á loðdýraræktarbúi í landi Hraungerðis, Hraungerðishreppi.

Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1987.

F.h.r.
Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinsson.

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

		Kr.
A.	Fyrir héraðsdómi:	
	1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	100
	2. Gjald fyrir þingfestingu	660
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	135
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	220
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	220
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	220
	7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	800
	8. Gjald fyrir sjóferðarpróf	1 600
B.	Fyrir Hæstarétti:	
	1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	135
	2. Gjald fyrir þingfestingu	1 080
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	220
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	280
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	280
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	220
	7. Útivistargjald	1 080

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

		kr.
1.	Kyrrsetning á manni	800
	Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga	
2.	Útburður manns af jörð eða húsi	800
3.	Innsetning á jörð eða í hús til umráða	800
4.	Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	800

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 280 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 280 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboð, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 800 kr. fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 800 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 560 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 560 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 280 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 330 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

		Kr.
1.	Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmdir, svo og aðrar slíkar gerðir	280
2.	Notarialvottorð á arfleiðsluskrá	420
3.	Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	280
4.	Dráttur í happdrætti	1 080
5.	Úrdráttur skuldabréfa	560

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

1.	Almennt bifreiðastjórapróf	900
2.	Próf í akstri bifhjóla	900
3.	Próf í akstri léttra bifhjóla	220
4.	Próf í akstri dráttarvéla	420
5.	Ökukennarapróf	3 600

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:

1.	Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	220
2.	Leyfi til að stýra dráttarvél	220
3.	Löggilding ökukennara	660

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 3 600 kr.

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða 4 000 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 280 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

		Kr.
1.	Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	560
2.	Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	280
3.	Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	220

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um dómsmálagjöld o. fl., nr. 540 31. desember 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Hjalti Zóphóníasson.

23. desember 1987 Nr. 586

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

Almennt skoðunargjald.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls, sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 1200 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu. Gjaldið greiðist við skráningu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun létts bifhjóls skal greiða 300 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Fyrir skoðun tengivagns eða festivagns, sem færa ber til almennrar skoðunar, skal greiða 1200 króna árlegt skoðunargjald.

Endurskoðun ökutækja.

5. gr.

Fyrir skoðun ökutækis, sem fært er til endurskoðunar í framhaldi af almennri skoðun ökutækisins, skal greiða 600 krónur. Fyrir endurskoðun létts bifhjóls skal þó greiða 200 krónur.

Sérskoðun bifreiða.

6. gr.

Fyrir sérskoðun bifreiðar skal greiða sérstakt skoðunargjald auk almenns skoðunargjalds sem hér segir:

a) Fyrir endurskráningu bifreiðar sem felld hefur verið af aðalskrá 1500 krónur.
b) Fyrir skoðun innfluttrar notaðrar bifreiðar við skráningu 1500 krónur. Gjald þetta greiðist eigi af bifreið sem flutt er til landsins sem hluti búslóðar eiganda.
c) Fyrir skoðun bifreiðar sem breytt hefur verið frá upphaflegri gerð 3000 krónur.
d) Fyrir skoðun bifreiðar fyrir aksturskeppni 600 krónur.
e) Fyrir skoðun bifreiðar sem ætluð er til flutnings 10 farþega eða fleiri 3000 krónur.

Nú telur Bifreiðaeftirlit ríkisins þörf á sérstaklega umfangsmikilli skoðun á bifreið og er því þá heimilt að áskilja greiðslu kostnaðar við skoðun samkvæmt reikningi.

Gildistaka o.fl.

7. gr.

Skoðunargjald samkvæmt 3.–5. gr. og 1. mgr. 6. gr. greiðist til Bifreiðaeftirlits ríkisins áður en skoðun fer fram.

Skoðunargjald rennur í ríkissjóð.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skoðunargjald ökutækja, nr. 541 30. desember 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum.

Um löggæslu á skemmtunum.

1. gr.

Skemmtun sem aðgangur er seldur að má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi, og skemmtun á að standa lengur en til kl. 23.30.

Forstöðumenn skemmtana skulu tilkynna lögreglustjóra hvar og hvenær skemmtun skal halda, að jafnaði með einnar viku fyrirvara.

2. gr.

Almennt skilyrði fyrir skemmtanaleyfi skal vera að sá sem fyrir skemmtun stendur ábyrgist að á skemmtun sé haldið uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra.

Sá sem fyrir skemmtun stendur skal greiða kostnað vegna ráðstafana sem lögreglustjóri ákveður samkvæmt 3. og 6. gr., sbr. 5. og 8. gr. Getur lögreglustjóri krafist þess að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði þann kostnað fyrirfram eða setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar sem hann metur gilda.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að eigi annist aðrir dyravörslu að skemmtun en hann samþykkir.

Ennfremur getur lögreglustjóri bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að sá sem fyrir skemmtun stendur geri þær ráðstafanir aðrar til að halda þar uppi reglu, öryggi og velsæmi sem lögreglustjóri telur fullnægjandi.

4. gr.

Hlutverk dyravarða er m. a. að hafa eftirlit með framkvæmd reglna um skemmtanaskatt og söluskatt, reglna um lokunartíma og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn að öðru leyti halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa af skemmtun þeim sem brjóta gegn settum reglum eða óspektum valda og kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann sem þeir óska.

Dyraverðir og aðrir eftirlitsmenn á skemmtun skulu að jafnaði bera einkennishúfu eða annað auðkenni sem sá er fyrir skemmtun stendur eða forstöðumaður samkomustaðar leggur til.

5. gr.

Laun og ferðakostnaður dyravarða og annarra eftirlitsmanna sem lögreglustjóri áskilur samkvæmt 3. gr. greiðir sá sem fyrir skemmtun stendur, eftir atvikum samkvæmt reikningi lögreglustjóra. Annan kostnað vegna ráðstafana samkvæmt þeirri grein greiðir sá sem fyrir skemmtun stendur.

6. gr.

Lögreglustjóri getur ennfremur bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað. Skulu þeir einkum halda uppi röð og reglu við skemmtistað og í næsta nágrenni hans, þ. á m. hafa eftirlit með og greiða fyrir umferð að og frá staðnum.

Lögreglumenn skulu að jafnaði því aðeins fara inn á skemmtistað að þeir séu kvaddir þangað af forstöðumanni skemmtunar eða dyravörðum eða þeim þyki að öðru leyti ástæða til þess vegna eftirlits.

Þegar um er að ræða útisamkomur skulu lögreglumenn þó annast löggæslu á samkomusvæðinu.

Lögreglustjóri ákveður hverju sinni hve margir lögreglumenn skulu vera á skemmtistað og kveður nánar á um framkvæmd löggæslunnar. Hann ákveður m. a. hvenær lögreglumenn skulu mæta á skemmtistað og skulu þeir dvelja þar uns skemmtun er lokið. Lögreglumenn skulu að jafnaði eigi yfirgefa skemmtistað fyrr en gestir eru farnir af staðnum.

7. gr.

Nú telur lögreglumaður sem annast löggæslu á skemmtistað reglu á skemmtun þannig að eigi sé fært að halda henni áfram og er honum þá heimilt að ákveða að skemmtun skuli slitið. Er gestum þá skylt að yfirgefa skemmtistaðinn.

Lögreglumenn sem kvaddir eru til að annast löggæslu á skemmtistað, sbr. 6. gr., skulu gefa lögreglustjóra skriflega skýrslu um starf sitt.

8. gr.

Kostnaður vegna löggæslu á skemmtistað samkvæmt 6. gr. greiðist úr ríkissjóði af viðkomandi lögreglustjóra.

Sá sem fyrir skemmtun stendur skal endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað er leiðir af aukinni löggæslu vegna skemmtunar umfram það sem eðlilegt má telja. Skal við það miðað að hverju sinni séu að jafnaði tiltækir tveir lögreglumenn við almenn löggæslustörf í nágrenni skemmtistaðar sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Þá er gestum er heimill aðgangur að skemmtun eftir kl. 23.30 skal sá sem fyrir skemmtun stendur endurgreiða allan löggæslukostnað. Ríkissjóður skal þó bera ferðakostnað lögreglumanna. Að jafnaði skal eigi endurkrefja kostnað vegna löggæslu lengur en sem nemur einni klukkustund eftir að skemmtun lýkur.

Dómsmálaráðuneytið lætur lögreglustjórum í té gjaldskrá vegna endurgreiðslu launa lögreglumanna, og verði þá tekið tillit til launatengdra gjalda.

9. gr.

Lögreglustjóri skal, ef hann sér ástæðu til eða samkvæmt tilmælum félagasamtaka í umdæmi hans, boða til fundar með forstöðumönnum samkomustaða í umdæminu. Á þeim fundi skal rætt um það á hvern hátt þess verði best gætt að skemmtanir þær sem haldnar verða í umdæminu fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu og lögreglumenn mæta.

10. gr.

Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að skemmtunum í umdæmi sínu sem ítrekað hafa hagað sér ósæmilega á skemmtunum.

Lögreglustjóri skal tilkynna forstöðumönnum samkomustaða um slíkt bann og er þá alfarið óheimilt að veita hlutaðeigandi mönnum aðgang að skemmtunum.

11. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að gefa út almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað þar sem skemmtanir fara reglubundið fram, enda skuldbindi forstöðumaður veitingastaðarins sig til að hlíta að öðru leyti reglum undanfarandi greina, þ. á m. um greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar vegna ráðstafana sem lögreglustjóri ákveður, sbr. 2. gr., svo og til að ábyrgjast að fullnægt verði ákvæðum laga og reglugerða um skemmtanaskatt og söluskatt að því er varðar skemmtanahald á veitingastaðnum.

Forstöðumaður veitingastaðar skal gera lögreglustjóra grein fyrir því hvernig skemmtanahald á veitingastaðnum er fyrirhugað og veita lögreglustjóra að öðru leyti allar þær upplýsingar sem honum er þörf á vegna eftirlits og framkvæmdar löggæslu, samkvæmt nánari ákvörðun lögreglustjóra. Forstöðumaður skal og tilkynna lögreglustjóra ef veruleg frávik á skemmtanahaldi eru fyrirhuguð frá því sem áður hefur verið tilkynnt.

12. gr.

Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað má gefa út fyrir allt að eitt ár í senn. Fyrir veitingastað sem starfað hefur í 2 ár samfleytt er heimilt að gefa leyfi út fyrir allt að fjögur ár í senn.

Lögreglustjóri getur hvenær sem er afturkallað almennt skemmtanaleyfi fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, svo sem

a) ef regla er eigi nægilega góð,
b) ef brotnar eru reglur sem um reksturinn gilda, og
c) ef sérstakar ástæður mæla gegn því að skemmtun fari fram.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

13. gr.

Skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkomum sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum skal slíta í síðasta lagi klukkan eitt eftir miðnætti. Skemmtanir, dansleikir og önnur samkvæmi sem hefjast að kvöldi föstudags eða laugardags eða kvöldið fyrir almennan frídag mega þó standa til klukkan þrjú eftir miðnætti.

14. gr.

Ef um er að ræða árshátíð, afmælisfagnað eða aðra þess háttar samkomu sem fyrst og fremst er ætluð félagsmönnum og gestum þeirra en skemmtun er eigi ætluð almenningi er lögreglustjóra heimilt að leyfa að skemmtun standi einni klukkustund lengur en greinir í 13. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að leyfa að áramótafagnaðir standi til klukkan 4 að morgni nýársdags.

15. gr.

Ef sérstaklega stendur á getur dómsmálaráðuneytið heimilað lögreglustjóra að leyfa að skemmtun standi lengur en greinir í 13. gr. og 14. gr.

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. og 11. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972 og lögum um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120 22. desember 1947, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um löggæslu á skemmtunum, nr. 273 12. júlí 1977, og reglur um slit á skemmtunum og öðrum samkomum, nr. 87 26. mars 1976, sbr. reglur nr. 280 3. júlí 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr. þeirra laga, skulu hækka frá 1. janúar n.k. að telja um 5% frá því, sem þær eru hinn 31. desember 1987.

Upphæðir tekjutryggingar og heimilisuppbótar skulu hækka frá sama tíma um 8% frá því, sem þær eru hinn 31. desember 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 589 16. desember 1987

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 463/1984, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum vegna endursendingar, eyðileggingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum.

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollyfirvaldi skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.
   Beiðni um tollskoðun skal leggja fram í tvíriti og skal sá sem skoðunar óskar halda afritinu/ljósritinu eftir með stimpli tollgæslunnar sem kvittun fyrir því að beiðnin hafi verið lögð fram.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 113. gr. tollalaga, nr. 55/1987, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. desember 1987.

F.h.r.
Lárus Ögmundsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUGERÐ

um bifreiðagjald.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1988 skal greiða til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi.

Með gjaldskyldri bifreið samkvæmt lögum þessum er átt við vélknúið ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
c. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
d. Fjórhjól er fellur undir tollskrárnúmer 8703.1012.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu bifreiðar sker fjármálaráðherra úr.

2. gr.

Bifreiðagjald skal vera sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd allt að 2500 kg skal greiða 2,15 kr. fyrir hvert kílógram af eigin þyngd bifreiðar eða minna, þó aldrei lægra gjalda en 1 000 kr. vegna hverrar bifreiðar á hverju gjaldtímabili, sbr. 3. gr.
b. Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd 2500 kg eða þyngri skal greiða 5 375,00 kr. á hverju gjaldtímabili vegna hverrar bifreiðar, sbr. 3. gr.

3. gr.

Gjalddagar bifreiðagjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember, en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skal gjaldið innheimtast þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Gjald vegna nýskráðra bifreiða skal greiðast í hlutfalli við skráningartíma þeirra á gjaldtímabilinu og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald skal þó aldrei vera lægra en 500 kr. Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við skráningu.

Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eigendaskipti að bifreið án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Eigi skal endurgreiða gjald af bifreið, sem greitt hefur verið af, þótt eigendaskipti verði, hún flutt í annað skráningarumdæmi eða afskráð. Gildir greiðslan fyrir bifreiðina hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

4. gr.

Af bifreiðum í eigu þeirra, sem njóta örorkustyrks, styrks vegna örorku barna eða örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins, skal ekki greiða bifreiðagjald samkvæmt þessari reglugerð. Ef aðili sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds samkvæmt þessari málsgrein á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngri.

5. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessum kafla, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjaldsins.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu gjaldheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

6. gr.

Fjárhæðir, sem um ræðir í 2. og 3. gr., skulu breytast tvisvar á ári í samræmi við byggingarvísitölu, sbr. lög nr. 42/1987, sem hér segir:

1. Hinn 1. janúar skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á byggingarvísitölu sem í gildi er 1. júní og byggingarvísitölu sem í gildi er 1. desember næstan á undan gjalddaga.
2. Hinn 1. júlí skulu þær taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á byggingarvísitölu sem í gildi er 1. desember og byggingarvísitölu sem í gildi er 1. júní næstan á undan gjalddaga.

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. júlí 1988 í samræmi við mismun sem verður á byggingarvísitölu sem í gildi var hinn 1. desember 1987 og þeirri sem í gildi verður hinn 1. júní 1988.

7. gr.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga.

8. gr.

Innheimtu bifreiðagjalds annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela Bifreiðaeftirliti ríkisins innheimtu bifreiðagjalds.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 68/1987 og öðlast þegar gildi.

Fjámálaráðuneytið, 28. desember 1987

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.

REGLUGERÐ

um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

1. gr.

Til staðgreiðsluskyldra launa, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1985, um staðgreiðslu opinberra gjalda, teljast, auk hvers konar endurgjalds fyrir vinnu, ökutækjastyrkir, hlunnindi, flutningspeningar, ferðapeningar, dagpeningar og aðrar starfstengdar greiðslur, aðrar en þær sem samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að halda utan staðgreiðslu.

Greiðslur utan staðgreiðslu.

2. gr.

Eftirtaldar greiðslur falla ekki undir staðgreiðslu:

1. Ökutækjastyrkir sem greiddir eru samkvæmt sundurliðuðum gögnum, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar.
2. Dagpeningar, ferðapeningar og hliðstæður ferða- og dvalarkostnaður sem greiddur er í samræmi við 6. gr. reglugerðar þessarar.
3. Atvinnuleysistryggingabætur frá Tryggingastofnun ríkisins.
4. Sjúkradagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins og vátryggingafélögum.
5. Slysadagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins og vátryggingafélögum.
6. Framfærslustyrkir frá sveitarfélögum.
7. Sjúkrabætur frá verkalýðsfélögum.
8. Útfararstyrkir frá verkalýðsfélögum.
9. Uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiðar, sbr. lokamálslið 4. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum.
10. Greiðslur til vistmanna á elliheimilum og stofnunum skv. 6. tölul. 51. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, og 3. tölul. 26. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraða.
11. Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té.
12. Dreifbýlisstyrkir námsmanna greiddir samkvæmt lögum nr. 69/1971, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.
13. Verkfallsstyrkir frá verkalýðsfélögum.
14. Vinningar í happdrætti, veðmál og keppni.
15. Risnufé sem greitt er launamanni samkvæmt reikningi frá þriðja aðila sem endurgreiðsla á risnukostnaði launamanns í þágu launagreiðanda. Séu framangreind skilyrði eigi uppfyllt skal reikna staðgreiðslu af greiddu risnufé.
16. Ýmsar launagreiðslur sem eigi tengjast atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi launagreiðanda. Sem dæmi um slíkar greiðslur í einkaþágu greiðanda má nefna greiðslur fyrir hús- og heimilishjálp og svipuð persónubundin störf sem ekki fara fram úr 60.000 kr. samtals á ári. Sama gildir um svipaðar greiðslur óskattskyldra aðila, t.d. húsfélaga, sem ekki fara fram úr 120.000 kr. samtals á ári.
17. Endurgjald sem maður skal reikna sér vegna starfs við sjálfstæða starfsemi sína ef starfsemin er svo óveruleg að reiknuð laun manns vegna slíkrar starfsemi verði eigi hærri, miðað við heilt ár, en 100.000 kr.
18. Reiknuð laun barna, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Fjárhæðir skv. 16. og 17. tölul. 1. mgr. þessarar greinar eru grunnfjárhæðir miðaðar við 1. desember 1987 og skulu þær breytast í samræmi við lánskjaravísitölu, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ökutækjastyrkir.

3. gr.

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu greiðslu launagreiðanda fyrir afnot af eigin bifreið launamanns þegar sannanlega er um að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar sem til er kominn vegna aksturs tiltekinnar vegalengdar í þágu launagreiðanda, að svo miklu leyti sem slík greiðsla er undir þeim mörkum sem ríkisskattstjóri setur hverju sinni.

Heimild þessi er að öðru leyti bundin þeim skilyrðum að færð sé akstursdagbók eða aksturssk ýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launamanni, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis. Gögn þessi skulu færð reglulega og vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess, hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni.

Akstur launamanns á milli heimilis hans og venjulegs vinnustaðar fellur ekki undir skilgreiningu hér að framan. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur greiðsla fyrir slík afnot ökutækis fallið undir endurgreiddan bifreiðakostnað, enda séu slík afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

4. gr.

Fái launamaður greiddan reksturskostnað bifreiðar fyrir akstur í þágu launagreiðanda samkvæmt framlögðum reikningum, frá launamanni sjálfum eða frá þriðja aðila, skal fara með slíkar greiðslur eins og ökutækjastyrki og telja þær til tekna við ákvörðun staðgreiðslu.

5. gr.

Af ökutækjastyrkjum, öðrum en þeim er greinir í 3. gr., ber að reikna staðgreiðslu. Hins vegar getur launamaður lagt fram með skattframtali sínu gögn um sannanlegan akstur í þágu launagreiðanda, sbr. 1. tölul. A-liðs 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og kemur þá sá kostnaður sem sannað er að sé í þágu launagreiðanda til frádráttar við álagningu.

Dagpeningar, ferðapeningar og ferðakostnaður.

6. gr.

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu greiðslum launagreiðanda á ferðakostnaði launamanns á vegum hans, þ.m.t. fargjöldum, sem greiddur er samkvæmt reikningi frá þriðja aðila.

Ennfremur er heimilt að halda utan staðgreiðslu dagpeningum og hliðstæðum endurgreiðslum á ferða- og dvalarkostnaði vegna launagreiðanda, enda sé fjárhæðin innan þeirra marka sem leyfist til frádráttar samkvæmt reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. tölul. 30. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Framangreindar heimildir eru bundnar þeim skilyrðum að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.

7. gr.

Af öðrum greiðslum launagreiðanda vegna ferðalaga launamanns en þeim er að framan greinir ber að reikna staðgreiðslu. Hins vegar getur launamaður lagt fram með skattframtali sínu gögn um kostnað sem hann hefur sannanlega borið vegna ferða á vegum launagreiðanda, sbr. 1. tölulið A.-liðs 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og kemur þá slíkur kostnaður til frádráttar við álagningu.

Almenn ákvæði.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar breyta í engu framtals- og skattskyldu þeirra greiðslna sem reglugerðin fjallar um.

9. gr.

Ríkisskattstjóri úrskurðar um ágreining vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson.

28. desember 1987 Nr. 592

REGLUGERÐ

um brunavarnagjald.

1. gr.

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast vátryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum, sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið skal nema 0.045‰ af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár svo og samsettra vátrygginga, sem fela í sér brunatryggingu.

Gildi vátrygging skemur en eitt ár, skal innheimta brunavarnagjald í hlutfalli við gildistímann.

2. gr.

Á iðgjaldakvittun tryggingafélaga og þeirra, sem annast vátryggingar skal koma fram sundurgreining milli annars vegar fjárhæðar iðgjalds brunatryggingar og hins vegar fjárhæðar brunavarnagjaldsins.

3. gr.

Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram, þegar ársreikningar aðilanna liggja fyrir.

4. gr.

Reglugerð þessi skal öðlast gildi hinn 1. janúar 1988.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál með síðari breytingu.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um þungaskatt.

1. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	46 520	2800 - 2999	76 490
1000 - 1999	59 460	3000 - 3199	79 890
2000 - 2199	62 860	3200 - 3399	83 300
2200 - 2399	66 270	3400 - 3599	86 710
2400 - 2599	69 680	3600 - 3799	90 110
2600 - 2799	73 090	3800 - 3999	93 520

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	60 470	2800 - 2999	99 400
1000 - 1999	77 300	3000 - 3199	103 830
2000 - 2199	81 720	3200 - 3399	108 250
2200 - 2399	86 140	3400 - 3599	112 670
2400 - 2599	90 564	3600 - 3799	117 090
2600 - 2799	94 990	3800 - 3999	121 510

2. gr.

Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0 - 4,9	2,96	15,0 - 15,9	6,78
5,0 - 5,9	3,40	16,0 - 16,9	7,32
6,0 - 6,9	3,67	17,0 - 17,9	7,86
7,0 - 7,9	3,84	18,0 - 18,9	8,34
8,0 - 8,9	4,02	19,0 - 19,9	8,97
9,0 - 9,9	4,20	20,0 - 20,9	9,44
10,0 - 10,9	4,46	21,0 - 21,9	9,99
11,0 - 11,9	4,62	22,0 - 22,9	10,62
12,0 - 12,9	5,21	23,0 - 23,9	11,12
13,0 - 13,9	5,70	24,0 - 24,9	11,63
14,0 - 14,9	6,30	25,0 og þyngri	12,20

3. gr.

a. Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ.e. akstur almenningsvagna eða sérleyfisferða, skal greiða 30% af þeim þungaskatti er um getur í 2. gr. Við ákvörðun á aksturslengd vegna sérleyfisferða skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0-15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Sé sérleyfisakstri að staðaldri sinnt af léttari bifreið skal þó miðað við raunverulega þyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

b. Af akstri vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagnar, umfram 25.000 km á ári skal veittur 10% afsláttur af þungaskatti skv. 2. gr. Af akstri þessara ökutækja umfram 35.000 km á ári skal veittur 20% afsláttur og 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45.000 km á ári.

Af akstri annarra bifreiða skal afsláttur þessi vera 10% af akstri umfram 25.000 km á ári og 20% af akstri umfram 45.000 km á ári.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum, talið frá og með 10. október ár hvert.

c. Eigendur bifreiða er um getur í 1. gr. geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera það sama og greiða ber af bifreiðum sem eru 4,0-4,9 tonn að heildarþyngd. Greiða skal 1/12 hluta árgjalds skv. 1. gr. fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

d. Noti bifreið innlendan orkugjafa skal þungaskattur vera helmingi lægri en kveðið er á um í 1. og 2. gr. eftir því sem við á hverju sinni.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13.000 kg sé um bifreið að ræða, en 6.000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar, festi- og tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir ökumæla, ísetningu þeirra, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu akstursbókar, o.þ.h., gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Réttur til endurgreiðslu og afsláttar þungaskatts fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði. Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

6. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og eigi er ætlað að vera hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn, skal greiða þungaskatt samkvæmt sérstakri reglugerð þar að lútandi. Sama á við um tengi- og festivagna, sem að leyfðri heildarþyngd eru 6 tonn eða meira og skrásettar eru erlendis.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 1. og 2. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 1. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

7. gr.

Þungaskatt samkvæmt 1. gr. skal greiða tvisvar á ári. Gjalddagar skattsins eru 1. janúar vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal innheimtast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi orðið eigendaskipti að bifreið án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Þungaskatt skv. 2. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal greiðast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ.e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert, og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

9. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. 2. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja dagsektir á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 180 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 8. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni að fella niður dagsektir skv. 1. mgr. hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðist við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið, enda teljist það eðlilegt eftir atvikum.

10. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessari reglugerð, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiða skal ekki fara fram nema skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns hafi áður verið greitt af bifreiðinni til næstu áramóta, svo og gjaldfallinn þungaskattur.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

11. gr.

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir bifreiðar, sem gjaldskyld er skv. 2. gr., er eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar álag sem nemur þungaskatti af allt að 10.000 km akstri á mánuði, en 15.000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Álag þetta innheimtist eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandalaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins eða viðkomandi skattheimtumanni og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

12. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín sem orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

13. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri.

Séu gjöld samkvæmt reglugerð þessari ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

14. gr.

Eftirlitsmönnum með ökumælum er heimilt að stöðva bifreiðar, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að kanna hvort fyrirmæli reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum séu haldin.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1988, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald. Með reglugerð þessari fellur reglugerð nr. 516/1986 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sigurgeir Jónsson

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Áfrýjunarleyfi	1 500
2. Nóvaleyfi	1 500
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	900
4. Lögskilnaðarleyfi	1 500
5. Ættleiðingarleyfi	1 500
6. Leyfisbréf til heildsölu	70 200
7. Leyfisbréf til umboðssölu, verðbréfamiðlunar eða fyrir verðbréfasjóð	35 100
8. Leyfisbréf til smásölu	16 900
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	14 300
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	1 500
11. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	19 500
12. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi	9 800
13. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veisluþjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi	6 800
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11. — 13. tl.	1 500
15. Leyfi til tækifærisveitinga	1 500
16. Leyfi fyrir vínveitingastað	
a. til eins árs eða skemur	18 200
b. til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	31 200
c. til lengri tíma en tveggja ára	61 100
17. Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	1 500
18. Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað	
a. til eins árs eða skemur	50 000
b. til lengri tíma en eins árs	180 000
19. Iðju- og iðnaðarleyfi	9 800
20. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	14 300
21. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	4 000
22. Leyfi til að stunda almennar lækningar	4 000
23. Leyfi til að stunda sérlækningar	14 300
24. Leyfi til að stunda tannlækningar	4 000
25. Sérfræðileyfi til tannlækninga	14 300
26. Leyfi til fasteignasölu	31 200
27. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	2 200
28. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	900
29. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	2 200
30. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	1 000
31. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	14 300
32. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	4 700
33. Endurnýjun á söluleyfi skv. 31. tl.	1 100
34. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	2 900

	kr.
35. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	900
36. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	1 900
37. Leyfi til þorskfisknetaveiða	5 400
38. Leyfi til dragnótaveiða	5 400
39. Leyfi til humarveiða	5 400
40. Leyfi til rækjuveiða innan fjarða	5 400
41. Leyfi til úthafsrækjuveiða	5 400
42. Leyfi til skelveiða	5 400
43. Leyfi til loðnuveiða	5 400
44. Leyfi til síldveiða:	5 400
a. Í hringnót	5 400
b. Í reknet	5 400
c. Í lagnet	1 800
45. Leyfi til botnfiskveiða	5 400
46. Leyfi til kolmunnaveiða og spærlingsveiða	5 400
47. Leyfi til hrefnuveiða	5 400
48. Leyfi til skammtíma- og tilraunaveiða	1 800
49. Leyfi til að starfrækja rækju- og hörpudiskvinnslu	70 200
50. Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	1 000

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18 — 66 ára)	1 500
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	600
3. Ökuskírteini bifreiðastjóra (18 — 66 ára)	1 500
4. Ökuskírteini bifreiðastjóra fyrir aðra	600
5. Bráðabirgðaskírteini bifreiðastjóra	600
6. Skírteini til aksturs bifhjóls	1 500
7. Ökuskírteini, alþjóðlegt	900
8. Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	900
9. Meistarabréf	4 700
10. Sveinsbréf	1 000
11. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A	1 500
12. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B	2 200
13. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C	2 900
14. Vélstjórnarskírteini, hvert skírteini	2 200
15. Flugnema- og svifflugmannsskírteini	900
16. Einkaflugmannsskírteini	1 500
17. Atvinnuflugmannsskírteini, III fl.	1 500
18. Atvinnuflugmannsskírteini, II fl.	2 900
19. Atvinnuflugmannnsskírteini, I fl.	4 300
20. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns- og flugumferðarstjóra-skírteini	2 900
21. Skírteini til kvikmyndasýninga	
a. staðbundin skírteini	900
b. sveinsskírteini	900
c. meistaraskírteini	1 500

	kr.
22. Naglabyssuskírteini	900
23. Skírteini fyrir suðumenn	900

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	kr.
1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags	6 800
2. Skráning útibús	3 500
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	4 600
4. Skráning firma eins manns	2 700
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	4 700
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	800
7. Tilkynning um prókúru, sérstök	800
8. Afturköllun prókúru	600
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	2 900
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	1 500
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	4 300
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	1 500
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	2 900
14. Skráning bifhjóls, umskráning	1 500
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	1 500
16. Skráning og umskráning létts bifhjóls	1 100
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	1 100
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	1 100
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	1 100
20. Skráning og umskráning dráttarvélar	1 100
21. Skráning eigendaskipta að dráttarvél	1 100
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	1 500
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	1 500
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs	5 700
25. Skráning loftfars til einkaflugs	4 300
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	2 200
27. Skráning kaupmála	900

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðist 180 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 1 150 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 1 580 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og flutningaskip, sem kemur frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 20 kr. af hverri nettórúmlest skipsins. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 20 kr. af hverri nettórúmlest skipsins er það tekur höfn hérlendis. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

	kr.
1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o.fl.)	4 600
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjóra o.fl.)	1 000

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

	kr.
1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	600
2. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	400
3. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	400
4. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	100
5. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	130
6. Fyrir veðbókarvottorð	200
7. Fyrir önnur embættisvottorð	130
8. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	50

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

	kr.
Fyrir vélritaða síðu (hluti úr síðu telst heil síða)	50
Lægstu ritlaun eru	130

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, 20 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 516/1986, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1987.

F.h.r.
Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

24. desember 1987 Nr. 595

AUGLÝSING

um sameiningu Helgustaðahrepps í Suður-Múlasýslu við Eskifjarðarkaupstað í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Helgustaðahrepp í Suður-Múlasýslu og Eskifjarðarkaupstað í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Eskifjarðarkaupstaður.
2. Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað.
3. Íbúar Helgustaðahrepps og Eskifjarðarkaupstaðar skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Helgustaðahrepps skulu afhendast Eskifjarðarkaupstað til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Eskifjarðarkaupstað í kosningum þeim sem fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé.

1. gr.

Ríkissjóður skal ávísa til allra sveitarfélaga í landinu innborgun vegna skila á staðgreiðslufé á tímabilinu janúar til loka júní 1988. Innborgun þessi er til bráðabirgða upp í hlutdeild sveitarfélaganna af innheimtu staðgreiðslufé, sbr. 20. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

Bráðabirgðaskil til hvers sveitarfélags skulu ákveðin með eftirfarandi hætti:

Útsvarsstofn hvers sveitarfélags við álagningu 1987 (tekjuár 1986) skal framreiknaður með stuðlinum 1,74.

Hinn framreiknaði stofn skal síðan margfaldaður með útsvarsprósentu í staðgreiðslu fyrir 1988, 6,7%, og þannig fundið til viðmiðunar áætlað útsvar hvers sveitarfélags sem koma ætti til innheimtu í staðgreiðslu vegna ársins 1988.

Áætlun fyrir hvert sveitarfélag skal margfölduð með umsömdu hlutfalli og fundin bráðabirgðainnborgun ríkissjóðs fyrir hvern mánuð.

Hlutföll þessi ákveðast sem hér segir:
Í janúar 1988 sem samsvarar 1,3 % af áætlun samkvæmt þessari grein.
Í febrúar 1988 sem samsvarar 4,4 % af áætlun samkvæmt þessari grein.
Í mars 1988 sem samsvarar 5,9 % af áætlun samkvæmt þessari grein.
Í apríl 1988 sem samsvarar 6,3 % af áætlun samkvæmt þessari grein.
Í maí 1988 sem samsvarar 6,8 % af áætlun samkvæmt þessari grein.
Í júní 1988 sem samsvarar 7,3 % af áætlun samkvæmt þessari grein.
Hlutfall hvers mánaðar er hið sama fyrir öll sveitarfélög.

3. gr.

Ríkissjóður skilar upp í staðgreiðsluhluta útsvars til hvers sveitarfélags fyrir hvern mánuð samkvæmt útreikningsreglu 2. gr. Hver mánaðarinnborgun skal innt af hendi í fjórum hlutum, nema í janúar, þá eru skiladagar tveir. Skiladagar verði í janúar 11. og 25., en í öðrum mánuðum 4., 11., 18. og 25. eða næsti virkur dagur á eftir.

4. gr.

Skil ríkissjóðs samkvæmt 3. gr. eru innborgun inn á hluta viðkomandi sveitarfélags af innheimtu staðgreiðslufé á gildistíma samningsins.

Uppgjör skal fara fram þegar mögulegt verður að sundurliða skilagreinar staðgreiðslu á launamenn og skipta á innheimtufé milli sveitarfélaga með vélrænni úrvinnslu.

Ef innborganir ríkisins til einhvers sveitarfélags reynast hafa verið of háar við lokauppgjör skal ríkisbókhald gefa viðkomandi innheimtumanni eða gjaldheimtu fyrirmæli um að halda eftir af staðgreiðsluuppgjöri til viðkomandi sveitarfélags fjárhæð til að leiðrétta mismuninn og endurgreiða ríkissjóði. Ef bráðabirgðaskil ríkissjóðs reynast of lág til einhvers sveitarfélags skal ríkissjóður greiða mismuninn.

Vextir skulu ekki reiknast í viðskiptum þessum.

5. gr.

Ríkisbókhald skal annast útreikning á bráðabirgðaskilum til sveitarfélaganna og sjá um uppgjör við þau, þegar endanleg skipting staðgreiðslufjár liggur fyrir.

6. gr.

Á gildistíma samningsins skal allt staðgreiðslufé sem skilað er samkvæmt 20. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberrra gjalda, með síðari breytingum, renna inn á reikning í umsjón ríkissjóðs.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1988 og gildir til 30. júní 1988.

Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1987.

F.h.r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

29. desember 1987 Nr. 597

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1988.

1. gr.

Á árinu 1988 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 17 888 kr. með fyrsta barni en 26 832 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 17 888 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en greinir í 1. málsgrein, þó að lágmarki 53 664 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Fjárhæðir þær er tilgreindar eru í þessari grein miðast við lánskjaravísitölu sem í gildi var 1. desember 1987 eða 1886 stig.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslið 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna tímabilsins apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Ríkisbókhald annast útborgun barnabóta samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Sá hluti barnabóta sem er ógreiddur 1. júlí 1988 skal hækka sem samsvarar hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun sem er á lánskjaravísitölu sem í gildi var 1. desember 1987 og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní 1988.

9. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt öðlast gildi 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.

28. desember 1987 Nr. 598

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi þessu. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Vegna útflutnings frá og með 1. janúar til og með 31. mars 1988 skal gjaldið vera sem hér segir:

	Aurar af hverju kílógrammi
Þorskur	100
Ufsi	20

Miðað er við slægðan fisk með haus.

2. gr.

Upplýsingar útflytjenda um magn einstakra fisktegunda og heildarmagn skulu tilgreindar í útflutningsleyfi.

Jafnframt skal koma fram í útflutningsleyfi í hvaða banka gjaldeyrisskil fari fram vegna útflutnings.

3. gr.

Viðskiptaráðuneytið sendir hlutaðeigandi viðskiptabanka útflytjanda, sbr. 2. mgr. 2. gr., afrit af útflutningsleyfi og innheimtir bankinn gjald á grundvelli upplýsinga samkvæmt 1. mgr. 2. gr. af fyrstu gjaldeyrisskilum sem bankanum berast vegna útflutningsins.

Lokaskil fara fram þegar bankanum berast endanlegar magntölur vegna útflutningsins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 66, 10. júlí 1987, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 448, 30. september 1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1987.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Vitagjald kr. 61,00 af hverri brúttórúmlest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmlestir eða stærri og taka höfn hér á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 9,20.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. mars ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða ⅕ hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn, sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl, og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 488 3. desember 1986.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1988.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1987 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1988. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1988 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 13,1% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1987. Að því er menn varðar er þó einungis átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1987 en tekjuskatt, sjúkratryggingagjald, sóknargjald og gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta fyrirframgreiðslu ef hún nær ekki 1 000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1988 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1986 og 1987 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1987 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1986 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 31%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1988 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1987.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

Nr. 601 29. desember 1987

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

	Kr.
1. Vottorð um veður.	
1.1. Grunngjald	420
1.2. Hvert atriði í veðurathugun	7
1.3. Endurrit á veðurspám	
Veðurlýsing, yfirlit	95
Veðurspá fyrir spásvæði	95
Sé vottorð gefið á erlendu máli leggjast 50% ofan á grunngjald.	
2. Sérþjónusta á veðurspádeild.	
2.1. Teiknuð drög að Íslandskorti, 24 klst. eða 36 klst. spár	565
2.2. Teiknuð drög að Íslandskorti fyrir sjónvarp, 24 klst. spár	565
2.3. Fullunnið yfirlitskort fyrir dagblöð	1 125
2.4. Sérsamdar veðurhorfur fyrir afmörkuð svæði	285
2.5. Fyrir aðra sérþjónustu sem unnin er reglulega er tímaeining metin og sama viðmiðun notuð.	
3. Útseld vinna sérfræðinga á klukkustund.	
3.1. Almenn sérfræðistörf	1 540
3.2. Umfangsmikil sérfræðistörf	1 645
3.3. Sérfræðistörf með stjórnun	1 761
4. Útseld tölvugögn.	
4.1. Farið inn á afleiddar skrár á stöð og mánuð	14
4.2. Frumathuganir (á 1000 athuganir)	140
4.3. Lágmarksgjald beggja liða	1 400
4.4. Tölvuvinnslukostnaður greiðist samkvæmt tímareikningi tölvu og taxta SKÝRR.	
5. Önnur þjónusta.	
5.1. Sérunnið mánaðaryfirlit á stöð og mánuð	650
5.2. Tölvuprentun á mánaðaryfirliti á stöð og mánuð	200
5.3. Clímat-áskrift á stöð og mánuð — 1 stöð á ári	1 700
5.4. Fyrir hverja stöð til viðbótar	250

6. Innheimta.

6.1. Gjöld þessi greiðast hjá gjaldkera Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30, 7. júní 1985, um Veðurstofu Íslands, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um sama efni, nr. 480, 27. nóvember 1986.

Samgönguráðuneytið, 29. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.

11. desember 1987 Nr. 602

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bolungarvík.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald í Bolungarvík skal vera kr. 500,00 á mánuði frá og með 1. mars 1988.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera 4 000,00 í fyrsta skipti, kr. 8 000,00 í annað skipti og kr. 12 000,00 í þriðja skipti frá og með 1. mars 1988.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Bolungarvíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi frá og með ofangreindum degi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Bolungarvíkurkaupstað nr. 118 frá 13. mars 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

28. desember 1987 Nr. 603

AUGLÝSING

um áskriftargjald Stjórnartíðinda.

Áskriftargjald hefur verið ákveðið kr. 1 500,00 fyrir árganginn 1988.
Einstök hefti kosta kr. 50 séu þau minna en 50 bls., en kr. 100 séu þau stærri.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1987.

AUGLÝSING

um gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákveðið hefur verið að greitt skuli gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

Lágmarksgjald fyrir birtingu efnis allt að einni blaðsíðu er kr. 3 500,00.

Fyrir hverja byrjaða síðu umfram fyrstu síðu greiðist kr. 3 500,00.

Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé í aukaútgáfu skal greiða með 50% álagi á framangreint gjald.

Fyrir efni sem sent er til birtingar fullfrágengið, þ. e. sett í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg og prófarkalesið, er veittur 40% afsláttur.

Sé efni skilað á disklingi sem unnt er að vinna af í setningartölvu ríkisprentsmiðjunar Gutenberg er veittur 20% afsláttur.

Gjaldskrá þessi tekur til efnis sem birta á í B-deild 1988 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1987.

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 — 1987

29. desember 1987 1201 Nr. 605

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

1. gr.

Sé tollverð innfluttrar vöru eða einhver hluti þess tilgreindur í erlendri mynt skal breyta því eða hluta þess í íslenska mynt miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Tollafgreiðslugengi er sölugengi erlendrar myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands og í gildi er við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar eða næsta vinnudag þar á eftir ef ekki er opið í banka þann dag. Skal tollafgreiðslugengi, þannig ákveðið, gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð á eftir, enda fari fullnaðartollafgreiðsla viðkomandi vöru fram í þeim mánuði, sbr. þó 5. gr.

Tollafgreiðslugengi viðkomandi erlendrar myntar skv. 1. mgr. fellur úr gildi ef skráning Seðlabankans á sölugengi hennar fellur niður eða tollafgreiðslugengi er breytt skv. 3. gr.

Hafi skráning á sölugengi erlendrar myntar verið felld niður er fyrsta sölugengi myntar sem Seðlabankinn skráir að nýju það tollafgreiðslugengi sem gilda skal til loka mánaðarins, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Verði breyting, 5% eða meiri, á sölugengi einnar eða fleiri erlendra mynta milli gengisskráninga Seðlabankans ákveður fjármálaráðuneytið með auglýsingu nýtt tollafgreiðslugengi er gildi frá og með útgáfudegi þeirra Stjórnartíðinda sem hún er birt í til loka mánaðarins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Sé verð vöru tilgreint í erlendri mynt sem ekki er skráð í almennri gengisskráningu Seðlabankans skal tollafgreiða vöruna miðað við það sölugengi sem Seðlabankinn ákveður í hverju tilviki og skal það gilda til loka þess mánaðar þegar það var ákveðið, sbr. þó 5. gr.

5. gr.

Vöru sem hlotið hefur bráðabirgðatollafgreiðslu gegn tryggingu skv. 21. gr. tollalaga nr. 55/1987, skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem gilti þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fór fram, enda hafi verið gætt þeirra frestskilyrða sem tollstjóri setti þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu var veitt.

Ökutæki sem heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skv. 7. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til tollfrjáls innflutnings var veitt, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan mánaðar frá komudegi flutningsfars til landsins. Ökutæki sem tímabundinn innflutningur hefur verið heimilaður á umfram einn mánuð og eigi eru endurútflutt, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

B 81

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Vörur sem heimilaður er tímabundinn innflutningur á samkvæmt öðrum ákvæðum tollalaga eða sérstökum heimildum skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu var veitt, enda hafi fjártrygging í peningum verið sett eða skuldarviðurkenning sem ber hæstu vexti verið gefin út til tryggingar greiðslu ríkissjóðsgjalda, vara verði eigi endursend og fullnaðartollafgreiðsla fari fram innan þess frests sem tollstjóri ákvað við veitingu heimildarinnar. Sé trygging sett með öðrum hætti skal miða við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er við fullnaðartollafgreiðslu.

6. gr.

Þegar Seðlabankinn fellir niður gengisskráningu skal tollstjóri fella niður móttöku aðflutningsskjala þar til sölugengi erlendrar myntar er skráð að nýju.

Tollstjóra er þó heimilt þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr. að heimila bráðabirgðatollafgreiðslu á vörum gegn fjártryggingu í samræmi við 21. gr. tollalaga og þeim reglum sem settar hafa verið með stoð í henni. Í þeim tilvikum skal tollafgreiðslugengi vera sölugengi erlendrar myntar sem síðast var skráð af Seðlabankanum að viðbættu því álagi sem viðkomandi viðskiptabanki ákveður til bráðabirgða fyrir gjaldeyrisyfirfærslur vegna innfluttra vara. Ríkissjóðsgjöld, við það miðað, skulu innheimt án frekara álags, enda séu aðflutningsskjöl að öðru leyti fullnægjandi. Fjártrygging sem sett hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal gerð upp miðað við það tollafgreiðslugengi sem gildi tekur er sölugengi erlendrar myntar er skráð að nýju af Seðlabankanum og skal innflytjandi afhenda viðkomandi tollstjóra vegna lokauppgjörs fullnægjandi aðflutningsskjöl innan fimm virkra daga frá gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, nema lengri frestur hafi verið veittur. Liggi hins vegar fullnægjandi aðflutningsskjöl fyrir að mati tollstjóra skal hann gera aðflutningsgjöld upp samkvæmt hinu nýja gengi og senda innflytjanda mismun fjártryggingar og álagðra gjalda ásamt greiðslukvittun en krefja um viðbótargreiðslu reynist trygging ekki fullnægjandi.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 41/1985 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 606 22. desember 1987

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið sem hér segir:

Á 1. ársfjórðungi 1988:

Fyrir full afnot	kr. 3 190,00
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu	kr. 1 062,00

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntaálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 511, 18. desember 1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum.

1. gr.

25. gr. orðist svo:
Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Þórunn J. Hafstein.

30. desember 1987

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 512, 18. desember 1986, um auglýsingar í útvarpi.

1. gr.

9. gr. orðist svo:
Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Þórunn J. Hafstein.

22. desember 1987

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.

1. gr.

Við 2. gr., 3. tl. bætist nýr stafliður, er hljóðar svo:
„b. Heimilt er að greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldri (t.d. Turner's Syndrome), jafnvel þótt þau séu ekki auðkennd sérstaklega í lyfjaverðskrám, sbr. tl. 1 hér að framan."

2. gr.

4. gr., e-stafliður hljóði svo:

„e. Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) skulu merkt E,O og lyf í flokki V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt L,E,O í lyfjaverðskrám og greiðast samkv. ákvæðum 3. gr., enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefnu af trúnaðarlækni samlags. Sé lyfjaskírteini ekki fyrir hendi tekur samlag ekki þátt í greiðslu lyfsins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 610 16. desember 1987

REGLUGERÐ

um fyrstu breytingu á reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna nr. 137/1987.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný svohljóðandi málsgrein:

„Heimilt er þó að selja á almennum markaði varning til málningar eða lökkunar eða til fjarlægingar á málningu eða lakki, er inniheldur allt að því 1 l af díklórmetani (metýlendíklóríði), ef í varninginum eru einnig efni, er draga úr uppgufun díklórmetans. Heimild þessi tekur einnig til sölu varnings, sem seldur er í úðabrúsum, ef á brúsunum er getið innihaldsefna og rækilegar leiðbeiningar eru um notkun og varnaðarorð."

2. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, er verður 22. gr. og hljóðar svo:

„Ræsivökvi.

22. gr.

Heimilt er að selja á almennum markaði ræsivökva á vélar í úðabrúsum, er innihalda etra (díetýletra), ef brúsarnir rúma mest 200 ml og getið er innihaldsefna, varúðarreglna og leiðbeiningar um notkun eru á íslensku á brúsunum. Önnur efni má ekki nefna ræsivökva og selja á almennum markaði."

3. gr.

22. gr. reglugerðarinnar verður 23. gr. og 23. gr. verður 24. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	Skip flokkuð hjá Siglingamálast. ríkisins. Kr.	Skip flokkuð hjá viðurk. flokk.fél. Kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum að lengd	5 500	
Fyrir skip 8 metrar að lengd til 15 metrar	10 000	
Fyrir skip 15 metrar að lengd til 50 brl.	16 500	
Fyrir skip 51 brl. til 100 brl.	26 000	15 500
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl.	34 000	20 500
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl.	58 500	35 000
Fyrir skip 501 brl. til 1600 brl.	88 000	53 000
Fyrir skip 1601 brl. og yfir	96 000	57 500

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði.

1. Bátar sem eru 6 m langir og allt að 8 metrum.

		Kr.
A.	Fyrir samþykkt á teikningum	11 500
B.	Fyrir hleðslu- og stöðugleikaprófun ásamt reynslusiglingu	8 500
C.	Fyrir samþykkt á reiða seglbáta	5 500
D.	Fyrir eftirlit með smíði ásamt fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala	10 500
E.	Fyrir samþykkt á innfluttum bátum ásamt fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala	10 500

2. Bátar sem eru 8 m langir og allt að 10 metrum.

A.	Fyrir Samþykkt á teikningum	17 000
B.	Fyrir hleðslu- og stöðugleikaprófun ásamt reynslusiglingu	10 500
C.	Fyrir samþykkt á reiða seglbáta	5 500
D.	Fyrir eftirlit með smíði ásamt fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala	16 000
E.	Fyrir samþykkt á innfluttum bátum ásamt fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala	16 000

3. Skip sem eru 10 metrar og lengri.

A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfu skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m — 0.30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m — 0.26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar meðtalinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbætur).

Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/eða Ríkisábyrgða- sjóð, sé um fiskiskip að ræða og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.

B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% gjald skv. A- og C-lið þessarar málsgreinar.

C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.

4. Eftirlitsgjöld skv. 3. lið þessarar greinar skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingamálastofnun ríkisins. Lokagreiðsla fari fram við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstökum greiðslu- samningi ef hagkvæmt þykir þegar um meiri háttar viðgerð er að ræða.
2. Sé ekkigerður greiðslusamningur er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip allt að 500 brl.	2 550
Skip 500 brl. allt að 1000 brl.	3 300
Skip 1001 brl. allt að 2000 brl.	4 350
Skip 2001 brl. allt að 5000 brl.	5 850
Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjareikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 375.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 250 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 500 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

	Kr.
1. Útgáfa skráningarskírteinis	2 000
2. Útgáfa þjóðernisskírteinis	4 000
3. Útgáfa alþjóðamælibréfs	2 400
4. Afrit af alþjóðamælibréfi	600
5. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	600
6. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	300
7. Einkaleyfi á skipsnafni	36 000

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd skoðunar- og eftirlitsgjöld greidd að fullu og er það skilyrði fyrir umskráningu.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	Kr.
Opinn bátur	1 350
Þilfarsskip minna en 25 brl.	7 050
Þilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl.	9 750
Þilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl.	15 450
Þilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl.	23 850
Þilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl.	33 750
Þilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl.	44 850
Þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.	

Sé skip mælt tvenns konar mælingu skal greiða eitt og hálft gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegnamælinga skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir.

Vottorð um útstrkun skips af aðalskipaskrá 600

9. gr.

Rannsóknir.

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinna við framköllun röntgenmynda greiðist kr. 800 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir röntgenfilmur greiðist kr. 250 á hverja mynd.
2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu kr. 400 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanns við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipaskoðunar- og eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiðir eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanna.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglgerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51 30. mars 1987, 20 gr. laga um skráningu skipa nr. 115 31. desember 1985 og 15 gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 531 29. desember 1986.

Samgönguráðuneytið, 30. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 — 1987

31. desember 1987 1209 Nr. 612

REGLUGERÐ

um jöfnunargjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 3% jöfnunargjald. Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttra vara er um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar með þeim undantekningum er leiðir af ákvæðum 4. gr.

2. gr.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu á innfluttum vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við lög nr. 55/1987, tollalög, með áorðnum breytingum:

1504.1001	1516.2001	1604.1239	1604.2006	1605.9011	1902.2009
1504.1002	1516.2002	1604.1301	1604.2007	1605.9019	1902.3000
1504.1003	1516.2003	1604.1309	1604.2008	1605.9090	1902.4000
1504.1004	1516.2009	1604.1401	1604.2009	1704.1000	1905.1000
1504.1005	1603.0001	1604.1409	1604.3001	1704.9001	1905.2000
1504.1009	1603.0002	1604.1501	1604.3002	1704.9002	1905.3000
1504.2001	1603.0003	1604.1509	1604.3003	1704.9003	1905.4000
1504.2002	1603.0009	1604.1601	1604.3004	1704.9004	1905.9001
1504.2003	1604.1101	1604.1609	1604.3009	1704.9005	1905.9009
1504.2004	1604.1109	1604.1901	1605.1001	1805.0001	2008.1100
1504.2005	1604.1211	1604.1902	1605.1009	1805.0009	2008.1900
1504.2009	1604.1212	1604.1903	1605.2011	1806.1000	2008.2001
1504.3001	1604.1213	1604.1904	1605.2012	1806.2001	2008.3001
1504.3002	1604.1214	1604.1905	1605.2019	1806.2002	2008.4001
1504.3009	1604.1215	1604.1906	1605.2021	1806.2009	2008.5001
1505.1000	1604.1216	1604.1907	1605.2029	1806.3100	2008.6001
1505.9000	1604.1217	1604.1909	1605.3001	1806.3201	2008.7001
1506.0001	1604.1219	1604.2001	1605.3009	1806.3209	2008.8001
1506.0009	1604.1221	1604.2002	1605.4011	1806.9001	2008.9201
1516.1001	1604.1222	1604.2003	1605.4019	1806.9009	2008.9901
1516.1002	1604.1229	1604.2004	1605.4021	1902.2001	2009.1109
1516.1009	1604.1231	1604.2005	1605.4029	1902.2002	2009.1909

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2009.2009
2009.3009
2009.4009
2009.5009
2009.6009
2009.7009
2009.8009
2009.9009
2101.1001
2101.1009
2101.2001
2101.2009
2101.3000
2102.3000
2103.1000
2103.2000
2103.3000
2103.9001
2103.9002
2103.9009
2104.1001
2104.1002
2104.1003
2104.1004
2104.1009
2104.2001
2104.2002
2104.2009
2105.0001
2105.0009
2106.9019
2106.9021
2106.9022
2106.9029
2106.9031
2201.1000
2202.1001
2202.1009
2202.9001
2202.9009
2203.0001
2203.0009
2204.2101
2204.2901
2204.3000
2206.0000
2208.1000
2208.9009
2209.0000
2301.1001
2301.1002
2301.1009
2301.2011
2301.2012
2301.2013
2301.2014
2301.2015
2301.2016
2301.2017
2301.2018
2301.2019
2301.2021
2301.2022
2301.2023
2301.2029
2403.9901
2512.0001
2513.1100
2513.1900
2523.1000
2523.2100
2523.2900
2523.3000
2523.9000
2710.0082
2804.1000
2804.3000
2804.4000
2808.0000
2811.2100
2814.1000
2814.2000
3003.9004
3004.5004
3004.9004
3005.1000
3005.9000
3006.5000
3208.1001
3208.1002
3208.1003
3208.1004
3208.1009
3208.2001
3208.2002
3208.2003
3208.2009
3208.9001
3208.9002
3208.9003
3208.9004
3208.9009
3209.1001
3209.1002
3209.1009
3209.9001
3209.9002
3209.9009
3210.0011
3210.0012
3210.0019
3210.0021
3210.0029
3211.0000
3212.9001
3212.9009
3213.1000
3213.9000
3214.1001
3214.1009
3214.9000
3215.9000
3303.0001
3303.0002
3304.1000
3304.2000
3304.3000
3304.9100
3304.9900
3305.1001
3305.1009
3305.2000
3305.3000
3305.9000
3306.1000
3306.9000
3307.1000
3307.2000
3307.3000
3307.4100
3307.4900
3307.9001
3307.9002
3307.9009
3401.1101
3401.1102
3401.1103
3401.1109
3401.1901
3401.1909
3401.2001
3401.2002
3401.2009
3402.1109
3402.1209
3402.1309
3402.1909
3402.2011
3402.2012
3402.2019
3402.2090
3403.1901
3404.9001
3405.1000
3405.2001
3405.2009
3405.3000
3405.4001
3405.4009
3405.9009
3406.0001
3406.0009
3407.0009
3501.1000
3501.9000
3503.0009
3506.1000
3506.9100
3506.9900
3601.0000
3602.0000
3603.0000
3604.1000
3604.9001
3604.9009
3605.0000
3606.1000
3606.9000
3705.9009
3808.1000
3808.2001
3808.2009
3808.3000
3808.4000
3808.9000
3813.0000
3814.0000
3819.0000
3820.0000
3823.4000
3823.5000
3823.9004
3823.9009
3917.2100
3917.2200
3917.2300
3917.2900
3917.3100
3917.3200
3917.3300
3917.3900
3918.1001
3918.1002
3918.9001
3918.9002
3919.1000
3919.9001
3919.9009
3920.1001
3920.1002
3920.1009
3920.2001
3920.2009
3920.3001
3920.3009
3920.4101
3920.4109
3920.4202
3920.4209
3920.5100
3920.5900
3920.6101
3920.6109
3920.6201
3920.6209
3920.6301
3920.6309
3920.6901
3920.6909
3920.7101
3920.7109
3920.7301
3920.7309
3920.7901
3920.7909
3920.9101
3920.9109
3920.9201
3920.9209
3920.9301
3920.9309
3920.9401
3920.9409
3920.9902
3920.9909
3921.1100
3921.1201
3921.1202
3921.1209
3921.1300
3921.1400
3921.1901
3921.1909
3921.9003
3921.9009
3922.1000
3922.2000
3922.9001
3922.9009
3923.1001
3923.1009
3923.2109
3923.2909
3923.3000
3923.4000
3923.5000
3923.9001
3923.9009
3924.1000
3924.9000
3925.1000
3925.2000
3925.3000
3925.9000
3926.1009
3926.2000
3926.4000
3926.9022
3926.9029
4008.1101
4008.2101
4009.1000
4009.2001
4009.2009
4009.3001
4009.3009
4009.4000
4009.5000
4014.9000
4015.1100
4015.1900
4015.9000
4016.1009
4016.9100
4016.9200
4016.9400
4016.9509
4016.9913
4016.9918
4016.9919
4016.9921
4016.9929
4017.0001
4017.0009
4101.1000
4101.2109
4101.2200
4101.2900
4101.3009
4101.4001
4101.4009
4102.1001
4102.1002
4102.1003
4102.1009
4102.2100
4102.2901
4102.2909
4103.1001
4103.1002
4103.1009
4103.2000
4103.9001
4103.9002
4103.9003
4103.9004
4103.9005
4103.9009
4104.1000
4104.2101
4104.2109
4104.2201
4104.2209
4104.2901
4104.2909
4104.3101
4104.3109
4104.3901

4104.3909
4105.1100
4105.1200
4105.1900
4105.2000
4106.1100
4106.1200
4106.1900
4106.2000
4107.1000
4107.2100
4107.2900
4107.9001
4107.9002
4107.9003
4107.9009
4108.0000
4109.0000
4110.0000
4111.0000
4201.0001
4201.0009
4202.1100
4202.1200
4202.1900
4202.2100
4204.2200
4202.2900
4202.3100
4202.3200
4202.3900
4202.9100
4202.9200
4202.9900
4203.1001
4203.1009
4203.2100
4203.2901
4203.2909
4203.3000
4203.4000
4205.0009
4206.9000
4301.1000
4301.2000
4301.3000
4301.4000
4301.5000
4301.6000
4301.7000
4301.8000
4301.9001
4301.9009
4302.1100
4302.1200
4302.1300
4302.1901
4302.1902
4302.1903
4302.1904
4302.1905
4302.1906
4302.1907
4302.1908
4302.1909
4302.2001
4302.2002
4302.2009
4302.3001
4302.3009
4303.1000
4303.9000
4304.0009
4407.1001
4407.2101
4407.2201
4407.2301
4407.9101
4407.9201
4407.9901
4409.1000
4409.2000
4410.1001
4410.9001
4411.1101
4411.1901
4411.2101
4411.2901
4411.3101
4411.3901
4411.9101
4411.9901
4412.1101
4412.1201
4412.1901
4412.2101
4412.2901
4412.9101
4412.9901
4413.0001
4414.0000
4415.1000
4415.2000
4416.0009
4418.1000
4418.2000
4418.3000
4418.4000
4418.9001
4418.9009
4419.0000
4420.1000
4420.9001
4420.9009
4421.1000
4421.9013
4421.9021
4421.9029
4503.9009
4504.1002
4504.1009
4504.9009
4601.1000
4601.2000
4601.9100
4601.9900
4602.1009
4602.9009
4814.1000
4814.2000
4814.3000
4814.9000
4815.0000
4816.1000
4816.2000
4816.9000
4817.1001
4817.1009
4817.2000
4817.3000
4818.1000
4818.4001
4818.4009
4818.5000
4818.9000
4819.1009
4819.2009
4819.3009
4819.4009
4819.5009
4819.6000
4820.1001
4820.1009
4820.2000
4820.3000
4820.4000
4820.5000
4820.9000
4821.1009
4821.9000
4823.6000
4823.7009
4823.9004
4823.9009
4901.1001
4901.1009
4901.9101
4901.9109
4901.9901
4901.9909
4902.1001
4902.1009
4902.9001
4902.9009
4903.0000
4904.0000
4905.1000
4905.9101
4905.9109
4905.9901
4905.9909
4908.9000
4909.0001
4909.0009
4910.0000
4911.1001
4911.1009
4911.9101
4911.9109
4911.9900
5109.1000
5109.9000
5110.0001
5207.1000
5207.9000
5306.2001
5401.1001
5401.2001
5406.1001
5406.2001
5508.1001
5508.2001
5511.1000
5511.2000
5511.3000
5601.1001
5601.1009
5601.2109
5601.2209
5601.2909
5602.9001
5606.0000
5607.1002
5607.1009
5607.2100
5607.2902
5607.2909
5607.3002
5607.3009
5607.4100
5607.4902
5607.4909
5607.5002
5607.5009
5607.9002
5607.9009
5608.1909
5608.9009
5609.0009
5701.1000
5701.9000
5702.1000
5702.2000
5702.3100
5702.3200
5702.3900
5702.4100
5702.4200
5702.4900
5702.5100
5702.5200
5702.5900
5702.9100
5702.9200
5702.9900
5703.1001
5703.1009
5703.2001
5703.2009
5703.3001
5703.3009
5703.9001
5703.9009
5704.1000
5704.9000
5705.0001
5705.0009
5805.0000
5904.1000
5904.9100
5905.0000
6101.1000
6101.2000
6101.3000
6101.9000
6102.1000
6102.2000
6102.3000
6102.9000
6103.1100
6103.1200
6103.1900
6103.2100
6103.2200
6103.2300
6103.2900
6103.3100
6103.3200
6103.3300
6103.3900
6103.4100
6103.4200
6103.4300
6103.4900
6104.1100
6104.1200
6104.1300
6104.1900
6104.2100
6104.2200
6104.2300
6104.2900
6104.3100
6104.3200
6104.3300
6104.3900
6104.4100
6104.4200
6104.4300
6104.4400
6104.4900
6104.5100
6104.5200
6104.5300
6104.5900
6104.6100
6104.6200
6104.6300
6104.6900
6105.1000
6105.2000
6105.9001
6105.9009
6106.1000
6106.2000
6106.9001
6106.9009
6107.1100
6107.1200
6107.1901
6107.1909
6107.2100
6107.2200
6107.2901
6107.2909
6107.9100
6107.9200
6107.9900
6108.1100
6108.1901
6108.1909
6108.2100
6108.2200
6108.2901
6108.2909
6108.3100
6108.3200
6108.3901
6108.3909
6108.9100
6108.9200
6108.9900
6109.1000
6109.9001
6109.9009
6110.1000
6110.2000
6110.3000

6110.9000
6111.1001
6111.1009
6111.2001
6111.2009
6111.3001
6111.3009
6111.9001
6111.9009
6112.1100
6112.1200
6112.1900
6112.2000
6112.3100
6112.3900
6112.4100
6112.4900
6113.0000
6114.1000
6114.2000
6114.3000
6114.9000
6115.1100
6115.1200
6115.1900
6115.2000
6115.9101
6115.9109
6115.9201
6115.9209
6115.9301
6115.9309
6115.9901
6115.9909
6116.1000
6116.9100
6116.9200
6116.9300
6116.9900
6117.1000
6117.2000
6117.8000
6117.9001
6117.9009
6201.1100
6201.1200
6201.1300
6201.1900
6201.9100
6201.9200
6201.9300
6201.9900
6202.1100
6202.1200
6202.1300
6202.1900
6202.9100
6202.9200
6202.9300
6202.9900
6203.1100
6203.1200
6203.1900
6203.2100
6203.2200
6203.2300
6203.2900
6203.3100
6203.3200
6203.3300
6203.3900
6203.4100
6203.4200
6203.4300
6203.4900
6204.1100
6204.1200
6204.1300
6204.1900
6204.2100
6204.2200
6204.2300
6204.2900
6204.3100
6204.3200
6204.3300
6204.3900
6204.4100
6204.4200
6204.4300
6204.4400
6204.4900
6204.5100
6204.5200
6204.5300
6204.5900
6204.6100
6204.6200
6204.6300
6204.6900
6205.1000
6205.2000
6205.3000
6205.9000
6206.1000
6206.2000
6206.3000
6206.4000
6206.9000
6207.1100
6207.1900
6207.2100
6207.2200
6207.2900
6207.9100
6207.9200
6207.9900
6208.1100
6208.1900
6208.2100
6208.2200
6208.2900
6208.9100
6208.9200
6208.9900
6209.1000
6209.2000
6209.3000
6209.9000
6210.1000
6210.2000
6210.3000
6210.4000
6210.5000
6211.1100
6211.1200
6211.2000
6211.3100
6211.3200
6211.3309
6211.3900
6211.4100
6211.4200
6211.4309
6211.4900
6212.1000
6212.2000
6212.3000
6212.9000
6213.1000
6213.2000
6213.9000
6214.1000
6214.2000
6214.3000
6214.4000
6214.9000
6215.1000
6215.2000
6215.9000
6216.0000
6217.1000
6217.9000
6301.1001
6301.1009
6301.2001
6301.2009
6301.3001
6301.3009
6301.4001
6301.4002
6301.4009
6301.9001
6301.9002
6301.9009
6302.1001
6302.1009
6302.2100
6302.2201
6302.2209
6302.2900
6302.3100
6302.3201
6302.3209
6302.3900
6302.4001
6302.4009
6302.5100
6302.5200
6302.5301
6302.5309
6302.5900
6302.6000
6302.9101
6302.9109
6302.9201
6302.9209
6302.9301
6302.9309
6302.9901
6302.9909
6303.1101
6303.1109
6303.1201
6303.1209
6303.1901
6303.1909
6303.9101
6303.9109
6303.9201
6303.9209
6303.9901
6303.9909
6304.1101
6304.1109
6304.1901
6304.1902
6304.1909
6304.9101
6304.9109
6304.9201
6304.9202
6304.9209
6304.9301
6304.9309
6304.9901
6304.9909
6305.1000
6305.2000
6305.3100
6305.3900
6305.9000
6306.1101
6306.1109
6306.1201
6306.1209
6306.1901
6306.1909
6306.2100
6306.2200
6306.2900
6306.3100
6306.3900
6306.4100
6306.4901
6306.4909
6306.9100
6306.9901
6306.9909
6307.1000
6307.9009
6308.0000
6309.0000
6310.1000
6401.1000
6401.9101
6401.9109
6401.9201
6401.9209
6401.9901
6401.9909
6402.1100
6402.1900
6402.2000
6402.3000
6402.9100
6402.9900
6403.1100
6403.1901
6403.1909
6403.2001
6403.2002
6403.2009
6403.3001
6403.3002
6403.3009
6403.4001
6403.4002
6403.4009
6403.5101
6403.5102
6403.5109
6403.5901
6403.5902
6403.5909
6403.9101
6403.9102
6403.9109
6403.9900
6404.1101
6404.1109
6404.1901
6404.1902
6404.1909
6404.2001
6404.2002
6404.2009
6405.1001
6405.1002
6405.1009
6405.2001
6405.2002
6405.2009
6405.9001
6405.9002
6405.9009
6406.9901
6503.0000
6504.0000
6505.1000
6505.9000
6506.9100
6506.9200
6506.9900
6507.0000
6601.1000
6601.9100
6601.9900
6602.0000
6603.1000
6603.2000
6603.9000
6701.0000
6703.0000
6704.1100
6704.1900
6704.2000
6704.9000
6801.0000
6802.1000
6802.2101
6802.2109
6802.2201
6802.2209
6802.2301
6802.2309
6802.2901
6802.2909
6802.9101
6802.9109
6906.0000
6907.1000
6907.9000
6908.1000
6908.9000
6909.9000
6910.1000

6910.9000
6911.1000
6911.9000
6912.0000
6913.1000
6913.9000
6914.1000
6914.9000
7007.1100
7007.1900
7007.2100
7007.2900
7008.0000
7009.1000
7009.9100
7009.9200
7012.0000
7013.1000
7013.2100
7013.2900
7013.3100
7013.3200
7013.3900
7013.9100
7013.9900
7014.0009
7016.1000
7016.9001
7016.9009
7018.1000
7018.9000
7019.3101
7019.3109
7019.3901
7019.3909
7019.9009
7020.0009
7113.1100
7113.1900
7113.2000
7114.1101
7114.1109
7114.1901
7114.1909
7114.2001
7114.2009
7115.9009
7116.1000
7116.2000
7117.1100
7117.1900
7117.9000
7210.2001
7210.3101
7210.3901
7210.4100
7210.5001
7210.6001
7210.7001
7212.2101
7212.2901
7212.3001
7212.4001
7212.5001
7212.6001
7216.9001
7308.1000
7308.2000
7308.3001
7308.3009
7308.4000
7308.9001
7308.9009
7309.0000
7310.1000
7310.2900
7313.0000
7317.0001
7322.1100
7322.1901
7322.1909
7322.9000
7323.1001
7323.1009
7323.9100
7323.9200
7323.9300
7323.9400
7323.9900
7324.1000
7324.2100
7324.2900
7324.9000
7326.2000
7326.9007
7326.9009
7415.1000
7418.1000
7418.2000
7419.9905
7419.9906
7419.9907
7419.9909
7508.0001
7508.0009
7606.1101
7606.1201
7606.9101
7606.9201
7610.1000
7610.9001
7610.9002
7610.9009
7612.9000
7615.1009
7615.2000
7616.1000
7616.9008
7616.9009
7806.0009
7907.1000
7907.9009
8007.0009
8211.1000
8211.9100
8211.9200
8211.9300
8211.9400
8215.1000
8215.2000
8215.9100
8215.9900
8302.5000
8303.0000
8304.0000
8305.9000
8306.1000
8306.2100
8306.2900
8306.3000
8309.1000
8309.9000
8310.0000
8403.1000
8403.9000
8404.1001
8404.9001
8414.5101
8414.5901
8414.6001
8414.8001
8415.1000
8415.8100
8415.8200
8415.8300
8415.9000
8418.1009
8418.3009
8418.4009
8418.5000
8418.6109
8418.6909
8418.9100
8419.1100
8419.1900
8419.8101
8419.8901
8428.1001
8428.4000
8431.3100
8507.1000
8507.2000
8507.3000
8507.4000
8507.8000
8507.9000
8513.1000
8513.9000
8516.1000
8516.2100
8516.2901
8516.2909
8516.5000
8516.6001
8516.6002
8516.6009
8516.7901
8523.1109
8523.1209
8523.1309
8523.2009
8523.9009
8524.1001
8524.1002
8524.1009
8524.2101
8524.2102
8524.2109
8524.2201
8524.2202
8524.2209
8524.2301
8524.2302
8524.2309
8524.9001
8524.9002
8524.9009
8702.1009
8702.9009
8707.1000
8707.9000
8708.9100
8712.0000
8714.1100
8714.1900
8714.9100
8714.9200
8714.9300
8714.9400
8714.9500
8714.9600
8714.9900
8715.0000
8716.9002
8901.1009
8903.1009
8903.9100
8903.9200
8903.9909
9113.1000
9113.2000
9113.9000
9401.1000
9401.2000
9401.3000
9401.4000
9401.5000
9401.6100
9401.6900
9401.7100
9401.7900
9401.8000
9401.9000
9402.1000
9402.9000
9403.1001
9403.1009
9403.2001
9403.2002
9403.2003
9403.2009
9403.3001
9403.3009
9403.4000
9403.5001
9403.5009
9403.6001
9403.6002
9403.6009
9403.7001
9403.7002
9403.7009
9403.8001
9403.8002
9403.8003
9403.8009
9403.9000
9404.1000
9404.2100
9404.2900
9404.3000
9404.9000
9405.1001
9405.1009
9405.2001
9405.2009
9405.3000
9405.4001
9405.4009
9405.5000
9405.6001
9405.6009
9405.9101
9405.9109
9405.9201
9405.9209
9405.9901
9405.9909
9406.0001
9406.0009
9501.0001
9501.0009
9502.1000
9502.9100
9502.9900
9503.1000
9503.2000
9503.3000
9503.4100
9503.4900
9503.5000
9503.6000
9503.7000
9503.8000
9503.9000
9504.1000
9504.2000
9504.3000
9504.4000
9504.9001
9504.9002
9504.9009
9505.1000
9505.9000
9506.1100
9506.1200
9506.1900
9506.2100
9506.2900
9506.3100
9506.3200
9506.3900
9506.4000
9506.5100
9506.5900
9506.6100
9506.6200
9506.6900
9506.7000
9506.9100
9506.9900
9507.1000
9507.3000
9507.9000
9508.0000
9601.1000
9601.9009
9602.0009
9603.1000
9603.2100
9603.2901
9603.2909
9603.3000
9603.4000
9603.5000
9603.9000
9604.0000

9605.0000	9612.1000	9616.2000
9607.1100	9612.2000	9617.0000
9607.1900	9615.1100	9618.0000
9607.2009	9615.1900	9701.9000
9610.0000	9615.9000	
9611.0000	9616.1000	

Jöfnunargjald samkvæmt 1. gr. skal einnig lagt á innfluttar vörur sem falla undir önnur tollskrárnúmer en talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar og tollar hafa verið lækkaðir eða hækkaðir á samkvæmt heimild í 14. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 til samræmingar á tollum af vörum þessum við tolltaxta þeirra tollskrárnúmera sem upp er talin í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldrar vöru samkvæmt 1. gr. skal gjald samkvæmt reglugerð þessari lagt á tollverð vöru eins og það er ákveðið samkvæmt 8.—10. gr. tollalaga nr. 55/1987. Gjöld sem kunna að vera lögð á vöru við innflutning samkvæmt ákvæðum annarra laga en laga um jöfnunargjald teljast eigi gjaldstofn við útreikning á gjaldi samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 2. mgr.

Nú er vara flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og sölugjald innheimt við tollafgreiðslu og skal þá gjald samkvæmt 1. gr. reiknast sem hluti sölugjaldsstofns.

4. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru samkvæmt 5. gr. tollalaga eða undanþegnar hafa verið tolli eða endurgreiðsla heimiluð á samkvæmt ákvæðum 6. gr. tollalaga, án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum skal ekki innheimta gjald samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar.

5 gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögveð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt reglugerð þessari skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði tollalaga nr. 55/1987 svo og reglugerða og auglýsinga sem sett eru samkvæmt þeim.

6. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar gjalds samkvæmt reglugerð þessari verð á birgðum vöru sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar gilda ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 628/1980, um jöfnunargjald.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1987.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum sem flokkast undir vöruliði 8702, 8703 og 8711 eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Gjald af bifreiðum sem flokkast undir vörulið 8703 skal lagt á í eftirfarandi sjö gjaldflokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum, sbr. þó 3.—5. mgr.:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm^3	Gjald í %
I	0—700	0—1.000	5
II	701—800	1.001—1.300	13
III	801—900	1.301—1.600	20
IV	901—1.100	1.601—2.000	27
V	1.101—1.300	2.001—2.300	37
VI	1.301—1.500	2.301—3.000	47
VII	>1.500	>3.000	55

Við flokkun til gjaldskyldu í lægri gjaldflokki, komi fleiri en einn til álita skv. 1. mgr., nægir að annað skilyrðið, eigin þyngd eða sprengirými, sé uppfyllt. Með „eigin þyngd" er átt við þyngd bifreiðar eins og hún er skýrgreind samkvæmt staðli Alþjóðlegu stöðlunarstofnunarinnar ISO, nr. 1176 Road vehicles — Weights — Vocabulary (töluliður 4.6), og er þá miðað við ökutæki tilbúin til aksturs m.a. með olíu, kælimiðli, eldsneyti, rafgeymi, aukahjólbarða og verkfærasetti.

Af beltabifhjólum (vélsleðum) skal greiða 60% sérstakt gjald.

Af fjórhjólum skal greiða 80% sérstakt gjald.

Sjúkrabifreiðar, ökutæki, að eigin þyngd meira en 400 kg og sérstaklega gerð til aksturs í snjó, og bifreiðar sem knúnar eru rafhreyfli eru undanþegnar gjaldi samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Af almenningsbifreiðum í vörulið 8702 skal greiða sérstakt gjald svo sem hér segir:

Af almenningsbifreiðum fyrir 30 farþega og fleiri að meðtöldum ökumanni skal greiða 12% gjald.

Af öðrum almenningsbifreiðum skal greiða 20% gjald.

4. gr.

Af bifhjólum í vörulið 8711 skal greiða 70% sérstakt gjald samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Bifreiðar og bifhjól í eigu erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiræðismanna skulu undanþegin gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari, enda sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða sendimenn og sendisveitir njóti sams konar fríðinda hjá viðkomandi ríki. Sama skal gilda að því er varðar alþjóðasamtök og -stofnanir sem hér eru.

II. KAFLI
Innfluttar bifreiðar og bifhjól.

5. gr.

Við innflutning gjaldskyldra bifreiða og bifhjóla skal gjald skv. 2.—4. gr. lagt á tollverð þeirra eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum tollalaga nr. 55/1987. Gjaldið skal innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum gjaldskyldum bifreiðum ásamt aðflutningsgjöldum.

6. gr.

Innflytjandi bifreiðar eða bifhjóls skal afhenda viðkomandi tollyfirvaldi, ásamt aðflutningsskýrslu, umsókn á þar til gerðu eyðublaði um skráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

Eyðublöð vegna umsóknar um skráningu ökutækis fást hjá tollyfirvöldum.

III. KAFLI
Innlend samsetning.

7. gr.

Bifreiðar og bifhjól sem sett eru saman hér á landi eru gjaldskyld skv. 2.—4. gr. og er óheimilt að skrásetja fyrr en sérstakt gjald samkvæmt reglugerð þessari hefur verið greitt.

8. gr.

Gjald af bifreiðum eða bifhjólum sem framleiddar eru eða settar saman hér á landi skal greitt áður en skráning þeirra fer fram. Gjaldið skal lagt á verksmiðjuverð þeirra. Sé erfiðleikum bundið að ákvarða verksmiðjuverð er heimilt að meta það. Skal við matið höfð hliðsjón af tollverði hliðstæðra innfluttra ökutækja eða verksmiðjuverð hliðstæðra ökutækja framleiddra hérlendis.

9. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru allir þeir sem setja saman gjaldskyld ökutæki hér á landi, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari grein skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkisisjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir gjald það sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu, sem innt skal af hendi áður en skráning ökutækis fer fram, skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hið gjaldskylda ökutæki ásamt umsókn um skráningu, sbr. 6. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Við flokkun á bifreiðum til gjaldskyldu skulu gjaldskyldir aðilar, ef tollstjóri telur ástæðu til, leggja fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

11. gr.

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlit skulu ganga úr skugga um við skráningu bifreiðar að gjald skv. 2. gr. hafi verið greitt. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal viðkomandi tollyfirvaldi þegar tilkynnt það.

12. gr.

Sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt reglugerð þessari myndar gjaldstofn til söluskatts.

Þrátt fyrir ákvæði 2.—4. gr. má gjald samkvæmt reglugerð þessari aldrei vera hærra en nemur 134,99% af fob-verði hverrar bifreiðar.

13. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987 og laga nr. 97/1987 um vörugjald svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 104/1986 um sérstakt gjald af bifreiðum með síðari breytingum svo og önnur þau fyrirmæli er kunna að brjóta í bága við ákvæði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1987.

F.h.r.
Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

31. desember 1987 Nr. 614

REGLUGERÐ

um skil á staðgreiðslufé.

1. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur skila skilagrein og því staðgreiðslufé sem honum ber að halda eftir eigi sjaldnar en mánaðarlega til innheimtumanns staðgreiðslu í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skilagrein skal skila mánaðarlega enda þótt engin laun hafi verið greidd eða persónuafsláttur launamanna veldur því að engin staðgreiðsla er tekin af starfsmönnum.

Gjalddagi vegna greiðslutímabils liðins mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar.

2. gr.

Launagreiðanda ber að útfylla og skila sérstakri skilagrein fyrir hvern mánuð þar sem fram kemur sundurliðun staðgreiðslu fyrir hvern starfsmann hans. Heimilt er með samþykki ríkisskattstjóra og viðkomandi innheimtumanns staðgreiðslu að skila sundurliðun í tölvutæku formi. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um fyrirkomulag og meðferð skilagreina.

3. gr.

Launagreiðandi skal gera skil á staðgreiðslu og skilagreinum í því umdæmi sem hann á lögheimili. Skil skal gera til gjaldheimtna þar sem þær eru starfandi en annars staðar til sýslumanns eða bæjarfógeta.

Eftirtaldir aðiljar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum:

A. Gjaldheimtur:

Gjaldheimtan í Reykjavík.
Gjaldheimtan í Mosfellsbæ.
Gjaldheimtan á Seltjarnarnesi.
Gjaldheimtan, Garðabæ.
Gjaldheimta Bessastaðahrepps.
Gjaldheimtan í Hafnarfirði.
Gjaldheimta Suðurnesja, Njarðvík.
Gjaldheimtan í Bolungarvík.

B. Sýslumenn, bæjarfógetar:

Bæjarfógetinn á Akranesi.
Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
Sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík.
Sýslumaður Dalasýslu.
Sýslumaður Barðastrandarsýslu.
Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Ísafirði.
Sýslumaður Strandasýslu.
Sýslumaður Húnavatnssýslu.
Sýslumaður Skagafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Sauðárkróki.
Bæjarfógetinn í Siglufirði.
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði.
Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík.
Sýslumaður Þingeyjarsýslu, bæjarfógetinn á Húsavík.
Sýslumaður Norður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Seyðisfirði.
Bæjarfógetinn í Neskaupstað.
Sýslumaður Suður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Eskifirði.
Sýslumaður Austur-Skaftafellssýslu.
Sýslumaður Vestur-Skaftafellssýslu.
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum.
Sýslumaður Rangárvallasýslu.
Sýslumaður Árnessýslu, bæjarfógetinn á Selfossi.
Sýslumaður Kjósarsýslu vegna Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.
Bæjarfógetinn í Kópavogi.

4. gr.

Staðgreiðslufé ásamt skilagrein þarf að hafa borist innheimtumanni sem um getur í 2. mgr. 3. gr. eigi síðar en á eindaga. Dagsetning á greiðslukvittun innheimtumanns staðgreiðslu er sönnun fyrir því að skil hafi verið gerð á réttum tíma.

Skilagreinar skal innheimtumaður staðgreiðslu færa á launagreiðendaskrá. Hann skal sannreyna að samræmi sé á milli skilagreinar og greiðslu. Ef svo reynist skulu skilin innfærð á launamannaskrá. Reynist skilagrein ekki rétt skal innheimtumaður staðgreiðslu tilkynna það launagreiðanda og skattstjóra. Þegar skil hafa verið leiðrétt skulu þau færð á launamannaskrá.

Reynist greiðsla, skilagrein og skil vera rétt er atvinnurekandi laus úr ábyrgð hvað þessi skil varðar, sbr. þó ákvæði 22. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

5. gr.

Heimili skattstjóri manni sem reikna skal sér endurgjald, skv. 2. tölul. 4. gr. laga, um staðgreiðslu opinberra gjalda, að gera skil á staðgreiðslu einu sinni á ári skal sú skilagrein hafa borist viðkomandi innheimtumanni fyrir 15. janúar árið á eftir staðgreiðsluári. Veiti skattstjóri slíka heimild skal hann tilkynna það innheimtumanni staðgreiðslu í umdæmi skattgreiðanda. Jafnframt skal skattstjóri áætla á grundvelli viðmiðunar útsvarsþátt skattgreiðandans á staðgreiðsluárinu og tilkynna áætlunina til ríkisbókhalds. Ríkisbókhald skal hlutast til þess að persónuafsláttur skattgreiðandans sem ganga skal upp í útsvar skili sér til viðkomandi sveitarfélags á þann hátt að 1/12 hluti áætlaðs persónuafsláttar upp í útsvar greiðist sveitarfélaginu mánaðarlega.

6. gr.

Um uppgjör og skil innheimtumanna staðgreiðslu skv. 3. gr. gildir reglugerð um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé nr. 596/1987, eftir því sem við á, og reglugerð um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs nr. 530/1975. Ríkisféhirði er heimilt að gefa innheimtumönnum staðgreiðslu nánari fyrirmæli um upgjör og skil á hluta ríkissjóðs.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1987.

F.h.r.
Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

30. desember 1987 Nr. 615

REGLUGERÐ

um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o.fl.

1. gr

Skilyrði fyrir frádrætti gjafa samkvæmt ákvæði 3. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru þau að framteljandi leggi fram móttökukvittun með framtali sínu frá stofnun, sjóði eða félagi sem fellur undir skilgreiningu 2. gr. reglugerðar þessarar.

Viðkomandi stofnun, sjóður eða félag skal hafa sett sér skipulagsskrá, lög eða samþykktir yfir starfsemi sína. Undanþegin þessu ákvæði er starfsemi á vegum ríkissjóðs og stofnana hans eða sveitarsjóða og stofnana þeirra, svo og starfsemi sú er tilgreind er í d-lið 2. gr. reglugerðar þessarar.

Árstillög félagsmanna og styrktarfélaga teljast ekki til gjafa í þessu sambandi.

2. gr.

Málaflokkar þeir sem til greina koma eru:

a. Hver konar menningarmálastarfsemi fyrir almenning, svo sem byggingar skólahúsa og íþróttamannvirkja og rekstur skóla, íþróttastarfsemi, fræðiritaútgáfa og fræðslukvikmyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfnun, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða, skóggræðsla, sandgræðsla, verndun fiskimiða o.fl. sem til menningarmála heyrir.

b. Hvers konar vísindaleg rannsóknastarfsemi, hvort heldur er á sviði hugvísinda eða raunvísinda.
c. Hvers konar viðurkennd líknarstarfsemi. Hér til telst m.a. bygging og rekstur sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila, stofnana fyrir drykkjusjúklinga og lamaða og fatlaða og annarra hliðstæðra stofnana. Hér til teljast enn fremur slysavarnir á landi, sjó og í lofti.
d. Starfsemi Þjóðkirkjunnar og annarra opinberlega viðurkenndra trúarfélaga, er söfnuði hafa hér á landi, starfsemi deilda innan slíkra safnaða, svo og hver önnur viðurkennd kirkjuleg starfsemi.

3. gr.

Á móttökukvittun, sbr. 1. gr. reglugerðar þessarar, skal koma fram nafn og heimili gefanda, hver gjöfin sé og hvert sé verðmæti hennar. Tekið skal fram að um gjöf sé að ræða og fjárhæðin skal tilgreind í bókstöfum og tölustöfum.

4. gr.

Aðilum sem gefa út móttökukvittanir, sbr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal skylt að senda skattyfirvöldum ársreikninga ásamt lögum, reglugerð eða skipulagsskrá yfir starfsemi sína, sé um það beðið.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 748/1983 frá og með 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1987.

F.h.r.
Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

Nr. 616 18. desember 1987

REGLUGERÐ

um innheimtu framleiðslugjalds af afurðum sauðfjár umfram verðábyrgð ríkissjóðs á verðlagsárinu 1986—87.

1. gr.

Til að framleiðendur sauðfjárafurða fái sama verð fyrir þann hluta framleiðslu sinnar, sem er umfram það magn sem þeim er tryggt fullt verð fyrir með samningi ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda, sbr. a lið 30. gr. l. nr. 46/1985 og það magn sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins tók verðábyrgð á að hluta eða öllu leyti, skal á verðlagsárinu 1986/87 innheimta framleiðslugjald af þeim hluta innlagðra sauðfjárafurða, sem er umfram verðábyrgð ríkissjóðs. Undanþegin framleiðslugjaldi eru þó 180 tonn kindakjöts ásamt tilsvarandi innmat, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur aflétt verðskerðingu á skv. samþykktum stjórnar sjóðsins.

Framleiðslugjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð sauðfjárafurða til neytenda.

2. gr.

Það framleiðslugjald sem sláturleyfishafar skulu standa skil á til Framleiðsluráðs landbúnaðarins skal annars vegar nema fullu afurðaverði kjöts og sláturs dilka og geldfjár í úrvalsverðflokki til og með þriðja verðflokki og hins vegar fullu afurðaverði kjöts í fjórða til sjötta verðflokki skv. verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða 1. september 1986.

3. gr.

Gjald það sem hverju búmarkssvæði og hverjum framleiðanda er gert að greiða skal reikna þannig:

1. Reikna skal hvort og þá hve mikið framleiðsla sauðfjárafurða á hverju svæði hefur farið umfram það magn sem tryggt er fullt verð fyrir með samningi ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda. Hafi sami framleiðandi lagt inn sauðfjárafurðir hjá fleiri en einni afurðastöð skiptist framleiðsla hans utan fullvirðisréttar hlutfallslega milli afurðastöðvanna.
2. Við útreikning verðskerðingar hjá framleiðendum skal reikna með sömu flokkun kindakjöts í dilka- og geldfjárkjöt annars vegar og kjöt í fjórða til sjötta verðflokki hins vegar og gert var við útreikning fullvirðisréttar við framleiðslu sauðfjárafurða skv. reglugerð nr. 339/1986 og uppgjör þeirra í desember 1986.
3. Við uppgjör á verðskerðingu hjá framleiðendum fyrir sauðfjárafurðir á verðlagsárinu 1986/87 skal samhliða taka tillit til framlaga sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur greitt til afurðastöðva á verðlagsárinu til að aflétta verðskerðingu hjá framleiðendum og til að auðvelda framleiðendum sauðfjárafurða aðlögun að fullvirðisrétti með fækkun fullorðins fjár.

4. gr.

Hafi sláturleyfishafi selt á innanlandsmarkaði kjöt sem fellur utan verðábyrgðar skv. 1. gr. eða á það í birgðum sem ríkissjóður verðtryggir þegar uppgjör skv. ákvæðum þessarar reglugerðar fer fram, skal hann auk framleiðslugjalds skv. 4. gr. greiða mismun óniðurgreidds heildsöluverðs og framleiðslugjalds að frádregnu skilaverði útflutnings og sjóðagjöldum á heildsölustigi þannig:

A. Verðskerðingarafurðir og afurðir sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins léttir verðskerðingu af skal reikna á verði meðalútflutnings verðlagsársins 1986/87.
B. Afurðir af fé í verðábyrgð Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skal reikna á útflutningsverði, annað en slátur, sem reiknast skv. lið A.
C. Geymslugjald skal greiða til loka verðlagsársins á allt kjöt sem hér um ræðir og vaxtagjald skal greiða til 25. nóvember 1987.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast útreikning gjaldsins eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga að uppgjöri. Framleiðsluráð annast ennfremur innheimtu gjaldsins, vörslu og reikningshald og reiknar gjald sem hverjum sláturleyfishafa og framleiðanda ber að greiða og tilkynnir viðkomandi sláturleyfishafa um þær greiðslur sem honum ber að inna af hendi vegna uppgjörsins. Sláturleyfishafar skulu hafa lokið skilum á álögðu framleiðslugjaldi til Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. útreikningum þess eigi síðar en í árslok 1987. Framleiðsluráði er heimilt við uppgjör skv. þessari reglugerð að skuldajafna útflutningsbótareikninga við innheimtukröfur vegna framleiðslugjalda hjá sláturleyfishöfum. Reikna skal afurðalánavexti í uppgjöri milli aðila eftir því sem við á til og með 31. desember 1987 og hæstu leyfilegu dráttarvexti á greiðslur frá 1. janúar 1988.

6. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir sláturleyfishöfum framleiðslugjaldið í samræmi við útreikninga skv. 5. gr. þannig að hver sláturleyfishafi fái greitt sama hlutfall af heildsöluverði útfluttra sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1986/87. Greiðslan fari fram þegar fyrir liggur uppgjör á verðábyrgð ríkisins skv. samningi Stéttarsambands bænda og ríkissjóðs.

7. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði skv. reglugerð þessari, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. desember 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 617 22. desember 1987

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1988.

1. gr.

Gjöld vegna heilbrigðiseftirlits á Suðurlandssvæði, sbr. gjaldskrá nr. 470/1985, verða á árinu 1988 sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:	1. flokkur	kr. 6 250,00
	2. flokkur	kr. 12 500,00
	3. flokkur	kr. 23 750,00
	4. flokkur	kr. 40 000,00
Leyfisgjöld:	1. flokkur	kr. 2 400,00
	2. flokkur	kr. 4 800,00
	3. flokkur	kr. 7 200, 00
	4. flokkur	kr. 9 600,00
Gjöld fyrir vottorð eru		kr. 825,00

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 — 1987

21. desember 1987 1223 Nr. 618

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig talmeinafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi eftir að minnsta kosti 3ja ára nám í talmeinafræði við háskóla, sem heilbrigðisráðuneytið viðurkennir og jafnframt eru viðurkenndir af heilbrigðisstjórn þess lands, þar sem námið er stundað. Ennfremur skulu umsækjendur hafa lokið 6 mánaða verklegri þjálfun undir leiðsögn talmeinafræðings.

3. gr.

Heimilt er að veita erlendum ríkisborgurum takmarkað og/eða tímabundið leyfi, enda uppfylli þeir skilorð annarrar greinar að öðru leyti og sanni kunnáttu sína í töluðu og rituðu íslensku máli.

4. gr.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 2. og 3. gr. skal leita umsagnar landlæknis og yfirlæknis Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

5. gr.

Starfssvið talmeinafræðinga er við greiningu, meðhöndlun og rannsóknir talmeina.

Starfsvettvangur talmeinafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, í skólum og eigin stofum. Þeir starfa á eigin ábyrgð en þó eingöngu samkvæmt tilvísun og í samráði við lækni sé um að ræða meðferð í lækninga-, rannsókna- eða endurhæfingarskyni.

6. gr.

Óheimilt er að ráða sem talmeinafræðinga aðra en þá, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Talmeinafræðingi er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til þess að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir talmeinafræðing fellur.

8. gr.

Talmeinafræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Sama þagnarskylda gildir um starfsfólk það, sem talmeinafræðingur kann að hafa í starfi. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

9. gr.

Talmeinafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

10. gr.

Talmeinafræðingi er skylt að halda skýrslur um þá, er leita til hans í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

11. gr.

Verði landlæknir þess var, að talmeinafræðingur vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að leggja málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

12. gr.

Um talmeinafræðinga gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa og um skottulækningar.

Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota talmeinafræðinga og um sviptingu og um endurveitingu starfsleyfa.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heilbrigðisráðherra er heimilt til 31. desember 1988 að víkja frá skilyrðum 2. gr. þegar í hlut eiga umsækjendur sem hafa menntun á þessu sviði, þótt hún jafngildi ekki þeim kröfum sem fram koma í 2. gr., enda séu þeir í starfi sem talmeinafræðingar við gildistöku reglugerðarinnar og hafi starfað sem slíkir samfellt síðustu 3 ár fyrir gildistöku.

Aðeins má þó veita slík leyfi að landlæknir og yfirlæknir Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands mæli með leyfisveitingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 619 21. desember 1987

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1988.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c. lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 4 500 fyrir árið 1988.

Gjaldið greiðist fyrirfram um leið og hundahreinsun fer fram. Eindagi leyfisgjaldsins er 1. janúar 1988.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ, skal vera kr. 1 200 í fyrsta skipti, 2 400 í annað skipti og 3 600 í þriðja skipti og oftar.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda á árinu 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1987.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

16. desember 1987 Nr. 620

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 445/1978.

1. gr.

Við 1. gr., lista II, bætist:
„DÍETÝLETRI, sjá etra
ETRI (ETER; ETÝLETRI), ef látið er úti meira magn en 200 ml, sbr. lista IV A
DÍKLÓRMETAN, ef látið er úti meira magn en 200 ml, sbr. lista IV A
ÍSÓPRÓPÝLETRI.

2. gr.

Í 2. gr., lista IV A, skulu gerðar eftirfarandi breytingar:
Í stað „DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ)“ kemur „DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ), ef látið er úti 200 ml eða minna magn, sbr. lista II“,
og í stað „ETRI (ETER, ETÝLETRI)“ kemur
„ETRI (ETER, ETÝLETRI), ef látið er úti 200 ml eða minna magn, sbr. lista II“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld:

1. Vogarlóð:		
Þyngd 1–200 g	Kr.	140,00
Þyngd ½ kg–20 kg	—	140,00
Þyngd 50 kg	—	140,00
Þyngd 4–8 oz	—	140,00
Þyngd 1 lb–7 lb	—	140,00
Þyngd 8 lb–20 lb	—	140,00
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
Burðarþol: allar stærðir	Kr.	525,00
3. Jafnarmavogir:		
Burðarþol: allar stærðir	Kr.	525,00
4. Tugavogir: hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
Burðarþol 10– 100 kg	Kr.	525,00
Burðarþol 101– 500 kg	—	570,00
Burðarþol 501– 2 000 kg	—	600,00
Burðarþol 2 001–15 000 kg	—	1 100,00
Burðarþol 15 000–30 000 kg	—	1 350,00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	1 450,00
5. Vísavogir:		
Burðarþol 1– 5 kg	Kr.	525,00
Burðarþol 6– 25 kg	—	570,00
Burðarþol 26– 100 kg	—	600,00
Burðarþol 101– 500 kg	—	700,00
Burðarþol 501– 1 000 kg	—	780,00
Burðarþol 1 001– 5 000 kg	—	1 400,00
Burðarþol 5 001–15 000 kg	—	1 500,00
Burðarþol 15 001–30 000 kg	—	1 600,00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	1 900,00
6. Rafmagnsvogir (tölvuvogir):		
Burðarþol 1– 10 kg	Kr.	650,00
Burðarþol 11– 25 kg	—	800,00
Burðarþol 26– 100 kg	—	1 100,00
Burðarþol 101– 500 kg	—	1 400,00
Burðarþol 501– 1 000 kg	—	1 600,00
Burðarþol 1 001– 5 000 kg	—	1 800,00
Burðarþol 5 001–15 000 kg	—	2 000,00
Burðarþol 15 001–30 000 kg	—	2 300,00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	2 500,00
7. Kvarðar og málbönd:		
Lengd ½–1 m	Kr.	140,00
Stálmálbönd allt að 50 m	—	190,00
Mælivélar fyrir lengdarmál	—	210,00

8. Mæliker:		
Rúmtak 1 dl–1 l	Kr.	200,00
Rúmtak 10 dl–50 dl	—	200,00
Rúmtak vínmæla (veltim. og kúlum.) 3–6 cl	—	280,00
9. Rennslismælar:		
Rennslismælar fyrir olíur og bensín	Kr.	380,00
Bensín og olíusölumælar	—	350,00
10. Rennslismælar fyrir mjólk	Kr.	380,00

2. gr.

Vottorðsgjald	Kr.	400,00

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem ein klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður og iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 15. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 28/1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Hjalti Zóphóníasson.

10. desember 1987 Nr. 622

AUGLÝSING

um friðlýsingu Eldborgar undir Geitahlíð.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hafa Náttúruverndarráð og náttúruverndarnefnd Grindavíkur ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Stóru-Eldborg og Litlu-Eldborg undir Geitahlíð, Grindavík, ásamt næsta nágrenni.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru eftirfarandi:

Að norðan fylgja þau mörkum hrauns og hlíðar, 200 m austur fyrir nyrstu gíga í gígaröð Litlu-Eldborgar. Þaðan hugsast bein lína í austurhorn hrauntraðar frá Litlu-Eldborg um 225 m sunnan borgarinnar. Síðan bein lína í vestnorðvestur að þjóðvegi, eftir honum að vesturjaðri hraunsins frá Stóru-Eldborg. Að vestan fylgja mörkin hraunjaðrinum.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Gjalltaka og mannvirkjagerð er óheimil, svo og hvers konar jarðrask, sem breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
2. Skylt er vegfarendum að sýna varúð, svo að ekki spillist gróður eða aðrar minjar á hinu friðlýsta svæði umhverfis eldstöðvarnar.

3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Beitarréttindi skulu haldast svo sem verið hefur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefndar Grindavíkur.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Fylgiskjal.



Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Móðir og barn, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. desember 1987. Skipulagsskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

sjálfseignarstofnunarinnar Móðir og barn.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Móðir og barn. Lögheimili hennar og varnarþing er í Reykjavík. Stofnaðilar eru undirritaðir sex einstaklingar, sem eiga sæti í stjórn stofnunarinnar.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að standa fyrir ráðgjöf og félagslegri aðstoð við mæður eða foreldra og börn, sem þurfa á hjálp að halda. Með mæðrum er hér átt við þungaðar konur jafnt sem mæður fæddra barna.

3. gr.

Starf stofnunarinnar grundvallast á því viðhorfi, að mannslífið sé friðheilagt frá getnaði og að veita beri því vernd og aðhlynningu á sérhverju stigi þess, fyrst og fremst innan vébanda fjölskyldunnar, en einnig með samfélagslegri hjálp, eftir því sem nauðsyn krefur.

4. gr.

Í öllu starfi stofnunarinnar skal ávallt miðað við, að sú aðstoð njóti forgangs, þar sem mest er í húfi í mannlegum verðmætum og bæta má úr brýnustu neyðinni.

5. gr.

Einstæðar mæður (einkum mæður ungbarna og þungaðar konur) skulu fyrst og fremst hafðar í huga, þegar áætlun er gerð um verkefni stofnunarinnar, sérstaklega hvað varðar stofnun og starfrækslu heimilis. Einnig skal þó stefnt að því, að stofnunin geti útvegað húsnæði fyrir foreldra eða einstæða feður og börn þeirra.

6. gr.

Gengið er út frá því, að öll aðstoð stofnunarinnar miðist við að gera mæður eða foreldri sjálfbjarga og því fær um að sjá sjálfum sér og börnum sínum farborða af eigin rammleik.

7. gr.

Verkefnasvið stofnunarinnar skal í höfuðatriðum vera tvíþætt. Annars vegar sé um ráðgjöf að ræða fyrir mæður eða foreldra, sem búa við ótryggar aðstæður, hvað varðar afkomu, húsnæði eða möguleikann á að fæða eða annast um barn sitt. Skal sú ráðgjöf miðast við (a) að leiða í ljós, hverjar séu rætur vandans og hvernig best megi leysa úr honum, (b) að vera móðurinni eða foreldrunum til andlegs stuðnings, (c) að miðla upplýsingum um þá aðstoð, sem stendur til boða frá ríki, sveitarfélögum eða sjálfstæðum stofnunum og félagasamtökum. Hins vegar er svo um beina félagslega aðstoð að ræða, hvað snertir útvegun húsnæðis, rekstur heimilis fyrir mæður eða foreldra og börn þeirra, þungunarpróf

og ýmsa aðra félagslega aðstoð, eftir efnum og aðstæðum stofnunarinnar. Þar kemur t.d. til greina hjálp við barnagæslu (eða meðalganga um slíka hjálp), útvegun ýmissa nauðsynja, er tengjast heimilishaldi barnafólks, og aðstoð við umsóknir eða málaleitan hjá öðrum stofnunum fyrir þá skjólstæðinga, sem þurfa þess með.

8. gr.

Aðrir verkefnaþættir stofnunarinnar (s.s. fjármögnun með söfnunum, hugsanlegur rekstur skrifstofu og upplýsingamiðlun um tilgang og starfssvið stofnunarinnar) skulu alfarið þjóna þeim tveimur verkefnaþáttum, sem raktir voru í 7. gr.

9. gr.

Stofnunin skal jafnan hafa þá stefnu að leitast við að eiga sitt eigið húsnæði til að anna umtalsverðum hluta eftirspurnar frá skjólstæðingum á hverjum tíma. Þó skal einnig leitast við að útvega leiguhúsnæði með hagkvæmum kjörum til að koma til móts við þá húsnæðisþörf, sem eigi verður betur uppfyllt á hverjum tíma. Við val á öllu húsnæði fyrir skjólstæðinga skal við það miðað, að það henti sem best fyrir barnafólk.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal ráða einstakling til að annast daglegan rekstur heimilisins og annað starfsfólk eftir því sem þörf krefur og fjárhagur leyfir. Jafnframt áskilur stofnunin sér rétt til að leita sérfræðiaðstoðar (s.s. læknis eða lögfræðings), ef hennar gerist þörf.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal taka saman ýtarlegar starfsreglur, er kveði á um búsetuskilyrði, leigutíma, aðrar húsreglur á heimili stofnunarinnar og réttindi og skyldur leigjenda jafnt sem stofnunarinnar sjálfrar gagnvart þeim.

12. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa sex menn: formaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur. Falli einhver stjórnarmaður frá eða segi sig úr stjórninni, tilnefnir stjórnarfundur annan í hans stað. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jafnt, skal leitað nýs samkomulags. Takist það ekki, má leggja tillöguna óbreytta fyrir næsta stjórnarfund; falli atkvæði þá jafnt á ný, skal atkvæði formanns vega tvöfalt.

13. gr.

Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með einnar viku fyrirvara. Á aðalfundi skal taka til meðferðar eftirfarandi mál:

1. Formaður stjórnar gefur skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.
2. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga stofnunarinnar.
3. Kosning stjórnarmanns eða stjórnarmanna, ef um það er að ræða, skv. 12. gr.
4. Kosning endurskoðanda, sbr. 18. gr.
5. Önnur mál.

Heimilt er stjórninni að kveðja til yfirumsjónarmenn með starfsemi, framkvæmdum og fjáröflun stofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúa á aðalfundi.

14. gr.

Til annarra stjórnarfunda skal boða eigi sjaldnar en þrisvar á ári og að jafnaði á hverjum ársfjórðungi.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með öll fjármál hennar og annast allar framkvæmdir. Í brýnni nauðsyn getur stjórnin ráðið sérstakan fjármálastjóra eða framkvæmdastjóra til að annast viðamikla söfnunarherferð eða framkvæmdir á vegum stofnunarinnar. einnig er stjórninni heimilt að mynda starfsnefndir um ákveðin verkefni með tilnefningu manna úr stjórn og utan hennar (t.d. heimilisnefnd með fulltrúum skjólstæðinga og starfsmanna).

16. gr.

Undirritaðir stofnaðilar og þrír gefendur hafa lagt fram stofnfé stofnunarinnar, samtals 20 000 krónur. Stofnskrá þessi felur ekki í sér neinar skuldbindingar þessara einstaklinga varðandi framlög til eða vegna stofnunarinnar umfram nefnda fjárhæð.

Tekjustofnar eru að öðru leyti það fé, sem stofnuninni kann að aflast með gjöfum eða framlögum frá einstaklingum, fyrirtækum, félögum, opinberum aðilum eða sjálfstæðum stofnunum; þar að auki hugsanlegar eignatekjur og arður af sparifé.

17. gr.

Fé það, sem stofnunin eignast, skal jafnóðum ávaxtað í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum á nafni stofnunarinnar, nema þess sé þörf til reksturs eða framkvæmda. Verði einhver dráttur á framkvæmdum, skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar, eftir því sem unnt er.

18. gr.

Stjórnin skal árlega láta gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Skal reikningurinn endurskoðaður af tveimur mönnum, öðrum tilnefndum af ríkisendurskoðun og hinum af stjórninni, og skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Úrdráttur úr reikningunum skal sendur dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráði Reykjavíkur og öðrum aðilum, sem stofnunin kann að hafa samstarf við, skv. ákvörðun stjórnar.

19. gr.

Komi að því, að stjórnin sjái sér ekki fært að reka stofnunina áfram, getur hún tekið um það ákvörðun, með minnst fimm samhljóða atkvæðum, að leggja stofnunina niður. Hreinar eignir hennar skulu þá renna til viðurkenndrar líknarstofnunar, sem annast sambærilega hjálparstarfsemi fyrir bágstaddar mæður og börn þeirra; einnig er heimilt, að eignir stofnunarinnar skiptist á milli fleiri en einnar slíkrar stofnunar, og fer það eftir ákvörðun meirihluta stjórnar.

20. gr.

Stofnskrá þessari getur stjórn stofnunarinnar ekki breytt nema með atkvæðum a.m.k. fjögurra stjórnarmanna á aðalfundi, en þó því aðeins, að dómsmálaráðuneytið staðfesti breytinguna.

Reykjavík, 1. desember 1987.

Jón Valur Jensson, Sólvallagötu 32A,
Elínborg Lárusdóttir, Sólvallagötu 32A,
Helgi Sig. Guðmundsson, Dísarási 14,
Ragnhildur Pála Ófeisdóttir, Sólvallagötu 51,
Þórsteinn Ragnarsson, Rafstöðvarvegi 3, og
Kristinn Ágúst Friðfinnsson, Tómasarhaga 39, öll í Reykjavík.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um opnunartíma lyfjabúða nr. 30/1983.

1. gr.

Við fyrstu grein bætist nýr svohljóðandi töluliður:

„1.5. Ráðuneytið getur, ef sótt er um það sérstaklega, heimilað lyfjabúðum að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma, sbr. tl. 1.1., svo sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga	kl. 9(10) — 19
Föstudaga	kl. 9(10) — 20
Laugardaga	kl. 9(10) — 16“

2. gr.

Töluliður 1.5. í 1. gr. verður 1.6.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 625 22. desember 1987

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjavík.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn o. fl.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir, eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

6. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu.

7. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

8. gr.

Skylt er að hlýða fyrirmælum, sem lögreglan gefur, vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

9. gr.

Gluggaþvott má ekki framkvæma nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu. Ekki má þvo glugga, ef hætta er á því að vatn slettist á vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

10. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Þá er óheimilt að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi borgaryfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp blóm.

Umferð báta um Tjörnina er bönnuð, nema í þágu borgarinnar eða með leyfi lögreglunnar.

11. gr.

Borgarstjórn getur sett reglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við inngangin eða á öðrum áberandi stað.

12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur og útifundi í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, halda flugeldasýningar, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum nema með leyfi lögreglustjóra.

14. gr.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Borgarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi borgarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

15. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða eða sölu notaðra bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem borgarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Borgarstjórn veitir leyfi í tiltekinn tíma, og getur takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

16. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni.

17. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrirberast á lóðum eða í húsi hans. Ekki má fara í hýbíli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

Lögreglan getur bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur það geta valdið óþægindum eða hættu.

18. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver, sem það gerir, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað.

19. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar umferð.

Bannað er að leggja ökutækjum á gangstéttum. Borgarstjórn getur þó veitt undanþágu frá banninu. Merkja skal sérstaklega þau bifreiðastæði, sem undanþága nær til. Stæði þessi mega ekki taka meiri breidd af gangstétt en svo, að eftir verði að minnsta kosti 1.5 metrar fyrir umferð um gangstéttina.

Vörubifreiðir, sem eru 3.5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira, og fólksflutningabifreiðir, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, mega ekki standa á götum eða almennum bifreiðastæðum borgarinnar á tímabilinu milli kl. 22.00 og 06.00. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, þar sem undanþágan hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, sem þykja valda íbúunum ónæði.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslu borgarinnar bifreiðir, sem standa án skráningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og ber hann kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

Allur akstur vélknúinna torfæruhjóla, svo sem fjórhjóla, er bannaður innan borgarlandsins. Borgarráð getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum.

20. gr.

Á götum borgarinnar eða þar sem hætta getur stafað af má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um götunar.

21. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

22. gr.

Bannað er að stöðva eða leggja ökutæki nær vegamótum en 5 metra, miðað við brún þvervegar.

23. gr.

Á eftirtöldum vegum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skal hámarkshraði vera 60 km á klukkustund:

a. Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.
b. Kringlumýrarbraut.
c. Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka.
d. Höfðabakka sunnan Vesturlandsvegar.
e. Bæjarhálsi vestan Tunguhálss.
f. Gufunesvegi.
g. Reykjanesbraut.
h. Breiðholtsbraut.
i. Elliðavogi.
j. Kleppsvegi (stofnbraut).
k. Sætúni, austan Kringlumýrarbrautar.

Á svæðinu, sem afmarkast af Suðurgötu, Hringbraut, Ánanausti, Mýrargötu, Grófinni og Aðalstræti, skal hámarkshraði vera 30 km á klst. Ákvæði þetta gildir ekki um Túngötu og Hofsvallagötu norðan Hringbrautar.

Á svæði, sem afmarkast af Snorrabraut, Laugavegi, Bankastræti, Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Hringbraut, skal hámarkshraði vera 30 km á klst.

Í Suðurhlíðum, þ. m. t. Suðurhlíð milli Bústaðavegar og Sléttuvegar, skal hámarkshraði vera 30 km á klst.

24. gr.

Þeir, sem flytja farm um götur borgarinnar, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, er stjórnanda flutningstækis skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

25. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir og lausa hesta má ekki reka um götur borgarinnar.

26. gr.

Ekki má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg borgarinnar né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi borgarverkfræðings og samþykki lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vann, sjá um að gangandi vegfarendum sé séð fyrir göngubraut. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Þess skal ætíð gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann

bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig, að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að nægurlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

27. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

28. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn borgarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09.00 til 23.30.

Börnum innan 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

29. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Heimilt er borgarráði, að fenginni umsögn lögreglustjóra, að leyfa annan afgreiðslutíma, en um ræðir í 1. mgr., á greiðasölustað, sem aðallega er ætlaður fyrir ferðamenn á flugvelli eða umferðarmiðstöð.

30. gr.

Hver sá, sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum giststöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

31. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skulu refsimál rekin að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

22. desember 1987 Nr. 626

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Húsavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir viðstadda.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsnota. Um veitingastaði, umferðamiðstöðvar, verslanir, opinberar stofnanir, kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrst aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að viðhalda góðri reglu.

3. gr.

Þeir sem hyggjast efna til útifunda eða fara í hópgöngu skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópgöngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhuguðum gönguleiðum, og er lögreglustjóra heimilt að breyta þeim á hvaða stigi sem er, ef hann telur nauðsyn bera til.

4. gr.

Við sjúkrahús og elliheimili og annars staðar á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Bannað er að hafast að nokkuð það sem raskar næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr, glugga eða hús að utan, né heldur hringja dyrabjöllu, dyrasíma eða aðhafast neitt það sem ónáðar eða móðgar heimilisfólk eða veldur því ótta.

6. gr.

Á götum og vegum eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti af hlotist. Einnig er bannað að hanga utan á farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau það sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

7. gr.

Bannað er að skjóta af byssu eða öðrum skotvopnum í eða nálægt byggð í kaupstaðnum, nema á æfingasvæðum sem lögreglustjóri heimilar. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Þá er öll meðferð skotvopna bönnuð í landi kaupstaðarins neðan þjóðvegar nr. 85, á tímabilinu frá 15. apríl til 15. ágúst ár hvert. Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum, þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri samþykkir.

8. gr.

Bannað er að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Menn, sem eru áberandi ölvaðir eða undir sterkum áhrifum annarra vímugjafa á almannafæri skulu vistaðir í fangageymslum lögreglunnar telji hún slíkt nauðsynlegt. Skulu þeir þá sæta refsiábyrgð skv. samþykkt þessari, áfengislögum eða öðrum viðeigandi lagafyrirmælum.

10. gr.

Óheimilt er að villa á sér heimildir og er hver sá sem staddur er á almannafæri skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum lögmætum skipunum lögreglu. Ef nauðsyn ber til getur lögreglan kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón er þeir kunna að bíða við það eftir almennum reglum.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða og farandsala er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra, þó má án sérstakrar heimildar selja á almannafæri blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár og aðgöngumiða og annað þessu skylt. Ef ágreiningur rís, sker lögreglustjóri úr.

14. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum Húsavíkurkaupstaðar.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða umsjónarmanns vatnsveitu.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má færa til eða skemma rafmagns- eða símaleiðslur. Verði einhver valdur að slíku óviljandi skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

15. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess þá ætíð gætt, að valda sem minnstum hindrunum. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Flutningatæki mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þau eða tæma.

Verði misbrestur á er lögreglustjóra heimilt að láta fjarlægja varning og/eða flutningatæki á kostnað eiganda. Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg Húsavíkurkaupstaðar eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur bæjarstjórn og lögreglustjóri eða hvor um sig látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við því að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það innan tiltekins tíma, svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús eða mannvirki eða það er flutt burt án þess, að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

18. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Efni og úrgang skal eigandinn fjarlægja strax og hægt er vegna verkefnis þess sem unnið er að.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður sem notaður er við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim skal vera nægilega traust.

Heimilt er lögreglustjóra að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott og þess háttar skulu vera nægilega traustir og skulu ætíð felldir þegar ekki er verið að nota þá.

20. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglustjóra.

Leyfi byggingarnefnar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða varanlegar auglýsingar.

21. gr.

Áhöld sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg skulu vera nægilega traust. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað þegar vinnustaður er yfirgefinn skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglustjóra hér að lútandi eru á ábyrgð þess sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

22. gr.

Húseigendum er skylt að hreinsa ís og snjó af húsþökum, ef vegfarendum getur stafað hætta af. Bannað er að hafa þakjárn eða annað plötuefni laust úti, og er það á ábyrgð eigenda ef slíkt fýkur öðrum til tjóns og meiðsla. Sama gildir um spýtnarusl og annað þess háttar sem meiðslum eða skemmdum getur valdið ef fýkur.

23. gr.

Báta eða aðra slíka hluti sem tálmað getur umferð, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann og getur bæjarstjórn og lögreglustjóri eða hvor um sig, látið færa slíka muni í burtu á kostnað umráðamanns ef hann gerir það ekki sjálfur eftir að hafa verið aðvaraður.

24. gr.

Á hafnarmannvirkjum og fjöru má ekki skilja eftir eða kasta neinu sem tjóni getur valdið skipum, bátum, mannvirkjum eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

III. KAFLI
Um umferð á götum o.fl.

25. gr.

Fasta afgreiðslu flutningabifreiða, leigubifreiða og vörubifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi í óákveðinn tíma eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfi þeim skilyrðum er nauðsynleg eru að hennar dómi. Sé skilyrðum bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi ekki fylgt eða ef ástæður breytast verulega að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust.

Lögreglustjóri getur að fenginni tillögu bæjarstjórnar takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð telst hættuleg eða er til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð. Einnig getur lögreglustjóri takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

26. gr.

Bifreiðastjórum er algjörlega bannað að nota flautur bifreiða sinna að ástæðulausu. Bifreiðastjórar skulu gæta þess að valda eigi hávaða á annan hátt, einkum að kvöld- og næturlagi. Þeim ber að sjá um að farþegar í bifreiðum þeirra fari eigi með neinum hávaða er valdi ónæði. Óheimilt er að haga akstri þannig, er ökutæki er tekið af stað eða för þess flýtt skyndilega, að af stafi óeðlilegur hávaði.

27. gr.

Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og vörubifreiðum, tankbifreiðum, sorpbifreiðum, sendiferðabifreiðum eða fólksflutningabifreiðum, sem eru 2½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Umferð ofangreindra bifreiða og vinnuvéla um íbúðarhverfi, er óheimil nema í atvinnuakstri eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessum reglum ef talið er að slíkt leiði ekki til slysahættu, ónæðis eða óþæginda fyrir bæjarbúa. Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að það valdi óþægindum. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda.

Bæjarstjórn getur ákveðið í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þær.

28. gr.

Allur akstur torfæruhjóla, (fjórhjól og önnur ámóta) er bannaður í landi Húsavíkurkaupstaðar nema á æfingasvæðum, sem lögreglustjóri heimilar og bæjarstjórn samþykkir, og við björgunarstörf. Allur akstur annarra vélknúinna ökutækja er óheimill utan vega eða vegaslóða, þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru, einnig á leikvöngum, leikvöllum, í skrúðgarði og á öðrum slíkum stöðum, sem bæjarstjórn ákveður.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum Húsavíkurkaupstaðar og ekki ríða hraðar en töltferð.

Að öðru leyti gilda um umferð á götum bæjarins reglur þær sem settar eru í umferðarlögum, eins og þær eru á hverjum tíma.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna o.fl.

29. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, eða því sem ætlað er til almenningsnota. Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús eða girðingar neitt það sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirt svæði, eða mannvirki. Bannað er að klifra yfir girðingar eða fara í gegnum þær nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum kaupstaðarins. Sama gildir um eigur einstaklinga. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur bæta fullum bótum þann skaða sem hann veldur.

30. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

31. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er í landi kaupstaðarins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, áður en staðurinn er yfirgefinn. Óheimilt er að kveikja eld eða brenna rusl og sorp í landi kaupstaðarins, nema með leyfi lögreglustjóra.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri. Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

V. KAFLI

Götunöfn, húsnúmer og um uppfestar auglýsingar.

32. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götur og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur skulu festa á hús sín töluspjöld til að tákna húsaröð og skulu þeir halda þeim við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

33. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

34. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o.fl.

35. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi skal hann leita álits bæjarstjórnar, eldvarnaeftirlits, vinnueftirlits og heilbrigðisnefndar.

Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar skemmtanahalds sem seldur er aðgangur að. Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni jafnan heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru við reksturinn.

Á öllum gististöðum skal haldinn nákvæm gestaskrá.

36. gr.

Hverjum, sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á í þessu efni er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er þegar bætt úr ágöllum að gefinni viðvörun.

37. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háð eru sérstöku eftirliti.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 20.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingarekstrar eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

38. gr.

Öllum veitinga- og gististöðum skal lokað eigi síðar en kl. 23.30, og skulu að minnsta kosti vera lokaðir fram til kl. 06.00 að morgni. Allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu vera á brott innan hálfrar stundar frá því að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til kl. 23.30.

39. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Leyfið skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn og er óframseljanlegt. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið. Sé rekstur leiktækja hluti af æskulýðs- og félagsstarfsemi er heimilt að lækka eða fella niður leyfisgjaldið. Leyfið skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Leyfi má einungis veita sé húsnæðið sem ætlað er til rekstursins til þess hæft að dómi heilbrigðisnefndar og eldvarnaeftirlits.

Unglingum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

Aðgangur að knattborðum, spilakössum og leiktækjum, skal einungis heimill frá kl. 15.00 til kl. 23.30 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og fyrri degi stórhátíða þjóðkirkjunnar, aðfangadegi, gamlársdegi og nýársdegi. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum um opnunartíma. Ákvæði 38. og 39. gr. taka til þessarar starfsemi eftir því sem við á.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar um aldursmörk varða sviptingu leyfis. Ef leyfishafi brýtur að öðru leyti gegn þeim eða reksturinn veldur ónæði í nærliggjandi húsum eða þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

40. gr.

Föst kvikmyndahús eða leikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og að fenginni umsögn bæjarstjórnar.

Heimilt er að binda leyfið skilyrðum um greiðslu leyfisgjalds í bæjarsjóð, og tiltekur bæjarstjórn þá fjárhæð þess.

41. gr.

Hver sá, sem heldur skemmtanir eða aðrar samkomur, skal sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglur og velsæmi.

Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum sem viðstaddir eru að fara í burtu.

Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að samkomu sem ítrekað hafa hagað sér þar ósæmilega.

42. gr.

Um útivistartíma barna skal fara eftir gildandi lögum og reglugerðum.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

43. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

44. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna hvort heldur er rennandi vatni í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða þróm og brunnum eða öðru vatni sem menn nota í atvinnurekstri, t.d. til fiskverkunar og fiskeldis. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt á þann veg að runnið geti að þeim.

45. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og á fjörum má eigi fleygja eða skilja eftir yfirleitt nokkuð það, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og öðrum úrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfivöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

46. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningatæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttað að ekki valdi óþrifnaði.

Fokgjörn efni má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnun, vel þéttum.

Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu skal sá er flytur skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

Pallbifreiðar skulu þannig útbúnar að auk skjólborða sé traustur gafl eða vör á enda pallsins þegar flutt eru efni eða varningur sem hætt er við að hrynji úr.

47. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli, sem hlýst af rekstrinum, a.m.k. daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

48. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t.d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er húseigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi né öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist út af lóð hans.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhræ eða þ.u.l. á lóðum þannig að það snúi að almannafæri. Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrásettar bifreiðar eða önnur ökutæki á bifreiðastæðum bæjarins, við götur eða á almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum eða sérstakri áskorun sé vitneskja um eiganda.

Þó skulu bæjaryfirvöld bera ábyrgð á vörslu á ofangreindum tækjum í allt að 7 daga. Tilkynna skal eiganda um töku eignanna og vörslustað og skal hann vitja þeirra innan framangreinds tíma. Ella er bæjaryfirvöldum heimilt að selja ofangreindar eignir fyrir kostnaði eða farga þeim.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að hreinsa lóðir á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum sem fjarlægðir voru, til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur.

Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar eftir því sem við á.

IX. KAFLI

Um skepnuhald o.fl.

49. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar. Reglur um skilyrði fyrir leyfi til hundahalds eru í sérstakri reglugerð um hundahald á Húsavík.

50. gr.

Þeir hundar sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundar geymdir í allt að tvo sólarhringa, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur þessara hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan tveggja sólarhringa, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

51. gr.

Hunda sem ráðast á menn og skepnum, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri tekur ákvörðun um hvernig með skuli fara og má hann ákveða afturköllun leyfis með aflífun hunds.

52. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, loðdýra og alifugla) er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar. Reglur um skilyrði fyrir leyfi til búfjárhalds eru í sérstakri reglugerð um búfjárhald á Húsavík.

53. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögreglan hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaður ekki leystur út innan viku, gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Einnig mega þeir sem fyrir ágangi verða láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu eigendur búfjárins greiða. Jafnframt skulu þeir, eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

54. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslu þess og það selt á opinberu uppboði, eða því slátrað. Allan kostnað, sem af þessu hlýst, skal eigandi greiða.

55. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglunni heimilt að aflífa.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, gildistöku, hegningarákvæði, kostnað o.fl.

56. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar. Hún gildir til eftirbreytni og um þær aðstæður og starfsemi, sem fyrir eru í kaupstaðnum.

57. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

58. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

59. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni greiðist af brotamanninum, eða ef hann er eigi um það fær, úr ríkissjóði.

60. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað nr. 33 27. janúar 1972 og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890 staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Garðakaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, skeiðvelli, íþróttavelli, útivistarsvæði, fjárréttir, markaði og opinber uppboð.

Um kvikmyndahús, leikhús, veitingastaði og önnur samkomuhús, almennar knattborðsstofur, leiktækjasali, afgreiðslustaði bifreiða og kvöldsölur gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast án, né hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Skipulagðar skrúðgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýta fyrirmælum lögreglunnar svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu, hringja síma, eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

6. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum, eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af.

Einnig er bannað að hanga aftan í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum, eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð eða festa þau við sleða, handvagna eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða- og sleða- eða rennibrautir á alfararvegi og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem leik- og sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitsemi gætt.

7. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Eigi má skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum innan kaupstaðarmarka, nema á sérstökum æfingarsvæðum, sem eru rækilega merkt og lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og bera bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð skotvopna og sprengiefna.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki ef lögreglan krefst þess.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða, barsmíð eða áreitni eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri skal ráðstafað á sama hátt þar til þeir koma til sjálfs sín aftur og skulu þeir þá, auk áfallins kostnaðar, ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði, er þeir kunna að hafa valdið með ónæði sínu.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða við það á líkama eða persónulegum munum.

11. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum, sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfnum að hneykslun valdi.

12. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hafa til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða tæknideildar bæjarins. Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljósum bæjarins.

II. KAFLI

Um útivist barna o.fl.

13. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 á tímabilinu frá 1. september til 1. maí og kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. september til 1. maí og ekki eftir kl. 23.00 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim, nema um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir að löglegum útivistartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Óheimilt er að selja unglingum undir 16 ára aldri sígarettur eða aðrar tóbaksvörur. Barnaverndarnefnd eða annar aðili sem gegnir hlutverki barnaverndarnefndar skal vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

14. gr.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti.

Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið, að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Úrdráttur úr ákvæðum þessa kafla skal festur upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd, eða aðili er gegnir hlutverki hennar, ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin. Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða þess er gegnir hlutverki hennar. Barnaverndarnefnd eða sá aðili er gegnir hlutverki hennar er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

15. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningarglugga eða á annan hátt að birta myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar, eða þess aðila er gegnir hlutverki hennar, eru siðspillandi hvort sem það eru ljósmyndir, veggauglýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri, barnaverndarnefnd, eða sá aðili er gegnir hlutverki hennar, bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðið aldursmark. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna eftir því sem við á.

III. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

16. gr.

Atvinnurekstur er óheimill á almannafæri þar sem hann tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum sem upp eru taldar í þessari grein.

Heimilt er að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með hrópum eða söng frá kl. 18.00 til kl. 09.00.

Bæjarráð getur heimilað að afurðir séu seldir á torgum og öðrum stöðum að fengnu áliti heilbrigðisnefndar enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða og er því heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfinu sem það telur nauðsynlegt vegna hreinlætis og annars.

17. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, lóðum, í garðhliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á lóðir, án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu. Óheimilt er að fara inn í híbýli í söluerindum ef húsráðendur banna það.

18. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga, sem er 2½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Verði settar reglur í þessu efni má ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

Notkun á vélsleðum og óyfirbyggðum vélknúnum smábílum (bílkrílum) er bönnuð. Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum bæjarstjórnar veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

19. gr.

Húseigendur eða umráðamenn húseigna skulu halda tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er svo og hreinsa snjó af húsþökum og fjarlægja grýlukerti þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur sem eiga þar leið um.

Húseigendum er skylt að hlýta fyrirmælum lögregluyfirvalda um frágang girðinga og trjágróðurs þar sem svo háttar til að það tálmar útsýni við gatnamót.

20. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að láta flytja burtu og setja á stað þann, sem hverju sinni er ætlaður brotajárni og málmúrgangi, bifreiðir, sem standa án skráningarnúmera á götum bæjarins, almennum bifreiðastæðum eða á opnum svæðum. Tilkynna skal eiganda eða umráðamanni um flutninginn, ef vitað er hver hann er, og skal hann bera kostnað af flutningnum.

21. gr.

Eigi má hengja utan á hús, vöruskápa eða sjálfsala auglýsingaspjöld eða annað þess háttar ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

22. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra enda setji hann aftur í samt lag það sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi sé að og sem minnstri hættu valdi og ætíð skal þess gætt að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum hætti. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri aðrar þær ráðstafanir er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram eftir að byrjað er á því getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að framkvæma.

Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð er skylt að leita upplýsinga um legu jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og Pósti og síma.

23. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarandur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt þegar húsagerðin er svo langt komin að því verður við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað að framkvæmdum loknum eða þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn og er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

24. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við smíðar eða viðgerðir á húsum eða öðrum mannvirkjum skal gera nægilega traustan og öruggan. Enda á steypustyrktarjárni má ekki láta standa bera upp í loftið í húsgrunnum eða byggingum þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af. Heimilt er lögreglustjóra eða byggingaryfirvöldum að gera viðeigandi öryggisráðstafanir hér að lútandi samkvæmt lögum og reglugerð um öryggisbúnað á vinnustöðum.

Vinnupalla, sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum, er einungis heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra. Slíkir vinnupallar skulu fjarlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess háttar skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað þegar vinnustaður er yfirgefinn skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

25. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji eða járn fjúki af þaki og veggjum, og getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri og/eða bæjaryfirvöld á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinveggur, tréveggur eða önnur girðing er komin að hruni eða falli. Allt það sem eigandi eða umráðamaður vanrækir samkvæmt þessari grein getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld látið framkvæma á kostnað eiganda.

26. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla almenningseignum né eignum einstaklinga.

27. gr.

Enginn má skemma girðingar né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

IV. KAFLI

Um umferð á götum o.fl.

28. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir umferðarlögum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim nema þar sem annað er ákveðið.

29. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla í hóf svo að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð og má ökuhraði í þéttbýli aldrei vera meiri en 50 km miðað við klukkustund.

30. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að flutningatæki séu þannig gerð að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

31. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð vélknúinna ökutækja á einstökum götum eða svæðum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð vélknúinna ökutækja innanbæjar að næturlagi.

32. gr.

Allur akstur á bifreiðum, torfæruhjólum og bifhjólum er óheimill utan vega eða vegarstæða þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru.

Allur akstur bifhjóla er óheimill á leikvöngum, leikvöllum, skrúðgörðum og öðrum slíkum stöðum.

Bæjarstjórn getur bannað alla umferð vélknúinna ökutækja á tilteknum svæðum.

33. gr.

Umferð vinnuvéla og vörubifreiða, sendibifreiða og fólksflutningabifreiða er óheiml í íbúðahverfi nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum.

Bæjarstjórn getur í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessri reglu ef talið er að slíkt leiði ekki til slysahættu, ónæðis eða óþæginda fyrir bæjarbúa.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða, strætisvagna eða vinnuvéla ganga að óþörfu svo komast megi hjá loft- og hávaðamengun á almannafæri eða þar sem ætla má að það valdi óþægindum.

V. KAFLI

Um alifugla, gripi og fénað.

34. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár- og sauðfjárhald) er heimilt í landi kaupstaðarins að fengnu sérstöku leyfi og með skilmálum, sem bæjarráð setur. Að öðru leyti vísast til reglugerðar um búfjárhald í Garðabæ um skilyrði fyrir leyfi til búfjárhalds o.fl.

35. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan í kaupstaðnum nema hann sé í öruggri girðingu sem lögreglan tekur gilda svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af. Skipulagður rekstur búfénaðar í landi kaupstaðarins er bannaður nema með leyfi lögreglustjóra.

36. gr.

Er maður heldur búfé án heimildar skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða lóga því.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í kaupstaðnum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal handsama. Einnig mega þeir sem fyrir ágangi verða láta handsama ágangsfénað en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans og fóðrun og annan kostnað sem af slíku leiðir og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinu, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða ef ekki er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón er búpeningurinn hefur valdið. Ef ætla má að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í kaupstaðnum skal lögreglunni skylt að sjá svo um að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda en lógað ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar aftur til kaupstaðarins.

Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum ef rekja má ágang búfjárins til vanrækslu þeirra.

37. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn aflífa.

38. gr.

Loðdýr (dýr sem alin eru vegna feldsins), alifugla og tamda fugla, svo sem dúfur, má ekki ala án samþykkis heilbrigðisnefndar og að uppfylltum skilyrðum sem hún setur um hýsingu og aðrar aðstæður.

39. gr.

Á vegum skulu ríðandi menn fara eftir gildandi umferðarreglum. Óheimilt er að ríða hestum um götur bæjarins þar sem þéttbýlt er, en lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

40. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum gildandi fjallskilareglugerðar eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

VI. KAFLI

Um hundahald.

41. gr.

Hundahald er bannað í Garðakaupstað nema með leyfi bæjarstjórnar samkvæmt samþykkt um hundahald í Garðbæ frá 11. mars 1983.

42. gr.

Við minni háttar brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað sem leiðir af brotinu. Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða getur hundaeftirlitsmaður krafist þess við bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt, hvernær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

Lögreglustjóri skal taka til meðferðar og fjalla um meiriháttar brot og ítrekuð brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds.

VII. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur á hús til að tákna húsaröð skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef á þarf að halda. Húseigendum ber skylda til að auðkenna hús sín með húsnúmerum eða nöfnum þar sem það á við.

44. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

45. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI

Um samkomur, knattborðs- og leiktækjastofur og almennar skemmtanir.

46. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu og halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, leiksýningu, söngskemmtun, hlutaveltu, myndsýningu o.s.frv., sem almenningi er boðið til eða seldur aðgangur að.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfið þeirri kvöð að lögreglumenn og slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann og er leyfishafa skylt að hlíta fyrirmælum þeirra til að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti.

Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti sem hann er ekki greiddur af almannafé samkvæmt venjulegum reglum um starf lögreglumanna. Sömu reglur gilda um almennar útisamkomur að svo miklu leyti sem því verður við komið.

47. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt.

Hafa skal nægilegt starfsfólk og dyragæslu eftir því er lögreglan telur nauðsynlegt til þess að halda uppi reglu og þrifalegri umgengni.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

48. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda leiksýningu, dansskemmtun, söngskemmtun eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talið er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu.

49. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, dansskemmtun og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

57. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir koma saman á víðavangi, hvar sem er innan lögsagnarumdæmisins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli áður en staðurinn er yfirgefinn og grafa ruslið vandlega niður eða flytja það burt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á slíkum stöðum.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 30. apríl ár hvert. Landeigandi skal tilkynna slökkviliðsstjóra um fyrirhugaðan sinubruna.

Óheimilt er að kveikja elda eða brenna rusli eða sorpi innan bæjarins nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

58. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum t.d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- eða lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist af lóð annars manns.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri, svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhræ og því um líkt á lóðum þannig að það snúi að almannafæri. Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrásettar bifreiðar á bifreiðastæðum bæjarins, við götur eða á almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að framkvæma lóðarhreinsun á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum, sem fjarlægðir voru, til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur. Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um samgang við skip.

59. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna samgang við erlend skip ef hann telur þess þörf til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu.

Slökkviliðsstjóri getur takmarkað samgang við skip sem flytja eldfim efni svo sem olíuskip.

XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o.fl.

60. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Garðakaupstaðar.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Hagnaður sá er sakborningur kann að hafa af broti sínu og enginn tiltekinn aðili á löglegt tilkall til skal upptækur ger og renna auk sekta í ríkissjóð.

61. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum er lögreglustjóri gerir til að hindra brot á samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða úr ríkissjóði, sé brotamaður eigi fær um það.

Lögreglusamþykkt þessi sem bæjarstjórn Garðakaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1 3. janúar 1890, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu fóðurgjalda.

1. gr.

Innheimta skal eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fóðri og innfluttu hráefni í fóður:

1. Grunngjald, sem skal vera 50% af tollverði hverrar fóðurtegundar, þó aldrei hærra en kr. 4 600,00 af hverju tonni hinnar gjaldskyldu vöru.
2. Sérstakt grunngjald, sem skal vera krónur 4 300,00 á hvert tonn hinnar gjaldskyldu vöru.
3. Sérstakt fóðurgjald, sem skal vera 80% af tollverði hverrar fóðurtegundar.

2. gr.

Fóðurgjöld skv. 1. gr. skulu lögð á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóður og fóðurblöndur og skulu innheimt við tollafgreiðslu hverrar sendingar af vörum í eftirtöldum tollnúmerum:

1001-1000	úr 1104-1100 valsað bygg í lausu	2303-3000
1001-9001	1104-1209	2304-0000
1001-9009	1104-1900	2305-0000
1002-0000	1104-2100	2306-1000
1003-0000	1104-2209	2306-2000
1004-0000	1104-2300	2306-3000
1005-1000	1104-2900	2306-4000
1005-9000	1104-3000	2306-5000
1007-0000	1106-2001	2306-6000
1008-1000	1213-0001	2306-9000
1008-2000	1213-0009	2308-1000
1008-3000	1703-1001	2308-9001
1008-9000	1703-9001	2308-9009
1102-2000	2302-1000	2309-1000
1102-9001	2302-2000	2309-9001
úr 1102-9009 blandað hænsnakorn	2302-3000	2309-9002
1103-1200	2302-4000	úr 2309-9003 annað en snefilefni
1103-1301	2302-5000	2309-9004 fiskafóður
1103-1309	2303-1000	2309-9009
1103-1900	2303-2000	
1103-2900		

Gjaldið skal reiknað eftir tollverði vörunnar eins og það er við innflutning hennar.

Við útreikning fóðurgjalda skal miða við 2% rýrnun vöru frá því magni sem flutt er inn skv. vörureikningi.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að undanskilja gjaldtöku, skv. 1. gr., að hluta eða öllu leyti fóður sem ætlað er til fiskeldis og loðdýraræktar.

Innflytjendur þessa fóðurs skulu leggja fram upplýsingar til landbúnaðarráðuneytis, er staðfesta að um fóður til fiskeldis eða loðdýraræktar sé að ræða, til að fá niðurfellingu á fóðurgjöldum. Heimild til niðurfellingar skal vera tímabundin hverju sinni.

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna, og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Sé um stærri umbúðir að ræða eða flutning í lausri vigt, getur landbúnaðarráðuneytið veitt undanþágu frá gjaldskyldu, enda sé notkun vörunnar sú er að ofan greinir. Hafi undanþága ekki verið veitt getur landbúnaðarráðuneytið ákveðið að endurgreiða fóðurgjöld skv. 1. gr. af vörum til manneldis, fiskeldis eða loðdýraræktar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða framleiðendum fóðurgjald, sem um getur í 1. gr., af afurðum sem fara til útflutnings og njóta ekki útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Landbúnaðarráðherra setur reglur um þessar endurgreiðslur hverju sinni.

Landbúnaðarráðuneytið getur undanþegið fóður fyrir gæludýr greiðslu sérstaks fóðurgjalds skv. 3. tl. 1. gr. Hafi greiðsla gjaldsins farið fram við tollafgreiðslu, er heimilt að endurgreiða gjaldið.

Landbúnaðarráðuneytið tilkynnir til tollstjóra hvaða innflytjendur gæludýrafóðurs fái rétt á niðurfellingu sérstaks fóðurgjalds skv. 1. gr. Leyfi til niðurfellingar skulu gefin til hálfs árs í senn og takmörkuð við fóðurtegundir og erlenda framleiðendur (seljendur).

Aðilum sem hafa fengið undanþágu frá fóðurgjöldum, er skylt að skila framleiðslu- og söluskýrslum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Á þessum skýrslum komi fram sala og birgðabreytingar og notkun hráefnis, sundurliðað eftir tegundum. Framleiðsluskýrslum skal skila fyrir hvern ársfjórðung og er skilafrestur að hámarki 30 dagar. Hafi skýrslur um framleiðslu ekki borist Framleiðsluráði innan tilskilins tíma, gerir það landbúnaðarráðuneytinu aðvart, en það veitir viðkomandi aðila ekki heimild til endurgreiðslu fyrr en úr hefur verið bætt.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um gjaldskyldu skv. þessari grein.

3. gr.

Um ákvörðun tollverðs gjaldskyldrar fóðurvöru skulu gilda ákvæði laga nr. 55/1987 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari varðandi vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu fóðurgjalda, skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði laga nr. 55/1987 auglýsinga settra samkvæmt þeim.

4. gr.

Tollstjórar annast innheimtu fóðurgjalda skv. reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir fyrirmælum þeim, sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda.

Tekjum af grunngjaldi skv. 1. og 2. tl. 1. gr. skal haldið aðgreindum frá sérstöku fóðurgjaldi skv. 3. tl. 1. gr. við innheimtu og skil gjaldanna. Ríkisféhirðir gerir mánaðarlega skil á sérstöku fóðurgjaldi til Framleiðsluráðs, sem heldur því á sérstökum reikningi er það færir, og nefnist hann „endurgreiðslureikningur". Framleiðsluráð gerir á sama hátt mánaðarlega skil til framleiðnisjóðs á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds, sem kann að vera ákveðið að greiða í sjóðinn. Þó skal ekki greiða þann hluta sérstaks fóðurgjalds, sem greitt hefur verið með sjálfskuldarábyrgð, fyrr en hún hefur verið greidd af fóðurinnflytjanda/framleiðanda.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun endurgreiðslureiknings.

5. gr.

Fóðurinnflytjendum er heimilt að fá allt að 4ra mánaða frestun á greiðslu sérstaks fóðurgjalds gegn skuldaviðurkenningu. Telji Framleiðsluráð nauðsynlegt að krefjast tryggingar fyrir greiðslu gjaldsins, fari hún fram með skuldaviðurkenningu, er ráðinu það heimilt. Skylt er Framleiðsluráði að krefjast slíkra trygginga af aðilum, sem lenda í vanskilum með greiðslur skuldaviðurkenninganna. Framleiðsluráð tilkynnir landbúnaðarráðuneytinu um þá aðila, sem það hefur ákveðið að svipta óskilyrtri lánsheimild, en ráðuneytið tilkynnir síðan tollstjórum um ákvörðunina.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður hverju sinni ráðstöfun tekna af sérstöku gjaldi skv. 3. tl. 1. gr. í samræmi við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 og ákvæði reglugerða, sem settar kunna að verða þar um.

Tekjur af grunngjaldi skv. 1. og 2. tl. 1. gr. renna í ríkissjóð.

7. gr.

Ríkisendurskoðun skal, ef ástæða þykir til, hafa aðgang að bókhaldi fóðurinnflytjenda og fóðurframleiðenda til að ganga úr skugga um hvort staðfestingargögn, sem lögð hafa verið fram vegna niðurfellingar eða endurgreiðslu gjaldsins, séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf, látin í té í því skyni að fá ívilnun á gjaldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum hennar, getur varðað viðurlögum skv. lögum nr. 55/1987.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. jafnframt falla úr gildi reglugerðir um sama efni nr. 129 30. mars, 1987 og 315 10. júlí 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum, sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðarinnar, skal innheimta gjöld skv. 1. og 2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar.

I. KAFLI

Innheimta fóðurgjalds.

1. gr.

Af fóðurgjöldum sem innheimt eru skv. 1. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987 skal fella niður við tollafgreiðslu grunngjald skv. 1. tl., sérstakt grunngjald skv. 2. tl. og hluta sérstaks fóðurgjalds skv. 3. tl. af innfluttu kolvetnafóðri til íblöndunar í loðdýrafóður og þurrfóðri til loðdýraræktar. Af sérstöku fóðurgjaldi skv. 3. tl. skal innheimta 2,00 kr. af hverju kg.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið veitir heimildir til niðurfellingar á fóðurgjöldum skv. 1. gr. og tilkynnir tollstjórum um innflytjendur loðdýrafóðurs sem það veitir rétt á niðurfellingu fóðurgjalds. Heimildir til niðurfellingar skulu gefnar til eins árs í senn og takmarkaðar við fóðurtegundir og erlenda framleiðendur (seljendur). Umsókn innflytjanda um niðurfellingu skal fylgja vottorð frá fóðureftirliti Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins þar sem fram komi að umrætt fóður sé sérstaklega framleitt til loðdýraræktar.

Um skil hluta hins sérstaka fóðurgjalds fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987, þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins halda sérgreindan reikning yfir fóðurgjöld skv. þessari reglugerð í „endurgreiðslureikningi".

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987 skal enginn greiðslufrestur veittur á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds sem innheimtur er skv. þessari reglugerð.

II. KAFLI

Ráðstöfun fóðurgjalds.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal mánaðarlega greiða hið sérstaka fóðurgjald sem innheimt hefur verið til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem ráðstafar því til verkefna í þágu loðdýraræktarinnar, að fengnum tillögum Sambands íslenskra loðdýraframleiðenda og eftir ákvæðum 34. gr. laga nr. 46/1985.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 með síðari breytingum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum, sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar og falla undir hana, skal innheimta gjöld skv. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á þvergötum gagnvart Dalbraut að því undanskildu að umferð um Dalbraut víki fyrir umferð um Kleppsveg, Sundlaugaveg og Brúnaveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. janúar 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. desember 1987.

Böðvar Bragason.

28. desember 1987 Nr. 631

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið að biðskylda verði á eftirtöldum hægri beygjum af götum með aðalbrautarrétti:

1. Af Stekkjarbakka vestur Álfabakka gagnvart Álfabakka.
2. Af Bæjarhálsi suður Hraunbæ gagnvart Hraunbæ.
3. Af Höfðabakka vestur Streng gagnvart Streng.
4. Af Vesturlandsvegi norður Höfðabakka gagnvart Höfðabakka.
5. Af Reykjanesbraut vestur Bústaðaveg gagnvart Bústaðavegi.
6. Af Reykjanesbraut austur Stekkjarbakka gagnvart Stekkjarbakka.
7. Af Reykjanesbraut austur Breiðholtsbraut gagnvart Breiðholtsbraut.
8. Af Kringlumýrarbraut austur Listabraut gagnvart Listabraut.
9. Af Miklubraut suður Kringluna gagnvart Kringlunni.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. janúar 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. desember 1987.

Böðvar Bragason.

28. desember 1987 Nr 632

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að bann við vinstri beygju frá Húsi verslunarinnar norður Kringluna verði takmarkaður við tímabilið frá kl. 16.00 — 20.00.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. janúar 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. desember 1987.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins.

1. gr.

1. mgr. Vegna barnsburðar skal fastráðin kona, sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfellt í 6 mánuði fyrir barnsburð, eiga rétt á leyfi í 4 mánuði með þeim dagvinnulaunum, sem stöðu hennar fylgja, enda sé ráðningu ætlað að standa a.m.k. þann tíma.

2. mgr. Frá 1. janúar 1989 skal barnsburðarleyfi vera 5 mánuðir og frá 1. janúar 1990 6 mánuðir.

3. mgr. Kona, sem á rétt skv. grein þessari og hóf töku barnsburðarleyfis á tímabilinu 1. október — 31. desember 1987, skal fá barnsburðarleyfi í samtals 4 mánuði.

4. mgr. Sömuleiðis skal kona, sem hefur töku barnsburðarleyfis á tímabilinu 1. september — 31. desember 1988, fá samtals 5 mánaða barnsburðarleyfi.

5. mgr. Ennfremur skal kona, sem hefur töku barnsburðarleyfis á tímabilinu 1. ágúst — 31. desember 1989, fá samtals 6 mánaða barnsburðarleyfi.

2. gr.

1. mgr. Tilkynna skal vinnuveitanda um töku væntanlegs barnsburðarleyfis með þriggja mánaða fyrirvara.

2. mgr. Leggja skal fram fæðingarvottorð innan mánaðar frá barnsburði.

3. mgr. Barnsburðarleyfi skal taka í einu lagi.

3. gr.

1. mgr. Þann tíma, sem kona á rétt til barnsburðarleyfis skv. reglugerð þessari, skal hún eigi fá lægri heildargreiðslur á mánuði hverjum né njóta lakari réttar en hún ætti kost á skv. lögum um fæðingarorlof.

2. mgr. Við útreikning á heildargreiðslum hvers mánaðar skal fyrst leggja saman greiðslur skv. 1. og 4. gr., eftir því sem við á.

4. gr.

1. mgr. Fyrstu 3 mánuði í barnsburðarleyfi, svo og í framlengdu leyfi skv. 6. og 7. gr. og fyrstu 2 mánuði skv. 8. gr., skal auk dagvinnulauna greiða meðaltal þeirra yfirvinnu-, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálagsstunda, sem konan fékk greiddar síðustu 6 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu, áður en barnsburðarleyfi hófst. Starfsmanni skóla eða annarrar stofnunar, þar sem venjuleg starfsemi liggur niðri hluta ársins, skal aðeins greiða slíkt meðaltal þá mánuði, sem venjuleg starfsemi fer fram, og skal þá miða meðaltal við síðustu 6 heilu starfsmánuði stofnunarinnar.

2. mgr. Ef kona var fjarverandi á 6 mánaða tímabilinu vegna orlofs, skal telja, að hún hafi sama meðaltal yfirvinnu- og álagsstunda orlofsdagana eins og hinn hluta tímabilsins.

5. gr.

1. mgr. Ef fastráðin kona óskar eftir að taka lengra barnsburðarleyfi en hún annars á rétt á, gegn tilsvarandi skerðingu launa sbr. 1. og 3. gr., skal viðkomandi stofnun leitast við að verða við þeirri ósk. Heimild til lengingar tekur aðeins til þess hluta barnsburðarleyfis, sem er umfram 3 mánuði skv. 1. gr. og umfram 2 mánuði skv. 8. gr., þannig að sá hluti geti mest orðið tvöfaldur að lengd.

6. gr.

1. mgr. Barnsburðarleyfi framlengist um 1 mánuð, sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar móður. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði.

7. gr.

1. mgr. Sé um fleirburafæðingu að ræða, framlengist barnsburðarleyfi um 1 mánuð fyrir hvert barn umfram eitt.

8. gr.

1. mgr. Ættleiðandi móðir, uppeldis- eða fósturmóðir, sbr. 5. gr. laga um fæðingarorlof nr. 57/1987, á rétt á þriggja mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum, sem stöðu hennar fylgja, vegna töku barns yngra en 5 ára.

2. mgr. Réttur þessi verður 4 mánuðir frá 1. janúar 1989 og 5 mánuðir frá 1. janúar 1990.

3. mgr. Kona, sem á rétt skv. grein þessari og hóf töku leyfis á tímabilinu 1. nóvember — 31. desember 1987, skal fá leyfi í samtals 3 mánuði.

4. mgr. Sömuleiðis skal kona, sem hefur töku leyfis á tímabilinu 1. október — 31. desember 1988, fá samtals 4 mánaða leyfi.

5. mgr. Ennfremur skal kona, sem hefur töku leyfis á tímabilinu 1. september — 31. desember 1989, fá samtals 5 mánaða leyfi.

6. mgr. Sé um fleiri en 1 barn yngri en 5 ára að ræða í sömu fósturráðstöfun eða ættleiðingu, framlengist leyfið um 1 mánuð fyrir hvert barn umfram eitt.

9. gr.

1. mgr. Vegna andvanafæðingar eftir 28 vikna meðgöngutíma skal barnsburðarleyfi vera 3 mánuðir. Vegna fósturláts eftir 20 vikna meðgöngu, skal barnsburðarleyfi vera 2 mánuðir. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar um lengd meðgöngu.

10. gr.

1. mgr. Barnsburðarleyfi fellur niður frá þeim degi að telja, er móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Í slíkum tilvikum skal barnsburðarleyfi þó aldrei vera styttra en 2 mánuðir eftir barnsburð.

11. gr.

1. mgr. Vilji kona hefja störf að nýju, áður en barnsburðarleyfi hennar er lokið, skal hún tilkynna það vinnuveitanda með eins mánaðar fyrirvara. Fellur þá niður réttur til barnsburðarleyfis þann tíma, sem hún nýtir ekki.

12. gr.

1. mgr. Kona, sem hyggst láta af starfi við lok barnsburðarleyfis, skal segja upp starfi sínu við upphaf leyfisins.

13. gr.

1. mgr. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.

GJALDSKRÁ

fyrir veitta þjónustu á rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjöld fyrir veitta þjónustu vegna gerlarannsókna fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna er kr. 600,00 fyrir hvert sýni.

2. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu en greint er frá í 1. gr. skulu vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár annarra opinberra rannsóknastofnana.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 635 31. desember 1987

GJALDSKRÁ

vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 390/1985.

1. gr.

Gjald samkvæmt gjaldskrá vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 390/1985, sbr. gjaldskrá nr. 355/1986, með síðari breytingum, verður sem hér segir:

	kr.
1. flokkur	127 400,00
2. flokkur	47 600,00
3. flokkur	23 800,00
4. flokkur	8 400,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins staðfestist hér með samkv. 17. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987.

Vegna breytingar nr. 20 á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Anex, „Rules of the Air") eru hé með gerðar breytingar á flugreglum, samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987 um setningu flugreglna.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þær gildi hinn 15. janúar 1988.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

Fylgiskjal

Breyting á flugreglum.

1. gr.

Í 3. kafla — Almennar reglur — verða eftirfarandi breytingar:

a) Við gr. 3.7.1 bætist ný athugasemd (ath.) svohljóðandi:
Ath. 2 — Í fylgiskjali B eru leiðbeiningar handa loftförum sem hindruð eru á ólögmætan hátt og geta ekki tilkynnt ATS deild.

b) Gildandi Ath. (athugasemd) 2 verður Ath. 3.

2. gr.

Við flugreglurnar bætist nýtt fylgiskjal svohljóðandi:

Fylgiskjal B.

Ólögmætar hindranir.

1. Almennt.
   1.1 Eftirfarandi aðferðir eru ætlaðar til leiðbeiningar loftförum sem verða fyrir ólögmætum hindrunum og geta ekki tilkynnt ATS deild um málið.
2. Aðferðir.
   2.1 Flugstjóri ætti að reyna að halda áfram flugi sínu eftir heimiluðum ferli og fluglagi, a.m.k. þangað til hann getur tilkynnt ATS deild eða hann er kominn inn í radarsvæði, nema aðstæður um borð krefjist annars.

2.2 Þegar loftfar sem hefur orðið fyrir ólögmætri hindrun verður að víkja frá heimiluðum ferli eða úr heimilaðri hæð án þess að geta haft talsamband við ATS, skal flugstjórinn hvenær sem mögulegt er:

a) reyna að útvarpa aðvörunum á VHF neyðartíðni og öðrum viðeigandi tíðnum, nema aðstæður um borð í loftfarinu krefjist annars. Annan búnað svo sem radarsvara um borð, gagnarásir, o.s.frv. ætti einnig að nota þegar slíkt er vænlegra til árangurs og kringumstæður leyfa og

b) halda áfram samkvæmt viðeigandi sérreglum um slíkt óvænt atvik, þar sem slíkar aðferðir hafa verið skipulagðar og tilkynntar í ICAO útgáfunni Doc 7030 „Regional Supplementary Procedures" eða

c) ef engar viðeigandi svæðisreglur hafa verið gefnar út, halda áfram í hæð sem er mitt á milli þeirra hæða sem jafnan eru notaðar í blindflugi í svæðinu, þ.e. jöfnu þúsundi, sé flogið hærra en í FL 290, en hálfu þúsundi sé flogið lægra en FL 290. Ath. — Lýsingu á viðbrögðum þegar hindrað loftfar er einelt er að finna í gr. 3.8 í flugreglunum.

Stjórnartíðindi B 64, nr. 618—636. Útgáfudagur 12. janúar 1988.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 - 1987

15. desember 1987 1267 Nr. 637

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
a) Umsjónargjald	4 000
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	8 000
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	500
d) Forgangsréttarskjal	1 000

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	800
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	500
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4)	1 000

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 . . . . . 17 000

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	8 000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	28 500
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	57 000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984 og öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 522, 17. desember 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur tannfræðinga.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig tannfræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisyfirvöldum. Leita skal umsagnar Félags íslenskra tannfræðinga, tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Starfsvettvangur tannfræðinga er á heilbrigðisstofnunum, tannlæknastofum, uppeldis- og kennslustofnunum. Tannfræðingar starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna.

Tannfræðingar starfa að fræðslu, ráðgjöf, skipulagningu og framkvæmd tannverndar.

Auk þess starfa tannfræðingar að þeim verklegu störfum sem tannlæknar fela þeim og þeir hafa hlotið menntun til.

4. gr.

Óheimilt er að ráða, sem tannfræðinga, aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Tannfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur gilda um starfsfólk það, sem tannfræðingar kunna að hafa í starfi.

6. gr.

Tannfræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Tannfræðingi er skylt að halda sjúkraskýrslu um þá, er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

8. gr.

Um tannfræðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og skv. lögum um tannlækningar nr. 38/1985, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús R. Gíslason.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun og sorpeyðingu í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Húsavíkurkaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupstaðarins.

Hún fer fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og með eftirliti heilbrigðisfulltrúa kaupstaðarins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum og öðrum fasteignum skal sett í sérstaka plastpoka, sem bæjarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem smíðuð er fyrir pokana. Skal grindin vera frístandandi, hún fest á húsvegg eða henni komið fyrir í sorptunnu. Grindinni skal komið svo fyrir, að sorppokinn hangi 2–5 cm yfir jörð, gólfi eða tunnubotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka. Sorphreinsun skal fara fram u.þ.b. 50 sinnum á ári, eftir aðstæðum, og skal fjöldi sorpgrinda miðaður við að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga. Við hvert hús skal vera a.m.k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsynlegt er. Bæjartæknifræðingur og heilbrigðisfulltrúi úrskurða um hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda grinda (sorppoka).

Fyrir stórhátíðir, eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum, geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum í áhaldahúsi bæjarins, en heimilt er bæjarráði að ákveða sérstaklega greiðslu fyrir þá poka.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka. Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa eða beitta hluti má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í poka.

Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má ekki hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana. Mold, möl, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á svæði, skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði. Bílhræ og brotajárn skal flytja á afmarkað svæði, skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings. Bannað er að urða olíuleyfar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjó. Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa og annarra hlutaðeigandi starfsmanna bæjarins.

4. gr.

Forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar skulu koma fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, á sorphreinsunarbíl þegar hreinsun fer fram eða í sorpeyðingarstöð, skv. nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn er þó heimilt í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir, að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, fjárhæð, er nemi allt að áætluðum kostnaði við sorphreinsun og sorpeyðingu í kaupstaðnum.

6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem opinbert mál í samræmi við lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988 að telja. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sorphreinsun í Húsavíkurkaupstað 1. júlí 1972.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 - 1987

18. júní 1987 1271 Nr. 640

REGLUR

um meðferð fjármuna Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen.

1. gr.

Hlutverk Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen er að auka forvarnir á sviði barnaverndar og að upplýsa almenning um stöðu barnaverndarmála. Skal fjármunum sjóðsins einkum varið til útgáfu rita um þetta efni.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Barnarverndarsjóðs Knuds Knudsen. Skulu tveir stjórnarmanna tilnefndir af Barnaverndarráði Íslands og einn skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Starfstími stjórnarinnar skal vera fjögur ár í senn.

3. gr.

Fjármunir Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen skulu varðveittir á bankareikningi skráðum sem eign Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen þar til þeim verður ráðstafað eins og reglur þessar segja til um. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á meðferð fjármuna þeirra, er varðveittir eru úr sjóðnum. Meirihluta þarf til allra ákvarðana stjórnar um ráðstöfun fjármuna sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skal halda tvíhliða bókhald í samræmi við reglur laga nr. 51/1968 um bókhald og góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

Stjórnin lætur gera ársreikning fyrir hvert almanaksár eða brot úr almanaksári sem stjórnin starfar.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður af stjórninni eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok almanaksársins.

5. gr.

Öll meðferð fjármuna Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen, bókhald og reikningsskil skal háð endurskoðun óháðs löggilts endurskoðanda og háð yfirendurskoðun af hálfu Ríkisendurskoðunar eftir því sem Ríkisendurskoðun kann að ákveða.

Endurskoðaðir reikningar Barnaverndarsjóðs Knuds Knudsen skulu sendir menntamálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun, eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok viðkomandi almanaksárs.

6. gr.

Heimilt er stjórninni að ráðstafa fé milli ára, en eigi er henni heimilt að fjármagna starfsemi sína með lánum.

Menntamálaráðuneytið, 18. júní 1987.

Sverrir Hermannsson.

Þórunn J. Hafstein.

B 86

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkorðu á árinu 1987:

I. ÍSLENDINGAR.

1. janúar:

Freyja Bjarnadóttir, fv. talsímavörður, Borgarnesi, riddarakross.
Garðar Óskar Pétursson, fv. verkstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Geir Borg, fv. framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Gísli Sigurbjörnsson, forstjóri, Reykjavík, stórriddarakross með stjörnu.
Guðríður Guðmundsdóttir, oddviti, Skeggjastöðum, Bakkafirði, riddarakross.
Haraldur Hannesson, hagfræðingur, Reykjavík, riddarakross.
Dr. Haraldur Matthíasson, fv. menntaskólakennari, Laugarvatni, riddarakross.
Dr. Jakob Jónsson, fv. sóknarprestur, Reykjavík, stórriddarakross.
Jón Bjarnason, verkstjóri, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, riddarakross.
Magnús Kristinsson, forstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Séra Ólafur Skúlason, vígslubiskup, Reykjavík, stórriddarakross.
Óskar Jónsson, Hjálpræðishernum, Reykjavík, riddarakross.
Pétur Sigurðsson, fv. framkvæmdastjóri, Breiðdalsvík, riddarakross.
Sigurður Jónsson, fv. framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Snjáfríður Jónsdóttir, fv. matráðskona, Reykjavík, riddarakross.
Soffanías Cecilsson, útgerðarmaður, Grundarfirði, riddarakross.
Sverrir Ragnars, stórkaupmaður, Akureyri, riddarakross.
Þórhallur Tryggvason, fv. bankastjóri, Reykjavík, riddarakross.

10. mars:

Þórður Einarsson, sendiherra, Reykjavík, stórriddarakross.
Kornelíus Sigmundsson, forsetaritari, Reykjavík, stórriddarakross.
Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur, Reykjavík, riddarakross.
Benedikt Ásgeirsson, sendifulltrúi, Reykjavík, riddarakross.

17. júní:

Aðalheiður Jónsdóttir, frú, Borgarnesi, riddarakross.
Emil Ásgeirsson, bóndi, Gröf, Hrunamannahreppi, riddarakross.
Guðlaug Snorradóttir, fv. skólastjóri, Kópavogi, riddarakross.
Halldór S. Rafnar, framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Séra Halldór Reynisson, fv. forsetaritari, Hruna, Hrunamannahreppi, riddarakross.
Hallgrímur Jónasson, forstjóri, Reyðarfirði, riddarakross.
Hermann Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Ingimundur Ingimundarson, bóndi, Hóli, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, riddarakross.
Kristinn Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Lárus H. Blöndal, fv. bókavörður, Reykjavík, riddarakross.
Ludvig Hjálmtýsson, fv. ferðamálastjóri, Reykjavík, stórriddarakross.
Magnús G. Jónsson, dósent, Reykjavík, riddarakross.
Magnús Thoroddsen, forseti Hæstaréttar, Reykjavík, stórriddarakross.
Páll Sigurjónsson, forstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Sigríður Ella Magnúsdóttir, óperusöngkona, London, riddarakross.
Valgerður Helgadóttir, fv. yfirhjúkrunarkona, Reykjavík, riddarakross.

II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR.

20. janúar:
Valdimar Björnsson, Minnesota, Bandaríkjunum, stórriddarakross með stjörnu.

23. janúar:
Dr. Esbjörn Rosenblad, sendifulltrúi, Svíþjóð, stórriddarakross.

10. mars:
Dr. Gwyn Jones, prófessor, Bretlandi, stórriddarakross.
Jack D. Wright, ræðismaður, Felixtowe, Bretlandi, riddarakross.
Norman Hamilton, ræðismaður, Glasgow, Bretlandi, riddarakross.
Dr. Christian Westergaard-Nielsen, prófessor, Danmörku, stórriddarakross.
Dr. Ole Widding, orðabókarritstjóri, Danmörku, stórriddarakross.
Christen Knak, fv. ráðunautur, Danmörku, stórriddarakross.
Finn Bergmann, fv. forstjóri, Danmörku, stórriddarakross.

13. apríl:
Kersti Marcus, sendifulltrúi, Danmörku, stórriddarakross.

8. apríl:
Dr. Franz Mixa, hljómsveitarstjóri, Austurríki, riddarakross.

17. júní:
Brian D. Holt, fv. ræðismaður, Bretlandi, riddarakross.
Knut Ödegaard, skáld, Noregi, riddarakross.

23. júní:
Lennart Ahrén, hirðstallari, Svíþjóð, stórkross.
Gunnar-Axel Dahlström, sendiherra, Svíþjóð, stórkross.
Göran Hasselmark, prótokollstjóri, Svíþjóð, stórriddarakross með stjörnu.
Jan Eliasson, sendiherra, Svíþjóð, stórriddarakross með stjörnu.
Lenart B: son Uller, ofursti, Svíþjóð, stórriddarakross.
Madeleine Bergstedt, hirðmey, Svíþjóð, stórriddarakross.
Elisabeth Tarras-Wahlberg, blaðafulltrúi, Svíþjóð, stórriddarakross.
Per-Axel Hildemann, sendiráðunautur, Svíþjóð, stórriddarakross.
Agneta Vestersköld, sendiráðsritari, Svíþjóð, riddarakross.
Birgitta Aahlén, ritstjóri, Svíþjóð, riddarakross.
Ulf Svenér, sendiráðsritari, Svíþjóð, riddarakross.
Werner Vögeli, veitingamaður, Svíþjóð, riddarakross.

21. júlí:
Knud Hallberg, arkitekt, Danmörku, riddarakross.

9. september:
Dr. Joan Turville-Petre, prófessor, Bretlandi, riddarakross.

5. október:

Francesco Cossiga, forseti Ítalíu, stórkross með keðju.
Giovanni Goria, forsætisráðherra Ítalíu, stórkross.
Giulio Andreotti, utanríkisráðherra Ítalíu, stórkross.
Giovanni Spadolini, þingforseti, Ítalíu, stórkross.
Nilde Jotti, þingforseti, Ítalíu, stórkross.
Valerio Zanone, varnarmálaráðherra Ítalíu, stórkross.
Rino Nicolosi, héraðsforseti, Ítalíu, stórkross.
Sergio Berlinguer, forsetaritari, Ítalíu, stórkross.
Bruno Bottai, ráðuneytisstjóri, Ítalíu, stórkross.
Boris Biancheri Chiapori, sendiherra, Ítalíu, stórkross.
Giacomo Attolico, sendiherra, Ítalíu, stórkross.
Luigi G.C. Garafoli, sendiherra, Ítalíu, stórkross.
Emanuele Scammacca del Murgo, prótokollstjóri, Ítalíu, stórkross.
Giuseppe Scaglia, sendiherra, Ítalíu, stórkross.
Riccardo Bisogniero, hershöfðingi, Ítalíu, stórkross.
Stelio Nardini, hershöfðingi, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Giovanni Domenido, stjórnmálafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Alfredo Masala, skrifstofustjóri, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Enzo Mosino, innanríkismálafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Dino Basili, menningarmálafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Carlo Salimei, lögfræðilegur ráðgjafi, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Giuseppe di Gironimo, varaforsetaritari, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Salvatore Sechi, varaskrifstofustjóri, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Rolando Ricci, borgarfógeti, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Luigi M.F. Giusti, stjórnmálafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Giovanni Bottiglieri, prótókollstjóri, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Francesco Guariglia, varaprótokollstjóri, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Raniero Avogadro, deildarstjóri, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Giuseppe Panocchia, deildarstjóri, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
S.A. Domenico Zauli, hershöfðingi, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Nicola Signorello, borgarstjóri, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Carlo Perrone Capano, sendiherra, Ítalíu, stórriddarakross með stjörnu.
Cesare Baroli, skrifstofustjóri, Ítalíu, stórriddarakross.
Sandro Gori, prótokollstjóri, Ítalíu, stórriddarakross.
Ludovico Ortona, upplýsingafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross.
Giovanni C. di Vietri, varastjórnmálafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross.
Giorgio Malfatti, sendiráðunautur, Ítalíu, stórriddarakross.
Maurizio Nicoletti, fulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross.
Bruno Servadei, ofursti, Ítalíu, stórriddarakross.
Giancesco Azzolin, ofursti, Ítalíu, stórriddarakross.
Tiziano Garbo, upplýsingafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross.
Leonardo Visconti di Modrone, varastjórnmálafulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross.
Candido Gianni, deildarstjóri, Ítalíu, stórriddarakross.
Francesco L. Mosti, deildarstjóri, Ítalíu, stórriddarakross.
Alfonso Girace, sendifulltrúi, Ítalíu, stórriddarakross.
Giancarlo Leo, varaskrifstofustjóri, Ítalíu, stórriddarakross.
Umberto Colesanti, sendiráðunautur, Ítalíu, stórriddarakross.
Renato Trippini, ofursti, Ítalíu, stórriddarakross.

Guglielmo Iozzia, borgarritari, Ítalíu, stórriddarakross.
Elizabetta Sangiorgi, prótókollstjóri, Ítalíu, stórriddarakross.
Rosario Calleri, prótokollstjóri, Ítalíu, stórriddarakross.
Paolo Calvaligi, höfuðsmaður, Ítalíu, riddarakross.
Filippo Romano, fulltrúi, Ítalíu, riddarakross.
Pasquale Laquaniti, fulltrúi, Ítalíu, riddarakross.
Ronaldo Lucioli, fulltrúi, Ítalíu, riddarakross.
Maria G. di Branco, ritari, Ítalíu, riddarakross.
Maria A. Cianci, ritari, Ítalíu, riddarakross.
Giorgio Faletti, fulltrúi, Ítalíu, riddarakross.
Dr. Lorenzo La Rocca, aðalræðismaður, Ítalíu, stórriddarakross.
Antonio La Rocca, vararæðismaður, Ítalíu, riddarakross.

11. nóvember:
Dr. Derek Gibson, læknir, Bretlandi, riddarakross.
Agner Neiman-Sørensen, prófessor, Danmörku, stórriddarakross.

2. desember:
Sigrid Ott, Leysin, Sviss, riddarakross.

Nr. 642

EMBÆTTI, SÝSLANIR

1983:

12. okt. var Jóakim Sverri Ottóssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

29. des. var Guðbirni Björnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í öldrunarlækningum hér á landi.

1984:

27. febr. var Friðþjófi Björnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lungnalækningum sem undirgrein í almennum lyflækningum, hér á landi, en sérfræðiviðurkenningu í lyflækningum fékk hann 29. janúar 1973.

1986:

10. febr. var cand. med. et chir. Smára Steingrímssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var David Thomas Davidssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í þvagfæraskurðlækningum hér á landi.

10. apríl var Ingimundi Pálssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Austurlands, Apótek Austurlands, Seyðisfirði, frá og með 1. maí 1986.

26. sept. var hr. Kai Juuranto skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Helsinki, Finnlandi.

1. okt. var Ásmundi Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

21. okt. var cand. med. et chir. Guðmundi M. Stefánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

29. okt. var hr. Arne Herluf Holm skipaður til þess að vera varakjörræðismaður Íslands í Björgvin.

18. nóv. voru Arngrímur Ísberg og Helgi Ingólfur Jónsson skipaðir til þess að vera sakadómarar við sakadómaraembættið í Reykjavík frá 1. desember 1986 að telja.

20. nóv. var cand. odont. Birni Þrastar Þórhallssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

26. nóv. var Þorvaldi Jónssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum hér á landi.

1. des. var Þórður Ólafsson, lögfræðingur, skipaður í stöðu forstöðumanns bankaeftirlits Seðlabanka Íslands til sex ára frá 1. nóvember 1986 að telja.

S.d. var Pétur K. Maack, dósent, skipaður prófessor í vélaverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands.

3. des. var Sigríður Kristjánsdóttir, fulltrúi, skipuð deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá 1. desember 1986 að telja.

4. des. var cand. odont. Hartmanni Ásgrímssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var cand. odont. Ósk Þórðardóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

10. des. var Unni B. Pétursdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í líffærameinafræði hér á landi.

12. des. var dr. Þorsteinn Loftsson skipaður prófessor í eðlislyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands (lyfjafræði lyfsala) frá 1. des. 1986 að telja.

S.d. var Hannes Heimisson ráðinn til reynslu sem sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands.

16. des. var gefið út veitingarbréf handa sr. Haraldi M. Kristjánssyni fyrir Víkurprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi.

22. des. var Sigurði Thorlacius, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum hér á landi.

29. des. var gefið út takmarkað og tímabundið leyfi skv. 25. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingastarfsemi, handa Morten Harbitz, norskum ríkisborgara, til þess að starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir BÍ Líftryggingu g.t. Brunabótafélags Íslands, til tveggja ára, frá og með 1. janúar 1987 að telja.

S.d. var Hafsteini Skúlasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum.

30. des. var Halla Bachmann Ólafsdóttir, lögfræðingur, skipuð fulltrúi við embætti yfirsakadómarans í Reykjavík frá 1. janúar 1987 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Hirti Oddssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ingiríði Skírnisdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvenlækningum hér á landi.

31. des. var Pétur G. Thorsteinsson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1987 að telja.

S.d. var Höllu Bergs veitt lausn frá embætti sendifulltrúa frá og með 1. janúar 1987 að telja.

S.d. var Úlfi Agnarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S.d. var Hannesi Hjartarsyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

S.d. var Þóri Bergmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Halldóri Benediktssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Geir A. Gunnlaugssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í vélaverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands, að hans eigin ósk.

1987:

1. jan. var Stefán L. Stefánsson ráðinn til reynslu sem sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands.

S.d. var Þórður B. Guðjónsson ráðinn til reynslu sem sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands.

Frá og með S.d. að telja voru eftirtaldir læknar skipaðir til þess að vera heilsugæslulæknar í Hafnarfirði: Guðmundur Helgi Þórðarson, Haukur Heiðar Ingólfsson, Jón R. Árnason og Jón Bjarni Þorsteinsson.

Frá s.d. að telja var dr. Hrefna Sigurjónsdóttir skipuð dósent í líffræði við Kennaraháskóla Íslands.

2. jan. var sr. Þorleifur K. Kristmundsson, sóknarprestur á Kolfreyjustað, skipaður til þess að vera prófastur í Austfjarðaprófastsdæmi frá 1. janúar 1987 að telja.

5. jan. var dr. Jóni Baldri Sigurðssyni veitt viðurkenning sem aðalkjörræðismanni Íslands í Singapore.

6. jan. voru Hermann Jóhannesson og Runólfur Birgir Leifsson skipaðir deildarstjórar í fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins frá 1. janúar 1987 að telja.

S.d. var Þórður G. Ólafsson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við heilsugæslustöðina Asparfelli 12, Reykjavík, frá og með 1. júní 1987 að telja. Frá og með sama tíma hefur hann verið leystur frá störfum sem heilsugæslulæknir á Egilsstöðum.

9. jan. var cand. oecon. Brynjólfur Sigurðsson skipaður prófessor í sölufræði og markaðsmálum við viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1986 að telja.

S.d. var skipað í eftirtaldar hlutastöður í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1987 til 30. júní 1991: Árni Kristinsson, læknir, dósent í hjartasjúkdómafræði innan lyflæknisfræði, Bjarni Þjóðleifsson, læknir, dósent í meltingarsjúkdómum innan lyflæknisfræði, Guðmundur Oddsson, læknir, lektor í klínískri lyfjafræði, Guðmundur Þorgeirsson, læknir, lektor í lyfjafræði, Jakob L. Kristinsson, lyfjafræðingur, lektor í eiturefnafræði, Reynir T. Geirsson, læknir, dósent í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og Þorsteinn Svörfuður Stefánsson, læknir, dósent í svæfingalæknisfræði. S.d. var skipað í eftirtaldar hlutastöður lektora við námsbraut í lyfjafræði lyfsala í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1987 að telja: Einar Magnússon, lyfjafræðingur, lektor í lyfjagerðarfræði og Freyja V.M. Frisbæk, lyfjafræðingur, lektor í félagslyfjafræði.

S.d. var Óskari Magnússyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

12. jan. var Halldór Jónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Akranesi frá og með 1. júlí 1987 að telja.

14. jan. var Andrési Magnússyni, lækni, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Siglufirði frá og með 1. janúar 1987 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Guðbirni Björnssyni, lækni, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Blönduósi frá og með 1. febrúar 1987 að telja, að hans eigin ósk.

16. jan. var Gunnari Rafni Sigurbjörnssyni veitt lausn frá starfi sem deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá og með 1. janúar 1987 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Tryggvi Friðjónsson skipaður til þess að vera deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. janúar 1987 að telja.

19. jan. var gefið út veitingarbréf handa Gunnlaugi Stefánssyni, cand. theol., fyrir Heydalaprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi frá 1. febrúar 1987 að telja.

20. jan. var cand. med. et chir. Runólfi Pálssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

27. jan. var Ásgeiri Þór Árnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þorsteinn Ingólfsson skipaður sendiherra í utanríkisþjónustunni frá 1. febrúar 1987 að telja.

S.d. var Helgi Ágústsson skipaður sendiherra í utanríkisþjónustunni frá 1. júní 1987 að telja.

28. jan. var Viggó Tryggvasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

2. febr. var Lárus Bjarnason, fulltrúi, skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu frá 1. febrúar 1987 að telja.

S.d. var Ólafi Egilssyni, sendiherra, veitt lausn frá formennsku í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar að eigin ósk vegna starfa hans erlendis. Jafnframt var Árni Vilhjálmsson, prófessor, skipaður formaður í hans stað. Helgi Ágústsson, skrifstofustjóri, var skipaður varaformaður í stjórn stofnunarinnar í stað Helga Gíslasonar, sendifulltrúa, sem veitt var lausn frá sama tíma að telja. Skipun ofangreindra gildir til 20. júní 1989.

4. febr. var Jens Kjartanssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lýtalækningum hér á landi.

6. febr. var Þórunn Anna Erhardsdóttir skipuð til þess að vera deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. febrúar 1987 að telja.

S.d. var Böðvar Örn Sigurjónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Blönduósi frá og með 1. september 1987 að telja.

11. febr. var Sverri Hauki Gunnlaugssyni, sendiherra, falið að taka við embætti fastafulltrúa Íslands í Genf frá 1. maí 1987.

S.d. var Þorsteini Ingólfssyni, sendiherra, falið að taka við störfum skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins frá 1. maí 1987.

12. febr. var Gísla Einarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum hér á landi. Jafnframt fellur niður sérfræðileyfi hans í almennum skurðlækningum, sem gefið var út 13. febrúar 1984.

18. febr. var Magnúsi Páli Albertssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

19. febr. var Gunnari Sæmundssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

20. febr. var cand. med. et chir. Sigurði Ólafssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

24. febr. var hr. Anders Brøns veitt viðurkenning sem aðalkjörræðismanni Íslands í Nuuk.

S.d. var hr. Henrik Lund, bæjarstjóra, veitt viðurkenning sem aðalkjörræðismanni Íslands í Qaqortoq (Julianehaab).

25. febr. var gefið út leyfisbréf handa Jens A. Guðmundssyni, lækni, til þess að fá að starfa sem sérfræðingur í innkirtlakvensjúkdómum sem undirgrein við kvenlækningar, en leyfi til að starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp fékk hann 16. júlí 1982.

S.d. var Jón Hjaltalín Ólafsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir á húð- og kvensjúkdómadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá og með 1. mars 1987 að telja.

27. febr. var Birni Ingvarssyni, yfirborgardómara í Reykjavík, veitt lausn frá embætti frá 1. júní 1987 að telja.

S.d. var Einari Ingimundarsyni, bæjarfógeta í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumanni í Kjósarsýslu, veitt lausn frá embætti frá 1. júní 1987 að telja.

Frá 1. mars að telja var Helgi Skúli Kjartansson, cand. mag., skipaður lektor í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands.

3. mars var cand. med. et chir. Önnu Geirsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. mars var Stefáni J. Hreiðarssyni, lækni, veitt leyfi til að starfa sem sérfræðingur í fötlun barna, sem undirgrein við barnalækningar en leyfi til þeirra fékk hann 13. nóvember 1981.

6. mars var Guðmundi Björnssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í augnsjúkdómum við læknadeild Háskóla Íslands frá 31. desember 1987 að telja, að hans eigin ósk. Ennfremur voru eftirtaldir dósentar skipaðir prófessorar við Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1987 að telja: Í læknadeild: Magnús Jóhannsson, prófessor í lyfjafræði. Í raunvísindadeild: Jón Kr. Arason, prófessor í stærðfræði, Stefán Arnórsson, prófessor í jarðefnafræði og Örn Helgason, prófessor í eðlisfræði. Í verkfræðideild: Þorgeir Pálsson, prófessor í vélaverkfræði.

S.d. var Rafni Ragnarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lýtalækningum hér á landi.

9. mars var Aðalbirni Þorsteinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingalæknisfræði hér á landi.

S.d. var Einari Ragnarssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tann- og munngervalækningum.

S.d. var Ragnari Danielsen, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með hjartalækningar sem undirgrein hér á landi.

10. mars var Jóni Erlendssyni, saksóknara við embætti ríkissaksóknara, veitt lausn frá embætti frá 31. mars 1987 að telja.

11. mars var Stefáni Ólafssyni veitt lausn frá dósentsstöðu í háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 31. desember 1987 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Höllu Sigurjóns, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannfyllingu og tannsjúkdómalækningum hér á landi.

S.d. var Birni Marinó Rögnvaldssyni, cand. odont., veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

12. mars var Þórarni J. Sigurðssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannholdslækningum.

S.d. var Sigurjóni H. Ólafssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í munn- og kjálkaskurðlækningum hér á landi.

S.d. var Guðjóni Axelssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tann- og munngervalækningum.

S.d. var Birni R. Ragnarssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannholdslækningum.

13. mars var Stefáni Einari Matthíassyni veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

S.d. var Auði Heiðu Guðjónsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

S.d. var Erni Bjartmars Péturssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tann- og munngervalækningum.

S.d. var Magnúsi J. Kristinssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnatannlækningum.

S.d. var Stefáni Yngva Finnbogasyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnatannlækningum.

S.d. var Ólafi Höskuldssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnatannlækningum.

20. mars var Sigfúsi Þór Elíassyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannfyllingu og tannsjúkdómalækningum hér á landi.

23. mars var Þorvaldi Ragnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Hannes Heimisson settur fyrst um sinn til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 15. mars 1987 að telja.

24. mars var Benedikt Ásgeirsson skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. mars 1987.

S.d. var Bryndísi Benediktsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

26. mars var Þóri Oddssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

30. mars var Öddu Björk Brynjarsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

31. mars var Oddi Fjalldal, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í svæfingalæknisfræði hér á landi.

S.d. var Hjalta Steinþórssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

Frá 1. apríl að telja var dr. Þorsteinn I. Sigfússon skipaður sérfræðingur við eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.

2. apríl var Stefán L. Stefánsson settur fyrst um sinn til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. apríl 1987 að telja.

S.d. var Þórður B. Guðjónsson settur fyrst um sinn til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. apríl 1987 að telja.

3. apríl var Einar Eysteinn Jónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Vestmannaeyjum frá og með 1. júlí 1987 að telja.

S.d. var hr. Roar Conrad Hyll veitt viðurkenning sem ræðismaður Íslands í Þrándheimi.

7. apríl var Jón Erlendsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti ríkissaksóknara frá 1. apríl 1987 að telja.

S.d. var Óskari Arnbjarnarsyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með krabbameinslækningar sem undirgrein hér á landi.

S.d. var Árna Jóni Geirssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í gigtarlækningum sem undirgrein við almennar lyflækningar hér á landi.

S.d. var Birni Blöndal, cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

S.d. var Guðbirni Björnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með öldrunarlækningar sem undirgrein hér á landi.

S.d. var Soili Hellman-Erlingsson, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í blóðónæmisfræði með blóðmeinafræði sem hliðargrein hér á landi.

S.d. var Jörgen Albrechtsen, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

S.d. var Pálma V. Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S.d. var Hallgrími Guðjónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með meltingarlækningar sem undirgrein hér á landi.

S.d. var Magnúsi Ólafssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með lungnalækningar sem undirgrein hér á landi.

8. apríl var Erni Ragnarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

10. apríl var Helgu Björgvinsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

13. apríl var frú Jeanne Marie de Gaudemar skipuð kjörræðismaður Íslands í Marseille.

14. apríl var Guðrúnu Margréti Árnadóttur, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

21. apríl var Guðnýju E. Gunnarsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem tannlæknir hér á landi.

22. apríl var Sigurður Konráðsson, cand. mag., skipaður sérfræðingur við Íslenska málstöð frá 1. maí 1987 að telja.

S.d. var Máni Fjalarsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Höfn í Hornafirði frá og með 1. júlí 1987 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá störfum sem heilsugæslulæknir í Bolungarvík frá og með 1. júní n. k. að telja.

S.d. var Magnús Bjarnason skipaður varnarmálafulltrúi í utanríkisþjónustunni frá 1. maí 1987 að telja.

24. apríl var Grími Jónssyni, lækni, að eigin ósk veitt lausn frá störfum héraðsdýralæknis í Hafnarfirði frá og með 1. maí 1987 að telja fyrir aldurs sakir.

S.d. var Sigurði S. Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingalæknisfræði hér á landi.

27. apríl var Hilmari Baldurssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. apríl var Herði Kristinssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í grasafræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1987 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Sveinn Björnsson skipaður sendiherra í utanríkisþjónustunni frá 1. október 1987 að telja.

30. apríl var Guðrúnu Baldursdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var hr. J.C. Schalburg að eigin ósk veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Lyon.

4. maí var Jóni Viðari Arnórssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í munn- og kjálkaskurðlækningum hér á landi.

S.d. var Ásmundur Magnússon, læknir, skipaður til þess að vera læknir við Heilsugæslustöð miðbæjar, Reykjavík, frá og með 1. júlí 1987 að telja.

S.d. var Bjarna Einarssyni veitt lausn frá sérfræðistöðu við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi frá 31. desember 1987 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Sigurjóni Arnlaugssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannholdslækningum hér á landi.

5. maí var cand. med. et chir. Sigurði Gunnarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Róbert T. Árnason skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustunni frá 1. maí 1987 að telja.

S.d. var Helga Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í gigtlækningum hér á landi.

6. maí var Stefán Björnsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Kópavogi frá og með 1. júní 1987.

S.d. var Björn Guðmundsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Kópavogi frá og með 1. júní 1987.

7. maí var dr. Gylfa Þ. Gíslasyni veitt lausn frá prófessorsembætti við viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 15. september 1987 að telja, að hans eigin ósk. Ennfremur var Páll

Sigurðsson, dósent, skipaður prófessor við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. maí 1987 að telja. Jafnframt var Þorgeir Örlygsson skipaður dósent í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1987 að telja.

8. maí var cand. med. et chir. Má Kristjánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

11. maí var frú Emelía Gertrud Hartmann skipuð kjörræðismaður Íslands í Stuttgart.

S.d. var Guðmundur Hjálmarsson skipaður kennari við Tækniskóla Íslands (byggingadeild) frá 1. september 1987 að telja.

12. maí var Birgir Már Pétursson, héraðsdómari, skipaður til þess að vera bæjarfógeti í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumaður í Kjósarsýslu, frá 1. júní 1987 að telja.

S.d. var Þorleifur Pálsson skipaður til þess að vera skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. maí 1987 að telja.

S.d. var Friðgeir Björnsson, borgardómari, skipaður til þess að vera yfirborgardómari í Reykjavík frá 1. júní 1987 að telja.

13. maí var Ólafur Stefánsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Egilsstöðum frá og með 1. júlí 1987.

14. maí var sr. Magnúsi Birni Björnssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Seyðisfjarðarprestakalli í Múlaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. ágúst 1987 að telja.

S.d. var Margrét Jónsdóttir sett fyrst um sinn til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 15. maí 1987 að telja.

S.d. var Erni Sveinssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

S.d. var Pétur Heimisson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Blönduósi frá og með 1. janúar 1988 að telja.

S.d. var Brynjólfi Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

15. maí var Einar Hilmar Jónmundsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir við röntgendeild Landspítalans frá og með 1. júní 1987 að telja.

18. maí var Þór S. Steinarsson skipaður kennari við Tækniskóla Íslands (frumgreinadeild) frá 1. september 1987 að telja.

20. maí var Áslaug Agnarsdóttir skipuð bókavörður við Háskólabókasafn frá 1. júlí 1987 að telja og Þorleifur Jónsson frá 1. maí 1987 að telja.

21. maí var Ólafi Þór Ævarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

22. maí var Guðmundi Ásgeirssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

25. maí var sr. Robert Jack veitt lausn frá embætti sóknarprests í Breiðabólsstaðaprestakalli og prófasts í Húnavatnsprófastsdæmi, frá 1. júlí 1987 að telja.

S.d. var cand. med. et chir., Þorsteini Njálssyni, veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Sveini Geir Einarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Jóni Bjarnasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Vilhjálmi Ara Arasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

29. maí var Birgi Guðjónssyni, deildarstjóra, veitt embætti skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu frá 1. júní 1987 að telja.

S.d. var Hrafn V. Friðriksson skipaður til þess að vera yfirlæknir í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. júní 1987 að telja. Þá skyldi hann annast störf skólayfirlæknis í samræmi við lög nr. 61/1957 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

1. júní voru eftirtaldir dósentar skipaðir prófessorar við raunvísindadeild Háskóla Íslands, frá 1. júní 1987 að telja, skv. heimild í 2. gr. laga nr. 8/1985, um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands: Guðni Á. Alfreðsson prófessor í örverufræði, Gylfi Már Guðbergsson prófessor í landafræði og Sigfús J. Johnsen prófessor í jarðeðlisfræði.

S.d. voru Sigurður Jónsson og Þorgeir Ingi Njálsson, lögfræðingar, skipaðir fulltrúar við embætti sýslumannsins í Árnessýslu og bæjarfógetans á Selfossi.

S.d. var Tryggvi Axelsson, lögfræðingur, skipaður til þess að vera deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá 1. júní 1987 að telja.

S.d. var cand. med. et chir. Sigríði Dóru Magnúsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. júní var Sigurbirni Björnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í öldrunarlækningum hér á landi.

9. júní var gefin út löggilding handa eftirtöldum aðilum til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur á og úr ensku: Baldur Símonarson, Jeffrey Michael Cosser, Ellen Margrét Ingvadóttir, Gauti Kristmannsson, Páll Heiðar Jónsson og Páll Richardson.

10. júní var Þóri Sturlu Ragnarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugaskurðlækningum hér á landi.

S.d. var Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi, skipuð til þess að vera deildarstjóri í samgönguráðuneytinu frá 15. júní 1987 að telja.

12. júní var cand. med. et chir. Maríu Sigurjónsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

15. júní var gefin út löggilding handa Ingegerd Hedvig Sibylla Narby til þess að vera skjalaþýðandi úr íslensku á sænsku.

16. júní var Halldóri Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

18. júní var hr. Alfred Schubrig skipaður til þess að vera kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Vín, með umdæmi er nær til Nieder-Österreich og Burgenland.

S.d. var hr. Robert Daniel Matkin veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Dallas, Texas.

19. júní var Ólafi Kjartanssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

S.d. var Pálmari Hallgrímssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

22. júní var William Peter Holbrook, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í sýklafræði hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Sigrúnu E. Þ. Reykdal veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

S.d. var Árna Leifssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

23. júní var Guðmundi Valtý Óskarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

S.d. var Karli Haraldssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingarlæknisfræði hér á landi.

S.d. var gefin út löggilding handa Per Roald Landrø til þess að vera skjalaþýðandi úr íslensku á norsku.

24. júní var Ellen Mooney, lækni, veitt leyfi til þess að fá að starfa sem sérfræðingur í húðmeinafræði sem undirgrein við húðsjúkdómalækningar hér á landi en leyfi til húðsjúkdómalækninga fékk hún 24. janúar 1983.

25. júní var gefin út löggilding handa Lars Høglund Andersen til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og úr dönsku.

S.d. var Eyþóri Björgvinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu með ísótópagreiningu sem undirgrein hér á landi. Sérfræðiviðurkenningu í geislagreiningu fékk hann 28. október 1985.

29. júní var Vilhjálmi Kr. Andréssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvenlækningum hér á landi.

30. júní var Gunnari Ási Vilhjálmssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að starfa sem læknir hér á landi.

1. júlí var Signýju Sen, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Frá s.d. að telja var Ástráður B. Hreiðarsson skipaður í hlutastöðu dósents (37%) í klínískri lyfjafræði við námsbraut í lyfjafræði lyfsala við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið.

Frá s.d. að telja voru eftirtaldir skipaðir dósentar og lektorar í hlutastöður (37%) við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið: Gauti Arnþórsson, dósent í almennri handlæknisfræði, Grétar Ólafsson, dósent í brjóstholsskurðlækningum, Guðjón Magnússon, dósent í félagslæknisfræði, Gunnar Biering, dósent í barnasjúkdómafræði, Jóhannes Björnsson, dósent í líffærafræði (vefjafræði), Kristrún R. Benediktsdóttir, dósent í líffærameinafræði, Páll Gíslason og Sigurgeir Kjartansson, dósentar í klínískri handlæknisfræði, Guðmundur Sigurðsson, lektor í heimilislæknisfræði, og Vilhjálmur Rafnsson, lektor í heilbrigðisfræði. Ennfremur var Sigurður V. Sigurjónsson skipaður í hlutastöðu lektors (50%) í líffærafræði við læknadeild fyrrgreint tímabil.

2. júlí var Guðbjörgu Sigurgeirsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

7. júlí var Örlygi Þórðarsyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. júlí var sr. Guðni Þór Ólafsson, sóknarprestur á Melstað, skipaður til þess að vera prófastur í Húnavatnsprófastsdæmi frá 1. júlí 1987 að telja.

S.d. var Jón Júlíusson skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustunni frá 1. júlí 1987 að telja.

S.d. var Emilíu Kofoed-Hansen Lyberopoulos veitt viðurkenning sem varakjörræðismaður Íslands í Aþenu.

S.d. var Halldóri Þorbjörnssyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. september 1987 að telja.

S.d. var 4 dýralæknum veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi: Vilhjálmi Svanssyni, Hróbjarti Darra Karlssyni, Páli Stefánssyni og Konráð Konráðssyni.

9. júlí var cand. med. et chir. Garðari Sigursteinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

10. júlí var Böðvari Erni Sigurjónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

21. júlí var Hönnu Maríu Pétursdóttur veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hálsaprestakalli, Þingeyjarprófastsdæmi, frá 1. júlí 1987 að telja.

S.d. var cand. odont. Gunnari E. Vagnssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

8. júlí var cand. med. et chir. Elínu Hrefnu Garðarsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

31. júlí var cand. med. et chir. Sigurði Páli Pálssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

4. ágúst var Ágústu Guðjónsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

5. ágúst var Hermann Jónsson, bóndi, Sellátrum, Helgustaðahreppi, skipaður til að vera hreppstjóri í Helgustaðahreppi í Suður-Múlasýslu.

S.d. var hr. Hans-Peter Eichenberger skipaður kjörræðismaður Íslands í Kuala Lumpur.

6. ágúst var Emil Lárusi Sigurðssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Gísla Baldurssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Aðalsteini Júlíussyni, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti vita- og hafnamálastjóra frá 1. nóvember 1987 að telja.

S.d. var Ragnheiði Bragadóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Reyni Arngrímssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

10. ágúst voru eftirtaldir skipaðir lektorar við tannlæknadeild Háskóla Íslands um þriggja ára skeið frá 1. september 1987 að telja: Björn Ragnarsson, lektor í tannholdsfræði, Halla Sigurjóns, lektor í tannsjúkdómafræði og tannfyllingu, Karl Örn Karlsson, lektor í bitfræði. Ennfremur var Jóhann Heiðar Jóhannsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósents (37%) í meinafræði munns og kjálka við deildina um þriggja ára skeið frá 1. september 1987 að telja. Jafnframt var Ársæll Jónsson, læknir, skipaður í hlutastöðu lektors (37%) í almennri lyflæknisfræði við tannlæknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. september 1987 að telja.

11. ágúst var Andra Jónssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Hafrúnu Friðriksdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Guðlaugu Björgu Björnsdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Guðmundi Þór Jónssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

13. ágúst var Ragnari Grími Bjarnasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. ágúst var Magnús Sæmundsson, bóndi og oddviti, Eyjum, skipaður hreppstjóri og aðalstefnuvottur í Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.

19. ágúst var Ágúst Oddsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Bolungarvík frá og með 1. september 1987 að telja.

S.d. voru Kristjana Jónsdóttir, settur borgardómari, og Jón L. Arnalds, dósent, skipuð til þess að vera borgardómarar við borgardómaraembættið í Reykjavík frá 1. september 1987 að telja.

20. ágúst var Gunnari Birni Gunnarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

21. ágúst var gefið út veitingarbréf handa séra Kristjáni Einari Þorvarðarsyni, fyrir Hjallaprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi, frá 1. ágúst 1987 að telja.

24. ágúst var Gunnsteinn Stefánsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Hafnarfirði frá og með 1. janúar 1988 að telja. Jafnframt hefur honum verið veitt lausn frá störfum sem heilsugæslulæknir á Egilsstöðum frá og með sama tíma.

S.d. var Ágústi Kárasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var herra Francisco Javier Miralles Torija-Gasco skipaður kjörræðismaður Íslands í Valencia.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Birni H. Jónssyni fyrir Staðarfellsprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 15. júní 1987 að telja til 1. júlí 1988.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Bjarna Th. Rögnvaldssyni fyrir Prestsbakkaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi frá 1. júlí 1987 að telja til 1. júlí 1988.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Huldu Hrönn M. Helgadóttur fyrir Hríseyjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 15. júní 1987 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Guðmundi Karli Ágústssyni fyrir Hólabrekkuprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi frá 1. september 1987 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Ægi Fr. Sigurgeirssyni, fyrir Höfðakaupstaðarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi, frá 1. júlí 1987 að telja.

S.d. var Ásbirni Sigfússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í ónæmisfræði hér á landi.

S.d. var Hrefnu M. Skúladóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til að stunda almennar lækningar hér á landi.

25. ágúst var cand. med. et chir. Oddgeiri Gylfasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

27. ágúst var dr. Gísli Pálsson skipaður dósent í mannfræði og dr. Guðný Guðbjörnsdóttir skipuð dósent í uppeldisfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1987 að telja.

2. sept. var Sveinn Eldon, valt. lies., skipaður sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá og með 1. september 1987 að telja.

S.d. var Gunnar Aðalsteinsson, fulltrúi, skipaður til þess að vera héraðsdómari við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 1. september 1987 að telja.

S.d. var Stefán H. Jóhannesson, cand. jur., skipaður sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá og með 1. september 1987 að telja.

S.d. var Grétar Már Sigurðsson settur fyrst um sinn til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá og með 1. september 1987 að telja.

3. sept. var Haraldi Johannessen, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var sr. Þórarni Þór, prófasti, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Patreksfjarðarprestakalli og embætti prófasts í Barðastrandarprófastsdæmi, frá og með 1. október 1987 að telja.

4. sept. var Lárusi Bjarnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Valborgu Kjartansdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var cand. med. et chir. Ólöfu Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

7. sept. var Snorra Olsen, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. sept. var gefið út veitingarbréf handa séra Karli Valgarði Matthíassyni, fyrir Staðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. september 1987 að telja.

S.d. var Hrafn Bragason, borgardómari, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 10. september 1987 að telja.

10. sept. var Ásbirni Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóni Egilssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Loga Egilssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigrúnu Guðmundsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Haraldi Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

18. sept. var Guðlaugi Birki Sveinssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

23. sept. var gefið út takmarkað og tímabundið leyfi skv. 25. gr. laga nr. 50/1978 um vátryggingastarfsemi handa Neil Hillary, breskum ríkisborgara, til þess að starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir Líftryggingafélagið Vörð hf. í tvö ár frá og með 1. október 1987 að telja.

S.d. var cand. odont. Halldóri G. Halldórssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S.d. var Ólafur Ólafsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti sýslumanns Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík frá 1. september 1987 að telja.

S.d. var cand. odont. Páli Ævari Pálssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

24. sept. var Ársæli Kristjánssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. sept. var Ólafur Sigurðsson skipaður sendiráðsritari í utanríkisþjónustunni frá 1. september 1987 að telja.

29. sept. var Elínu Ingibjörgu Jacobsen veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

1. okt. var Þórarni Gíslasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lungnalækningum hér á landi.

S.d. var Valgeir Ársælsson skipaður sendiherra í utanríkisþjónustunni frá þ. d. að telja.

S.d. var Haukur Ólafsson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustunni frá þ. d. að telja.

S.d. var Kristjáni Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

S.d. var Friðbirni R. Sigurðssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. okt. var Þorbjörgu K. Kjartansdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

6. okt. var Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Bjarnveigu Eiríksdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. okt. var Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingur, skipuð aðalfulltrúi við embætti yfirborgardómarans í Reykjavík frá 1. október 1987 að telja.

9. okt. var Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S.d. var séra Flosi Magnússon, sóknarprestur á Bíldudal, skipaður til þess að vera prófastur í Barðastrandarprófastsdæmi frá 1. október 1987 að telja.

S.d. var Jónínu Freydísi Jóhannesdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

Frá 10. okt. að telja var Þóra C. Óskarsdóttir sett til að gegna stöðu bókafulltrúa í menntamálaráðuneytinu um eins árs skeið. Áður gegndi Stefanía Júlíusdóttir stöðunni.

13. okt. var Guðjón Sigurbjörnsson, læknir, skipaður í stöðu yfirlæknis við svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítalans frá 1. nóvember 1987 að telja.

15. okt. var Þórði Ingólfssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sveinn Sigurkarlsson, lögfræðingur, skipaður aðalfulltrúi við embætti bæjarfógetans í Keflavík, Grindavík og Njarðvík og sýslumannsins í Gullbringusýslu frá 1. september 1987 að telja.

19. okt. var Tór Einarsson, Ph.D., skipaður dósent í viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 15. október 1987 að telja.

S.d. var Kristjáni S. Sigurgeirssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

22. okt. var Magnúsi Guðlaugssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

26. okt. var cand. med. et chir. Ólöfu Halldóru Bjarnadóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sigurði Baldurssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum.

S.d. var Guðbrandi E. Þorkelssyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum.

27. okt. var Rúnu Hauksdóttur veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

29. okt. var Jón Hilmar Alfreðsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir við kvennadeild Landspítalans frá og með 1. nóvember 1987 að telja.

1. nóv. var Jón K. Jóhannsson, læknir, skipaður til þess að vera tryggingalæknir við Tryggingastofnun ríkisins.

2. nóv. var Atla Vagnssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

4. nóv. var Inger Linda Jónsdóttir, lögfræðingur, skipuð aðalfulltrúi við embætti sýslumanns Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði, frá 1. nóvember 1987 að telja.

9. nóv. var Jens S. Jenssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tann- og munngervalækningum hér á landi.

S.d. var Allan Vagn Magnússon, héraðsdómari, skipaður til þess að vera borgardómari við borgardómaraembættið í Reykjavík frá 10. nóvember 1987 að telja.

10. nóv. var cand. med. et chir. Hönnu Jóhannesdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Arnóri Víkingssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

12. nóv var Pétri Heimissyni veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

13. nóv. var gefið út veitingarbréf handa Yrsu Þórðardóttur, cand. theol., fyrir Hálsprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 15. nóvember 1987 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Baldri Kristjánssyni, fyrir Bjarnarnessprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi, frá 1. ágúst 1987 að telja.

17. nóv. var gefið út veitingarbréf handa séra Friðriki J. Hjartar, fyrir Ólafsvíkurprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi frá 15. nóvember 1987 að telja.

S.d. var Elís Erni Hinz veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

24. nóv. var Karli Gústafi Kristinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í sýklafræði með veirufræði sem hliðargrein hér á landi.

S.d. var Valgerði Sigurðardóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í krabbameinslækningum hér á landi.

30. nóv. var Valtýr Sigurðsson, héraðsdómari, skipaður til þess að vera borgarfógeti við borgarfógetaembættið í Reykjavík frá 1. janúar 1988 að telja.

1. des. var Árna Þ. Björnssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. des. var Gunnari Jóhanni Birgissyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. des. var Magnúsi Þ. Torfasyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1988 að telja.

14. des. var Hjalti Hugason skipaður lektor í kristinfræðum og trúarbragðasögu við Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 1988 að telja.

15. des. var Guðmundi Benediktssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóni Höskuldssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

Nr. 643

RÆÐISMENN

1986:

3. júní var Ingimundi Stefánssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismaður Spánar með aðalræðisstigi í Reykjavík.

15. des. var Geir Borg veitt viðurkenning sem kjörræðismaður Thailands með aðalræðisstigi í Reykjavík.

S.d. var Ragnari Borg veitt viðurkenning sem kjörræðismaður Ítalíu með aðalræðisstigi í Reykjavík.

1987:

26. jan. var hr. Mark Fenger Chapman, sendiherra, veitt viðurkenning sem aðalræðismanni Bretlands á Íslandi.

2. sept. var Hjalta Geir Kristjánssyni veitt viðurkenning til þess að vera ræðismaður fyrir Sviss í Reykjavík.

6. nóv. var Vali Valssyni veitt viðurkenning til þess að vera ræðismaður fyrir Líbanon á Íslandi með aðsetur í Reykjavík.

SKRÁ

tilkynninga um ný hlutafélög sem birtust í Lögbirtingablaði 1987.

	Tbl. nr.
Aðalumboðið hf., Reykjavík	75
Aðstoð hf., Reykjavík	79
Aha hf., Reykjavík	79
Aldaco hf., Mosfellsbæ	39
Alheimslist hf., Garðabæ	59
Al-innréttingar hf., Reykjavík	60
Allt hugbúnaður hf., Reykjavík	104
Alþjóða viðskiptaþjónustan hf., Reykjavík	135
Amis hf., Reykjavík	63
Arnarfell hf., Sauðárkróki	46
Arp hf., Reykjavík	61
Artex hf., Reykjavík	63
Artíum-búðin hf., Bessastaðahreppi	124
Asparás hf., Reykjavík	135
Auglit hf., auglýsingastofa, Akureyri	60
Auglýsingastofan Op hf., Reykjavík	39
Aukning hf., Reykjavík	21
Austfirska sjónvarpsfélagið hf., Egilsstaðahreppi, S.-Múl.	59
Austurvegur hf., Reykjavík	30
Axelsson hf., Reykjavík	99
Á. Bjarnason hf., Hafnarfirði	57
Álfbær hf., Kópavogi	75
Ál- og plastsmíði hf., Reykjavík	99
Ánar hf., Reykjavík	124
Árós hf., Reykjavík	11
Ásborg hf., Reykjavík	125
Ásholt hf., Mosfellsbæ	125
Ásól hf., Blönduósi	125
Áttan hf., Reykjavík	125
B. & B. hf., Reykjavík	135
B. Óskarsson hf., Reykjavík	31
Baðhúðun hf., Kópavogi	106
Bakkalax hf., Selfossi	31
Bakki hf., Hnífsdal	61
Baldur og Óskar hf., Fellahreppi, N.-Múl.	99
Baldvinsson hf., Vogum, Gullbringusýslu	63
Barnahjúkrunarstöðin hf., Reykjavík	123
Baula hf., Hafnarfirði	76
Basar hf., Reykjavík	124
Bár hf., Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnesi	135
Bátsendar hf., Sandgerði	63
Belti hf., Reykjavík	11
Benedikts hf., Reykjavík	63
Bergás hf., Reykjavík	136
Bergholt hf., Reykjavík	106
Bergsplan hf., Reyðarfirði	9
Beyki hf., Reykjavík	31
Beykir hf., Borgarnesi	103
Bifreiðaverkstæðið AB hf., Reykjavík	61
Billiardborg hf., Kópavogi	9
Birta hf., Egilsstöðum, S.-Múl.	102
Bíla- og vélaverkstæði Hjalta Sigfússonar hf., Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu	9
Bílalagerinn hf., Reykjavík	21
Bílaleiga Arnarflugs hf., Reykjavík	102
Bílamálun Sævars hf., Reykjavík	31
Bílameistarinn hf., Kópavogi	123
Bílasala Alla Rúts hf., Reykjavík	63
Bílaþjónusta Kristjáns Bergmanns hf., Kópavogi	46
Bílaþjónunstan Gljái hf., Njarðvík	135
Bílaþjónustan Viðgerð hf., Reykjavík	11
Bílvogur hf., Kópavogi	31
Bíró hf., Kópavogi	76
Bjargvík hf., N.-Múl.	103
Bjartsýni hf., Reykjavík	76
Bláfell hf., Sauðárkróki	30
Blikk hf., Selfossi	75
Blikkform hf., Reykjavík	125
Blikkrás hf., Akureyri	39
Blikkvirki hf., Akureyri	11
Blikkþjónustan hf., Reykjavík	99
Borgarvernd hf., Reykjavík	61
Borgarvík hf., Reykjavík	103
Botes hf., Reykjavík	106
Bókhaldsstofan Fell hf., Mosfellsbæ	136
Bókahöllin hf., Reykjavík	135
Bókaútgáfan Óðinn hf., Reykjavík	46
Bókaútgáfan Reykholt hf., Reykjavík	31
Bókvit hf., Reykjavík	6
Bónþjónustan hf., Kópavogi	106
Braga sport hf., Reykjavík	57
Branda hf., Selfossi	125
Brauðval hf., Reykjavík	76
Brimir hf., Reykjavík	107

	Tbl. nr.
Brimrás hf., Hafnarfirði	31
Bríkhf., Húsavík	46
Brokey hf., Ísafirði	124
Brunnur hf., Reykjavík	21
Bræðurnir Baldursson hf., Reykjavík	44
Bústofn hf., Garðabæ	31
Búvörur hf., Reykjavík	125
Byggðasel hf., Hveragerði	135
Byggingafélagið Dögun hf., Reykjavík	75
Byggingafélagið Hamrar hf., Kópavogi	106
Byko - Byggingavöruverslun Kópavogs hf., Kópavogi	75
Bæjarprýði hf., Reykjavík	99
Dalverk hf., Búðardal	60
Dentix hf., Reykjavík	103
Díll hf., Reykjavík	39
Dráttarskipafélagið hf., Siglufirði	106
Dreifing hf., Reykjavík	57
Dýpkunarfélagið hf., Reykjavík	
E. Asgeirsson & Co. hf., Reykjavík	22
E.P.-stigar - byggingafélag hf., Reykjavík	57
Easy fisk hf., Húsavík	99
Eðalfiskur hf., Borgarnesi	135
Eflir hf., Reykjavík	57
Eflir, verktakar og þjónusta hf., Reykjavík	99
Efnafræðistofan Skín hf., Akureyri	60
Eiðistorg hf., Seltjarnarnesi	59
Einarsbakarí hf., Akureyri	46
Eldfrost hf., Reykjavík	11
Eldhólfið hf., Reykjavík	57
Eld-húsið hf., Reykjavík	31
Eldisstöðin í Vík hf., Vík, Mýrdal	60
Eldvarnir hf., Hafnarfirði	57
Elex hf., Reykjavík	107
Endco hf., Reykjavík	21
Engjateigur 11 hf., Reykjavík	123
Enok hf., Kópavogi	98
Endurskoðun og reikningsskil hf., Reykjavík	30
Endurskoðun Sig. Stefánsson hf., Reykjavík	135
Eyfirska kartöflusalan hf., Kópavogi	60
Eyfirska sjónvarpsfélagið hf., - Sjónvarp Akureyri, Akureyri	46
Eyfirskar kartöflur hf., Öngulsstaðahreppi, Eyjafirði	46
Eyfiskur hf., Akureyri	39
Eyfjörð hf., Akureyri	39
Eyjaradíó hf., Vestmannaeyjum	136
Faghús hf., Reykjavík	41
Fagprent hf., Reykjavík	135
Fanntófell hf., Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu	125
Fansa hf., Reykjavík	135
Fasteignamiðstöðin hf., Reykjavík	75
Fatahreinsunin slétt og fellt hf., Akureyri	31
Faxamarkaðurinn hf., Reykjavík	61
Fáfnisglóð hf., Reykjavík	39
Fella-ís hf., Reykjavík	23
Ferðaland hf., Reykjavík	76
Ferðaskrifstofa Húsavíkur hf., Húsavík	59
Ferðaskrifstofan Alís hf., Reykjavík	125
Ferðaskrifstofan Saga hf., Reykjavík	6
Fersk fæða hf., Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi	60
Festing hf., Reykjavík	31
Féfang hf., Reykjavík	60
Finnar hf., Reykjavík	103
Fisk hf., Seyðisfirði	63
Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Hjalteyri	106
Fiskeldisþjónustan hf., Kópavogi	103
Fiskiðjan Bati hf., Reykjavík	99
Fiskifang hf., Mosfellsbæ	23
Fiskmarkaður Norðurlands hf., Akureyri	103
Fiskmarkaður Suðurnesja hf., Njarðvík	106
Fiskmarkaðurinn hf., Hafnarfirði	31
Fiskmiðlun Norðurlands hf., Dalvík	125
Fiskréttir hf., Hafnarfirði	63
Fiskvinnslan Annes hf., Keflavík	31
Fiskvinnslan Kambur hf., Flateyri	125
Fiskþurrkun hf., Garði, Gerðahreppi	125
Fitjar hf., Reykjavík	102
Fittingsbúðin hf., Kópavogi	39
Fínull hf., Mosfellsbæ	46
Fjalla-hestar hf., Rangárvallasýslu	61
Fjarskipti hf., Reykjavík	11
Fjárfestingarfélagið Athöfn hf., Keflavík	46
Fjárfestingarfélagið Silfurberg hf., Reykjavík	9
Fjórhjóla- og vélaleigan hf., Reykjavík	75
Fjölnisþróun hf., Reykjavík	99
Fjölrás hf., Reykjavík	76
Fjölþjóðasjóðurinn hf., Reykjavík	79
Flott föt hf., Reykjavík	57
Flugco hf., Reykjavík	106
Flugfélag Sauðárkróks hf., Sauðárkróki	106
Flugmó hf., Reykjavík	136
Flugverk hf., Reykjavík	98
Flugtaxi hf., Reykjavík	136
Flutningamiðlunin hf., Reykjavík	75
Flutningaþjónustan hf., Reykjavík	103
Form hf., Akureyri	104
Forum hf., Reykjavík	99
Fosslundur hf., Selfossi	41

	Tbl. nr.
Fosstak hf., Reykjavík	61
Fólk hf., Reykjavík	31
Frostver hf., Vestmannaeyjum	135
Frumrit hf., Garðabæ	125
Frystivörur hf., Hafnarfirði	103
Furulundur hf., Fellabæ, N.-Múl.	60
Færabakur hf., Stöðvarhreppi, S.-Múl.	39
G.Ó.M.A. hf., Selfossi	135
G. Ólafsson og Kristmanns hf., Reykjavík	79
G. Ö. dreifing hf., Reykjavík	9
Gagnastýring hf., Kjósarsýslu	39
Gallerí svart á hvítu hf., Reykjavík	9
Gallup á Íslandi hf., Reykjavík	99
Garðás hf., Reykjavík	99
Garðskálar hf., Reykjavík	107
Gásar hf., Reykjavík	57
Genus hf., Reykjavík	31
Glóey hf., Reykjavík	79
Gluggar og garðhús hf., Garðabæ	39
Gluggasmiðjan hf., Reykjavík	60
Gnúpur hf., Gnúpverjahreppi, Árn.	103
Gnýfari hf., Grundarfirði	102
Gól hf., Reykjavík	125
Grandaborg hf., Reykjavík	60
Grjótaþorp hf., Reykjavík	136
Groddi hf., Reykjavík	102
Grótta hf., Reykjavík	57
Grænavatn hf., Garðabæ	103
Guðni Helgason hf., Reykjavík	60
Gull-ís hf., Reykjavík	23
Göltur hf., Suðureyri	60
H. G. heildverslun hf., Hafnarfirði	135
H. Hilmarsson hf., Reykjavík	103
H. Jakobsson hf., Reykjavík	39
H. Kristjánsson hf., Súðavík, N.-Ís.	99
H. Pálsson hf., Reykjavík	59
Hafbjörg hf., Garði, Gullbringusýslu	125
Haffóður hf., Þorlákshöfn	135
Hag hf., auglýsingastofa, Reykjavík	30
Hagtækni hf., Reykjavík	46
Hagvon hf., A-Barðastrandarsýslu	103
Halldór Svansson hf., Kópavogi	6
Hans hf., Reykjavík	103
Hansen hf., Hafnarfirði	98
Haraldur og Guðlaugur hf., Akureyri	136
Haukur og Ólafur hf., Reykjavík	59
Háaleiti hf., Reykjavík	75
Háeyri hf., Keflavík	125
Háigrandi hf., Hafnarfirði	39
Heggur hf., Reykjavík	125
Heildverslunin Borg hf., Reykjavík	76
Heildverslunin Hind hf., Reykjavík	61
Heildverslunin Tandri hf., Kópavogi	123
Heilsulínan hf., Reykjavík	79
Heimilisvörur hf., Reykjavík	75
Hellir hf., Selfossi	103
Hera hf., Reykjavík	39
Heykögglar hf., Egilsstaðahreppi, S.-Múl.	102
Hlaðhamar hf., Svalbarðseyri	31
Hljóðbylgjan hf., Akureyri	31
Hljóðmynd hf., Reykjavík	79
Hljóðvarp hf., Reykjavík	61
Hlutafélagið hf., Reykjavík	99
Hlutur hf., Akureyri	98
Holræsahreinsun hf., Reykjavík	103
Holtagarður hf. Mosfellsbæ	125
Hótel Reykjavík hf., Reykjavík	98
Hreinlætisþjónusta Suðurnesja hf., Keflavík	79
Hreinsival hf., Kópavogi	61
Hrís hf., Reykjavík	76
Hringur hf., Akureyri	76
Hrogn og lifur hf., Reykjavík	96
Hugsmíð hf., Seltjarnarnesi	135
Hugun hf., Reykjavík	63
Hús fyrir Epal hf., Reykjavík	75
Húsgagnamarkaðurinn hf., Reykjavík	136
Hvítlist hf., Seltjarnarnesi	9
Hvolf hf., Reykjavík	104
Höfðaverk hf., Höfn, Hornfirði	103
Höfðavík hf., Hólmavík	46
Höfn hf., Vestmannaeyjum	59
I. Co. hf., Reykjavík	75
Icco hf., Reykjavík	136
Icey hf., Vestmannaeyjum	124
Iða hf., Keflavík	9
Iðukaup hf., Reykjavík	123
Indverska veitingahúsið hf., Reykjavík	135
Inex hf., Reykjavík	31
Innes hf., Hafnarfirði	75
Ísblik hf., Akranesi	23
Ísblikk hf., Hafnarfirði	103
Ísbor hf., Selfossi	6
Ísbönd hf., Reykjavík	103
Ísdata hf., Akureyri	59
Ískraft hf., Reykjavík	60
Íslandssíld hf., Hafnarfirði	9
Íslensk/afríska hf., Garðabæ	75
Íslensk atvinnumiðlun hf., Reykjavík	125
Íslensk húsnæðismiðlun hf., Reykjavík	135
Íslenska bílaumboðið hf., Reykjavík	99
Íslenska bændaþjónustan hf., Kópavogi	76

	Tbl. nr.
Íslenska hestasalan hf., Reykjavík	57
Íslenska markaðsfélagið hf., Reykjavík	23
Íslenskar sjávarafurðir hf., Reykjavík	103
Íslenskt dýrafóður hf., Reykjavík	30
Íslenskur gæðafiskur hf., Ytri-Njarðvík	46
Íslenskur lakkrís hf., Reykjavík	79
Íslenskur nýfiskur hf., Reykjavík	57
Íslenskur skelfiskur hf., Keflavík	125
Íslux hf., Reykjavík	39
Ísmark hf., Reykjavík	99
Ísmót hf., Garðabæ	39
Íspró hf., Reykjavík	125
Íssdjúp hf., Reykjavík	63
Ís-skott hf., Reykjavík	23
Ís-umboðsskrifstofa skemmtikrafta hf., Reykjavík	79
Ísverksmiðjan Ísborg hf., Garði Gullbringus.	6
Ísvirki hf., - Íslensk mannvirki, Hafnarfirði	99
J.V.S. hf., Reykjavík	46
J.S. raflagnir hf., Reykjavík	125
Japís hf., Reykjavík	125
Jo-Ann hf., Reykjavík	11
Jóni hf., Reykjavík	75
K.K. blikk hf., Kópavogi	63
K. Ragnarsson hf., Grindavík	60
Kapaltækni hf., Seltjarnarnesi	63
Karakter hf., Reykjavík	98
Kas hf., Dalvík	11
Katja hf., Reykjavík	23
Kaupfang hf., Kópavogi	135
Kaupfélagið Þór hf., Rangárvallasýslu	102
Kaupfell hf., Njarðvík	63
Kauptorg hf., Kópavogi	60
Kaupþing Norðurlands hf., Akureyri	102
Keiluland hf., Garðabæ	59
Ketill Halldórsson söluturn hf., Reykjavík	6
Kínahofið hf., Kópavogi	107
Kjallarinn 65 hf., Patreksfirði	103
Kjörhús hf., Reykjavík	102
Kjörland hf., Svalbarðseyri	39
Kjötsalan hf., Reykjavík	57
Kjötvinnslan hf., Mosfellsbæ	63
Kolsýruvinnslan hf., Grímsneshreppi, Árn.	63
Komma hf., Reykjavík	103
Kompassútgáfan hf., Reykjavík	63
Kot hf., Reykjavík	106
Kókós hf., Reykjavík	11
Krató hf., Reykjavík	99
Krít hf., Reykjavík	76
Kul hf., Reykjavík	6
Kögurás hf., Suðureyri	102
Lagnatækni hf., Reykjavík	11
Landsþjónustan hf., Reykjavík	103
Laugaveitingar hf., Reykjavík	46
Laxakort hf., Reykjavík	59
Lánastofnun sparisjóðanna hf., Reykjavík	11
Leiti hf., Reykjavík	76
Lenkó hf., Kópavogi	23
Leysir hf., Reykjavík	136
Listinn hf., Reykjavík	44
Litla flugan hf., Seltjarnarnesi	102
Líftæknifélag Íslands hf., Reykjavík	61
Línulagnir hf., Selfossi	31
Ljós og orka hf., Reykjavík	31
Ljósir punktar hf., Reykjavík	31
Loftfar hf., Reykjavík	23
Loftferð hf., Reykjavík	39
Luna sjávarafurðir hf., Reykjavík	79
Lurkur hf., Kópavogi	136
Lyftiafl hf., Reykjavík	102
Lyngvík hf., Reykjavík	135
Lýsing hf., Reykjavík	9
Lækjarkaffi hf., Reykjavík	103
Lögfræðiþjónustan hf., Reykjavík	103
Lögsýslan hf., Njarðvík	61
M. Karlsson hf., Reykjavík	102
Magnkaup hf., Garðabæ	106
Malbikunarstöðin-Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	39
Manni hf., Reykjavík	23
Marfang hf., Reykjavík	98
Marksjóðurinn hf., Reykjavík	99
Matver hf., Hafnarfirði	61
Matvælaiðjan Berg hf., Reykjavík	59
Matvöruverslun Sigga og Lalla hf., Reykjavík	22
Maxim hf., Reykjavík	106
Maximal hugbúnaður hf., Reykjavík	99
Málmsteypa Þorgríms Jónssonar hf., Reykjavík	103
Málmsteypan Hella hf., Hafnarfirði	102
Miðnesingur hf., Sandgerði	39
Mífa hf., Reykjavík	41
Mjóddin hf., Reykjavík	123
Myndbandalagið hf., Mosfellsbæ	61
Myndbandaleigan Vídeóver hf., Akureyri	136
Myndver hf., Grindavík	6
Mæling hf., Mosfellsbæ	106
Mæðrabúðin hf., Reykjavík	23
Natco hf., Reykjavík	99
Naust hf., Akureyri	39
Nautið hf., Reykjavík	106

	Tbl. nr.
Nesberg hf., Reykjavík	61
Nesco Kringlan hf., Reykjavík	106
Nesco Laugavegur hf., Reykjavík	106
Norden hf., Reykjavík	98
Nordica hf., Reykjavík	107
Norðurfugl hf., Akureyri	106
Norsk Data á Íslandi hf., Reykjavík	39
Nóatún hf., Reykjavík	124
Nútíma samskipti hf., Reykjavík	31
Ný viðskipti hf., Reykjavík	31
Nýi Garður hf., Reykjavík	59
Nýja filmuhúsið hf., Akureyri	79
Oddeyri hf., Akureyri	31
Orkunýting hf., Reykjavík	11
Óli hf., Keflavík	39
Ólsal hf., umboðs- og heildverslun, Reykjavík	23
Ós hf., húseiningar, Garðabæ	124
Ósey hf., Garðabæ	76
Ósval hf., Reykjavík	46
P. Ólafsson hf., Hafnarfirði	125
P.R.-búðin hf., Kópavogi	103
Pallas hf., Reykjavík	103
Pallaleigan hf., Hafnarfirði	11
Pex hf., Reykjavík	61
Píparinn hf., Reykjavík	106
Plastás hf., Akureyri	106
Plastgraf hf., Reykjavík	136
Plastlagnir hf., Reykjavík	76
Popparinn hf., Seltjarnarnesi	125
Pólstækni hf., Ísafirði	31
Póstinnkaup hf., Reykjavík	60
Prentverk Austurlands hf., Fellabæ, N.-Múl.	60
Prímapóst hf., Reykjavík	102
R. Hannesson hf., Reykjavík	21
Rafboði Reykjavík hf., Reykjavík	39
Rafhönnun hf., Reykjavík	46
Rafland hf., Akureyri	44
Raf-mar hf., Akureyri	63
Rafrás hf., Reykjavík	135
Rafvörur hf., Reykjavík	125
Rani hf., Þingeyri	103
Rannur hf., Reykjavík	21
Ratvís hf., Kópavogi	79
Ráð og dáð hf., Reykjavík	79
Renniverk hf., Dalvík	76
Reykjabúið hf., Mosfellsbæ	136
Reykjaverk hf., Reykjavík	60
Reynistaður hf., Vestmannaeyjum	123
Rimabær hf., Reykjavík	9
Rotor hf., Kópavogi	61
Rót hf., Reykjavík	106
Rútur og bílar hf., Reykjavík	98
S.A.G. hf., Reykjavík	46
S.E. bílaleigan hf., Kópavogi	59
SKH hf., Kópavogi	11
S.S. Byggir hf., Akureyri	59
Sagasalt Ísland hf., Garðabæ	6
Saltfang hf., Neskaupstað	135
Samval hf., Kópavogi	44
Samband íslenskra stórkaupmanna hf., Reykjavík	102
Saumastofan Sunna hf., Selfossi	76
Saumastöðin hf., Reykjavík	61
Scoria hf., Garðabæ	39
Sef hf., Rangárvallasýslu	31
Seljaverk hf., Reykjavík	59
Selko, Sigurður Elíasson hf., Kópavogi	44
Sendir hf., Reykjavík	44
Sentral hf., Reykjavík	123
Siggi hf., Mosfellsbæ	57
Sigur hf., Reykjavík	63
Sigurjón Ragnarsson hf., Reykjavík	39
Sigurjónsson & Thor hf., Reykjavík	59
Síðumúli hf., Reykjavík	31
Sír hf., Akureyri	21
Sjávarnes hf., Keflavík	99
Sjónvarps- og hljómtækjabúðin hf., Reykjavík	136
Sjónver hf., Akureyri	136
Skagaveitingar hf., Akranesi	136
Skanvélar hf., Reykjavík	63
Skerseyri hf., Hafnarfirði	106
Skipahönnun hf., Garðabæ	44
Skíman hf., Reykjavík	79
Skírteinamyndir hf., Kópavogi	31
Skjólverk hf., Reykjavík	44
Skosk-íslenska verslunarfélagið hf., Reykjavík	103
Skóþjónustan hf., skómagasín, Reykjavík	103
Skrefið hf., Reykjavík	31
Skuld hf., Reykjavík	57
Skýli 25 hf., Reykjavík	6
Sleipnir hf., Reykjavík	30
Slitvari hf., Hafnarfirði	23
Snilld hf., Reykjavík	61
Spá hf., Reykjavík	63
Split hf., Reykjavík	99
Sporhamar hf., Flateyri	102
Sportberg hf., Reykjavík	46

	Tbl. nr.
Sport-í hf., Reykjavík	125
Sportmiðstöðin hf., Reykjavík	59
Sportval hf., Reykjavík	99
Spænsk-íslenska verslunarfélagið hf., Reykjavík	125
Staðarberg hf., Mosfellsbæ	63
Stafnes hf., Keflavík	102
Stál og stansar hf., Reykjavík	61
Stáltak hf., Reykjavík	63
Stáltæki hf., Reykjavík	135
Steinanes hf., Tálknafjarðarhreppi, V.-Barð.	9
Steintækni hf., Reykjavík	104, 135
Steypustöðin Hamrar hf., Grundarfirði	106
Stjörnubær hf., Seltjarnarnesi	125
Stjörnufiskbúðin hf., Reykjavík	106
Stjörnulitir hf., Hafnarfirði	99
Stormur hf., Reykjavík	23
Studio 1 hf., Reykjavík	30
Studio Stef hf., Hafnarfirði	135
Sturlaugur Jónsson & co. hf., Reykjavík	63
Svalt loft hf., Reykjavík	103
Svansbakarí hf., Hafnarfirði	21
Svefnskálinn hf., Reykjavík	106
Sæfell hf., Vestmannaeyjum	6
Sælgætisgerðin Erling hf., Reykjavík	11
Sælkerahúsið hf., Sauðárkróki	136
Sænsk-íslenska hf., Seltjarnarnesi	135
Sætindur hf., Reykjavík	44
Sævin hf., Þorlákshöfn	61
Söluskálinn Landvegamótum hf., Rangárvallasýslu	123
T. Eyjólfsson hf., Reykjavík	136
Tákn hf., Reykjavík	125
Tengill hf., Sauðárkróki	135
Títus hf., Garðabæ	103
Tog hf., Súðavíkurhreppi, N.-Ís.	102
Toppleður hf., Reykjavík	57
Tralco hf., Reykjavík	61
Trandill hf., Reykjavík	31
Traust-verksmiðja hf., Reykjavík	102
Transit trading co. hf., Reykjavík	76
Transport hf., Hafnarfirði	106
Trémál hf., Reykjavík	99
Trésmiðjan Jaðar hf., Akranesi	9
Trésmiðjan Stíll hf., Kópavogi	30
Tríton hf., Reykjavík	23
Trompverk hf., Reykjavík	102
Tryggvi Pétursson & co. hf., Reykjavík	31
Tækjabúðin hf., Kópavogi	57
Tæknigarður hf., Reykjavík	124
Tölvufræðslan hf., Reykjavík	106
Tölvutæki-Bókval hf., Akureyri	41
Tölvuvörur hf., Reykjavík	125
Umboðs- og heildverslunin Sól og heilsa hf., Kópavogi	103
Undraland hf., auglýsingastofa, Mosfellsbæ, Kjósarsýslu	123
Ungi hf., Reykjavík	63
Uppruni hf., Reykjavík	135
Útgáfufélagið Staka hf., Reykjavík	39
Útgerð Pólstjörnunnar hf., Ísafirði	63
Útgerðarfélag Vestur-Húnvetninga hf., Hvammstanga	76
Útgerðarfélagið Bassi hf., Hólmavík	104
Útgerðartækni hf., Reykjavík	99
Útnes hf., Garðabæ	31
Útvarpsfélag framhaldsskólanema hf., Reykjavík	98
Útvarpsfélag Seltjarnarness hf., Seltjarnarnesi	103
Útvegsbanki Íslands hf., Reykjavík	99
Útvegsfélag samvinnumanna hf., Reykjavík	135
Útvegur hf., Reykjavík	135
Valax hf., Kópavogi	103
Valvirki hf., Reykjavík	103
Varahlutaval hf., Reykjavík	103
Varmaco hf., Kópavogi	63
Varsla hf., Reykjavík	135
Vegaþjónustan hf., Hrafnagilshreppi, Eyjafirði	63
Veggprýði hf., Reykjavík	31
Veggsport hf., Reykjavík	61
Veiðivon hf., Reykjavík	79
Veitingahúsið Austurstræti hf., Reykjavík	60
Veitingahúsið lamb og fiskur hf., Reykjavík	61
Veitingahúsið Muninn hf., Vestmannaeyjum	135
Veitingahúsið Naust hf., Reykjavík	102
Veitingahúsið við Tjörnina hf., Reykjavík	30
Veitingastaðurinn Bakki hf., Reykjavík	60
Verðbréfamarkaður Iðnaðarbankans hf., Reykjavík	22
Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf., Reykjavík	31
Verðbréfasjóður Hagskipta hf., Reykjavík	103
Verkbót hf., Reykjavík	59

	Tbl. nr.
Verktakar Suðurnesjum hf., Keflavík	99
Verslunin Hamrar hf., Grundarfirði	106
Verslunin Kotra hf., Dalvík	99
Vesttak hf., Hnífsdal	39
Vesturberg hf., Reykjavík	31
Véla- og pallaleigan hf., Reykjavík	106
Vélaleigan Hamar hf., Reykjavík	30
Vélamiðstöð Ísafjarðar hf., Ísafirði	59
Vélaviðhald hf., Reykjavík	61
Vélsmiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki	31
Vélsmiðjan Steinar hf., Reykjavík	31
Vélsmiðjan Stöng hf., Gnúpverjahreppi, Árnessýslu	22
Vélval hf., Höfn, Hornafirði	31
Vinaminni hf., Vestmannaeyjum	103
Vinnufatagerð Íslands hf., Reykjavík	31
Víkurplast hf., Svalbarðseyri	23
Víva hf., Reykjavík	107
Vörulistaumboðið hf., Reykjavík	135
Vörunaust hf., Reykjavík	124
Vöruval hf., Ísafirði	60
Ydda hf., Reykjavík	23
Ylræktarverið hf., Borgarfirði	135
Zenith hf., Reykjavík	61
Þerapeia hf., Reykjavík	102
Þjónustudagbókin hf., Reykjavík	44
Þjónustustöðin hf., Þorlákshöfn	135
Þór-ís hf., Reykjavík	63
Þórs stúdíó hf., Reykjavík	135
Þórukot hf., Njarðvík	6
Þrastarlundur hf., Akureyri	102
Þrjú V hf., Reykjavík	44
Þróun hf., Reykjavík	103
Þyrill hf., Reykjavík	39
Ökuskólinn hf., Reykjavík	76
Ölduberg hf., Reykjavík	103
Örgjafinn hf., Reykjavík	124
Örn og Magnús hf., byggingaverktakar, Reykjavík	102
Örri hf., Reykjavík	39
Öryggi hf., Garðabæ	31

SKRÁ

um firmatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1987.

Reykjavík.	Tbl. nr.
Abal	95
Aðal-endurskoðun sf.	17
Aðalpartasalan	116
Aðstaða sf.	19
Aðstoð - ráðgjöf sf.	19
Afaís	80
Afró	95
Afsláttarkaup sf.	92
Agfa-myndir hf.	106
Agga vídeó	19
Akademía sf.	38
Albatross	95
Alhliða pípulagnir sf.	19
Alkaup	17
Allrabest	95
Allt á hreinu sf.	116
Almenna gagnaflutninganetið	38
Almenna verkfræðistofan	80
Almennar líftryggingar hf.	98
Almynd	92
Alsal sf.	131
Alverk sf.	95
Alþjóða fjárfestingafélagið hf.	28
Amalía sf.	19
Amper hf.	107
Anddyrið	142
Andi sf.	142
Andri hf.	23, 30
Andrúm sf.	80
Aníta Ýr sf.	131
Antaris hf.	65
Antenna	92
Antik munir sf.	19
Anton Bjarnason sf.	17
Apríl sf.	38
Argo	92
Arkitektar sf.	95
Arkitektastofa Sigurðar Einarssonar F.A.I.	95
Arkitektastofan sf.	95
Arkitektastofan Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall	95
Arnarfell hf.	79
Arnarflug hf.	23, 44, 136
Arnargrill sf.	80
Arta sf.	92
Artanis sf.	80
Aseta sf.	38
Asiaco hf.	28
Askur	19
Athygli	92
Auðna sf.	19
Auglýsingastofan Octavo	92
Auglýsingastofan Strik sf.	131
Auglýsingaþjónustan 2000	80
Aukahlutir	142
Austurborg	17
Austurbæjarbíó hf.	80
Austurbæjarvídeó	142
Austurstræti	19
Austurstræti sf.	19
Axel Ó., heildverslun	80
Á. Sigurðsson sf.	95
Ábendi sf.	15
Ábót sf.	95
Álftamýri sf.	38
Áning	92
Árbakki sf.	80
Árblik hf.	63
Ármannsfell hf.	130
Ármenn, landsfélag	95
Árnason & Co. - íslenska einkaleyfa- og vöru- merkjastofan sf.	21
Árvakur hf.	23
Ásbjörn Ólafsson hf.	126
B.G. Kristjánsson	131
B.H. hljóðfæri	92
B.I.O. sf.	17
B.Ó. studíó	92
Baader-þjónustan hf.	46
Bakaramiðstöðin hf.	11
Bakkavör hf.	46
Bananasalan hf.	23
Barker hf.	11
Barnafataverslunin Amalía	19
Barnafataverslunin Vaggan	92
Barnastjörnur sf.	17

	Tbl. nr.
Bati hf.	46
Básar sf.	92, 142
Beinteinn Ásgeirsson sf.	21
Bensó sf.	131
Berggrill	80
Bernhard Petersen hf.	44
Betri bækur sf.	80
Betri stofan	92
Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.	98
Bifreiðasmíði og klæðningar	142
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur sf.	142
Bifreiðaverkstæði Smára K. Kristófers	122
Bikarinn	80
Billiardbúðin	95
Billjarðstofan Breiðholt sf.	17
Bimbó sf.	116
Birgir - teiknistofa, prentþjónusta	38
Bílaábyrgð hf.	30
Bílaaðstoð Tóta	17
Bílabankinn	92
Bílabankinn sf.	92
Bíla-bað	95
Bílaborg hf.	80
Bílahöllin sf.	95
Bílaiðn sf.	21
Bílakaup sf.	92, 95
Bílaleigan Holt sf.	81
Bílamálunin Geisli	19
Bílamálunin Gljái	95
Bílasalan Bílakjör	131
Bílasalan Blik	38
Bílasalan Blik sf.	19
Bílasalan Hlíð	81
Bílasímaleigan	80
Bílasíminn sf.	80
Bílaskálinn hf.	30
Bílasprautun Þórðar Valdimarssonar	15
Bílatorg sf.	92
Bílgarður sf.	17
Bióborgin	95
Bíslagið	142
Bjarki sf.	95
Bjarni Stefánsson hf.	79
Björgunarfélagið hf.	13
Björn Steffensen og Ari Ó. Thorlacius sf.	19
Blaða- og fréttaþjónustan sf.	92
Blaðaprent hf.	136
Bláfell sf.	17
Blásteinn sf.	92
Blik hf.	13
Blikksmiðjan Höfði hf.	15
Blómabúðin Dalía	95
Blómabúðin Míra	81
Blær hf.	28
Boðeind sf	131
Boði sf.	19
Boltamaðurinn sf.	131
Bomanite á Íslandi	19
Borgarblaðið	92
Borgarblikk sf.	116
Borgarstjarnan	80
Borstöðin hf.	44
Bóka- og gjafavöruverslunin A4	95
Bóka- og ritfangaverslunin Álfheimum 6	95
Bókaútgáfan Keilir	92
Bókhalds- og framtalsþjónustan sf.	142
Bókhaldstækni hf.	126
Bókhaldsþjónustan	80
Bón- og bílaþvottastöðin sf.	81
Bragðgott sf.	131
Brauð hf.	106
Breiðholts apótek	122
Breska verslunarfélagið hf.	44
Brúðarkjóllinn	95
Bröste-umboðið hf.	107
Bústaðabúðin	116
Byggðaverk hf.	46
Byggingar og ráðgjöf hf. (B.O.R. hf.)	11, 125, 136
Byggingarfélagið Brún	95
Byggingarfélagið Gimli hf.	80
Byggingarfélagið Þverás sf.	131
Byggingariðjan hf.	44
Byggt og búið - Byko hf. í Kringlunni	106
Byssusmiðja Agnars	15
Bæjarleiðir hf.	106
Candis	81
Cara tískuverslun	92
Cosmó	80
Cresco hf.	136
Dagmars pylsur	95
Dagvistarráðgjöf sf.	116
Dan - Link - Ísland	95
Demo	92
Deplar sf.	92
Diktor	131
Djúpfiskur sf.	142
Dominos	95
Dorri sf.	92
Drangafell hf.	11
Drangar hf.	80
Dreifing FM vídeó	80
Dúbei bílapartasalan	95
Dúfa sf.	142

Tbl. nr.

Dúkó sf. 21
Dyngja hf. 21, 23
Dynur sf. 92
Dælubílar sf. 95

E.E. húsgögn 92
E.G. bílaleigan 92
Effect hársnyrtistofa 95
Eflir hf. 80
Efnasmiðjan Eimur sf. 95
Eggert sf. 80
Eggert Kristjánsson hf. 30, 125
Egill Árnason hf. - parketval 44, 106
Egill Guttormsson hf. 130
Eignamarkaðurinn 116
Eignamatið 95
Eignamiðlunin sf. 17
Eimskipafélag Íslands hf. 28, 106
Einarsson og Pálsson hf. 46
Einval hf. 23
Eintækni blikksmiðja 92
Eitt útlit 80
Embla hf. 44
Emerald hf. 79
Emm silkiprent 131
Endurskoðun hf. 30
Endurskoðun og reikningsskil sf. 92
Endurskoðandinn sf. 80
Endurskoðunarmiðstöðin hf.
N. Manscher 30, 65
Endurskoðunarskrifstofa Bergs Tómassonar sf. 19, 30
Endurskoðunarskrifstofa Hallgríms Þorsteinssonar og Þorvaldar Þorsteinssonar sf. . . . 17
Engi hf. 13
Epal hf. 30
Erge sf. 80
Essið sf. 17
Eyðublöð 38
Eyjaslóð hf. 106
Eykt sf. 15

F.O.B. sf. 116
Fagfjölmiðlun 131
Fagtún hf 44
Fantasía 132
Fasteignahöllin 92
Fasteignahöllin sf. 92
Fasteignamiðstöðin 92
Fasteignasalan Miðborg 95
Fasteignasalan Setur 142
Fasteignir sf. 142
Fatalagerinn hf. 98

Tbl. nr.

Fatalist sf. 92
Fataverslunin Hjartað 95
Fálkinn hf. 130
Feðgar sf. 92
Fellsprent hf. 11
Fer hf. 80
Ferðaskrifstofa Reykjavíkur 92
Ferðaskrifstofan Saga hf. 130
Ferðaskrifstofan Terra hf. 79
Ferðaskrifstofan Úrval 65
Ferðaskrifstofan Útsýn hf. 79
Ferðaval 142
Ferðaval hf. 46
Féfang hf. 98
Félag innan leikinna mynda hf. 98
Félagsútgáfan hf. 46, 98
Fiðrildið 92
Fiskgæði hf. 46
Fiskifréttir hf. 130
Fjárfestingarfélag Íslands hf. . . . 79, 125, 130
Fjárheimtan hf. 46, 106
Fjármagn 138
Fjölraf 92
Fjölrás hf. 126
Fjölritun Nóns hf. 80
Fjölval hf. 130
Fjörvi hf. 21, 23
Flóin hf. 106
Flugbarinn 17
Flugbarinn sf. 17
Form sf. 131
Forskot sf. 80
Forskrift sf. 142
Forval hf. 65
Fossás hf. 44
Fossnes hf. 15
Fóðurblandan hf. 28
Fólía prentþjónusta 142
Framfarir 95
Frami hf. 30
Franska línan sf. 92
Frjáls markaður 142
Frjálst framtak hf. 98, 130
Frostfilm hf. 65, 106
Frumrit sf. 17
Frystigeymslan hf. 107
Fyrirsætan hf. 107
Fæði fyrir alla hf. 44, 98

G. Arnórs, umboðs- og heildverslun 116
G. Einarsson & Co. hf. 65, 80
G.G.S. (Gæði, góð þjónusta og stöðugleiki hf.) 106

	Tbl. nr.
G. Gunnþórsson	92
G.K.Á. Jónsson sf.	19
G. Ólafsson hf.	136
G.R. heildverslun sf.	80
G.S. Júlíusson hf.	136
G. Þorsteinsson & Johnson hf.	44
G.Ö. dreifing hf.	11
Gagl	38
Galleri list	92
Gallery Lækjartorg	95
Gamla rafhönnun hf.	44
Gardínubúðin	95
Garðás hf.	136
Garðtækni sf.	19
Garðvinir sf.	92
Garn-gallerí	17
Gámabílar	95
Gáski sf.	131
Geirsprent	92
Georg	92
Geysir hf.	30
Gim hf.	44, 80
Gimli hf.	30
Gistiheimilið Svanurinn sf.	81
Gistihúsið Skipholti	21, 92
Gleraugnaverslun Reykjavíkur sf.	142
Glimmer sf.	19
Glitnir hf.	65
Gljáfell sf.	131
Gljáinn	19
Glossi hf.	80
Glæsiblómið	95
Goðgá hf.	44
Gólfslípun sf.	92
Grandaco sf.	116
Grandi hf.	80
Grásteinn	131
Grensásvegur 11 hf.	79
Grind hf.	65
Grip hf.	80
Grímur grallari sf.	116
Grjóteyri sf.	19
Gróðrastöðin Garðshorn	19
Grýta þvottahús hf.	30, 136
Guðbjörn Guðjónsson hf.	106
Guðjónó hf.	44
Guðmundur Jónasson hf.	80
Guðmundur Jónsson hf.	23
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.	98
Gúmmívinnustofan hf.	11
Gunnar Ásgeirsson hf.	80
Gunnar Guðmundsson hf.	15
H.Á. ljós sf.	92
H.B.B. ráðgjöf	19
H. Benediktsson hf.	30
H. Jakobsson sf., umboðs- og heildverslun	38
H.P. á Íslandi	122
H.P. Elíson	142
H.T. Sveinsson	81
Haddur sf.	142
Hafkaup	116
Hafnarstræti 21 hf.	107
Hagbót sf.	19
Hagkaup hf.	30
Hagrétting sf.	131
Hagskipti hf.	98
Hagtrygging hf.	23, 106
Hagvit	17
Hamar hf.	28
Hampiðjan hf.	80, 107
Hans Eide hf.	98
Hans Petersen hf.	98
Hansvélar	131
Happahúsið	122
Harko hf.	83
Hart rokk kaffi	17
Hattaverslun Soffíu Pálma	92
Haukur og Ólafur hf.	106
Havana	38, 142
Hár star sf.	92
Hárgreiðslustofan Feima	95
Hárgreiðslustofan Hendur í hári	38
Hárgreiðslustofan Ösp sf.	17
Hárræktin sf.	38, 95
Hátækni hf.	46
Hávöxtunarfélagið hf.	79
Heco sf.	38
Hefnd gula skuggans sf.	17
Heildverslun Ásgeir Sigurðsson hf.	98
Heildverslun M. Ragnarssonar	81
Heildverslunin Akkur	142
Heildverslunin Byggung hf.	65
Heildverslunin Echo sf.	17
Heildverslunin Ikarus	92
Heildverslunin Isco sf.	17
Heildverslunin Kostur	95
Heildverslunin Tania	92
Heilsumarkaðurinn	38
Heilsuræktin Glæsibæ	19
Heimildir samtímans hf.	80
Heimilislæknastöðin hf.	46
Heimilistæki hf.	80
Heimsendingarþjónusta B. Baldurssonar	19
Heimsljós sf.	15
Helgustaðir sf.	116

	Tbl. nr.
Hemma-vídeó sf.	19
Hennar hf.	65
Herraheimur	131
Hewlett-Packard á Íslandi, HP á Íslandi	106
Héðinn hf.	80
Hinrik Jónasson	95
Hitt leikhúsið hf.	13
Hjallakjör hf.	65
Hjá Jobba	131
Hjá Kim	
Hjá Margréti	122
Hjá Rut	19
Hjálparstofnun kirkjunnar	17, 142
Hjöltu hf.	136
Hlíðablóm	116
Hlíðarvídeó sf.	80
Hlíf	95
Hljóð og mynd	17
Hljóðvarp hf.	80, 126
Hnit hf.	46, 80
Hnjúkar hf.	126
Holræsahreinsun sf.	92
Hólmasel 4	95
Hótel Ísafold	80
Hótel Lind	92
Hótel Reykjavík hf.	106, 125
Hótel Vík	92
Hreinlætisþjónustan hf.	11
Hreinsibílar	92
Hrífandi hf.	106
Hrókur sf.	142
Hugarflug	92
Hugmyndahönnun	80
Hugtök sf.	38
Hugver sf.	19
Huld hf.	80
Hurðaprýði	95
Hurðasmiðjan	17
Hurðasmiðjan sf.	17
Húsafell	92
Húsafell hf.	80
Húsafell sf.	92
Húsasmíði sf.	38
Húsaþjónustan sf.	92
Húsbjörg sf.	92
Húseignin Hátúni 6 hf.	65
Húsfélagið Skeifunni 5, eignahluti V, sf.	19
Húsgagnaframleiðslan hf.	98
Hústré	17
Hvalfell hf.	138
Hvellur	92
Hverfiprent hf.	44
Hvíta húsið	95
Hvítt og svart sf.	80
Hyrjarhöfði 1 sf.	122
Höfðadekk hf.	30
Höfðasel sf.	38
Höfuðlausn sf.	92
Hönnun hf.	80
Hönnun, húsgögn og innréttingar	142
Hörður Sveinsson & Co. hf.	136
Ibba sf.	95
Icecore	95
Iðnborg hf.	23
Iðntækni hf.	98
Indókína	95
Ingi R. Jóhannsson hf.	19
Ingimundur hf.	28
Innheimtustofan og fyrirtækjastofan Braut	81
Innréttinga- og húsgagnasprautun	92
Ipasco stál sf.	80
Iscube International	92
Ísaga hf.	23
Ísbrot	17
Ísbúðin Lækjargötu sf.	142
Ísdan hf.	65
Ísefni	38
Ísfjörð hf.	46
Ísjá sf.	80
Ískraftur	17
Íslensk-hollenska hf., umb.- og heildverslun	65
Íslensk-portúgalska hf.	107
Íslenska líftæknifélagið	92
Íslenska meðferðarstöðin sf.	17
Íslenska myndverið hf.	11
Íslenska verslunarfélagið hf.	30
Ísól hf.	98
Ísskott hf.	80
Ístex hf.	106, 107
Ístorg	19, 122
Ístækni hf.	28
Ísvélar hf.	46, 106
Ísvík hf.	23
J.B.B. teiknistofa sf.	17
J.S.G. málun sf.	142
J.S.W. heildverslun	19
Japansk-íslenska verslunarfélagið hf.	11
Jarðsýn	17
Jarðverk sf.	95
Jari sf.	17
Járnblik	95
Jóhann Ingólfsson hf.	107
Júmbó-ís sf.	15
Júmbó matvælaiðja hf.	46

	Tbl. nr.
Júnó ís	80
Júpíter hf.	23
Jöklar hf.	23
K.A.M. kvikmyndir/myndbönd sf.	116
K.E.M.P.E.	131
K.K. & Co.	92
K. Arthúrsdóttir hf.	15
K. vídeó	38
Kr. Þorvaldsson	80
Kaffibrennsla O. Johnson & Kaaber hf.	80
Kaffibætiverksmiðja O. Johnson & Kaaber hf.	80
Kassagerð Reykjavíkur hf.	80
Kalco sf.	19
Kanda sf.	92
Karló	92
Kaup	92
Kaupval hf.	65
Kaupþing hf.	44
Keilir hf.	80
Kiljan sf.	142
Kirkjusandur hf.	65
Kjaraberg	116
Kjarni hf.	65
Kjöt- og matvælavinnsla Jónasar Þórs hf.	106
Kjötver hf.	11
Klakahöllin sf.	80
Klaki sf.	19
Klappareignin hf.	23
Klassapíur sf.	81
Knattborðstofan	95
Kolbrún Sæmundsdóttir, póstverslun	38
Kolka hf.	30
Kolsýruhleðslan sf.	142
Korkiðjan hf.	30
Kornax hf.	106
Korta hf.	80
Kókó	131
Kreditkort hf.	44
Kristallar	38
Kristján Ó. Skagfjörð hf.	80
Kristnes sf.	38
Krosshamar	95
Krummi	21
Kútter Haraldur	95
Kvisthöfði sf.	19
Kynning hf.	65, 136
Kökugerð Þorkels Sigurðssonar hf.	44
L.M. Jóhannsson og co. sf.	15
Lakkrísgerðin Krummi hf.	30
Lambhagi	17
Landlist	95
Landvinnsla G.Þ.J.	38
Laugarnesvídeó	122
Laxmenn sf.	131
Lágspennuvirkinn sf.	95
Lágspennuvirkjun	142
Lánasjóður íslenskra námsmanna	19, 92
Látraströnd	92
Leðurhúsið	81
Leifsson hf.	81
Leiftur hf.	65
Leiknám sf.	80
Lensa sf.	92
Léttir réttir sf.	12
Lind hf.	46
Lindás sf.	95
Lindu-umboðið hf.	21, 23
Lipurtá sf.	92
Lista-kiljan sf.	17
Listar sf.	92
Listinn	38
Listsmiðjan hf.	98
Litaval	92
Litla búðin sf.	142
Litla leikhúsið	92
Líbra hf.	30
Líflínan	142
Lífsréttur	80
Líftryggingarfélag Sjóvá hf.	23, 106
Líftryggingamiðstöðin hf.	80
Línan hf.	23
Línuhönnun hf.	30
Ljósir punktar hf.	98
Ljósmynd	116
Ljósmyndabúðin	17
Ljósmyndastofan Nærmynd	80
Ljósmyndaþjónustan hf.	44
Ljósprentunarstofan Ekkert mál	17
Loftorka sf.	38
Loftorka Reykjavíkur hf.	30
Lón sf.	92
Lucyanna sf.	92
Lukku-Láki	38
Lumex hf.	106
Lúðvík B. Bjarnason	142
Lýsing hf.	23, 136
Lýsingartækni	92
Læknasetrið sf.	92
Læknavaktin sf.	15
Læknaþjónustan sf.	19
Lækur hf.	11, 107
Lögfræðiskrifstofa Einars G. Steingrímssonar	95

	Tbl. nr.
Lögfræðistofan sf.	17
Lögfræðistofan Garðastræti 17 sf.	132
Lögmál sf.	95
Lögmannsstofan sf.	19
Lögmannsstofan Skeifunni 11a	95
Lögrún sf.	17
Löndun sf.	142
M.G. Kristjánsson sf.	116
M. Ragnarsson sf.	81
Marás	95
Marás sf.	80
Mardí sf.	95
Marel hf.	106
Marinós pizza sf.	80
Markaðsdreifing sf.	17
Markaðsútgáfan hf.	11, 23, 44
Markaðsþjónustan	19
Markaður og stjórnun	92
Markmið	142
Markmið sf.	142
Martin	92
Mata hf.	30, 44
Matborg	142
Matborg hf.	138
Matkaup hf.	44, 80
Matkerinn hf.	13
Matvöruverslun B. Baldurssonar	95
Málarinn Litaland hf.	79
Málflutningsstofan	17
Málmtak sf.	38
Meistarinn hf.	30
Meka hf.	30
Menúet	131
Mico sf.	19
Midas, auglýsingaþjónusta hf.	11
Miðborg	95
Miðborg	16
Miðverk hf.	79, 136
Mildenberg & Co.	95
Mjólkurfélag Reykjavíkur	92
Model mynd	92
Mosberg hf.	44
Motur sf.	17
Mozart	95
Myndbandaleigan Sesar	80
Myndamót hf.	28
Myndljós	142
Myndráðgjöf	17
Myndráðgjöf sf.	19
Myndvarp hf.	13
Mörk	131
Natura Casa hf.	80, 107
Nesco, framleiðslufélag, hf.	126
Neskjör, söluturn og vídeóborg	95
Nesútgáfan sf.	19
Neysluvörur hf.	46
Nonni hf.	65, 79, 98
Norðurleið hf.	30
Normi hf.	80
Nóagrill	38
Nóatún sf.	21
Nói-Síríus hf.	30
Nuddstofan Heilsubót	92
Númi sf.	80
Nú-nú	142
Nýborg hf.	13
Nýja bílaþjónustan	92
Nýja bíó sf.	19
Nýja bíó hf.	23
Nýja kúlan sf.	116
Nýjar leiðir	92
Næst sf.	92
O. Johnson & Kaaber hf.	80
O.S.K.A. hreyfimyndagerð	95
Olíufélagið hf.	80, 98
Olíufélagið Skeljungur hf.	80
Olíuverslun Íslands hf.	65
Omega	38
Optima	116
Ora - kjöt og rengi hf.	30
Orð lífsins sf.	142
Orka hf.	130
Ottó A. Michelsen hf.	80
Ólafur Gíslason & co. hf.	15, 80, 98
Ólafur H. Jónsson hf.	106
Ólafur Magnússon sf.	19
Ólafur Stephensen, auglýsingar, almenningstengsl	142
Ólsal hf.	125
Ópal hf.	136
P. Jónsson	17
P.K. vídeó	92
P. Ólafsson	95
P. Samúelsson & co. hf.	65
Pakk hf.	28
Pakkhúskjallarinn sf.	92
Palco	92
Pan hf.	15, 130
Papco hf.	98
Pálminn	80

	Tbl. nr.
Penninn sf.	81, 95
Pipar og salt	131
Pístola	92
Plastprent hf.	11, 46
Plastsuðan sf.	17
Plúsinn sf.	81
Plútó sf.	95
Ponte heildverslun	95
Prentsetrið	92
Prentsmiðjan Edda hf.	98
Prentþjónustan hf.	30
Prentver hf.	80
Prjónastofan Dröfn	95
Prófun hf.	13
Pyrit gullsmiðja Önnur Maríu	17
Quadro tískuverslun	92
R. Sigmundsson hf.	23
Radix sf.	80
Rafeindaþjónustan Ísmar hf.	23, 44
Rafglóð	142
Raflagna- og dyrasímaþjónustan	95
Raflyftarar hf.	65
Rafmark	142
Rafn og Oddur sf.	80
Rafstraumur sf.	142
Rafstýring	19
Rafteikning hf.	30, 65
Raftengi	19
Raftraust	92
Raftækjaverkstæði Þorsteins sf.	142
Raftæknistofan	131
Rafver hf.	126
Rafviðgerðir hf.	23
Rafvörur sf.	92, 142
Rafþór hf.	46
Rafögn hf.	130
Ragna sf.	80
Ragnar Bjarnason	15
Ráðgarður hf.	80
Ráðningamiðlun	95
Ránargata 16 sf.	80
Rástækni hf.	107
Reikningsskil sf.	142
Reykjaprent hf.	80
Reynir sf.	38
Réttingarskálinn sf.	80
Rikk sf.	142
Ritsetning sf.	17
Rósin	131
Rósin sf.	142
Rót hf.	126
Rúmgott	95
Ræktin sf.	19
Ræsir hf.	30
Ræstingamiðstöðin sf.	92
Rökvirki sf.	92
Rör- og skolplagnir sf.	17
S.Ó. Guðmundsson sf.	131
S. Ólafs. heildverslun sf.	132
S.S. innréttingar	80
S. Þorvaldsson sf.	17
Saga heildverslun	95
Sala og dreifing	38
Samband íslenskra skókaupmanna hf.	125
Sameinaða líftryggingarfélagið hf.	23, 106
Samson	95
Samtak sf.	92
Samtex	95
Samvinnuferðir - Landsýn hf.	80
Sanitas hf.	46
Saron	142
Saumastofan sf.	81
Saxi	142
Sálfræðistofa Víðis H. Kristinssonar	19
Sátri hf.	23
Scandinavia hf.	98
Selið	95
Seljablóm	95
Seljakjör hf.	15, 46
Sendibílar hf.	136
Sentrum hf.	11
Sesar vídeó	81
Sigfús og Kristján sf.	92
Sigur sf.	92
Sigurjónsson & Thor sf.	95
Sindra-stál hf.	98
Sinna sf.	92
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan hf.	79
Síldarréttir hf.	13
Símabúðin	38
Sjávarafurðasalan hf.	13
Sjóli hf.	130
Sjóleiðir hf.	65
Sjóvátryggingarfélag Íslands hf.	23, 106
Sjúkrastöðin Von hf.	23
Skanvélar hf.	79
Skemmtigarðurinn hf.	44, 46
Skerjaver	81
Skinfaxi hf.	11
Skipafélagið Ísafold hf.	28
Skipholt 29 hf.	30, 65
Skíðaskálinn Snæfríður	116
Skíman sf.	92

	Tbl. nr.
Skíman hf.	107
Skjaldborg hf.	136
Skjásýn sf.	131
Skotspónn	92
Skott sf.	95
Skólavörðustígur 12 sf.	21
Skóli sf.	92
Skómagasínið Skóþjónustan sf.	38, 95
Skrifstofutækni sf.	132
Skrifstofuvélar hf.	80
Skrifstofuþjónustan	95
Skuld	80
Slippfélagið hf.	79
Smábær sf.	92
Smávélar	142
Smiðjustál hf.	98
Smjörlíki hf.	30
Snerruútgáfan hf.	38
Snú hf.	65
Snyrtistofa Nínu sf.	80
Snyrtistofan Sóley	81
Snyrtiverslunin Tara sf.	17
Snyrtivörubúðin sf.	142
Snyrtivörur sf.	19
Snyrtivöruverslunin París	92
Snyrtivöruverslunin Tarý	95
Snæfeld	95
Sól hf.	30
Sólberg sf.	17
Sólbaðsstofan Áróra sf.	92
Sólbaðsstofan Fífí	142
Sólbaðsstofan Sunna	15, 17
Sólhúsið	116
Sólóhúsgögn hf.	130
Speglar sf.	92
Spes sf.	81
Spor í rétta átt sf.	80
Sporði sf.	19
Sportvöruverslunin Sportbær	92
Staðarstaður hf.	23, 65
Staður hf.	28
Stava sf.	17
Stál hf.	130
Stálsmiðjan hf.	28
Stáltak	19
Stefán Thorarensen hf.	28
Steinar hf., stálhúsgagnagerð	28, 98
Steinavör hf.	65, 136
Steinlögn sf.	19
Steinverk hf.	80
Steypustöðin hf.	63
Stjörnubíó hf.	63
Stjörnufiskur	116
Stjörnukjöt sf.	142
Stjörnumjöl hf.	65
Stjörnusnyrting sf.	38
Stjörnu-stál hf.	65
Stoppið	95
Stólpi sf.	19
Stólpi hf.	46
Stórhöfði hf.	80
Strammi sf.	80
Strandfell sf.	131
Straumnes hf.	44
Strákar sf.	142
Studio Oh-la-la	95
Studio Steðji	92
Studio Vík	81
Suðurlandbraut 22 sf.	38
Sultu- og efnagerð bakara	92
Sundaval hf.	80
Sunna hf.	46
Svart á hvítu hf.	130
Svartlist - prentþjónusta	38
Sveinbjörg sf.	80
Sveinbjörn Runólfsson sf.	38
Sveinn Egilsson hf.	44, 130
Sýn hf.	126
Sýningahöllin hf.	65
Sæfell sf.	17
Sælgætissala Stjörnubíós hf.	65
Sælkerahornið	95
Sæmundur hf.	80
Sætabrauðshúsið sf.	116
Sævarsvídeó Tían	92
Sögin hf.	15
Söluaukning sf.	116
Söludreifing sf.	81
Söluskálinn Grímsbæ sf.	92
Söluturn Sigga og Valda sf.	38
Söluturninn að Sólvallagötu 27	92
Söluturninn og biðskýlið við Sunnutorg sf.	19
Söluturninn og kondítoríið Glæsibæ	116
Söluturninn Arnarbakka 4-6 sf.	80
Söluturninn Barmahlíð 8	92
Söluturninn Bólið	142
Söluturninn Bústaðavegi 130	142
Söluturninn hjá Helgu sf.	142
Söluturninn Hólmaseli 2 sf.	17
Söluturninn Iðufelli 14	17
Söluturninn Knarri sf.	95
Söluturninn Mávahlíð 25	131
Söluturninn Melhaga 2 sf.	19
Söluturninn Moli	142
Söluturninn Múli	80
Söluturninn Suðurlandsbraut 26 sf.	142

	Tbl. nr.
Söluturninn Tindur	142
Söluturninn Trítill sf.	122
Söluturninn Vesturgötu 14 sf.	38
Söluturninn Vesturgötu 27	38
Söluturninn við Bústaðaveg	92
T.G.T. hf.	30
T.P. bílamálun sf.	80
T. Hansson tölvuþjónusta	142
Tannsmíðaverkstæðið hf.	11
Tass	17, 131
Taxi tískuverslun	95
Tefli hf.	11
Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur og Knúts Jeppesen arkitekta f.a.i. sf.	122
Teiknistofa Sigurþórs	116
Teiknistofan Óðinstorgi sf.	19
Teiknistofan Skólavörðustíg 28	92
Teningurinn	80
Timburverslunin Völundur hf.	23, 30, 136
Tindastóll	80
Tímabær hf.	136
Tír sf.	95
Tíu-tíu sf.	17
Tískuverslunin Borgin	92
Tískuverslunin Goldie	95
Tískuverslunin Smellur	80
Tískuvöruverslunin Central	92
Tískuvöruverslunin Centrum	92
Tískuvöruverslunin Tass	92
Tjónaskoðunarstöðin sf.	131
Togtækni sf.	95
Togvír sf.	142
Tollvörugeymslan hf.	65
Tommi og Jenni	95
Tony, hljómplötuútgáfa og umboðsskrifstofa hljómsveita	142
Toppís sf.	80
Toppmynd hf.	80
Tómstundaskólinn	21
Tónabíó hf.	98
Transit hf.	107
Transit Trading Company	92
Trésel sf.	95
Trésmíðaverkstæði Sigurgeirs Þórs Sigurðssonar	38
Trolle og Rothe hf.	30
Tromp sf.	81
Tryggvi hf.	130
Tunglið sf.	116
Tækniland	142
Tækniprent hf.	79
Tækniþjónustan Örn sf.	92
Tölvu- og ljóstækni	92
Tölvufræðslan sf.	116
Tölvukerfi sf.	92
Tölvuland hf.	46
Tölvumiðstöðin hf.	44
Tölvumyndir hf.	106
Tölvuöryggi	142
Umboðs- og heildverslunin Cobra sf.	92
Umboðs- og heildverslunin Ibis	81
Umbúðamiðstöðin hf.	11, 98
Umferðarskilti	38
Umsjón	92
Uns	17
Úranía	13
Útgáfufélagið Bros	95
Útgáfufélagið Staka hf.	79
Útgerðarfélagið Freyr hf.	46, 98
Útgerðarfélagið Vör	92
Útópía	142
Útvarpsvirkinn hf.	23
Útverk sf. - byggingaverktakar	92
V.B. hf.	136
Valfóður sf.	92
Valhúsgögn hf.	15
Valur hf.	98
Vanir menn sf.	21
Varahlutaumboðið hf.	126
Varandi	116
Varmatækni	142
Vatnagarðar 4	95
Vatnaskil hf.	28
Vatnsvirkinn hf.	28
Vátryggingarstofa Sigfúsar Sighvatssonar hf.	65
Veghefilsþjónusta Hilmars Kristjánssonar	15
Vegvísir sf.	95
Veitingahúsið Pósthússtræti 11 hf.	63, 79, 107
Veitingahúsið Suðurlandsbraut 2 sf.	19
Veitingahúsið Trillan	92
Veitingamaðurinn hf.	11
Veitingastaðurinn Bakki hf.	80
Veitingaþjónustan	17
Vektor sf.	19
Verbúðir sf.	142
Verðbréfamarkaður Iðnaðarbankans hf.	44
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf.	30
Verkfræðistofa Helga Sigvaldasonar hf.	46
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar	81
Verkfræðistofan Afl sf.	80
Verksmiðjan Dúkur hf.	80
Verkvangur hf.	44
Verkveri sf.	116

Tbl. nr.

Verkþjónustan 38
Verslunin Bókasel 17
Verslunin Grettisgata 26 80
Verslunin Hverfisgötu 82 131
Verslunin O. Ellingsen hf 12
Verslunin Sporið sf. 17
Verslunin Útilíf hf. 44
Verslunin Vinnan sf. 142
Verslunin Þingholt 19
Verslunin Þingholt sf. 15
Veröld hf. 23
Vesturgata 3 hf. 65
Vesturhöfn sf. 92
Vesturröst hf. 79
Vettvangur sf. 80
Véla- og tækjaleigan 92
Vélafl 92
Vélaleigan Afl 38, 80
Vélaleigan Hamar 19
Vélar & verkfæri hf. 23
Vélás 142
Vélaverkstæði Friðjóns Sigurjónssonar . . . 92
Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar sf. . 92
Vélsmiðurinn 19
Véltækni hf. 13, 44
Vélverk hf. 30
Viðskiptafræðistofa Ásgeirs Valdimarssonar 19
Vinnubrögð 95
Vinnustofa Ó.J. sf. 142
Vinnustofa Þóru - gallerí 92
Vinskapur hf. 30
Vipco-þjónustan 92
Virkir hf. 23, 136
Vídeóborg 92
Vídeóbær 92
Vídeóleiga Reykjavíkur og nágrennis 80
Vídeólind 80, 92
Vídeómyndavélaleigan 92
Vídeóskáiinn 81
Vídeóturninn 17
Víkurhús 95
Víkurverk hf. 23
Vír hf. 44
Vítró sf. 80
Völuskrín 142
Völuflutningamiðstöðin hf. 65, 80
Völuloftið 122
Vörunaust sf. 142

Yogastöðin Heilsubót 95, 116

Z-gardínubrautir hf. 44

Tbl. nr.

Þakpappalagnir sf. 21
Þakverktak sf. 92
Þeysir sf. 131
Þjófavarnarkerfi heimilanna 142
Þjónustan 116
Þristilka sf. 19
Þróun 95
Þróunarfélag Íslands hf. 44
Þvoið sjálf 17

Ægir hf. 28
Ærslabelgir 92

Öflun sf. 19
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. 98
Örkin 142
Örkin sf. 142
Örn sf. 92
Öryggiskeðjan 142
Öryggisráðgjafinn 81

Akranes.

Búbót sf. 97
Fiskverkun Eymars Einarssonar 65
Haförninn hf. 98, 130
Heildverslunin B.G. Kristjánsson 97
Hjólbarðaviðgerðin hf. 138
Hollt og gott 21
Lesgrindur - Guðlaugur Hauksson 52
Plastsmiðjan sf. 148
Skallagrímur hf. 106
Tónastöðin 132
Verslun Axels Sveinbjörnssonar hf. 15
Verslunarþjónustan hf. 23
Þórður Óskarsson hf. 46

Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Dalvíkurkaupstaður.

A. Vestmann sf., Akureyri 21
Aða sf., Akureyri 72
Aðalgeir Finnsson hf., Akureyri 28
Akurvík hf., Akureyri 80
Akurvík- ís hf., Akureyri 136
Arwill billiard sf., Dalvík 142
Askur sf., Akureyri 22
Ábendi sf., Akureyri 117
Átak sf., Akureyri 148
BLM sf., Akureyri 81
Br. Þorvaldsson sf., Akureyri 49
Bás sf., Akureyri 71
Bifreiðastöð Oddeyrar hf., Akureyri 15
Bílahöllin, Akureyri 122
Bliki hf., Dalvík 44

	Tbl. nr.
Blikkrás sf., Akureyri	65
Blikkvirki sf., Akureyri	113
Blómaþjónusta Akureyrar, Akureyri	97
Borg sf., Akureyri	21
Borg, umboðs- og heildverslun, Akureyri	21
Bókhaldsskrifstofan hf., Dalvík	30
Brekka hf., Akureyri	15
Börnin okkar sf., Akureyri	39
D.N.G. hf., Glæsibæjarhreppi	11
Eignamiðstöðin sf., Akureyri	21
Elektro hf., Dalvík	44, 107
Eyland sf., Akureyri	65
Fasteignir sf, Akureyri	113
Filmuhúsið, Akureyri	71
Fiskverk, Akureyri	21
Fiskverkun Jóhannesar og Helga hf., Dalvík	44
Fjölnisgata 2a hf., Akureyri	80
Fjölnismenn sf., Akureyri	65
Fjölnot Kristinn Einarsson, Akureyri	81
Flugfélag Norðurlands hf., Akureyri	30
Forlag höfundanna, Akureyri	68
Galleri allrahanda nytjalist, Akureyri	148
Garðtækni, Akureyri	148
Garðverk sf., Akureyri	68
Glæsibílar sf., Glæsibæjarhreppi	142
Guðni Jónsson, múrarameistari, Akureyri	22
Hafspil hf., Akureyri	98
Hagsmíði sf., Akureyri	131
Hamur sf., Akureyri	21
Haraldur hf., Dalvík	30
Hárfín, Akureyri	113
Hrís sf., Akureyri	39
Hugur, Akureyri	30
Icepro, Akureyri	81
Iðntölvan sf., Akureyri	21
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar hf., Akureyri	98
Irma sf., Akureyri	122
Íris sf., Akureyri	142
Íþróttamiðstöðin á Akureyri	97
Jóhannes Kristjánsson hf., Akureyri	46
Jórunn sf., Akureyri	96
Júlíus og Guðni sf., Akureyri	22
Kaffibrennsla Akureyrar hf., Akureyri	23
Keramikstofan, Akureyri	123, 131
Kaupval sf., Akureyri	65
Klettur hf., Akureyri	44
Kristján Víkingsson, tannlæknir sf., Akureyri	30
Lakkverk sf., Akureyri	21
Læknavaktin sf., Akureyri	21
Magnús sf., Akureyri	21
Matur sf., Akureyri	122
Melmi, Akureyri	113
Miðar og plast, Akureyri	72
Múrprýði sf., Akureyri	133
Nanna sf., Akureyri	21
Naustavík sf., Árskógssandi	21
Námsflokkarnir á Akureyri	122
Norðlenska verðbréfasalan sf., Akureyri	113
Norðurfell hf., Akureyri	98
Norðurland, Akureyri	65
Norðurljós hf., Akureyri	11, 44
Norðurljós sf., Akureyri	81
Norðursíld hf., Akureyri	80
Norðurverk hf., Akureyri	44, 106
Nótastöðin Oddi hf., Akureyri	23
Nuddstofa Brynjólfs, Akureyri	105
Nýi pylsuvagninn, Akureyri	52
Nýja bílaþjónustan sf., Akureyri	96
Otur hf., Dalvík	30
Óm sf., Akureyri	21
Páll sf., Akureyri	113
Prentlundur, Akureyri	148
Prentsmiðjan Lundur, Akureyri	21
Samverk sf., Akureyri	21
Skemman sf., Akureyri	133
Skin sf., Akureyri	123
Skipaþjónusta Dalvíkur, Dalvík	133
Skóvinnustofa Akureyrar, Akureyri	56
Slippstöðin hf., Akureyri	80
Solco hf., Akureyri	23
Spilahöllin sf., Akureyri	133
Stefán Rögnvaldsson hf., Dalvík	44
Steinahlíð sf., Akureyri	65
Sunna, Akureyri	142
Súkkulaðiverksmiðjan Linda hf., Akureyri	80
Svanurinn sf., Akureyri	65
Sæplast hf., Dalvík	28, 136
Tómstundaskólinn, Akureyri	30
Tónabúðin hf., Akureyri	44
Tónabúðin sf., Akureyri	105
Trésmiðjan S.M.K., Akureyri	72
Tréverk hf., Dalvík	30
Umboðs- og heildverslunin Borg sf., Akureyri	142
Umbúðaval, Akureyri	30
Útfararþjónustan sf., Akureyri	81
Útgerðarfélag Akureyringa hf., Akureyri	107
Valtýr Þorsteinsson hf., Akureyri	8
Verðbréfasalan sf., Akureyri	81
Verkfræðistofa Norðurlands hf., Akureyri	65, 136
Verkval, Akureyri	96
Verslunin Esja, Akureyri	96
Verslunin Hóll sf., Dalvík	148
Verslunin London hf., Akureyri	46

Tbl. nr.

Verslunin Val, Akureyri 52, 113
Verslunin Víkurtorg, Dalvík 96
Véla- og plötusmiðjan Atli hf., Akureyri . . 107
Virkinn sf., Akureyri 68
Vídeó-sól, Akureyri 80
Vídeóver, Akureyri 52
Víkursól, Dalvík 97
Ölunn hf., Dalvík 98
Öngull hf., Öngulsstaðahreppi, Eyjafirði . . 46

Árnessýsla og Selfoss.

Alda hf., Þorlákshöfn 44
Austurkot sf., Sandvíkurhreppi 148
Áhöld og tæki, Hveragerði 96
Árblik sf., Þorlákshöfn 65
Ásgarður, Hveragerði 116
Ásvélar sf., Laugarvatni 85
Bifreiðastöð Selfoss hf., Selfossi 23
Dagskráin, Selfossi 93
Dalverk sf., Selfossi 21
Efnaverksmiðjan Eimur sf., Þorlákshöfn . . 97
Entek á Íslandi hf., Hveragerði 11
Ferðamiðstöðin, Flúðum 30
Félagsbúið Hrepphólar sf., Hrunamanna-
hreppi 65
Félagsbúið Laugardælum, Hraungerðis-
hreppi 148
Félagsbúið Unnarholtskoti sf., Hruna-
mannahreppi 65
Fjallalax hf., Grímsneshreppi 23, 130
Fjallhestar, Biskupstungum 96
Flugskóli Selfoss, Selfossi 116
Flutningar sf., Eyrarbakka 21
Fyrirtak sf., Selfossi 93
Garður sf., Selfossi 116
Garðyrkjustöðin Gróska hf., Hveragerði . . 65
Hamall sf., Ölfushreppi 21
Hásteinn sf., Stokkseyri 22
Húsaviðgerðir Kristins Guðmundssonar,
Þorlákshöfn 148
Hverá hf., Hveragerði 23, 44
Iðn sf., Eyrarbakka 85
Íshestar, Laugardalshreppi 85
Íslenskar hestaferðir, Laugardalshreppi . . 85
Laugarlax hf., Laugardalshreppi 44
Límtré hf., Flúðum 98
Ljósritunarstofa A2 sf., Selfossi 96
Lögfræðistofa Ingimundar Einarssonar hdl.,
Selfossi 116
Mát hf., Þorlákshöfn 23
Meitillinn hf., Þorlákshöfn 13, 80
Ólabúð, Eyrarbakka 97
Ólafur Ketilsson hf., Laugarvatni 79

Tbl. nr.

Óson sf., Selfossi 96
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs, Biskups-
tungum 30
Rafmagnsverkstæði Sölva Ragnarssonar,
Hveragerði 148
Rafvör sf., Þorlákshöfn 115
Rakara- og hárgreiðslustofa Leifs, Selfossi . 31
S.B.S. hf., Selfossi 15
Safi hf., Selfossi 30
Sérleyfisbílar Selfoss hf., Selfossi 15
Skjólborg hf., Hrunamannahreppi 46
Stokkfiskur hf., Ölfushreppi 136
Sportbær, Selfossi 96
Sælureitur sf., Flúðum 97
Sævin hf., Þorlákshöfn 107
Söluskáli Olís sf., Selfossi 96
Útgerðarfélagið Smári hf., Þorlákshöfn . . . 98
Verslun og þjónusta á Suðurlandi, Selfossi . 21
Vélar og vagnar, Selfossi 21
Vélar og vagnar sf., Selfossi 96

Barðastrandarsýsla, Patreksfjörður og Bíldudalur.

Blakkur hf., Patreksfirði 44
Fiskvinnslan á Bíldudal hf., Bíldudal 136
Heiði hf., Tálknafirði 63
Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf.,
Patreksfirði 23, 98
Íshaf, Tálknafirði 71
Íshaf sf., Tálknafirði 71
Klak- og eldisstöðin sf., Tálknafirði 39
Oddi hf., Patreksfirði 44
Patrekur hf., Patreksfirði 44
Skeldýravinnslan hf., Reykhólahreppi . . . 23
Smiðjan hf., Bíldudal 98
Trésmiðjan Eik sf., Tálknafirði 111
Útgerðarfélag Bílddælinga hf., Bíldudal . . 136
Vélsmiðjan Logi hf., Patreksfirði 98
Vestri hf., Patreksfirði 44
Þörungaverksmiðjan hf., Reykhólum 80

Dalasýsla.

Bókhaldsþjónustan Akkur sf., Fells-
strandarhreppi 65
Félagsbúið Hróðnýjarstöðum, Laxárdals-
hreppi 132
Ísfeldur sf., Hjarðarholti 108

Kjósarsýsla, Hafnarfjörður, Garðabær og Seltjarnarnes.

Al-upplýsingar Jóns H. Bergssonar,
Hafnarfirði 21

Tbl. nr.

Albert L. Albertsson og Rannveig Víglundsdóttir sf., Garðabæ 142
Allt á hreinu sf., Mosfellsbæ 49
Alsmíð sf., Hafnarfirði 78
Amerískir bílar og hjól F.P. Ágústssonar, Hafnarfirði 142
Auglýsingastofa Ásgeirs sf., Mosfellsbæ . . 21
Álafoss hf., Mosfellsbæ 136
Baldur, kvikmyndagerð, Seltjarnarnesi . . . 3
Bátalón hf., Hafnarfirði 65, 80
Bátasmiðjan sf., Hafnarfirði 78
Bimm-bamm, Hafnarfirði 3
Bílaleiga Mosfellssveitar sf., Mosfellsbæ . . 21
Bílaleigan Fossá sf., Mosfellsbæ 96
Bílanes bifreiðaverkstæði S.G. Einarsson, Seltjarnarnesi 96
Bílaverkstæði Jóns Jakobssonar, Hafnarfirði 141
Bíltékk sf., Hafnarfirði 142
Bílverið, Hafnarfirði 78
Blikfar sf., Mosfellsbæ 49
Bæjarberg sf., Hafnarfirði 97
Börkur hf., Hafnarfirði 30
D. Pétursson sf., DCO, Garðabæ 21
Dansstúdíó Dísu, Garðabæ 142
Demantahúsið sf., Hafnarfirði 142
E.P.A. sf., Kjósarsýslu 21
E. Th. Mathiesen hf., Hafnarfirði 15
Eðalsósur sf., Hafnarfirði 46
Einar Þorgilsson & co. hf., Hafnarfirði . . . 98
Elektra hf., Hafnarfirði 23
Endurleigan, Hafnarfirði 96
Fagtak sf., Hafnarfirði 142
Fellalax hf., Mosfellsbæ 126
Ferdinand hf., Hafnarfirði 79
Fexa, hársnyrting, Garðabæ 49
Fjarðarnesti hf., Hafnarfirði 23
Fjarðarnesti S. Vilhjálmssonar, Hafnarfirði . 75
Fjörðurinn sf., Hafnarfirði 96
Framtak sf., Hafnarfirði 75
Fura hf., Garðabæ 23
G.P. húsgögn, Hafnarfirði 75
Garðasmiðjan - Galax sf., Garðabæ 21
Geco sf., Garðabæ 21
Glæsir sf., Hafnarfirði 96
Gnoð hf., Hafnarfirði 98
Golfvörur sf., Garðabæ 49
Gotti sf., Kjósarsýslu 21
Granít sf., Seltjarnarnesi 49
Gróandi Björns Sigurbjörnssonar, Kjósars. . 49
Gróðrarstöðin Skuld, Hafnarfirði 21
Gróður A. Jónassonar, Hafnarfirði 142
Guðný Helga Guðmundsdóttir, Mosfellsbæ 142

Tbl. nr.

Gylco hf., Hafnarfirði 106
Hafnarport sf., Garðabæ 142
Hagvirki hf., Hafnarfirði 79, 136
Handvirkni, Hafnarfirði 3
Handvirkni sf., Hafnarfirði 3, 46
Heiði hf., Hafnarfirði 80
Heild sf., Seltjarnarnesi 74
Heildverslun P.M.T. Daníels Daníelssonar, Garðabæ 97
Heildverslunin Lissý sf., Hafnarfirði 3
Heildverslunin Tokyo, G. Ágústsson, Garðabæ 142
Heilsubúðin sf., Hafnarfirði 97
Heilsugarðurinn, Garðabæ 142
Heilsurækt Seltjarnarness sf., Seltjarnarnesi 49
Heimir og Jens sf., Hafnarfirði 96
Hera hf., tískuverslun, Seltjarnarnesi 65
Hersir hf., Hafnarfirði 23
Hjúkrunarmiðstöðin sf., Kjalarnesi 141
Hlíð sf., Hafnarfirði 142
Holtavídeó sf., Hafnarfirði 97
Hraunburkni sf., Hafnarfirði 46
Hreiður hf., Mosfellsbæ 106
Hress sf., Hafnarfirði 142
Hringval, Hafnarfirði 75
Húsgagnasprautun Hafnarfjarðar sf., Hafnarfirði 3
Hvaleyri hf., Hafnarfirði 46, 125
Hvönn - K.G. Jóhannsdóttir, Mosfellsbæ 81
Íbúðaval hf., Garðabæ 80
Ísflug Gunnars Þorvaldssonar, Seltjarnarnesi 74
Íslandssíld hf., Hafnarfirði 125
Íslenska álfélagið hf., Hafnarfirði 44
JG dagskrárgerð, Seltjarnarnesi 49
J. Halldórsson mótarif, Hafnarfirði 97
Jaguar sf., Mosfellsbæ 96
Járnsmíði sf., Hafnarfirði 78
Jón og Einar sf., Hafnarfirði 75
K-plast hf., Hafnarfirði 23
Kaplahraun hf., Hafnarfirði 98
Kaplakaffi sf., Hafnarfirði 78
Kínversk-íslenska verslunarfélagið sf., Garðabæ 81
Kjarnaborun sf., Hafnarfirði 96, 142
Knörr sf., Garðabæ 21
Krókur, AJ, Kjósarsýslu 141
Kvistás sf., Garðabæ 46
Leysir hf., Hafnarfirði 79
Leysir sf., Garðabæ 46

Tbl. nr.
Lipurtá Þórhöllu Ágústsdóttur, Seltjarnarnesi 96
Litabær, Seltjarnarnesi 142
Ljóslist B. Magnúsdóttur, Seltjarnarnesi . . 74
Ljósrún sf., Garðabæ 81
Loftnetsþjónustan sf., Hafnarfirði 21
Logi hf., Seltjarnarnesi 23
Lögmenn Seltjarnarnesi, Seltjarnarnesi . . 97
M.S. röralagnir sf., Hafnarfirði 97
Madonna G. H.J., Garðabæ 142
Mjöt hf., Hafnarfirði 79
Mosi sf., Mosfellsbæ 21
Myndbandið sf., Hafnarfirði 46
Nesútgáfan, Seltjarnarnesi 74
Norðurstjarnan hf., Hafnarfirði 125
Normex hf., Garðabæ 80
Olíustöðin í Hafnarfirði hf., Hafnarfirði . . 80
Pallas, umboðs- og heildverslun, Hafnarfirði 142
Pappír sf., Hafnarfirði 142
Penslaverksmiðjan hf., Hafnarfirði 107
Pítuhúsið Rex, Garðabæ 142
Plast-rún Guðrúnar Þ. Jóhannsdóttur, Hafnarfirði 142
Rafbogi sf., Hafnarfirði 21
Rafbrú, Mosfellsbæ 81
Reisir sf., Hafnarfirði 96
Renniverkstæði Jóhanns og Snorra sf., Hafnarfirði 142
Reykjagarður hf., Mosfellsbæ 106
Rifrildi sf., Hafnarfirði 96
S.G. plast sf., Hafnarfirði 142
S. Sigurðsson hf., Hafnarfirði 80
Sagasalt Íslands hf., Garðabæ 44
Sel sf., Hafnarfirði 46, 142
Sjólastöðin hf., Hafnarfirði 125
Skinna sf., Hafnarfirði 46
Skipahönnun, Garðabæ 136
Skjalaverk sf., Hafnarfirði 97
Skómeistarinn sf., Seltjarnarnesi 142
Skráargatið hf., Seltjarnarnesi 136
Smiðshús S. Sigurjónssonar, Bessastaðahreppi 21
Snerruútgáfan sf., Mosfellsbæ 81
Snyrtistofa Kristínar Þorsteinsdóttur, Mosfellsbæ 141
Sólhúsið, Hafnarfirði 75
Sport-gallerí Leifs Helgasonar, Hafnarfirði . 97
Stórhöfðabúið sf., Hafnarfirði 75
Söluturninn Á. Júlíusdóttir, Hafnarfirði . . 46

Tbl. nr.
Tískuval Guðmundar sf., Seltjarnarnesi . . 96
Toppur sf., Hafnarfirði 142
Tré-fag sf., Hafnarfirði 75
Trésmiðja Þ.A. sf., Kjósarsýslu 49
Tryggvi Guðmundsson & co. hf., Hafnarfirði 44
Tæknirás sf., Hafnarfirði 46
Tölvutækni sf., Garðabæ 81
Úrlausn sf., Garðabæ 21, 142
Útflutningsþjónusta Jóns Magnússonar, Hafnarfirði 46
Verkþjónusta Ármanns Jóhannessonar, Hafnarfirði 21
Verslunin Norðurbær E.V.K., Hafnarfirði . 142
Vest-kot sf., Hafnarfirði 142
Vélaverkstæði Þorleifs Jónssonar sf., Hafnarfirði 97
Vélval sf., Hafnarfirði 97
Vídeóklúbbur Garðabæjar, Garðabæ 142
Virkni - fræðslumiðstöð aldraðra - Þ.S.G., Seltjarnarnesi 142
Vífill, Hafnarfirði 46
Vöruhúsið Eiðistorgi, Seltjarnarnesi 44
Vörumerking hf., Hafnarfirði 15
Þétting hf., Bessastaðahreppi 80
Þykkvabæjarkartöflur hf., Garðabæ 80
Ýmir hf., Hafnarfirði 23
Zebra sf., Garðabæ 21, 142
Örn sf., Hafnarfirði 21

Húnavatnssýsla.

Borg hf., Þorkelshólshreppi 125
Drífa hf., Hvammstanga 44
Fjölritunarstofan Grettir sf., Blönduósi . . . 21
Hitaveitufélag Miðfirðinga, V.-Hún. 3
Hólanes hf., Skagaströnd 98
Húnfjörð hf., Blönduósi 63
Leirstofa Kollu, Hvammstanga 65
Ok hf., Skagaströnd 65
Pöntunarfélagið, Hvammstanga 65
Sameinaðir verktakar, Hvammstanga 39
Saumastofan Pá sf., Hvammstanga 97
Starri hf., Hvammstanga 39
Svanur sf., Blönduósi 113
Trefjaplast hf., Blönduósi 63
Tröllagarður sf., Laugarbakka, A.-Hún. . . 22
Tækjaþjónustan sf., Hvammstanga 97
Tölvuþjónustan á Skagaströnd sf., Skagaströnd 152
Vélaverkstæðið Víðir sf., Víðidal, V.-Hún. . 31

Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla. Tbl. nr.

Atlastaðir sf., Ísafirði 81
Álftfirðingur hf., Súðavík 11
Baldur - blað sósíalista á Vestfjörðum, Isafirði 142
Bílaverkstæði Ísafjarðar hf. 11
Brauðval sf., Ísafirði 30
Bylgjan hf., Suðureyri 79, 106
Eva, Ísafirði 39
Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri 15
Flugfélagið Ernir hf., Ísafirði 23
Frábær hf., Ísafirði 79
Frosti hf., Súðavík 11, 79
Græðir hf., Bolungarvík 11
Gunnvör hf., Ísafirði 23
Gúmmíbátaþjónustan sf., Ísafirði 72
Hilmar og Sigmundur sf., Ísafirði 133
Hjörtur og Óli sf., Ísafirði 65
Hlaðsvík hf., Suðureyri 15
Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf., Ísafirði . . 80
Hugsjón hf., Ísafirði 46
Húsgagnaloftið, Ísafirði 52
Ísfrost, Ísafirði 97
Íshússfélag Ísfirðinga hf., Ísafirði 106
Ísver, Ísafirði 30
Leikfangasmiðjan Alda hf., Þingeyri 23
Málningarlagerinn sf., Bolungarvík 105
Myndmál, Ísafirði 21
Netagerð Vestfjarða hf., Ísafirði 96
O.N. Olsen hf., Ísafirði 15
Óðinn bakari, Ísafirði 21
Prentstofan Ísrún hf., Ísafirði 107
Rás, Ísafirði 49
Reiknistofa Vestfjarða hf., Ísafirði 23
Rækjustöðin hf., Ísafirði 13
Rörverk hf., Ísafirði 80
Saltmar sf., Ísafirði 65
Samtak sf., Ísafirði 96
Silfurtorgið sf., Ísafirði 21
Skólínan sf., Ísafirði 21
Steiniðjan hf., Ísafirði 65
Stráið sf., Suðureyri 21
Tania, Ísafirði 81
Toppblómið, Ísafirði 142
Topphár, Ísafirði 30
Tröð sf., Bolungarvík 72
Útgerðarfélagið Grímnir hf., Ísafirði 46
Vefstofa Guðrúnar Vigfúsdóttur hf., Ísafirði 44
Veitingastaðurinn Krúsin, Ísafirði 81
Verslunin Búð, Ísafirði 39
Vélsmiðjan Þristur hf., Ísafirði 79
Vís sf., Ísafirði 81
Vorverk sf., Mýrahreppi, V.-Ís. 97
Þorgrímur hf., Súðavík 11
Þórduna, Ísafirði 21

Keflavík, Njarðvík, Gullbringusýsla, Grindavík.

A.H. bólstrun, Keflavík 142
Aðalstöðin hf., Keflavík 44
Athöfn hf., Keflavík 136
Akva-Ísland, Keflavík 38
Anna Margrét, Keflavík 142
Ábót sf., Sandgerði 21
Álnabær hf., Keflavík 44
Ásgerður Ágústa, Grindavík 38
Básendar sf., Keflavík 95, 113
Bifreiðaþjónusta Ingvars, Vogum 38
Brá sf., Keflavík 69
Brim hf., Höfnum 23, 44
Bursti hf., Keflavík 46, 136
Byggingaverktakar Keflavíkur hf., Keflavík 79
Dagvistun Hörpu, Keflavík 38
Efnagerð Austurlands hf., Keflavík 15
Eignamiðlun Suðurnesja, Keflavík 38
Eldi hf., Grindavík 28
Farsæll hf., Grindavík 15
Fasteignaþjónusta Suðurnesja, Keflavík . . 21
Félag vatnsvirkja hf., Hafnahreppi 65
Fiskbúðin Fiskbær, Keflavík 113
Fiskeldisstöðin Sjávargull hf., Grindavík . . 23
Fiskvangur sf., Grindavík 142
Fiskverkun Arnar og Sigurjóns sf., Garði . 142
Fiskverkun Kristjáns og Guðbergs sf., Vogum 38
Fiskverkun Péturs og Hermanns sf., Garði . 142
Fiskverkun Sigurðar M. Guðmundssonar, Garði 110
Fiskverkunin Ísnes sf., Keflavík 38
Fjölin sf., Keflavík 69
Föndurstofan sf., Keflavík 21
Grænás sf., Njarðvík 111
Gunnborg sf., Keflavík 38
Hafsteinn Axelsson sf., Njarðvík 38
Hannyrðaverslunin Þyrí, Keflavík 113
Hákon og Hilmar sf., Keflavík 95
Hárið sf., Keflavík 21
Hegri sf., Keflavík 113
Hótel Kristína, Njarðvík 71
Hraðfrystihús Keflavíkur hf., Keflavík . . . 125
Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf., Grindavík 63
Hugkorn sf., Njarðvík 142
Húsafell hf., Keflavík 136

Tbl. nr.

Ísbest hf., Keflavík 80
J.B. kranar sf., Sandgerði 110
K.M.Ó.-samlokur sf., Keflavík 69
Kambur hf., Njarðvík 46
Kjötbúrið, Keflavík 142
Knattborðstofa Keflavíkur sf., Keflavík .. 21
Kraninn hf., Keflavík 136
Kristinn Guðmundsson & co. hf., Keflavík . 65
Lindalax hf., Vatnsleysustrandarhreppi .. 106
Litaval, Keflavík 69
Lísa, Keflavík 113
Lofttækni, Keflavík 142
Matarbakkinn sf., Keflavík 142
Miðnes hf., Sandgerði 79
Myndsel sf., Grindavík 38
Pizzu- og hamborgaragerðin sf., Keflavík . 21
Pylsuvagn Ævars Geirdal, Grindavík 71
Rafhús hf., Keflavík 23
Rafverk hf., Sandgerði 15
Rafvirkjadeildin hf., Keflavíkurflugvelli .. 98
S. Guðbjörnsson & Co., Keflavík 113
Sigurborg hf., Keflavík 11
Sjávarferðir, Keflavík 69
Sjóefnavinnslan hf., Hafnarhreppi 11
Sjófiskur sf., Keflavík 95
Skattsýslan sf., Njarðvík 71
Skiltahúsið, Keflavík 21
Skipamiðlun Keflavíkur hf., Keflavík 23
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., Njarðvík . 106
Smurbrauðstofan, Keflavík 142
Snyrti- og nuddstofa Rósu Guðnadóttur, Keflavík 21
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perla sf., Keflavík 69
Sólbaðsstofan Sólin, Grindavík 142
Staðarkjör sf., Grindavík 111
Studio sf., Keflavík 142
Sveinn og Þórhallur sf., Keflavík 113
Sölubúðin, Njarðvík 142
Trébær sf., Keflavík 142
Trésmíðaverkstæði Halldórs og Eiríks sf., Njarðvík 21
Tréval sf., Njarðvík 21
Tros, Sandgerði 71
Útvegsmiðstöðin hf., Keflavík 79
Vattnar hf., Keflavík 11
Veisla hf., Keflavík 23
Veitingahúsið Tjarnargötu 31 sf., Keflavík . 113
Ver sf., Keflavík 142
Verkfræðistofa Suðurnesja hf., Keflavík .. 130
Verslunin Börnin sf., Keflavík 71
Verslunin Draumaland, Keflavík 38

Tbl. nr.

Vélsmiðja Kristjáns Magnússonar, Njarðvík 111
Vilhjálmur og Kristján Húnfjörð sf., Njarðvík 111
Vinnufataþjónustan, Keflavík 38
Víkurfréttir hf., Keflavík 13, 136
Vogalax hf., Vogum 44, 130
Þróttur hf., Grindavík 13
Þvottastöðin, Keflavík 38
Öryggisþjónustan Gæslan, Keflavík 142

Kópavogur.

A-3 arkitektar 144
A.S. Ferill hf. 136
Al-stilling 39
Athafnamaðurinn, AM-fyrirtækið sf. 95
Árnes sf. 39
B.P. bílaleigan sf. 67
Billiardbúðin 81
Bílaleigan Holt sf. 52
Bílamálunin Geisli 52
Bílaprýði sf. 52
Bílasprautunin Varmi sf. 52
Bílaþjónusta Kópavogs sf. 116
Blásteinn sf. 39, 81
Blikkver hf. 98
Byggingarfélagið hf. 28
Byggingavöruverslun Kópavogs sf. 67
Byko hf. 30
Cossa sf. 39
Dagvistunarheimilið Undraland sf. 67
Doja, tískuverslun, sf. 39
Eðalverk hf. 44
Elina hf. 106
Fatahreinsun Kópavogs 67
Firmasalan 130
Fjárefling hf. 105
Galdrastál sf. 105
Garðaprent sf. 95
Gísli J. Johnsen skrifstofubúnaður sf. 39
Gófer hf. 44, 106
Gógó 105
Greifinn Grill 39
Grillið 105
Guðmundur og Gunnlaugur sf. 142
H.S. kleinur 21
Hans og Gréta, barnafataverslun 52
Hárgreiðslustofan Delila og Samson sf. 142
Heildverslunin Elsi 111
Hinrik Lárusson sf. 142
Hitt og þetta 116
Hlaðbær hf. 28

Tbl. nr.

Hraðberg 39
Hraðbraut hf. 30
Húsberg sf. 67
Húsgagnavinnustofa Óla Þorbergssonar hf. . 23
Hygli 95
Höfði, auglýsingastofa 123
Ísfar sf. 142
Íslenzk fjarskipti sf. 132
Ís-vídeó sf. 39
Jákó 97
Járn og gler hf. 11
Jeppahlutir 123
Jöfur hf. 46
Kaupfang sf. 116
Kaupstoð hf. 65
Landsþjónustan Álfhóll 39
Landvinnslan sf. 81
Logo 95
Lopi, ullarvinnslan 21
Magnús R. Þórarinsson 95
Málningaverk sf. 39
Meka hf. 44, 98, 130
Myndhönnun 67
Nuddstofan Í góðum höndum 67
Nýtt hugvit sf. 39
Orkurásir 71
P. Samúelsson & co. hf. 80
Pakkhúsið sf. 52
Partasalan 97
Partaþjónustan sf. 67
Prentafl 142
Raftákn sf. 144
Rekstrarstofan 132
Réttingarverkstæði Gunnars Arnars 123
Réttingarverkstæði Gunnars Páls 111
Rofi sf. 21
Rullan 97
Rullan sf. 67
Samval hf. 106
Sj. Frost hf. 13
Skemmuvegur 2 hf. 79
Skrifstofuþjónustan 39
Smáragarður hf. 30
Smiðjukaffi Y 81
Sólarland hf. 80
Sólskin sf. 142
Staupasteinn 81
Steinvirki sf. 52
Stemma sf. 81
Söluturninn Tröð 81
Takk-músík 39
Textaútgáfan 67
Tinna hf. 79

Tbl. nr.

Tradis sf. 81
Tréiðjan Trékó 67
Trésmiðjan Stíll hf. 136
Túnþökur 95
Tækjabúðin hf. 80
Verkfræðistofa Guðmundar Magnússonar . 142
Verslunin Hamrar 81
Verslunin Hlíð 142
Verslunin Hlíð sf. 142
Vélaverkstæðið Egill hf. 11, 28, 98
Vélsmiðja Viðars og Eiríks sf. 97
Vogar 21
Vökvaþjónustan 39
Þyrill 52
Æfingastúdíó Sigríðar Guðjohnsen 105
Öryggismiðstöðin 97

Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður.

Félagsbúið Ytri-Hlíð, Vopnafirði 130
Gyllir hf., Seyðisfirði 30
Hagafell sf., Seyðisfirði 65
Hárekur sf., Vopnafirði 133
Kolbeinstangi hf., Vopnafirði 23
Loðdýrabúið Klif sf., Vopnafirði 148
Samkvæmispáfinn hf., N.-Múl. 30
Tangi hf., Vopnafirði 106
Útver hf., Bakkafirði 23
Víkurver sf., Borgarfjarðarhreppi 65
Vopni hf., Vopnafirði 23

Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður, Eskifjörður.

Á. Ó. billiard, Egilsstöðum 39
Agla sf., Egilsstöðum 72
Austfjarðaleið hf., Neskaupstað 80
Austurströnd sf., Neskaupstað 113
Bergsplan hf., Reyðarfirði 125
Birta hf., Egilsstöðum 98
Bíltak sf., Stöðvarfirði 107
Bílvirkinn sf., Stöðvarfirði 107
Búlandstindur hf., Djúpavogi 11, 130
Byggðarholt sf., Eskifirði 21
Eskigrill sf., Eskifirði 97
Fjallasport sf., Neskaupstað 75
Flugfélag Austurlands hf., Egilsstöðum . . . 79
Friðþjófur hf., Eskifirði 46, 98
Fylkir-Freyr sf., Neskaupstað 81
Hólmi hf., Eskifirði 13, 30, 98
Hraðfrystihús Breiðdælinga hf., Breiðdalsvík 23
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., Eskifirði . . . 98
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar hf., Fáskrúðsfirði 106

Tbl. nr.

Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf., Stöðvarfirði 13
Húsiðjan og birkitré sf., Egilsstöðum 113
Janni sf., Neskaupstað 81
K.K. matvæli, Reyðarfirði 123
Krókur hf., Egilsstöðum 23
Múli hf., Neskaupstað 138
Myndbandaleiga Fáskrúðsfjarðar hf., Fáskrúðsfirði 113
Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf., Neskaupstað 46
Prjónastofan Dyngja hf., Egilsstöðum . . . 136
Rafey, Egilsstöðum 96
Rafmagnsverkstæði Árna og Bjarna, Reyðarfirði 30
Sandfell sf., Neskaupstað 71
Síló sf., Neskaupstað 133
Sólheim, Neskaupstað 133
Sómi sf., S.-Múl. 72
Skrúðsberg hf., Búðahreppi 21, 23
Söluskálinn Skútan, Djúpavogi 148
Tollvörugeymsla Austurlands hf., Reyðarfirði 63
Tölvutök, Eskifirði 113
Útfararþjónusta Austurlands, Egilsstöðum . 30
Útgerðarfélagið Akkur hf., Fáskrúðsfirði . 28
Varahlutaverslunin Vík sf., Neskaupstað . . 21
Verslunin Agla, Egilsstöðum 72

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Borgarplast hf., Borgarnesi 80
Félagsbúið Mófelsstöðum, Skorradalshreppi 38
Fiskeldisstöðin á Húsafelli, Borgarfirði . . . 98
Fóðurstöð Vesturlands, Borgarnesi 65
Gleymmérei, Borgarnesi 21
Híbýli sf., Borgarnesi 117
Íslenska járnblendifélagið hf., Skilmannahreppi 80
Loftorka sf., Borgarnesi 21
Loftorka Borgarnesi hf., Borgarnesi 30
Marberg, Borgarnesi 144
Múlakot - efnalaug, Borgarnesi 144
Olíustöðin í Hvalfirði 80
Sætún sf., Borgarnesi 132
Táp, Borgarnesi 132
Trésmiðjan Mispill sf., Borgarnesi 96
Tröllí sf., Borgarnesi 49

Ólafsfjörður.

Blóm og gjafavörur sf. 142
Hraðhreinsun Ólafsfjarðar sf. 21
Kristbjörg hf. 28

Tbl. nr.

Magnús Gamalíelsson hf. 15, 130
Raftækjavinnustofan sf. 21
Sæver hf. 130
Vídeóleiga Ólafsfjarðar sf. 97

Rangárvallasýsla.

Frysti- og kæligámar hf., Hvolsvelli 98
Glerverksmiðjan Samverk hf., Hellu 65
Grefill, Rangárvallasýslu 95
Kaupfélagið Þór hf., Hellu 98
Kjötvinnsla Suðurlands hf., Hellu 30, 44
Mörk, Landmannahreppi 123
Rangárlax, Hvolsvelli 123
Saumakarfan sf., Hellu 65
Saumastofan Ýma hf., Hellu 65
Smiðjan sf., Hellu 111

Siglufjörður.

Átak - steypustöð hf. 30
Dýpkunarfélagið hf. 98
Hausar sf. 65
Húseiningar hf. 30
Leifsbakarí sf. 96
Sameiningarfélag fjáreigenda 148
Sigló hf. 23
Siglufjarðarprentsmiðja hf. 79
Togskip hf. 138
Vélaleigan Bás sf. 21

Skaftafellssýsla.

Bílaþjónusta Egils og Gunnars sf., Höfn . . 97
Borgey hf., Höfn 23
Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar hf., Höfn 23, 106
Heinaberg hf., Höfn 23
Jöklaferðir sf., Höfn 65
Knörr sf., A.-Skaftafellssýslu 107
Myndbandagerð Odds Sveinssonar, Höfn . 97
Silfurnes hf., Höfn 136
Sjónvarpsfélag Hornafjarðar, Höfn 8
Smurbrauðsstofa HB, Höfn 21
Stúdíó Horn sf., Höfn 57
Trévirki sf., Höfn 123
Umboð Olís sf., Höfn 71
Veiðarfæragerð Hornafjarðar hf., Höfn . . 136
Vélsmiðja Hornafjarðar hf., Höfn 11, 136
Víkurprjón hf., Vík í Mýrdal 30

Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur.

Bílform sf., Sauðárkróki 52
Bæjarhellan, Sauðárkróki 113
Dask sf., Sauðárkróki 96
Essóskálinn, Hofsósi 21

Tbl. nr.

Ferska, Sauðárkróki 96
Fiskiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki . . . 126
Frumverk, Sauðárkróki 133
Gunnarsbakarí, Sauðárkróki 97
Ívör sf., Sauðárkróki 142
Kjötval sf., Sauðárkróki 49
Marco sf., Sauðárkróki 96
Melrakki hf., Sauðárkróki 28, 107
Ólablóm, Hellulandi, Skagafirði 22
Ós sf., Ytri-Brekkum, Skagafirði 22
Ragnar Sverrisson, Hyrnu, Lýtingsstaðahreppi 52, 65
Rúna sf., Sauðárkróki 77
Samverk, Sauðárkróki 22
Selvíkurfélagið sf., Skagafjarðarsýslu 77
Skagaskel hf., Hofsósi 13, 80
Steinullarverksmiðjan hf., Sauðárkróki . . 80
Steypustöð Skagafjarðar hf., Sauðárkróki . 28
Stuðull sf., Sauðárkróki 39
Útgerðarfélag Skagfirðinga hf., Sauðárkróki 107
Verkver sf., Skagafjarðarsýslu 97
Víkurfiskur sf., Skagafirði 142

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla

Átak sf., Ólafsvík 30
Bára sf., Ólafsvík 105
Bílasmiðjan hf., Stykkishólmi 44
Bókabúðin Hrund sf., Ólafsvík 21
Eldvarnir og rafmagn, Stykkishólmi 21
Eyjaferðir sf., Stykkishólmi 152
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar hf., Grundarfirði 23
Flóabáturinn Baldur hf., Stykkishólmi . . . 23
Fróðá hf., Fróðárhreppi 98
G. Kristjónsson sf. 21
Hólmur hf., Stykkishólmi 44
Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf., Grundarfirði 23
Kraninn sf., Stykkishólmi 133
Möskvi sf., Stykkishólmi 21
Nesver sf., Rifi 152
Skipasmíðastöðin Skipavík hf., Stykkishólmi 11, 136
Skókompan, Ólafsvík 120
Trésmíðar Stykkishólms hf., Stykkishólmi . 46
Útver hf., Ólafsvík 23
Vélsmiðja Kristjáns Rögnvaldssonar sf., Stykkishólmi 34
Virkið sf., Neshreppi utan Ennis 152

Strandasýsla.

Tbl. nr.

Grafan sf., Hólmavík 21
Sigberg sf., Hólmavík 96
Steypan sf., Hólmavík 117
Strandverk hf., Hólmavík 11

Vestmannaeyjar.

Apex 148
Áhaldaleigan 21
Bifreiðaverkstæði Angantýs 21
Bifreiðaverkstæði Muggs og Darra sf. 96
Bílaverkstæði Sigurjóns 133
Bílaverkstæðið Bragginn sf. 133
Bókaútgáfan Breiðablik 7
Búrið 22
Dyrhólaey sf. 96
Eijó sf. 39
Faxi hf. 136
Ferðaskrifstofa Vestmannaeyja hf. 106
Gámavinir sf. 133
Gámur sf. 30
Guðmundur Pálsson 96
Gunnar Ólafsson og co. hf. 30, 65
Hársnyrtistofan Strípan 113
Heimamynd 65
Helga Jóh. hf. 65
Herjólfur hf. 11, 125
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hf. 30
Ísleifur sf. 65
Kim sf. 39
Kleifar hf. 80
Krúsin 71
Madonna sf. 21
Madonna 107
Net hf. 28
Pinninn sf. 71
Reynistaður sf. 97
Samtog sf. 21, 105
Skipalyftan hf. 79 Snæfell 96
Snæfell sf. 96
Steini og Stjáni hf. 98
Stormur sf. 133
Tinna sf., fiskverkun 97
Tækjaleigan 65
Umboðsverslun Þórs Kristjánssonar . . 142
Vinnslustöðin hf. 65, 126
Vídeóleiga GS sf. 71

Þingeyjarsýsla og Húsavík.

Askja sf., Húsavík 123
Árlax hf., Kelduneshreppi 98

	Tbl. nr.
Ás hf., Húsavík	98
BK bílaverkstæði sf., Húsavík	52
Fiskiðja Raufarhafnar hf., Raufarhöfn	80
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf., Húsavík	11, 106
Fiskirækt hf., Kelduneshreppi	80
Fjöregg, Grenivík	97
Frosti hf., Grenivík	46
Garðarshólmi, Húsavík	113
Garðyrkjustöðin Hverfell sf., Skútustaðahreppi	65
Hik sf., Húsavík	142
Húsiðn hf., Húsavík	23
Höfði hf., Húsavík	11
Ivon sf., Húsavík	39
Íshaf hf., Húsavík	28
J.J.R. trésmiðir, Raufarhöfn	133
Jökull hf., Raufarhöfn	23, 98
Kiðagil, Bárðdælahreppi	65
Langanes hf., Húsavík	44
Mar sf., Þórshöfn	96
Mývikur sf., Skútustaðahreppi	52
Rafel, Raufarhöfn	96
Reiknistofa Húsavíkur hf., Húsavík	30
Sæblik hf., Kópaskeri	23
Tækniþjónustan hf., Húsavík	23
Útgerðarfélag N.-Þingeyinga hf., Þórshöfn	13, 79
Útnes, Kópaskeri	96
Veitingastaðurinn Laufið - Laufskálinn, Húsavík	65

Nr. 646

SKRÁ

samvinnufélagatilkynninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1987.

	Tbl. nr.
Byggung svf., Reykjavík	116
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn	8, 74, 144
Kaupfélag Hrútfirðinga	116
Kaupfélag Ísfirðinga, Ísafirði	45
Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík	28
Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík	81, 107
Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi	96
Samband íslenskra samvinnufélaga, Reykjavík	28
Sláturfélag Suðurlands, Reykjavík	3, 141
Sláturfélag Barðstrendinga	116
Sultu- og efnagerð bakara, Reykjavík	92

Stjórnartíðindi B 66, nr. 640–646. Útgáfudagur 28. júlí 1989.